

Stjórnartíðindi

1991 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 566 og 766 innihalda engan texta og eiga (væntanlega) að vera þannig.

Gallar á bls. 5, 22, 27, 56, 107, 132, 156-158, 200, 257, 499, 510, 544, 569, 581, 594, 610, 668-669, 681, og 729.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1991

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1991
PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG HF.

2022-2023

2022

2023

2024

Efnisyfirlit

í tímaröð.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|--|-------------|
| 1 | 4. jan. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhalds- funda | 1 |
| 5 | 23. jan. | Forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma | 4 |
| 6 | 23. jan. | Auglýsing um liti íslenska fánans | 5 |
| 2 | 25. jan. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 2 |
| 3 | 31. jan. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 2 |
| 4 | 4. feb. | Lög um launamál | 2–3 |
| 7 | 19. feb. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingum á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 5–6 |
| 15 | 6. mars | Lög um ákvörðun dauða | 19 |
| 16 | 6. mars | Lög um brottmál líffæra og krufningar | 20–21 |
| 12 | 12. mars | Lög um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989 | 16 |
| 38 | 18. mars | Lög um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands | 261 |
| 8 | 19. mars | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 7 |
| 9 | 19. mars | Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir | 7 |
| 10 | 19. mars | Lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum | 8–13 |
| 18 | 19. mars | Lög um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands | 39 |
| 31 | 19. mars | Lög um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 | 243–244 |
| 33 | 19. mars | Lög um Slysavarnaskóla sjómanna | 246–247 |
| 17 | 20. mars | Lög um einkaleyfi | 21–39 |
| 32 | 21. mars | Lög um Héraðsskóga | 244–246 |
| 20 | 23. mars | Lög um skipti á dánarbúum o.fl. | 82–130 |
| 11 | 25. mars | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 14–15 |
| 14 | 25. mars | Lög um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum | 18 |
| 30 | 25. mars | Lög um breyting á lögum um Proskapjálfskóla Íslands, nr. 40/1985 | 243 |
| 34 | 25. mars | Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri | 247–251 |
| 46 | 25. mars | Lög um búfjárhald | 278–281 |

IV

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|---|-------------|
| 19 | 26. mars | Lög um meðferð opinberra mála | 40–82 |
| 21 | 26. mars | Lög um gjaldþrotaskipti | 131–186 |
| 13 | 27. mars | Lög um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum | 17 |
| 22 | 27. mars | Lög um samvinnufélög | 187–215 |
| 23 | 27. mars | Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu er- lendra aðila í atvinnurekstri o.fl. | 216–221 |
| 24 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 96/1988, með síðari breytingum | 221–226 |
| 25 | 27. mars | Lög um skaðsemisábyrgð | 226–229 |
| 28 | 27. mars | Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla | 237–242 |
| 29 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/ 1971, með síðari breytingum | 242 |
| 35 | 27. mars | Lög um listamannalaun | 251–253 |
| 37 | 27. mars | Lög um mannanöfn | 255–260 |
| 39 | 27. mars | Lög um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggða- stofnun | 262–263 |
| 40 | 27. mars | Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga | 236–273 |
| 41 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um greiðsluöfnun fasteignaveð- lána til einstaklinga, nr. 63/1985 | 273 |
| 42 | 27. mars | Lög um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsað- gerðir | 274 |
| 43 | 27. mars | Lög um breytingu á þjóðminjalögum nr. 88/1989 | 275 |
| 45 | 27. mars | Lög um starfskjör presta þjóðkirkjunnar | 277–278 |
| 47 | 27. mars | Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/ 1990 | 282–285 |
| 48 | 27. mars | Lög um leikskóla | 285–289 |
| 49 | 27. mars | Lög um grunnskóla | 290–308 |
| 26 | 2. apríl | Lánsfjárlög fyrir árið 1991 | 229–235 |
| 27 | 2. apríl | Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða | 235–237 |
| 36 | 2. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 253–255 |
| 44 | 2. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skatt- skyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum | 276 |
| 50 | 2. apríl | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 309 |
| 51 | 11. apríl | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglu- gerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 309–310 |
| 52 | 30. apríl | Auglýsing um skipting starfa ráðherra | 310 |
| 53 | 3. maí | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 13. maí 1991 | 311 |
| 54 | 8. maí | Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 | 312–340 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|-----|------------|---|-------------|
| 57 | 30. maí | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 361 |
| 55 | 31. maí | Lög um þingsköp Alþingis | 341–357 |
| 56 | 31. maí | Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldis Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum | 357–360 |
| 58 | 31. maí | Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis | 361 |
| 59 | 30. júlí | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 361 |
| 60 | 10. ágúst | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 362 |
| 61 | 9. sept. | Auglýsing frá forsætisráðuneytinu | 362 |
| 62 | 11. sept. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 362 |
| 63 | 16. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 362 |
| 64 | 16. sept. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 1. október 1991 | 363 |
| 65 | 30. sept. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 364 |
| 66 | 2. okt. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 364 |
| 67 | 4. okt. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 364 |
| 68 | 7. okt. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 365 |
| 69 | 20. okt. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 365 |
| 70 | 7. nóv. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 365 |
| 71 | 12. nóv. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 365 |
| 72 | 2. des. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 366 |
| 73 | 4. des. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 366 |
| 75 | 6. des. | Fjárukalög fyrir árið 1991 | 367–412 |
| 76 | 18. des. | Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 31. mars 1987 með síðari breytingum | 413–430 |
| 74 | 20. des. | Lög um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, nr. 26/1991 | 366 |
| 82 | 20. des. | Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði | 438–439 |
| 87 | 21. des. | Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis | 446 |
| 78 | 23. des. | Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins | 431 |
| 79 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almanna tryggingar, með síðari breytingum o.fl. | 432 |
| 80 | 23. des. | Lög um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989 | 433–435 |
| 83 | 23. des. | Lög um veitingu ríkisborgaréttar | 439–441 |
| 84 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins | 441–442 |

VI

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|---|-------------|
| 86 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu | 446 |
| 90 | 23. des. | Lög um nauðungarsölu | 455–490 |
| 92 | 23. des. | Lög um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði | 540–558 |
| 77 | 27. des. | Lög um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990 | 431 |
| 81 | 27. des. | Lög um vatnsveitur sveitarfélaga | 435–438 |
| 85 | 27. des. | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 442–445 |
| 94 | 30. des. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 811–812 |
| 88 | 31. des. | Lög um aukatekjur ríkissjóðs | 447–453 |
| 89 | 31. des. | Lög um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum | 454 |
| 91 | 31. des. | Lög um meðferð einkamála | 491–539 |
| 93 | 31. des. | Fjárlög fyrir árið 1992 | 559–810 |
| 95 | 31. des. | Lög um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald | 813 |

Yfirlit

eftir málaflokkum.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|------------|---|-------------|
| Aldraðir. | | | |
| 12 | 12. mars | Lög um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989 | 16 |
| 80 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989 | 433–435 |
| Almannatryggingar. | | | |
| 29 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum | 242 |
| 79 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum o.fl. | 432 |
| Alþingi. | | | |
| 1 | 4. jan. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda | 1 |
| 9 | 19. mars | Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir | 7 |
| 10 | 19. mars | Lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum | 8–13 |
| 53 | 3. maí | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 13. maí 1991 | 311 |
| 55 | 31. maí | Lög um þingsköp Alþingis | 341–357 |
| 56 | 31. maí | Stjórnskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá lýðveldis Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum | 357–360 |
| 58 | 31. maí | Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis | 361 |
| 64 | 16. sept. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 1. október 1991 | 363 |
| 87 | 21. des. | Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis | 446 |
| Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur. | | | |
| Bókhald. | | | |
| 95 | 31. des. | Lög um breytingu á lögum nr. 51/1968, um bókhald | 813 |
| Búfjármál, Búnaðarmál, sjá Landbúnaður. | | | |

VIII

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|---------------------------------------|------------|---|-------------|
| Byggðastofnun. | | | |
| 39 | 27. mars | Lög um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun | 262–263 |
| Dómsmál. | | | |
| 19 | 26. mars | Lög um meðferð opinberra mála | 40–82 |
| 20 | 23. mars | Lög um skipti á dánarbúum o.fl. | 82–130 |
| 21 | 26. mars | Lög um gjaldþrotaskipti | 131–186 |
| 90 | 23. des. | Lög um nauðungarsölu | 455–490 |
| 91 | 31. des. | Lög um meðferð einkamála | 491–539 |
| 92 | 23. des. | Lög um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði | 540–558 |
| Efnahagsmál. | | | |
| 42 | 27. mars | Lög um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir | 274 |
| Einkaleyfi. | | | |
| 17 | 20. mars | Lög um einkaleyfi | 21–39 |
| Erlendir ríkisborgarar. | | | |
| 23 | 27. mars | Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. | 216–221 |
| 34 | 25. mars | Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri | 247–251 |
| Fangelsi. | | | |
| 31 | 19. mars | Lög um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 | 243–244 |
| Fasteignir. | | | |
| 41 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985 | 273 |
| Félagsmál. | | | |
| 24 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum | 221–226 |
| 28 | 27. mars | Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla | 237–242 |
| 37 | 27. mars | Lög um mannanöfn | 255–260 |
| 40 | 27. mars | Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga | 263–273 |
| Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur. | | | |
| Fjárfestingar. | | | |
| 23 | 27. mars | Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. | 216–221 |

IX

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|-----------------------------------|------------|---|-------------|
| 34 | 25. mars | Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri | 247–251 |
| 44 | 2. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum | 276 |
| Fjárlög, ríkisreikningar. | | | |
| 26 | 2. apríl | Lánsfjárlög fyrir árið 1991 | 229–235 |
| 74 | 20. des. | Lög um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, nr. 26/1991 | 366 |
| 75 | 6. des. | Fjáraukalög fyrir árið 1991 | 367–412 |
| 93 | 31. des. | Fjárlög fyrir árið 1992 | 559–810 |
| Forseti Íslands. | | | |
| 2 | 25. jan. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 2 |
| 3 | 31. jan. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 2 |
| 8 | 19. mars | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 7 |
| 50 | 2. apríl | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 309 |
| 57 | 30. maí | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 361 |
| 59 | 30. júlí | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 361 |
| 60 | 10. ágúst | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 362 |
| 62 | 11. sept. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 362 |
| 63 | 16. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 362 |
| 66 | 2. okt. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 364 |
| 67 | 4. okt. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 364 |
| 68 | 7. okt. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 365 |
| 69 | 20. okt. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 365 |
| 70 | 7. nóv. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 365 |
| 71 | 12. nóv. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 365 |
| 72 | 2. des. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 366 |
| 73 | 4. des. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 366 |
| Gjöld, sjá Skattar, gjöld. | | | |
| Hagstofa Íslands. | | | |
| 37 | 27. mars | Lög um mannanöfn | 255–260 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|-------------------------|------------|--|-------------|
| Háskóli Íslands. | | | |
| 7 | 19. feb. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingum á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 5–6 |
| 51 | 11. apríl | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 309–310 |
| 65 | 30. sept. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 364 |
| 94 | 30. des. | Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum | 811–812 |
| Heilbrigðismál. | | | |
| 15 | 6. mars | Lög um ákvörðun dauða | 19 |
| 16 | 6. mars | Lög um brottám líffæra og krufningar | 20–21 |
| 86 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu | 446 |
| Húsnæðismál. | | | |
| 24 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum | 221–226 |
| 41 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985 | 273 |
| 47 | 27. mars | Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990 og 130/1990 | 282–285 |
| 82 | 20. des. | Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði | 438–439 |
| Iðnaður. | | | |
| 23 | 27. mars | Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. | 216–221 |
| 34 | 25. mars | Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri | 247–251 |
| Íslenski fáninn. | | | |
| 5 | 23. jan. | Forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma | 4 |
| 6 | 23. jan. | Auglýsing um liti íslenska fánans | 5 |
| Kirkjumál. | | | |
| 18 | 19. mars | Lög um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófatsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands | 39 |
| 45 | 27. mars | Lög um starfskjör presta þjóðkirkjunnar | 277–278 |

Kjarasamningar, sjá Launamál.

XI

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|---|------------|--|-------------|
| Landbúnaður. | | | |
| 46 | 25. mars | Lög um búfjárhald | 278–281 |
| Launamál. | | | |
| 4 | 4. feb. | Lög um launamál | 2–3 |
| 28 | 27. mars | Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla | 237–242 |
| 35 | 27. mars | Lög um listamannalaun | 251–253 |
| 45 | 27. mars | Lög um starfskjör presta þjóðkirkjunnar | 277–278 |
| 80 | 23. des. | Lög um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989 | 433–435 |
| Lífeyrissjóðir. | | | |
| 27 | 2. apríl | Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða | 235–237 |
| 89 | 31. des. | Lög um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum | 454 |
| Menntamál. | | | |
| 30 | 25. mars | Lög um breytingu á lögum um Proskapjálfskóla Íslands, nr. 40/1985 | 243 |
| 33 | 19. mars | Lög um Slysavarnaskóla sjómanna | 246–247 |
| 35 | 27. mars | Lög um listamannalaun | 251–253 |
| 37 | 27. mars | Lög um mannanöfn | 255–260 |
| 43 | 27. mars | Lög um breyting á þjóðminjalögum nr. 88/1989 | 275 |
| 48 | 27. mars | Lög um leikskóla | 285–289 |
| 49 | 27. mars | Lög um grunnskóla | 290–308 |
| Ráðherrar, sjá Ríkisstjórn. | | | |
| Réttarfar, sjá Dómsmál. | | | |
| Ríkisborgararéttur. | | | |
| 11 | 25. mars | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 14–15 |
| 83 | 23. des. | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 439–441 |
| Ríkisreikningar, sjá Fjárlög, ríkisreikningur. | | | |
| Ríkisstjórn. | | | |
| 52 | 30. apríl | Auglýsing um skipting starfa ráðherra | 310 |
| 61 | 9. sept. | Auglýsing frá forsætisráðuneytinu | 362 |
| Ríkisstofnanir. | | | |
| 24 | 27. mars | Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum | 221–226 |
| 38 | 18. mars | Lög um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands | 261 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|----------------------------------|------------|---|-------------|
| 39 | 27. mars | Lög um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun | 262–263 |
| 47 | 27. mars | Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990 og 130/1990 | 282–285 |
| Samgöngumál, sjá Vegamál. | | | |
| Samvinnufélög. | | | |
| 22 | 27. mars | Lög um samvinnufélög | 187–215 |
| Siglingar, skip. | | | |
| 33 | 19. mars | Lög um Slysavarnaskóla sjómanna | 246–247 |
| Sjávarútvegur. | | | |
| 13 | 27. mars | Lög um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum | 17 |
| 23 | 27. mars | Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. | 216–221 |
| 33 | 19. mars | Lög um Slysavarnaskóla sjómanna | 246–247 |
| 34 | 25. mars | Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri | 247–251 |
| 78 | 23. des. | Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunar-sjóð sjávarútvegsins | 431 |
| 84 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins | 441–442 |
| Sjóðir. | | | |
| 27 | 2. apríl | Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða | 235–237 |
| Skaðsemisábyrgð. | | | |
| 25 | 27. mars | Lög um skaðsemisábyrgð | 226–229 |
| Skattar, gjöld. | | | |
| 36 | 2. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 253–255 |
| 44 | 2. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum | 276 |
| 76 | 18. des. | Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 31. mars 1987 með síðari breytingum | 413–430 |
| 77 | 27. des. | Lög um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990 | 431 |
| 82 | 20. des. | Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofhúsnæði | 438–439 |
| 85 | 27. des. | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 442–445 |
| 88 | 31. des. | Lög um aukatekjur ríkissjóðs | 447–453 |

XIII

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|---|------------|--|-------------|
| Skógrækt. | | | |
| 32 | 21. mars | Lög um Héraðsskóga | 244–246 |
| Skólar, sjá Menntamál. | | | |
| Stjórnarráð Íslands. | | | |
| 14 | 25. mars | Lög um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum | 18 |
| 56 | 31. maí | Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldis Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum | 357–360 |
| Sveitastjórnarmál. | | | |
| 40 | 27. mars | Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga | 263–273 |
| 81 | 27. des. | Lög um vatnsveitur sveitarfélaga | 435–438 |
| Tekjustofnar sveitarfélaga, sjá Sveitastjórnarmál. | | | |
| Tollamál, sjá Skattar, gjöld. | | | |
| Útflutningur. | | | |
| 38 | 18. mars | Lög um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands | 261 |
| Vatnamál. | | | |
| 81 | 27. des. | Lög um vatnsveitur sveitarfélaga | 435–438 |
| Vegamál. | | | |
| 54 | 8. maí | Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 | 312–340 |
| Verðjöfnun, sjá Verðlagsmál. | | | |
| Verðlagsmál. | | | |
| 78 | 23. des. | Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunar-sjóð sjávarútvegsins | 431 |
| 84 | 23. des. | Lög um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins | 441–442 |
| Öryggismál. | | | |
| 33 | 19. mars | Lög um Slysavarnaskóla sjómanna | 246–247 |

Skrá um útgáfudaga A-deildar 1991.

| | | |
|-------|-----------|-----------------|
| A 1, | nr. 1 | 11. janúar |
| A 2, | nr. 2-7 | 13. mars |
| A 3, | nr. 8-10 | 20. mars |
| A 4, | nr. 11-12 | 27. mars |
| A 5, | nr. 13-14 | 4. apríl |
| A 6, | nr. 15-49 | 17. apríl |
| A 7, | nr. 50-52 | 2. maí |
| A 8, | nr. 53 | 10. maí |
| A 9, | nr. 54-56 | 31. maí |
| A 10, | nr. 57-64 | 27. september |
| A 11, | nr. 65-76 | 23. desember |
| A 12, | nr. 77-87 | 30. desember |
| A 13, | nr. 88-89 | 2. janúar 1992 |
| A 14, | nr. 90-92 | 9. janúar 1992 |
| A 15, | nr. 93-95 | 15. janúar 1992 |

Endurprentuð blöð: 20, 21, 131.

Leiðréttingar:

Bls. 308, nr. 49 í lokalínu: ... 17. apríl 1990. Les: ... 17. apríl 1991.





STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1991

4. janúar 1991

1

Nr. 1

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 14. janúar 1991 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 4. janúar 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1991

Nr. 2

2

25. janúar 1991

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið 25. janúar 1991.

Helga Jónsdóttir.

Nr. 3

31. janúar 1991

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 31. janúar 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 4

4. febrúar 1991

LÖG

um launamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Löggin taka hins vegar ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir.

2. gr.

Frá 1. september 1990 til 15. september 1991, sbr. þó 5. mgr., skulu laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir þ. á m. kauptrygging sjómanna, samkvæmt þeim kjarasamningum, sem lög þessi taka til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990, sem hér segir:

1. Hinn 1. desember 1990 skulu láun hækka um 2,0%.
2. Hinn 1. mars 1991 skulu launa hækka um 2,5%.
3. Hinn 1. júní 1991 skulu laun hækka um 2,0%.

Ofangreindar breytingar koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða.

Ákvæði 1. mgr. raska ekki ákvæðum kjarasamninga um greiðslu sérstakra uppbóta á laun, svo sem orlofsuppbótar, desemberuppbótar og persónuuppbótar. Á árinu 1991 skal greiða 7.500 kr. orlofsuppbót eftir sömu reglum og með sama hætti og á árinu 1990.

Hafi laun samkvæmt ákvæðum þessara samninga hækkad á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990 skal sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990, enda koma launahækkanir skv. 1. mgr. í stað hennar.

Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 1.–4. mgr., skulu þessir kjarasamningar gilda til 15. september 1991 og verða þá lausir án uppsagnar. Kveði kjarasamningur á um gildistíma til 31. ágúst 1991 skulu þau ákvæði þó halda gildi sínu.

3. gr.

Nú kveður kjarasamningur á um launanefnd og raska ákvæði 2. gr. þá ekki ákvæðum hans um endurskoðun, breytingar eða tilfærslur á launahækkunum, sbr. 1. mgr. 2. gr., eða uppsögn samnings samkvæmt ákvörðun viðkomandi launanefndar.

Aðilum að kjarasamningi, sem ekki kveður á um launanefnd, er heimilt að semja um stofnun og verksvið slíkrar nefndar. Verði slíkur samningur gerður fer eftir ákvæði 1. mgr. frá þeim tíma.

Leiði ákvarðanir launanefndar samningsaðila á almennum vinnumarkaði til almennra launabreytinga, skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti. Ákveði launanefnd samkvæmt kjarasamningi aðildarfélaganna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs – og Reykjavíkurborgar hins vegar að laun skuli breytast, skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti.

Komi til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með ákvörðun launanefndar, skal aðilum að kjarasamningum samkvæmt 1. másl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri uppsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara. Komi til uppsagnar kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs – og Reykjavíkurborgar hins vegar, skal aðilum að kjarasamningum samkvæmt 2. másl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri umsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara.

4. gr.

5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaganna BHMR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989, falla úr gildi. Með sama hætti falla úr gildi hliðstæð ákvæði í kjarasamningum aðildarfélaganna BHMR og annarra viðsemjenda þeirra. Þess í stað skulu laun félagsmanna í aðildarfélögum BHMR taka þeim breytingum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. laga þessara.

Með þeim breytingum, sem lög þessi kveða á um, skulu kjarasamningar aðildarfélaganna BHMR og viðsemjenda þeirra gilda til 31. ágúst 1991 og falla þá úr gildi án uppsagnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um fánadaga og fánatíma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 7. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. gr.

Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. Sjómannadaginn.
9. 17. júní.
10. 1. desember.
11. Jóladað.

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng.

2. gr.

Hverja daga aðra en í 1. gr. segir og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun forsætisráðuneytisins.

3. gr.

Fána skal eigi draga á stöng fyrir en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

4. gr.

Um fána á bátum og skipum skal leita leiðbeininga Landhelgisgæslu Íslands eða Siglingamálastofnunar ríkisins.

5. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi forsetaúrskurður nr. 44 17. ágúst 1944.

Gjört í Reykjavík, 23. janúar 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING

um líti íslenska fánans.

Litir þjóðfána Íslendinga ákvarðast sem hér segir:

Litirnir miðast við SCOTDIC-litastigann (Standard Colour of Textile, – Dictionaire Internationale de la Couleur) þannig:

Heiðblái liturinn: SCOTDIC nr. 693009.

Mjallhvíti liturinn SCOTDIC nr. 95.

Eldrauði liturinn SCOTDIC ICELAND FLAG RED.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og erlendis sendiráð Íslands. Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt 13. sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Forsætisráðuneytið, 23. janúar 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingum á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. febrúar 1991 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

30. gr. orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 5. september til 21. desember og vormisseri frá 7. janúar til 26. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

1. ml. 1. mgr. 31. gr. orðast svo:

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 22. desember til 6. janúar og páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

3. gr.

44. gr. orðast svo:

Almenn próf eru haldin 10. til 21. desember, í allt að þrjár vikur á tímabilinu 29. apríl til 26. maí eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta og 5–7 daga á tímabilinu 23. ágúst til 4. september eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta. Ekki skal hafa fyrirlestra síðustu 5–7 daga

fyrir próftímabil. Hefji deild eða námsbraut kennslu fyrir 5. september samkvæmt 30. gr., skal prófum við hana vera lokið fyrir þann tíma. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum en segir í 1. ml. samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að höfðu samráði við prófstjóra. Háskóladeild er heimilt að ákveða hvort hún nýti þrjú próftímabil eða tvö og hvort hún nýtir próftíma til fulls. Auglýsa skal próftöflu í kennsluskrá ef unnt er, en annars með tveggja mánaða fyrirvara. Þó er heimilt að birta próftöflu fyrir haustpróf með mánaðar fyrirvara.

4. gr.

1. mgr. 46. gr. orðast svo.

Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu háskólans eigi síðar en þremur dögum fyrir prófdag. Úrsagnarfrestur upptökuprófa að hausti skal þó vera 7 dagar. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

49. gr. orðast svo:

Prófandi og prófdómari, ef því er að skipta, ráða í sameiningu úrlausnarefni í hverri prófgrein og dæma úrlausnir. Ber að prófa sem víðast úr því efni, sem til prófs er. Prófandi og prófdómari ef tilkallaður er, dæma hvor um sig úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi fjórum vikum eftir hvert haustmísserispróf en í síðasta lagi þremur vikum eftir önnur próf.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 15. ágúst 1991.

Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1991.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1991

19. mars 1991

7

Nr. 8

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. mars 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

19. mars 1991

Nr. 9

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Þar eð Alþingi, er nú situr, 113. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 20. apríl 1991. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, laugardaginn 20. apríl 1991.

Veitum vér hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 113. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í lögum þessum.

2. gr.

a-liður 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

- a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur, svo og starfsmenn þeirra embætta samkvæmt ákvörðun forstöðumanns. Forstöðumaður getur enn fremur, með samþykki dómsmálaráðuneytisins, falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til alþingiskosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

4. gr.

15. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Sá sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. verður því aðeins tekinn á kjörskrá að hann hafi sótt um það til Hagstofu Íslands. Umsókn skal rituð á sérstakt eyðublað þar sem fram komi fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofa Íslands lætur eyðublöð þessi í té og skulu þau liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiráðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Sé umsókn fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver sé þannig á kjörskrá tekinn gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

6. gr.

Í stað orðanna „oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra“ í 18. gr. komi: oddvita sveitarstjórnar eða á skrifstofu hennar.

7. gr.

19. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Kjörskrá skal liggja frammi á að minnsta kosti einum stað og í hverri kjördeild utan kaupstaða og kauptúna.

Áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa hvar það verður gert og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag, þegar tvær vikur eru til kjördags, skal hver sá sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið hafa afhent oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar kæru sína með þeim rökum og gögnum sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu.

Sé kæra um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal oddviti eða framkvæmdastjóri innan þriggja daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærinni. Enn fremur skal tilkynna aðilum hvenær mál út af kærum, sem fram hafa komið, verða tekin til meðferðar svo að þeir geti komið að athugasemdum.

9. gr.

21. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn skal skera úr aðfinnslum við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Úrskurð sveitarstjórnar skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar. Eftir það verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

10. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur endanlega verið undirrituð skal oddvita yfirkjörstjórnar sent eintak af henni.

11. gr.

2. mgr. 25. gr. falli brott.

12. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. orðist svo:

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags.

b. Á eftir orðinu „frambjóðanda“ í 2. mgr. komi: kennitölu hans.

13. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælanda skal vera margfeldi af þingsætistölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.

14. gr.

Fyrri málsliður 30. gr. orðist svo: Á framboðslista í kjördæmi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

15. gr.

36. gr. falli brott.

16. gr.

37. gr. falli brott.

17. gr.

Í stað orðanna „fjórum vikum fyrir kjördag“ í 1. másl. 2. mgr. 40. gr. komi: eigi síð en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út.

18. gr.

Í stað orðanna „þrem vikum“ í 2. mgr. 42. gr. komi: 10 dögum.

19. gr.

44. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

20. gr.

45. gr. orðist svo:

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögnum.

Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

21. gr.

46. gr. falli brott.

22. gr.

63. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „kjörblöð og umslög“ í 1. másl. 1. mgr. komi: kjörgögn.
- b. Í stað 2.–3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kjörstjóra innan lands er heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, enda sé kjósandi til meðferðar á hlutaðeigandi stofnun eða vistmaður þar. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjörstjóri innan lands getur enn fremur heimilað kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, að greiða atkvæði í heimahúsi. Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar ein vika er til kjördags. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

Kjörstjóri innan lands auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Til kynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

23. gr.

2. mgr. 64. gr. falli brott.

24. gr.

66. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og kennitölu og hvern dag kosningaathöfnin fór fram.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að fram- an greinir og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna. Að því loknu leggur kjósandi kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu í sendiumslagið og lokar því vandlega. Um- slagið skal síðan áritað til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lög- heimili.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyr- irskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bund-

inn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim er í hans stað gengur á skipinu er hans missir við.

25. gr.

68. gr. falli brott.

26. gr.

2. og 3. mgr. 69. gr. falli brott.

27. gr.

2. mgr. 73. gr. orðist svo:

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

28. gr.

81. gr. orðist svo:

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gerir hann kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa nafnskríteini eða á annan fullnægjandi hátt. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir oddviti honum einn kjörseðil.

29. gr.

Í stað orðanna „kl. 23 á kjördag“ í 2. mgr. 93. gr. komi: kl. 22 á kjördag.

30. gr.

94. gr. falli brott.

31. gr.

95. gr. breytist þannig:

a. Orðin „bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna“ í 2. mgr. falli brott.

b. 3. mgr. falli brott.

32. gr.

96. gr. orðist þannig:

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 82. gr., eða hafi dáið á undan kjördegi leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

33. gr.

Í stað orðanna „leggja atkvæðið, þ.e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið“ í 97. gr. komi: leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendi-umslagið.

34. gr.

98. gr. orðist svo:

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

35. gr.

Í stað orðanna „utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látin“ í 1. másl. 1. mgr. 100. gr. komi: kjörseðilsumslög þau, er gild hafa verið tekin, hafa verið látin.

36. gr.

Orðin „eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni“ í 4. tölul. 105. gr. falli brott.

37. gr.

123. gr. falli brott.

38. gr.

124. gr. falli brott.

39. gr.

Orðin „eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni“ í fyrri málsgrein 6. tölul. 125. gr. falli brott.

40. gr.

9. tölul. 133. gr. falli brott.

41. gr.

Í stað orðanna „starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra“ í 2. tölul. 134. gr. komi: utankjörfundarkjörstjóri.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 15. gr., 19.–21. gr., a-liðar 22. gr., 24.–26. gr. og 31.–38. gr. skulu þó ekki koma til framkvæmda fyrr en að loknum næstu alþingiskosningum 1991.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Anoruo, Chigozie Onyemuche, verkamaður í Reykjavík, f. 12. apríl 1974 í Nígeríu.
2. Ben Ali, Ayari Brahim, matsveinn í Reykjavík, f. 13. janúar 1964 í Túnis.
3. Ben Ezra, Nili, verkakona á Patreksfirði, f. 6. nóvember 1964 í Ísrael. Fær réttinn 30. ágúst 1991.
4. Berger, Jiri, sálfræðingur á Akureyri, f. 1. júlí 1950 í Tékkóslóvakíu.
5. Blyden, Deborah, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 18. október 1962 á Kúbu.
6. Canada, Ermelinda Almeda, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. ágúst 1959 á Filippseyjum.
7. Chase, Beverly Ellen, aðstoðarveitingastjóri í Reykjavík, f. 6. október 1967 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. september 1991.
8. Curtis, George Frank, verslunarstjóri í Reykjavík, f. 29. nóvember 1949 í Skotlandi.
9. Curtis, Þór Arnar, nemi í Reykjavík, f. 9. ágúst 1973 í Reykjavík.
10. Daglas, Sami Fathi Ahmad, rafsúðumaður í Bessastaðahreppi, f. 1. júní 1966 í Jórdaníu. Fær réttinn 19. ágúst 1991.
11. Drummond, Jonathan Paul, golfkennari í Reykjavík, f. 4. apríl 1963 í Englandi.
12. Enriquez, Charita Capuyan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 29. maí 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. september 1991.
13. Espiritu, Vincenta Cabilao, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1966 á Filippseyjum.
14. Farrell, Cynthia Ann, kennari í Vestmannaeyjum, f. 23. október 1955 í Bandaríkjunum.
15. Fossádal, Ragna, húsmóðir í Grindavík, f. 26. júlí 1939 í Færeyjum.
16. Golebiowska, Ewa Anna, póstmáður í Reykjavík, f. 22. desember 1958 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
17. Júðith Guðjónsson, sjúkraliði í Hveragerði, f. 28. nóvember 1922 í Færeyjum.
18. Lebnafacil, Adela A., verkakona í Keflavík, f. 1. júlí 1955 á Filippseyjum.
19. Líney Dan Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 12. nóvember 1987 á Indlandi.
20. Maerel, Jean-Jacques Léon, verkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1952 í Frakklandi.
21. Makosz, Elzbieta Zofia, kennari í Bolungarvík, f. 14. júní 1962 í Póllandi.
22. Namwijit, Sophaporn, verkakona á Ísafirði, f. 15. september 1950 á Thailandi.
23. Ognibene, Joseph James, tónlistarmaður í Garðabæ, f. 17. ágúst 1957 í Bandaríkjunum.
24. Oliverio, Serecia Pitogo, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 21. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1991.
25. Olsen, Marianne, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 í Danmörku.

26. Ólöf Halla Hjartardóttir, verslunarmaður í Hveragerði, f. 20. október 1953 í Reykjavík.
27. Paraiso, Sixta Alfante, húsmóðir í Kópavogi, f. 6. ágúst 1946 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. júlí 1991.
28. Rader, Margrét Ann, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 25. október 1950 í Bandaríkjunum.
29. Roberts, Kristrún Ingibjörg, bréfberi í Mosfellsbæ, f. 22. júní 1950 í Reykjavík.
30. Robinson, Deborah Lynne, húsmóðir á Flateyri, f. 11. janúar 1962 í Suður-Afríku.
31. Rodriguez, Berglind Lovísa, nemi í Reykjavík, f. 13. júní 1975 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
32. Rodriguez, Þór Juan Ramón, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1979 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
33. Rossen, Magnús Ólafur, bifvélavirki í Reykjavík, f. 15. júlí 1967 í Stykkishólmi.
34. Ruf, Dora, húsfreyja í Kjósarhreppi, f. 22. mars 1955 í Sviss.
35. Röver, Nóra María, nemandi í Reykjavík, f. 16. júní 1970 í Vestur-Þýskalandi.
36. Semichat, Larib, verkamaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1961 í Túnis.
37. Shen, Zhi Ying, verkakona í Reykjavík, f. 19. júlí 1930 í Kína.
38. Siengboon, Sompit, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. október 1956 í Thailandi.
39. Sobczynski, Dariusz Andrzej, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
40. Tinganelli, Leone, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. janúar 1964 á Ítalíu.
41. Torcato, Antonio Carlos Dos Reis, verkamaður í Bolungarvík, f. 7. janúar 1954 í Portúgal.
42. Toohey, John Patrick, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 17. janúar 1963 á Írlandi.
43. Undall-Behrend, Daníel Jakob, vélvirki í Arnarneshreppi, f. 19. apríl 1949 í Arnarneshreppi.
44. Urbschat, Marlene, hagfræðingur á Blönduósi, f. 14. febrúar 1956 í Vestur-Þýskalandi. Fær réttinn 7. maí 1991.
45. Wheeley, Jón Wayne, nemi í Reykjavík, f. 30. júní 1970 í Bandaríkjunum.
46. Wilson, Kristín Anna Tryggvadóttir, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1975 í Ástralíu.
47. Ycot, Maria Mirafior, starfsstúlka í Reykjavík, f. 6. maí 1969 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. júlí 1991.
48. Young, Karen Alice, bókari í Reykjavík, f. 1. júlí 1952 í Kanada.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafröfn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafröfn sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Óli Þ. Guðbjartsson.

L Ö G

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnaðis aldraðra og hjúkr-unarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga, endurbóta og viðhalds á stofnunum aldraðra sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra samþykkir.
Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3., 4., og 5. tölul. 1. mgr.

2. gr.

Síðari málslíður 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. mars 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1991

27. mars 1991

17

Nr. 13

LÖG

um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað að hluta eða öllu leyti til þeirra skipa, sem aflahlutdeild hafa af loðnu, til að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests. Ráðherra skal skipta þessum heimildum milli einstakra loðnuskipa og er við þá skiptingu m.a. heimilt að miða við aflahlutdeild skipanna af loðnu og hver afli þeirra af loðnu var á haustvertíðinni 1990.

2. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafs-rækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð nr. 465 27. nóvember 1990 um veiðar í atvinnuskyni. Er ráðherra þrátt fyrir ákvæði laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, heimilt með reglugerð að ákveða að þessi viðbót skiptist eingöngu milli þeirra skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu. Getur hann við þá skiptingu m.a. miðað við þau atriði er um er rætt í lokamálslið 1. gr. Rádstöfun aflaheimilda samkvæmt þessari grein breytir ekki varanlegri aflahlutdeild einstakra skipa skv. 7. laga nr. 38/1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands,
með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

6. gr. laganna falli niður. 1. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. falli niður. 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 3. gr.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1991

6. mars 1991

19

Nr. 15

LÖG

um ákvörðun dauða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Það er hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð. Honum ber að beita reynslu sinni og þeirri þekkingu sem hverju sinni er tiltæk til þessa verks.

2. gr.

Maður telst vera látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný.

3. gr.

Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

4. gr.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglur um það hvaða rannsóknnum skuli beita til þess að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Reglur þessar skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. mars 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um brott nám líffæra og krufningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Brottnám líffæra.

1. gr.

Hver, sem orðinn er 18 ára, getur gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Lífi og heilsu líffæragjafa má þó aldrei stofna í augljósa hættu með slíkri aðgerð.

Áður en væntanlegur líffæragjafi veitir samþykki sitt skal læknir veita honum upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Líffæragjafi skal eiga kost á annarri ráðgjöf en læknis væntanlegs líffæraþega. Læknir skal ganga úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi skilji þessar upplýsingar.

Blóðgjöf og notkun blóðs er undanþegin lögum þessum.

2. gr.

Nú liggur fyrir samþykki einstaklings og má þá, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini, ef foreldrar hins látna eru einnig látinir.

Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

3. gr.

Brottnám líffæra skv. 2. gr. er óheimilt ef kryfja þarf hinn látna réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhvirf á niðurstöður krufningarinnar að mati sömu lækna og staðfesta andlát, sbr. 1. mgr. 4. gr.

4. gr.

Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu lækna og annast brott nám líffæra.

Á sjúkrahúsum skal halda sérstaka skrá um brott nám líffæra. Í skrána skal rita andlátsstund, dánarorsök, nöfn þeirra lækna sem staðfestu andlát og hvaða viðmiðun var beitt til að staðfesta andlátið.

Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brott nám líffæra eða lífrænna efna.

Endurprentað blað.

II. KAFLI

Krufningar.

5. gr.

Nú liggur dánarorsök ekki fyrir svo fullnægjandi sé talið og er þá heimilt að kryfja líkið, enda hafi hinn látni eða nánasti vandamaður, sbr. 3. mgr. 2. gr., samþykkt krufninguna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta vandamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Vandamönnum er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

Réttarkrufning er undanþegin lögum þessum.

6. gr.

Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef læknir hins látna hefur ástæðu til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um einkaleyfi.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni.

Endurprentað blað.

Helstu nýjungar, sem ekki verða taldar til uppfinninga, eru þær sem eingöngu varða:

1. Uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir.
2. Listræn verk.
3. Skipulag, reglur eða aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða atvinnustarfsemi eða forrit fyrir tölvur.
4. Miðlun upplýsinga.

Aðferðir við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum verða heldur ekki taldar til uppfinninga. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnum og efnablöndum.

Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

1. Uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.
2. Plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða.

2. gr.

Einkaleyfi verður einungis veitt fyrir uppfinningum sem eru nýjar með tilliti til þess sem þekkt er fyrir umsóknardag og eru að auki frábrugðnar því í verulegum atriðum.

Það telst þekkt sem almennur aðgangur er að í rituðu máli, fyrirlestrum, með hagnýtingu eða á annan hátt. Einnig telst efni einkaleyfisumsóknar, sem lögð hefur verið inn hér á landi fyrir umsóknardag annarrar umsóknar, þekkt ef aðgangur verður almennur að fyrri umsókninni samkvæmt reglum 22. gr. Skilyrðið í 1. mgr. um að uppfinningin sé í verulegum atriðum frábrugðin því sem þekkt er gildir þó ekki gagnvart efni slíkrar umsóknar.

Umsóknir, sem um er fjallað í III. kafla, skulu í sérstökum tilvikum hafa sömu áhrif hér á landi og um er rætt í 2. mgr., sbr. 29. og 38. gr.

Skilyrði í 1. mgr. um að uppfinningar skuli vera nýjar er ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo fremi sem efnið eða efnablöndurnar eru ekki þekktar við einhverjar þessara aðferða.

Einkaleyfi má veita fyrir uppfinningu þótt hún hafi orðið almenningi aðgengileg innan sex mánaða fyrir umsóknardag þegar það má rekja til:

1. augljósrar misbeitingar gagnvart umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til eða
2. að umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hafi sýnt uppfinninguna á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu samkvæmt sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 22. nóvember 1928.

3. gr.

Einkaréttur sá, sem menn öðlast með einkaleyfi, felur það í sér að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án samþykkis hans hagnýta sér uppfinninguna með því að:

1. framleiða, bjóða til sölu, setja á markað, nota eða flytja inn eða hafa í fórum sínum í þeim tilgangi tæki eða aðrar afurðir sem veitt hefur verið einkaleyfi fyrir eða
2. nota aðferð sem nýtur einkaleyfisverndar, eða bjóða hana til notkunar hér á landi, ef sá sem býður fram aðferðina veit að hana má ekki nota án samþykkis einkaleyfishafa eða slíkt má vera ljóst af aðstæðum eða
3. bjóða, setja á markað eða nota afurð, sem framleidd er með aðferð sem vernduð er með einkaleyfi, eða flytja inn, eiga eða hafa slíka afurð í fórum sínum í ofangreindum tilgangi.

Í einkaréttinum felst einnig að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án hans samþykkis hagnýta sér uppfinninguna með því að afhenda eða bjóða þeim sem ekki hafa heimild til að

nota uppfinninguna tilföng til að nota hana hér á landi. Þetta á við ef tilföngin varða verulegan þátt uppfinningar og sá sem lætur þau af hendi eða tilbodsgjafinn veit að þau henta og eru ætluð til slíkra nota eða slíkt er ljóst af aðstæðum. Sé tilfang almenn verslunarvara gildir þetta þó því aðeins að sá sem afhendir eða býðst til að afhenda það hvetji móttakandann til að hafa þann verknad í frammí sem nefndur er í 1. mgr. Við beitingu ákvæða 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar verður að líta svo á að þeir, sem fara að með þeim hætti sem nefndur er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr., hafi ekki rétt til að notfæra sér uppfinninguna.

Einkaréttur tekur ekki til:

1. athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi,
2. hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað hér á landi af einkaleyfishafa eða með samþykki hans,
3. tilrauna með efni uppfinningar,
4. tilreiðslu lyfja í lyfjabúð samkvæmt forskrift frá lækni í einstökum tilvikum eða ráðstöfunar lyfs sem þannig er tilreitt.

4. gr.

Hagnýti einhver sér uppfinningu í atvinnuskyni hér á landi þegar annar leggur inn einkaleyfisumsókn um hana má hinn fyrrnefndi halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti þrátt fyrir veitt einkaleyfi, svo fremi að hún sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða einhverjum sem hann sækir rétt sinn til. Á sama hátt er hagnýting heimil þeim sem gert hafði verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni hér á landi.

Aðilaskipti að rétti skv. 1. mgr. geta aðeins orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem rétturinn á uppruna sinn í eða starfsemi þar sem notkun hans var áformuð.

5. gr.

Einkaleyfi hindrar ekki að vernduð uppfinning sé hagnýtt af öðrum en einkaleyfishafa við notkun erlends ökutækis, skips eða loftfars þegar viðkomandi samgöngutæki er statt hér um stundarsakir eða af tilviljun.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að þrátt fyrir veitt einkaleyfi megi flytja inn varahluti og annað tilheyrandi loftförum og nota hér við viðgerðir á loftförum sem skráð eru í öðru ríki ef það ríki veitir íslenskum loftförum sams konar réttindi.

6. gr.

Nú er sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hefur á síðustu 12 mánuðum fyrir umsóknardag lýst í annarri umsókn um einkaleyfi hér á landi eða í annarri umsókn um einkaleyfi, uppfinningarskírteini eða í umsókn um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsáttmálanum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Skal þá lítið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri að því er varðar efni 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. svo og 4. gr., enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Einnig má byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum ef íslenskar umsóknir um einkaleyfi njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við sáttmálann.

Iðnaðarráðuneytið ákveður nánari skilyrði fyrir heimild til að slíkur forgangsréttur taki gildi.

II. KAFLI

Einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra.

7. gr.

Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt einkaleyfaskrifstofa sem fer með framkvæmd laganna. Með einkaleyfayfirvöldum í lögum þessum er átt við þá skrifstofu nema annað sé tekið fram.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

8. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal skila skriflega til einkaleyfayfirvaldanna eða, ef um er að ræða tilvik sem greinir í III. kafla, til einkaleyfayfirvalda í erlendu ríki eða alþjóðastofnunar.

Einkaleyfisumsókn skal hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni ásamt teikningum, sé þeirra þörf, og greinargóða skilgreiningu á því sem krafist er einkaleyfis fyrir (einkaleyfiskröfur). Lýsingin skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Ef uppfinningin varðar örverufræðilega aðferð eða afurð framleidda með slíkri aðferð telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.

Umsókn skal hafa að geyma ágrip af lýsingu og einkaleyfiskröfum. Ágripinu er eingöngu ætlað að veita tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna en hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal umsækjandi sanna rétt sinn til uppfinningarinnar.

Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald. Fyrir einkaleyfisumsókn skal einnig greiða tilskilið árgjald fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða áður en endanleg ákvörðun er tekin um umsókn. Gjaldár samkvæmt lögum þessum er 12 mánuðir og reiknast í fyrsta skipti frá umsóknardegi, en eftir það frá tilsvarendi degi á almanaksárinu.

Ef við uppfinninguna þarf að nota örverur sem hvorki eru aðgengilegar almenningi né hægt að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna skal rækt af örverustofninum lögð inn til varðveislu í síðasta lagi á umsóknardegi. Ræktina skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá, sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum, geti fengið afhent sýni af henni hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

Ef varðveitt örverurækt verður óvirk eða ekki er af öðrum ástæðum hægt að láta í té sýni af ræktinni má skipta um hana með nýrri rækt af sama örverustofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

9. gr.

Að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu tilskilinna gjalda skulu einkaleyfayfirvöld, í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, láta rannsaka nýnæmi uppfinningarinnar hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun, sbr. ákvæði 5. mgr. 15. gr. alþjóðasamstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) sem gerður var í Washington 19. júní 1970.

10. gr.

Í einni og sömu umsókn má ekki sækja um einkaleyfi fyrir tveimur eða fleiri óskyldum uppfinningum.

11. gr.

Sæki maður um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem felst í eldri einkaleyfisumsókn hans og ekki hefur hlotið endanlega afgreiðslu skal að beiðni umsækjanda og að uppfylltum skilyrðum í reglugerð litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis því að gögn, sem fela í sér uppfinninguna, bárust einkaleyfayfirvöldum.

12. gr.

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina.

13. gr.

Umsókn um einkaleyfi má ekki breyta á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi fyrir einhverju því sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn eða á þeim tíma sem hún telst lögð inn skv. 14. gr.

14. gr.

Geri umsækjandi breytingar á umsókn sinni innan sex mánaða frá umsóknardegi skal umsóknin, að beiðni umsækjanda, teljast lögð inn á þeim degi sem breytingarnar bárust einkaleyfayfirvöldum.

Beiðni skv. 1. mgr. skal sett fram innan tveggja ára frá umsóknardegi. Slíka beiðni má ekki setja fram oftari en einu sinni og hún verður ekki afturkölluð.

15. gr.

Hafi umsækjandi ekki farið að settum reglum um umsóknir eða einkaleyfayfirvöld telja af öðrum ástæðum að eitthvað sé því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að tala sínu máli eða bæta umsóknina innan ákvedins frests. Einkaleyfayfirvöld geta þó án samráðs við umsækjanda gert þær breytingar á ágrípi umsóknarinnar sem þau telja nauðsynlegar.

Ef umsækjandi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta umsóknina innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld setja skal hún afskrifuð. Tekið skal fram í tilkynningu skv. 1. mgr. að svo verði gert.

Einkaleyfisumsókn verður þó tekin til meðferðar á ný ef umsækjandi tjáir sig um málið eða bætir umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út, enda greiði hann tilskilið endurupptökugjald.

Ef árgjald skv. 8., 41. og 42. gr. er ekki greitt verður umsóknin afskrifuð án undanfarandi tilkynningar. Umsókn, sem hefur af þessum ástæðum verið afskrifuð, verður ekki tekin til meðferðar að nýju.

16. gr.

Telji einkaleyfayfirvöld, að fengnu svari umsækjanda, enn eitthvað mæla á móti því að umsóknin verði samþykkt og hafi umsækjandi haft möguleika á því að tjá sig um það atriði skal hafna umsókninni nema einkaleyfayfirvöld telji ástæðu til að gefa umsækjanda að nýju kost á að tala máli sínu eða bæta umsóknina skv. 1. mgr. 15. gr.

17. gr.

Staðhæfi einhver við einkaleyfayfirvöld að hann, en ekki umsækjandi, sé réttþafi uppfinningarinnar geta einkaleyfayfirvöld, ef þau telja vafa leika á í þessum efnum, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum geta einkaleyfayfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans við afgreiðslu einkaleyfisumsóknarinnar. Þessa skal getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi fyrir má fresta frekari meðferð einkaleyfisumsóknarinnar þar til málinu er endanlega lokið.

18. gr.

Færi einhver sönnur á að hann, en ekki umsækjandi, eigi réttinn til uppfinningar skulu einkaleyfayfirvöld skrá umsóknina á hans nafn, enda setji viðkomandi fram kröfu um það. Sá sem fær einkaleyfisumsókn skráða á sitt nafn með þessum hætti skal greiða umsóknargjald að nýju.

Komi fram krafa um yfirfærslu einkaleyfisumsóknar skv. 1. mgr. má ekki afskrifa, hafna eða samþykka umsóknina fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til kröfunnar.

19. gr.

Ef umsóknin er í samræmi við settar reglur og fyrirmæli og ekkert er því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi skal umsóknin samþykkt til framlagningar skv. 21. gr.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar verður ekki lögð fram krafa skv. 14. gr. eða einkaleyfiskröfum breytt þannig að umfang einkaleyfisverndar verði viðtækara.

20. gr.

Umsækjandi skal greiða tilskilið framlagningargjald innan tveggja mánaða frá því einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir framlagningargjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út.

Uppfinningamaður, sem sjálfur sækir um einkaleyfi, getur, innan þess frests sem um ræðir í fyrri málslíð 1. mgr., farið fram á að hann verði undanþégin greiðslu á framlagningargjaldi. Einkaleyfayfirvöld geta orðið við slíkri beiðni ef telja má að umsækjandi eigi í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Ef slíkri beiðni er synjað telst greiðsla, sem innt er af hendi innan tveggja mánaða frá synjun, vera greidd á réttum tíma.

21. gr.

Þegar framlagningargjald skv. 20. gr. hefur verið greitt eða undanþága veitt frá greiðslu þess skulu einkaleyfayfirvöld leggja umsóknina fram svo að almenningur eigi þess kost að skoða hana og bera fram andmæli gegn henni. Framlagningin skal auglýst.

Andmæli skulu vera skrifleg og hafa borist einkaleyfayfirvöldum innan þriggja mánaða frá því að framlagningin var auglýst.

Frá þeim tíma, sem framlagningin er auglýst, skal vera hægt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum prentuð eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi umsóknar. Þar skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda og uppfinningamann.

22. gr.

Frá og með framlagningardegi umsóknar skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg.

Þegar liðnir eru 18 mánuðir frá umsóknardegi eða þeim degi, sem krafist er forgangsréttar frá, sbr. 6. gr., skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg, jafnvel þótt umsóknin hafi ekki verið lögð fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa eða hafna umsókninni má þó ekki veita aðgang að umsóknargögnunum nema umsækjandi krefjist endurupptöku, áfrý ákvörðun um höfnun eða krefjist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr.

Ef umsækjandi óskar skulu gögn varðandi umsóknina gerð aðgengileg fyrr en lýst er í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. eða 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi fyrir geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi

eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar.

Ef rækt af örverustofni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni af ræktinni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Sýni verður heldur ekki afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af örveruræktinni skuli aðeins afhent sérfræðingum þar til umsókn er lögð fram eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um hana án þess að hún sé lögð fram. Iðnaðarráðherra setur reglur um frest til að setja slíka beiðni fram og hverjir teljast skuli sérfræðingar í þessu samhengi.

Beiðni um afhendingu sýnis skal borin fram skriflega við einkaleyfayfirvöld og skal hún hafa að geyma yfirlýsingu um að fylgt verði þeim takmörkunum varðandi notkun sýnisins sem iðnaðarráðherra ákveður. Ef afhenda á sýnið sérfræðingi skal hann gefa slíka yfirlýsingu í stað þess sem ber fram beiðnina.

23. gr.

Pegar frestur skv. 2. mgr. 21. gr. er liðinn er umsóknin tekin til frekari umfjöllunar í því skyni að ákveða hvort orðið skuli við henni. Við þá meðferð gilda, eftir því sem við á, ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr.

Hafi komið fram andmæli gegn umsókninni skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að segja álit sitt á þeim.

24. gr.

Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar varðandi umsóknina til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli getur andmælandi einnig skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar. Falli andmælandi frá málskoti sínu er eigi að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

25. gr.

Pegar ákvörðun varðandi einkaleyfisumsókn er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir æðra stjórnvald.

Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrir en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar, sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn skal höfðað innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.

Ákvæði 5. mgr. 22. gr. gilda einnig um gögn sem lögð hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd.

26. gr.

Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt. Þegar einkaleyfi hefur verið veitt skal það auglýst og einkaleyfisskjal gefið út. Hafi lýsingu eða einkaleyfiskröfum verið breytt frá útgáfu eintaka sem um getur í 3. mgr. 21. gr. skal vera unnt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum afrit af endanlegri gerð einkaleyfisins. Þar skal getið nafns einkaleyfishaafa og uppfinningamanns.

Sé umsókn, sem almenningur hefur haft aðgang að, endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta auglýsingu um það.

27. gr.

Veitt einkaleyfi skulu færð inn í einkaleyfaskrá sem haldin er af einkaleyfayfirvöldum.

III. KAFLI

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.

28. gr.

Með alþjóðlegri einkaleyfisumsókn er átt við umsókn samkvæmt ákvæðum samstarfsáttmálans um einkaleyfi sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn skal lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum eða alþjóðastofnun sem í samræmi við ákvæði sáttmálans og reglur, sem settar eru samkvæmt honum, hafa heimild til að veita viðtöku slíkum umsóknum (viðtökuyfirvöld). Alþjóðlega einkaleyfisumsókn er hægt að leggja inn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi í samræmi við ákvæði reglugerðar sem iðnaðarráðherra setur. Umsækjandi skal greiða einkaleyfayfirvöldum tilskilið umsóknargjald.

Ákvæði 29.–38. gr. eiga við um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

29. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur alþjóðlegan umsóknardag samkvæmt ákvörðun viðtökuyfirvalda, hefur sömu áhrif og einkaleyfisumsókn lögð inn hér á landi sama dag. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. eiga þó því aðeins við að umsóknin hafi verið yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr.

30. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð að því er Ísland varðar í tilvikum sem nefnd eru í (i)- og (ii)-lið 1. mgr. 24. gr. samstarfsáttmálans um einkaleyfi.

31. gr.

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á íslensku af umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð. Hafi umsóknin verið lögð inn á íslensku skal afhenda afrit af henni.

Ef umsækjandi óskar að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar og lýsi hann því yfir innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr. að hann í samræmi við ákvæði samningsins hyggist nota niðurstöður þeirrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal hann innan 30 mánaða frá fyrrnefndri dagsetningu hafa uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. og 2. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði þessarar greinar telst umsóknin hafa verið dregin til baka að því er varðar Ísland.

32. gr.

Dragi umsækjandi til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi eða yfirlýsingu um að hann hyggist nota niðurstöður slíkrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal litið svo á að alþjóðlega umsóknin hafi verið dregin til baka að því er Ísland varðar nema umsækjandi hafi dregið beiðnina til baka innan þess frests sem gildir skv. 1. mgr. 31. gr. og yfirfært umsóknina innan þeirra tímamarka sem gilda skv. 1. mgr. 31. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar.

33. gr.

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirferð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðnir séu frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

Ákvæði 12. gr. tekur ekki gildi fyrr en einkaleyfayfirvöld geta tekið umsóknina til meðferðar.

Þótt umsókn hafi ekki verið yfirferð koma ákvæði 22. gr. til framkvæmda um leið og umsækjandi hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 31. gr. með því að leggja inn þýðingu á umsókninni eða, ef umsóknin er á íslensku, þegar umsækjandi hefur lagt inn afrit af henni til einkaleyfayfirvalda.

Við beitingu ákvæða 48., 56. og 60. gr. telst alþjóðleg einkaleyfisumsókn orðin öllum aðgengileg þegar hún hefur verið gerð aðgengileg samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Ef einkaleyfisumsóknin uppfyllir skilyrði samstarfssáttmálans um form og innihald skal hún samþykkt að því leyti.

34. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn verður ekki samþykkt til framlagningar eða henni hafnað fyrr en liðinn er frestur samkvæmt reglugerð nema umsækjandi hafi samþykkt að tekin verði ákvörðun um umsóknina innan þess frests.

35. gr.

Án samþykkis umsækjanda mega einkaleyfayfirvöld ekki leggja fram alþjóðlega einkaleyfisumsókn eða gera hana opinbera í prentuðu máli fyrr en umsóknin hefur verið gerð opinber af Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) eða 20 mánuðir eru liðnir frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist.

36. gr.

Hafi hvorki verið gerð alþjóðleg nýnæmisrannsókn á hluta af alþjóðlegri einkaleyfisumsókn né alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi þess hluta, af þeirri ástæðu að umsóknin er talin hafa að geyma tvær eða fleiri uppfinningar óskyldar hver annarri, og hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans skulu einkaleyfayfirvöld rannsaka hvort matið var rétt. Reynist svo vera skal umræddur hluti umsóknarinnar teljast afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema því aðeins að umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum um niðurstöðu rannsóknarinnar. Ef einkaleyfayfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að matið hafi ekki verið rétt ber þeim að halda áfram málsmeðferð umsóknarinnar í heild sinni.

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun skv. 1. mgr. þess efnis að umsókn varði tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ákvæði 1.–3. mgr. 25. gr. eiga hér við.

Ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur telst frestur til greiðslu skv. 2. málsl. 1. mgr. frá þeim degi sem endanlegur úrskurður lá fyrir.

37. gr.

Hafi ekki farið fram alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hluta alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar af þeirri ástæðu að umsækjandi hefur takmarkað einkaleyfiskröfurnar samkvæmt ábendingu alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar skal líta svo á að umræddur hluti umsóknarinnar hafi verið afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld sendu honum tilkynningu þar að lútandi með vísun til takmörkunar á þeirri rannsókn sem fram fór.

38. gr.

Hafi viðtökuyfirvöld hafnað því að veita alþjóðlegri einkaleyfisumsókn alþjóðlegan umsóknardag eða tekið ákvörðun um að umsóknin eða beiðni þess efnis að umsóknin taki til Íslands teljist afturkölluð skulu einkaleyfayfirvöld að beiðni umsækjanda sannreyna hvort ákvörðunin hafi verið rétt. Sama gildir ef alþjóðaskrifstofan hefur úrskurðað að einkaleyfisumsóknin teljist afturkölluð.

Beiðni um endurmat skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við alþjóðaskrifstofuna innan frests sem ákveðinn er í reglugerð. Innan sama frests, og að því marki sem kveðið er á um í reglugerð, ber umsækjanda að leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða að auki tilskilið umsóknargjald.

Telji einkaleyfayfirvöld að úrskurður viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar sé rangur skulu þau fara með umsóknina í samræmi við ákvæði II. kafla. Hafi viðtökuyfirvöld ekki ákvarðað alþjóðlegan umsóknardag telst hún vera lögð inn þann dag sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að ákvarða sem alþjóðlegan umsóknardag. Sé umsóknin í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans að því er varðar form og efni skal hún viðurkennd að því leyti.

Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 2. gr. gildir um umsókn sem tekin er til meðferðar skv. 3. mgr., svo fremi hún verði gerð almenningi aðgengileg samkvæmt ákvæðum 22. gr.

IV. KAFLI

Umfang einkaleyfis og gildistími.

39. gr.

Umfang einkaleyfisverndar ákvarðast af einkaleyfiskröfum. Skýringa á einkaleyfiskröfum má leita í lýsingu.

40. gr.

Veittu einkaleyfi er unnt að halda í gildi í 20 ár frá umsóknardegi. Greiða skal árgjald af einkaleyfi fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að leyfið er veitt. Verði einkaleyfi veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina falla í gjalddaga, sbr. ákvæði 41. gr., skal eigandi einkaleyfisins einnig, um leið og árgjald fyrir einkaleyfið gjaldfellur í fyrsta skipti, greiða árgjöld fyrir þau gjaldár sem hafist hafa fyrir veitingu leyfisins.

V. KAFLI

Greiðsla árgjalda.

41. gr.

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaks mánaðar í gjaldári. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga. Ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókn gjaldfellur árgjald, fyrir gjaldár sem hefst eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar er kveðinn upp og þar til dómurinn öðlast réttargildi, ekki fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá síðastgreindum degi.

Pegar um er að ræða seinni umsókn skv. 11. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefst áður en hún er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum

fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá umræddum degi. Þegar um er að ræða alþjóðlega umsókn sem yfirfærð hefur verið skv. 31. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast fyrir yfirfærsludag eða fyrir þann dag sem umsókn hefur verið tekin til meðferðar skv. 38. gr. eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi.

Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

42. gr.

Ef uppfinningamaður er umsækjandi eða eigandi einkaleyfis og teljist það verulegum erfiðleikum bundið fyrir hann að greiða árgjöld geta einkaleyfayfirvöld veitt honum greiðslufrest, enda komi fram beiðni um það í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga. Greiðslufrest má veita þrjú ár í senn en þó ekki lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Beiðni um lengingu frests skal í síðasta lagi bera fram þann dag sem veittur frestur rennur út.

Ef beiðni um greiðslufrest á árgjaldi eða lengingu hans er hafnað telst greiðsla, sem berst innan tveggja mánaða frá því, greidd á réttum tíma.

Árgjald, sem veittur hefur verið frestur til að greiða skv. 1. mgr., má greiða innan sex mánaða frá þeim tíma, er frestur rann út, með sömu hækkun og nefnd er í 3. mgr. 41. gr.

VI. KAFLI

Nytjaleyfi, framsal o.fl.

43. gr.

Hafi einkaleyfishafi veitt öðrum nytjaleyfi, þ.e. heimild til að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni, er nytjaleyfishafa óheimilt að framselja þann rétt til annarra nema um annað hafi verið samið.

44. gr.

Ef aðilaskipti verða að einkaleyfi eða nytjaleyfi er veitt skulu slíkar breytingar færðar í einkaleyfaskrá sé þess óskað.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið niður skal það afmáð í einkaleyfaskránni.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til nauðungarleyfa og heimilda skv. 2. mgr. 53. gr.

Málsókn vegna einkaleyfis má ætíð beina að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá og tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum má senda honum.

45. gr.

Hafi einkaleyfð uppfinning ekki verið notuð hér á landi með eðlilegum hætti þegar liðin eru þrjú ár frá útgáfu einkaleyfis og fjögur ár frá umsóknardegi getur sá sem vill nota uppfinninguna hér á landi fengið nauðungarleyfi í því skyni nema gildar ástæður séu fyrir því að uppfinningin hafi ekki verið notuð.

Við beitingu ákvæða 1. mgr. getur iðnaðarráðherra ákveðið ef fullnægt er skilyrðum um gagnkvæmni að notkun í öðru landi teljist jafngild notkun hér á landi.

46. gr.

Þegar hagnýting einkaleyfðrar uppfinningar er háð einkaleyfi sem annar á getur eigandi fyrrnefnda einkaleyfisins fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinningu þá sem vernduð er með síðarnefnda einkaleyfinu teljist það sanngjarnt með hliðsjón af mikilvægi fyrrnefndu uppfinningarinnar eða af öðrum sérstökum ástæðum.

Hafi verið veitt nauðungarleyfi skv. 1. mgr. til að hagnýta einkaleyfða uppfinningu getur einkaleyfishafi þeirrar uppfinningar einnig fengið nauðungarleyfi til að hagnýta hina uppfinninguna nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

47. gr.

Ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna má veita þeim sem hagnýta vill í atvinnuskyni uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi fyrir nauðungarleyfi til slíkrar hagnýtingar.

48. gr.

Nú hagnýtir einhver í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir þegar umsóknin verður aðgengileg almenningi. Getur viðkomandi þá, ef mjög sérstakar ástæður mæla með því og umsóknin leiðir til einkaleyfis, fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna. Það verður því aðeins veitt að viðkomandi hafi ekki vitað um umsóknina og þess verði heldur ekki með sanngirni af honum krafist að hann hafi getað aflað sér slíkrar vitneskju. Á sömu forsendum getur sá er gert hefur verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni einnig öðlast slíkan rétt.

Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. getur náð til tímans fyrir veitingu einkaleyfisins.

49. gr.

Nauðungarleyfi verður eingöngu veitt þeim sem ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Nauðungarleyfi hindrar ekki að einkaleyfishafi sjálfur hagnýti uppfinninguna eða veiti öðrum nytjaleyfi. Aðilaskipti að nauðungarleyfi eru aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það.

50. gr.

Bæjarþing Reykjavíkur sker úr um það hvort nauðungarleyfi skuli veitt, að hvaða marki hagnýta má uppfinninguna, hve hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa og önnur skilyrði nauðungarleyfis. Breytist aðstæður verulega getur dómstóllinn að kröfu annars hvors aðila fellt leyfið úr gildi eða ákveðið nýja skilmála.

VII. KAFLI

Brottfall einkaleyfis o. fl.

51. gr.

Sé árgjald ekki greitt samkvæmt reglum í 40., 41. og 42. gr. fellur einkaleyfið úr gildi frá og með byrjun þess gjaldárs sem ekki er greitt fyrir.

52. gr.

Ógilda má einkaleyfi með dómi ef:

1. það hefur verið veitt án þess að skilyrðum 1. og 2. gr. hafi verið fullnægt,
2. það varðar uppfinningu sem ekki er lýst svo greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,
3. það tekur til einhvers sem ekki kom fram í umsókn þegar hún var lögð inn eða
4. það hefur verið veitt þótt verndarsvið þess hafi verið rýmkað eftir að umsóknin var samþykkt til framlagningar.

Einkaleyfi verður þó ekki dæmt ógilt í heild sinni af þeirri ástæðu að einkaleyfishafinn hafi einungis átt rétt til einkaleyfisins að hluta.

Að frátöldu tilviki því, er greinir í 4. mgr., getur hver sem er höfðað mál samkvæmt grein þessari.

Mál, sem reist er á því að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem skv. 1. gr. á rétt til þess, getur sá einn höfðað er telur sig eiga rétt til einkaleyfisins. Mál skal höfðað innan eins árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um útgáfu einkaleyfisins og önnur þau atvik sem málsóknin er reist á. Hafi einkaleyfishafi verið í góðri trú þegar einkaleyfið var veitt eða þegar hann eignaðist það verður mál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins.

53. gr.

Hafi einkaleyfi verið veitt öðrum en þeim sem skv. 1. gr. á rétt til leyfisins skal rétturinn til þess yfirfærður til rétthafa með dómi ef hann krefst þess. Um málshöfðunarfresti fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 52. gr.

Hafi maður, sem misst hefur einkaleyfi með dómi, í góðri trú hagnýtt uppfinningu í atvinnuskyni hérlendis eða gert verulegar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu gjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu innan sömu marka. Handhafi skráðs nytjaleyfis hefur einnig sama rétt á sömu forsendum.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

54. gr.

Falli einkaleyfishafi frá einkaleyfi sínu með skriflegri yfirlýsingu til einkaleyfayfirvalda skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið.

Nú er byrjuð málsókn um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis og má þá ekki lýsa einkaleyfið niður fallið fyrr en úrlausn er fengin í málinu.

55. gr.

Þegar einkaleyfi fellur úr gildi eða það er lýst niður fallið, það dæmt ógilt eða réttur til þess yfirfærður skulu einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um það.

VIII. KAFLI

Skylda til að veita upplýsingar um einkaleyfi.

56. gr.

Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita þeim aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi rækt af örverustofni verið lögð inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., skal viðkomandi aðili einnig eiga rétt á því að fá afhent sýni af ræktinni. Ákvæði 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars eða með auglýsingu, með áritun á vöru eða umbúðir hennar eða með öðrum hætti að sótt hafi verið um einkaleyfi eða það veitt, án þess þó jafnframt að tilgreina númer einkaleyfisins eða umsóknarinnar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að um einkaleyfi hafi verið sótt eða það veitt, án þess að slíkt sé skýrt tekið fram, er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IX. KAFLI

Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

57. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir einkarétt þann er einkaleyfi veitir skal sæta sektum eða, ef sök er mikil, varðhaldi allt að þremur mánuðum.

Nú er brot framið af félagi eða öðru fyrirtæki og er þá heimilt að dæma það í fésekt.

Sókn sakar á sá sem misgert er við.

58. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir einkaleyfisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningar og að auki skaðabætur fyrir annað það tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

Skerði einhver einkaleyfisrétt án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða er hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, skyldur til að greiða endurgjald og skaðabætur samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

59. gr.

Nú hefur einkaleyfisréttur verið skertur og getur þá dómstóll, sé þess krafist og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun afurða, sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu, eða misnotkun tækja, útbúnaðar eða annars sem hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Þannig má mæla fyrir um að hlut verði breytt á ákveðinn hátt, hann eyðilagður eða, þegar um er að ræða einkaleyfisverndaðan hlut, að hann verði afhentur gegn endurgjaldi þeim sem misgert var við. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi hlut eða öðlast umráðarétt yfir honum og hefur ekki sjálfur framið einkaleyfisbrot.

Þegar mjög sérstæðar ástæður liggja til grundvallar getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og sé þess krafist, veitt eiganda afurða þeirra, tækja, útbúnaðar og annars, sem nefnt er í 1. mgr., heimild til umráða yfir þeim á gildistíma einkaleyfis eða hluta af honum gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum.

60. gr.

Hagnýti einhver uppfinningu án heimildar í atvinnuskyni eftir að umsóknargögn hafa verið gerð almenningi aðgengileg og leiði umsóknin til veitingar einkaleyfis verður ákvæðum um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við getur átt, að undanskildum ákvæðum 57. gr. Áður en framlagning skv. 21. gr. er auglýst nær einkaleyfisverndin þó aðeins til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar umsóknin varð almenningi aðgengileg og af einkaleyfiskröfum í einkaleyfinu.

Brotlegur aðili er aðeins skyldur til greiðslu skaðabóta að því marki sem um ræðir í 2. mgr. 58. gr. fyrir tjón sem leiðir af skerðingu sem átt hefur sér stað áður en framlagning umsóknar skv. 21. gr. er auglýst.

61. gr.

Í málum, er varða einkaleyfissherðingu, verður einkaleyfi því aðeins lýst ógilt að kröfu þess efnis hafi verið beint að einkaleyfishafa, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 4. mgr. 63. gr. Verði einkaleyfið dæmt ógilt verður ákvæðum 57.–60. gr. ekki beitt.

62. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að uppfylla skyldur sínar skv. 56. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum ef ekki liggur þyngrri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af háttsemi hans hefur hlotist, að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 57. gr. eiga hér einnig við.

63. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í einkaleyfaskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfða vill mál vegna skerðingar á einkaleyfi, skal með sama hætti tilkynna það einkaleyfishafa, enda sé heimilisfangs hans getið í skránni.

Sanni stefnandi ekki á þingfestingardegi að tilkynningar skv. 1. mgr. hafi verið sendar getur dómstóllinn veitt honum frest svo að skilyrðum 1. mgr. verði fullnægt. Nýti stefnandi ekki frestinn í þessu skyni skal vísa máli hans frá dómi.

Nú höfðar einkaleyfishafi mál vegna einkaleyfisskerðingar og vilji stefndi gera kröfu um að einkaleyfið verði dæmt ógilt skal hann samkvæmt ákvæðum 1. mgr. tilkynna það einkaleyfayfirvöldum og skráðum nytjaleyfishöfum. Ákvæði 2. mgr. eiga hér einnig við og verður kröfunni um ógildingu einkaleyfis vísað frá dómi ef stefndi nýtir ekki frestinn.

Í málum um einkaleyfisskerðingu, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt einkaleyfishafanum án tillits til varnarþings hans til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfisins.

64. gr.

Eftirgreind mál skal höfða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur:

1. mál um rétt til uppfinningar sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir,
2. mál um veitingu einkaleyfis, sbr. 3. mgr. 25. gr.,
3. mál um ógildingu einkaleyfis eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis, sbr. 52. og 53. gr., svo og mál um réttindi skv. 2. mgr. 53. gr.,
4. mál um réttindi skv. 4. gr. og 2. mgr. 74. gr.,
5. mál um einkaleyfisskerðingu,
6. mál um aðilaskipti að einkaleyfi og mál um nytjaleyfi.

Umsækjendur og einkaleyfishafar, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, skulu taldir eiga varnarþing í Reykjavík í málum samkvæmt lögum þessum.

65. gr.

Endurrit dóma í málum skv. 50. gr. og 1. mgr. 64. gr. skal dómari að eigin frumkvæði láta einkaleyfayfirvöldum í té.

X. KAFLI Ýmis ákvæði.

66. gr.

Einkaleyfishafi, sem ekki hefur heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlandis. Í einkaleyfaskrá skal skrá hver umboðsmaður er. Umboðsmaður hefur, fyrir hönd einkaleyfishafa, heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða.

Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði. Einnig skal í ábyrgðarbréfi senda skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu. Sama gildir um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varða.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að reglur 1. mgr. gildi ekki gagnvart einkaleyfishafa sem heimilisfesti á í öðru landi ef einkaleyfishafar, sem heimilisfesti eiga hér á landi, njóta sama réttar að þessu leyti í hinu erlenda ríki. Hið sama gildir einnig ef einkaleyfishafi hefur umboðsmann sem búsettur er í viðkomandi ríki og sá hinn sami er skráður í einkaleyfaskrá hér á landi sem umboðsmaður með heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum.

67. gr.

Umsækjandi eða einkaleyfishafi getur skotið til áfrýjunarnefndar öðrum endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar en getið er í 24. gr. í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Sama gildir um ákvarðanir skv. 42. gr. eða 1. og 2. mgr. 72. gr., svo og 73. gr. Aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta með sama hætti skotið umræddum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að hún var birt.

Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

68. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum, þóknun fyrir þjónustu og þess háttar. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald skv. 41. gr. fyrir eitt eða fleiri hinna fyrstu gjaldára.

69. gr.

Íðnaðarráðherra setur nánari reglur um einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra, um skipulag og færslu einkaleyfaskrár, um útgáfu og efni einkaleyfatíðinda, um skipulag og starfshætti einkaleyfaskrifstofu og áfrýjunarnefndar svo og almennt um framkvæmd laga þessara. Þar má m.a. kveða á um að dagbækur einkaleyfaskrifstofunnar um innkomnar umsóknir skuli vera öllum aðgengilegar.

Íðnaðarráðherra getur ákveðið, að ósk yfirvalda í öðru landi, að einkaleyfayfirvöld hér á landi veiti hinu erlenda yfirvaldi upplýsingar um meðferð á innlögðum einkaleyfisumsóknum. Einnig getur íðnaðarráðherra ákveðið að einkaleyfayfirvöld hér á landi geti við mat á einkaleyfishæfi umsóknar lagt til grundvallar rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar sem fram hefur farið hjá einkaleyfayfirvöldum í öðru landi eða hjá alþjóðlegri stofnun.

Íðnaðarráðherra getur enn fremur ákveðið að umsækjandi hér á landi, sem lagt hefur inn sambærilega umsókn um einkaleyfi í öðru landi, skuli, að kröfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, innan ákveðins frests láta í té upplýsingar sem honum hafa verið veittar af einkaleyfayfirvöldum í viðkomandi landi um niðurstöður rannsóknar á einkaleyfishæfi uppfinningar ásamt afriti af bréfaskriftum þeirra á milli. Upplýsinga verður þó ekki krafist vegna alþjóðlegrar umsóknar sem fjallað er um í III. kafla laganna ef fram hefur farið alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar og skýrsla um rannsóknina hefur verið látin einkaleyfayfirvöldum í té.

70. gr.

Ef nauðsyn krefur vegna neyðarástands af völdum náttúruhamfara, stríðs eða yfirvofandi stríðshættu getur íðnaðarráðherra ákveðið að réttur til að hagnýta uppfinningu falli til ríkisins eða annars aðila sem ráðherra ákveður. Fullt endurgjald skal koma fyrir slíka yfirtöku. Náist ekki samkomulag um endurgjald skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum nr. 11/1973.

Ef réttur til að hagnýta uppfinningu er yfirtekinn á grundvelli ákvörðunar skv. 1. mgr. af öðrum en ríkinu og sá aðili greiðir ekki endurgjald það sem þar um ræðir er ríkinu skylt að kröfu þess, sem rétt á til endurgjaldsins, að greiða það samstundis.

71. gr.

Einkaleyfaskrifstofunni er heimilt að taka að sér verkefni við öflun eða úrvinnslu gagna er hún varðveitir eða hefur aðgang að og eru orðin almenningi aðgengileg. Nánar skal kveðið á um slíka upplýsingaþjónustu og gjaldtöku fyrir hana í reglugerð.

72. gr.

Nú glatar einkaleyfisumsækjandi, að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 2. mgr., rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki gert ráðstafanir hjá einkaleyfayfirvöldum innan þess frests sem settur er í lögum þessum eða á grundvelli þeirra og hafi hlutadeigandi gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn og geri hann víðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins, skulu einkaleyfayfirvöld endurveita honum réttinn. Til þess að rétturinn verði endurveittur þarf, innan sama frests, að leggja fram skriflega beiðni þar að lútandi og greiða tilskilin gjöld.

Ákvæði 1. mgr. eiga með sama hætti við ef umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur ekki

greitt árgjald innan þess frests sem ákveðinn er í 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. Beiðni um endurveitingu réttinda í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og árgjaldið greitt í síðasta lagi sex mánuðum frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 25. gr.

73. gr.

Nú hefur umsækjandi í þeim tilvikum, er greinir í 31. gr. og 38. gr., sent gögn eða gjöld í pósti, en sendingin ekki komið fram á réttum tíma, og hafi viðeigandi gögnum eða gjaldi verið komið til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því að umsækjanda varð ljóst eða hann mátti vita að frestur var liðinn eða í síðasta lagi einu ári eftir að frestur var liðinn skulu einkaleyfayfirvöld endurveita réttindin ef:

1. póstsamgöngur hafa legið niðri síðustu 10 daga fyrir lok frestsins vegna stríðs, byltingar, upphots, verkfalls, náttúruhamfara eða af öðrum svipuðum ástæðum á þeim stað þar sem sendandi dvelst eða hefur starfsemi sína og gögnin eða gjöldin eru send einkaleyfayfirvöldum innan fimm daga frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða
2. gögnin eða gjaldið hafa verið send í ábyrgðarpósti til einkaleyfayfirvalda í síðasta lagi fimm dögum fyrir lok frestsins. Ákvæðið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin var send í flugpósti nema slíkt sé ekki mögulegt eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að hún kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi.

Óski umsækjandi eftir endurveitingu réttinda skv. 1. mgr. skal hann innan þar tilgreinds frests senda einkaleyfayfirvöldum skriflega beiðni þar að lútandi.

74. gr.

Það skal auglýst ef orðið er við beiðni um endurveitingu skv. 72. eða 73. gr. og umsókn, sem hefur verið afskrifuð eða hafnað eftir að hún var gerð almenningi aðgengileg, er tekin til áframhaldandi meðferðar eða niðurfallið einkaleyfi öðlast gildi að nýju á grundvelli endurveitingarinnar.

Hafi maður í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er tilskilinn frestur til endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð eða hafnað, ellegar eftir að tilkynnt hefur verið að einkaleyfi sé fallið úr gildi, en þó áður en auglýsing skv. 1. mgr. hefur verið gefin út, þá getur hlutaðeigandi haldið hagnýtingu áfram með sama hætti og áður var.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

XI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessa kafla. Þá falla úr gildi lög nr. 15 2. apríl 1946, um breytingu á lögum nr. 12 20. júní 1923.

Ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrir en fimm árum eftir gildistöku laga þessara. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra efna.

Ákvæði III. kafla laganna taka ekki gildi fyrir en auglýsing hefur verið birt um að Ísland hafi gerst aðili að samstarfssáttmálanum.

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka ekki gildi fyrir en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin taka gildi.

76. gr.

Lögin gilda um einkaleyfi, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, með þeim takmörkunum sem leiðir af eftirfarandi ákvæðum:

1. Einkaleyfi, sem um ræðir í 1. másl. þessarar greinar, verða einungis ógilt í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 12 20. júní 1923.
2. Gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku þessara laga eða fyrr, ræðst af ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 12 20. júní 1923. Gildistími annarra einkaleyfa, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, ræðst af lögum þessum en þó þannig að hann verði ekki styttri en 15 ár frá útgáfudegi.
3. Ákvæði laga nr. 12 20. júní 1923 um viðbótareinkaleyfi gilda áfram um þau viðbótar-einkaleyfi sem veitt hafa verið í samræmi við þau lög.

77. gr.

Hafi stofnast réttur til að hagnýta uppfinningu á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 6. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 áður en lög þessi taka gildi skal sá réttur haldast þótt skilyrði 4. gr. þessara laga séu ekki uppfyllt.

78. gr.

Um meðferð einkaleyfisumsókna, sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum laga nr. 12 20. júní 1923 með þeim undantekningum sem leiða má af öðrum ákvæðum þessa kafla.

79. gr.

Hafi umsókn, sem við gildistöku laga þessara er til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum, ekki verið auglýst í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 þá gilda ákvæði þessara laga um aðgengileika umsóknarinnar, framlagningu og andmælafrest.

80. gr.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem ekki hefur verið unnt að veita einkaleyfi fyrir samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 eða gerir verulegar ráðstafanir til að hagnýta slíka uppfinningu. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram í samræmi við 4. gr. þessara laga óháð því hvort hagnýtingin eða ráðstafanir þar að lútandi hófust eftir að umsókn um einkaleyfi fyrir viðkomandi uppfinningu var lögð inn og óháð því hvort einkaleyfi verður síðar veitt fyrir henni.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu, sem annar hefur einkaleyfi fyrir, án þess að sú hagnýting sé óheimil með tilliti til 5. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, eða gerir verulegar ráðstafanir til slíkrar hagnýtingar. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram innan sömu marka þrátt fyrir að hagnýtingin væri óheimil skv. 3. gr. þessara laga. Aðilaskipti að slíkum rétti geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

81. gr.

Nú hefur uppfinning orðið kunnug almenningi fyrir gildistöku laga þessara vegna aðgerða af hálfu umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til. Ef lögð er inn umsókn um einkaleyfi fyrir þeirri uppfinningu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara skulu einungis ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda við mat á því að hve miklu leyti hægt sé að veita einkaleyfi með tilliti til ofangreindra aðgerða eða að hve miklu leyti veitt einkaleyfi verði ógilt.

82. gr.

Árgjöld af einkaleyfum, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, gjaldfalla í fyrsta sinn þegar einkaleyfisgjald samkvæmt núgildandi reglum, sbr. 8. gr. rg. nr. 59/1966, hefði næst átt að gjaldfalla eftir gildistöku laga þessara. Eftir það gjaldfalla þau í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greidda skal árgjöld af umsóknum sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara. Árgjald fyrir slíkar umsóknir reiknast í fyrsta sinn frá þeim almanaksdegi eftir gildistöku laganna sem umsóknin var upphaflega lögð inn á. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin eftir gildistöku laganna falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

Jón Sigurðsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófasts-
dæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „Grundarfjarðarprestakall“ í 4. tölul. VII. í 1. gr. laganna komi: Setbergsprestakall.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um meðferð opinberra mála.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

1. Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem lög þessi taka ekki til.

2. Sama á við um mál til upptöku eigna eða sviptingar réttinda, svo og til ómerkingar ummæla ef ákærvaldið á sókn sakar, þótt krafa sé ekki gerð um refsingu í málinu.

2. gr.

Einnig skulu mál sæta meðferð samkvæmt lögum þessum sé það ákveðið í öðrum lögum. Þar að auki eftir því sem við á:

- a. mál sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaganna um félög,
- b. mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks sem ríkisvaldið hefur látið banna,
- c. mál til brottnáms ólögmeats ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild,
- d. mál til úrlausnar atvika sem um ræðir í 1. mgr. 55. gr., 59., 62., 66., 67. og 68. A gr. almennra hegningarlaga,
- e. mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsisdóms.

3. gr.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga þessara.

II. KAFLI

Dómendur í héraði.

4. gr.

Í héraði sæta mál samkvæmt lögum þessum meðferð fyrir hinum reglulegu héraðsdómstólum samkvæmt löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

5. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli.
2. Dómari getur kvatt tvo meðdómsmenn til dómstarfa með sér samkvæmt því sem segir í 37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði.
3. Meðdómendur taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu í fjölskipuðum dómi. Dómsformaður stýrir dómi, kveður einn upp úrskurði, skipar verjanda, gefur út fyrirfall og tilkynningar, sér um afgreiðslu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

6. gr.

Dómari vÍkur sæti í máli samkvæmt lögum þessum ef svo stendur á sem segir í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur skal dómari vÍkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.

III. KAFLI

Þinghöld, birtingar o. fl.

7. gr.

1. Dómþing skulu haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stöðum ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið eða á heimili eða sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni.

2. Rétt er héraðsdómara að heyja dómþing utan dómumdæmis síns ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum:

- a. til hlífðar sakborningi eða nánnum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á,
- b. til hlífðar vitnum, brotapolum eða öðrum sem málið varðar,
- c. ef um er að ræða þinghöld meðan á rannsókn máls stendur og sérstök hættu þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
- d. ef sakborningur er undir 18 ára aldri,
- e. af velsæmisástæðum,
- f. vegna öryggis ríkisins,
- g. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

2. Ákvörðun um lokað þinghald skal dómari bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á.

3. Þótt þinghald fari fram fyrir opnum dyrum er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við það sem rúmast í dómsal með góðu móti. Einnig getur dómari synjað um aðgang:

- a. börnum og unglíngum yngri en 15 ára,
- b. mönnum sem eru ölvaðir eða annars svo á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu í dómsal,
- c. mönnum sem ætla má að valdi hættu á því með nærveru sinni að sakborningur eða vitni segi ekki sannleikann.

4. Sé dómþing háð utan reglulegra þingstaða má banna óviðkomandi mönnum aðgang að því.

9. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og sér um að halda þar uppi reglu. Hverjum þeim sem truflar þinghald eða kemur ósæmilega eða hneykslanlega fram getur dómari vísað úr dómsal og látið færa hann brott með valdi ef hann sinnir ekki skipun um brottvísun.

10. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem fram fer í lokuðu þinghaldi, nema dómari leyfi. Þá getur dómari bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánnum vandamönnum sakbornings eða mönnum, sem ekki eru fyrir sökum hafðir, verulegum þjáningum eða óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann skal dómari skrá í þingbók og kynna viðstöddum.

11. gr.

1. Sá sem viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi skal sæta sektum.

2. Sá skal sæta sektum sem brýtur bann dómara skv. 2. mgr. 10. gr. eða gefur opinberlega í ræðu eða riti vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ölögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

3. Ef sækjandi eða verjandi brjóta ákvæði 1. eða 2. mgr. þessarar greinar getur dómari af sjálfsdáðum ákveðið þeim sekt í dómi eða úrskurði. Dómari getur einnig að eigin frumkvæði úrskurðað öðrum sekt á hendur fyrir brot gegn 1. mgr. Að öðru leyti skulu sakir samkvæmt þessari grein sóttar eftir almennum reglum laga þessara.

12. gr.

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur sem fullnægir almennum vitnaskilyrðum. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

13. gr.

1. Ef sakborningur, vitni eða annar, sem gefur skýrslu fyrir dómi, er ekki nægilega fær í íslensku skal kalla löggiltan dómtúlk til aðstoðar. Ef skjal á erlendu máli er lagt fram í dómi skal fylgja því þýðing löggilts skjalapýðanda.

2. Nú er ekki kostur löggilts túlks eða pýðanda og skal þá kveðja til einhvern þann sem fær er til þýðingarstarfs. Skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd, en túlkur undirrita heit fyrir dómi um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu.

3. Ef dómari treystir sér til að þýða sjálfur skjal af erlendu máli eða hann getur spurt vitni eða aðra á erlendu máli kemur ekki að sök þótt skjalapýðanda eða túlk vanti.

14. gr.

1. Þegar dómþing er háð skal haldin þingbók yfir það sem þar fer fram. Í þingbók skal skrá hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram í málinu, hverjir taki þátt í þinghaldi og hverjir komi fyrir dóm.

2. Skrá skal í þingbók aðalatriðin í framburði sakbornings og annarra sem skýrslu gefa, nema skýrsla sé hljóðrituð skv. 15. gr. Það sem skráð er eftir vitnum, sakborningi og málflytjendum skal lesið upp að bókun lokinni, hlutadeigandi spurður hvort rétt sé bókað og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Dómari segir fyrir um hvað skuli skráð í þingbók, en heimilt er þó sækjanda og verjanda að krefjast að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra.

15. gr.

1. Hljóðrita má framburð eða taka upp á myndband í stað þess að skrá hann í þingbók ef hentugra þykir. Í þingbók skal þá einungis bóka nafn skýrslugjafa og deili á honum og að skýrsla sé hljóðrituð eða tekin upp á myndband.

2. Skrifna skal upp það sem hljóðritað hefur verið ef máli er skotið til æðra dóms, svo og ef dómari telur sérstakar ástæður til.

3. Hljóðritun skal varðveitt í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls.

4. Dómara er heimilt að hljóðrita stuttan útdrátt sinn af framburði í stað þess að skrá hann í þingbók og gilda um hann reglur 2. mgr. 14. gr.

16. gr.

Heimilt er í þinghaldi að rita það sem í 2. mgr. 14. gr. segir á ritvél eða í tölvu. Sé það gert skulu bókanir úr þinghöldum staðfestar af dómara og heftar saman sem þingbók.

17. gr.

Við hvern dómstól skal haldin dómabók sem geymi dóma í opinberum málum, undirritaða af dómara eða dómsformanni.

18. gr.

1. Við hvern dómstól ber að halda skrá yfir þau mál sem koma til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrár, þingbækur og dómabækur, tölvubúnað og búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku til notkunar í þinghöldum, skjalavörslu dómstóla og afhendingu endurrita úr þingbókum og dómabókum og ákveður gjöld fyrir þau.

19. gr.

1. Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit opinberra mála.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð. Þar er heimilt að ákveða hvað skuli skráð í sakaskrá, þar á meðal niðurstöður mála sem lögreglustjóri lýkur með sátt.

3. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra.

20. gr.

1. Ákæru, fyrirköll, kvaðningar, dómur, úrskurðir og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru, fyrirkalli, dómi eða úrskurði skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali eða þeim dómi í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara. Dóm má einnig birta með sama hætti þegar annars er ekki kostur.

IV. KAFLI

Varnarþing o.fl.

21. gr.

1. Með mál samkvæmt lögum þessum skal fara í þinghá þar sem brot var framið. Nú er mál höfðað í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt og þau eru ekki öll framin í sömu þinghá og má þá fara með það í hvorri eða hverri þinghánni sem er, eftir því sem hagfelldast þykir.

2. Heimilt er einnig, ef hentugra þykir, að fara með mál gegn manni á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans eða, ef fleiri eru saksóttir í einu lagi, á heimilis- eða dvalarvarnarþingi einhvers þeirra.

3. Ríkissaksóknari ákveður, eftir því sem hagfelldast þykir, hvar mál skuli höfða:

- ef brot er framið hér á landi þar sem vafi leikur á um mörk dómumdæma, eða á íslensku skipi eða í loftfari utan íslenskra hafna,
- ef brot er framið erlendis og sækja má sök út af því hér á landi.

4. Nú kemur ákærði fyrir dóm og prófar dómari þá ekki hvort mál sé höfðað á réttu varnarþingi.

22. gr.

1. Krafa um aðgerðir, sem atbeina dómara þarf til við rannsókn máls, skal að öðru jöfnu borin upp fyrir héraðsdómara í dómumdæmi þar sem sá hefst við sem yfirheyrja skal, eða staður sá er eða munir sem aðgerð lýtur að.

2. Dómara er rétt að láta sækja sakborning í annað dómumdæmi, ef þörf er á, og þarf þá ekki að leita atbeina hlutaðeigandi héraðsdómara.

23. gr.

1. Ef saksækja skal mann fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli, eftir því sem við verður komið.

2. Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli, nema annað þyki hagkvæmara.

3. Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn sama manni fyrir sama héraðsdómstól og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

24. gr.

Nú hefur mál verið höfðuð í einu lagi gegn fleiri en einum manni og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

V. KAFLI

Ákærvaldið.

25. gr.

1. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar eftir því sem við verður komið.

2. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem forseti skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Annað starfslíð við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, ræður dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara.

26. gr.

1. Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál. Haldast skulu sérákvæði í lögum þar sem svo er mælt að mál skuli því aðeins höfðuð að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar aðgerðir og leggur samþykki sitt á ákæru og áfrýjun.

2. Nú telur dómsmálaráðherra að niðurfelling máls af hálfu ríkissaksóknara sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið.

27. gr.

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmeðtum viðurlögum. Hann skiptir verkum með öðrum ákærendum og getur sett þeim almennar reglur og gefið fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir.

2. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál önnur en þau sem hann felur öðrum saksóknurum eða falin eru lögreglustjórum skv. 28. gr.

3. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

28. gr.

1. Lögreglustjórar höfða opinber mál ef einungis er um að ræða brot:

- a. gegn umferðarlögum,
- b. gegn áfengislögum,
- c. gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggja ekki þyngrri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur mál eiga að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan, sbr. 30. gr., eða ef hann er í vafa um hvort mál eigi að höfða eða hvernig.

29. gr.

1. Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar eða fulltrúar ríkissaksóknara þau mál sem hann höfðar. Einnig má ríkissaksóknari fela héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði. Þá getur ríkissaksóknari falið lögreglustjórum, þar á meðal rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, flutning máls fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið löglærðum starfsmönnum sínum að flytja slíkt mál. Enn fremur er lögreglustjórum heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli ef sérstaklega stendur á.

2. Lögreglustjórar annast flutning þeirra mála, sem þeir höfða, fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið starfsmönnum sínum flutning þessara mála. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

3. Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti en hann getur falið vararíkissaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni flutning máls. Sé hæstaréttarlögmanni falið að sækja mál fyrir Hæstarétti nefnist hann saksóknari og hefur skyldur sem slíkur.

30. gr.

1. Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

2. Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.

3. Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að hlutaðeigandi ákærandi sé vanhæfur til að fara með það.

31. gr.

Þeir sem fara með ákæruvald (ákærendur) og annast rannsókn skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

VI. KAFLI

Sakborningur og verjandi.

32. gr.

1. Skylt er að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Maður, sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls, á rétt á að hafa samband við lögmann eða annan talsmann sinn, sbr. 37. gr., þegar eftir handtöku. Sömuleiðis nánustu vandamenn sína, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvela rannsókn málsins.

2. Sá sem yfirheyrður er við rannsókn máls á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál

er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

3. Sakborningi er óskýlt á öllum stigum opinbers máls að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber yfirheyraanda að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt þegar efni standa til.

4. Sakborningi er skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu.

33. gr.

1. Sakborningur skal við yfirheyrslu fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef sakborningur kys að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

2. Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögumætri þvingun í orði eða verki. Sakborningi má ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi yfirheyraanda að veita þau.

3. Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trufla það ekki skýrslutöku að mati yfirheyraanda. Nú greinir yfirheyraanda og verjanda á við yfirheyrslu og skal henni þó eigi að síður fram haldið, en rétt á verjandi að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

34. gr.

1. Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda í eftirgreindum tilvikum:

- a. ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald,
- b. ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum.

2. Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XV. kafla laga þessara, nema ákærði hafi sjálfur valið sér talsmann skv. 37. gr. eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómara.

35. gr.

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur.

2. Dómari getur skipað sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess, svo sem ef hann er sérstaklega sljór eða skilningslítill, haldinn annmörkum sem torvelda skynjun hans eða ef vafi leikur á um sakhæfi hans.

36. gr.

1. Skylt er rannsóknara að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum réttargæslumann ef hann hefur verið handtekinn í þágu opinbers máls.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. og 39. gr. eiga við réttargæslumann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á.

37. gr.

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum. Dómari getur einnig leyft að sakborningur velji sér talsmann sem hefur ekki lögmannsréttindi, enda telji dómari hag hans borgið á þann hátt.

2. Ákvæði 3. mgr. 39. gr. eiga við talsmann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða rannsóknari þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn eða fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

38. gr.

1. Dómari eða rannsóknari skal, þegar lögskylt er eða heimilt að skipa sakborningi verjanda eða tilnefna honum réttargæslumann, vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en dómari skipar verjanda skal hann gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Dómari getur þó neitað að skipa þann verjanda sem óskað er eftir ef ugghætt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins með ólögætum hætti.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

39. gr.

1. Í umdæmum þar sem kostur er lögmanna skal verjandi skipaður úr þeirra hópi.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni getur dómari eftir ósk sakbornings skipað honum einhvern annan löghæfan mann, ef hann telur hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa þann mann verjanda sem er vitni eða mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila máls að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings í málinu sem skyldi. Þann má ekki heldur skipa verjanda er skipun hans gerir dómara vanhæfan til að fara með málið.

40. gr.

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður og skal þá ekki verða við slíkri ósk ef hætta er á að málið tefjist af þeim sökum eða að aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef dómari telur verjanda rækja starfa sinn á óviðunandi hátt getur hann afturkallað skipunina og skipað nýjan verjanda í hans stað. Verjandinn getur krafist úrskurðar dómara um afturköllunina.

41. gr.

1. Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

2. Skipaður verjandi skal sjálfur annast flutning máls, en honum er heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann sækja dómþing fyrir sína hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

3. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem sakborningur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

42. gr.

1. Verjanda er heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar, sbr. þó 1. mgr. 43. gr.

2. Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar sakborningur er yfirheyrður. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur yfirheyrslur annarra í máli sakbornings ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins. Sé verjandi viðstaddur yfirheyrslu getur hann beint því til yfirheyraanda að spyrja þann sem yfirheyrður er um tiltekin atriði. Telji verjandi ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd yfirheyrslu í lok hennar.

3. Verjandi á rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

43. gr.

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Ekki má láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki.

2. Rannsóknari skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal rannsóknari taka til greina ábendingar verjanda um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hann telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

44. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi ef máli lýkur með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Dómari ákveður þóknun verjanda og réttargæslumanns í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður sakbornings er síðar skipaður verjandi hans. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun réttargæslumanns. Þóknun greiðist úr ríkissjóði, en telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

VII. KAFLI

Almennar reglur um sönnun.

45. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu.

46. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

47. gr.

Dómari metur það eftir atvikum hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða af um það.

48. gr.

1. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð, ef kostur er, og ákærði eða verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.

3. Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð málsins, en skýrsla hefur verið gefin fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé.

VIII. KAFLI

Vitni, mat og skoðun.

49. gr.

1. Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Enn fremur er vitni skylt að koma fyrir dóm utan varnarþings síns hvar sem er á landinu ef nauðsynlegt þykir, enda sé því sem minnstur bagi gerður og því greiddur kostnaður við að rækja vitnaskylduna.

2. Vitni sem kemst ekki fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika eða svipaðra ástæðna má gefa skýrslu annars staðar þar sem þess er kostur.

3. Dómari getur lagt fyrir vitni að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

50. gr.

1. Undan vitnaskyldu geta skorast:

- a. maki sakbornings meðan hjúskap þeirra er ekki slitid að lögum,
- b. skyldmenni sakbornings að fedgatali og niðja, systkin hans, svo og þeir sem þannig tengjast honum vegna ættleiðingar,
- c. stjúpfóreltri sakbornings og stjúpbarn,
- d. tengdafóreltri sakbornings og tengdabarn.

2. Dómari getur leyst aðra, sem nákomnir eru sakborningi, undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náid, svo sem ef um er að ræða fósturfóreltri eða fósturbarn, sambúðarfólk, unnusta eða unnustu.

51. gr.

Ekki er manni skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það að hann eða venslamaður hans og aðrir skv. 50. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

52. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til þess að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

53. gr.

1. Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega, er óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

2. Heimilt er dómara að undanþiggja vitni að svara spurningum sem varða leyndarmál um kaupsýslu, uppötvanir eða önnur slík verk hvort sem vitnið á sjálf t í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni þeirra til leyndar ríkari en hagsmuni málsaðila af skýrslutöku.

54. gr.

1. Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvalds um málefni sem að öðru leyti varða öryggi ríkisins, réttindi eða heill eða skipta mjög miklu máli fyrir viðskipti og fjárhag þjóðarinnar.

2. Embættis- og sýslunarmenn verða ekki krafðir vitnisburðar um það sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hlutadeigandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis. Dómari getur ákveðið að embættis- eða sýslunarmaður beri vitni þótt synjað hafi verið leyfis samkvæmt framansögðu ef hann telur hagsmuni aðila máls af vitnisburði að mun ríkari en hina opinberu leyndarhagsmuni.

55. gr.

1. Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess sem í hlut á:
 - a. verjanda um það sem sakborningur hefur trúað honum fyrir um málsatvik eftir að hann hefur tekið að sér vörn hans eða réttargæslu,
 - b. prestum, læknum, lyfsölum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, lögfræðingum og endurskoðendum, svo og aðstoðarfólki þeirra, um atriði sem varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema um afbrot sé að ræða sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Sama gildir um aðra þá sem fjalla um einkahagi manna og hafa viðlíka trúnaðarskyldu.
2. Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan sakborningi til varnar og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

56. gr.

Dómari og aðrir þeir sem yfirheyrta vitni skulu leiðbeina þeim sem kvaddir eru til vitnisburðar um þau atriði sem í 49.–55. gr. getur.

57. gr.

Dómari metur það hverju sinni hvort barn hafi náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli. Sama hátt hefur dómari á um geðveika menn og þroskahefta.

58. gr.

1. Dómari gefur út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast. Ákærandi annast að kvaðning verði birt skv. 1. mgr. 20. gr. fyrir vitni með þeim fyrirvara sem dómari ákveður, nema aðilar telji að vitni muni koma fyrir dóm án birtingar.
2. Ef vitni sinnir ekki að forfallalausni kvaðningu fyrir dóm til að gefa skýrslu getur dómari ákveðið að það megi færa það fyrir dóm með valdi. Einnig getur dómari af sjálfsdáðum úrskurðað vitni til greiðslu fésektar í ríkissjóð ef vitnið hefur verið kvatt fyrir dóm, að viðlagðri refsingu, og ekki sinnt kvaðningu án gildra forfalla.
3. Nú kemur vitni fyrir dóm en neitar að svara spurningu án þess að um undanþágu eða heimildarþrest sé að ræða og gerir dómari því þá sekt með sama hætti.

59. gr.

1. Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu, stöðu og heimili. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir vitninu skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli skiptir. Enn fremur skýrir hann fyrir vitninu þá siðferðilegu ábyrgð og refsíábyrgð sem það kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði.
2. Að svo búnu spyr dómari vitni um sakaratriði. Dómara er rétt að leggja fyrir vitni spurningar sem ákærandi og verjandi óska, en einnig getur hann gefið þeim kost á að spyrja vitni beint. Dómari skal gæta þess að spurningar hans og annarra séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veidandi, ekki særandi eða móðgandi framar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar.
3. Nú hefur vitni eða aðrir áður gefið skýrslu fyrir lögreglumanni eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíkar skýrslur og önnur sakargögn ekki fyrir vitni fyrir en honum þykir

þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess sem skylt er að koma fyrir sem vitni má dómari ekki veita viðtöku nema sérstaklega standi á, svo sem þegar ekki er kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu.

4. Hvert vitni skal prófa sér og ekki láta önnur vitni hlýða á. Dómari getur þó ákveðið að samprófa vitni við sakborning og aðra ef á greinir.

5. Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bóka svarið, enda eigi vitni kost á að sannfæra sig um rétta bókun án þess að svarið sé lesið upp.

6. Dómari getur ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist, og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess.

60. gr.

1. Ef dómari telur sérstaka ástæðu til eða aðili krefst þess getur dómari látið vitni staðfesta framburð sinn með eidi eða drengskaparheiti.

2. Ef vitni lýsir yfir því að það trúi á guð og að heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

3. Nú má ekki svo fara sem í 2. mgr. segir og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti að það lyftir hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

4. Ekki má heitfesta barn undir 15 ára aldri, þann sem er svo vitsmuna vant eða geðbilaður að hann ber ekki skyn á eða er ófær um að meta helgi eða þýðingu heitfestingar og loks ekki þann sem sakaður er eða ætla má að sakaður verði í því máli.

61. gr.

1. Dómari kannar af sjálfsdáðum öll atriði sem varða heimild vitnis eða skyldu til vitnisburðar og önnur atriði sem vitni varða.

2. Dómari úrskurðar ágreining um þau atriði sem í grein þessari segir. Yfirlýsing vitnis fyrir dómara um að úrskurður verði kærður til ædra dóms frestar framkvæmd úrskurðar.

62. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt ákvörðun dómara útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og aðstæður.

63. gr.

1. Dómari getur eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í opinberu máli.

2. Ef maður hefur opinbera skipun eða löggildingu til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir getur dómari eða aðili snúið sér beint til hans ef honum er skylt að framkvæma gerðina eða er fús til þess.

64. gr.

1. Dómari gefur ákæranda og sakborningi eða verjanda hans kost á að vera viðstaddir þegar dómkvaðning skal fara fram. Dómari gefur þeim færi á að benda á ákveðna menn til dómkvaðningar en er ekki bundinn við tilnefningu þeirra.

2. Í kvaðningu skal skýrt greina hvað meta eða skoða skuli. Þar skal og taka fram að hinir

dómkvöddu skuli vinna verk sitt af bestu vitund og semja um það skriflega skýrslu sem þeir megi vera viðbúnir að staðfesta fyrir dómi.

65. gr.

1. Það er borgaraleg skylda hverjum þeim sem skyldur er að bera vitni í máli að taka kvaðningu sem mats- eða skoðunarmaður í því máli.

2. Þann má ekki kveðja til mats eða skoðunar sem mundi vera vanhæfur sem dómari í því máli eða sem valdið gæti vanhæfi dómara ef úrskurða þyrfti um vitnisburð hans fyrir dómi.

3. Að öðru leyti en að framan greinir skal um mats- og skoðunargerðir farið eftir fyrirmælum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI

Rannsókn.

66. gr.

1. Rannsókn opinberra mála er í höndum lögreglu nema öðru vísi sé mælt fyrir í lögum. Skal kærur um refsiverð brot og beiðnum um rannsókn beint til lögreglu eða ríkissaksóknara. Um verkaskiptingu Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir fyrirmælum laga þar um og reglum settum samkvæmt þeim.

2. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ríkissaksóknari getur gefið fyrirmæli í þeim efnum.

3. Rannsókn skal fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannlátum, mannhvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn.

67. gr.

Markmið rannsókna er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.

68. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á skv. X. kafla. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

69. gr.

1. Sá sem fer með rannsókn (rannsóknari) tekur skýrslur af sakborningi og vitnum.

2. Ekki má prófa mann lengur en sex klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Bókað skal hverju sinni hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

3. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra sakaðra eða vitna uns ástæða kann að vera til samprófunar.

4. Nú skal yfirheyra sakaðan mann yngri en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrsluna.

5. Nú skilur sá sem skýrslu gefur ekki íslensku og skal þá gætt ákvæða 13. gr., eftir því sem við á.

70. gr.

1. Rannsóknari leitar til kunnáttumanna þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn, svo sem blóðrannsókn og annarri lækniaskoðun, efnafraeðilegri rannsókn, letur- og skriftarrannsókn, bókhaldsrannsókn o.s.frv.

2. Líkaskoðun skal fram fara þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal láta kryfja lík, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.

71. gr.

1. Rannsókuð skulu þau atriði sem varða sakborning sjálfan, svo sem:

- aldur hans og skal, ef kostur er, sanna hann með fæðingarvottorði,
- persónulegar aðstæður hans, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf, efnahag o.s.frv.; skal einkum vanda rannsókn þessara atriða þegar ætla má að brot það, sem um er að ræða, varði fangelsi,
- hegðun hans og fyrri brot; um þessi atriði skal afla sakavottorðs og annarra gagna, svo sem endurrita fyrri dóma ef ástæða er til,
- þroska og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt. Um þessi atriði skal afla vottorða lækni og sálfræðings ef ástæða er til. Ef vafi leikur á hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi sakbornings er rétt að láta hann seta sérstakri geðrannsókn til þess að leidd verði í ljós atriði sem geri dómara fært að meta sakhæfi hans. Til þess þarf úrskurð dómara nema fyrir liggja ótvírætt samþykki sakbornings.

2. Rannsaka skal hugarfar sakbornings og afstöðu til brots (ásetning, gáleysi), hvatir hans til brots og tilgang og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið sjálfkrafa frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir föngum rannsaka þátt hvors eða hvers um sig.

72. gr.

1. Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband.

2. Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir skal rannsóknari hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur.

73. gr.

1. Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess og þeir mega án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna sinna eða annarra, sem þeir eiga að annast, og án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknara lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta í té muni sem hann ræður yfir í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki. Greiða skal fyrir verk og annað sem látið er í té samkvæmt þessari grein og fer um það sem annan sakarkostnað.

2. Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sakbornings sem greindir eru í 50. gr.

74. gr.

1. Ef þörf þykir á aðgerðum sem að lögum þarf til atbeina dómara meðan á rannsókn stendur getur sá sem stýrir rannsókn (lögreglustjóri, forstöðumaður rannsóknardeildar), svo og ríkissaksóknari, snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal yfirheyrslur sakbornings eða vitnis þegar þeir sem yfirheyrðir eru neita að svara spurningum fyrir rannsóknara eða ef ætla má að ekki náist til vitnis þegar að málsmeðferð fyrir dómi kemur eða æskilegt þykir að taka skýrslu af vitni þegar í stað, svo sem ef um börn er að ræða.

2. Beiðni skal vera skrifleg eða borin upp munnlega á dómþingi. Beiðni fylgi nauðsynleg gögn og getur dómari krafist beiðanda um þau gögn eða þær aðgerðir sem hann telur nauðsynlegar áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

3. Ef dómari telur ekki efni til að taka beiðni til greina getur sá sem hana hefur gert krafist úrskurðar um synjunina.

4. Nú fer dómsaðgerð fram og sendir dómari þeim sem hennar hefur beiðst endurrit af henni svo fljótt sem kostur er.

75. gr.

Bera má undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tiltekna rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skal vera í úrskurðarformi ef þess er krafist.

76. gr.

1. Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist.

2. Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 1. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal kæranda bent á að hann geti borið synjun um rannsókn undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

3. Nú hefur rannsókn á hendur sökuðum manni verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn þeim manni nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt að þau komi fram.

4. Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið hætt og á hann þá rétt á vottorði rannsóknara eða ákæranda um það.

77. gr.

1. Nú telur rannsóknari rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hann ríkissaksóknara þá rannsóknargögnum, nema hann megi sjálfur höfða mál skv. 28. gr. Með rannsóknargögnum sendir rannsóknari að jafnaði greinargerð um rannsóknina þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að.

2. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir ef hann telur þess þörf.

X. KAFLI

Hald á munum o. fl.

78. gr.

1. Leggja skal hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Til muna teljast skjöl.

2. Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, rannsakar vettvang, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni sem þá finnast og telja má til sakargagna.

79. gr.

Nú vill vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki haldlagningunni.

80. gr.

1. Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar sem eru í vörslum Pósts og síma, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur þyngri refsingu en sektum. Hafi sendandi og viðtakandi ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni og innihaldi slíkra sendinga má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

2. Hald verður ekki án undangengins dómsúrskurðar lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt.

81. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggilegum hætti. Eftir kröfu þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni eða annars konar fullnægjandi kvittun.

82. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið, nema um sé að ræða:

- a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
- b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
- c. gögn sem lögð hafa verið fram í dómi, nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

83. gr.

Í þarfir rannsóknar má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að fara með muni af ákveðnum stað eða svæði o.s.frv.

84. gr.

Fari maður með starfa og brýtur öryggisreglur sem hafa verið settar um hann skal rannsóknari til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m.a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfshýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða ef brot er stórfellt.

85. gr.

1. Til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku getur ákærandi krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

2. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar samkvæmt grein þessari fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu, stimpilgjald og þinglýsingar skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar og um ábyrgð á kyrrsetningu fer eftir almennum skaðabótareglum.

3. Kyrrsetning fellur niður ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar, skaðabóta og sakarkostnaðar eða upptaka eigna hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að honum verði að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

86. gr.

Með þeim skilyrðum, sem greind eru í 87. gr., er heimilt í þágu rannsóknar:

- a. að leggja fyrir yfirvöld að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl við tiltekinn síma eða tekin séu upp önnur fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
- b. að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
- c. að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka hljóðupptökutækni eða sambærilega tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
- d. að taka myndir, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir, án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því.

87. gr.

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara nema umráðamaður og eiginlegur notandi síma eða fjarskiptatækis samþykki þær. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

2. Eftirfarandi skilyrði verða að vera fyrir hendi svo gripið verði til aðgerða skv. 86. gr.:

- a. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáið með þessum hætti,
- b. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

3. Heimilt er að taka upp hljóð og taka myndir í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að án þess að skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

88. gr.

1. Upptökur af símtölum, hljóðupptökur, myndir eða annað, sem aflað er á grundvelli 86. gr., skal eyðileggja jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf í þágu máls, enda hafi þau gögn ekki verið lögð fram í dómi.

2. Þegar aðgerð skv. 86. gr. er lokið skal þeim sem aðgerð beinist að, þar á meðal sakborningi og eiganda eða umráðamanni síma eða fjarskiptatækis, birtur úrskurður um hana eða tilkynnt hún og skal það gert svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins.

XI. KAFLI

Leit.

89. gr.

1. Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum í því skyni að handtaka hann, rannsaka ummerki brots eða hafa uppi á munum eða gögnum sem hald skal leggja á.

2. Leita má hjá öðrum mönnum en sökuðum þegar brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn. Einnig ef gildar ástæður eru til að ætla að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni eða gögn sem hald skal leggja á.

90. gr.

1. Leit skv. 89. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknari má þó leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Leita má án úrskurðar að manni sem handtaka skal ef honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er dómsúrskurðar.

91. gr.

Í húsakynnum, sem eru opin almenningi og í húsum þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leita, ef þörf þykir, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 89. og 90. gr.

92. gr.

1. Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum gögn eða muni sem hald skal leggja á. Leiki grunur á að maður feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á er heimilt að framkvæma leit, að fengnu álitni læknis. Þá má taka blóð- og þvagsýni úr sakborningi og framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður á honum að meinalausu. Enn fremur má taka af honum fingraför og myndir í þágu rannsóknar.

2. Leita má á öðrum en sakborningi ef ástæða er til að ætla að hann hafi á sér gögn eða muni sem hald skal leggja á.

93. gr.

1. Leit og líkamsrannsókn skv. 92. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara, nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknara er þó rétt að leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

94. gr.

1. Lögreglumenn stjórna leit samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Húsráðanda eða umráðamanni staðar, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur húsleit, ef unnt er, en ef hann er fjarri skulu heimilismenn til kvaddir. Þeim má víkja brott af leitarstað trufla þeir eða hindri leitina.

3. Við leit skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema mjög brýn nauðsyn sé á og sakarefni stórfellt. Leit innan klæða skal gerð af manni sem er sama kyns og sá sem leitað er á.

4. Leit innvortis, taka blóðsýnis og aðrar samsvarandi aðgerðir skulu framkvæmdar af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

95. gr.

Sá sem stýrir leit skal skrá skýrslu um hana og komi þar fram hvernig leit fór fram og samkvæmt hvaða heimild, hverjir voru viðstaddir og hvern árangur leitin bar.

96. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um húsleit og líkamsleit, svo og um líkamsrannsóknir.

XII. KAFLI

Handtaka.

97. gr.

1. Lögreglumönnum er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur er á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

2. Sams konar heimild hefur hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur refsivist. Afhenda skal hinn handtekna lögreglunni tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

3. Ef uppöt verður sem hefur í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll

eða hættu á slíku, svo og þegar margir menn hafa tekið þátt í óeirðum, sem leitt hafa til manntjóns eða meiri háttar líkamsmeiðinga, og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku, er lögreglunni heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða þátttöku í brotinu.

98. gr.

Lögreglumönnum er enn fremur rétt að handtaka mann:

- a. ef hann á að afplána refsingu,
- b. ef hann hefur leyfislaust vikið úr refsivist eða gæslu eða rofið bann við för af ákveðnu svæði,
- c. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi, reynslulausn eða náðun,
- d. ef hann hefur ekki að forfallalausn sinni fyrirfalli skv. 120. gr. eða gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli,
- e. ef hann ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
- f. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi.

99. gr.

1. Eftir ósk ríkissaksóknara eða lögreglu getur dómari ákveðið handtöku. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

2. Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana, ef svo stendur á sem í a-lið 98. gr. segir, eða ef ókunnugt er um dvalarstað þess, sem handtaka skal, og brot getur varðað refsivist.

100. gr.

Alþingsmann má ekki taka fastan samkvæmt fyrirmælum 97. gr. meðan Alþingi stendur nema hann sé staðinn að glæp.

101 gr.

1. Við handtöku skal þess gætt að baka hinum handtekna ekki óþægindi frammar en nauðsyn ber til.

2. Leita má á handteknum manni og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér. Skila skal þeim aftur þegar handtöku lýkur, nema hald á munum sé ákveðið samkvæmt reglum X. kafla.

3. Þess ber að gæta eftir föngum að maður, sem handtekinn hefur verið, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

102. gr.

Mann sem tekinn er fastur skal leiða fyrir dóm án undandrátta, enda sé hann ekki látinn laus eða færður aftur í gæslu eða refsivist sem hann á að sæta.

XIII. KAFLI

Gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir.

103. gr.

1. Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

- a. að ætla megi að sakborningur muni torvela rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka,

- b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast eða koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,
- c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið,
- d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

2. Einnig má úrskurða mann í gæsluvarðhald þótt skilyrði skv. a–d liðum 1. mgr. sé ekki fyrir hendi ef sterkur grunur er um að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

104. gr.

Alþingismann má ekki úrskurða í gæsluvarðhald meðan Alþingi er háð eða meðan á fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki ef hann hefur verið staðinn að glæp.

105. gr.

1. Þegar maður kemur fyrir dóm og krafa er gerð um að hann verði settur í gæsluvarðhald kynnir dómari honum kröfuna og ber undir hann sakarefnið. Sakborningi eða verjanda hans skal gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna í stuttu máli. Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfuna í sama þinghaldi, en heimilt er þó að fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring frá þeim tíma sem sakborningur kom fyrir dóm.

2. Gæsluvarðhaldi skal markaður ákveðinn tími. Sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds skal láta sakborning lausan þegar ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

106. gr.

Gæsluvarðhaldi lýkur þegar dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á fresti skv. 1. mgr. 153. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta.

107. gr.

Ef sakborningur er ekki viðstaddur þegar gæsluvarðhaldsúrskurður er kveðinn upp skal birta hann með venjulegum hætti samkvæmt reglum 20. gr. Ef krafist er skal láta í té endurrit af úrskurði ekki síðar en sólarhring þar frá.

108. gr.

1. Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í gæslunni, en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi. Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

- a. gæsluföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þar á meðal fatnaði,
- b. gæslufangar skulu því aðeins látnir vera í einrúmi að rannsóknarnauðsynjar krefji, en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum,
- c. gæslufangar eiga rétt á heimsóknum; þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað heimsóknir ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; rétt er þó að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við lækni eða prest, ef þess er kostur; um rétt verjanda til viðtals við gæslufanga fer eftir 42. gr.,
- d. gæslufangar mega senda og taka við bréfum og öðrum skjölum; þó getur sá sem rannsókn stýrir látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta,

- e. gæslufangar mega lesa dagblöð og bækur, svo og fylgjast með útvarpi; þó getur sá sem rannsókn stýrir takmarkað aðgang gæslufanga að fjölmiðlum ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar,
 - f. gæsluföngum er, eftir því sem unnt er, heimilt að útvega sér vinnu meðan á gæsluvarðhaldi stendur.
2. Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar í reglugerð, þar á meðal um nánari framkvæmd þeirra atriða sem í 1. mgr. getur.

109. gr.

1. Nú kemur til greina að setja mann í gæsluvarðhald samkvæmt heimild í b-lið 1. mgr. 103. gr. og getur dómari þá, ef hann telur það nægilegt, ákveðið að sakborningur haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tryggingu. Dómari ákveður fjárhæð tryggingar. Hún skal sett í reiðufé, en dómari getur þó tekið gild verðbréf, ábyrgð innlánsstofnunar eða sjálfskuldar-ábyrgð annarra manna. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð skal skrá í þingbók, sem hlutaðeigendur undirrita, eða gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Dómari sér um vörslur verðmæta, sem sett eru að tryggingu, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar tryggingunni.

2. Tryggingarfé skal vera fyrirgert til ríkissjóðs ef sakborningur rýfur skilyrði þau sem tryggingin er sett fyrir. Skal það koma greinilega fram í bókun eða yfirlýsingu um trygginguna.

3. Trygging eða ábyrgð fellur niður ef sakborningur heldur þá skilmála sem trygging er sett fyrir. Sama á við ef sakborningur verður allt að einu settur í gæsluvarðhald, hann andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar málinu er endanlega lokið.

110. gr.

Í stað gæsluvarðhalds, svo og endranær ef nauðsyn ber til, getur dómari, hvort sem trygging er sett eða ekki, lagt fyrir sakborning að halda sig á ákveðnu svæði (sveitarfélagi, umdæmi o.s.frv.), bannað honum brottför af landinu eða mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða videigandi stofnun.

XIV. KAFLI

Saksókn og undirbúningur málsmeðferðar.

111. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

112. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr.

113. gr.

1. Falla má frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru. Enn fremur fellur málsókn niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr., nema svo standi á sem þar segir í 6. mgr.

2. Einnig má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

- a. ef brot er mjög smávægilegt,
- b. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga,
- c. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum,

- d. ef sækja á mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum er heimilt að falla frá saksókn út af brotum sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga; enn fremur má falla frá saksókn ef svo stendur á sem í 78. gr. almennra hegningarlaga segir og ætla verður að ekki yrði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði,
- e. ef nauðung eða fjárhúgun hefur verið framin með hótun um kærufyrir refsivert athæfi er heimilt að falla frá saksókn fyrir það brot ef það er ekki því stórfelldara,
- f. ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

3. Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess, getur hann óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár.

4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákærvald skal hann, ef hann telur að til greina komi að falla frá saksókn samkvæmt fyrirmælum b–f-liða 2. mgr., senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

114. gr.

Nú fellur mál niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal þá ákærandi tilkynna það sakborningi og ef því er að skipta þeim sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hverja lagaheimild sú ákvörðun styðjist.

115. gr.

1. Nú stendur lögreglu maður vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglu-samþykkt og hann telur að refsing muni ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglu maður þá gefið sakborningi kost á að greiða hæfilega sekt sem greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma. Ef sekt er greidd innan tiltekins tíma fellur málsókn niður, en greiðist sekt ekki fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og fer þá ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

2. Nú berst lögreglustjóra kæra um brot, sem hann hefur ákærvald um skv. 28. gr., og hann telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglustjóri þá bréfléga, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög með undirskrift sinni. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

3. Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar skv. 2. mgr. en ekki greitt hana og getur þá lögreglustjóri, ef hann svo kýs, krafist fullnustu hennar með aðför fremur en að ákveða saksókn vegna brotsins. Um aðförina fer þá eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

4. Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot, sem heimild skv. 1. og 2. mgr. nær til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ríkissaksóknari á rétt á að fá skýrslur um málalok skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem hann ákveður.

5. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald og meðferð mála samkvæmt þessari grein.

6. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

116. gr.

1. Ákærandi höfðar opinbert mál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina:

- a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
- b. nafn ákærða, heimilsfang og kennitölu eða fæðingardag,
- c. hvert brotið sé sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
- d. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, þó ekki kröfu um greiðslu sakarkostnaðar.

2. Í ákæru skal einnig tilgreina ótvírætt kröfur borgararéttarlegs eðlis skv. XX. kafla laga þessara, sbr. þó 171. gr.

117. gr.

1. Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó að dæma áfall á hendur ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið ákæranda og ákærða eða verjanda færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt með sömu skilyrðum að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en í ákæru segir, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

2. Að öðru leyti en segir í 1. mgr. er dómari óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum, nema þær séu borgararéttarlegs eðlis. Ekki skiptir máli hvenær yfirlýsingar koma fram undir rekstri máls.

118. gr.

1. Ákærandi getur breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út ekki síðar en þremur vikum eftir að þörfin á henni er kunn.

2. Ákærandi getur fram til þess að dómur gengur afturkallað ákæru sem hann hefur gefið út.

119. gr.

1. Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur manni nefnist hann ákærði og málið: Ákæruvaldið gegn N.N.

2. Ákæra skal send héraðsdómi ásamt gögnum málsins í nægilega mörgum eintökum að mati dómara. Ákærandi tilkynnir jafnframt dómara hver fari með málið af hálfu ákæruvaldsins. Nú er ljóst að farið skuli með mál eftir 129. gr. og skal ákæru þá fylgja skrá yfir þau sönnunargögn sem ákærandi óskar eftir að fram verði færð við málsmeðferðina, svo og hvaða vitni verði leidd.

3. Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra athugar hann hvort þeir ágallar séu á málatilbúnaði að máli skuli þegar vísað frá dómi af sjálfsdáðum, svo sem vegna þess að rannsókn hafi verið svo áfátt að augljóslega fari í bága við 67. gr. og ekki verði úr bætt við meðferð málsins, að krafa hafi ekki komið fram um málshöfðun ef því er að skipta, að þann sem gefið hefur út ákæru bresti vald til þess, að mál sé höfðað á röngu varnarþingi o.s.frv. Ef svo stendur á gefur hann ekki út fyrirfall skv. 120. gr., en endursendir málið ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni. Ákæranda er jafnan heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdómara um synjun þess að fyrirfall verði gefið út.

120. gr.

1. Ef dómari telur samkvæmt athugun sinni á málatilbúnaði að skilyrði séu til að taka mál til meðferðar ákveður hann í samráði við ákæranda stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest. Jafnframt gefur hann út svo fljótt sem verða má fyrirfall á hendur ákærða

sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til ákærða um að sækja þing. Telji dómari skilyrði til að mál verði dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 126. gr., skal þess skilmerkilega getið í fyrirfalli að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið þótt hann sæki ekki þing, auk þess að heimildir til áfrýjunar slíks dóms séu takmarkaðar, sbr. 150. gr. Ella skal þess getið í fyrirfalli að lögregla megi færa ákærða fyrir dóm, með valdi ef með þarf, ef hann sinnir því ekki.

2. Þegar dómari hefur gefið út fyrirfall skv. 1. mgr. sendir hann það ásamt ákæru til lögreglustjórans í því umdæmi þar sem ákærði hefst við, en lögreglustjóri annast birtingu ákæru og fyrirfalls fyrir ákærða skv. 20. gr. með þeim fyrirvara sem dómari hefur ákveðið í fyrirfalli.

3. Birting ákæru og fyrirfalls skal hafa farið fram innan fjögurra vikna frá útgáfudegi ákæru, nema sérstakar ástæður hamli birtingu. Ákærði skal spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

4. Lögreglustjóri endursendir dómara ákæru og fyrirfall að birtingu lokinni.

121. gr.

Hafi ákærði óskað eftir skipun verjanda við birtingu ákæru og fyrirfalls skal dómari taka ákvörðun um skipunina skv. VI. kafla laga þessara. Dómari sendir verjanda afrit af gögnum málsins og tilkynnir honum hvenær málið verði þingfest.

XV. KAFLI

Málsmeðferð í héraði.

122. gr.

1. Mál er þingfest þegar dómari leggur ákæru og önnur gögn málsins fram á dómþingi. Þingfesta má mál þótt fyrirfall hafi ekki verið gefið út ef ákærði sækir þing.

2. Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum eftir atvikum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls.

3. Hvenær sem er eftir þingfestingu máls getur dómari vísað því frá dómi með úrskurði þótt engin krafa hafi komið fram um það ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því, sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess, að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákærandi þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið, svo og ákærða hafi hann sótt þing í málinu.

123. gr.

1. Sæki ákærandi ekki þing verður máli ekki lokið eða skýrslur teknar fyrir dómi, en dómari ákveður þá nýtt þinghald.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur dómari ákveðið að ljúka máli þótt ákærandi sæki ekki þing ef ákærði kemur fyrir dóm og skilyrði eru til að ljúka því skv. 1. mgr. 124. gr. eða 125. gr., enda hafi ákærandi þá mætt við þingfestingu málsins og ekki mótmælt að því yrði lokið með þessum hætti.

124. gr.

1. Ef ákærði sækir þing og játar brot má ákærandi gefa honum kost á að ljúka máli með því að hann gangist undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði skriflega á slík málalok, ákærandi mótmælir þeim ekki og dómari telur viðurlög hæfileg getur dómari lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög og hefur hún sama gildi og dómur, þar á meðal um ítrekunaráhrif ef því er að skipta. Með

sama hætti má og leysa úr kröfu á hendur ákærða um sviptingu réttar til að stýra vélknúnu farartæki, svo og kröfu um upptöku eigna.

2. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi fallist á viðurlög skv. 1. mgr. eða að ákærði hafi verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti og getur ríkissaksóknari þá kært málið til æðra dóms til ónýtingar á ákvörðuninni.

125. gr.

Nú verður máli ekki lokið skv. 124. gr. og ákærði er einungis saksóttur fyrir brot sem getur ekki varðað að lögum þyngri refsingu en átta ára fangelsi, hann játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm. Tekur dómari þá málið þegar til dóms nema ákærandi mótmæli því og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ef aðilar óska skal þeim þó gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga áður en það er tekið til dóms.

126. gr.

1. Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm þótt honum hafi verið löglega birt fyrirfall og þess getið í því að mál kunni að vera dæmt að honum fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 120. gr., og má þá leggja dóm á málið ef dómari telur framlögð gögn nægileg og svo stendur á:

- a. að brot þykir ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna og sviptingu réttinda eða
- b. að ákærði hefur áður komið fyrir dóm og játad skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

2. Nú hefur máli verið lokið með dómi skv. 1. mgr. og getur ákærði þá krafist þess að það verði endurupptekið til nýrrar meðferðar í héraði ef hann sannar að hann hafi haft lögmæt forföll og ekki verið unnt að tilkynna það í tíma eða fyrirfall skv. 120. gr. hafi ekki borist honum í tæka tíð.

3. Krafa um endurupptöku skv. 2. mgr. skal gerð fyrir þeim dómstól þar sem dómur var kveðinn upp innan þess frests sem um getur í 1. mgr. 153. gr. Dómari tekur ákvörðun um hvort krafan verði tekin til greina, en synjun um endurupptöku má kæra til æðra dóms. Sé krafan tekin til greina fer fram ný dómsmeðferð. Sæki ákærði þá ekki þing skal sú meðferð felld niður og fyrri dómur standa.

127. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls og því verður ekki lokið samkvæmt því sem í 1. mgr. 126. gr. segir og ákveður dómari þá nýtt þinghald í samráði við ákæranda og leggur fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm.

128. gr.

1. Komi fram frávisunarkrafa við þingfestingu máls eða í þinghaldi samkvæmt 127. gr. gefur dómari ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um málið. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávisun málsins með úrskurði.

2. Við þingfestingu eða í þinghaldi skv. 127. gr. gefst ákærða kostur á að leggja fram þau sönnunargögn sem hann hyggst færa fram við málsmeðferð. Hann skal jafnframt láta uppi hvort hann hyggst leiða vitni í málinu og þá hver. Dómari getur þó frestað máli ef hann telur aðilum það nauðsynlegt til að taka afstöðu til máls eða afla frekari sönnunargagna. Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til aðalmeðferðar máls fyrir en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna.

3. Dómari getur beint til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði máls eftir því sem honum þykir nauðsyn vera til skýringar á máli.

4. Dómara er rétt að meina ákæranda eða ákærða að leggja fram gögn í máli eða leiða vitni ef sú sönnunarfærsla er sýnilega þarflaus til upplýsingar málsins.

5. Dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan flutning máls nema sérstaklega standi á og ákærandi og ákærði óska þess eða hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal færð í þingbók.

129. gr.

1. Dómari ákveður í þinghaldi hvenær aðalmeðferð máls skuli háð, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur málflutningur.

2. Heimilt er að taka skýrslu af ákærða eða þýðingarmiklum vitnum áður en aðalmeðferð hefst, enda verði sá sem skýrslu á að gefa fjarverandi vegna lögmætra forfalla.

3. Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún sé studd. Þá skal tekin skýrsla af ákærða. Ef ákærði játar að hafa framið það brot sem hann er ákærður fyrir ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum. Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur málflutningur. Ákærandi talar fyrst og ákærði síðan. Má hvor aðili flytja tvær ræður. Flytji verjandi málið fyrir ákærða er ákærða sjálfum rétt að taka til máls að loknum ræðum ákæranda og verjanda. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

4. Ákærði á rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari getur þó ákveðið að ákærði víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum sem er ákærður í málinu eða meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 6. mgr. 59. gr.

130. gr.

Sé mál skriflega flutt skal taka skýrslur af ákærða og vitnum áður en málflutningur hefst. Síðan skal gefa ákæranda kost á að skila sókn til viðbótar ákæru, en að því búnu gefst ákærða kostur á að skila vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má skila einu sinni af hálfu hvors aðila. Að loknum málflutningi skal málið tekið til dóms.

131. gr.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls nauðsynlegt að fram komi frekari gögn, spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar, leggja fram skjöl o.s.frv. og ákveður hann þá framhaldsmeðferð í samráði við málflytjendur ef því er að skipta. Að lokinni framhaldsmeðferð skal gefa málflytjendum kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum og að því loknu er mál tekið til dóms á ný.

132. gr.

Dómari lýsir mál niður fallið:

- a. ef ákærði andast meðan á málsmeðferð stendur, nema ákveða megi fésekt eða upptöku eigna úr dánarbúi hans,
- b. ef ákærandi afturkallar ákæru áður en dómur gengur,
- c. ef saksókn er háð kröfu þess sem misgert er við og hann fellur frá kröfu um saksókn áður en héraðsdómur gengur nema ákærandi telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

133. gr.

1. Hraða skal meðferð máls eftir föngum.

2. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er og að jafnaði ekki síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Ef ekki er kostur að kveða upp dóm svo fljótt skal gerð grein fyrir orsökum þess í dóminum.

3. Ef ákærði er viðstaddur dómsuppsögu telst dómur birtur þá, en ella lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Við dómsuppsögu skal endurrit af dómi að öðru jöfnu vera til reiðu.

XVI. KAFLI

Dómsúrlausnir héraðsdóms.

134. gr.

1. Að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um að dómari taki afstöðu til atriða máls í dómi eða með úrskurði má hann ráða þeim til lykta með ákvörðun sinni. Skal ákvörðun færð í þingbók eða vera skrifleg með öðrum hætti þar sem mælt er svo fyrir í lögum þessum.

2. Úrskurðir dómara í sambandi við rannsókn eða flutning máls skulu færðir í þingbók. Í þeim skal niðurstaða rökstudd í stuttu máli og síðan dregin saman úrskurðarorð.

135. gr.

1. Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri eru en einn, stað og stund dómsuppkvaðningar, nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða, sakarefni, lýsing málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Niðurstöður skulu loks dregnar saman í dómsorð.

2. Í dómi í máli sem dæmt er skv. 125. gr. nægir að í stað málavaxtalýsingar sé skírskotað til ákæru og þess getið að málið sé dæmt skv. skýlausri játningu ákærða. Ef mál er dæmt að ákærða fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. má á sama hátt skírskota til verknáðarlýsingar í ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

136. gr.

1. Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir geta ekki allir tekið þátt í uppsögu dóms skal nefna dómara í stað þess eða þeirra sem misst hefur við og endurtaka munnlegan flutning máls.

2. Dómendur skulu ræða samningu dóms og ákvörðun um niðurstöðu fyrir luktum dyrum. Afl atkvæða ræður úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði og skal hann allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og samningu dóms.

3. Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt og dómur.

137. gr.

1. Dómari getur, þegar hann telur ástæðu til, breytt ákvörðunum sínum í sambandi við rekstur máls, svo og þeim úrskurðum sem binda ekki enda á sakarefni.

2. Dómur bindur ákærða, ákæranda og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd.

3. Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Þó er dómara heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi.

138. gr.

1. Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir uns hið gagnstæða er sannað.

2. Krafa, sem dæmd er að efni til, verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dóm að nýju framur en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísa frá dómi.

139. gr.

1. Ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög má ekki fullnægja fyrir en afráðið er hvort máli verður skotið til æðra dóms. Áfrýjun frestar fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög.

2. Dómari getur þó ákveðið að ákvæði um missi réttinda komi þegar til framkvæmda ef ákvæði eru sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Dómari skal taka fram í dómSORði ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

3. Dómari getur með sama hætti mælt fyrir um að ákvörðun um áfrýjun fresti ekki dómSÁkvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga.

140. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um dómsgerðir.

XVII. KAFLI

Kæra til æðra dóms.

141. gr.

Aðilar kærumáls eru annars vegar ákærandi eða rannsóknaraðili, sem hefur krafist þeirrar dómsúrlausnar sem kærð er, og hins vegar sakborningur eða annar sá sem kærð úrlausn varðar.

142. gr.

1. Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir dómara kæru til Hæstaréttar nema:

- a. um hvort meðdómendur skuli til kvaddir,
- b. um brottvísun af dómþingi, lokun þinghalds og bann við að skýra opinberlega frá því sem fram fer í þinghaldi,
- c. um handtöku manns,
- d. um að skipa skuli verjanda,
- e. um synjun frests,
- f. um skriflegan eða munnlegan málflutning,
- g. um framhaldsmeðferð skv. 131. gr.,
- h. um að sameina mál eða kljúfa það í fleiri mál,
- i. um synjun frávísunar,
- j. um að mál verði endurupptekið skv. 3. mgr. 126. gr.

2. Eftir að aðalmeðferð máls skv. 129. gr. er byrjuð og að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum verða úrskurðir og ákvarðanir dómara ekki kærðar til Hæstaréttar nema:

- a. um frávísun máls, niðurfellingu eða frestun,
- b. um þvingunarráðstafanir skv. X., XI. og XIII. kafla,
- c. um hvort vitni verði leitt, spurning verði lögð fyrir það eða því gert að svara henni,
- d. um atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

3. Úrskurður dómara verður ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum úrskurðarins, er þegar um garð gengið. Sama gildir um ákvarðanir sem ekki á aðild að málinu.

4. Nú hefur úrskurður eða ákvörðun dómara verið kærð til Hæstaréttar og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma, en áður en dómur er felldur í kærumálinu, og skal þá málinu vísað frá Hæstarétti.

143. gr.

1. Kæra úrskurðar um þvingunaraðgerð skv. X.–XIII. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli.
2. Þegar öðruvísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að ætla að framkvæmdin geti ekki beðið niðurstöðu Hæstaréttar.

144. gr.

1. Dómari leiðbeinir þeim sem hlut eiga að máli um rétt þeirra til að kæra dómsúrlausn og um kærufrest. Hann skal eftir því sem unnt er ganga þegar úr skugga um hvort kært verði.
2. Kærandi skal lýsa kæru sinni innan þriggja sólarhringa frá því hann fékk vitneskju um þá úrlausn sem hann vill kæra.
3. Kæru skal lýst bréflaga til dómara eða með bókun í þingbók og skal koma fram í henni í hvaða skyni kært er og hvaða kröfur séu gerðar, svo og aðrar athugasemdir og skýringar sem kæranda þykir ástæða til.

145. gr.

1. Dómari sendir Hæstarétti kærana ásamt eftirriti þinghalda og öðrum gögnum málsins, nema hann telji rétt að fella sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi. Gögnin sendir dómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.
2. Ef kæra er borin fram af rannsóknara eða ákæranda skal hann tilkynna sakborningi kærana eða öðrum þeim sem hún varðar. Ef kæra er borin fram af öðrum skal dómari tilkynna ákæranda eða rannsóknara, eftir því hvort við á, um kærana.
3. Aðilar kærumáls geta í þrjá sólarhringa eftir að kæra hefur borist Hæstarétti sent réttinum skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið.

146. gr.

1. Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 145. gr. eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti leggur hann dóm á málið. Ef kæra frestar framkvæmd úrlausnar skal Hæstiréttur hafa lagt dóm á málið innan tíu daga frá móttöku skjalanna, nema það sé sérstaklega margbrotið eða rétturinn telji óhjákvæmilegt að nýrra gagna sé aflað. Dómsuppsaga má aldrei dragast lengur en þrjár vikur eftir að öll skjöl, þar með talin ný gögn, hafa borist réttinum.
2. Fyrir tilefnislausu kæru má gera kæranda sekt sem renni í ríkissjóð.
3. Héraðsdómara skal sent endurrit hæstaréttardóms og tilkynnir hann aðilum niðurstöðu kærumáls þegar í stað.

XVIII. KAFLI

Áfrýjun.

147. gr.

Opinberu máli verður áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni. Heimilt er einnig að áfrýja máli einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

148. gr.

1. Ríkissaksóknari getur áfrýjað máli til Hæstaréttar ef hann telur mann ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr.
2. Ríkissaksóknara er einnig rétt að áfrýja máli til hagsbóta fyrir ákærða ef hann telur hann hafa verið ranglega sakfelldan eða refsingu eða önnur viðurlög á hendur honum að mun of þung.

149. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur hefur verið í opinberu máli, getur áfrýjað því til Hæstaréttar, sbr. þó 150. gr.
2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er ósjálfráða.

150. gr.

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og málið verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður málinu þá ekki áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.
2. Hæstiréttur getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt leyfi til þess að máli skv. 1. mgr. verði áfrýjað til réttararins til endurskoðunar varðandi lagaatriði eða viðurlög. Ósk um leyfi til áfrýjunar skal hafa borist Hæstarétti innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms eða, ef ákærði æskir leyfisins, þá frá birtingu dóms að telja.

151. gr.

Nú er ákærði látinn og getur ríkissaksóknari þá áfrýjað máli honum til hagsbóta. Jafnframt getur maki ákærða, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað máli fyrir hans hönd. Sömu reglur gilda um áfrýjun af hálfu vandamanns eins og um áfrýjun af hálfu ákærða sjálfs.

152. gr.

Nú áfrýjar ákærði máli og verða þá refsing og önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd nema ríkissaksóknari áfrýji málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

153. gr.

1. Ákærði skal lýsa yfir ákvörðun sinni um áfrýjun fyrir þeim sem birtir dóm og um leið láta uppi í hverju skyni áfrýjað er eða að öðrum kosti tilkynna héraðsdómara ákvörðun sína bréflega innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Annars skal líta svo á að hann vilji hlíta dóminum.
2. Dómari eða sá sem birtir dóm skal kynna ákærða skilmerkilega réttindi hans skv. 149. gr. og frest hans skv. 1. mgr. Skal þess getið í bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

154. gr.

Ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja máli að eigin frumkvæði skal það gert innan átta vikna frá því að endurrit dóms í málinu var til reiðu. Nú hefur ákærði áfrýjað máli og getur þá ríkissaksóknari áfrýjað því til þyngingar þótt sá frestur sé liðinn.

155. gr.

1. Nú er áfrýjun ráðin og gefur ríkissaksóknari þá út áfrýjunarstefnu þar sem fram komi að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og að málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls. Í áfrýjunarstefnu skal koma fram hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga, svo og hvort því sé áfrýjað til þyngingar viðurlaga samkvæmt héraðsdómi. Hafi krafa skv. XX. kafla laga þessara verið dæmd að efni til í héraðsdómi skal þess og getið í áfrýjunarstefnu ef máli er áfrýjað hvað hana varðar.
2. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og gefur honum kost á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna ásamt endurriti héraðsdóms og skipar forseti réttararins verjanda, nema ákærði óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttararins. Síðan skal ríkissaksóknara endursend áfrýjunarstefnan.

156. gr.

1. Ríkissaksóknari skal jafnan vera sóknaraðili fyrir Hæstarétti, hvort sem máli hefur verið áfrýjað af honum sjálfum eða af hálfu ákærða. Undirbýr ríkissaksóknari ágríp dómsgerða sem skal geyma hinn áfrýjaða dóm og þau gögn sem máli skipta við flutning málsins í Hæstarétti. Þegar hann hefur veitt verjanda kost á að athuga drög að ágrípi lætur hann fjölfalda ágríp og sendir Hæstarétti í svo mörgum eintökum sem rétturinn telur þörf á, ásamt dómsgerðum málsins.

2. Hæstiréttur setur nánari reglur um gerð ágrípa.

157. gr.

1. Ríkissaksóknari og ákærði geta aflað frekari gagna í málinu. Lætur ríkissaksóknari gera viðbótarágríp af slíkum gögnum, ef því er að skipta, og sendir Hæstarétti.

2. Ákærði getur óskað eftir að ríkissaksóknari láti fara fram viðbótarannsókn í máli.

3. Viðbótargögn skulu lögð fyrir Hæstarétt og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning málsins. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn verði lögð fram með skemmri fyrirvara. Þó er ríkissaksóknara heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflytningu.

4. Ríkissaksóknari getur lagt fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétt ekki síðar en einni viku fyrir málflytning til að skýra málið nánar og gera grein fyrir nýjum gögnum ef um þau er að ræða. Á sama hátt gefst ákærða kostur á að leggja fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu ekki síðar en fjórum dögum fyrir málflytning.

158. gr.

Hæstiréttur getur áður en málflytningur hefst, svo og hvenær sem er á síðari stigi málsins, kveðið upp dóm um frávisun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt aðilum. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar þykja hafa verið á málsmeðferð í héraði og vísað máli frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

159. gr.

1. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur Hæstiréttur þá með úrskurði lagt fyrir sækjanda og verjanda að afla gagna eða upplýsinga um atriði sem þar eru tiltekin.

2. Hæstiréttur getur ákveðið yfirheyrslu ákærða eða vitna þar fyrir rétti og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá er skýrslu skal taka af. Um skyldu manna til að koma fyrir Hæstarétt og tjá sig fer eftir reglum laga þessara um málsmeðferð í héraði. Ekki er skylt að skrá framburð í þingbók.

160. gr.

1. Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt í því skyni.

2. Ákærða er rétt að krefjast þess að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð opinbers máls og ber þá ríkissaksóknara að setja í áfrýjunarstefnu kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í áfrýjunarstefnu. Gefa skal dómara kost á að tjá sig um kröfuna.

3. Nú er dómara stefnt til ábyrgðar fyrir Hæstarétt og er sýkn dæmdur og getur rétturinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til að greiða dómaramanum málskostnað.

161. gr.

Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti og getur rétturinn þá gert honum sekt sem renni í ríkissjóð.

162. gr.

Nú telur Hæstaréttur galla að vísu vera á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíka sem sektum eigi að varða, og getur rétturinn þá vítt viðkomendur fyrir þá eftir því sem honum þykir ástæða til.

163. gr.

Að öðru leyti fer um meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um Hæstarétt Íslands eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI Sakarkostnaður.

164. gr.

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar, þar á meðal:

- saksóknarkostnaður í ríkissjóð, þóknun skipaðs verjanda, svo og annar kostnaður vegna sóknar og varnar málsins,
- þóknun fyrir sérfræðilegar álitsgerðir og mat og skoðun, afnot muna annarra manna og vitnaþóknun,
- þingvotta- og birtingargjöld,
- kostnaður af kyrrsetningu skv. 85. gr. og fullnustu dóms með aðför.

2. Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit í þágu málsins eða staðfestingu dómsgerða skal ekki greiða.

165. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur er fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök, skal dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari dæmt ákærða til að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar, en ákveðið að kostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

2. Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í máli saman og sekir dæmdir og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá sem saman eru um verjanda skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

3. Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru sakfelldir í sama máli og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum. Ef samband einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum sem honum þykja sanngjörn.

166. gr.

1. Nú er ákærði dæmdur sýkn af refsikröfu af hvaða ástæðu sem er eða refsímál gegn honum fellur niður og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða sakarkostnað, nema hann hafi orðið valdur að kostnaði með vísvitandi og stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn eða meðferð máls.

2. Nú eru tveir menn hafðir fyrir sökum og sumir sýknaðir en sumir sakfelldir og skal þá draga frá þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi hinum sýknaða við, nema telja megji hinn dómfellda eða hina dómfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef slíkur frádráttur

verður ekki gerður nákvæmlega metur dómari í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

167. gr.

Kostnað, sem ákærandi, verjandi eða rannsóknari valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

168. gr.

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Saksóknarkostnað í ríkissjóð og þóknun skipaðs verjanda skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð. Þegar mál er sótt í héraði eða fyrir Hæstarétti af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara, fulltrúa ríkissaksóknara, lögreglustjóra eða fulltrúa lögreglustjóra skal það gert án sérstaks endurgjalds. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málsóknarlauna sem renni í ríkissjóð.

2. Þeir sem fara með rannsókn máls taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem þeir hafa haft af málinu og telst til sakarkostnaðar. Yfirlitið skal fylgja málinu. Dómari lætur svo gera heildarreikning sakarkostnaðar eftir yfirliti þessu og að viðbættum þeim kostnaði sem fallið hefur á við málsmeðferð. Reikningurinn fylgir dómssgerðum málsins til ríkissaksóknara sem framsendir hann fangelsismálastofnun, en hún sér um að þeir fái endurgreiðslu sem hafa lagt út kostnað.

3. Dómur ásamt heildarreikningi, úrskurðudum af fangelsismálastofnun, er lögleg heimild til aðfarar á hendur ákærða eða ákærðu.

169. gr.

1. Ef ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd í æðra dómi svo neinu nemi skal ákærði ekki dæmdur til greiðslu kostnaðar af meðferð máls fyrir Hæstarétti.

2. Að öðru leyti fer um málskostnað fyrir Hæstarétti eftir reglum þessa kafla eftir því sem við á.

XX. KAFLI

Kröfur borgararéttarlegs eðlis.

170. gr.

1. Nú kemur í ljós við rannsókn máls að maður hafi bedið tjón af þeirri háttsemi sem sakborningur er borinn og skal þá sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli. Leiðbeina skal tjónþola við gerð kröfunnar.

2. Kröfu, sem höfð er uppi, skal bera undir sakborning og afla gagna um hana eftir þörfum, enda valdi það ekki verulegum tögum á rannsókninni.

171. gr.

Bótakröfu skal tilgreina ótvírætt í ákeru, sbr. 2. mgr. 116. gr. Dómari getur þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið í ákeru, enda telji hann að leysa megí úr kröfu án tafa eða óhagræðis í málinu og ákærði samþykki að krafan verði tekin til meðferðar.

172. gr.

1. Ef bótakrafa hefur komið fram í máli athugar dómari fyrst hvort hún verði tekin til meðferðar, en rétt er honum að synja að gera það ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun tekur dómari með bókun í þingbók eða í dómi.

2. Ef ákærða er dæmt áfall í máli dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum.

3. Ef ákærði er sýknaður af háttsemi vegna þess að hann hafi ekki framið hana verður bótakröfu vísað frá dómi. Ef hann er sýknaður af öðrum ástæðum, svo sem vegna sakhæfisskorts, má dæma kröfu ef skilyrðum bótaskyldu er talið fullnægt.

4. Auk bóta fyrir beint tjón og miska, sem leitt hefur af verknaði, skulu tjónþola, ef krafa er gerð um það, dæmdar bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmannaðstoðar.

5. Sá sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari skal gefa tjónþola eða umboðsmanni hans kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli. Telji dómari slíks málflutnings þörf um kröfuna, en ekki unnt að láta hann fara fram, skal hann vísa henni frá dómi.

173. gr.

1. Í Hæstarétti skal taka bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti ef máli er einnig áfrýjað í því skyni.

2. Ákærða og þeim sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla er hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til ef dómnum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer um það málskot sem um áfrýjun einkamála.

174. gr.

Aðrar kröfur borgararéttarlegs edlis, sem rót eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í opinberu máli og skal þar dæma um þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

XXI. KAFLI

Bætur handa sakborningi o. fl.

175. gr.

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina að:

- a. sakborningur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilegu, gáleysislegu, ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum til að torvelða rannsókn o.s.frv., og
- b. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða sakborningur hafi verið dæmdur sýkn með óáfrýjudum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan.

2. Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

176. gr.

Dæma má bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en refsivist, sbr. 177. gr.:

- a. ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða
- b. ef ekki hefur verið eins og á stóð nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

177. gr.

Nú verður ljóst að maður hafi saklaus hlotið refsisdóm, þolað refsingu eða upptöku eigna og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök hans á því að hann hafi verið ranglega dæmdur.

178. gr.

Sækja skal bótakröfu í einkamáli í héraði með venjulegum hætti, en veita skal aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. Þó má dæma hann til greiðslu málskostnaðar eftir almennum reglum ef hann tapar máli.

179. gr.

1. Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

2. Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur skv. 176. gr., tekin upp á ný og það kemur í ljós að sá grundvöllur, sem reisa mátti bótakröfu á, hafi ekki verið fyrir hendi og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

180. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer skv. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

181. gr.

Bótakrafa fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfell rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu dóms eða frá því að hann var látinn laus úr refsivist. Hafi máli verið áfrýjað til Hæstaréttar telst fyrningarfræstur frá uppkvaðningu dóms þar eða niðurfellingu máls.

182. gr.

Sakborningur, sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 175.–177. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbera starfsmanns, sem hefur ráðið máli hans til lykta, um það að komið hafi í ljós að sakborningur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur að sakborningur eigi rétt á slíku vottorði ber honum að láta það í té.

XXII. KAFLI

Endurupptaka dæmdra mála.

183. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður það þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem í þessum kafla segir.

184. gr.

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

- a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,
- b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hafi verið aflað, fölsuð skjöl lätin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. segir ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

185. gr.

1. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:

- a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
- b. ef ætla má að falgögn eða athæfi það sem lýst er í b-lið 1. mgr. 184. gr. hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

2. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. mgr. 184. gr. segir.

186. gr.

1. Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til Hæstaréttar, en sendir hana ríkissaksóknara.

2. Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skyllt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

3. Greina skal í beiðni þau atriði sem vefngd eru í dómi og þær ástæður sem til vefngingar eru taldar liggja. Skjöl, sem kunna að vera til styrktar beiðni, skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

187. gr.

1. Ríkissaksóknari sendir beiðnina til Hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

2. Hæstiréttur getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptöku-beiðni samkvæmt reglum 1. mgr. 159. gr.

3. Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

188. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls sem dæmt var lokadómi í héraði gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Um meðferð máls og flutning fyrir Hæstarétti fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga þessara.

189. gr.

Nú telur Hæstiréttur rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptöku-beiðni frá sér, en kveður annars kostar upp efnisdóm í málinu.

190. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

191. gr.

1. Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr.

2. Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellða greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

192. gr.

1. Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms nema Hæstiréttur mæli svo.

2. Heimilt er að endurupptaka mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIII. KAFLI

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

193. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Þó skulu 1. og 3. mgr. 29. gr. öðlast þegar gildi við birtingu laga þessara og falla þá um leið úr gildi ákvæði 1. mgr. 79. gr. og 181. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

194. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, með áorðnum breytingum.
2. Opið bréf (frá kansellíinu) um birtingu á stefnum fyrir stroknum föngum 15. desember 1820.
3. 19. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi 20. júní 1849.
4. 13. gr. tilskipunar fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót 12. febrúar 1872.
5. 3. gr. laga um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29 14. desember 1877.
6. 10. gr. laga um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
7. 2. mgr. 12. gr. laga um aðgreining hold sveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898.
8. Í 3. gr. laga um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13 9. september 1899, orðin „Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.“
9. 4. gr. laga um manntal í Reykjavík, nr. 18 13. september 1901.
10. 2. mgr. 3. gr. laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, nr. 20 13. september 1901.
11. Í 2. gr. laga um síldarnætur, nr. 28 25. september 1902, orðin „Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.“
12. 3. gr. laga um að selja salt eftir vigt, nr. 37 6. nóvember 1902.
13. 24. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
14. Í 4. gr. laga um eftirlit með mannf lutningum til útlanda, nr. 49 27. nóvember 1903, orðin „og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál“.
15. 3. gr. laga um sölu á eggjum eftir þyngd, nr. 21 22. október 1912.
16. 2. mgr. 2. gr. laga um friðun héra, nr. 23 2. nóvember 1914.
17. 7. gr. laga um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.
18. 5. gr. laga um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.
19. 2. mgr. 3. gr. laga um þyngd bakarabrauða, nr. 11 16. mars 1917.
20. 2. mgr. 6. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.

21. 2. mgr. 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.
22. 5. gr. laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48 28. nóvember 1919.
23. Í 1. mgr. 9. gr. laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25 27. júní 1921, orðin „Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.“
24. Í 5. gr. laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921, orðin „Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
25. 6. gr. laga um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.
26. 1. mgr. 154. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
27. Í 3. gr. laga um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925, orðin „og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál“.
28. 1. mgr. 4. gr. laga um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.
29. 4. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928.
30. 31. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, svo og í sömu lögum annars vegar í 32. gr. orðin „Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.“ og hins vegar í 33. gr. orðin „Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.“
31. 9. gr. laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28 8. september 1931.
32. Í 3. mgr. 9. gr. laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27 23. júní 1932, orðin „Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.“
33. Í 4. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við bresku stjórnina, nr. 88 19. júní 1933, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála“.
34. Í 5. gr. laga um mat á fiskúrgangi, nr. 9 9. janúar 1935, orðin „Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.“
35. 9. gr. laga um bráðabirgðaútlutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935.
36. Í 2. gr. laga um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935, orðin „Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.“
37. 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.
38. 6. gr. laga um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.
39. Í 44. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, orðin „Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
40. 2. mgr. 8. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938.
41. 2. mgr. 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.
42. Í almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 2. mgr. 28. gr. og 30. gr., svo og í 3. mgr. 52. gr. orðin „og ber þá mat á högum sökunauts undir dómvaldið“.
43. Í 5. gr. laga um síldartunnur, nr. 60 7. maí 1940, orðin „skal fara með sem almenn lögreglumál, og“.
44. 6. gr. laga um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19 28. maí 1941.
45. 6. gr. laga um afla- og útgerðarskýrslur, nr. 55 27. júní 1941.
46. 16. gr. laga um búfjártryggingar, nr. 20 26. febrúar 1943.
47. Í 2. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. 47. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, orðin „(í Reykjavík sakadómara)“.
48. 2. mgr. 10. gr. laga um bæjarnöfn, nr. 35 18. febrúar 1953.

49. Í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, orðin „fyrir dómi“.
Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála“.
50. 26. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955.
51. Í 1. mgr. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, orðin „nr. 27 5. mars 1951,“.
52. Í 1. mgr. 23. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
Í 24. gr. sömu laga orðin „115. gr.“ og „nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
Í 31. gr. sömu laga orðin „samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála“.
53. Í 146. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, orðin „nr. 82/1961“.
54. Í 1. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, orðin „IX. kafla“ og „nr. 82 21. ágúst 1961“.
55. Í 15. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, orðin „Ákvæði 2. málgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.“
56. 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.
57. 2. mgr. 102. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
58. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, orðin „X. kafla“, „nr. 85 23. júní 1936“, „XII. kafla“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
Í 2. mgr. 4. gr. sömu laga orðin „sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála“.
Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „125. gr.–128. gr.“, „nr. 85 23. júní 1936“, „89. gr.–101. gr.“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
59. Í 1. mgr. 5. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, orðin „sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 1974“.
60. 3. mgr. 15. gr. iðnaðarlaga, nr. 42 18. maí 1978.
61. 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978.
62. 3. mgr. 53. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.
63. 1. mgr. 46. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981.
64. Í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „nr. 74/1974“.
65. Í 2. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, orðin „að mati dómara“.
66. Í 3. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 13 20. mars 1987, annars vegar í 2. málsl. orðin „nr. 74/1974“ og hins vegar í 4. málsl. orðin „samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“.
67. Í 3. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, orðin „Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.“
Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga orðin „þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn“.
68. Í 2. mgr. 46. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, orðin „nr. 74/1974“.
69. 28. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

195. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, verður svohljóðandi: Frá lögreglustjóra ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka.

2. 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, verður svohljóðandi:
Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem aflána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, aflánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða aflánun ákveður, tiltekur einnig um leið um refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir dómara.
2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Dagsektir skal aflána í varðhaldi og ákveður sýslumaður varðhaldstímann. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.
- Í 5. mgr. 56. gr. sömu laga fellur niður orðið „rannsóknardómari“, en í þess stað kemur: rannsóknari.
3. Í 2. mgr. 46. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: opinber rannsókn.
4. Í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.
Í 1. og 3. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í þess stað kemur orðið: héraðsdóms.
Í 1. mgr. 15. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.
5. Í 2. mgr. 18. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, fellur niður orðið „dómsrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.
6. 1. mgr. 68. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verður svohljóðandi:
Nú er opinbert mál höfðað til refsingar vegna atvika sem leitt geta til ógildingar hjúskapar og má þá hafa uppi kröfu í málinu um ógildingu hjúskaparins.
3. mgr. 68. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Hjúskaparmál, sem einstaklingur eða dómsmálaráðuneytið sækir, fer að hætti einkamála ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.
1. mgr. 80. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Nú er svo ákveðið í lögum þessum að mál skuli höfða innan lögmæltis tíma og fer þá um það samkvæmt almennum reglum réttarfarslaga hvenær mál telst höfðað.
7. Í 4. gr. laga um upptöku ólöglegs sjávarafila, nr. 32 19. maí 1976, falla niður orðin „Málinu má vísa til meðferðar sakadóms“, en í stað þeirra kemur: Höfða má mál til ógildingar úrskurði.
8. Í 4. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81 31. maí 1976, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
9. Í 4. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
10. Í 4. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68 29. maí 1981, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
11. Í 4. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur orðið: héraðsdóms.
3. mgr. 108. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
12. Í 23. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 74 12. maí 1982, falla niður orðin „Ef

- kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra.“ Í sama ákvæði fellur enn fremur niður orðið „Réttarrannsókn“, en þess í stað kemur: Opinber rannsókn.
13. Í 2. mgr. 8. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum. Í 1. mgr. 10. gr. sömu laga falla niður orðin „71. gr. laga nr. 74/1974“, en í þeirra stað kemur: lögum.
Í 1. mgr. 14. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.
Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum.
Í 5. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.
Í 1. mgr. 22. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga.
Í 5. mgr. 23. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómur“, en í þess stað kemur: héraðsdómur.
14. Í 3. mgr. 36. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.
15. Í 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, falla niður orðin „héraðsdómari rannsaki málið“, en í stað þeirra kemur: málið verði rannsakað.
16. Í 3. mgr. 7. gr. laga um ríkisendurskoðun, nr. 12 29. apríl 1986, sbr. lög nr. 35 18. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.
17. Í 1. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, falla niður orðin „lagt löghald á skipið“, en í þess stað kemur: skipið kyrrsett.
18. 20. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, verður svohljóðandi:
Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
19. 3. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, verður svohljóðandi:
Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
20. 2. mgr. 124. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verður svohljóðandi:
Sýslumenn skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist vegna opinberrar rannsóknar út af grun um atkvæðafölsun skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.
21. 3. mgr. 41. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, verður svohljóðandi:
Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
22. Í 2. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, falla niður orðin „sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.“, en í þeirra stað kemur: samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
23. 11. gr. laga um lögheimili, nr. 21. 5. maí 1990, verður svohljóðandi:
Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er þjóðskránni, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið. Þess skal gætt að þjóðskráin og sá maður, sem í hlut á, eigi aðild að slíku máli, en að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

196. gr.

Þar sem mælt er fyrir í öðrum lögum um dómátt í opinberu máli skal litið svo á að átt sé við ákvörðun dómara um viðurlög skv. 1. mgr. 124. gr.

XXIV. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

197. gr.

Opinber mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið í héraði, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómstól í því umdæmi sem hlutaðeigandi sakadómur starfaði áður í. Mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum en hefur ekki verið lokið þar, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir sakadómi.

198. gr.

Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma, skulu eftir því sem við getur átt sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

- a. ríkissaksóknari fer eftir sem áður með ákærvald í máli þótt lögreglustjóri hefði höfðað það eftir gildistöku laga þessara skv. 28. gr.,
- b. ekki má ljúka máli án þess að ákærði saki þing eftir ákvæðum 1. mgr. 126. gr.,
- c. hafi munnlegar skýrslur þegar verið gefnar að einhverju marki í máli skal dómari gefa aðilum kost á að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna og ákveða síðan aðalflutning skv. 129. gr. til að ljúka munnlegri sönnunarfærslu og flutningi máls,
- d. hafi krafa um frávísun máls verið tekin til dóms eða úrskurðar, en ekki hefur verið leyst úr henni fyrir gildistöku laga þessara, gilda fyrirmæli eldri laga um form úrlausnarinnar.

199. gr.

1. Ákvæði eldri laga um kærheimildir til Hæstaréttar, kærufrest, aðild að kærumáli, meðferð héraðsdómara á kæru og meðferð kærumáls fyrir Hæstarétti gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða tekna hafa verið fyrir gildistöku laga þessara.

2. Ákvæði XVIII. kafla laga þessara um áfrýjun taka til mála þótt þau hafi verið dæmd í héraði fyrir gildistöku laga þessara, að öðru leyti en hér segir:

- a. ákvæði 150. gr. gilda ekki um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara,
- b. fyrirmæli eldri laga um áfrýjunarfrest gilda um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara.

200. gr.

Fyrirmæli laga þessara gilda um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku þeirra.

201. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. taka ekki til ákvarðana sem ríkissaksóknari hefur tekið um niðurfellingu mála fyrir gildistöku laga þessara.

2. Heimilt er ríkissaksóknara að fela þeim sem í 1. og 3. mgr. 29. gr. getur að sækja þing í máli og flytja það þótt það hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara. Feli ríkissaksóknari samkvæmt þessu lögreglustjóra flutning máls, sem 1. mgr. 28. gr. getur átt við, gilda fyrirmæli 2. mgr. 29. gr. um heimild lögreglustjóra til að fela starfsmanni sínum málið.

3. Fyrirmæli 113. og 114. gr. taka til mála þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

4. Lögreglustjóra er heimilt að ljúka máli með þeim hætti sem í 2. mgr. 115. gr. segir þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

5. Heimilt er að ljúka máli með þeim hætti sem í 1. mgr. 124. gr. segir þótt mál hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara.

202. gr.

1. Eftir gildistöku laga þessara má leggja hald á muni, framkvæma leit og handtaka mann á grundvelli úrskurðar þótt hann hafi verið kveðinn upp fyrir þann tíma ef skilyrði eru til aðgerðar eftir fyrirmælum þessara laga.

2. Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi haggast ekki af gildistöku laga þessara. Fyrirmæli 108. gr. taka til gæslufanga frá gildistöku laga þessara þótt úrskurður hafi gengið um gæsluvarðhaldið fyrir þann tíma.

3. Atriði varðandi rannsókn opinbers máls verða því aðeins borin undir dómara skv. 75. gr. að þau hafi komið upp eftir gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um skipti á dánarbúum o.fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði um skipti dánarbúa.

I. KAFLI

Lögsaga við skipti dánarbúa o.fl.

1. gr.

Eftir fyrirmælum laga þessara skal skipta dánarbúum eftir þá menn sem áttu lögheimili eða höfðu annars fasta búsetu hér á landi á dánardægri, nema skiptin fari fram í öðru ríki eftir reglum þjóðaréttar eða ákvæðum samnings sem íslenska ríkið hefur gert við annað ríki og hefur lagagildi hér á landi.

Ákvæði laga þessara taka einnig til skipta eftir íslenska ríkisborgara þótt þeir hafi ekki átt lögheimili eða haft fasta búsetu hér á landi á dánardægri ef dánarbúinu verður ekki skipt í því ríki þar sem sá látni var þá heimilisfastur.

2. gr.

Pegar maður er látinn tekur dánarbú hans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti þá eða naut, nema annað leiði af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna.

Dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést, nema réttarreglur eða löggerningar kveði á um brottfall þeirra eða það leiði af eðli þeirra. Við andlát falla enn fremur á dánarbú þær fjárhagslegu skyldur sem sá látni hefur lagt á það með erfðaskrá eða öðrum dánargerningi.

Dánarbú nýtur hæfis til að eiga og öðlast réttindi og hæfi þess til að bera og baka sér skyldur helst þar til skiptum þess lýkur endanlega eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum.

3. gr.

Dánarbúi skal skipta í því umdæmi þar sem sá látni átti lögheimili á dánardægri. Hafi hann ekki átt lögheimili hér á landi skulu skipti fara fram í því umdæmi þar sem hann átti fastan dvalarstað á dánardægri en hafi hann engan slíkan dvalarstað átt þá í því umdæmi þar sem hann lést. Hafi maki látna fengið leyfi til setu í óskiptu búi ræðst umdæmi með sama hætti af lögheimili makans, dvalarstað eða eftir atvikum dánarstað hvort sem skipti fara fram að honum lifandi eða skipt er búi eftir bæði hjónin.

Rísi ágreiningur um það í hverju umdæmi skipti fari fram eða þyki það annars óvíst skal leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um það.

Sá sem æskir skipta hér á landi eftir 2. mgr. 1. gr. skal leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um það í hverju umdæmi skiptin geti farið fram.

4. gr.

Dómsmál verður ekki höfðað í héraði gegn dánarbúi nema svo sé fyrir mælt í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsivíðurlaga sem má ákvarða á hendur dánarbúi. Má þá höfða málið í þeirri þinghá þar sem skiptin fara fram.

Halda má máli til dóms sem hefur verið höfðað á hendur þeim látna en dómur ekki gengið í fyrir lát hans ef þær skyldur, sem málið varðar, falla á dánarbúið og þeim sem fer með forræði dánarbúsins er tilkynnt um málið. Tekur dánarbúið þá við aðild málsins en ella fellur það niður hvað þann látna og búið varðar.

Kröfu um aðför, kyrretningu, lögbann, löggeymslu, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti verður ekki komið fram gegn dánarbúi nema að því leyti sem heimilað er í lögum þessum.

II. KAFLI

Tilkynning um andlát og fyrstu aðgerðir skipta.

5. gr.

Pegar maður er látinn og skipti eftir hann fara fram hér á landi skal svo fljótt sem verða má tilkynna andlátið sýslumanni eða umboðsmanni hans. Að öðru jöfnu skal tilkynnt í því umdæmi þar sem ætla má að dánarbúinu verði skipt eftir ákvæðum 3. gr. Sýslumaður eða umboðsmaður hans lætur tilkynnanda í té vottorð um að skyldu þessari hafi verið fullnægt.

Skylda til að tilkynna andlát hvílir jafnt á þeim sem getur átt lögerfðarétt eftir þann látna og þeim sem hefur vitneskju um bréferfðarétt sinn eftir hann. Sé um engan slíkan að ræða skal sá tilkynna andlát sem hefur átt heimili með þeim látna, en ella sá sem hlutast til um útför hans. Ef enginn slíkur er heldur fyrir hendi skulu yfirvöld, sem hafa afskipti af málum þess látna, tilkynna andlátið. Heimilt er öðrum að tilkynna andlát, en sýslumanni er ætíð rétt að synja um afhendingu vottorðs skv. 1. mgr. ef sá sem gefur sig fram í því skyni getur ekki veitt þær upplýsingar sem um ræðir í 7. gr. og ætla má að engin veruleg hindrun sé í vegi fyrir að annar maður, sem það getur, tilkynni fremur andlátið.

Útför þess látna má ekki fara fram fyrr en prestur eða annar sá, sem hana annast, fær í hendur vottorð um að andlátið hafi verið tilkynnt.

6. gr.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er því aðeins heimilt að taka við andlátstilkynningu og gefa vottorð um hana að framvísað sé einhverju eftirtalinna sönnunargagna um andlátið:

1. dánarvottorði sem hefur verið gefið út af lækni hér á landi,
2. annars konar embættisvottorði útgefnu hér á landi af þeim sem er bær vegna opinberra starfa sinna um að votta andlátið,
3. lögregluskýrslu sem hefur verið gerð hér á landi og staðfestir andlátið,
4. dómi uppkevðnum hér á landi um lát horfins manns,
5. dómsúrskurði uppkevðnum hér á landi um að skipta megi eftir horfinn mann sem hann væri látinn.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er enn fremur heimilt að taka við andlátstilkynningu og gefa vottorð um hana ef samsvarandi erlendu sönnunargagni er framvísað fyrir andlátinu, enda telji hann ekki ástæðu til að draga sönnunargildi þess í efa. Hafi sá sem tekur við andlátstilkynningu ekki næga kunnáttu í hlutaðeigandi tungumáli er honum rétt að krefja tilkynnanda um þýðingu á erlendu sönnunargagni.

7. gr.

Þegar andlát er tilkynnt skal leitað sem gleggstra upplýsinga hjá tilkynnanda um atriði sem varða þann látna og þá einkum um:

1. hvort rétt sé farið með atriði um þann látna í því sönnunargagni fyrir látinu sem er framvísað,
2. hverjir geti talið til lögerfðaréttar eftir þann látna og hvar þeir séu niður komnir,
3. hvort tilkynnanda sé kunnugt um erfdagerning þess látna og ef svo er hvar hann sé varðveittur og hvers efnis hann sé í meginatriðum,
4. hverjar séu helstu eignir sem sá látni láti eftir sig og hver hafi þær í vörslum sínum eða umsjón með þeim,
5. hvort sá látni hafi verið í hjúskap eða óvígðri sambúð eða haft leyfi til setu í óskiptu búi.

Tilkynnandi skal greina frá nafni sínu, kennitölu og heimilisfangi og upplýsa hver þau tengsl hans hafi verið við þann látna eða málefni hans sem valdi því að hann tilkynni andlátið.

Að því leyti sem tilkynnanda er það fært er honum skylt að veita sýslumanni eða umboðsmanni hans upplýsingar um þau atriði sem hann er krafinn svara um samkvæmt framansögðu.

Heimilt er sýslumanni eða umboðsmanni hans að gefa vottorð um móttöku andlátstilkynningar en veita tilkynnanda skamman frest til að mæta á ný eða senda annan í sinn stað til að gefa upplýsingar um þau atriði sem getið er í 1. mgr.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er eftir atvikum rétt að leiðbeina tilkynnanda um hvernig staðið verði að búskiptum og fela honum að kynna það öðrum hlutaðeigendum.

8. gr.

Hafi umboðsmaður sýslumanns tekið við andlátstilkynningu skal hún send sýslumanni svo fljótt sem verða má.

Telji sýslumaður sem hefur tekið við andlátstilkynningu að skipti eigi að fara fram í öðru umdæmi skal hann án ástæðulauss dráttar senda hana sýslumanni þar. Sýslumanni er þó rétt að leita áður ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Þegar andlátstilkynning hefur borist þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir getur hann andlátsins og þeirra upplýsinga sem hafa komið fram í dánarskrá.

Um form og efni dánarskrár, svo og gerðabókar sem sýslumaður færir eftir lögum þessum, fer eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Upplýsingar má ekki veita úr dánarskrá eða gerðabók sýslumanns nema sá sem æskir þeirra hafi lögvarða hagsmuni af því að fá þær.

Hafi sá sýslumaður, sem skiptin eiga undir, annarra hagsmuna að gæta af þeim en varða embætti hans eða sé hann svo skyldur eða mægdur erfingja eða öðrum sem hefur verulega hagsmuni af skiptunum að hann væri vanhæfur til að vera dómari í einkamáli sem sá ætti aðild að skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra án tafar eftir að andlátstilkynning hefur borist honum, nema skiptum hafi þá þegar verið lokið skv. 25. gr. Skipar þá ráðherra annan lögðæfan mann til að annast störf sýslumanns við skiptin en þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun ráðherra úr ríkissjóði.

10. gr.

Hafi ónógar upplýsingar komið fram um eignir þess látna eða erfðaréttindi eftir hann skal sýslumaður ekki síðar en mánuði eftir að andlát var tilkynnt leita vitneskju um þau efni.

Skylt er tilkynnanda andláts eða öðrum, sem sýslumaður telur eftir því sem fram er komið að geti veitt frekari upplýsingar um eignir þess látna eða erfðaréttindi eftir hann, að verða við kvaðningu um að koma á fund sýslumanns og veita þær upplýsingar sem honum er kostur. Heimilt er sýslumanni að fela umboðsmanni sínum eða öðrum sýslumanni að kveðja hann á sinn fund ef hentugra þykir.

Opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, svo og viðskipta-bönkum og sparisjóðum, er skylt að veita sýslumanni þær upplýsingar um málefni þess látna sem hann krefst. Það sama á við um aðra sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir dánarbús vegna viðskiptatengsla við þann látna eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Frá því andlát ber að höndum og þar til skiptum er lokið skv. 25. eða 26. gr., eftirlifandi maka látna er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum er veitt leyfi til einkaskipta eða dánarbúið er tekið til opinberra skipta er sá sýslumaður sem skiptin eiga undir einn bær um að ráðstafa hagsmunum dánarbúsins og svara fyrir skyldur þess.

Á þeim tíma, sem sýslumaður fer með forræði dánarbús skv. 1. mgr., skulu ekki gerðar ráðstafanir um hagsmuni þess nema þær séu nauðsynlegar til að varna tjóni eða til að tryggja varðveislu eigna þess, sbr. 16. gr. Sýslumanni er þó rétt að láta af hendi fjármuni búsins eða heimila ráðstöfun þeirra til að standa straum af kostnaði við útför þess látna.

Ráðstafana, sem sýslumaður grípur til skv. 2. mgr., skal getið í gerðabók hans eða dánarskrá.

12. gr.

Ekki er nauðsyn að krefja þann sem gefur sig fram við skiptin og kveður sig vera lögerfingja eftir þann látna um sannanir fyrir skyldleika eða tengdir við þann látna, nema aðrir lögerfingjar rengi eða sérstakt tilefni þyki annars til að draga frásögn hans í efa. Sá sem styður erfðarétt við erfðaráðstöfun þess látna skal framvísa löggerningi hans.

Sá sem gefur sig fram við skipti og tjáir sig hafa umboð til að koma fram af hálfu erfingja skal sanna það með skriflegu umboðsskjali, undirrituðu af erfingjanum og vottuðu af tveimur vitundarvottum, lögbókanda eða hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni. Sé ekki getið sérstakra takmarkana á umboði skal litið svo á að það nái til sérhverra ráðstafana og yfirlýsinga af hálfu erfingjans varðandi búskiptin.

13. gr.

Ef erfingi þess látna er ófjárráða vegna æsku eða hefur verið sviptur fjárræði eða sjálfræði og lögráðamaður hans hefur sjálfur hagsmuna að gæta af skiptunum skal sýslumaður skipa erfingjanum sérstakan lögráðamann til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin.

Nú er fjárráða erfingi ófær um að gæta hagsmuna sinna við skiptin vegna heilsufars síns og

horfur eru ekki á að breyting verði þar á í bráð og getur þá sýslumaður skipað erfingjanum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin ef ætla má að sú ráðstöfun geti orðið til að komist verði hjá nauðsyn þess að erfinginn verði sviptur fjárræði.

Ef vitað er um mann sem á rétt til arfs úr búi en ókunnugt er hvar hann er niður kominn og enginn gefur sig fram í umboði hans skal sýslumaður skipa erfingjanum málsvara sem kemur þá fram fyrir hans hönd við skiptin þar til erfinginn kann sjálfur að gefa sig fram eða umboðsmaður hans.

Ákvæði lögræðislaga um hæfi og heimildir lögráðamanna taka til málsvara sem eru skipaðir erfingjum skv. 2. og 3. mgr.

14. gr.

Pegar svo stendur á sem segir í 13. gr. skipar sýslumaður, sem skiptin eiga undir, hlutadeigandi erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara svo fljótt sem verða má, nema talið verði að ljúka megi skiptum án þess að atbeina erfingjans verði þörf. Áður en skipun fer fram skal sýslumaður, eftir því sem við verður komið, leita tillagna aðstandenda erfingjans um það hverjum megi fela starfann.

Ákvörðun sýslumanns um skipun sérstaks lögráðamanns eða málsvara skal skráð í gerðabók hans.

Þóknun sérstaks lögráðamanns eða málsvara, ef áskilin er, skal ákveðin af sýslumanni og greiddast af arfi hlutadeigandi erfingja.

15. gr.

Telji sýslumaður ákvarðanir, athafnir eða yfirlýsingar sérstaks lögráðamanns eða málsvara, sem hefur verið skipaður skv. 14. gr., varhugaverðar fyrir hagsmuni erfingjans er honum rétt að veita lögráðamanninum eða málsvaranum áminningu og fyrirmæli um rækslu starfans. Fari sérstakur lögráðamaður eða málsvari ekki að fyrirmælum sýslumanns eða ef háttsemi hans er annars slík að sýslumaður telji áminningu ekki munu koma að haldi er sýslumanni rétt að víkja honum úr starfi og skipa annan mann í hans stað með bókun í gerðabók.

Yfirlýsingar eða ráðstafanir lögráðamanns, sérstaks lögráðamanns eða málsvara sem eru gefnar eða gerðar við skiptin og geta bakað skjólstæðingi hans ábyrgð á skuldbindingum búsins eru því aðeins bindandi fyrir skjólstæðinginn að sýslumaður samþykki þær.

Að því leyti sem lögráðamaður, sérstakur lögráðamaður eða málsvari þarf að gefa aðra yfirlýsingu eða gera aðra ráðstöfun í þágu skjólstæðings síns við skiptin en getur í 2. mgr. og afla þyrfti sérstaks samþykkis fyrir henni undir öðrum kringumstæðum eftir reglum um ráðstöfun hagsmuna ólögráða manna skulu þær bornar undir sýslumann til samþykkis.

Ef opinber skipti fara fram fer skiptastjóri með það vald sem sýslumanni er falið í 2. og 3. mgr.

16. gr.

Skylt er þeim sem hefur eign dánarbús í vörslum sínum eða hefur umsjón með henni að gæta hennar þar til annar hefur fengið heimild til umráða hennar vegna skiptanna. Fram að því er þó sýslumanni hvenær sem er rétt eftir kröfu erfingja eða ótilkvaddur að taka eign undir sína umsjón á kostnað búsins ef hann telur óbreytta skipan óvæðigandi eða ótrygga eða ef sá krefst sem fer með vörslur eignar eða hefur umsjón með henni, enda hafi sá kostnað, fyrirhöfn eða áhættu af eigninni.

Hafi enginn með höndum gæslu eignar dánarbús skal sýslumaður taka hana undir umsjón sína á kostnað búsins svo fljótt sem verða má eftir að honum verða atvik kunn.

Sýslumaður getur þeirra eigna í gerðabók sem hann tekur undir umsjón sína. Þær skulu metnar til peningaverðs samkvæmt því sem hér á eftir segir ef erfingi krefst.

17. gr.

Meðan skiptum hefur ekki verið lokið og dánarbúið hefur ekki verið tekið til opinberra skipta er erfingja heimilt að krefjast að þær eignir þess, sem hefur ekki þegar verið ráðstafað við skiptin, verði að einhverju leyti eða öllu skrásettar og eftir atvikum metnar til peningaverðs. Með sama hætti getur erfingi krafist að skuldbindingar dánarbúsins verði metnar til peningaverðs. Kröfu um þessar aðgerðir skal beint skriflega til þess sýslumanns sem skiptin eiga undir og skal eftirfarandi tiltekið í henni svo skýrt sem verða má:

1. um hvert dánarbú sé að ræða og hver hafi kröfuna uppi,
2. hverjar eignir eða hvers konar sé krafist að verði skrásettar, að hverju marki sé krafist mats á þeim og hvar þær sé að finna,
3. hverjir aðrir séu erfingjar þess látna ásamt upplýsingum um heimilisföng þeirra.

Hafi sá látni verið í óvígðri sambúð þegar hann lést er sambýlismanni hans heimilt að krefjast skrásetningar eigna dánarbúsins og mats á þeim þótt hann njóti ekki réttar til arfs eftir þann látna ef þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem getur í 100. gr. Nýtur hann þá sömu stöðu og erfingi samkvæmt ákvæðum 18.–24. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést er erfingja heimilt að krefjast skrásetningar og mats á hjúskapareignum og séreignum maka hans. Erfingja er og heimilt að krefjast skrásetningar og mats á eignum sambýlismanns þess látna hafi hann verið í óvígðri sambúð þegar hann lést og þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem getur í 100. gr.

18. gr.

Nú er krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum dánarbús og þær eru varðveittar utan umdæmis þess sýslumanns sem kröfunni er beint til og getur hann þá falið sýslumanninum í því umdæmi, þar sem eignirnar er að finna, að annast verkið.

Sé þess krafist að eignir verði að einhverju leyti eða öllu metnar til verðs skal sá sýslumaður, sem í hlut á, tilnefna matsmann áður en lengra er haldið. Ef krafist er mats á eign sem sérþekkingu þarf til að meta skal sýslumaður tilnefna sérfróðan mann. Heimilt er sýslumanni að tilnefna fleiri en einn matsmann og skipta með þeim verkum þannig að hver þeirra meti tilteknar eignir. Sýslumaður skal geta tilnefningar í gerðabók en hafi hlutaðeigandi ekki áður gegnt hlutverki matsmanns skal hann undirrita heit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni gegna starfinu af samviskusemi og óhlutdrægni.

Matsmenn skv. 2. mgr. bera skyldur sem opinberir starfsmenn og má tilnefna þá eina til starfans sem eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu, óflekkað mannorð og þá almennu þekkingu sem þarf til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. Um hæfi þeirra til matsstarfa gilda ákvæði réttarfarslaga um hæfi matsmanna eftir því sem átt getur við.

Heimilt er sýslumanni að fela matsmanni, umboðsmanni sínum eða öðrum starfsmanni að annast skrásetningu eigna.

19. gr.

Sá sem annast skrásetningu eigna skal svo fljótt sem verða má ákveða hvar og hvenær hún fari fram eða byrji og tilkynna það þeim sem hefur krafist hennar. Öðrum erfingjum, sem vitað er um, skal einnig tilkynnt þetta með þeim fyrirvara að þeir geti verið viðstaddir ef því verður komið við án þess að verulegar tafir eða óhagræði hljótist af.

Erfingjum, sem eru viðstaddir þegar skrásetning eigna fer fram, skal gefinn kostur á að tjá sig um atriði sem kunna að skipta máli, svo sem um tilvist eigna sem hefur ekki áður verið upplýst um og eignarrétt að einstökum munum.

Áður en skrásetningu eigna er lokið samkvæmt kröfu sem hefur komið fram skv. 17. gr. getur erfingi krafist þess skriflega við þann sem annast hana að aðrar eignir verði einnig skráðar og eftir atvikum metnar til verðs. Þeim sem sýslumaður hefur falið að annast skrásetningu í byrjun er rétt að leysa verkið af hendi án þess að bera það undir sýslumann,

nema tilnefna þurfi matsmann sérstaklega vegna kröfunnar eða eignirnar séu utan umdæmis hans.

Vörslumanni eignar, sem hefur verið krafist skrásetningar á, er skylt að veita sýslumanni eða þeim sem hann felur verkið nauðsynlegan aðgang að henni í þessu skyni, nema sýslumaður telji sýnt að eignin hvorki tilheyrir dánarbúinu né að efni séu til að skrásetja hana eftir 3. mgr. 17. gr. Sinni vörslumaður ekki skyldu til að veita aðgang að eign getur sýslumaður að kröfu þess sem hefur krafist skrásetningar eignarinnar kveðið á með bókun í gerðabók um dagsektir á hendur vörslumanni þar til hann láti af mótþróa sínum, en áður skal þó gefa vörslumanni kost á að tala máli sínu. Ákvörðun um dagsektir má fullnægja með aðför og renna þær í ríkissjóð.

20. gr.

Við mat á eign til peningaverðs skal miðað við gangverð hennar gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hvíli höft á eign sem ætla má að standi áfram þótt eigendaskipti verði skulu þau metin til peningaverðs og miðað við staðgreiðslu mismunar á þeim og kaupverði.

Heimilt er erfingja, hvort sem hann hefur sjálfur krafist mats á eign í öndverðu eða ekki, að krefjast þess að matsmaður meti að auki eign til verðs á öðrum tilteknum forsendum en þeim sem getur í 1. mgr. ef ætla má að slíkt mat hafi þýðingu fyrir hagsmunum hans við skiptin. Kröfu sem þessa skal að öðru jöfnu hafa uppi áður en hafist er handa um mat samkvæmt því sem í 1. mgr. segir.

21. gr.

Pegar skrásetningu og mati á eignum er lokið skal sá sem annaðist verkið afhenda sýslumanni eignaskrá þar sem matsverðs eigna er getið eftir því sem hefur verið krafist. Í eignaskrá skal enn fremur getið hverjir hafi verið viðstaddir skrásetningu og hverjar athugasemdir þeir kunni að hafa haft uppi, sbr. 2. mgr. 19. gr.

Sýslumaður varðveitir eignaskrá með öðrum skjölum sem varða skipti dánarbúsins. Pegar kostnaður af skrásetningu og mati hefur verið greiddur skal sýslumaður senda erfingjum, sem er vitað hvar megi finna, afrit eignaskrár í ábyrgðarpósti eða með öðrum sannanlegum hætti.

22. gr.

Sá sem hefur krafist skrásetningar eignar og eftir atvikum mats á henni getur haft uppi aðfinnslur við sýslumann ef hann telur hana ranglega skráða eða að vanrækt hafi verið að skrá eða meta tiltekna eign. Komi aðfinnslur fram án ástæðulauss dráttar og telji sýslumaður þær á rökum reistar getur hann lagt fyrir þann sem annaðist skráningu eða mat að bæta úr.

Vilji erfingi ekki una mati á eign sem kemur fram í eignaskrá er honum heimilt, meðan skiptum er ólokið og innan fjögurra vikna frá því að skránni var komið á framfæri við hann eða honum verður kunnugt um matið á annan hátt, að krefjast þess skriflega við sýslumann að yfirmat fari fram á tiltekinni eign, enda hafi annar erfingi ekki þegar krafist þess. Komi ekki fram krafa um yfirmat innan þess tíma er matið bindandi fyrir erfingja.

Pegar krafa er komin fram um yfirmat tilnefnir sýslumaður tvo yfirmatsmenn samkvæmt því sem er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. 18. gr. Um störf yfirmatsmanna fer eftir 1. og 4. mgr. 19. gr., 20. og 21. gr. eftir því sem átt getur við.

Yfirmat bindur erfingja um verðgildi eignar að því leyti sem það hefur þýðingu við skiptin hvort sem þeir hafa átt þess kost á að gæta hagsmuna sinna við það eða ekki.

Ef leggja á erfingjum út eignir á grundvelli matsverðs og meira en þrjú mánuðir líða frá því mats var aflað á eignum þar til skiptum lýkur skal hækka matsverð hverrar eignar sem nemur meðaltali hæstu vaxta af innlánsreikningum í bönkum og sparissjóðum frá matsdegi, nema erfingjar semji um annað. Eins skal farið að ef maki þess látna hyggst leysa til sín eignir

umfram búshluta og arfshluta og meira en þrír mánuðir líða frá öflun mats þar til hann greiðir innlausnarverð.

23. gr.

Sýslumaður ákveður hvað skuli greiða fyrir skrásetningu eigna og mat á þeim, þar á meðal þóknun og ferðakostnað þess sem hann hefur kvatt til að leysa starfann af hendi. Hafi maður verið ráðinn til þessa starfs í eitt skipti fyrir öll rennur þóknunin í ríkissjóð.

Sá sem hefur krafist skrásetningar eignar, mats á henni eða yfirmats ábyrgist greiðslu kostnaðar sem sýslumaður ákvarðar. Sýslumanni er heimilt að áskilja tryggingu fyrir greiðslu áður en nokkuð verður aðhafst vegna kröfunnar.

Þeim sem greiðir kostnað af skrásetningu og mati er rétt að krefja dánarbúið um endurgreiðslu, nema aðgerðin sem fór fram verði talin hafa verið þýðingarlaus eða bersýnilega ástæðulaus.

24. gr.

Meðan sýslumaður fer með forræði dánarbús samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 11. gr. getur erfingi leitað skriflegrar heimildar hans til að krefjast upplýsinga hjá öðrum um eignir búsins og skuldastöðu þess. Skylt er þeim sem erfingi krefur upplýsinga í skjóli slíkrar heimildar að veita þær ef sýslumaður gæti krafist þeirra sjálfur skv. 3. mgr. 10. gr.

25. gr.

Lýsi tilkynnandi andláts því yfir þegar andlát er tilkynnt að andvirði eigna dánarbús nemi ekki eftir bestu vitund hans meira en kostnaði af útför þess látna og sýslumaður telur ekki ástæðu til að draga réttmæti þeirrar yfirlýsingar í efa má sýslumaður ljúka skiptum þá þegar án frekari aðgerða með því að framselja þeim sem kostar útförina þær eignir sem liggja fyrir. Eins má fara að ef einhver sá, sem má telja að hafi næga yfirsýn yfir hag búsins, gefur sams konar yfirlýsingu síðar á þeim tíma sem sýslumaður fer með forræði þess skv. 1. mgr. 11. gr.

Þegar andvirði eignar er ákvarðað skv. 1. mgr. skal tekið tillit til veðkrafna og annarra kvaða sem hvíla á henni en því aðeins er þá heimilt að ljúka skiptum með framsali eignar að sá sem tekur við henni taki einnig að sér efndir þeirra skuldbindinga.

Ef fleiri en einn gefa sig fram við sýslumann áður en skiptum er lokið og lýsa yfir vilja sínum til að kosta útför þess látna gegn framsali eigna skal eftirlifandi maki eða sambýlismaður ganga fyrir öðrum, en því næst aðrir erfingjar. Fáist ekki niðurstaða þannig og samkomulag verður ekki um annað skal hlutkesti ráða.

Þótt skiptum hafi verið lokið með framsali eigna getur erfingi, sem rökstyður fyrir sýslumanni að eignir kunni að hafa verið vantaldar, krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum skv. 17.–23. gr. Komi þannig í ljós að ekki hafi verið skilyrði til skiptaloka eða það verður uppvíst síðar með öðrum hætti skal sýslumaður taka skiptin upp á ný.

Skiptalok samkvæmt þessari grein falla sjálfkrafa úr gildi ef dánarbúið er tekið síðar til opinberra skipta.

26. gr.

Ef hvorki tilkynnandi andláts né aðrir, sem sýslumaður krefur svara um hag búsins, geta upplýst um neinar eignir þess en telja sig þó ekki hafa þá vitneskju að þeir geti gefið slíka yfirlýsingu sem getur í 1. mgr. 25. gr. og önnur athugun sýslumanns skv. 10. gr. leiðir engar eignir í ljós er sýslumanni heimilt að ljúka skiptum. Berist sýslumanni síðar vitneskja um eign búsins skal hann taka skiptin upp á ný.

Komi fram upplýsingar með þeim hætti sem um ræðir í 1. mgr. um eignir sem má ætla að nemi þó ekki meira að andvirði en útfararkostnaði má sýslumaður ljúka skiptum með því að framselja þær þeim sem hefur kostað útför þess látna. Verði ekki uppvíst hver hafi kostað útför eða eignir eru annars svo óverulegar að þær svari ekki kostnaði af frekari aðgerðum getur sýslumaður komið þeim í verð og lokið skiptum með greiðslu andvirðis þeirra í ríkissjóð.

Skiptalok samkvæmt þessari grein falla sjálfkrafa úr gildi ef dánarbúið er tekið síðar til opinberra skipta.

27. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést gilda reglur erfðalaga um heimildir til að ljúka skiptum með útgáfu leyfis handa maka hans til setu í óskiptu búi.

Þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi er öðrum erfingjum heimilt að krefjast skrásetningar eigna og mats á þeim ef ætla má að þeir hafi hagsmuni af því til að staðreyna hvort þeir eigi rétt á að krefjast skipta vegna fjárstjórnar makans. Skal þá farið eftir fyrirmælum 17.–23. gr. eftir því sem átt getur við, að öðru leyti en því að búið verður ekki endurkrafíð um kostnað skv. 3. mgr. 23. gr. nema til skipta komi af því tilefni.

28. gr.

Á þeim tíma, sem sýslumaður fer með forræði búsins skv. 1. mgr. 11. gr., getur hann veitt erfingjum þess látna leyfi til einkaskipta ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að erfingjar eða umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvarar óski allir eftir einkaskiptum í beiðni sem fullnægir ákvæðum 29. gr.,
2. að ekki sé óhjákvæmilegt að opinber skipti fari fram vegna fyrirmæla þess látna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. og 39. gr.,
3. að erfingjar sanni erfðaréttindi sín fyrir sýslumanni að því leyti sem þess verður krafist eftir 1. mgr. 12. gr.,
4. að erfingjar lýsi yfir að þeim sé ekki kunnugt um að aðrir geti talið til arfs eftir þann látna, enda hafi ekkert komið fram sem gefi tilefni til að ætla að svo geti verið,
5. að erfingjar hafi tekið að sér sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á búinu og gjöldum sem leiða af skiptunum eða arftöku,
6. ef erfingi er ófjárráða eða honum hefur verið skipaður málsvari skv. 2. eða 3. mgr. 13. gr., að aðrir erfingjar ábyrgist að hann muni ekki þurfa að gjalda fyrir ábyrgð sína á skuldbindingum búsins umfram arfshluta sinn. Ef erfingjar eru allir ófjárráða eða þeim hafa öllum verið skipaðir málsvarar má í stað ábyrgðar annarra erfingja koma sams konar ábyrgð hvers lögráðamanns eða málsvara gagnvart skjólstæðingi sínum.

29. gr.

Beiðni um leyfi til einkaskipta skal vera skrifleg og undirrituð af erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum. Í henni eða fylgigögnum með henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver sá látni hafi verið, kennitala hans, dánardagur og heimilisfang á dánardægri,
2. nöfn erfingja, kennitölur þeirra og heimilisföng, ásamt upplýsingum um grundvöll erfðaréttar hvers þeirra; getið skal umboðsmanna erfingja, lögráðamanna eða málsvara, ef því er að skipta,
3. hverjar séu eignir búsins og hvert verði talið andvirði hverrar þeirra eftir þeim reglum sem gilda um ákvörðun gjaldstofna til greiðslu erfðafjárskatts, en þó má tiltaka heildarsafn muna í einu lagi ef verðgildi einstakra muna er óverulegt. Hafi eignir verið skrásettar og eftir atvikum metnar til verðs skv. 17.–23. gr. má vísa til eignaskrár um þau atriði sem hún geymir upplýsingar um,
4. hverjar og hvers efnis einstakar skuldbindingar búsins séu, þar á meðal við gjafþega,
5. yfirlýsingar um atriði sem eru talin í 28. gr. eftir því sem þörf krefur,
6. að erfingjar muni hlíta þeim skilyrðum sem sýslumaður kann að setja fyrir heimild þeirra til einkaskipta, sbr. 31. gr.

Séu erfingjar fleiri en einn er þeim rétt að tilnefna í beiðni sinni einn eða fleiri úr sínum hópi eða annan tiltekinn mann sem má beina tilkynningum til í þágu búsins. Í beiðni má einnig

tilnefna erfingja eða annan mann og veita honum eða þeim heimild til að gera tilteknar ráðstafanir í nafni búsinns um hagsmuni þess. Sé annar tilnefndur í þessu skyni en erfingi skal hann rita samþykki sitt fyrir því á beiðnina.

Með beiðni um leyfi til einkaskipta skulu fylgja, eftir því sem átt getur við, erfðagerningur þess látna, kaupmáli eða annars konar samningur um fjármál hjóna eða sambýlisfólks og önnur skjöl sem geta haft þýðingu með sambærilegum hætti fyrir skipti búsinns eða réttindi annarra á hendur því.

30. gr.

Sýslumaður kannar hvort skilyrði séu til að verða við beiðni um leyfi til einkaskipta svo fljótt sem verða má eftir að hún berst honum. Telji hann beiðninni í einhverju áfátt eða frekari upplýsingar skorta eða gögn getur hann veitt erfingjum tiltekinn frest til úrbóta.

Byggi erfingjar, sem æskja leyfis til einkaskipta, rétt sinn til arfs á erfðaskrá þess látna er sýslumanni heimilt að neita að taka afstöðu til beiðninnar þar til þeir hafi kynnt þeim erfðaskrána sem gætu talið til lögerfðaréttar.

Ef lögráðamaður eða málsvari kemur fram af hálfu erfingja og sýslumaður telur upplýsingar um eignir búsinns eða skuldir ónógar getur hann lagt fyrir hlutadeiganda að leita nánari vitneskju um efnahag búsinns áður en afstaða verði tekin til beiðninnar, þar á meðal með því að fá eignir skrásettar og metnar eftir 17.–23. gr.

Pótt yfirlýsing hafi komið fram skv. 6. tölul. 28. gr. um ábyrgð gagnvart erfingja sem lögráðamaður eða málsvari kemur fram fyrir við skiptin getur sýslumaður synjað um leyfi til einkaskipta ef hann telur hagsmunum erfingjans stefnt í hættu vegna ábyrgðar hans á skuldbindingum búsinns eða neitað að taka afstöðu til beiðninnar nema lögð sé fram viðunandi trygging fyrir ábyrgð gagnvart erfingjanum.

Hafi erfingjar tiltekið verðgildi eigna búsinns að einhverju leyti eða öllu eftir eigin mati í beiðni sinni er sýslumanni heimilt að neita að verða við henni nema fengið sé mat á þeim eftir 17.–23. gr. ef hann telur slíkt mat nauðsynlegt til að erfðafjárskattur verði réttléga á lagður.

Telji sýslumaður skilyrðum til að veita leyfi til einkaskipta ekki fullnægt eða telji hann sýnt að erfingjar muni ekki geta lokið skiptum innan hæfilegs tíma skal hann synja um leyfið, enda hafi tilmælum hans eða ábendingum skv. 1.–5. mgr. ekki verið sinnt ef því er að skipta. Erfingjar geta krafist sýslumann um stuttan skriflegan rökstuðning fyrir synjun hans.

31. gr.

Þegar sýslumaður telur skilyrðum til einkaskipta fullnægt veitir hann erfingjum leyfi til þeirra með áritun sinni á beiðni þeirra eða með annarri skriflegri yfirlýsingu sem nægir erfingjum til að sýna fram á forræði sitt á dánarbúinu í lögskiptum við aðra.

Við veitingu leyfis til einkaskipta skal sýslumaður ákvarða erfingjum frest til að ljúka skiptum sem skal að jafnaði ekki vera lengri en nemur einu ári frá andláti. Að auki er sýslumanni heimilt að skilyrða leyfi til einkaskipta með eftirfarandi hætti, ef hann telur efni til:

1. að erfingjar leggi fram innan tiltekins frests nánari upplýsingar um eignir búsinns eða verðgildi þeirra eða afli mats á þeim skv. 17.–23. gr. ef það verður talið nauðsynlegt til álagningar erfðafjárskatts.
2. að lögráðamaður eða málsvari erfingja geri reglubundið grein fyrir framvindu skiptanna meðan á þeim stendur.
3. að erfingjar efni tilteknar gjaldfallnar skuldbindingar búsinns eða þær allar eða setji tryggingu fyrir þeim innan ákveðins frests.

Sýslumanni er heimilt að lengja frest til að ljúka einkaskiptum eftir skriflegri og rökstuddri beiðni erfingja ef hann telur óviðráðanleg atvik, sem erfingjum verður ekki gefin sök á, standa í vegi fyrir að skiptum verði lokið án frekari tafa.

32. gr.

Ef skiptum hefur ekki verið lokið skv. 25. eða 26. gr., eftirlifandi maki hefur ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búí, erfingjar hafa ekki fengið leyfi til einkaskipta og krafa hefur ekki komið fram um opinber skipti á búinu innan fjögurra mánaða frá andláti skal sýslumaður skora bréflega á erfingja sem honum er kunnugt um að efna til einhverra þessara aðgerða innan tiltekins frests að því viðlögðu að hann muni ella krefjast opinberra skipta á búinu. Sýslumanni er þó heimilt að láta það hjá líða um sinn ef vænta má að erfingjar bæti úr innan skamms tíma, enda hafi þeir gert honum grein fyrir ástæðum þess að dráttur hafi orðið og hann telur erfingjum það afsakanlegt.

III. KAFLI

Sérstök réttindi erfingja við skipti dánarbúa.

33. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést getur maki hans krafist þess að fá til eignar muni sem ella hefðu talist til eigna dánarbúsins skv. 1. mgr. 2. gr. ef þeir eru honum nauðsynlegir til að leggja áfram stund á atvinnu sína eða menntun eða þeirra hefur aðallega eða eingöngu verið aflað til afnota hans og eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að verðgildi munanna sé ekki slíkt að afhending þeirra verði talin ósanngjörn gagnvart öðrum erfingjum eða skuldheimtumönnum þess látna.

2. að sá látni hafi ekki ráðstafað mununum sérstaklega á annan veg með erfðaskrá,

3. að makinn taki að sér skuldbindingar sem hvíla á mununum eða hafa orðið til vegna öflunar þeirra.

Maki þess látna getur krafist þess við skiptin að ekki verði tekið tillit til eigna sinna sem ákvæði 1. mgr. geta átt við.

Börn þess látna, stjúpbörn eða fósturbörn sem áttu heimili hjá honum og voru á framfæri hans þegar hann lést, njóta réttar skv. 1. mgr. að maka hans frágengnum.

34. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést fer um vörslur eigna dánarbúsins og maka hans, afnot af þeim og rétt til að ráðstafa þeim eftir ákvæðum 107. og 108. gr. að því leyti sem átt getur við.

Fjárslit milli dánarbúsins og maka þess látna skulu fara eftir því sem segir í 109. gr.

35. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést er maka hans heimilt að leysa til sín einstakar eignir dánarbúsins eða þær allar, hvort sem þær voru hjúskapareignir þess látna eða séreignir í lifanda lífi, gegn greiðslu til búsins á því sem hann á ekki tilkall til af matsverði þeirra að arfi og búshluta, enda hafi sá látni ekki ráðstafað eignunum á annan veg með erfðaskrá.

Að því leyti sem greiðslu frá maka skv. 1. mgr. yrði varið til arfs ófjárráða niðja þess látna getur makinn krafist þess að fá gjaldfrest á greiðslu til þeirra þar til hver þeirra um sig verði fjárráða. Ákvæði lögræðislaga um lán af fé ófjárráða manna taka að öðru leyti til skilmála og trygginga eftir því sem átt getur við.

36. gr.

Að því leyti sem maki þess látna neytir ekki réttar skv. 35. gr. getur hver erfingi um sig krafist þess að fá útlagðar eignir búsins eftir matsverði til greiðslu arfs, enda hafi sá látni ekki ráðstafað eignunum sérstaklega með erfðaskrá. Með sama hætti getur maki krafist þess að fá eignir lagðar sér út upp í búshluta hvort sem þær voru hjúskapareignir þess látna eða séreignir.

Krefjast fleiri erfingjar en einn að fá sömu eign lagða sér út gengur maki alltaf fyrir öðrum erfingjum, en ella ræður hlutkesti. Verði talið að eignin hafi sérstakt gildi fyrir tiltekinn erfingja öðrum fremur skal hann þó ganga fyrir um útlagningu, en eigi það við um fleiri erfingja en einn skal hlutkesti milli þeirra ráða.

2. ÞÁTTUR
Opinber skipti á dánarbúum.
IV. KAFLI
Upphaf opinberra skipta.

37. gr.

Verði skiptum ekki lokið samkvæmt því sem segir í 25.–27. gr. skal sýslumaður krefjast opinberra skipta á dánarbúi svo fljótt sem eitthvað eftirfarandi liggur fyrir og þær upplýsingar hafa komið fram sem eru nauðsynlegar til að gera kröfuna skv. 42. gr.:

1. hafi sá látni mælt fyrir um opinber skipti í erfðaskrá eða tilnefnt þar ákveðinn mann til að annast skiptin,
2. hafi ekki verið upplýst um neinn erfingja þannig að ætla megi að arfur muni falla til ríkisins,
3. sé vafi um hverjir geti kallað til arfs úr búinu sem sýslumaður telur ekki verða greitt úr með öðrum hætti,
4. hafi erfingi látið uppi við sýslumann slíka afstöðu til atriðis sem getur í 28. gr. að hún girði fyrir að skilyrði geti orðið til einkaskipta,
5. hafi sýslumaður hafnað beiðni um leyfi til einkaskipta eða fellt slíkt leyfi niður,
6. hafi erfingjar ekki orðið við áskorun skv. 32. gr.

38. gr.

Hafi skiptum ekki verið lokið skv. 25.–27. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta ef erfingi krefst þess hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki.

Þótt skiptum hafi verið lokið skv. 25. eða 26. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta samkvæmt kröfu erfingja hvort sem sýslumaður hefur tekið skiptin upp á ný eða ekki ef sýnt er fram á að skilyrði hafi ekki verið til að ljúka skiptum með þeim hætti sem var gert.

Þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búu getur erfingi krafist þess að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta hafi hann heimild til þess eftir ákvæðum erfðalaga.

Sá sem hefur verið í óvígðri sambúð með látna þegar hann lést getur krafist opinberra skipta með sama hætti og erfingi skv. 1. og 2. mgr. ef þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem koma fram í 100. gr.

39. gr.

Verði skiptum ekki lokið skv. 25.–27. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta eftir kröfu þess sem hefur verið tilnefndur í erfðaskrá þess látna til að annast skiptin.

40. gr.

Hafi skiptum ekki verið lokið skv. 25.–27. gr. og erfingjar ekki fengið leyfi til einkaskipta innan sex mánaða frá andláti má taka dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á gjaldfallna kröfu á hendur búinu.

Þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta má hvenær sem er, meðan þeim er ólokið, taka dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á gjaldfallna kröfu á hendur búinu ef báðum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að sýnt sé fram á að framferði erfingja eða ráðstafanir þeirra á hagsmunum búsins séu með þeim hætti að sérstök hætta sé á að krafan fái ekki efnd með öðru móti,

2. að áður hafi verið skorað á erfingja að efna kröfuna og þeim verið veittur sanngjarn frestur til þess í ljósi atvika.

Taka má dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á kröfu á hendur því þótt skiptum hafi áður verið lokið skv. 25. eða 26. gr., sýni hann fram á að ekki hafi verið skilyrði til að ljúka skiptum með þeim hætti sem var gert, enda eigi hann ekki önnur úrræði til að fá kröfu sinni fullnægt.

41. gr.

Þótt svo standi á sem segir í 38.–40. gr. verður dánarbú því aðeins tekið til opinberra skipta að áður sé leitt í ljós að andvirði eigna þess hrökkvi fyrir kostnaði af skiptunum eða sá sem krefst skiptanna hafi sett tryggingu fyrir kostnaðinum.

Sá sem krefst opinberra skipta ber ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar þótt trygging fyrir honum hafi ekki verið áskilin í byrjun.

Krefjist sýslumaður opinberra skipta skv. 37. gr. greiðist kostnaður af þeim úr ríkissjóði ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir honum.

42. gr.

Kröfu um opinber skipti skal beint skriflega til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem skiptin eiga undir. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. hver sá látni hafi verið og eftir atvikum hvort skiptum hafi áður verið lokið skv. 25.–27. gr. eða erfingjum verið veitt leyfi til einkaskipta,
2. nafn, kennitala og heimilisfang þess sem krefst opinberra skipta og á hverju hann byggi rétt sinn til þess,
3. hverjir séu líklegir eftir fyrirbyggjandi upplýsingum til að hafa uppi kröfu um arf eftir þann látna og hvar verði náð til þeirra, umboðsmanna þeirra, lögráðamanna eða málsvara,
4. hverjar þekktar eignir búsins séu í helstu atriðum og hverjar þær skuldbindingar þess séu sem vitað er um.

Með kröfu um opinber skipti skulu fylgja eftirrit úr dánarskrá og gerðabók sýslumanns og af erfðaskrá og öðrum gögnum sem hann kann að hafa tekið við vegna skiptanna og geta skipt máli. Kröfunni skulu einnig fylgja önnur gögn sem hún er studd við.

Ef krafist er opinberra skipta skv. 38.–40. gr. skal sá sem hefur kröfuna uppi senda samrit hennar þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir.

43. gr.

Berist héraðsdómara krafa um opinber skipti sem hann telur þegar ljóst að skilyrði séu ekki til að verða við getur hann kveðið upp úrskurð um höfnun hennar án frekari aðgerða. Ella ákveður hann stað og stund til þinghalds þar sem beiðnin verður tekin fyrir og tilkynnir það í símskeyti, ábyrgðarbréfi eða með öðrum jafntryggum hætti þeim sem hefur kröfuna uppi og þeim sem þar er greint að kunni að telja til arfs eftir þann látna eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum, enda hafi áður verið sett trygging skv. 1. mgr. 41. gr. ef hennar er þörf. Í tilkynningu skal jafnframt tekið fram hver hafi krafist opinberra skipta og á hvaða grundvelli, svo og hverju það varði ef ekki verður sótt þing.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast þeim sem henni er beint til eða þeim sem er hæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í einkamáli. Héraðsdómari má þó ákveða skemmri fyrirvara ef hann telur brýna hagsmuni í húfi.

Ef ekki verður ráðið af því sem fram er komið hverjir geti krafist arfs eða hvar verði náð til þeirra og héraðsdómari telur ekki að ætlast megi til að sá sem krefst opinberra skipta geti aflað nánari vitneskju stendur það ekki í vegi opinberra skipta þótt þeim verði ekki tilkynnt um kröfuna.

44. gr.

Sæki sá ekki þing sem hefur uppi kröfu um opinber skipti þegar hún er tekin fyrir skal hún talin fallin niður. Ef krafist er getur héraðsdómari úrskurðað þeim ómaksþóknun sem hafa sótt þing vegna kröfunnar úr hendi þess sem hafði hana uppi.

Ef sá sækir þing sem krefst opinberra skipta, andmæli koma ekki fram gegn henni og ákvæðum 43. gr. er fullnægt tekur héraðsdómari kröfuna til úrskurðar.

Komi fram andmæli gegn kröfu um opinber skipti skal farið með hana eftir 1. mgr. 120. gr.

Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort búið verði tekið til opinberra skipta hvort sem kröfu um það hefur verið mótmælt eða ekki. Hann skal gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu til þeirra þótt ekki hafi verið móti því mælt.

Þótt úrskurður héraðsdómara um að búi verði tekið til opinberra skipta sé kærður til ædra dóms frestar það ekki framkvæmd þeirra, en þess skal gætt að aðgerðir raski ekki réttindum málsaðila meira en nauðsyn krefur meðan mál er enn óútkljáð.

Héraðsdómari skal tilkynna sýslumanni, sem skiptin eiga undir, um niðurstöður dómstóla um kröfu um opinber skipti.

45. gr.

Nú koma mótmæli fram gegn kröfu um opinber skipti og getur þá sá sem krefst skiptanna krafist að héraðsdómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif leyfis, sem hefur verið veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til setu í óskiptu búi, falli niður að einhverju leyti eða öllu ef sérstök hættu þykir á að ráðstafanir verði annars gerðar sem gætu ýrt réttindi þess sem krefst opinberra skipta. Héraðsdómari skal fara með slíka kröfu eftir 2. mgr. 120. gr.

Taki héraðsdómari til greina kröfu skv. 1. mgr. tekur sýslumaður á ný við forræði búsin að sama marki þar til héraðsdómari kveður á um hvort opinber skipti fari fram. Verði kröfu um opinber skipti síðan hafnað rakna réttaráhrif leyfis sjálfkrafa við.

Taki héraðsdómari eða æðri dómur til greina kröfu um opinber skipti fellur sjálfkrafa úr gildi leyfi til einkaskipta sem erfingjum kann að hafa verið veitt. Það sama á við um leyfi til setu í óskiptu búi að því leyti sem krafa um opinber skipti nær fram að ganga.

V. KAFLI

Skiptastjórar.

46. gr.

Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að búi sé tekið til opinberra skipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um opinber skipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívörðilegt að almenningsáliti eða athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
5. hafi lokið embættisprófi í lögum eða hafi annars þá þekkingu á lögum sem verður talin nauðsynleg til rækslu starfans,
6. eigi hvorki sjálfur kröfu til arfs úr búinu eða aðra kröfu á hendur því né maki hans né skyldmenni hans eða maka hans í beinan legg eða 1. lið til hliðar.

Hafi sá látni tilnefnt ákveðinn mann í erfðaskrá til að framkvæma skipti eftir sig skal sá skipaður skiptastjóri, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. Hafi sá látni tilnefnt fleiri menn en einn til að framkvæma skiptin í sameiningu skulu þeir báðir eða allir skipaðir til starfans ef ætla

má að skiptin verði umfangsmikil eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því, en annars skal héraðsdómari skipa einn eða fleiri úr þeirra hópi.

Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 47. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað.

Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki fyrir að hann hafi ábyrgðartryggingu vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.

Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

47. gr.

Erfingjum og öðrum þeim, sem hafa uppi kröfur á hendur búinu, er, meðan á opinberum skiptum stendur, heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra fyrir héraðsdómara sem hefur skipað hann. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist héraðsdómara með öðrum hætti vitneskja um að framferði skiptastjóra í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja skiptastjóra og þann sem kann að hafa haft aðfinnslur uppi á sinn fund til að tjá sig um málefnið. Héraðsdómara er heimilt að kveðja fleiri hlutaðeigendur á fund sinn af slíku tilefni.

Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið skiptastjóra kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði skiptastjóri ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum skal héraðsdómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Héraðsdómari skal með sama hætti víkja skiptastjóra úr starfi ef hann setur ekki tryggingu skv. 5. mgr. 46. gr. innan tilskilins frests eða ef skiptastjóri fullnægir ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 46. gr.

Fallist héraðsdómari ekki á að víkja skiptastjóra úr starfi skv. 2. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóranum verði víkið frá. Með sama hætti getur erfingi eða annar sá, sem hefur uppi kröfu á hendur búinu og telur skiptastjóra ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 46. gr., krafist að héraðsdómari kveði á um það með úrskurði hvort skiptastjóra verði víkið frá af þeim sökum. Farið skal með slíkar kröfur eftir 121. gr.

48. gr.

Skiptastjóri annast öll störf sem lúta að meðferð búsins, en honum er heimilt á kostnað þess að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk á sína ábyrgð.

Skiptastjóri á rétt til þóknunar fyrir störf sín sem greiðist af búinu eða þeim sem ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar skv. 41. gr. Honum er heimilt að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun sína meðan á skiptum stendur, enda kynni hann ákvörðun um það á skiptafundi og það teljist tryggt að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra sem eiga réttthærri kröfur á hendur búinu.

Sá sem hefur verið skipaður skiptastjóri telst opinber sýslunarmaður meðan hann gegnir starfanum.

Skiptastjóra ber að bæta tjón sem hann kann að valda öðrum í starfi eftir almennum skaðabótareglum.

49. gr.

Skiptastjóri sér um reikningshald fyrir búíð og gefur skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur.

Hafi skiptum ekki verið lokið innan sex mánaða frá því búíð var tekið til opinberra skipta skal skiptastjóri gera yfirlit yfir efnahag og rekstur búsins, en upp frá því um hver áramót og mitt hvert ár þar til skiptum er lokið. Hver erfingi og hver sá, sem hefur lýst kröfu í búíð en

hefur ekki fengið efndir hennar, getur krafist að fá að sjá reikninga búsins. Skiptastjóra er heimilt á kostnað búsins að fela löggiltum endurskoðanda að gera reikninga þess eða endurskoða þá ef þess er krafist eða hann telur annars sérstaka ástæðu til.

50. gr.

Skiptastjóri skal halda skiptafundi með erfingjum og þeim sem hafa uppi kröfur á hendur búi eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum eða hann telur annars þörf.

Skiptastjóri ákveður hvar skiptafundur verða haldnir og hvenær, með hverjum fyrirvara þeir verði boðaðir og hvert fundarefni verði, að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í lögum þessum. Leitast skal þó við að skiptafundur verði haldnir á slíkum stað og tíma að ætla megi að sem flestir fundarmenn eigi hægt með að sækja þá.

Skiptastjóri skal boða til skiptafunda með þeim hætti að fram komi í aðalatriðum hvert fundarefni verði og sannað verði hvort fundarmanni hafi borist eða mátt berast fundarboð, en fundarmenn skulu þó einir gjalda þess hafi þeir ekki veitt skiptastjóra nægar upplýsingar um hvar til þeirra verði náð. Misfarist fundarboð til eins eða fleiri fundarmanna getur skiptastjóri ákveðið að fresta fundi eða að halda hann með áskilnaði um rétt þeirra sem voru ekki boðaðir til að hafa uppi athugasemdir síðar um það sem þar fer fram.

Skiptastjóri stjórnar skiptafundum og atkvæðagreiðslum sem fara þar fram og ákveður í hverri röð málefni verði tekin fyrir og fundarmenn fá að tjá sig. Skiptastjóra er heimilt að vísa óviðkomandi mönnum af fundi, svo og fundarmönnum sem spilla þar starfsfriði.

Skiptastjóri færir fundargerðir á skiptafundum og skal hann gæta þess að fundarmönnum sé kynnt efni þeirra áður en fundi verður slitið og gefinn kostur á að hafa uppi athugasemdir um það.

51. gr.

Skiptastjóri tekur við skjölum sem hafa þýðingu fyrir skiptin og varðveitir þau um sinn eftir að hann lýkur störfum, að því leyti sem þau hafa ekki áður verið lögð fram í dómi eða afhent sýslumanni við lok opinberra skipta. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum.

Sá sem sýnir skiptastjóra fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta getur krafist að fá aðgang að skjölum búsins til skoðunar og eftirrit af þeim á eigin kostnað meðan skiptastjóri hefur þau í vörslum sínum.

52. gr.

Þeim sem geta kallað til arfs eða gjafar úr búi og þeim sem hafa eignir þess í umráðum sínum er skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni þess látna eða búsins sem hann krefst. Sama skylda hvílir á opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, svo og öðrum sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir dánarbús vegna viðskiptatengsla við þann látna eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Verði einhver sá, sem getur í 1. mgr., ekki við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni. Skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvæðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

VI. KAFLI

Fyrstu aðgerðir við opinber skipti.

53. gr.

Skiptastjóri skal svo fljótt sem verða má eftir skipun hans boða til skiptafundar þá erfingja sem eru þekktir og vitað er hvar megi finna eða umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara.

Ef náð verður til allra sem má telja af því sem fram er komið að geti krafist arfs úr búinu eða umboðsmanna þeirra, lögráðamanna eða málsvara skal skiptastjóri krefja þá svara á skiptafundi skv. 1. mgr. um hvort erfingjar taki á sig ábyrgð á skuldbindingum búins, nema þeir hafi áður fengið leyfi til einkaskipta og allir lýst yfir þeirri ábyrgð þá. Mæti ekki allir erfingjar til fundarins skal skiptastjóri skora bréflaga á þá sem hafa ekki tjáð sig að láta uppi afstöðu sína innan tiltekins skamms frests hafi enginn erfingi áður hafnað að takast á hendur ábyrgð. Fáist ekki með þessum hætti ábyrgð allra erfingja á skuldbindingum búins skal titið svo á að þeir hafi allir hafnað að takast hana á hendur.

Skiptastjóri kannar af sjálfsdáðum hvort kröfur um arf eftir þann látna eigi við rök að styðjast. Telji hann framkomna kröfu ekki fá staðist eða verði annars ágreiningur um réttindi til arfs skal hann beina málefnum til héraðsdóms eftir 122. gr.

54. gr.

Skiptastjóri skal leita vitneskju um hverjar eignir tilheyri búinu, hvar þær sé að finna og hver fari með umráð þeirra eða hafi umsjón með þeim. Hann skal tafarlaust gera ráðstafanir til að tryggja varðveislu eigna og taka ef með þarf við umráðum þeirra eða umsjón með þeim, nema hann telji hættulaust að munir búins verði áfram í vörslum annarra, enda lýsi vörslumaður þá yfir að hann sé fús til að gæta þeirra áfram á eigin áhættu.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést skal skiptastjóri, hvort sem erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búins eða ekki, þegar í stað leita svara maka þess látna við því hvort hann vilji neyta réttar síns til að leysa til sín eignir búins skv. 35. gr. Lýsi maki yfir vilja til þess skal skiptastjóri krefjast mats á þeim eignum búins sem nauðsyn ber til hafi þess ekki þegar verið aflað eða sammæli orðið um verðmat þeirra sem skiptastjóri getur fallist á.

Hafi allir erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búins og maki þess látna hefur ekki neytt réttar til að leysa þær til sín skal skiptastjóri leita svara erfingja á skiptafundi við því hvort þeir krefjist útlagningar á tilteknum eignum til greiðslu arfs. Komi fram krafa um útlagningu skal skiptastjóri krefjast mats á þeim eignum hafi þess ekki þegar verið aflað, nema sammæli verði um verðmat þeirra sem hann getur fallist á. Hafi erfingjar ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum bú en síðar kemur í ljós að eignir muni koma til arfs skal farið eins með þær eignir sem hefur ekki þá þegar verið ráðstafað við skiptin.

Ákvæði 17.–23. gr. taka til mats sem skiptastjóri krefst á eignum bú og nýtur hann þá einnig þeirrar stöðu sem erfingjum er þar veitt.

Ef ágreiningur rís um réttindi maka til að leysa eignir búins til sín eða um kröfur maka eða annarra erfingja um að fá þær lagðar sér út skal skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir 122. gr. Eins skal farið að ef ágreiningur verður um mat á eignum búins sem skiptastjóri krefst.

55. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem við verður komið, leita vitneskju um skuldbindingar búins, eftir atvikum með könnun gagna þess látna og þinglýstra heimilda og með fyrirspurnum til erfingja, innheimtumanna opinberra gjalda og þeirra sem er vitað eða má telja líklegt að hafi átt í viðskiptum við þann látna.

VII. KAFLI

Meðferð krafna á hendur búi ef erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar þess.

56. gr.

Skiptastjóri skal gefa út og fá birta innköllun vegna skiptanna ef yfirlýsingar hafa ekki komið fram af hálfu allra, sem af því sem fram er komið verða taldir erfingjar eftir þann látna, um að þeir taki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins. Eins skal farið að ef ekki er vitað um neinn erfingja eða tilefni er annars til að ætla að ekki sé vitað um þá alla.

Í innköllun skal koma fram nafn þess látna, kennitala, dánardagur og heimilisfang hans þá og að dánarbúið hafi verið tekið til opinberra skipta samkvæmt úrskurði uppkveðnum tiltekinn dag. Í henni skal skorað á þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því innköllunin birtist fyrri sinni og skal tekið fram hvert kröfur skuli sendar. Ef óvíst er hvort allir erfingjar hafi gefið sig fram eða ekki hefur náðst til allra þekktra erfingja skal enn fremur skorað á þá sem telja sig eiga rétt til arfs eftir þann látna að lýsa kröfum sínum innan sama frests.

Innköllunin skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði.

57. gr.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð svo að ekki verði um villt. Í henni skulu kröfur tiltekna svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum og hvernar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu tiltekins hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur búinu, lausn undan tiltekinni skyldu við það, skyldu þess til ákveðinnar athafnar eða til að láta af henni, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar eða gæslu hagsmuna af henni o.s.frv. Í kröfulýsingu skal enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á hendur búi á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við.

Skiptastjóri skal staðfesta móttöku kröfulýsingar ef eftir því er leitað.

Kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgja sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum.

58. gr.

Ef kröfu á hendur búi er ekki lýst fyrir skiptastjóra áður en fresti lýkur skv. 2. mgr. 56. gr. fellur hún niður gagnvart búinu nema:

1. kröfunni sé lýst áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu og ef eignir búsins koma til greiðslu arfs, að allir erfingjar samþykki að krafan fái komist að, en ef eignir koma ekki til greiðslu arfs, að samþykki fáið fyrir því hjá $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra kröfuhafa sem færu á mis við greiðslu með því að krafan kæmist að, talið bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum,
2. kröfuhafinn sé búsettur erlendis og hafi hvorki verið kunnugt né mátt vera kunnugt um opinberu skiptin, enda sé kröfunni lýst án ástædulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
3. krafan hafi fyrst orðið til eftir upphaf opinberra skipta og henni er lýst án ástædulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
4. ráðstafa megi eign búsins við nauðungarsölu til lúkningar kröfunni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar,
5. krafan sé höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu búsins, enda hafi sá sem krefst skuldajafnaðar átt kröfu sína áður en búið var tekið til opinberra skipta.

Krafa um afhendingu eignar, sem búið hefur haft í vörslum sínum, fellur þó ekki niður þótt henni sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests. Hafi búið ráðstafað eigninni áður en kröfu um afhendingu hennar er lýst fer um réttindi á hendur búinu eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti.

Krafa um arf eða gjöf úr búi fellur heldur ekki niður þótt henni sé ekki lýst.

59. gr.

Þegar kröfulýsingarfresti er lokið skal skiptastjóri tafarlaust gera skrá um þær kröfur sem hafa komið fram þar sem hann lætur í ljós sjálfstæða afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig hann telji að viðurkenna eigi hverja kröfu um sig. Í skránni skal getið hvers efnis kröfurnar séu fjárhæða þeirra og umkrafinnar stöðu í skuldaröð ef því er að skipta. Skiptastjóra er þó óskýlt að taka afstöðu til kröfu ef telja má fullvíst að ekki geti komið til greiðslu hennar að neinu leyti við skiptin.

Þegar kröfuskrá hefur verið gerð skv. 1. mgr. skal skiptastjóri boða erfingja og þá sem hafa lýst kröfum til skiptafundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Skiptastjóri skal senda erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum eintak af kröfuskrá með boðun sinni. Í boðun til þess sem hefur lýst kröfu skal tekið fram hverja afstöðu skiptastjóri hafi tekið til viðurkenningar kröfu hans eða honum sent eintak kröfuskrár með boðuninni. Í boðun skiptastjóra skal tekið fram hver áhrif það hafi eftir 3. mgr. 60. gr. að andmæli komi ekki fram gegn afstöðu hans til viðurkenningar krafna.

60. gr.

Kröfuhafi, sem vill ekki una afstöðu skiptastjóri til viðurkenningar kröfu sinnar á hendur búinu, skal lýsa yfir mótmælum sínum á skiptafundi sem er boðað til skv. 59. gr. eða tilkynna það skiptastjóra með bréfi sem berst honum ekki síðar en á þeim fundi. Með sama hætti er erfingja eða kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin.

Skiptastjóri leggur fyrir kröfuskrá og kröfulýsingar á skiptafundi ásamt mótmælum sem kunna að hafa borist skv. 1. mgr. Þar skal hann eftir föngum veita fundarmönnum þær skýringar sem þeir æskja um efni einstakra krafna, ástæður fyrir afstöðu hans til viðurkenningar þeirra og framkomin mótmæli gegn þeim. Komi fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu og þeir eru staddir þar báðir eða allir sem hafa mótmælt og mótmæli beinast gegn skal skiptastjóri reyna að jafna ágreininginn, en annars skal hann boða þá sem eiga hlut að máli sem fyrst til sérstaks fundar í því skyni. Verði ágreiningur ekki leystur með þeim hætti skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr.

Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram skv. 1. mgr. gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt við skiptin.

61. gr.

Ef kröfu er lýst eftir að kröfulýsingarfresti er lokið en ekki er víst að hún sé fallin niður fyrir þær sakir skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig hann telji eiga að viðurkenna hana. Hann skal boða erfingja og þann sem hefur lýst kröfunni til skiptafundar með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 59. gr., svo og aðra kröfuhafa ef ekki er orðið ljóst að búíð geti efnt kröfur þeirra. Ákvæði 60. gr. gilda um rétt til mótmæla gegn afstöðu skiptastjóra, meðferð mótmæla sem kunna að koma fram og þýðingu þess að engum mótmælum sé hreyft.

62. gr.

Á skiptafundi, sem er haldinn skv. 59. og 60. gr., skal skiptastjóri gera grein fyrir efnahag búsins og tilkynna fundarmönnum hvort hann muni fara með búíð eftir því sem segir í 2. mgr. eða 3. mgr.

Telji skiptastjóri víst að andvirði eigna búsins muni nægja til að efna viðurkenndar kröfur á hendur því, að viðbættum kröfum sem ágreiningur stendur enn um og kröfum sem vitað er um og mætti koma að við skiptin þótt þeim hafi ekki verið lýst, skal hann greiða viðurkenndar og gjaldfallnar kröfur eftir því sem fé liggur þegar fyrir og berst síðar, en taka frá fé vegna

ógjaldfallinna, umdeildra, skilyrtra eða óframkominna krafna sem hann greiðir þegar efni verða til. Frá skiptafundinum fer þá um skiptin eftir þeim reglum þessara laga sem gilda þegar erfingjar ábyrgjast skuldbindingar búsinns eftir því sem þær geta átt við, en ekki verða erfingjar taldir bera ábyrgð á skuldbindingum búsinns skv. 3. mgr. 80. gr. af þessum sökum.

Verði ekki farið þannig að sem segir í 2. mgr. skal skiptastjóri tilkynna héraðsdómara það skriflega og fara með búið upp frá því samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti án þess að frekari dómsúrskurðar, innköllunar, auglýsinga eða tilkynninga sé þörf. Verði afgangur eigna þegar skuldbindingar búsinns hafa verið efndar skal farið með búið upp frá því eftir ákvæðum 2. mgr.

Erfingi eða kröfuhafi, sem vill ekki una ákvörðun skiptastjóra um það hvort hann fari með búið eftir 2. eða 3. mgr., getur mótmælt henni á þeim skiptafundi þar sem hún er kynnt. Komi slík mótmæli fram og takist skiptastjóra ekki að jafna ágreininginn skal hann beina málefnum til héraðsdóms eftir 122. gr.

VIII. KAFLI

Meðferð krafna á hendur búi ef erfingjar ábyrgjast skuldbindingar þess.

63. gr.

Hafi erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsinns skal innköllun því aðeins gefin út vegna skiptanna að einhver þeirra krefjist þess um leið og hann lýsir yfir ábyrgð af sinni hendi. Skiptastjóri má þó verða við ósk erfingja um útgáfu innköllunar sem kemur fram síðar ef hann ætlar að það muni ekki leiða til teljandi tafa, enda hafi erfingjar ekki þegar fengið útlagðar eignir eða greiðslur upp í arf.

Ef innköllun er gefin út skv. 1. mgr. gilda ákvæði 56.–58. gr. um efni hennar, birtingu og réttaráhrif og um kröfulýsingar og frest til að koma þeim fram.

Pótt innköllun hafi ekki verið gefin út er hverjum þeim sem telur sig eiga kröfu á hendur búinu heimilt að lýsa henni fyrir skiptastjóra í því formi og með þeim áhrifum sem mælt er fyrir um í 57. gr.

64. gr.

Skiptastjóri skal boða erfingja til skiptafundar og kynna þeim kröfur sem er lýst fyrir honum eftir því sem þær berast eða annars svo oft sem hentugt þykir. Hafi innköllun verið gefin út skal þetta að jafnaði gert á einum fundi að liðnum kröfulýsingarfresti.

Hafi kröfu verið lýst og erfingi mótmælir henni hvort sem innköllun var gefin út eða ekki skal skiptastjóri boða hlutaðeigendur til sérstaks fundar til að leitast við að jafna ágreining þeirra, en takist það ekki skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir 122. gr. Svo lengi sem kröfunni hefur ekki verið hrundið fyrir dómi nýtur sá sem hefur lýst henni þeirrar stöðu sem er kveðið á um í 2. mgr. 65. gr.

Mótmæli erfingjar ekki lýstum kröfum sem hefur verið fjallað um á skiptafundi og gjaldfallnar eru skal skiptastjóri efna þær fyrir búið í þeirri röð sem þeim var lýst og eftir því sem efni þess hrökkva til, nema erfingjar efni þær sjálfir eða taki að sér efndir þeirra með samþykki hlutaðeigenda. Standi ágreiningur um viðurkenningu gjaldfallinnar kröfu skal taka frá fé eða gera aðrar ráðstafanir til að mæta henni verði hún viðurkennd fyrir dómi.

65. gr.

Hafi innköllun verið gefin út má ekki leggja erfingjum út eignir úr búinu eða greiða þeim arf á annan hátt meðan kröfulýsingarfresti er ólokið.

Að öðru leyti má ekki leggja erfingjum út eignir eða greiða þeim upp í arf nema allar lýstar kröfur hafi verið efndar að því leyti sem efndatími þeirra er kominn og þær eru óumdeildar, en fé tekið frá eða trygging sett fyrir efndum umdeildra gjaldfallinna krafna eða hlutaðeigandi kröfuhafar samþykki annars slíkar ráðstafanir.

66. gr.

Þótt kröfu hafi verið lýst á hendur þúi samkvæmt því sem segir í þessum kafla breytir það ekki rétti þess sem það hefur gert til að höfða mál um kröfu sína eða krefjast fullnustugerða án undangengins dóms eða sáttar á hendur erfingjum, einum eða fleiri, í skjóli ábyrgðar þeirra á skuldbindingum búins.

IX. KAFLI

Bústjórn og skiptafundir um ráðstöfun hagsmuna búins.

67. gr.

Meðan á opinberum skiptum stendur fer skiptastjóri með forræði dánarbúins og er einn bær um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess. Hann kemur fram af hálfu búins fyrir dómi og gerir samninga og aðra löggæringa í nafni þess.

Skiptastjóri skal einkum gæta þess í störfum sínum að skiptum verði lokið án ástæðulauss dráttar, að réttindum búins verði ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt að því leyti sem þau verða ekki lögð erfingjum út, að kröfur þess og innstæður verði heimtar inn, að engin þau réttindi þess fari forgörðum sem geta haft verðgildi og að gripið verði til þeirra aðgerða sem verða annars taldar nauðsynlegar til að forða það tjóni. Hann skal og gæta þess að peningaeign búins beri sem hagkvæmasta vexti á reikningi við banka eða sparisjóð með tilliti til þess um hve langan tíma megi ætla að hann hafi hana undir höndum.

68. gr.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína gera ráðstafanir um atvinnurekstur bú, gagnkvæma samninga þess og önnur atriði sem verða talin mikilvæg fyrir hagsmuni þess og þola ekki bið. Verði því komið við án þess að hætta sé á að hagsmunir búins spillist skal skiptastjóri þó áður ráðfæra sig við þá erfingja og kröfuhafa sem eiga helstra hagsmuna að gæta við skiptin eftir því sem fram er komið eða málefnið getur varðað sérstaklega.

Að öðru leyti en því sem er mælt fyrir um í 1. mgr. skal skiptastjóri bera undir skiptafundi hvort mikilsverðum réttindum búins skuli ráðstafað, hve fljótt það verði gert og hvernig, hvort kröfum verði haldið uppi eða réttindi gefin eftir sem einhverju nema, svo og aðrar ráðstafanir sem geta skipt miklu fyrir hag búins, nema taka verði ákvörðun til að afstýra tjóni með svo skjóttum hætti að því verði ekki komið við. Skiptastjóri getur borið aðrar ráðstafanir undir skiptafundi þótt óskyldt sé.

Ákveði skiptastjóri að halda ekki uppi hagsmunum sem búið kann að njóta eða geta notið hvort sem það er gert samkvæmt ályktun skiptafundar eða ekki getur erfingi gert það í eigin nafni til hagsbóta búinu hafi skiptastjóri ekki þegar skuldbundið það á annan veg. Sá erfingi, sem vill gera slíkt, skal tilkynna það skiptastjóra tafarlaust og bera sjálfur kostnað og áhættu af aðgerðum sínum, en hann getur krafðið búið um endurgreiðslu kostnaðar að því leyti sem því áskotnast fé af þeim.

Kröfuhafi, sem getur ekki vænst fullra efnda kröfu sinnar frá búinu, hefur sömu heimild og erfingjar njóta skv. 3. mgr.

Hafi erfingi eða kröfuhafi tekið að sér hagsmuni búins skv. 3. eða 4. mgr. getur skiptastjóri hvenær sem er ákveðið að búið taki við þeim á ný, en áður skal þó hlutadeiganda greiddur sá kostnaður sem hann hefur orðið að bera af þessum sökum.

69. gr.

Þótt erfingjar hafi ekki tekið ábyrgð á skuldbindingum búins skal boða þá til skiptafunda, nema farið sé með það eftir fyrirmælum 3. mgr. 62. gr.

Hafi erfingjar ekki tekið ábyrgð á skuldbindingum búins skulu kröfuhafar boðaðir til skiptafunda sem eru haldnir meðan kröfulýsingarfresti er ólokið. Þeir kröfuhafar, sem hafa ekki þegar fengið fullar efndir úr hendi búins, skulu einnig boðaðir til skiptafunda eftir þann

tíma. Hafi kröfuhafi uppi kröfu um annað en peningagreiðslu skal hann þó aðeins boðaður til fundar ef fjallað verður um hagsmuni hans.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsinns þarf ekki að boða aðra en þá til skiptafunda.

Að því leyti sem þarf að ákveða atkvæði á skiptafundum ráðast þau meðal erfingja af arfshlutföllum þeirra, þó þannig að maki þess látna nýtur einnig atkvæða af búshluta sínum ef ákvörðun varðar hjúskapareign. Meðal kröfuhafa ráðast atkvæði af fjárhæðum krafna þeirra, en að því leyti sem krafa er tryggð að hluta, ógjaldfallin, umdeild eða skilyrt, skal skiptastjóri ákveða henni atkvæði til bráðabirgða. Fari erfingjar og kröfuhafar í senn með atkvæði skal hvor hópur fara samanlagt með helming atkvæða. Séu atkvæði greidd um málefni sem varða sérstaka hagsmuni einstaks erfingja eða kröfuhafa skulu atkvæði hlutadeiganda falla niður.

Skiptastjóra er heimilt að boða aðra til skiptafunda en skylt er skv. 1.–3. mgr. ef fundarefni varðar hagsmuni þeirra eða nærvera þeirra gæti orðið til hagræðis. Slíkir fundarmenn njóta ekki málfrelsis eða tillöguréttar nema að því leyti sem skiptastjóri ákveður.

70. gr.

Skiptafundur er ályktunarfær ef hann er sóttur af þeim sem fara með minnst þriðjung atkvæða skv. 4. mgr. 69. gr.

Ef skiptafundur er ekki ályktunarfær skal skiptastjóri ráða fundarefninu til lykta, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

Skiptastjóri er bundinn af ákvörðun ályktunarfærs skiptafundar hafi allir fundarmenn verið á einu máli. Telji skiptastjóri slíka ákvörðun þó andstæða lögum, óheidarlega, óframkvæmanlega eða bersýnilega fara í bága við hagsmuni erfingja eða kröfuhafa, sem sóttu ekki fundinn eða geta enn gefið sig fram, má hann virða ákvörðunina að vettugi og annaðhvort leggja málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráða málefninu sjálfur til lykta.

Greini fundarmenn á um ákvörðun er skiptastjóra að öðru jöfnu rétt að fylgja ályktun meiri hlutans. Það skal þó ekki gert ef efni eru til að víkja frá henni vegna þeirra atvika, sem eru talin í 3. mgr., eða ef ætla má að meirahlutavaldi sé misbeitt minni hlutanum til tjóns. Telji skiptastjóri ekki fært að fara að ályktun meiri hlutans getur hann lagt málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráðið því sjálfur til lykta.

Falli atkvæði jöfn á skiptafundi eða fáist annars ekki ályktun meiri hluta skal skiptastjóri ráða málefninu til lykta á þann veg sem hann telur best eiga við, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

71. gr.

Skiptastjóri skal kynna niðurstöður um fundarefni skv. 70. gr. jafnharðan á skiptafundum, nema hann telji nauðsynlegt að fresta ákvörðun til nýs fundar. Þá skal hann einnig kynna ráðstafanir sem hann hefur gert um hagsmuni búsinns frá því fundur var síðast haldinn og geta skipt máli.

Mæti erfingi eða kröfuhafi ekki til skiptafundar, sem hann hefur verið sannanlega boðaður til, glatar hann rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Erfingi eða kröfuhafi, sem á atkvæði um málefni búsinns og telur ákvörðun eða ráðstöfun skiptastjóra ólögumæta, getur mótmælt henni þegar á þeim fundi sem hún er kynnt, en ella á næsta fundi, sem hann er boðaður til, hafi hann ekki glatað rétti til þess skv. 2. mgr. Komi slík mótmæli fram skal skiptastjóri leitast við að jafna ágreininginn, en takist það ekki skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Meðan ágreiningur hefur ekki verið leiddur til lykta skulu ekki gerðar ráðstafanir um málefnið nema nauðsynlegt sé til að réttindi eða munir fari ekki forgörðum eða rýrni að mun.

X. KAFLI

Lok opinberra skipta og endurupptaka þeirra.

72. gr.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búans og það kemur í ljós, þegar eignum búans hefur verið komið í verð og kröfulýsingarfresti er lokið ef innköllun hefur verið gefin út, að andvirði eigna nægi ekki nema til að greiða lýstar kröfur að nokkru leyti eða öllu, skal skiptastjóri ráðstafa fénu til greiðslu skiptakostnaðar og krafna samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 64. gr., en gera síðan yfirlit um það fé sem hann hefur tekið við í þágu búans og ráðstöfun þess. Að því gerðu skal hann boða erfingja til skiptafundar með minnst tveggja vikna fyrirvara til að ljúka skiptunum. Eintak yfirlitsins skal fylgja boðuninni.

Komi ekki fram ábendingar um frekari eignir eða réttindi búans á skiptafundi sem er haldinn skv. 1. mgr. ritar skiptastjóri á yfirlit sitt að skiptum sé lokið með þeim ráðstöfunum sem þar koma fram. Skal hann tilkynna þetta héraðsdómara skriflega, svo og sýslumanni sem skiptin áttu undir.

Verði ágreiningur um hvort skilyrði séu til að ljúka skiptum samkvæmt því sem segir í 2. mgr. skal skiptastjóri leitast við að jafna hann á skiptafundinum eða á sérstökum fundi með hlutadeigendum. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir 122. gr.

Skiptum má ljúka samkvæmt framansögðu þótt svo standi á sem segir í 76. gr., en þá skal farið eftir ákvæðum þeirrar greinar eftir því sem átt getur við.

73. gr.

Nú hefur sá látni verið í hjúskap, erfingjar hans hafa tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum búans eða farið er með skiptin eftir 2. mgr. 62. gr. og kröfulýsingarfresti er lokið ef innköllun hefur verið gefin út, og maki þess látna tilkynnir skiptastjóra skriflega að hann óski eftir að setjast í óskipt bú með einhverjum samerfingja sinna eða þeim öllum. Skal þá skiptastjóri, ef hann telur skilyrðum laga fullnægt fyrir slíkri heimild, senda þeim sýslumanni, sem skiptin áttu undir, umsókn makans um leyfi til setu í óskiptu búi og samrit þeirra gagna sem hann hefur undir höndum og geta skipt máli við mat á umsókninni. Veiti sýslumaður leyfið skal skiptastjóri ljúka opinberum skiptum þá þegar, eftir atvikum að því leyti sem efni eru til, og láta makanum í té forræði á þeim eignum sem renna til óskipta búans, enda hafi kostnaður af skiptunum þá verið greiddur.

Ekki stendur það í vegi fyrir að opinberum skiptum ljúki skv. 1. mgr. að gjaldfallnar kröfur hafi ekki greiðst eða trygging verið sett fyrir þeim, en skiptastjóri skal þá tilkynna hlutadeigandi kröfuhöfum um málalokin. Ef dómsmáli er ólokið til að leysa úr ágreiningi um kröfu á hendur búinu skal því þó haldið áfram ef kröfuhafinn kys svo, en maki þess látna tekur þá við málsaðild af búinu og verður bundinn af niðurstöðu þess ef þeir hagsmunir sem um er að tefla renna til óskipta búans eða falla á það.

Skiptastjóri tilkynnir héraðsdómara um lok opinberra skipta skv. 1. mgr.

74. gr.

Ef skilyrðum 28. gr. er fullnægt geta erfingjar komið því á framfæri við skiptastjóra að þeir óski eftir að fá leyfi til einkaskipta á búinu, enda sé kröfulýsingarfresti lokið ef innköllun hefur verið gefin út og lýstar og gjaldfallnar kröfur greiddar, trygging sett eða fé tekið frá fyrir þeim eða ófullnægðir kröfuhafar samþykkja ósk erfingjanna skriflega. Telji skiptastjóri að skilyrði geti verið fyrir einkaskiptum skal hann senda beiðni erfingjanna um heimild til þeirra þeim sýslumanni sem skiptin áttu undir. Veiti sýslumaður leyfið skal skiptastjóri ljúka opinberum skiptum þá þegar og láta erfingjum í té forræði á eignum búans, en áður skal þó kostnaður af skiptunum greiddur.

Ef leyfi er veitt til einkaskipta skv. 1. mgr. og dómsmál er rekið til að leysa úr ágreiningi um kröfu á hendur búinu skal því haldið áfram ef gagnaðili búsins kýs svo, en erfingjar taka þá við fyrisvari fyrir búið af skiptastjóra.

Skiptastjóri tilkynnir héraðsdómara um lok opinberra skipta skv. 1. mgr.

75. gr.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldum og skilyrðum 65. gr. er fullnægt, eða ef svo er ástatt sem segir í 2. mgr. 62. gr., getur skiptastjóri afhent þeim þær eignir, sem er afráðið að þeir fái lagðar sér út að arfi, þótt skiptum verði ekki enn lokið vegna annarra ástæðna. Skiptastjóri skal þó gæta þess að útlagning eigi sér ekki stað nema fé liggji fyrir til greiðslu skiptakostnaðar og að erfingi eigi enn tilkall til fjár sem nægi til greiðslu erfðafjárskatts úr hendi hans eða hann reiði það af hendi.

Kröfur gjafþega skulu efndar jafnskjótt og afráðið er um réttmæti þeirra og að búið geti efnt þær, enda greiði gjafþegi skiptastjóra um leið erfðafjárskatt vegna gjafarinnar og kostnað sem kann að leiða af varðveislu og afhendingu hennar.

76. gr.

Skiptastjóri getur ákveðið að ljúka skiptum þótt kröfu hafi verið lýst sem er háð ókomnu skilyrði eða dómsmál er rekið um, eða sá tími er ókominn sem búið getur krafist að fá að efna hana ef fyriséð þykir að nokkur bið verði enn eftir málalokum. Hafi erfingjar ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum skal fé tekið frá til að efna slíkar kröfur, svo og endranær ef dómsmál er rekið um gjaldfallna kröfu, en um varðveislu þess og endurupptöku skipta til úthlutunar á því fer eftir 82. gr.

Ef búið telur til eigna eða réttinda sem eru umdeild eða má vænta að teljandi bið verði eftir að megi koma í verð eða komi til greiðslu getur skiptastjóri ákveðið að ljúka skiptum án tillits til þeirra. Hann skal þó fylgja réttindunum eftir og taka skiptin upp á ný skv. 83. gr. Þegar búið getur ráðstafað þeim. Skiptastjóra er rétt að taka fé frá til að mæta útgjöldum af þessum sökum, en um meðferð þess skal farið eftir 1. mgr. að því leyti sem það nýtist ekki til fulls.

77. gr.

Þegar opinberum skiptum lýkur ekki skv. 72.–74. gr., lýstar kröfur á hendur búinu hafa eftir atvikum verið efndar og eignum þess hefur verið komið í verð að öðru leyti en því sem leiðir af fyrimælum 75. og 76. gr., skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, gera frumvarp til úthlutunar úr búinu. Í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem tilefni er til:

1. Yfirlit um eignir búsins, þannig að ráða megi af því hvað hafi verið til í reiðufé, fengist fyrir einstaka muni, innheimst af kröfum, unnist í vexti o.s.frv., en eignir sem hafa verið útlagðar erfingjum eða gjafþegum skulu greindar á því verði sem hefur verið metið eða ákveðið á annan hátt.
2. Yfirlit yfir kostnað af útför þess látna og af skiptunum sjálfum, en síðan skal greint hvað hafi verið greitt hverjum skuldheimtumanni, afhent gjafþegum eða varið á annan hátt til að efna skuldbindingar búsins.
3. Yfirlit um eignir sem koma ekki enn til skipta og fé sem er tekið frá um sinn, sbr. 76. gr.
4. Hversu mikið hver erfingi fái að arfi og að hverju marki hann fái muni lagða sér út og greiðslu í peningum, en tiltekið skal hverri fjárhæð verði haldið eftir til greiðslu erfðafjárskatts hvers erfingja eða eftir atvikum hvort erfingi hafi þegar reitt hann af hendi.

Það skal og tekið fram í frumvarpi ef erfðafé verður varðveitt eftir ákvæðum 81. gr. og með hverjum hætti það verði gert.

78. gr.

Skiptastjóri skal boða erfingja, umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara, til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar með minnst tveggja vikna fyrirvara og skal eintak þess fylgja boðuninni. Það skal tekið fram í boðun að verði fundurinn ekki sóttur af hálfu erfingja eða hafi hann ekki uppi mótmæli þar gegn frumvarpinu þá verði litið svo á að hann samþykki það.

Á skiptafundi, sem er haldinn skv. 1. mgr., skal skiptastjóri leggja frumvarpið fram og veita þær upplýsingar sem erfingjar æskja um það. Erfingjum er rétt að krefjast aðgangs að gögnum um reikningshald búsins sem skiptastjóri hefur undir höndum.

Hafi erfingjar ekki uppi mótmæli á fundinum skal frumvarpið talið endanlega samþykkt af þeirra hendi, hvort sem þeir sækja fundinn eða ekki. Skiptastjóri skal þá rita á frumvarpið að það hafi verið samþykkt sem úthlutunargerð úr búinu og að skiptum sé þar með lokið.

79. gr.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpi á skiptafundi skv. 78. gr. og þau varða önnur atriði þess en þau sem hlutadeigandi hefur þegar glatað rétti til að mótmæla skv. 2. mgr. 71. gr. skal skiptastjóri krefja þann svara sem hefur mótmælin uppi um hverjar breytingar hann telji eiga að gera á frumvarpinu.

Komi eingöngu fram mótmæli sem skiptastjóri telur efni til að fallast á getur hann breytt frumvarpinu þeim til samræmis og lokið skiptum, ef aðeins eru leiðréttar augljósar eða óverulegar skekkjur eða fundurinn er sóttur af hálfu allra erfingja og þeir gera engar athugasemdir. Verði það ekki gert skal skiptastjóri boða til nýs fundar skv. 78. gr. um frumvarpið svo breytt.

Verði mótmælum ekki sinnt með þeim hætti, sem segir í 2. mgr., skal skiptastjóri kveðja þá til fundar sem mótmælin varða, séu þeir ekki á skiptafundinum, og leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Meðan slíkur ágreiningur er ekki leiddur til lykta verður skiptum ekki lokið nema allir hlutadeigendur samþykki. Þegar ágreiningur hefur verið leiddur til lykta skal skiptastjóri gera nýtt frumvarp til úthlutunar og boða til fundar um það, sbr. 77.–79. gr., nema forsendur fyrra frumvarps standi óhaggaðar og telst það þá samþykkt.

80. gr.

Þegar frumvarp hefur verið samþykkt skal skiptastjóri standa skil á erfðafjárskatti og greiða erfingjum, umboðsmönnum þeirra eða lögráðamönnum arf og láta þeim í té skilríki fyrir eignarheimildum að því leyti sem það hefur ekki þegar verið gert.

Skiptastjóri skal tilkynna héraðsdómara skriflega að skiptum sé lokið. Einnig skal hann tilkynna það sýslumanni sem skiptin áttu undir og láta eintak úthlutunargerðar fylgja.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og innköllun hefur ekki verið gefin út við opinber skipti bera þeir ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á þeim skuldbindingum þess látna sem kunna síðar að koma fram þótt ekki hafi verið kunnugt um þær áður en skiptum lauk. Hafi innköllun verið gefin út bera þeir aðeins ábyrgð á þeim skuldbindingum sem var lýst eða halda gildi þrátt fyrir vanlýsingu en voru ekki greiddar við skiptin.

81. gr.

Hafi erfingi ekki gefið sig fram við skiptin og ókunnugt er hvar verði náð til hans skal skiptastjóri leggja erfðafé hans á reikning við banka eða sparisjóð, sem beri svo háa vexti sem kostur er. Hann skal afhenda sýslumanni, sem skiptin áttu undir, skilríki fyrir slíkum reikningi til varðveislu.

Hafi sýslumanni verið afhent skilríki fyrir arfi skv. 1. mgr., en innköllun hefur ekki verið gefin út til erfingja við skiptin, skal hann svo fljótt sem verða má fá birta tvívegis í

Lögbirtingablaði áskorun til erfingjans um að vitja arfsins að því viðlögðu að fénu verði ráðstafað skv. 3. mgr.

Gefi erfingi sig ekki fram við sýslumann til að vitja arfs, sem er varðveittur skv. 1. mgr., eða einhver sá sem getur sannað rétt sinn til fjárens innan tíu ára frá því innköllun til erfingja var birt eða áskorun skv. 2. mgr., geta erfingjar þess, sem féð var varðveitt fyrir, krafist að fá það afhent eins og sá hefði ekki lifað þegar arfurinn féll. Komi slík krafa ekki fram innan eins árs frá lokum þess frests skal sýslumaður greiða féð í ríkissjóð.

Hafi erfingja verið skipaður málsvari skv. 2. mgr. 13. gr. og erfinginn getur ekki tekið við arfi sínum við lok skipta skal skiptastjóri fara svo að sem segir í 1. mgr. Sýslumaður varðveitir þá arfinn þar til erfinginn verður fær um að taka við honum eða annar sannar rétt sinn til að taka við honum í stað erfingjans.

82. gr.

Hafi skiptastjóri lokið skiptum en tekið frá fé til að mæta skilyrtri kröfu, umdeildri eða ógjaldfallinni, skal það lagt á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Skiptastjóri varðveitir skilríki fyrir slíkum reikningi.

Þegar komið er í ljós um skilyrði fyrir kröfu, ágreiningur um hana hefur verið leiddur endanlega til lykta eða sá tími er kominn að hana megi efna, skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný, ótilkvaddur eða samkvæmt kröfu erfingja eða þess sem á rétt til greiðslu. Skiptastjóri skal þá greiða kröfuna hafi málalok orðið á þann veg, en standi eitthvað eftir af því sem tekið var frá skal hann tafarlaust gera frumvarp til viðbótarúthlutunar til erfingja og fara að öðru leyti svo að sem segir í 78.–81. gr. Nemi sú fjárhæð svo litlu sem kæmi í hlut hvers erfingja að hún standi ekki undir kostnaði af viðbótarúthlutun má skiptastjóri þó greiða hana í ríkissjóð.

83. gr.

Hafi skiptum verið lokið án tillits til eignar sem búið gat þá ekki ráðið yfir, sbr. 2. mgr. 76. gr., skal skiptastjóri ótilkvaddur og tafarlaust taka skiptin upp á ný ef eignin stendur búinu til ráðstöfunar. Standi andvirði eignarinnar undir kostnaði af því skal skiptastjóri boða til skiptafundar um ráðstöfun hennar ef nauðsyn ber til, en að ráðstöfun lokinni skal hann gera frumvarp til viðbótarúthlutunar til erfingja og fara annars svo að sem segir í 78.–81. gr. Að öðrum kosti ráðstafar hann eigninni og greiðir andvirði hennar í ríkissjóð.

Komi fram eign eftir skiptalok, sem hefði átt að falla til búins, skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný, ótilkvaddur eða eftir kröfu erfingja. Að öðru leyti skal farið eftir fyrirmælum 1. mgr.

84. gr.

Opinber skipti verða ekki endurupptekin að öðru leyti en heimilað er í 82. og 83. gr.

Gefi einhver sig fram innan tíu ára frá lokum opinberra skipta sem hefði átt rétt til arfs eða gjafar úr búinu en gengið var framhjá við skiptin getur hann krafist hvern þann fyrir sig sem naut arfs í hans stað um endurgreiðslu fyrir sitt leyti. Sá sem naut arfsins verður ekki krafinn um arð eða vexti af fénu nema hann hafi tekið við arfinum gegn betri vitund.

3. PÁTTUR

Einkaskipti dánarbúa.

XI. KAFLI

Staða erfingja og kröfuhafa við einkaskipti.

85. gr.

Frá því erfingjar hafa fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi skv. 31. eða 74. gr. og þar til skiptum lýkur eða leyfi þeirra fellur niður fara þeir í sameiningu með forræði búins og eru einir bærir um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess, þar á meðal við samningsgerð, fyrir dómi eða stjórnvöldum.

Erfingjum er heimilt að fela tilteknum manni, einum eða fleiri, að koma fram af hálfu búsinns gagnvart öðrum í vissum lögskiptum eða í öllu tilliti eftir því sem þeir ákveða nánar, sbr. 2. mgr. 29. gr.

86. gr.

Við ráðstofun á málefnum búsinns verða erfingjar að vera einhuga um ákvörðun nema þeir semji um annað. Samningur milli erfingja um að ákvörðun ráðist af atkvæði meiri hluta þeirra girðir ekki fyrir að hver þeirra geti um sig krafist opinberra skipta á búinu skv. 1. mgr. 38. gr.

87. gr.

Erfingjum er heimilt að gefa út og fá birta innköllun í Lögbirtingablaði og skora þar á þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess að lýsa þeim fyrir tilgreindum manni innan ákveðins frests. Slík innköllun hefur ekki þau áhrif sem er mælt fyrir um í 58. gr.

Hvort sem erfingjar gefa út innköllun eða ekki getur hver sá sem telur sig eiga rétt á hendur búinu lýst kröfu sinni fyrir erfingjunum eða þeim manni sem þeir hafa tilnefnt til að svara fyrir hagsmunum búsinns. Slík kröfulýsing hefur ekki þau áhrif sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 57. gr., nema mál sé rekið um hana eftir 2. mgr. 90. gr.

Mál verður ekki höfðað á hendur dánarbúi þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta nema að því leyti sem mælt er fyrir um heimild til þess í 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 90. gr. Þó má hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms á hendur dánarbúi ef það hefur höfðað mál um sína hagsmuni.

88. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eign dánarbús þótt erfingjar hafi leyfi til einkaskipta, hvorki til fullnustu kröfu á hendur þeim látna né erfingja, einum eða fleiri, nema eignin standi að fyrra bragði til tryggingar fyrir kröfunni. Það sama á við um kyrrsetningu og löggeymslu.

Hafi erfingjar leyfi til einkaskipta getur sá sem hefur aflað sér dóms á hendur þeim látna um skyldu hans til athafnar fylgt kröfu sinni samkvæmt dóminum eftir með aðför á hendur dánarbúinu að því leyti sem kröfunni verður fullnægt eftir aðalefni sínu án fjárnáms. Þá má einnig beina kröfu að dánarbúi um útburðar- eða innsetningargerð án undangengins dóms og sáttar. Kröfu um málskostnað, sem kann að vera lagður á búið vegna ágreinings um aðför eftir þessari málsgrein, má fullnægja með fjárnámi á hendur erfingja, svo og kröfu um kostnað af gerðinni sem hefur verið ákveðinn við framkvæmd hennar.

Sá sem telur athöfn erfingja í nafni búsinns brjóta gegn lögvörðum rétti sínum getur krafist að lögbann verði lagt við henni eftir almennum reglum, ef þeir hafa leyfi til einkaskipta. Mál til stadfestingar á lögbanni verður þá höfðað á hendur dánarbúinu og má sækja það í þeirri þinghá þar sem skiptin fara fram. Í slíku máli má dæma búið til greiðslu skaðabóta vegna brots á lögbanni og málskostnaðar, en slíku dómsákvæði má fullnægja með fjárnámi hjá erfingja.

Krefjast má nauðungarsölu á eign dánarbús eftir almennum reglum ef erfingjar hafa leyfi til einkaskipta og þeirri kröfu verður komið fram án aðgerða sem ákvæði 3. mgr. 87. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar girða fyrir.

89. gr.

Ákvæði 87. og 88. gr. breyta í engu rétti þess sem telur sig eiga kröfu á hendur dánarbúi til að sækja hana á hendur erfingja í skjóli ábyrgðar hans á skuldbindingum búsinns.

90. gr.

Ef ágreiningur rís milli erfingja við einkaskipti, hvort sem er um réttindi þeirra til arfs, réttindi eða skyldur búsinns eða ráðstafanir á hagsmunum þess, getur einn þeirra eða fleiri leitað úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið eftir 123. gr. meðan skiptum er enn ólokið. Dómsmál verður ekki höfðað með öðrum hætti til að fá leyst úr slíku ágreiningsefni.

Ef ágreiningur verður um kröfu sem er beint að dánarbúi skv. 2. mgr. 87. gr. og erfingjar og sá sem hefur hana uppi eru allir á einu máli um það geta þeir leitað úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið eftir ákvæðum 123. gr. meðan skiptum er enn ólokið.

Einkaskiptum verður ekki lokið meðan máli skv. 1. eða 2. mgr. er ólokið nema allir hlutaðeigendur séu á það sáttir, en málinu má þá halda áfram í óbreyttu horfi þótt skiptum sé lokið.

XII. KAFLI

Niðurfelling leyfis til einkaskipta.

91. gr.

Sýslumaður skal fella niður leyfi til einkaskipta og taka við forræði búsins á ný ef erfingjar ljúka ekki skiptum innan þess frests sem hann hefur veitt þeim, þeir hlíta ekki öðrum skilyrðum sem hann hefur sett fyrir einkaskiptum eða hann synjar um staðfestingu einkaskiptagerðar skv. 2. mgr. 94. gr. Erfingjum skal þó að jafnaði gefinn kostur á að tala máli sínu áður en leyfi verður felld niður og er sýslumanni heimilt að veita þeim tiltekinn frest til úrbóta ef hann telur það geta borið árangur.

Leyfi til einkaskipta verður ekki að öðrum kosti felld niður nema eftir ákvæðum 45. gr.

92. gr.

Ráðstafanir erfingja á hagsmunum búsins gagnvart þriðja manni, sem þeir hafa gert í skjóli leyfis til einkaskipta, raskast ekki af því einu að leyfi þeirra sé síðar felld niður. Ákvarðanir, sem erfingjar hafa tekið um réttindi sín á milli, binda þá eftir reglum um gildi loforða, sbr. þó 2. mgr.

Hafi erfingjar fengið eignir búsins útlagðar við einkaskipti og leyfi þeirra er síðan felld niður ber hverjum þeirra að skila því aftur sem hann hefur tekið við ef búið krefst þess. Geti erfingi ekki skilað eign má búið krefja hann um fjárhæð sem nemur andvirði hennar þegar útlagning átti sér stað ásamt vöxtum.

XIII. KAFLI

Lok einkaskipta.

93. gr.

Þegar erfingjar telja málefnum búsins nægilega ráðið til lykta og innan þess frests sem þeim hefur verið ákveðinn til að ljúka einkaskiptum skulu þeir leggja einkaskiptagerð fyrir sýslumann. Í henni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn þess látna, kennitala, dánardagur og heimilisfang á dánardægi.
2. Hverjir séu erfingjar þess látna, kennitölur þeirra og heimilisföng, og eftir atvikum hverjir hafi komið fram af þeirra hálfu sem lögráðamenn eða málsvarar.
3. Hverjar eignir búsins hafi verið í byrjun og hvað hafi fengist í arð eða vexti af þeim, en tiltekið skal verðgildi einstakra muna eða safns samkynja muna sem erfingjar leggja til grundvallar um skiptin sín á milli.
4. Hverjar kröfur hafi komið fram á hendur búinu, hverjar þeirra hafi verið greiddar og hvernig fari um þær sem hafa ekki enn verið efndar.
5. Hvernig hver erfingi hafi fengið eða muni fá arf sinn greiddan eða lagðan sér út.

Einkaskiptagerð skal vera skrifleg og undirrituð af erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum. Þau gögn skulu fylgja henni sem erfingjar telja horfa til skýringa.

Við afhendingu einkaskiptagerðar skulu erfingjar leggja þær yfirlýsingar fyrir sýslumann til staðfestingar sem þeir þurfa á að halda til að þinglýsa eða skrá eignarréttindi sín að munum eða réttindum sem þeir taka að arfi. Þá skulu erfingjar enn fremur afhenda sýslumanni þær skýrslur og skjöl sem þeim er skylt til ákvörðunar og greiðslu erfðafjárskatts.

Nú eru eignir búsinns óverulegar eða einkaskiptin eru einföld í sniðum af öðrum ástæðum, og er þá sýslumanni heimilt að ósk erfingja að láta hjá líða að krefja þá um einkaskiptagerð ef honum þykja nægar upplýsingar koma fram í erfðafjárskýrslu um þann látna, erfingja hans, eignir búsinns og skuldbindingar þess. Ef einkaskiptagerð er ekki lögð fyrir sýslumann skal litið svo á að erfingjar hafi fengið allar eignir búsinns lagðar út eftir arfshlutföllum, eftir atvikum með tilliti til búshluta maka þess látna.

94. gr.

Sýslumaður skal, svo fljótt sem verða má, taka afstöðu til einkaskiptagerðar og þeirra skjala sem erfingjar leggja fyrir hann eftir 3. mgr. 93. gr. Honum er heimilt að krefja erfingja um nánari skýringar á sérhverju því sem hann telur þörf og frekari gögn um einstök atriði.

Telji sýslumaður skorta á að einkaskiptagerð fullnægi ákvæðum 1. og 2. mgr. 93. gr. eða að eignir eða skuldbindingar búsinns kunni að vera svo vantaldar eða ranglega metnar að hætta sé á að erfðafjárskattur verði ekki réttilega ákveðinn eða að brotið verði gegn réttindum erfingja sem lögráðamaður eða málsvari kemur fram fyrir skal hann að öðru jöfnu gefa erfingjum kost á að bæta úr því sem er áfátt, þá þegar eða innan tiltekens frests. Sinni erfingjar því ekki eða telji sýslumaður annmarka svo verulega að ekki megi ætla að erfingjar muni bæta úr skal hann synja um staðfestingu einkaskiptagerðar. Eins skal farið að ef annmarkar eru á þeim gögnum sem erfingjum ber að láta af hendi eftir 3. mgr. 93. gr., en sýslumanni er þó heimilt að staðfesta einkaskiptagerð þótt ekki liggi fyrir fullnægjandi yfirlýsingar um eignarréttindi erfingja að einstökum munum eða réttindum búsinns.

Ef sýslumaður telur einkaskiptagerð og önnur framkomin skjöl fullnægjandi skal hann árita hana um staðfestingu.

95. gr.

Einkaskiptum er lokið þegar sýslumaður hefur staðfest einkaskiptagerð skv. 3. mgr. 94. gr.

Einkaskipti verða ekki tekin upp á ný nema síðar komi fram eignir sem hefðu átt að koma til skipta. Erfingjar skulu tilkynna sýslumanni ef slíkt tilefni verður til að taka skiptin upp, en leyfi til einkaskipta skal þá gefið út á ný eftir fyrri umsókn þeirra, eftir atvikum að fengnum yfirlýsingum þeirra sem koma í stað látinna erfingja. Skiptum skal síðan lokið á ný eftir ákvæðum 93. og 94. gr., en við endurupptöku verður ekki hreyft við því sem áður var gert við skiptin.

Ákvæði 2. mgr. 84. gr. gilda um rétt þess sem kann að hafa verið gengið framhjá við einkaskipti.

96. gr.

Hafi sérstakur lögráðamaður verið skipaður skv. 1. mgr. 13. gr. skal hann tafarlaust afhenda reglulegum lögráðamanni erfingjans arfinn eða skilríki fyrir honum þegar útlagning hefur átt sér stað eða einkaskiptum hefur verið lokið.

Hafi erfingja verið skipaður málsvari skv. 2. eða 3. mgr. 13. gr. skal málsvarinn standa skil á arfinum eftir 1. eða 4. mgr. 81. gr. Hafi málsvari verið skipaður eftir 3. mgr. 13. gr. skal sýslumaður fara svo að sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 81. gr.

97. gr.

Eftir að einkaskiptum er lokið bera erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum búsinns án tillits til þess hvort þeim var kunnugt um þær áður en skiptum var lokið.

4. ÞÁTTUR

Opinber skipti á öðru en dánarbúum.

XIV. KAFLI

Opinber skipti til fjárslita milli hjóna o.fl.

98. gr.

Hafi annað hjóna eða þau bæði sótt um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng, en sammæli hafa ekki tekist um skipti milli þeirra fyrir yfirvaldi, getur annað þeirra eða þau bæði krafist að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra, enda séu ekki leiddar að því líkur að umsókn um leyfi til skilnaðar kunni að verða hafnað.

Hafi dómsmál verið höfðað til skilnaðar hjóna að borði og sæng, lögskilnaðar þeirra eða ógildingar hjúskaparins, getur annað þeirra eða þau bæði krafist að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra.

99. gr.

Annað hjóna getur krafist opinberra skipta til fjárslita milli sín og maka síns þótt hjúskapnum hafi ekki verið slitið:

1. ef maki þess rýrir hjúskapareign sína með vangæslu á fjármálum sínum, misbeitingu á ráðum yfir hjúskapareign eða annarri óhæfilegri framkomu, eða gefur sérstakt tilefni til óttast að svo fari,
 2. ef bú maka þess er tekið til gjaldþrotaskipta.
- Hjón geta að auki krafist opinberra skipta til fjárslita milli sín ef þau eru sammála um það.

100. gr.

Ef karl og kona slíta óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.

101. gr.

Krafa um opinber skipti skal vera skrifleg og skal henni beint til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem aðilarnir eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili, nema þeir semji um annað.

Í kröfu um opinber skipti skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn aðilanna, kennitölur þeirra beggja og heimilisföng, ásamt upplýsingum um umboðsmenn sem þau kunna að hafa tilnefnt vegna málefnsins.
2. Hvor aðilanna hafi uppi kröfu um opinber skipti og á hverju hann byggir rétt sinn til þess.
3. Hverjar séu helstu eignir og skuldir aðilanna, en greint skal sérstaklega milli hjúskapareigna og séreigna ef um hjón er að ræða.

Gögn skulu fylgja kröfunni til stuðnings því að skilyrði séu fyrir opinberum skiptum skv. 98., 99. eða 100. gr., svo og önnur gögn sem má ætla að hafi þýðingu við mat á kröfunni.

Krafa um opinber skipti verður því aðeins tekin til greina að telja megi sýnt af því sem fram er komið að eignir muni nægja fyrir skiptakostnaði eða sá sem hefur kröfuna uppi setji tryggingu fyrir honum. Sá sem krefst opinberra skipta ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu í byrjun.

Farið skal eftir ákvæðum 43. gr. og 1.–5. mgr. 44. gr. við meðferð kröfu og úrskurð héraðsdómara um opinber skipti samkvæmt þessum kafla.

102. gr.

Skiptin teljast byrjuð þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð um að opinber skipti fari fram eða krafa um þau er fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi. Skipar héraðsdómari þá skiptastjóra til að fara með þau með bókun í þingbók. Ákvæði V. kafla taka til skiptastjóra við opinber skipti eftir þessum kafla.

103. gr.

Ef aðili að opinberu skiptunum er ólögráða kemur lögráðamaður fram af hans hálfu við þau, þar á meðal varðandi kröfu um þau.

Hafi krafa um opinber skipti verið tekin til greina og svo er ástatt um aðila að þeim sem segir í 2. eða 3. mgr. 13. gr. skal skiptastjóri fara þess á leit við sýslumann að hann skipi aðilanum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin, nema skiptastjóri telji að það megi ljúka þeim án þess að atbeina aðilans verði þörf. Ákvæði 4. mgr. 13. gr., 14. gr., 15. gr. og 2. mgr. 96. gr. gilda um slíka málsvara.

104. gr.

Ef ekki verða sammæli um annað koma aðeins til skipta þær eignir og þau réttindi aðilanna sem verða ekki taldar séreignir annars þeirra og tilheyrðu þeim þegar yfirvald tók fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar, dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna án skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, eða óvígðri sambúð var slitið. Að auki skulu koma til skipta arður, vextir og annars konar tekjur sem hafa fengist síðan af þeim eignum og réttindum. Með sama hætti skal aðeins tekið tillit til skulda aðilanna sem höfðu stofnast en voru ekki greiddar á því tímamarki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er hvoru hjóna um sig heimilt að krefjast að fá muni til eignar utan skipta, sem því eru nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni eða hefur eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota þess, hvort sem munirnir eru hjúskapareignir þess sjálfs eða hins hjónanna, ef verðgildi munanna er ekki slíkt að þetta verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna, og það hjónanna sem fær muni með þessum hætti tekur að sér þær skuldir sem hvíla á mununum eða hafa orðið til vegna öflunar þeirra. Með sömu skilyrðum getur það hjónanna sem fer með forsjá sameiginlegs ófjárráða barns þeirra krafist af hálfu barnsins að það fái til eignar utan skipta muni sem það hefur haft afnot af úr hjúskapareign hvors hjónanna um sig. Við fjárslitin skal ekki tekið tillit til eigna og skulda sem er farið með á þennan hátt.

Sambýlisfólk og sameiginleg ófjárráða börn þeirra njóta sama réttar og mælt er fyrir um í 2. mgr. þegar opinber skipti fara fram við slit óvígðrar sambúðar.

105. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir skipun hans, boða aðilana, umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara, til skiptafundar og leita þar vitneskju um hverjar eignir geti komið til skipta skv. 104. gr., hvorum aðilanum þær tilheyri, hvert verðmæti þeirra sé, hvar þær sé að finna, hver fari með umráð þeirra og hvort séreignir séu fyrir hendi og þá hverjar.

Skiptastjóri heldur svo oft skiptafundi sem hann telur þörf til að afla upplýsinga um þau atriði sem er getið í 1. mgr. Að öðru leyti leitar hann ekki vitneskju um þau sjálfur, nema annar aðilinn eða báðir krefjist þess og honum verði talið kleift að verða við því.

Verði ekki sammæli um verðmat eigna og liggja ekki þá þegar fyrir að þeim verði komið í verð við skiptin getur hvor aðilinn sem er krafist að skiptastjóri æski mats á þeim eftir 17.–23. gr. og njóta þá báðir aðilarnir þeirrar stöðu sem erfingjum er veitt í þeim ákvæðum. Skiptastjóra skal gefinn kostur á að vera viðstaddur þegar mat fer fram.

Hafi eignum eða réttindum, sem ættu að koma til skipta, verið ráðstafað eftir þann tíma, sem getur í 1. mgr. 104. gr., en áður en opinber skipti byrjuðu og sammæli verða ekki annaðhvort um að taka ekki tillit til þeirra eða um verðgildi þeirra, skal það ákveðið með mati með sama hætti og segir í 3. mgr.

106. gr.

Á skiptafundum sem eru haldnir skv. 105. gr. skal skiptastjóri enn fremur afla upplýsinga um þær skuldir aðilanna sem koma til álita eftir 1. mgr. 104. gr. Að öðru leyti leitar hann ekki sjálfur vitneskju um skuldir, nema annar aðilinn eða þeir báðir krefjist þess og honum verði talið kleift að verða við því.

Telji annað hjóna sig eiga endurgjaldskröfu á hendur hinu eða að hinu beri að greiða skuld af séreign sinni skal það koma fram á skiptafundi þegar leitað er vitneskju um skuldir að öðru leyti.

Ef annar aðilinn eða báðir óska eftir því á fyrsta skiptafundi skal skiptastjóri gefa út og fá birta í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á þá sem telja til skulda á hendur aðilunum að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því innköllunin birtist fyrra sinni. Skiptastjóri má verða við ósk um þetta, þótt hún komi síðar fram, ef skiptin eru enn skammt á veg komin og hann telur innköllun munu þjóna tilgangi og ekki leiða til óþarfa tafa.

Innköllun skv. 3. mgr. hefur ekki þau áhrif sem er mælt fyrir um í 4. mgr. 57. gr. og 58. gr. og veitir hún kröfuhöfum hvorki rétt til afskipta né til að krefjast efnda við skiptin. Við skiptin skal tekið tillit til krafna sem berast eftir lok kröfulýsingarfrests en áður en skiptum lýkur.

Hvort sem innköllun er gefin út eða ekki skal skiptastjóri gefa báðum aðilunum kost á að tjá sig á skiptafundi um þær skuldir sem upplýst er um.

107. gr.

Aðilarnir eiga hvor um sig rétt á að hafa vörslur þeirra eigna sem koma til skipta skv. 104. gr. og þeir höfðu í vörslum sínum þegar opinber skipti byrjuðu, þar til skiptastjóri kveður á um annað skv. 2. mgr. Það sama á við um afnot eigna að því leyti sem afnotin rýra ekki verðgildi þeirra óeðlilega.

Skiptastjóri getur ákveðið að annar aðilinn verði sviptur vörslum eignar eftir kröfu gagnadilans og að hann taki við vörslunum sjálfur eða fái þær gagnadilunum:

1. ef meðferð vörsluhafans á eigninni gefur sérstakt tilefni til að óttast að hún geti farið forgörðum, spillst eða rýrnað verulega í verði,
2. ef teljandi munur er á verðgildi eða afnotagildi þeirra eigna sem hvor aðilinn hefur í vörslum sínum, unnt þykir að jafna aðstöðu þeirra með því að vörsluskipti verði á einhverjum þessara eigna og ástæða er til að ætla að aðilarnir muni ekki fá þær eignir lagðar sér út við skiptin sem hvor þeirra hefur í vörslum sínum í byrjun,
3. ef gagnadili vörsluhafans eða barn þeirra á rétt til eignarinnar án tillits til skiptanna, sbr. 104. gr.,
4. ef ákveðið hefur verið að ráðstafa eigninni við skiptin og vörsluhafinn þykir torvela að þeirri ákvörðun verði framfylgt,
5. ef eigninni hefur þegar verið ráðstafað eða hún hefur verið útlögð gagnadila vörsluhafans og hann lætur hana ekki af hendi.

Ef um skipti er að ræða milli hjóna verður annað þeirra ekki svipt vörslum séreignar sinnar nema því hafi verið mótmælt við skiptin að um séreign sé að ræða, ágreiningur um það hafi ekki verið leiddur til lykta og svo standi á sem segir í 1. tölul. 2. mgr.

Neiti vörsluhafi að hlíta bodi skiptastjóra um að láta eign af hendi getur skiptastjóri krafist úrskurðar héraðsdóms um skyldu hans til þess. Farið skal með slíkt málefni eftir 1. mgr. 124. gr. Taki héraðsdómari kröfu skiptastjóra til greina má kveða svo á í úrskurðinum að

honum megi fullnægja með aðför án aðfararfrests. Kæra úrskurðarins frestar ekki heimild til aðfarar eftir honum.

108. gr.

Meðan opinber skipti standa yfir er skiptastjóri einn bær um að ráðstafa þeim eignum sem koma til skipta skv. 104. gr. og til að taka við þeim eða greiðslu andvirðis þeirra úr hendi þriðja manns, nema þær hafi þegar verið lagðar aðilum út skv. 110. gr.

109. gr.

Við skiptin skal greina milli þeirra eigna sem tilheyra hvorum aðila fyrir sig og þeirra sem tilheyra þeim í sameiningu. Eins skal farið með skuldir hvors um sig og þær skuldir sem beinast að þeim báðum í senn.

Þegar ákvarðað er hvað hvor aðili eigi að fá í sinn hlut og ef sammæli verða ekki um aðra skipan skal lagt saman varðandi hvorn þeirra fyrir sig verðmæti eigna, sem tilheyra honum einum, og verðmæti hlutdeildar hans í því sem hann á í sameign með gagnadilinum. Frá þessari heildareign hvors um sig skal síðan dregin fjárhæð skulda, sem beinast að hvorum þeirra, ásamt hlutdeild hvors í sameiginlegum skuldum.

Hvor aðilinn um sig á aðeins rétt á að fá eignir í sinn hlut móti skuldum sínum að því marki sem eignir hans sjálfs, þar á meðal hlutdeild í sameign, hrökkva fyrir skuldunum. Að því leyti sem eignir aðilans nægja ekki fyrir skuldum hans verður ekki tekið tillit til skuldanna sem umfram eru, nema aðilar ákveði annað.

Ef annar aðilinn á eignir umfram skuldir skal hrein eign hans koma til skipta milli þeirra beggja eftir því sem leitt verður af reglum um fjármál hjóna eða sambýlisfólks. Eigi báðir aðilarnir eignir umfram skuldir skal hrein eign þeirra lögð saman og ákveðið eftir sömu reglum hvað hvorum þeirra ber að tiltölu af henni. Hlutdeild annars aðilans í hreinni eign hins eða í samanlagðri hreinni eign þeirra beggja skal þó skerðast að því leyti sem hinn aðilinn á endurgjaldskröfu á hendur honum, sbr. 2. mgr. 106. gr.

Hvor aðilinn um sig á rétt á að fá eignir lagðar sér út eftir 110. gr. og greiðslu af andvirði eigna sem er ráðstafað eftir 111. gr. til fullnustu á því sem honum ber skv. 3. og 4. mgr.

110. gr.

Eftir því sem ráðið er hverjar eignir komi til skipta, hvorum aðila þær tilheyri og hvert verðmæti þeirra verði talið við skiptin, svo og til hverra skulda verði tekið tillit og með hvaða hætti, skal skiptastjóri gefa hvorum aðila fyrir sig kost á því á skiptafundi að fá eignir lagðar sér út eftir ákvæðum 2.–4. mgr. hafi aðilarnir ekki þegar komið sér saman um annað. Eftir því sem skiptastjóri telur skilyrðum þessarar greinar fullnægt til að verða við kröfum um það skal hann leggja aðilunum út eignir þegar í stað til frjálstrar ráðstöfunar þótt enn sé óvíst um eignir og skuldir að öðru leyti, enda þyki sýnt að hvorugur aðilinn fái meira í sinn hlut með þessum hætti en hann muni eiga rétt á að endingu. Skiptastjóri gefur út heimildarskjöl um útlagningu, ef þeirra er þörf, og hafa þau sömu áhrif og ef hann hefði umboð aðilanna til útgáfu þeirra.

Fyrst í stað skal skiptastjóri gefa hvorum aðila um sig kost á að fá lagt út af þeim eignum sínum sem eru ekki í sameign aðilanna upp í þann hlut sem honum ber skv. 3. og 4. mgr. 109. gr. Verði ekki sammæli um annað á hvorugur aðilanna rétt á að fá eignir hins lagðar sér út með þessum hætti.

Þegar aðila hefur verið útlagt það sem kostur er skv. 2. mgr., skal skiptastjóri því næst gefa honum kost á að fá útlagðar eignir sem eru í sameign aðilanna, enda sé verðmæti eignanna innan marka þess sem aðilinn á enn rétt á að fá í sinn hlut skv. 3. og 4. mgr. 109. gr. Eigi báðir aðilarnir þennan rétt til að fá eignir útlagðar úr sameign þeirra og þeir krefjast báðir útlagningar á sömu eign skal sá þeirra ganga fyrir sem má ætla að hafi meiri þörf fyrir eignina, en ella skal varpað hlutkesti um í hvors hlut hún komi ef ekki verða sammæli um annað.

Nú hefur útlagning farið fram skv. 2. og 3. mgr. og annar aðilinn eða þeir báðir eiga enn rétt á að fá eignir í sinn hlut skv. 3. og 4. mgr. 109. gr., en verðmæti einstakra eigna, sem eftir standa, fer fram úr því sem hvor aðili um sig á rétt á. Skal skiptastjóri þá gefa þeim sem þetta á við um kost á að fá slíkar eignir í sinn hlut með því að hann fái það lagt út af verðmæti þeirra sem réttur hans stendur ennþá til, en reiði af hendi afgang verðmætisins með peningagreiðslu. Ef báðir aðilarnir krefjast að fá sömu eign í sinn hlut með þessum hætti og sammæli verða ekki um annað skal sá þeirra ganga fyrir í þessum efnum sem á eignina, en sé hún í sameign aðilanna skal sá ganga fyrir sem má ætla að hafi meiri þörf fyrir hana, en ella skal hlutkesti ráða.

Ef sammæli verða ekki um annað getur hvorugur aðilinn krafist að fá eignir lagðar sér út skv. 2.–4. mgr. móti skuld sem hvílir á þeim báðum í senn, nema hann taki skuldina einn að sér og gagnaðilinn verði leystur undan skuldinni eða hann veiti gagnaðilanum nægilega tryggingu að mati skiptastjóra fyrir því að gagnaðilinn eigi ekki á hættu að verða sóttur til greiðslu skuldarinnar. Ef báðir aðilar krefjast útlagningar gegn því að taka að sér sameiginlega skuld með þessum skilyrðum skal sá þeirra ganga fyrir sem ber endanlega ábyrgð á greiðslu hennar, en sé ábyrgð þeirra jöfn skal varpað hlutkesti um hvor þeirra taki skuldina að sér.

Eignir verða ekki allar lagðar út aðilunum nema skiptakostnaður sé áður greiddur.

111. gr.

Að því leyti sem eignir verða ekki lagðar aðilunum út skv. 110. gr. skulu teknar ákvarðanir á skiptafundi um ráðstöfun þeirra.

Aðilarnir eiga einir atkvæðisrétt á skiptafundi, en atkvæði hvors þeirra ræðst af því hlutfalli sem hann á tilkall til af hreinni eign þeirra, sbr. 4. mgr. 109. gr. Ákvæði 70. og 71. gr. gilda að öðru leyti um þessa skiptafundi eftir því sem átt getur við.

Skiptastjóri framfylgir ákvörðunum sem eru teknar á skiptafundum. Hann gefur út heimildarskjöl við ráðstöfun eigna aðilanna með sömu áhrifum og ef hann hefði umbod þeirra til þess.

Andvirði eigna, sem er ráðstafað við skiptin, verður ekki varið til greiðslu skulda nema sá aðili sem skuld hvílir á æski þess sjálfur. Ef skuld hvílir þó á báðum aðilum í senn og annar þeirra tekur hana ekki að sér með þeim hætti sem í 5. mgr. 110. gr. segir getur hvor þeirra um sig krafist að hún verði greidd að fullu af andvirði eigna eftir því sem það hrekkur til.

112. gr.

Ef ágreiningur rís milli aðila við opinber skipti samkvæmt kafla þessum um þau atriði sem 2. mgr. 103. gr. og 104.–111. gr. taka til skal skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki beinir skiptastjóri málefnum til héraðsdóms eftir ákvæðum 122. gr. Slíkur ágreiningur verður ekki lagður fyrir dómstóla á annan hátt.

113. gr.

Ef báðir aðilarnir eru sammála um það og hvorugur þeirra hefur neytt réttinda sem eru lögum samkvæmt háð þeirri forsendu að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra geta þeir hvenær sem er ákveðið að fella skiptin niður, enda hafi áfallinn kostnaður af þeim þá verið greiddur. Þótt þetta sé gert haggast ekki gildi þeirra ráðstafana sem hafa áður verið gerðar um eignir þeirra og skuldir skv. 111. gr.

Takist samkomulag milli aðilanna um tilhögun fjárslita eftir að opinber skipti eru byrjuð skal skiptastjóri gera skriflegan samning milli þeirra og árita hann um að skiptunum sé lokið samkvæmt honum, enda hafi kostnaður af skiptunum verið greiddur.

Ef skiptum lýkur ekki með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr. og þegar eignir hafa verið lagðar aðilunum út eða þeim hefur verið ráðstafað skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, gera frumvarp til úthlutunar vegna fjárslitanna. Um efni frumvarpsins, meðferð þess og

aðgerðir við lok skipta skal farið eftir 77.–79. gr., 1. mgr. 80. gr. og 2. mgr. 96. gr. eftir því sem átt getur við.

Þegar skiptum hefur verið lokið skv. 2. eða 3. mgr. verða þau ekki tekin upp á ný, nema fram komi eign sem hefði átt að koma til skipta og annar eða báðir aðilarnir krefjast þess. Við endurupptöku verður ekki hreyft við því sem áður var gert, nema báðir aðilar séu sammála um það.

114. gr.

Þegar skipti eru felld niður eða þeim er lokið skv. 113. gr. skal skiptastjóri tilkynna það héraðsdómara skriflega.

Þegar opinberum skiptum til fjárslita milli hjóna hefur verið lokið áður en hjúskapnum er endanlega lokið getur aðili að þeim fengið samning eða úthlutunargerð skv. 2. eða 3. mgr. 113. gr. skrásett eins og um kaupmála væri að ræða. Upp frá því skal það sem hvor aðilanna fékk í sinn hlut við skiptin og eignast eftir þann tíma sem um ræðir í 1. mgr. 104. gr. teljast séreign hans í hjúskapnum.

115. gr.

Þótt opinber skipti fari fram samkvæmt kafla þessum breyta þau ekki rétti annarra til að höfða mál á hendur aðilum að skiptunum eða krefjast fullnustugerða á hendur þeim.

XV. KAFLI

Opinber skipti til slita á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð.

116. gr.

Að því leyti sem heimilt er að lögum að félagsmaður í félagi þar sem báðir eða allir félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess krefjist slita á því getur hann krafist opinberra skipta í því skyni, ef félagssamþykkt eða aðrir löggærnningar standa því ekki í vegi.

Slitum verður ekki komið fram með opinberum skiptum eftir lögum þessum á öðrum félögum en þeim sem 1. mgr. tekur til.

117. gr.

Ef krafist er opinberra skipta til slita á skrásettu félagi skal beiðni um þau beint skriflega til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem félagið á varnarþing. Sé félag óskrásett skal beiðninni beint til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem félagið hefur aðalstöðvar. Ráðist umdæmi ekki með þessum hætti skal krafist skipta í umdæmi þar sem formaður félagsstjórnar á heimilisvarnarþing, en sé formaður enginn, þá í umdæminu þar sem sá sem krefst skiptanna á heimilisvarnarþing.

Í kröfu um opinber skipti skal eftirfarandi koma fram:

1. Um hvert félag sé að ræða, kennitala þess og heimilisfang, hvenær það hafi verið stofnað og hver tilgangur þess sé.
2. Hver hafi uppi kröfu um opinber skipti og á hverju hann byggji rétt sinn til þess.
3. Hverjir aðrir félagsmenn séu, kennitölur þeirra og heimilisföng, að því leyti sem kunnugt er um þá.
4. Hverjar eignir félagsins séu í helstu atriðum og hverjar þær skuldbindingar séu sem kunnugt er um.

Gögn skulu fylgja kröfunni því til stuðnings að skilyrði séu til að verða við henni. Eftir því sem við á skulu einnig fylgja samþykktir félagsins, upplýsingar um það sem hefur verið tilkynnt firmaskrá um félagið og síðustu reikningar þess.

Krafa um opinber skipti til slita á félagi verður ekki tekin til greina, nema sýnt þyki af því sem fram er komið að eignir þess muni nægja til greiðslu skiptakostnaðar eða sá sem krefst

skiptanna leggi fram tryggingu fyrir skiptakostnaði. Hann ábyrgist greiðslu kostnaðarins þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu.

Um meðferð kröfunnar og úrskurð um hana gilda ákvæði 43. gr. og 1.–5. mgr. 44. gr.

118. gr.

Ef krafa um opinber skipti til félagsslita er tekin til greina skulu skiptin fara að fyrirmælum V., VI., VIII., IX. og X. kafla um skipti á dánarbúi, þegar erfingjar ábyrgjast skuldbindingar þess, með þeim breytingum sem leiða af eðli máls.

5. ÞÁTTUR

Málsmeðferð fyrir dómstólum.

XVI. KAFLI

Hver ágreiningsatriði verða lögð fyrir héraðsdóm og hvernig það verður gert.

119. gr.

Hver sá, sem telur aðgerð eða ákvörðun sýslumanns skv. II., XII. eða XIII. kafla brjóta gegn réttindum sínum og hefur lögvarða hagsmuni af að fá henni hnekkt, getur krafist þess við sýslumann að hann láti af aðgerð sinni og grípi eftir atvikum til annarrar aðgerðar eða að hann falli frá ákvörðun sinni og taki eftir atvikum aðra ákvörðun. Verði sýslumaður ekki við því getur sá sem á hlut að máli krafist úrlausnar héraðsdómara um ágreiningsatriðið.

Krafa um úrlausn héraðsdómara skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og skal henni beint til þess sýslumanns sem í hlut á. Þegar sýslumanni hefur borist krafan skal hann tafarlaust senda hana þeim héraðsdómstól sem hefur lögsögu í umdæmi hans, ásamt upplýsingum um eftirfarandi, að því leyti sem þær koma ekki fram í kröfunni:

1. Hvert það dánarbú sé sem ágreiningsefnið tengist.
2. Nafn þess sem krefst úrlausnarinnar, kennitala hans og heimilisfang.
3. Hver sú aðgerð eða ákvörðun sé sem úrlausnar er krafist um, hvernig hún varði þann sem krefst hennar og hverjar kröfur hann hafi gert við sýslumann.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem má telja að hafi þýðingu fyrir úrlausn ágreiningsins, þar á meðal samrit gagna úr dánarskrá.

Héraðsdómari fer með ágreiningsmál samkvæmt þessari grein eftir ákvæðum XVII. kafla. Sá sem krefst úrlausnar héraðsdómara verður sóknaraðili í ágreiningsmálinu fyrir dómi en sýslumaður varnaraðili.

Meðan ágreiningsmálið hefur ekki verið leitt til lykta skal sýslumaður gæta þess eftir föngum að aðrar aðgerðir hans varðandi dánarbúið raski ekki frekar en nauðsyn krefur þeim hagsmunum sem málið varðar.

120. gr.

Ef ágreiningur verður á dómþingi um það hvort krafa um opinber skipti skuli tekin til greina, sbr. 3. mgr. 44. gr., skal héraðsdómari taka ágreiningsmálið þegar í stað til meðferðar án sérstakra tilkynninga skv. 127. og 128. gr. með þingfestingu máls eftir ákvæðum XVII. kafla, þar sem ráðið verði til lykta hvort opinber skipti fari fram. Sá sem krefst opinberra skipta skal vera sóknaraðili í málinu, en sá sem andmælir þeirri kröfu verður varnaraðili. Leyst skal úr ágreiningi um kröfu um opinber skipti í einu máli þótt fleiri en einn krefjist þeirra eða fleiri en einn hafi uppi andmæli gegn henni og hver þeirra á sínum grunni.

Ef krafa kemur fram þess efnis sem segir í 1. mgr. 45. gr. skal héraðsdómari fara með hana sem hluta máls skv. 1. mgr. og gefa þá aðilum þess kost á að tjá sig sérstaklega um þá kröfu án þess að skriflegar greinargerðir verði lagðar fram um hana, nema aðilar æski þess. Héraðsdómari skal síðan kveða upp sérstakan úrskurð um þennan þátt málsins svo fljótt sem audið er. Úrskurðinum verður ekki skotið til æðra dóms.

121. gr.

Sá sem krefst úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóra verði vikið úr starfi skv. 3. mgr. 47. gr. skal beina skriflegri kröfu sinni um það til þess héraðsdómstóls þar sem skiptastjórinn var skipaður til starfans. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn þess sem hefur kröfuna uppi, kennitala hans og heimilisfang, ásamt skýringu á því hvernig hann telji sig eiga aðild að slíkri kröfu.
2. Hver sá skiptastjóri sé sem krafist er að verði vikið úr starfi og til hverra starfa hann hafi verið skipaður.
3. Röksemdir fyrir kröfunni ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.

Pau gögn skulu fylgja kröfunni sem hún er studd við.

Héraðsdómari fer með kröfu skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XVII. kafla. Sá sem krefst frávikningar skiptastjórans skal vera sóknaraðili máls en skiptastjórinn varnaraðili.

122. gr.

Ef ágreiningur ris um atriði við opinber skipti sem fyrirmæli laga þessara kveða sérstaklega á um að skuli beint til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telur þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem koma upp við opinber skipti, skal skiptastjóri beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls þar sem hann var skipaður til starfa. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Hver þau opinberu skipti séu þar sem ágreiningur hefur risið.
2. Nöfn þeirra sem eiga aðild að ágreiningnum, kennitölur þeirra og heimilisföng.
3. Um hvað ágreiningur standi og hverjar kröfur hafi komið fram í því sambandi.
4. Hvort skiptastjóri telji hlutaðeigandi dánarbú þurfa að eiga aðild að máli um ágreininginn eða eftir atvikum hvort hann telji sig þurfa að gæta hagsmuna vegna opinberra skipta skv. XIV. kafla við meðferð málsins.

Pau gögn skulu fylgja kröfunni sem varða ágreiningsefnið.

Héraðsdómari fer með ágreiningsatriði skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XVII. kafla. Ef ágreiningsefni málsins varðar hvort krafa erfingja eða kröfuhafa verði viðurkennd við opinber skipti skal sá sem hefur kröfuna uppi að öðru jöfnu verða sóknaraðili málsins en búíð eða sá sem andmælir kröfunni verður varnaraðili. Ef ágreiningsefni málsins er annað skal héraðsdómari ákveða eftir eðli þess hvernig aðild verði háttáð.

123. gr.

Erfingi sem æskir úrlausnar héraðsdómara um ágreining milli sín og annarra erfingja við einkaskipti á dánarbúi, sbr. 1. mgr. 90. gr., skal beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem veitti leyfi til einkaskipta. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Um hvaða dánarbú sé að ræða og hvenær erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta.
2. Nafn þess sem krefst úrlausnarinnar, kennitala hans og heimilisfang.
3. Hverjir aðrir séu erfingjar, kennitölur þeirra og heimilisföng.
4. Um hvaða atriði ágreiningur standi ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.
5. Hvers sá sem krefst úrlausnarinnar krefjist varðandi ágreiningsefnið.

Ef sammæli hafa orðið um að leggja ágreiningsefni, sem hefur risið milli erfingja og kröfuhafa við einkaskipti, undir úrlausn héraðsdómara skv. 2. mgr. 90. gr., skulu aðilarnir sameiginlega beina skriflegri kröfu til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem veitti erfingjunum leyfi til einkaskipta. Í kröfunni skulu þau atriði koma fram sem eru talin í 1. mgr., ásamt upplýsingum um nafn, kennitölu og heimilisfang hlutaðeigandi kröfuhafa.

Þau gögn skulu fylgja kröfu skv. 1. eða 2. mgr. sem varða ágreiningsefnið, þar á meðal skilríki fyrir að erfingjunum hafi verið veitt leyfi til einkaskipta.

Pegar héraðsdómara hefur borist krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal hann kanna hvort málefnið geti átt undir úrlausn hans. Telji hann svo ekki vera getur hann neitað að fara með málið, en vilji sá sem beindi kröfunni til hans ekki una þeirra ákvörðun getur sá krafist úrskurðar um neitunina.

Ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til þess skal hann fara með málið eftir ákvæðum XVII. kafla, en ekki er hann bundinn við þá afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins. Ef um ágreining er að ræða, sem 1. mgr. tekur til, skal sá sem beindi kröfunni til héraðsdómara að jafnaði vera sóknaraðili málsins en aðrir erfingjar varnaraðilar. Ef mál er komið til að hætti 2. mgr. skal hlutaðeigandi kröfuhafi að jafnaði vera sóknaraðili en dánarbúið varnaraðili.

124. gr.

Telji dánarbú, sem er til opinberra skipta, til réttinda á hendur erfingja eða maka þess látna og úrlausn um þau hefur þýðingu fyrir skipti búsin, ekki verður leyst úr um þau í máli sem ber að eftir 122. gr. og unnt væri að höfða einkamál í héraði til að sækja þau eftir almennum reglum getur skiptastjóri, ef hann kys svo, krafist úrlausnar héraðsdómara um kröfur búsin eftir ákvæðum 17. kafla. Skal skiptastjóri þá senda þeim héraðsdómstól, þar sem hann var skipaður til starfans, stefnu og önnur sóknargögn sem gerð eru úr garði eftir reglum um meðferð einkamála í héraði að öðru leyti en því að í stefnu skal þess dómþings ekki getið þar sem málið verður þingfest. Með gögnum þessum skal fylgja skrifleg beiðni um þessa málsmeðferð, þar sem m.a. er rökstutt að skilyrðum sé fullnægt fyrir henni.

Telji aðili að opinberum skiptum eftir XIV. kafla til réttinda á hendur gagnaðila sínum sem tengjast fjárslitum milli þeirra, án þess þó að leyst verði úr um þau í máli sem ber að eftir 122. gr. og unnt væri að höfða einkamál í héraði til að sækja þau eftir almennum reglum, getur hann, ef hann svo kys, krafist úrlausnar héraðsdómara um kröfur sínar á hendur gagnaðila sínum eftir ákvæðum XVII. kafla. Skal aðilinn þá senda þeim héraðsdómstól sem kvað á um opinberu skiptin stefnu og önnur sóknargögn ásamt beiðni, svo sem lýst er í 1. mgr.

Pegar héraðsdómara berst beiðni ásamt sóknargögnum skv. 1. eða 2. mgr. skal hann kanna hvort skilyrðum sé fullnægt til að verða við henni. Telji hann það ekki getur hann neitað að fara með málið með skriflegri ákvörðun, en vilji sá sem beindi málinu til hans ekki una þeirri ákvörðun getur sá krafist úrskurðar um neitunina. Ella fer héraðsdómari með málið eftir ákvæðum XVII. kafla, en ekki er hann bundinn af þeirri afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins.

125. gr.

Nú telur dánarbú til réttinda á hendur öðrum en þeim sem 1. mgr. 124. gr. tekur til, hvort sem búið er til opinberra skipta eða einkaskipta, réttindin hafa þýðingu fyrir skiptin og þau mætti sækja í einkamáli í héraði eftir almennum reglum, og getur þá sá eða þeir sem hafa forræði á málefnum þess leitað úrlausnar héraðsdómara um réttindin eftir ákvæðum XVII. kafla, ef sá eða þeir sem kröfur beinast að eru því samþykkir.

Nú rís ágreiningur milli hjóna um fjárslit milli þeirra vegna skilnaðar eða ógildingar hjúskapar án þess að opinber skipti fari þó fram og um ágreining er að tefla, sem mætti leysa úr skv. 122. gr. eða 2. mgr. 124. gr., ef opinber skipti skv. XIV. kafla væru viðhöfð, og geta þá hjónin, ef þau eru sammála um það, leitað úrlausnar héraðsdómara um ágreininginn eftir ákvæðum XVII. kafla.

Um önnur atriði varðandi mál skv. 1. og 2. mgr. fer samkvæmt ákvæðum 124. gr. eftir því sem átt getur við.

126. gr.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla verður ekki leyst úr um skyldur þriðja manns í málum sem fara eftir ákvæðum XVII. kafla, nema um sé að ræða:

1. Skyldu til greiðslu málskostnaðar eða réttarfarssektar vegna máls sem er rekið eftir XVII. kafla.
2. Skyldu til greiðslu gagnkröfu, hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðrar dómsúrlausnar, ef hlutadeigandi hefur sjálfur gert kröfu um réttindi sín, ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir ákvæðum XVII. kafla, skilyrði væru til að höfða gagnsök um gagnkröfuna eða hafa hana uppi til skuldajafnaðar í einkamáli um kröfu hans og hann hefur sótt þing þegar gagnkrafan kom fram fyrir dómi.
3. Skyldu til greiðslu kostnaðar varðandi muni sem hlutadeigandi hefur krafist að fá afhenta ef ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir XVII. kafla, en aðeins verður þá kveðið á um slíka skyldu sem skilyrði fyrir afhendingu.

XVII. KAFLI

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

127. gr.

Þegar ágreiningsmál hefur borist héraðsdómara til úrlausnar með þeim hætti sem segir í XVI. kafla og hann hefur eftir atvikum staðreynt að skilyrði séu til að fara með það eftir ákvæðum þessa kafla, ákveður hann stað og stund til þinghalds þar sem málið verður þingfest, og sendir öllum aðilum málsins tilkynningu um það, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. Hver hafi krafist úrlausnar hans.
2. Hverjir séu aðilar að málinu til sóknar og varnar ásamt kennitölum þeirra og heimilisföngum.
3. Hvert ágreiningsefnið sé sem krafist er úrlausnar um og hverjar kröfur sóknaraðili málsins hafi gert að því leyti sem þegar er kunnugt um þær.
4. Hvar og hvenær málið verði þingfest.
5. Hverjar afleiðingar það hafi ef aðilar til sóknar og varnar sækja ekki þing.

Með tilkynningunni skal fylgja samrit þess skjals sem var beint til héraðsdómara samkvæmt ákvæðum XVI. kafla í því skyni að leita úrlausnar hans. Sé um mál að ræða skv. 124. eða 125. gr. skal samrit stefnu einnig fylgja tilkynningunni. Héraðsdómara er þó heimilt þess í stað að taka upp í tilkynningu sinni texta þess eða þeirra skjala sem hefðu ella fylgt henni.

128. gr.

Tilkynning skv. 127. gr. skal birt málsaðila eða þeim sem væri bær til að taka við birtingu stefnu fyrir hans hönd með þeim fyrirvara sem héraðsdómari hefur metið hæfilegan.

Birting skv. 1. mgr. skal fara fram með sama hætti og stefna verður birt í einkamáli.

129. gr.

Mál samkvæmt þessum kafla telst höfðað við þingfestingu þess, en þá leggur héraðsdómari fram þau gögn um málið sem honum hafa borist og hann telur hafa þýðingu fyrir úrlausn þess, ásamt tilkynningum skv. 127. gr. með gögnum um birtingu þeirra.

Ef sóknaraðili mætir ekki við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal málið fellt niður, en héraðsdómari má þá úrskurða varnaraðila ómaksþóknun ef hann sækir þing og krefst hennar. Hafi gagnkröfur verið hafðar uppi í málinu skv. 4. mgr. 130. gr. skal þó aðeins fella niður aðalsök en leyst skal þá úr gagnkröfunum á hendur sóknaraðila eftir reglu 3. mgr.

Ef varnaraðili sækir ekki þing við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal farið með málið eftir almennum reglum um útivist stefnda í einkamáli, en sóknaraðila skal þá

gefinn kostur á að leggja fram greinargerð og frekari gögn samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 130. gr.

130. gr.

Ef sótt er þing af hálfu beggja eða allra aðila við þingfestingu og ekki verður sátt í málinu skal héraðsdómari gefa sóknaraðila kost á að skila greinargerð, þar sem fram komi til fullnaðar hverjar kröfur hann hafi uppi og á hverju þær séu byggðar, ásamt frekari gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Heimilt er þó að veita sóknaraðila skamman frest í þessu skyni ef ekki er um mál að ræða sem 124. eða 125. gr. taka til og stefna og sóknargögn hafa þegar komið fram í.

Að framkomnum gögnum sóknaraðila skv. 1. mgr. skal varnaraðila gefinn kostur á skömmum fresti til að leggja fram greinargerð af sinni hendi, þar sem fram komi kröfur hans um formhlið og efnishlið máls og á hverju þær séu byggðar, ásamt gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við.

Komi fram krafa af hendi varnaraðila um frávísun málsins skal farið með hana eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Ef sótt er þing af hálfu sóknaraðila getur varnaraðili haft uppi sjálfstæðar kröfur af sinni hendi um úrlausn sakarefnisins í greinargerð og skal þá farið með þær sem gagnkröfur í málinu. Slíkri kröfu verður þó því aðeins komið að í máli að skilyrði væru til að hafa hana uppi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum XVI. kafla, sbr. þó 126. gr. Gefa má sóknaraðila kost á að skila stuttu skriflegu svari við gagnkröfum, en málið skal rekið í einu lagi um kröfur á báða vegu.

131. gr.

Héraðsdómari leysir úr málum samkvæmt lögum þessum með úrskurðum. Forsendur skulu fylgja ályktunarorði úrskurðar.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

132. gr.

Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um skrár sem héraðsdómari heldur um mál samkvæmt lögum þessum og um opinber skipti.

XVIII. KAFLI Málskot til æðra dóms.

133. gr.

Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir eða ákvarðanir sem eru kveðnir upp eða teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennum einkamáli.

Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða.

6. ÞÁTTUR
 Ýmis ákvæði.
 XIX. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

134. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

135. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi ákvæði laga:

1. 1.–81. gr. og 90.–101. gr. laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878, með áorðnum breytingum.
2. Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda, 21. júní 1793.
3. 1. mgr. 1. gr. opins bréfs kansallís um það hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana, 10. apríl 1795.
4. Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o.fl., 19. desember 1821.
5. Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o.fl., 17. maí 1823.
6. Opið bréf er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum, 4. janúar 1861.
7. Lög um stefnur til æðri dóms í skiptamálum, nr. 19 2. október 1895.
8. 3. gr. laga um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur, nr. 20 3. október 1903.
9. 2. og 3. málslíður 13. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905, svo og í 1. málslíð sömu greinar orðin „samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum“.
10. Í 2. mgr. 4. gr. laga um hefð, nr. 46 10. nóvember 1905, orðin „af skiptarétti“.
11. VI. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, svo og 47. gr., 1. og 3. mgr. 48. gr., 49.–51. gr. og 56.–59. gr. laganna.
12. 2. gr. laga um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.
13. 21. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928.
14. 9. mgr. 37. gr. A, 3. mgr. 185. gr., 3. mgr. 190. gr. og 238. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
 Í 2. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti“.
 Í 1. mgr. 42. gr. sömu laga, sbr. b-lið 21. gr. laga nr. 92 1. júní 1989, orðin „þar á meðal við skipti, fógeta- og uppboð“.
 Í 1. mgr. 45. sömu laga orðin „þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsréttur“.
 Í 6. mgr. 188. gr. sömu laga orðin „og til fógeta-, skipta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á“.
15. Í 3. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, orðin „og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi“.
16. Í 1. mgr. 20. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, orðin „96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885“.
17. 4. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 5. maí 1978.
18. Í 2. mgr. 28. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, orðið „búskipta“.

136. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 113. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, falla niður orðin „skiptaforstjóra án dómssvalds“ en í stað þeirra kemur: skilanefndar við slit hlutafélags.
Í 5. mgr. 113. gr. sömu laga falla niður orðin „eða skiptaráðandi“.
2. Í 1. málslíð 5. gr. laga um almannafríð á helgidögum Þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, falla niður orðin „gegna fógætastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómstörfum“ en í stað þeirra kemur: eða dómþing.
3. Í 1. mgr. 36. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, falla niður orðin „getur hann annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið“ en í þeirra stað kemur: skal hann kjósa.
Í 2. mgr. 36. gr. sömu laga falla niður orðin „á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna“ en í þeirra stað kemur: gilda ákvæði hlutafélagalaga.
Í 1. mgr. 37. gr. sömu laga falla niður orðin „2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924“ en í stað þeirra kemur: 7. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl.
Í 2. mgr. 37. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta“ en í stað þeirra koma orðin: héraðsdóm á varnarþingi félagsins eftir 122. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.
Í sömu lögum fellur niður 2. málslíður 1. mgr. 39. gr.
Í 2. mgr. 39. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaréttur“ en í stað þess kemur: skiptastjóri.
4. Í 1. málslíð 3. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 16. desember 1943, falla niður orðin „skiptaréttur fer með“ en í þeirra stað kemur: eru til opinberra skipta.
5. Í 1. málslíð 47. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, fellur niður orðið „skiptaforstjóra“ en í stað þess kemur: skiptastjóra.
Í sömu lögum fellur niður 56. gr.
6. Í 2. málslíð 2. mgr. 12. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, falla niður orðin „beina fógetaaðgerð“. Í sama ákvæði falla enn fremur niður orðin „fógeta eða skiptaráðanda (skiptaforstjóra)“ en í stað þeirra kemur: þeim, sem fer með þá gerð.
7. Í 2. málslíð 6. gr. laga um eignarétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, falla niður orðin „slit á fjárfélagi eða búskipti“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.
Í 1. málslíð 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.
8. Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21, 16. apríl 1966, fellur niður orðið „skiptaréttar“ en í stað þess kemur: sýslumanns.
Í niðurlagi sama ákvæðis falla niður orðin „eða til einkaskipta“.
Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðanda (skiptaforstjóra)“ en í stað þeirra kemur: skiptastjóra.
9. Í lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, falla niður 55., 58. og 59. gr. og 1. og 2. mgr. 81. gr.
Í 31. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar og skiptameðferðar“ en í stað þeirra kemur: úrskurður hafi gengið um að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra.
10. Í 1. málslíð 1. mgr. 30. gr. höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, falla niður orðin „slit á fjárfélagi né við búskipti“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.
11. Í 1. mgr. 7. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, falla niður orðin „skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómssvalds fer með“ en í stað þeirra kemur: koma til opinberra skipta.
Í 8. gr. sömu laga falla niður orðin „tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það“ en í stað þeirra kemur: er bú tekið til opinberra skipta en það er síðan framselt.

- Í 1. mgr. 9. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum“ en í stað þeirra kemur: opinberum skiptum er lokið.
- Í sömu lögum fellur niður 2. mgr. 9. gr. og 10. gr.
12. Í 5. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, falla niður orðin „bússkipti vegna skilnaðar“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.
- Í 3. mgr. 55. gr. sömu laga falla niður orðin „Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr“ en í stað þeirra kemur: Verði ágreiningur um þetta skal leyst úr honum eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.
13. Í 2. málslíð 1. mgr. 16. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978, falla niður orðin „fógetagerðir, skipti og“.
- Í 1. málslíð 5. mgr. 16. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptabókum eða öðrum“.
- Í 2. málslíð 5. mgr. 16. gr. sömu laga falla niður orðin „Undanskildir stimpilgjaldi eru þó údrættir úr skiptabók og önnur“ en í stað þeirra kemur: Undanskilin stimpilgjaldi eru þó.
- Í 1. mgr. 34. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaforstjórum“ en í stað þess kemur: skiptastjórum.
14. Í 1. málslíð 2. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „skipta erfingjar búi einkaskiptum“ en í stað þeirra kemur: hafa erfingjar lokið einkaskiptum á dánarbúi.
- Í 2. málslíð 2. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.
- Í 2. málslíð 3. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: skiptastjóra.
15. Í 2. málslíð 2. mgr. 44. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981, falla niður orðin „skiptaráðanda eða skiptaforstjóra“ en í stað þeirra kemur: skiptastjóra.
16. Í fyrirsögn I. kafla laga um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.
- Í 2. málslíð 1. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: héraðsdómari.
- Í 1. málslíð 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.
- Í 2. málslíð 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: héraðsdómari.
- Í 3. málslíð 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.
- Í 4. málslíð 2. mgr. 1. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi getur ákveðið, að frá uppsögu dómsins“ en í stað þeirra kemur: héraðsdómari getur kveðið á um það í úrskurði sínum, hafi þess verið krafist, að frá uppsögu úrskurðarins.
- Í 3. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.
- Í 1. málslíð 2. gr. sömu laga falla niður orðin „telur skiptaráðandi eigi fært að taka bú horfins manns til skiptamedferðar samkv. 1. gr.“ en í stað þeirra kemur: er kröfu skv. 1. mgr. 1. gr. hafnað í úrskurði héraðsdómara eða fyrir æðra dómi.
- Í 16. gr. sömu laga falla niður orðin „bú manns er tekið til skipta samkvæmt 1. gr. laga þessara“ en í stað þeirra kemur: úrskurður hefur gengið skv. 1. gr. og hans hefur verið neytt til sönnunar á andláti til að koma fram skiptum á dánarbúi.
17. Í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, falla niður orðin „protabúum og öðrum búum sem hér er skipt“ en í stað þeirra kemur: og protabúum.

Í 2. málslíð 2. mgr. 90. gr. sömu laga falla niður orðin „þrotabú og önnur bú undir skiptum“ en í stað þeirra kemur: og þrotabú.

Í 2. mgr. 91. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum“ en í stað þeirra kemur: Skiptastjórar skulu telja fram fyrir þrotabú og dánarbú.

Í 2. málslíð 4. mgr. 114. gr. sömu laga fellur niður orðið „búskipta“.

18. Í 1. málslíð 2. mgr. 7. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984, falla niður orðin: „eða af löggiltum skiptaforstjóra“.

Í 2. málslíð 2. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 1. málslíð 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 6. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í J-lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 3. mgr. 9. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. málslíð 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

Í 1. málslíð 2. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 2. málslíð 2. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. mgr. 12. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 1. málslíð 2. mgr. 12. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

1. mgr. 13. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Nú greinir erfingja á við sýslumann um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem hefur áhrif á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erfingjum þá ákvörðun með sannanlegum hætti. Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun hans geta þeir innan þriggja vikna frá því þeim berst tilkynning sýslumanns krafist úrlausnar héraðsdómara um skattskyldu eða skattfjárhæð eftir ákvæðum 119. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í sömu lögum fellur niður 2. mgr. 13. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

1. mgr. 14. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Pegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann í þríriti til endanlegrar ákvörðunar skattsins og áritunar.

2. mgr. 14. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. skal farið með ágreining um hana eftir 1. mgr. 13. gr. en ef erfingjar samþykkja getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með

fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.

1. mgr. 15. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Gjaldlagi erfðafjárskatts er sá dagur, sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu skv. 2. mgr. 12. gr., ef um einkaskipti er að ræða, en skv. 1. mgr. 14. gr. sé um opinber skipti að ræða.

Við 1. málslíð 2. mgr. 15. gr. sömu laga bætast orðin: samkvæmt vaxtalögum. 2. málslíður sömu málsgreinar fellur niður.

Í 16. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðendur“ en í þess stað kemur: Sýslumenn.

Í 17. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðendur“ en í þess stað kemur: Sýslumenn.

Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanni.

Í 1. málslíð 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumann.

Í 2. málslíð 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi þá kveðið upp úrskurð um skyldu hans í þessu sambandi. Þann úrskurð má kæra til Hæstaréttar“ en í stað þeirra kemur: sýslumaður þá neytt þess úrræðis sem skiptastjórum er veitt í 2. mgr. 52. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 1. málslíð 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í þess stað kemur: Sýslumaður.

Í 3. málslíð 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í þess stað kemur: sýslumaður.

Í 4. málslíð 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. mgr. 21. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Aftan af 1. mgr. 21. gr. sömu laga falla orðin „samkvæmt lögum nr. 29 1885“.

Í 3. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanni.

19. Í 6. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67 28. júní 1985, falla niður orðin „erfingjum er heimilt að halda starfsemi“ en í stað þeirra kemur: þeim, sem hefur tekið starfsemi að arfi, er heimilt að halda henni.

20. Í 1. mgr. 19. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985, falla niður orðin „eða viðurkenning skiptaréttar“ en í stað þeirra kemur: viðurkenndar hafa verið við gjaldþrotaskipti eða önnur opinber skipti.

21. Í 1. málslíð 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „samkvæmt ákvæðum III. kafla í lögum nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl.“ en í stað þeirra kemur: opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins.

XX. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

137. gr.

Ef skiptum er ólokið á dánarbúi þegar lög þessi öðlast gildi skulu skiptin fara fram í því umdæmi sem leiðir af 1. mgr. 3. gr. nema búið hafi áður verið tekið til opinberra skipta eða leyfi til einkaskipta verið veitt en þá skal ljúka skiptunum þar sem þau hafa byrjað.

Ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. gr. skal beitt eftir því sem átt getur við þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara.

138. gr.

Hafi andlát manns, sem lést fyrir 1. júlí 1992, ekki verið tilkynnt þegar lög þessi öðlast gildi skal staðið að tilkynningunni og upplýsingagjöf með þeim hætti sem kveðið er á um í 5.–9. gr.

Nú hefur andlát verið tilkynnt fyrir 1. júlí 1992 og skiptum hefur ekki verið lokið þá, dánarbúið hefur ekki verið tekið til opinberra skipta og leyfi til einkaskipta ekki verið veitt og þær upplýsingar liggja ekki fyrir sem eru taldar í 1. mgr. 7. gr. og skal þá sýslumaður leita vitneskju um þau efni að hætti 10. gr. áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

139. gr.

Við gildistöku laga þessara taka sýslumenn við því forræði á dánarbúum, sem kveðið er á um í 11. gr., af þeim skiptaráðendum sem fóru með það að hætti eldri laga.

140. gr.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. gilda aðeins um umboð sem erfingi veitir eftir gildistöku laga þessara.

141. gr.

Beita má ákvæðum 13. og 14. gr. um skipun sérstakra lögráðamanna og málsvara þótt skipti hafi byrjað á dánarbúi fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. og 15. gr. gilda frá 1. júlí 1992 um fjárhaldsmenn sem voru skipaðir fyrir þann dag en upp frá því skulu þeir sjálfkrafa teljast sérstakir lögráðamenn eða málsvarar eftir því sem á við.

142. gr.

Hafi uppskrift eigna og eftir atvikum virðing á þeim átt sér stað að hætti eldri laga fyrir gildistöku laga þessara skal sú aðgerð metin ígildi skrásetningar og eftir atvikum mats eftir ákvæðum 17.–21. gr. Krefjast má yfirmats eftir 22. gr. á virðingargerð eftir eldri lögum innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara þótt lengri tími sé liðinn frá því virðing fór fram ef eignunum hefur ekki þegar verið ráðstafað og ný virðing hafði ekki farið fram eftir 47. gr. eldri laga.

Hafi uppskrift eigna og eftir atvikum virðing að hætti eldri laga ekki farið fram verður reglum 17.–23. gr. um skrásetningu eigna og mat beitt þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi fyrir gildistöku laga þessara eða skiptum verið lokið eftir ákvæðum 10. gr. eldri laga eða með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi, sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 27. gr.

143. gr.

Þótt andlát hafi borið að höndum fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka skiptum eftir ákvæðum 25.–27. gr. ef skilyrði eru til.

Taka má skipti upp á ný skv. 4. mgr. 25. gr. þótt þeim hafi verið lokið fyrir gildistöku laga þessara eftir ákvæðum 10. gr. eldri laga.

144. gr.

Ákvæði 28.–31. gr. gilda um skilyrði fyrir leyfi til einkaskipta, beiðni um slíkt leyfi og veitingu þess þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara ef fyrst er sótt um leyfið eftir þann tíma. Hafi skuldheimtumaður lýst kröfu á hendur dánarbúinu fyrir skiptaráðanda fyrir gildistöku laga þessara þótt aðgerðir við opinber skipti hafi ekki verið byrjaðar skal leyfið þó ekki veitt nema að fullnægðum skilyrðum 1. mgr. 9. gr. eldri laga.

Leyfi til einkaskipta, sem var veitt fyrir gildistöku laga þessara, haggast ekki þótt skilyrðum 28. gr. væri ekki fullnægt eða þær upplýsingar voru ekki veittar sem eru taldar í 1. mgr. 29. gr. Framlengja má frest til að ljúka einkaskiptum skv. 3. mgr. 29. gr. þótt leyfi til þeirra hafi verið veitt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 3. þáttar og 123. gr. taka til einkaskipta frá gildistöku laga þessara þótt leyfi hafi verið veitt til þeirra fyrir þann tíma að því leyti sem bindandi ráðstafanir hafa ekki áður verið gerðar á annan veg.

145. gr.

Ef svo stendur á þann 1. júlí 1992 að skiptum á dánarbúi hefur ekki verið lokið eftir 10. gr. eldri laga, maka þess látna hefur ekki verið veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum hefur ekki verið veitt leyfi til einkaskipta og opinberra skipta hefur ekki verið krafist og lengri tími er þá liðinn frá andláti en fjórir mánuðir skal sýslumaður beina áskorun skv. 32. gr. til erfingja áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því lög þessi öðlast gildi. Ef skemmri tími en fjórir mánuðir er liðinn frá andláti þegar lög þessi öðlast gildi skal farið eftir ákvæðum 32. gr.

146. gr.

Beita má ákvæðum III. kafla við skipti dánarbús þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara ef skiptum hefur ekki verið lokið þá og bindandi ráðstafanir hafa ekki þegar verið gerðar á annan veg en ákvæði þessi mæla fyrir um.

147. gr.

Ákvæði 37.–41. gr. gilda um skyldu og heimild til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara. Eins gilda ákvæði 2. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 40. gr. þótt skiptum hafi verið lokið eftir 10. gr. eldri laga. Farið skal með kröfu um opinber skipti undir þessum kringumstæðum eftir reglum IV. kafla.

Ef krafa hefur komið fram um opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara en afstaða hefur ekki verið tekin til hennar gilda ákvæði IV. kafla um hana.

148. gr.

Ef dánarbúi er til opinberra skipta þann 1. júní 1992 og ekki þykir víst að skiptum verði lokið fyrir gildistöku laga þessara skal skiptaráðandi, sem fer með skipti þess, boða til skiptafundar fyrir 1. júlí 1992 til að ákvörðun verði tekin um framhald skipta. Eins skal farið að ef dánarbúi kemur fyrst til opinberra skipta eftir 1. júní 1992.

Ef fram kemur á skiptafundi skv. 1. mgr. að erfingjar vilji fá leyfi til einkaskipta og skilyrðum þessara laga er fullnægt til að verða við því þótt svo hafi ekki verið að eldri lögum skal skiptaráðandi veita leyfi til einkaskipta sem öðlast gildi 1. júlí 1992. Ef þess er þörf skal skiptaráðandi jafnframt skipa erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara eftir ákvæðum 13. gr. en sú skipun öðlast þá gildi um leið og leyfið.

Ef fram kemur á skiptafundi að skilyrði séu ekki til ráðstafana skv. 2. mgr. skal skiptaráðandi skipa skiptastjóra eftir ákvæðum 46. gr. Öðlast sú skipun gildi 1. júlí 1992 og tekur þá skiptastjóri við forræði á búinu af skiptaráðanda. Ákvæði laga þessara skulu gilda um framhald opinberra skipta eftir þann tíma, sbr. þó 150. gr., og lok þeirra en fyrri ráðstafanir og ákvarðanir skulu ekki haggast af þeim sökum.

Ákvæði laga þessara um stöðu og störf skiptastjóra gilda um þá sem eru skipaðir eftir 3. mgr. að öðru leyti en því að skylda til reikningsgerðar eftir 2. mgr. 49. gr. kemur ekki til framkvæmdar fyrr en í árslok 1992.

149. gr.

Hafi skiptaforstjóri verið löggiltur af dómsmálaráðherra til að fara með opinber skipti skv. 91. gr. eldri laga og þeim er ekki lokið við gildistöku laga þessara skal hann sjálfkrafa teljast skiptastjóri í búinu frá 1. júlí 1992 án sérstakrar skipunar. Ákvæði 3. mgr. 148. gr. gilda um framhald skiptanna.

Ákvæði laga þessara um stöðu og störf skiptastjóra gilda að öllu leyti um þá sem 1. mgr. tekur til frá gildistöku þeirra.

150. gr.

Hafi innköllun við opinber skipti verið birt fyrir 1. júlí 1992 gilda ákvæði eldri laga um lengd kröfulýsingarfrests, réttaráhrif kröfulýsingar og áhrif vanlýsingar þótt kröfulýsingarfresti ljúki ekki fyrr en eftir þann tíma. Kröfulýsing skal talin réttilega komin fram ef hún berst skiptastjóra eða þeim, sem gaf innköllunina út, eftir gildistöku laga þessara en innan kröfulýsingarfrests.

Hafi afstaða ekki verið tekin til lýstra krafna við opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir ákvæðum þeirra í þeim efnum.

Innköllun, sem hefur verið gefin út fyrir 1. júlí 1992 en hefur ekki birst í fyrsta sinn fyrir þann tíma, skal metin ógild.

151. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 81. gr. gilda um meðferð á erfðafé þótt það hafi verið tekið til varðveislu fyrir gildistöku laga þessara. Tekur þetta einnig til erfðafjár sem hefur ekki verið vitjað eftir ákvæðum 1. mgr. 56. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, við gildistöku laga þessara en hafi fé verið afhent samkvæmt því ákvæði eftir 30. júní 1987 gilda reglur 2. mgr. sömu greinar um rétt til að endurheimta það þótt þess sé fyrst krafist eftir gildistöku laga þessara.

152. gr.

Ákvæði 98.–100. gr. gilda um heimildir til að krefjast opinberra skipta til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks þótt þau atvik, sem þar eru áskilin, hafi átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara. Hafi komið fram krafa um slík opinber skipti en afstaða hefur ekki verið tekin til hennar við gildistöku laga þessara gilda ákvæði 101. gr.

Ef opinber skipti standa yfir til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks þann 1. júlí 1992 skal farið eftir fyrir mælum 1., 3. og 4. mgr. 148. gr. og 150. gr.

Eftir því sem átt getur við skal farið eftir ákvæðum 103.–115. gr. og 142. gr. þótt opinber skipti til fjárslita hafi verið byrjuð fyrir gildistöku laga þessara hafi bindandi ákvarðanir eða ráðstafanir ekki þegar verið teknar eða gerðar á annan veg.

Hafi verið krafist opinberra skipta til slita á félagi fyrir gildistöku laga þessara en afstaða hefur ekki verið tekin til kröfunnar gilda ákvæði 116. og 117. gr.

Hafi opinber skipti byrjað fyrir gildistöku laga þessara til slita á félagi eftir ákvæðum 90. gr. eldri laga, hvort sem það væri heimilt eftir fyrir mælum laga þessara eða ekki, sbr. 2. mgr. 116. gr., skal skiptum fram haldið og lokið eftir ákvæðum laga þessara, sbr. 1., 3. og 4. mgr. 148. gr. og 150. gr.

153. gr.

Ef dómsmál hefur verið þingfest í skiptarétti fyrir gildistöku laga þessara en úrskurður ekki gengið í því fyrir 1. júlí 1992 skal málinu sjálfkrafa fram haldið fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutadeigandi umdæmi þann dag. Ákvæðum XVII. og XVIII. kafla skal beitt upp frá því um meðferð málsins en það sem þegar hefur verið gert í því skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í skiptarétti fyrir 1. júlí 1992 sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili að málinu vill skjóta honum til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara skal það gert með kærú enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Telst kærufrestur þá byrja að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði skiptaréttar þegar verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir reglum um meðferð áfrýjunarmála.

Hafi ákvörðun eða athöfn skiptaráðanda, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar fyrir þann tíma skal málinu lokið þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt athöfnin verði ekki talin til dómsathafna eftir reglum þessara laga. Slíkar ákvarðanir og athafnir verða einnig kærðar eftir gildistöku laga þessara ef kærufrestur er ekki liðinn þá.

Skiptagerð við opinber skipti, sem var lokið fyrir 1. júlí 1992, verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara þótt áfrýjunarfrestur hafi ekki verið liðinn þá. Hafi skiptagerð verið áfrýjað fyrir þann tíma skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum eldri laga.

154. gr.

Ekki má leita úrlausnar héraðsdómara skv. 119. gr. um ákvarðanir eða athafnir skiptaráðanda sem voru teknar eða áttu sér stað fyrir gildistöku laga þessara.

Ef ágreiningur hefur risið við opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara en mál hefur ekki verið þingfest í skiptarétti til að leiða ágreininginn til lykta má leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir 122. gr.

Leysa má úr kröfum í dómsmálum skv. 124. og 126. gr. þótt opinber skipti hafi byrjað fyrir gildistöku laga þessara.

155. gr.

Skipti verða ekki endurupptekin eftir gildistöku laga þessara nema að fullnægðum skilyrðum þeirra þótt skiptunum hafi verið lokið fyrir þann tíma.

156. gr.

Hafi skiptaráðanda borist krafa skv. 1. gr. laga nr. 44/1981 en úrskurður hefur ekki gengið um hana fyrir gildistöku laga þessara skal hún koma sjálfkrafa til kasta héraðsdóms eftir ákvæðum 153. gr. Leyst skal úr kröfunni eftir reglum nefndra laga eins og þeim er breytt með 16. tölul. 136. gr. laga þessara.

157. gr.

Hafi skiptaráðandi kveðið upp úrskurð skv. 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. laga nr. 83/1984 fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði 4. mgr. 153. gr. um kærú.

Hafi ágreiningur um ákvörðun erfðafjárskatts, sem hefur risið fyrir 1. júlí 1992, ekki verið leiddur til lykta fyrir þann tíma skal farið með hann eftir það eftir reglum laga nr. 83/1984 eins og þeim er breytt með 18. tölul. 136. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um gjaldþrotaskipti o.fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum er orðið skuldari notað um mann, félag eða stofnun sem æskir og fær eftir atvikum heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafist er gjaldþrotaskipta hjá.

Orðið þrotamaður er í lögum þessum notað um mann þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ef átt getur við og annað er ekki tekið fram er orðið einnig notað um félög og stofnanir þegar bú þeirra hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

2. gr.

Í lögum þessum telst frestdagur vera sá dagur sem héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti, svo og dánardagur manns ef farið er með dánarbú hans eftir reglum þessara laga um gjaldþrotaskipti. Ef fleiri en einn þessara daga koma til álita telst sá fyrsti þeirra frestdagur, sbr. þó 2.–4. mgr.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, telst frestdagur þótt beiðnin hafi verið afturkölluð eða henni hafi verið hafnað, ef ný beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans berst héraðsdómara innan mánaðar frá því það gerðist. Hafi skuldara verið veitt heimild til greiðslustöðvunar telst sá dagur, sem beiðni um hana barst héraðsdómara, enn fremur frestdagur ef héraðsdómara berst beiðni skuldarans um heimild til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans innan mánaðar frá því greiðslustöðvun lauk.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, telst frestdagur ef honum berst ný beiðni um slíka heimild, beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans innan mánaðar frá því upphaflega beiðnin var afturkölluð eða henni var hafnað, heimild til að leita nauðasamnings féll niður eða úrskurður gekk um hvort nauðasamningur yrði staðfestur.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst krafa um gjaldþrotaskipti, telst frestdagur þótt krafan hafi verið afturkölluð eða henni hafi verið hafnað, ef honum berst ný krafa um gjaldþrotaskipti eða beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings innan mánaðar frá því það gerðist.

Beiðni eða krafa telst komin fram innan mánaðar skv. 2.–4. mgr. ef hún berst í síðasta lagi á sama mánaðardegi og fyrri atburður gerðist almanaks mánuði fyrir.

3. gr.

Orðið nákomnir er í lögum þessum notað um þá sem eftirfarandi tengsl standa milli:

1. hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð,
2. þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur,
3. þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul,
4. mann og félag eða stofnun sem hann eða maður honum nákominn á verulegan hluta í,
5. tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hluta í hinu,
6. menn, félög og stofnanir sem eru í sambærilegum tengslum og um ræðir í 1.–5. tölul.

II. KAFLI

Lögsaga o.fl.

4. gr.

Þegar skuldari er einstaklingur verður ákvæðum þessara laga um heimild hans til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og um gjaldþrotaskipti á búi hans því aðeins beitt að skuldarinn eigi lögheimili hér á landi og sé ekki undanþeginn lögsögu íslenskra dómstóla. Ákvæðum þessara laga verður þó beitt um íslenskan ríkisborgara sem á ekki lögheimili hér á landi, ef hann er undanþeginn lögsögu dómstóla í öðrum ríkjum.

Þegar skuldari er félag eða stofnun verður ákvæðum þessara laga um heimild hans til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og um gjaldþrotaskipti á búi hans því aðeins beitt að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. þegar um skrásett félag er að ræða að það eigi skráð varnarþing hér á landi,
2. þegar um óskrásett félag er að ræða að það eigi varnarþing hér á landi samkvæmt samþykktum sínum, lögum eða eðli máls, en sömu reglum skal beitt um stofnun eftir því sem átt getur við.

5. gr.

Einkafirma manns og félagi, þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum, verður aðeins veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ef sá eða þeir sem bera ábyrgð á skuldbindingum firmans eða félagsins fá einnig sömu heimild. Þú slíks firma eða félags verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema þú þess manns eða þeirra sem bera ábyrgð á skuldbindingum firmans eða félagsins séu áður tekin til gjaldþrotaskipta.

Nú er skuldarinn félag, sem á varnarþing hér á landi og starfrækir útibú hér eða erlendis, félagið ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og félaginu er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til útibúsins. Eins skal farið að ef þú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta. Hér á landi verður útibúinu ekki veitt sjálfstæð heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og þú þess verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema með þú félagsins.

Opinberri stofnun verður ekki veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og þú hennar verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta ef ríkið eða sveitarfélag ber ábyrgð á skuldbindingum hennar nema mælt sé á annan veg í lögum. Þú sveitarfélags verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta.

6. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera samninga fyrir hönd íslenska ríkisins við önnur ríki þannig að lagagildi hafi hér á landi um að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, sem er veitt í einu samningsríki, gildi sjálfkrafa í öðru samningsríki með þeim réttaráhrifum sem fylgja slíkri heimild í öðru hvoru ríkinu. Á sama hátt er dómsmálaráðherra heimilt að gera samninga við önnur ríki um að gjaldþrotaskipti í einu samningsríki nái einnig til eigna eða réttinda þrotamanns í öðru samningsríki, en ákveða má í slíkum samningi að

gjaldþrotaskipti fari að einhverju leyti eða öllu sjálfstætt fram í hverju samningsríki fyrir sig eftir löggjöf þess eða annars tiltekins ríkis.

Ef annað leiðir ekki af samningi, sem er gerður eftir ákvæðum 1. mgr., hafa heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki ekki áhrif hér á landi. Þó verður ákvæðum þessara laga um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings beitt um útibú erlends félags, sem er starfrækt og á skráð varnarþing hér á landi, ef félagið ber ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og hefur áður fengið sömu eða fyllilega sambærilega heimild í sínu heimaríki. Þú slíks útibús verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, nema þú erlenda félagsins hafi áður verið tekið til gjaldþrotaskipta.

7. gr. -

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg. Í henni eða fylgigögnum með henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hvers sé beiðst eða krafist,
2. fullt nafn skuldarans og kennitala hans; sé skuldarinn einstaklingur skal enn fremur koma fram hvert lögheimili hans sé og dvalarstaður, sé hann annar en lögheimili, hvort hann hafi atvinnurekstur með höndum og ef svo er hver sá rekstur sé, hvar hann fari fram og hvort um firma sé ræða sem beri sérstakt heiti; ef skuldarinn er félag skal enn fremur koma fram hvert varnarþing og hvar starfstöð þess sé, hvenær það hafi verið stofnað, hver tilgangur þess sé, hverja starfsemi það hafi með höndum og hvar hún fari fram, en sömu upplýsingar skulu koma fram ef skuldarinn er stofnun,
3. við hver atvik, rök og lagaákvæði beiðnin eða krafan sé studd.

Ef beiðni eða krafa stafar frá skulðaranum sjálfum skulu að auki koma fram sundurliðaðar upplýsingar um eignir hans og skuldir.

Ef krafa stafar frá öðrum en skulðaranum skal koma fram hver hafi hana uppi ásamt kennitölu hans og heimili, svo og yfirlýsing af hendi hlutaðeiganda um að hann ábyrgist allan kostnað af þeirri aðgerð sem hann krefst.

Þau gögn sem beiðni eða krafa er studd við skulu fylgja henni. Ef skuldarinn er félag skulu eftir því sem unnt er einnig fylgja samþykktir þess, gögn eða vottorð um skráningu og síðustu reikningar þess, en eftir atvikum skal eins farið að ef um stofnun er að ræða eða mann sem hefur atvinnurekstur með höndum.

8. gr.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og kröfu um gjaldþrotaskipti skal beint til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem skuldarinn yrði sóttur í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu.

Ef samtímis er beiðst heimildar til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafist gjaldþrotaskipta hjá einum manni eða fleirum og firma eða félagi, sbr. 1. mgr. 5. gr., og varnarþing þeirra er ekki það sama, getur sá sem setur fram beiðni eða kröfu óskað eftir því við héraðsdómara á varnarþingi eins þeirra að hann fari með málefni þeirra allra. Ef héraðsdómari telur efni til að verða við þeirri ósk skal hann senda dómsmálaráðherra erindið tafarlaust, en ráðherra ákveður endanlega hvort við því verði orðið. Héraðsdómari getur ekki tekið fyrir beiðni eða kröfu varðandi þá sem eiga varnarþing utan umdæmis hans fyrr en ráðherra hefur heimilað það.

Ef beiðni eða krafa kemur fram í umdæmi þar sem ekki verður farið með hana skal héraðsdómari framsenda hana og fylgigögn með henni héraðsdómstólnum í réttu umdæmi með áritun eða vottorði um hvenær hún hafi borist honum, en sá dagur sem hann tók við henni telst frestdagur þótt hún hafi komið fram í röngu umdæmi.

Farið verður með beiðni eða kröfu í því umdæmi þar sem hún kom réttilega fram þótt

skuldari flytji lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr umdæminu áður en endanleg afstaða er tekin til hennar.

Beiðnum eða kröfum skuldarans eða annarra varðandi heimild til greiðslustöðvunar skal beint til þess héraðsdómstóls sem veitti heimildina í byrjun þótt skuldarinn hafi flutt lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr umdæminu eftir að heimildin var veitt. Eins skal farið með beiðnir eða kröfur varðandi heimild til að leita nauðasamnings.

9. gr.

Við héraðsdómstóla skulu haldnar skrár um beiðnir og kröfur samkvæmt lögum þessum þar sem fram koma upplýsingar um afdrif þeirra, svo og um dómsmál sem eru rekin eftir ákvæðum laga þessara, en dómsmálaráðherra setur nánari reglur um slíkar skrár í reglugerð.

Dómsmálaráðherra setur enn fremur fyrirmæli í reglugerð um þingbækur, aðra skráningu upplýsinga og veitingu vottorða um þau málefni sem lög þessi taka til.

Héraðsdómari skal veita þeim sem þess krefst og hann telur hafa lögmætra hagsmuna að gæta upplýsingar úr skrám skv. 1. mgr. Sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta getur einnig krafist aðgangs að beiðnum eða kröfum og fylgigögnum með þeim þótt þær hafi ekki verið lagðar fram á dómþingi.

2. ÞÁTTUR

Greiðslustöðvun.

III. KAFLI

Heimild til greiðslustöðvunar.

10. gr.

Skuldari, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur ráðið í því skyni, getur leitað heimildar til greiðslustöðvunar.

Í beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða með henni skal, auk þess sem mælt er fyrir um í 7. gr., koma fram ítarleg greinargerð skuldarans um hvað valdi verulegum fjárhagsörðugleikum hans, í hverju þeir felist, hvornig hann hyggist leysa úr þeim með heimild til greiðslustöðvunar og hvern hann hafi ráðið sér til aðstoðar. Ef skuldarinn er bókhaldsskyldur skal fylgja beiðninni yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að bókhald skuldarans sé í lögboðnu formi.

Aðstoðarmaður skul dara við greiðslustöðvun skal fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 75. gr. og má hann hvorki sjálfur hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans né neinn honum nákominn. Með beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal lögð fram yfirlýsing hans um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi þessum skilyrðum.

11. gr.

Tafarlaust eftir að beiðni um heimild til greiðslustöðvunar hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verði tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldarannum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Pegar beiðni um heimild til greiðslustöðvunar er fyrst tekin fyrir og mætt er af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldarannum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði, ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldarannum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður, sem hann hefur ráðið sér í byrjun, fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

12. gr.

Þegar gagnaöflun er lokið um beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðslustöðvunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram áður en beiðni hans um heimild til greiðslustöðvunar var tekin til úrskurðar og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur lokið innan þriggja ára fyrir frest dag,
3. að nauðasamningur hafi komist á fyrir skuldarann innan þriggja ára fyrir frest dag,
4. að skuldarinum sé sýnilega þegar orðið skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu vegna ákvæða 2. mgr. 64. gr.,
5. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á það,
6. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðslustöðvun stæði verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi hennar, raunhæfar eða líklegar til að koma nýrri skipan á fjármál hans, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á það,
7. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísitandi rangar eða villandi,
8. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingum héraðsdómara skv. 2. mgr. 11. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

13. gr.

Aðstoðarmaður skuldarans skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðslustöðvunar boða lánardrottna hans til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans og ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 12. gr., en að öðru leyti skal ákveða stað og stund til fundarins með þeim hætti að ætla megi að sem flestir lánardrottnar geti átt kost á að sækja hann.

Fundarboð skal vera skriflegt og sent öllum þekktum lánardrottnum skuldarans með hæfilegum fyrirvara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Í því skal koma fram að heimild hafi verið veitt til greiðslustöðvunar, hvar og hvenær fundur verði haldinn með lánardrottnum og hvenær héraðsdómari hafi ákveðið að taka málefnið fyrir á ný á dómþingi. Lánardrottnum, sem ekki var kunnugt um í byrjun en uppvíst verður um fyrir fundinn, skal tilkynnt um þetta á sama hátt.

14. gr.

Á fundi með lánardrottnum, sem boðað er til skv. 13. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá sína um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hvernar eignar áætlað og fjárhæð hvernar skuldbindingar reiknuð út miðað við frest dag. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir því hvernig hann telji unnt að

reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans, hvað hafi þegar verið gert í þeim efnum og hvort skuldarinn hyggist æskja áframhaldandi greiðslustöðvunar. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn enn fremur leita afstöðu lánardrottna til ráðagerða sinna og tillagna þeirra um aðgerðir.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf lánardrottna til ráðagerða hans koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 79. gr., að því leyti sem átt getur við, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldarinum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir.

15. gr.

Nú æskir skuldarinn áframhaldandi greiðslustöðvunar og skal hann þá leggja fram skriflega beiðni um það í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 12. gr.

Beiðninni skulu fylgja skrá aðstoðarmanns um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum eftir fyrirætlum 13. gr., fundargerð af fundinum og skrifleg greinargerð aðstoðarmannsins um hvernig hafi verið staðið að aðgerðum á greiðslustöðvunartímanum og hverjar ráðstafanir verði gerðar ef beiðnin verður tekin til greina.

16. gr.

Lánardrottinn skuldarans er heimilt að mæta á dómþingi þar sem beiðni skuldarans skv. 15. gr. er tekin fyrir og leggja þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að hún verði tekin til greina. Farið skal með slík mótmæli eftir 166. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla þegar frá kröfum sínum.

17. gr.

Ef skuldarinn leggur fram beiðni skv. 1. mgr. 15. gr. framlengist greiðslustöðvun sjálfkrafa þar til héraðsdómari hefur tekið afstöðu til hennar í úrskurði, þó aldrei lengur en í sjö sólarhringa.

Héraðsdómari skal synja um áframhaldandi greiðslustöðvun ef eitthvert eftirtalinna atvika eiga við:

1. að svo standi á sem segir í 4.–8. tölul. 2. mgr. 12. gr.,
2. að aðstoðarmaður skuldarans þyki hafa vanrækt skyldur sínar í starfi, enda verði ekki ráðin bót á því með ráðningu nýs aðstoðarmanns,
3. að skuldarinn hafi með eða án samþykkis aðstoðarmanns síns gert ráðstafanir í andstöðu við ákvæði 19.–21. gr.,
4. að talið verði eftir því sem fram er komið og í ljósi aðstæðna að ekki hafi verið staðið eðlilega að tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans meðan á greiðslustöðvun hefur staðið,
5. að áframhaldandi greiðslustöðvun þyki ekki munu þjóna tilgangi.

Úrskurði héraðsdómara um synjun um áframhaldandi greiðslustöðvun verður ekki skotið til æðra dóms.

Telji héraðsdómari skilyrði til að fallast á beiðni skuldarans um áframhaldandi greiðslustöðvun skal ákveðið í úrskurði að heimildin sé framlengd til tiltekens dags og stundar þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný innan þriggja mánaða eftir að beiðnin var lögð fram á dómþingi.

Aðstoðarmaður skuldarans skal tafarlaust tilkynna öllum þekktum lánardrottnum um úrskurð héraðsdómara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt.

18. gr.

Nú hefur greiðslustöðvun verið framlengd en sá tími hefur ekki nægt til að ljúka við að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og getur hann þá enn lagt fram beiðni um áframhaldandi greiðslustöðvun í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 4. mgr. 17. gr., ef veruleg líkindi verða talin fyrir að slík heimild leiði til árangurs. Áður skal aðstoðarmaður skuldarans boða og halda fund með lánardrottnum eftir ákvæðum 13. og 14. gr.

Beiðni skuldarans skv. 1. mgr. skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja þau gögn sem eru talin í 2. mgr. 15. gr., en það skal rökstutt í greinargerð aðstoðarmannsins hvers vegna sá tími sem er þegar liðinn hafi ekki nægt til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og hvernig greiðslustöðvun geti borið árangur ef af framhaldi hennar yrði.

Ákvæðum 16. og 17. gr. skal beitt um meðferð beiðni skuldarans skv. 1. mgr., þó þannig að héraðsdómari getur aldrei heimilað skuldaranum greiðslustöðvun í lengri tíma en alls sex mánuði talið frá þinghaldi sem hann hefur ákveðið í úrskurði skv. 3. mgr. 12. gr. Héraðsdómari ákveður ekki þinghald við lok greiðslustöðvunar sem stendur þann hámarks-tíma.

Framlengja má heimild til greiðslustöðvunar oftast en tvívegis innan þess hámarksfrests sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

IV. KAFLI

Réttaráhrif greiðslustöðvunar.

19. gr.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er skuldaranum óheimilt að ráðstafa eignum sínum eða réttindum og stofna til skuldbindinga á hendur sér, nema aðstoðarmaður hans veiti fyrir fram samþykki sitt til þess hverju sinni og heimild standi til slíkrar aðgerðar í 20. eða 21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðstoðarmanni heimilt að veita skuldaranum skriflega fyrir fram almennt samþykki til að verja fjármunum innan tiltekinnna marka til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja eða til að standa straum af reglubundnum eða nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri sínum, en skuldaranum ber að gera aðstoðarmanninum grein fyrir ráðstöfunum í skjóli slíks samþykkis með reglulegu millibili eftir ákvörðun aðstoðarmannsins og er samþykkið afturtækt án fyrirvara.

Aðstoðarmanni skuldarans ber eftir föngum að hafa umsjón eða eftirlit með fjárreiðum hans til að fyrirbyggja að hann brjóti gegn ákvæðum 1. og 2. mgr.

20. gr.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að ráðstafa eignum eða réttindum skuldarans, nema ráðstöfunin verði talin nauðsynlegur þáttur í daglegum rekstri hans eða tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál hans, eðlilegt verð komi fyrir þau og andvirðið sé varðveitt þannig að það liggi fyrir óskert við lok greiðslustöðvunar, sbr. þó 2. mgr. Skuldaranum er þó heimilt að ráðstafa eignum eða réttindum sínum sem rynnu ekki til þrotabús hans ef til gjaldþrotaskipta væri þegar komið.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að verja peningaeign skuldarans, peningum sem fást við ráðstöfun eigna eða réttinda, arði af eignum eða réttindum eða tekjum sem hann aflar í atvinnurekstri til annarra þarfa en:

1. að afla skuldaranum og fjölskyldu hans daglegra nauðsynja,
2. að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri skuldarans,
3. að greiða skuldir að því leyti sem það er heimilt skv. 21. gr.,
4. að greiða óumflýjanlegan kostnað af tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans,

5. að kosta aðgerðir sem má telja víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón.

21. gr.

Skuldaránur er óheimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar sínar meðan á greiðslustöðvun stendur nema að því leyti sem víst er að skuldbindingin yrði efnd eða skuldin yrði greidd eftir stöðu sinni í skuldaröð ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar. Heimilt er þó annars að greiða skuld eða efna aðra skuldbindingu ef telja má víst að það sé nauðsynlegt til að varna verulegu tjóni.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er skuldaránur óheimilt að stofna til skulda, taka á sig aðrar skuldbindingar eða leggja höft á eignir sínar eða réttindi, nema til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja, eða það sé nauðsynlegt til að halda áfram atvinnurekstri hans eða til að varna verulegu tjóni og víst þykir að sú aðgerð yrði lánardrottnum hans til hagsbóta ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar.

22. gr.

Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi gagnvart skuldaránur á þeim tíma sem greiðslustöðvun stendur yfir, að öðru leyti en því að krefjast má dráttarvaxta, dagsekta eða févitis vegna vanefnda skuldarans á skyldum sínum án tillits til greiðslustöðvunar.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka bú skuldarans til gjaldþrotaskipta eða kyrretja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er stjórnvöldum óheimilt að neyta þvingunarúræða í garð skuldarans vegna vanefnda hans á skuldbindingum sínum við þau. Veiting heimildar til greiðslustöðvunar raskar ekki ástandi sem stjórnvald hefur komið á fyrir þann tíma með slíku úrræði.

V. KAFLI

Lok greiðslustöðvunar.

23. gr.

Greiðslustöðvun lýkur án frekari aðgerða þegar sá tími er á enda sem héraðsdómari hefur markað henni og beiðni um áframhaldandi greiðslustöðvun kemur ekki fram eða ekki er mætt af hálfu skuldarans í þinghaldi við lok áður ákveðins greiðslustöðvunartíma.

Greiðslustöðvun lýkur sjálfkrafa þótt sá tími sé ekki runninn út sem heimild var veitt til hennar:

1. þegar héraðsdómara berst skrifleg tilkynning skuldarans um að hann afsali sér heimild sinni til hennar,
2. þegar úrskurður gengur um að skuldaránur sé veitt heimild til að leita nauðasamnings,
3. þegar úrskurður gengur um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu hans sjálfs,
4. við andlát skuldarans,
5. við kosningu lögmaeltrar skilaneftndar til að slíta félagi sem hefur heimild til greiðslustöðvunar.

Greiðslustöðvun lýkur þegar í stað við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um synjun um áframhaldandi heimild til hennar eða niðurfellingu heimildarinnar skv. 24.–26. gr., svo og ef sá frestur rennur út sem getur í 1. mgr. 17. gr. án þess að úrskurður sé kveðinn upp innan hans um áframhaldandi greiðslustöðvun.

Ef greiðslustöðvun lýkur skv. 2. eða 3. mgr. falla sjálfkrafa niður fundir með lánardrottnum og þinghöld í tengslum við hana sem áður hafði verið ákveðið að halda.

Aðstoðarmanni ber tafarlaust að tilkynna þekktum lánardrottnum skuldarans skriflega um lok greiðslustöðvunar og tiltaka þar hvenær henni lauk og af hverri ástæðu.

24. gr.

Ef aðstoðarmaður skuldarans telur sér ekki fært að gegna því starfi lengur meðan á greiðslustöðvun stendur skal hann tilkynna það héraðsdómara án tafar. Tilkynning aðstoðarmannsins skal vera skrifleg og tekið fram í henni hverjar ástæður búi að baki afstöðu hans. Enn fremur skal koma fram hverjar ráðstafanir hafi helstar verið gerðar eftir að heimild var veitt til greiðslustöðvunar.

Ef skuldarinn telur aðstoðarmann sinn vanrækja störf sín eða standa á annan hátt óeðlilega að þeim skal hann tilkynna það héraðsdómara skriflega. Í tilkynningunni skal koma fram skýring á því sem skuldarinn telur aðfinnsluvert í störfum aðstoðarmannsins.

Berist héraðsdómara tilkynning skv. 1. eða 2. mgr. skal hann tafarlaust boða skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti og gefa þeim kost á að tjá sig um málefnið. Telji héraðsdómari það sem fram er komið þess eðlis að skuldarann yrði synjað um áframhaldandi greiðslustöðvun af þeim sökum skv. 2. mgr. 17. gr. eða ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans skal héraðsdómari þegar í stað fella niður heimildina með úrskurði. Ella bókar hann þá ákvörðun sína að gefa skuldarann kost á að tilnefna þá þegar annan aðstoðarmann sem fullnægir hæfisskilyrðum til starfans og stendur þá heimild til greiðslustöðvunar óbreytt að því gerðu.

Úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu greiðslustöðvunar skv. 3. mgr. verður ekki skotið til æðra dóms.

25. gr.

Aðstoðarmanni skuldara er skylt að tilkynna héraðsdómara það skriflega ef hann telur að greiðslustöðvun muni ekki bera árangur eða skuldarinn starfar ekki af trúmennsku með honum eða hefur gert ráðstafanir í andstöðu við 19.–21. gr.

Berist héraðsdómara tilkynning skv. 1. mgr. skal hann tafarlaust boða skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með sannanlegum hætti og gefa þeim kost á að tjá sig um málefnið. Telji héraðsdómari það sem fram er komið þess eðlis að skuldarann yrði synjað um áframhaldandi greiðslustöðvun af þeim sökum skv. 2. mgr. 17. gr., eða ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, skal héraðsdómari þegar í stað fella niður heimildina með úrskurði. Ella ákveður héraðsdómari að heimild til greiðslustöðvunar standi óbreytt.

Úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar skv. 2. mgr. verður ekki skotið til æðra dóms.

26. gr.

Lánardrottinn skuldarans getur krafist þess að heimild hans til greiðslustöðvunar verði felld niður ef þau atvik eru uppi sem mundu valda því að héraðsdómara bæri að synja um áframhaldandi greiðslustöðvun skv. 2. mgr. 17. gr.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera skrifleg. Skal tiltekið skýrlega í henni um hver atvik sé að ræða og hver rök standi til að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður. Gögn til stuðnings kröfunni skulu fylgja henni.

Héraðsdómari getur ákveðið með bókun í þingbók að vísa kröfunni á bug án frekari aðgerða ef hann telur hana bersýnilega tilefnislausu, efni hennar verulega áfátt eða að komið verði að lokum greiðslustöðvunar þegar unnt yrði að taka afstöðu til kröfunnar. Ákvörðun héraðsdómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef kröfu verður ekki vísað á bug skv. 3. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust boða þann sem hefur hana uppi, skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans og hlutadeigandi lánardrottinn krefst þess skal héraðsdómari þá þegar fella niður heimild skuldarans til greiðslustöðvunar með úrskurði. Ef sótt er þing af hálfu beggja og hvorugur fellur frá kröfum sínum skal

héraðsdómari fara með ágreininginn eftir 166. gr. og kveða síðan á í úrskurði um hvort heimild til greiðslustöðvunar falli niður eða standi óbreytt.

Úrskurði héraðsdómara skv. 4. mgr. um að heimild til greiðslustöðvunar falli niður verður ekki skotið til æðra dóms.

3. ÞÁTTUR

Nauðasamningar án undanfarandi gjaldþrotaskipta.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði um nauðasamninga.

27. gr.

Með nauðasamningi er í lögum þessum átt við samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem kemst á milli skuldarans og áskilins meiri hluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi. Nauðasamningur, sem þannig er gerður, bindur einnig aðra lánardrottna skuldarans eftir því sem nánar er mælt hér fyrir.

28. gr.

Nauðasamningur hefur ekki áhrif á eftirtaldar kröfur á hendur skuldaranum:

1. kröfur sem hafa orðið til eftir að úrskurður gekk um heimild skuldarans til að leita nauðasamnings,
2. kröfur um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu,
3. kröfur sem nytu stöðu skv. 109., 110. og 112. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings,
4. kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem andvirði eignarinnar hrekkur til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins,
5. kröfur sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta,
6. kröfur sem eru sérstaklega undanþegnar áhrifum nauðasamnings eftir ákvæðum hans með því að þær greiðist að fullu, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Lánardrottinn skuldarans getur afsalað sér réttindum skv. 1. mgr., þannig að nauðasamningur hafi áhrif á kröfu hans, með yfirlýsingu sem hann gefur við undirbúning skuldarans að öflun heimildar til að leita nauðasamnings eða síðar. Binda má slíka yfirlýsingu því skilyrði að hún feli því aðeins í sér endanlegt réttindaafsal að nauðasamningur komist á.

Nauðasamningur leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 114. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

29. gr.

Þær kröfur á hendur skuldaranum, sem eru ekki undanþegnar áhrifum nauðasamnings og falla ekki niður vegna hans eftir ákvæðum 28. gr., nefnast samningskröfur.

Í nauðasamningi má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, breytt form á greiðslu þeirra eða þrennt það síðastnefnda í senn.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðin mismikil eftirgjöf samningskrafna. Þó má kveða á um að tilteknir lánardrottinnar, einn eða fleiri, veiti meiri eftirgjöf en aðrir, ef þeir samþykka það sjálfir, og einnig má kveða á um að lágar samningskröfur verði greiddar með tiltekinni fjárhæð þótt sú skipan leiði til þess að hlutfallsleg eftirgjöf þeirra lánardrottna verði minni en annarra, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðin misjöfn lenging gjaldfrests á samningskröfum, nema gjalddagi þeirra allra verði sá sami eða sá eða þeir lánardrottinnar sem er ætlað að veita lengri gjaldfrest en aðrir samþykki það. Ákveða má að þeir sem veita lengri gjaldfrest fái greidda vexti eftir þann tíma sem aðrir fá greitt eða verði sett trygging fyrir greiðslu eftir það.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðið að greiðslur til lánardrottna verði inntar af hendi í mismunandi formi. Þó má kveða á um það að tilteknir lánardrottinnar taki við greiðslu í öðru og verðminna formi en aðrir, ef þeir samþykkja það sjálfir, en við mat á verðgildi greiðslu skal byggt á því hvert gangverð hennar telst gegn staðgreiðslu með peningum.

Þótt einn eða fleiri lánardrottinnar samþykki að hætti 3.–5. mgr. að veita meiri ívilnun en aðrir eða einum þeirra eða fleirum er ætlað skv. 2. mgr. 36. gr. að veita minni eftirgjöf en öðrum þá skal litið svo á um ákvörðun atkvæða við samningsgerðina og í öðru tilliti, sem getur skipt máli, að allir lánardrottinnar veiti þá almennu ívilnun sem kveðið er á um í nauðasamningnum.

30. gr.

Nauðasamningur hefur í för með sér, án tillits til samninga, laga eða annarra reglna, að allar samningskröfur falla sjálfkrafa í gjalddaga gagnvart skuldaranum þegar samningurinn kemst á, nema kveðið sé þar á um tiltekinn gjaldfrest. Fjárhæð samningskröfu verður ekki færð niður þótt hún falli fyrr í gjalddaga af þessum sökum en annars hefði orðið.

Samningskröfur í erlendum gjaldmiðli skulu færðar til íslensks gjaldmiðils eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings.

Við ákvörðun heildarfjárhæðar hverrar samningskröfu skal miðað við stöðu hennar á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings, að meðtöldum vöxtum, verðbótum, gengisálagi, innheimtukostnaði og öðru sem kann að hafa fylgt kröfunni á þeim tíma. Samningskröfur bera ekki vexti eftir að nauðasamningur er kominn á nema þar sé kveðið á um það, en dráttarvextir falla á þær eftir almennum reglum ef vanefndir verða á samningnum.

Nú á sami lánardrottinn fleiri samningskröfur en eina á hendur skuldaranum og skal þá leggja fjárhæðir þeirra saman og telja heildarfjárhæðina eina samningskröfu án tillits til uppruna krafanna eða annarra atvika. Hafi lánardrottinn, sem átti fleiri kröfur en eina á hendur skuldaranum, framselt einhverja þeirra þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar skal einnig telja kröfurnar samanlagðar eina samningskröfu, en framsalshafinn telst þá eiga sitt hlutfall í samningskröfunni í samræmi við fjárhæð hvorrar eða hverrar þeirra. Eins skal farið að við önnur aðilaskipti að kröfu.

31. gr.

Kröfur teljast til samningskrafa án tillits til þess hvort vitað sé um þær eða þær séu háðar ókomnu skilyrði við gerð nauðasamnings.

Ágreiningur um réttmæti kröfu breytir því ekki að hún verði talin samningskrafa eins og endanlega verður úr henni leyst.

32. gr.

Reglum XX. kafla um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti verður beitt ef nauðasamningur kemst á, að öðru leyti en því að skuldarinn verður að höfða dómsmál til riftunar innan þriggja mánaða frá því samningurinn komst á. Að því leyti sem ákvæði XX. kafla taka mið af þeim degi sem úrskurður var kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal við riftun eftir gerð nauðasamnings miðað við þann dag sem úrskurður gekk um heimild til að leita hans.

Krafa, sem kann að verða til á hendur skuldaranum vegna riftunar eða rakna við af þeim sökum, telst samningskrafa ef ákvæði 28. gr. leiða ekki til annars. Við nauðasamningsumleitunir skal slík hugsanleg krafa talin skilyrt nema riftun hafi þegar átt sér stað.

33. gr.

Þeir lánardrottinnar skuldarans sem eiga samningskröfur á hendur honum og lýsa þeim við nauðasamningsumleitunir, sbr. 4. mgr. 45. gr., eiga atkvæðisrétt um nauðasamning nema:

1. lánardrottinnar sem eru nákomnir skuldaranum,
2. lánardrottinnar sem fara með skilyrtar kröfur ef skilyrðið er ekki komið fram.

Lánardrottinnar sem eiga atkvæði um nauðasamning skv. 1. mgr. nefnast atkvæðismenn.

Við atkvæðagreiðslu um nauðasamning fer hver atkvæðismaður með eitt atkvæði þar sem þau eru greidd eftir höfðatölu, sbr. þó 4. mgr. 30. gr. Ef tveir eða fleiri atkvæðismenn eiga samningskröfu saman fara þeir samanlagt með eitt atkvæði en hver þeirra á sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfunni.

Þegar atkvæði eru greidd um nauðasamning eftir kröfufjárhæðum skal leggja saman heildarfjárhæð krafna allra atkvæðismanna og reikna síðan út hundraðshluta kröfu hvers þeirra af heildarfjárhæðinni. Fer síðan hver atkvæðismaður með atkvæði sem nemur hundraðshluta hans.

VII. KAFLI

Heimild til að leita nauðasamnings.

34. gr.

Skuldari sem æskir heimildar til að leita nauðasamnings skal gera beiðni sína svo úr garði sem segir í 7. gr., en að auki skal eftirfarandi koma fram í henni eða greinargerð með henni:

1. ástæður þess að skuldarinn leitar nauðasamnings, þar sem sérstaklega skal greint frá því hvað hafi valdið skuldastöðu hans, hvers vegna hann geti ekki staðið að fullu skil á skuldum sínum, á hverjum forsendum samningsboð hans hafi verið ákveðið og hvernig hann rökstyðji að hann muni geta staðið við það,
2. skýringar við frumvarp að nauðasamningi eftir því sem skuldarinn telur þörf,
3. nákvæm talning eigna skuldarans ásamt áætluðu verðmæti hverrar þeirra og nákvæm talning skulda hans ásamt fjárhæð hverrar þeirra á þeim tíma sem beiðnin er gerð,
4. hvort einhverjar ráðstafanir hafi átt sér stað sem kynnu að verða riftanlegar ef nauðasamningur kæmist á.

35. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í 7. gr. skal eftirfarandi fylgja beiðni um heimild til að leita nauðasamnings:

1. frumvarp að nauðasamningi eftir fyrirmælum 36. gr.,
2. skriflegar yfirlýsingar frá að minnsta kosti fjórðungi atkvæðismanna samkvæmt talningu skulda í beiðni skuldarans, bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, um að þeir mæli með nauðasamningi á grundvelli frumvarps skuldarans,
3. síðasta skattframtal skuldarans,
4. trygging fyrir greiðslu kostnaðar af aðgerðum við frekari undirbúning og gerð nauðasamnings.

Ef skuldarinn er bókhaldsskyldur skulu enn fremur fylgja síðustu ársreikningar hans og uppgjörsreikningar sem kunna síðan að hafa verið gerðir, ásamt álitsgerð lögglits endurskoðanda um hvort bókhald skuldarans sé í lögboðnu horfi og hvort reikningar hans gefi raunhæfa mynd af efnahag hans.

36. gr.

Í frumvarpi að nauðasamningi skal kveðið á um eftirfarandi:

1. hversu mikið skuldarinn bjóðist til að greiða af samningskröfum og í hverju formi,
2. hvenær greiðslur muni eiga sér stað,
3. hvort vextir og þá hverjir verði greiddir af samningskröfum frá því nauðasamningur kemst á til gjalddaga ef greiðslufrestur er ráðgerður,
4. hvort trygging og þá hver verði sett fyrir efdum nauðasamnings.

Í frumvarpi að nauðasamningi má setja ákvæði um að kröfur, innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi efnahags skuldarans, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáiast að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Ef sami lánardrottinn á

fleiri kröfur en eina á hendur skuldaranum eða hefur átt þær og aðilaskipti hafa orðið að þeim innan þeirra tímamarka, sem getur í 4. mgr. 30. gr., þá skulu kröfurnar lagðar saman og ákveðið samkvæmt því hvort ákvæði sem þetta taki til þeirra.

Ef skuldari æskir þess að einhverjir lánardrottnar samþykki að veita honum meiri ívilnun en aðrir, sbr. 3.–5. mgr. 29. gr., skal tekið skýrlega fram í frumvarpi að nauðasamningi hver sú ívilnun sé og í hverjum atriðum hún víki frá almennum skilmálum frumvarpsins.

37. gr.

Héraðsdómari skal tafarlaust eftir að beiðni um heimild til að leita nauðasamnings hefur borist honum ákveða hvenær hún verði tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Héraðsdómari tilkynnir ákvörðun þessa skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, þegar beiðni hans er tekin fyrir, skoðast hún afturkölluð.

Þegar beiðnin er fyrst tekin fyrir og mætt er af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómari getur veitt skuldaranum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að gefa nánari upplýsingar um tiltekin atriði, ef hann telur það geta komið að haldi, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni.

Þegar gagnaöflun er lokið um beiðnina skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimild sé veitt til að leita nauðasamnings.

38. gr.

Héraðsdómari skal synja um heimild til að leita nauðasamnings ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að skuldarinn hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og heimildin hafi verið felld niður innan þriggja ára fyrir frestdag vegna framferðis hans,
2. að nauðasamningur hafi áður verið staðfestur fyrir skuldarann innan þriggja ára fyrir frestdag eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings hefur verið hafnað á sama tímabili af öðrum sökum en þeim að ágallar hafi verið á framkvæmd nauðasamningsumleitana,
3. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísitandi rangar eða villandi,
4. að beiðni skuldarans sé áfátt, fylgigögn vanti með henni eða annmarkar séu á þeim, eða trygging skv. 4. tölul. 1. mgr. 36. gr. sé ófullnægjandi að mati héraðsdómara,
5. að ástæða sé til að draga verulega í efa að frumvarp skuldarans fáiist samþykkt, nauðasamningur verði staðfestur eða skuldarinn muni efna hann.

Skuldarinn má einn skjóta synjunarúrskurði héraðsdómara til æðra dóms. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp.

39. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til þess veitir hann skuldaranum heimild til að leita nauðasamnings með úrskurði. Slíkum úrskurði verður ekki skotið til æðra dóms.

Tafarlaust eftir að heimild hefur verið veitt til að leita nauðasamnings skal héraðsdómari skipa mann með bókun í þingbók til að hafa umsjón með framkvæmd nauðasamningsumleitana. Ákvæði XIII. kafla um hæfi skiptastjóra, réttindi þeirra, skyldur og frávikningu gilda um umsjónarmanninn eftir því sem átt getur við.

40. gr.

Frá því heimild er veitt til að leita nauðasamnings og þar til nauðasamningur kemst á eða heimildin fellur niður hefur hún sömu áhrif og greiðslustöðvun skv. 19.–21. gr. og 1. og 3. mgr. 22. gr., þó þannig að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum gegnir því hlutverki sem aðstoðarmanni skuldarans er mælt í þeim ákvæðum.

Á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. verður bú skuldarans ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema eftir kröfu hans sjálfs. Á því tímabili verða eignir skuldarans heldur ekki kyrrsettar, teknar í löggeymslu, fjárnám gert í þeim eða þeim ráðstafað með nauðungarsölu til tryggingar eða fullnustu samningskröfu, kröfu sem félli niður skv. 3. mgr. 28. gr. ef nauðasamningur kæmist á eða kröfu sem skuldarinn býðst til að greiða að fullu án tillits til nauðasamnings skv. 2. mgr. 36. gr.

Á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. er skuldarann óheimilt að framselja kröfu sína á hendur öðrum ef framsalið hefði í för með sér að réttur til skuldajafnaðar við kröfu hans færi forgörðum.

41. gr.

Heimild til að leita nauðasamnings fellur sjálfkrafa niður:

1. þegar héraðsdómara berst skrifleg tilkynning skuldarans um að hann afsali sér henni,
2. þegar úrskurður gengur um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni hans sjálfs,
3. við andlát skuldarans,
4. þegar úrslit atkvæðagreiðslu um frumvarp að nauðasamningi liggja fyrir skv. 52. gr. og það hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna,
5. þegar frestur skv. 1. mgr. 54. gr. er runninn út án þess að skuldarinn hafi lagt kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara eða skuldarinn fellur frá þeirri kröfu,
6. þegar kröfu um staðfestingu nauðasamnings hefur verið endanlega hafnað, sbr. 59. gr.

42. gr.

Lánardrottinn skuldarans, sem fara með samningskröfur og umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum, geta krafist þess skriflega við héraðsdómara að heimild til að leita nauðasamnings verði felld niður ef:

1. svo margir atkvæðismenn láta í té skriflegar yfirlýsingar um andstöðu við frumvarp að nauðasamningi að víst sé að það fáist ekki samþykkt,
2. skuldarinn hefur gert ráðstafanir sem honum eru óheimilar skv. 1. mgr. 40. gr. eða sinnir að öðru leyti ekki þeim skyldum sem fylgja heimild hans,
3. önnur atvik liggja þegar fyrir sem munu fyrirsjáanlega valda að synjað verði um staðfestingu nauðasamnings.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera rökstudd og skulu þau gögn fylgja henni sem hún er byggð á.

Héraðsdómari getur vísað kröfu skv. 1. mgr. á bug með bókun í þingbók og án frekari aðgerða ef hann telur hana bersýnilega tilefnislausu eða efni hennar eða gögnum til stuðnings henni verulega áfátt, eða ef svo skammur tími er þar til niðurstaða fæst um samþykki frumvarps eða staðfestingu samnings að engir hagsmunir standi til að leysa úr henni. Ákvörðun héraðsdómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef kröfu verður ekki vísað á bug skv. 3. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust boða þann sem hefur hana uppi og skuldarann til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans og gagnaðili hans krefst þess skal héraðsdómari þá þegar fella niður heimild skuldarans með úrskurði. Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og hann mótmælir kröfunni skal farið með ágreininginn eftir 167. gr. Héraðsdómari tekur þá afstöðu til kröfunnar í úrskurði.

Skuldarinn getur skotið úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings til æðra dóms innan sólarhrings frá uppkvaðningu úrskurðarins. Heimildin

fellur niður að þeim fresti liðnum hafi málskot ekki átt sér stað, en ella helst hún þar til leyst er úr málinu fyrir æðra dómi. Sé kveðið á um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings fyrir æðra dómi telst heimildin þá þegar fallin brott. Að öðru leyti gilda almennar reglur um málskot á úrskurði héraðsdómara skv. 4. mgr.

VIII. KAFLI Nauðasamningsumleitaniir.

43. gr.

Umsjónarmaðurinn skal strax eftir skipun sína athuga hag skuldarans eftir föngum til að staðreyna hvort þær upplýsingar séu réttar sem skuldarinn gaf þegar hann aflaði sér heimildar til að leita nauðasamnings og leiða atriði í ljós sem geta haft þýðingu fyrir úrlausn um hvort nauðasamningur verði staðfestur. Hann skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir þegar í stað til að koma á eftirliti sínu og umsjón með fjárreiðum skuldarans. Í þessu skyni er skuldarannum skylt að veita umsjónarmanninum sérhverjar upplýsingar um efnahag sinn og aðgang að gögnum um þau efni. Þá er þeim einnig skylt að veita umsjónarmanninum upplýsingar sem væri skylt að veita skiptastjóra ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Umsjónarmanninum er heimilt að neyta úrræða 81. og 82. gr.

Meðan á samningsumleitunum stendur skal umsjónarmaðurinn gæta þess sérstaklega hvort einhver atvik komi upp sem valda eða gætu valdið niðurfellingu heimildar skuldarans til að leita nauðasamninga.

44. gr.

Umsjónarmaðurinn skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á lánardrottna skuldarans, sem telja sig eiga samningskröfur á hendur honum, að lýsa kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan fjögurra vikna frá því innköllunin birtist fyrra sinni. Í innkölluninni skal koma fram nafn skuldarans, kennitala og heimilisfang, að honum hafi verið veitt heimild til að leita nauðasamnings með úrskurði uppkveðnum tiltekinn dag og hvert kröfulýsingar skuli sendar. Þá skal einnig tiltekið í innkölluninni hvar og hvenær fundur verði haldinn með atkvæðismönnum til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans.

Jafnframt því að gefa út innköllun skv. 1. mgr. skal umsjónarmaðurinn senda öllum lánardrottnum skuldarans sem fara með samningskröfur og vitað er um tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt þar sem sömu atriða skal getið og í innköllun. Með tilkynningunni skal fylgja eintak af frumvarpi skuldarans að nauðasamningi.

45. gr.

Kröfulýsingar lánardrottna skulu gerðar úr garði á sama hátt og við gjaldþrotaskipti, sbr. 2. og 3. mgr. 117. gr.

Ef kröfu er lýst fyrir umsjónarmanni er fyrningu hennar slitið gagnvart skuldarannum.

Krafa lánardrottins á hendur skuldarannum fellur ekki niður þótt henni sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests við nauðasamningsumleitaniir.

Þeir atkvæðismenn eiga einir rétt á að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi sem hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan kröfulýsingarfrests.

46. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaðurinn gera skrá um þær samningskröfur sem hafa borist innan frestsins og atkvæðisréttur fylgir. Í skránni skal eftirfarandi koma fram:

1. nafn hvers lánardrottins og hvenær krafa hans hafi borist,
2. fjárhæð hverrar kröfu eins og henni hefur verið lýst, en þó þannig að hún hafi eftir atvikum verið reiknuð með tilliti til ákvæða 3. mgr. 28. gr. og 2. og 3. mgr. 30. gr.,
3. hver atkvæði fylgi hverri kröfu, bæði að höfðatölu og eftir kröfufjárhæð.

Hafi kröfu verið lýst fyrir umsjónarmanninum sem hann telur ekki samningskröfu, eða hafi samningskröfu verið lýst af lánardrottni sem umsjónarmaðurinn telur ekki atkvæðismann, skal krafan ekki talin í skrá skv. 1. mgr. Umsjónarmaðurinn skal tilkynna hlutaðeigandi lánardrottni um þá afstöðu sína með sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara áður en fundur verður haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans.

Skuldarinum skal gefinn kostur á að kynna sér skrá skv. 1. mgr., kröfulýsingar og fylgigögn með þeim með hæfilegum fyrirvara áður en fundur verður haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp hans.

47. gr.

Skuldarinn má gera breytingar á frumvarpi sínu að nauðasamningi eftir að honum hefur verið heimilað að leita hans og þar til atkvæðagreiðslu er endanlega lokið um það. Ef frumvarpinu er breytt til ívilnunar handa skuldarinum verður það þó því aðeins borið undir atkvæði í breyttri mynd að fram komi meðmæli með frumvarpinu svo breyttu frá þeim fjölda atkvæðismanna sem er áskilinn í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr.

48. gr.

Fundur skal haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi innan tveggja vikna frá því kröfulýsingarfresti er lokið. Um ákvörðun fundarstaðar og tíma, stjórn fundarins, rétt til fundarsóknar og tillagna, færslu fundargerðar og önnur almenn atriði sem lúta að framkvæmd hans gilda ákvæði 79. og 125. gr. eftir því sem átt getur við, þó þannig að umsjónarmaðurinn gegnir því hlutverki sem skiptastjóra er þar mælt.

Í upphafi fundar skv. 1. mgr. skal umsjónarmaðurinn gera grein fyrir eftirfarandi:

1. frumvarpi skuldarans að nauðasamningi og þeim breytingum sem kunna að hafa verið gerðar á því frá upphaflegri mynd,
2. hverjar niðurstöður hafi orðið af athugun hans skv. 1. mgr. 43. gr. og hvort hann telji frumvarp skuldarans sanngjarnt fyrir alla hlutaðeigendur í því ljósi,
3. hverjar ráðstafanir hafi helstar verið gerðar um hagsmuni skuldarans frá því samningsumleitanið hófust,
4. skrá sinni skv. 1. mgr. 46. gr. og hvort einhverra krafna, sem hefur verið lýst, sé ekki getið í henni, sbr. 2. mgr. 46. gr.

Umsjónarmaðurinn skal því næst lýsa eftir mótmælum gegn réttmæti krafna sem koma fram í skrá hans skv. 1. mgr. 46. gr., ákvörðun fjárhæða þeirra og atkvæðisréttar, og því hvort einhver telji sig eiga atkvæðisrétt sem ekki er þar getið. Atkvæðismenn og skuldarinn eiga rétt á að lýsa yfir mótmælum, svo og þeir lánardrottinnar sem telja sér ranglega meinað um atkvæði. Komi mótmæli fram skal umsjónarmaðurinn leitast við að jafna ágreining, en þó það takist ekki skal fundi fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

Umsjónarmaðurinn skal síðan gefa fundarmönnum kost á að tjá sig um frumvarp skuldarans og atriði sem varða það. Umsjónarmaðurinn og skuldarinn skulu eftir fongum veita fundarmönnum svör við fyrirspurnum, en að því búnu skulu greidd atkvæði um frumvarpið að nauðasamningi.

49. gr.

Frumvarp að nauðasamningi telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðismanna og fjárhæðum krafna þeirra, en þó aldrei minna en 60 hundraðshluta atkvæða á báða vegu. Ef frumvarp miðar hvorki að hlutfallslegri né algerri eftirgjöf samningskrafna telst það samþykkt ef það hlýtur samþykki 60 hundraðshluta allra atkvæðismanna eftir bæði höfðatölu og fjárhæðum krafna þeirra.

50. gr.

Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi skriflega og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðsla er lokið, enda sé þá enginn viðstaddur af hálfu atkvæðismannsins þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Skriflegt atkvæði skal þó því aðeins tekið gilt að ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til frumvarpsins komi þar fram, undirskrift hans sé vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda, og ef breytingar hafa verið gerðar á frumvarpi skuldarans frá upphaflegri mynd að tvímælalaust sé að atkvæðið varði frumvarpið með áorðnum breytingum.

Greiða má atkvæði um frumvarpið eftir umboði en um sönnun umboðs fer eftir almennum reglum.

Tekið skal við atkvæði um frumvarpið frá atkvæðismanni þótt kröfu hans hafi verið mótmælt. Þá skal einnig tekið við atkvæði þess sem mætir á fundinn og krefst að fá að njóta atkvæðisréttar um frumvarpið þótt hans sé ekki getið í skrá skv. 1. mgr. 46. gr. Slík atkvæði teljast ágreiningsatkvæði. Ef mótmæli varða aðeins hluta af kröfu atkvæðismanns skal atkvæði hans greitt í tvennu lagi en sá hluti atkvæðis sem styðst við umdeildan hluta kröfunnar telst þá ágreiningsatkvæði.

Fært skal í fundargerð hvort atkvæðismaður hafi greitt atkvæði, hvort það hafi verið greitt á fundinum eða komið fram skriflega, hvort atkvæðismaður hafi staðið þar að verki sjálfur eða umboðsmaður hans og hvernig atkvæðið hafi fallið. Greint skal milli ágreiningsatkvæða skv. 3. mgr. og annarra atkvæða.

51. gr.

Ef frumvarp fæst hvorki samþykkt né fellt á fundi skv. 48. gr. vegna ónógrar þátttöku í atkvæðagreiðslu getur umsjónarmaðurinn ákveðið að beiðni skuldarans áður en fundi er slitið að atkvæðagreiðslu verði fram haldið á nýjum fundi sem skal haldinn innan tveggja vikna. Þann fund þarf ekki að boða frekar en að tilkynna um hann áður en upphaflegum fundi er slitið. Um framkvæmd framhaldsfundar fer eftir reglum 48. og 50. gr. að öðru leyti en því að mótmælum verður ekki komið þar fram eftir 3. mgr. 48. gr.

Ef atkvæðismaður sækir ekki framhaldsfund skv. 1. mgr. eða greiðir þar ekki atkvæði stendur fyrra atkvæði hans óhaggað nema frumvarpi að nauðasamningi hafi verið breytt eftir að hann greiddi það.

52. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er endanlega lokið á fundi skv. 48. eða 51. gr. skal niðurstaða hennar tilkynnt áður en honum er slitið.

Við talningu atkvæða skal fyrst litið til þess hvort önnur atkvæði en ágreiningsatkvæði skv. 3. mgr. 50. gr. nægi ein til úrslita þótt öll ágreiningsatkvæðin yrðu talin með. Ef svo er ráðast úrslit atkvæðagreiðslu án frekari aðgerða.

Ef í ljós kemur að ágreiningsatkvæði geti ráðið niðurstöðu um hvort frumvarp að nauðasamningi fáiast samþykkt skal umsjónarmaðurinn reyna til þrautar að jafna ágreining um þau á fundinum. Verði ágreiningur leystur að einhverju leyti eða öllu með þessum hætti skulu atkvæði talin á ný skv. 2. mgr.

Ráðist úrslit atkvæðagreiðslu ekki á þann hátt sem í 3. mgr. segir skal umsjónarmaðurinn að endingu telja ágreiningsatkvæði með sem hafa fallið til samþykkis frumvarpinu en virða öll önnur ágreiningsatkvæði að vettugi. Skulu úrslit þannig fengin ráða niðurstöðu nauðasamningsumleitana.

53. gr.

Ef frumvarp skuldarans hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna skal umsjónarmaðurinn tafarlaust tilkynna það héraðsdómara skriflega.

Falli heimild skuldarans til að leita nauðasamnings niður, hvort sem er vegna þess sem getur í 1. mgr. eða af öðrum sökum, skal umsjónarmaðurinn fá birta, svo fljótt sem verða má, auglýsing um þau málalok í Lögbirtingablaði.

IX. KAFLI

Staðfesting nauðasamnings.

54. gr.

Nú hefur nauðasamningsumleitunum lokið með samþykki frumvarps skuldarans og skal skuldarinn þá leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara innan viku frá því sú niðurstaða var kynnt á fundi, sbr. 1. mgr. 52. gr.

Með kröfu skv. 1. mgr. skal fylgja yfirlýsing umsjónarmannsins um hvers efnis endanlegt frumvarp skuldarans hafi verið, hver niðurstaða atkvæðagreiðslu um það hafi orðið og hvort hún hafi ráðist af ágreiningsatkvæðum. Í yfirlýsingunni skal umsjónarmaðurinn einnig láta uppi álit sitt á atriðum sem hann telur geta haft þýðingu við úrlausn um hvort krafa skuldarans verði tekin til greina. Kröfunni skulu enn fremur fylgja eintak af skrá umsjónarmannsins skv. 1. mgr. 46. gr. og fundargerðir af fundi skv. 48. og eftir atvikum 51. gr.

55. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa skv. 1. mgr. 54. gr. skal hann svo fljótt sem verða má ákveða þinghald til að taka hana fyrir. Boðað skal til þinghaldsins með auglýsingu sem héraðsdómari gefur út og fær birta einu sinni á kostnað skuldarans í Lögbirtingablaði með minnst einnar viku fyrirvara, en í henni skal eftirfarandi koma fram:

1. að samþykki hafi fengist með tilteknum atkvæðafjölda fyrir frumvarpi að nauðasamningi handa skuldarinum, en greina skal nafn hans, kennitölu og heimilisfang,
2. hvers efnis frumvarpið hafi verið,
3. áskorun til þeirra sem vilja koma fram mótmælum gegn staðfestingu nauðasamnings samkvæmt frumvarpinu um að mæta til þinghalds á tilteknum stað og tíma.

Skuldarinum skal afhent eða sent eintak boðunar til þinghalds um kröfu sína á sannanlegan hátt.

56. gr.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, þegar krafa hans um staðfestingu nauðasamnings er tekin fyrir, skal héraðsdómari kveða upp úrskurð þá þegar og hafna þar kröfunni.

Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og mótmæli koma ekki fram gegn kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings skal hún tekin til úrskurðar þá þegar, en héraðsdómari má þó gefa honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn um hana ef eftir því er leitað. Við úrlausn um kröfuna gætir héraðsdómari ekki annarra atriða en þeirra sem eru talin í 57. gr.

Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og mótmæli koma fram gegn kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings skal farið með ágreininginn eftir ákvæðum 167. gr.

57. gr.

Héraðsdómari skal hafna kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings ef:

1. synja hefði átt um heimild til að leita nauðasamnings í öndverðu skv. 1. mgr. 38. gr. eða hún hefur þegar fallið niður skv. 41. gr.,
2. fyrir liggur að skuldarinn hafi boðið atkvæðismanni ívilnun til að fá ráðið atkvæði hans eða staðið að öðru misferli í því skyni,
3. staðið hefur verið svo ranglega að innköllun eða tilkynningum til lánardrottna, meðferð krafna þeirra, fundi um frumvarp að nauðasamningi eða atkvæðagreiðslu um það að það kunni að hafa skipt sköpum um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar.

Héraðsdómara er og rétt að hafna kröfu skuldarans ef verulegir gallar eru á málátilbún-
aði hans varðandi kröfuna sem ekki hefur verið sinnt að bæta úr.

58. gr.

Eftir kröfu þess sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta og mótmælir kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings getur héraðsdómari að auki hafnað þeirri kröfu skuldarans ef:

1. sú eftirgjöf sem skuldarannum yrði veitt er að mun meiri en sanngjarnt verður talið í ljósi efnahags hans,
2. skuldarinn hefur rýrt fjárhagsstöðu sína af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lánardrottnum til tjóns,
3. verulegar líkur eru færðar að því að skuldarinn eða annar á hans vegum hafi reynt að hafa áhrif á afstöðu atkvæðismanna til frumvarps að nauðasamningi með vilyrðum um ívilnanir þeim til handa,
4. atkvæðagreiðsla um frumvarp að nauðasamningi hefur ráðist af einu eða fleiri ágreiningsatkvæðum því til samþykkis skv. 4. mgr. 52. gr. og verulegar líkur eru færðar að því að krafa eða kröfur hlutaðeigenda hafi verið rangar eða þeim hafi ekki átt að fylgja atkvæði,
5. eitt eða fleiri ágreiningsatkvæði, sem féllu ekki til samþykkis frumvarpi að nauðasamningi, hafi verið virt að vettugi skv. 4. mgr. 52. gr., frumvarpið hefði ekki hlotið nægileg atkvæði til samþykkis ef þessi ágreiningsatkvæði hefðu verið talin með og verulegar líkur eru færðar að því að kröfur að baki þeim séu réttar og að þeim hefði átt að fylgja atkvæði um frumvarpið,
6. verulegar líkur eru færðar að því að skuldarinn muni ekki standa í skilum þótt nauðasamningurinn verði staðfestur.

59. gr.

Skjóta má úrskurði héraðsdómara um kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings til æðra dóms innan viku frá uppkvaðningu hans. Hafi málskot ekki átt sér stað innan þess frests verður niðurstaða héraðsdómara endanleg við lok hans.

Umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum skal auglýsa í Lögbirtingablaði niðurstöðu um staðfestingu nauðasamnings þegar endanleg úrlausn er fengin.

X. KAFLI

Réttaráhrif nauðasamnings.

60. gr.

Nauðasamningur telst kominn á þegar krafa skuldarans um staðfestingu nauðasamningsins hefur verið tekin til greina með endanlegri dómsúrlausn.

Þegar nauðasamningur er kominn á bindur hann lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra. Efnidir samningskröfu í samræmi við ákvæði nauðasamnings hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnid eftir upphaflegu efni sínu.

Nauðasamningur hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær samningskröfur þeirra sem koma fram í skrá skv. 1. mgr. 46. gr., að því leyti sem skuldarinn mótmælti þeim ekki.

Nauðasamningur hagar ekki rétti lánardrottins skuldarans til að ganga að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efnidum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða til að krefja ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

61. gr.

Höfði skuldarinn mál til riftunar á ráðstöfun eftir að nauðasamningur kemst á, sbr. 32. gr., getur sá sem hann beinir greiðslukröfu að ekki krafist skuldajafnaðar við það sem hann kann að eiga rétt til eftir nauðasamningnum nema að því leyti sem það er þegar komið í gjalddaga.

62. gr.

Meðan nauðasamningur hefur ekki verið efnidur að fullu má ógilda hann með dómi í máli sem einhver sá, sem á samningskröfu, höfðar á hendur skuldarannum:

1. ef leitt er í ljós að sviksamlegt eða refsivert atferli skuldarans hafi stuðlað að því að nauðasamningurinn hafi komist á,
2. ef skuldarinn hefur greitt eða heitið að greiða einhverjum lánardrottni meira af samningskröfu hans en hann á tilkall til eftir nauðasamningnum,
3. ef skuldarinn vanefnir verulega skuldbindingar sínar samkvæmt nauðasamningnum.

Nauðasamningur fellur sjálfkrafa úr gildi ef hann hefur ekki verið efndur að fullu og skuldarinn fær heimild til að leita nauðasamnings á ný eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.

63. gr.

Ef nauðasamningur fellur úr gildi skv. 62. gr. raknar við réttur lánardrottna skuldarans til að krefja hann um efndir samningskrafna eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður.

Ef nauðasamningur fellur úr gildi falla niður tryggingar eða ábyrgðir sem þriðji maður kann að hafa sett eða tekið á sig fyrir því að staðið yrði við nauðasamninginn nema samningurinn hafi verið ógiltur skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. og honum hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um þau atvik sem leiddu til ógildingar.

4. ÞÁTTUR

Gjaldþrotaskipti.

XI. KAFLI

Upphaf gjaldþrotaskipta.

64. gr.

Skuldari getur krafist að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma.

Skuldara, sem er bókhaldsskyldur, er skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástætt fyrir honum sem segir í 1. mgr.

65. gr.

Lánardrottinn getur krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta ef skuldarinn hefur strokið af landi brott eða fer annars huldu höfði og ætla má að það sé sökum skulda, enda megi telja að hætta sé á að dráttur á gjaldþrotaskiptum geti bakað lánardrottninum tjón.

Lánardrottinn getur annars krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta að einhverju eftirtöldu fullnægðu, enda sýni skuldarinn ekki fram á að hann sé allt að einu fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum þegar þær koma í gjalddaga eða verði það innan skamms tíma:

1. að kyrrsetning, löggeymsla eða fjárnám hafi verið gert hjá skuldarannum án árangurs að einhverju leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frest dag og ekki er ástæða til að ætla að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans,
 2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur lokið innan mánaðar áður en krafa hlutaðeigandi lánardrottns um gjaldþrotaskipti berst héraðsdómara,
 3. að skuldarinn hafi haft heimild til að leita nauðasamnings sem hefur fallið niður skv. 41. eða 42. gr. innan mánaðar áður en krafa hlutaðeigandi lánardrottns um gjaldþrotaskipti berst héraðsdómara,
 4. að skuldarinn lýsi yfir að fjárhagur hans sé slíkur sem segir í 1. mgr. 64. gr.
- Lánardrottinn getur þó ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldarans skv. 1. eða 2. mgr.:
1. ef krafa hans er nægilega tryggð með veði eða öðrum sambærilegum réttindum í eignum skuldarans eða þriðja manns eða vegna ábyrgðar þriðja manns,
 2. ef þriðji maður býður fram greiðslu á kröfu hans eða ef krafan er ekki komin í gjalddaga að þriðji maður bjóði fram tryggingu fyrir henni sem verður talin nægileg.

Að öðru leyti en leiðir af 2. tölul. 3. mgr. skiptir ekki máli um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta hvort krafa hans sé komin í gjalddaga.

66. gr.

Krafa um gjaldþrotaskipti skal send héraðsdómara og vera gerð svo úr garði sem segir í 7. gr. Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti og fylgigögn með henni skulu vera í tvíriti.

Sá sem hefur krafist gjaldþrotaskipta ábyrgist greiðslu kostnaðar af meðferð kröfu sinnar og af gjaldþrotaskiptunum ef krafa hans er tekin til greina og kostnaðurinn greiðist ekki af fé protabúsins. Gildir þetta einnig þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu skv. 2. mgr. 67. gr.

Ef lánardrottinn hefur krafist gjaldþrotaskipta og skilyrði fyrir þeim reynast ekki fyrir hendi skal hann bæta skuldaránnum fjártjón hans og miska ef lánardrottinn mátti vera ljóst að skilyrðin skorti eða hann ætti ekki þá kröfu á hendur skuldaránnum sem hann byggði á. Bætur verða sóttar í einkamáli eftir almennum reglum, en þær má dæma þótt krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina.

67. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um gjaldþrotaskipti skal hann kanna svo fljótt sem verða má hvort einhverjir gallar séu á henni eða málatilbúnaðinum að öðru leyti sem ljóst er að valdi því að henni verði hafnað af sjálfsdádum. Ef slíkir ágallar eru uppi má héraðsdómari þegar vísa kröfunni á bug með bókun í þingbók þar sem ástæðu þess er getið. Slíkri ákvörðun héraðsdómara verður ekki skotið til æðra dóms, en hlutaðeiganda er heimilt að leggja kröfuna fyrir á ný og krefjast fyrirtöku hennar á dómþingi og úrskurðar um hvort henni verði hafnað. Héraðsdómari má hafna kröfunni með úrskurði án þess að aðrir eigi kost á að tjá sig um hana en sá sem hefur hana uppi.

Ef framkomin gögn taka ekki af tvímæli um að eignir skuldarans muni nægja fyrir greiðslu skiptakostnaðar, ef krafan yrði tekin til greina, skal héraðsdómari krefja þann sem hefur gert hana um tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaðinum áður en krafan verður tekin fyrir, enda hafi henni ekki verið vísað á bug skv. 1. mgr. Héraðsdómari skal ákveða tiltekinn skamman frest til að leggja fram tryggingu og tilkynna það hlutaðeiganda á sannanlegan hátt, en komi trygging ekki fram innan frestsins skal krafan skoðast afturkölluð þá þegar. Rísi ágreiningur um skyldu til að setja tryggingu eða fjárhæð hennar getur sá sem er krafinn um hana krafist fyrirtöku málefnisins á dómþingi og úrskurðar héraðsdómara um það. Lengist þá frestur til að setja tryggingu meðan málefnið er óútkljáð, en héraðsdómari kveður upp úrskurð sinn án þess að aðrir þurfi að eiga kost á að tjá sig um málefnið en sá sem er krafinn tryggingar.

Þegar staðreynt er að kröfu verði ekki vísað á bug skv. 1. mgr. og trygging hefur eftir atvikum verið sett skv. 2. mgr. skal héraðsdómari ákveða þinghald til að taka kröfuna fyrir, en það skal háð svo fljótt sem verða má. Hafi héraðsdómara borist fleiri kröfur en ein, framangreindum skilyrðum er fullnægt um þær báðar eða allar, en engin þeirra hefur enn verið tekin til greina, þá skal héraðsdómari ákveða þinghald til að taka hverja þeirra sjálfstætt fyrir. Það skal að jafnaði gert í þeirri röð sem kröfurnar bárust, en ef komið hefur fram krafa skuldarans um gjaldþrotaskipti á búi sínu skal hún þó fyrir tekin fyrir en krafa lánardrottins.

Kröfu um gjaldþrotaskipti má afturkalla þar til úrskurður gengur um hana.

68. gr.

Hafi skuldarinn krafist gjaldþrotaskipta á búi sínu skal héraðsdómari tilkynna honum um þinghald til að taka kröfu hans fyrir með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Ef skuldarinn sækir ekki þing þegar krafa hans er tekin fyrir skal hún talin afturkölluð.

Ef skuldarinn sækir þing skal héraðsdómari leita svara hans við sérhverju því sem skiptir

máli um kröfu hans og héraðsdómari telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um. Héraðsdómari má veita skuldaránnum skamman frest til að veita frekari upplýsingar, en slíkur frestur skal að jafnaði aðeins veittur einu sinni og ekki til lengri tíma en einnar viku.

69. gr.

Hafi lánardrottinn krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldarans skal héraðsdómari rita á kröfuna ákvörðun sína um þinghald til að taka hana fyrir ásamt fyrirfalli til skuldarans, en láta síðan birta hana fyrir skuldaránnum. Við birtingu skal skuldaránnum eða þeim sem birt er fyrir í þágu hans látið í té samrit kröfunnar með áritun héraðsdómara og fylgigagna með henni.

Birthing skv. 1. mgr. skal fara fram með þeim fyrirvara sem héraðsdómari ákveður, en hann má þó ekki vera skemmri en einn sólarhringur. Að öðru leyti skal fylgt þeim reglum sem gilda um birtingu stefnu í einkamáli.

Birthing þarf ekki að fara fram skv. 2. mgr. ef skuldarinn sækir þing og mótmælir ekki að krafan verði tekin fyrir án birtingar.

Héraðsdómari skal tilkynna hlutaðeigandi lánardrottni um þinghald til að taka beiðni hans fyrir með sannanlegum hætti og minnst sólarhrings fyrirvara.

70. gr.

Ef ekki er sótt þing af hálfu lánardrottins þegar krafa hans um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans er tekin fyrir skal hún talin afturkölluð. Ef skuldarinn sækir þing og krefst þess getur héraðsdómari ákveðið honum ómaksþóknun úr hendi hlutaðeigandi lánardrottins.

Ef skuldarinn sækir ekki þing þegar krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti er tekin fyrir skal eftir atvikum líta svo á að skuldarinn viðurkenni fullyrðingar hans.

Ef skuldarinn sækir þing og lánardrottinn sem krefst gjaldþrotaskipta á búi hans má héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk þeirra um að fresta meðferð kröfunnar þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti má ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar.

Ef skuldarinn sækir þing og mótmælir kröfu lánardrottins um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta skal farið með hana eftir ákvæðum 168. gr.

71. gr.

Svo fljótt sem verða má eftir að krafa hefur verið tekin til úrskurðar skal héraðsdómari kveða upp úrskurð um hvort bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta, hvort sem kröfunni hefur verið mótmælt eða ekki. Hann skal gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu fyrir gjaldþrotaskiptum þótt ekki hafi verið móti því mælt.

Ef héraðsdómari tekur til greina kröfu um gjaldþrotaskipti frestar það ekki framkvæmd þeirra þótt úrskurði hans um það sé skotið til æðra dóms. Þess skal þó gætt að aðgerðir raski ekki réttindum málsaðila meira en nauðsyn krefur meðan málið er enn óutkljáð.

Ef krafa um gjaldþrotaskipti er fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skal miða áhrif, sem ákvæði laga þessara tengja uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta, við uppkvaðningu úrlausnar æðra dóms.

Ef farið verður með dánarbú sem er til opinberra skipta eftir reglum þessa þáttar skal eftir því sem átt getur við miða áhrif, sem ákvæði laga þessara tengja uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta, við uppkvaðningu úrskurðar um að dánarbúið sé tekið til opinberra skipta.

XII. KAFLI

Þýðing gjaldþrotaskipta.

72. gr.

Þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekkkt vegna gjaldþrotaskiptanna. Ef um einstakling er að ræða má þrotamaðurinn þó halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verður ekki gert í eða verða undanþegin fjárnámi nema mælt sé sérstaklega á annan veg í lögum.

Protabú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þrotamanni á því tímamarki sem getur í 1. mgr. nema réttarreglur eða löggerningur kveði á um annað eða það leiði af eðli skyldnanna.

Protabú nýtur hæfis til að eiga og öðlast réttindi og hæfi þess til að bera og baka sér skyldur helst þar til skiptum þess lýkur endanlega eftir fyrirætlum laga þessara.

73. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur eignast þrotabúið þau fjárhagslegu réttindi sem hefðu eða fallið til þrotamannsins, enda hefðu þau ekki verið undanþegin skv. 1. mgr. 72. gr. ef þau hefðu verið komin í eigu hans þegar héraðsdómari kvað upp úrskurð um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta. Þetta gildir þó ekki um:

1. það sem þrotamaðurinn vinnur sér inn meðan á skiptunum stendur,
2. arf, dánargjöf, dánarbeiðsgjöf eða lífsgjöf sem fellur eða kemur til framkvæmdar meðan á skiptunum stendur, ef arfleidandi eða gefandi hefur ákveðið þá undanþágu á lögmætan hátt,
3. það sem þrotamaðurinn aflar sér með andvirði þess sem ákvæði 1. og 2. tölul. taka til.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur falla þær skuldbindingar á þrotabúið sem skiptastjóri bakar því eða einhver sá sem hann hefur heimilað að skuldbinda það.

74. gr.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta missir þrotamaðurinn rétt til að ráða yfir réttindum, sem falla til þrotabúsins eftir 72. og 73. gr., svo þýðingu hafi gagnvart því. Þetta gildir þó ekki um rétt þrotamannsins til að samþykkja að maki þess, sem hann á rétt til arfs eftir, fái leyfi til að sitja í óskiptu búi eða til að ákveða með bindandi hætti að láta hjá líða að vefengja ákvæði erfðaskrár sem leiða til brottfalls, skerðingar eða kvaðar á arfi sem hefði átt að koma í hans hlut.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta missir þrotamaðurinn rétt til að stofna til skuldbindinga svo þýðingu hafi gagnvart þrotabúinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur sá, sem hvorki vissi né mátti vita um gjaldþrotaskiptin, unnið rétt á hendur þrotabúinu vegna ráðstöfunar þrotamannsins sem á sér stað áður en innköllun hefur birst vegna skiptanna.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki ef reglur um viðskiptabréf, þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

XIII. KAFLI

Skiptastjórar.

75. gr.

Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um gjaldþrotaskipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningssáliti eða athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
5. hafi lokið embættisprófi í lögum,
6. yrði ekki vanhæfur sem dómari í einkamáli sem þrotamaðurinn eða sá sem á kröfu á hendur þrotabúinu ætti aðild að eða, ef félag eða stofnun er til gjaldþrotaskipta, í einkamáli sem stjórnarmenn eða starfsmenn sem hafa haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum ættu aðild að.

Ef sýnt þykir að störf skiptastjóra verði umfangsmikil getur héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna þeim og má þá víkja frá skilyrði 5. tölul. 2. mgr. um aðra en einn skiptastjóran. Skiptastjórnarnir ákveða þá hvernig þeir skipta með sér verkum.

Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 76. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað. Ef skiptastjórar eru fleiri en einn í þrotabúi og starf eins þeirra losnar má héraðsdómari þó láta ógert að skipa mann í staðinn, en áður skal hann leita afstöðu þess skiptastjóra eða þeirra sem gegna störfum áfram.

Ef í ljós kemur eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa af hendi tiltekið verk í starfi sínu vegna fyrimæla 6. tölul. 2. mgr. án þess að það verði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti getur héraðsdómari að ósk hans skipað annan löghæfan mann til að leysa verkið af hendi.

Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki um að hann sé ábyrgðartryggður vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.

Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

76. gr.

Þeim sem á kröfu á hendur búinu er meðan á gjaldþrotaskiptum stendur heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómara sem hefur skipað hann. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist héraðsdómara með öðrum hætti vitneskja um að framferði skiptastjóra í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja skiptastjóra og þann sem kann að hafa haft aðfinnslur uppi á sinn fund til að tjá sig um málefnið. Héraðsdómara er heimilt að kveðja fleiri á fund sinn af slíku tilefni.

Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið skiptastjóra kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði skiptastjóri ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum, skal héraðsdómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Héraðsdómari skal með sama hætti víkja skiptastjóra úr starfi ef hann setur ekki tryggingu skv. 5. mgr. 75. gr. innan tilskilins frests eða fullnægir ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 75. gr.

Fallist héraðsdómari ekki á að víkja skiptastjóra úr starfi skv. 2. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóranum verði vikið frá. Með sama hætti getur sá sem á kröfu á hendur búinu og telur skiptastjóra ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 75. gr. krafist að héraðsdómari kveði á um það með úrskurði hvort skiptastjóra verði vikið frá af þeim sökum. Farið skal með slíkar kröfur eftir 169. gr.

77. gr.

Skiptastjóri annast öll störf sem lúta að meðferð þrotabúsins, en honum er heimilt á kostnað þess að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk á sína ábyrgð.

Skiptastjóri á rétt til þóknunar fyrir störf sín sem greiðist af búinu eða þeim sem ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar skv. 2. mgr. 66. gr. Honum er heimilt að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun sína meðan á skiptum stendur, enda kynni hann ákvörðun um það á skiptafundi og það teljist tryggt að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra sem eiga réttþærri kröfur á hendur búinu.

Sá sem hefur verið skipaður skiptastjóri telst opinber sýslunarmaður meðan hann gegnir starfanum.

Skiptastjóra ber að bæta tjón sem hann kann að valda öðrum í starfi eftir almennum skaðabótareglum.

78. gr.

Skiptastjóri sér um reikningshald fyrir þrotabúið og gefur skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur.

Hafi skiptum ekki verið lokið innan sex mánaða frá því úrskurður gekk um gjaldþrotaskiptin skal skiptastjóri gera yfirlit yfir efnahag og rekstur þrotabúsins, en upp frá því um hver áramót og mitt hvert ár þar til skiptum er lokið. Hver sá, sem hefur lýst kröfu í búið en hefur ekki fengið efnir hennar, getur krafist að fá að sjá reikninga búsins, enda hafi kröfu hans ekki áður verið hafnað. Skiptastjóra er heimilt á kostnað búsins að fela löggiltum endurskoðanda að gera reikninga þess eða endurskoða þá ef þess er krafist eða hann telur annars sérstaka ástæðu til.

79. gr.

Skiptastjóri skal halda skiptafundi eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum.

Skiptastjóri ákveður hvar skiptafundir verða haldnir og hvenær, með hverjum fyrirvara þeir verði boðaðir og hvert fundarefni verði, að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í lögum þessum. Leitast skal þó við að skiptafundir verði haldnir á slíkum stað og tíma að ætla megi að sem flestir fundarmenn eigi hægt með að sækja þá.

Í boðun til skiptafundar skal koma fram hvar og hvenær hann verði haldinn og hvert fundarefnið verði í meginatriðum. Sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum getur skiptastjóri kosið hvort hann boði til fundar með auglýsingu sem hann fær birta með minnst viku fyrirvara í Lögbirtingablaði eða með tilkynningu til hvers og eins sem á rétt til fundarsóknar, sbr. 1. mgr. 125. gr. Ef boðað er til fundar með síðargreinda hættinum skal þess gætt að fundarboði sé komið þannig fram að sannað verði hvort fundarmanni hafi borist eða mátt berast fundarboð í tæka tíð, en fundarmenn skulu þó einir gjalda þess hafi þeir ekki veitt skiptastjóra nægar upplýsingar um hvar til þeirra verði náð. Misfarist slíkt fundarboð til eins eða fleiri fundarmanna getur skiptastjóri ákveðið að fresta fundi eða halda hann með áskilnaði um rétt þeirra sem voru ekki boðaðir til að hafa uppi athugasemdir síðar um það sem þar fer fram.

Skiptastjóri stjórnar skiptafundum og atkvæðagreiðslum sem fara þar fram og ákveður í hverri röð málefni verði tekin fyrir og fundarmenn fái að tjá sig. Skiptastjóra er heimilt að vísa óviðkomandi mönnum af fundi, svo og fundarmönnum sem spilla þar starfsfriði.

Skiptastjóri færir fundargerðir á skiptafundum og skal hann gæta þess að fundarmönnum sé kynnt efni þeirra áður en fundi verður slitið og gefinn kostur á að hafa uppi athugasemdir um það.

80. gr.

Skiptastjóri tekur við skjölum sem hafa þýðingu fyrir gjaldþrotaskiptin og varðveitir þau um sinn eftir að hann lýkur störfum að því leyti sem þau hafa ekki áður verið lögð fram í dómi. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum.

Sá sem sýnir skiptastjóra fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta getur krafist að fá aðgang að skjölum þrotabúsins til skoðunar og eftirrit af þeim á eigin kostnað meðan skiptastjóri hefur þau í vörslum sínum.

81. gr.

Protamanninum er skylt að verða við kvaðningu skiptastjóra um að mæta á fund hans og veita honum upplýsingar og láta honum í té gögn sem hann krefst vegna gjaldþrotaskiptanna. Ef bú félags eða stofnunar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta hvílir sama skylda á stjórnarmönnum, endurskoðanda, framkvæmdarstjóra, deildarstjóra og öðrum samsvarandi forráðamönnum félagsins eða stofnunarinnar, svo og þeim sem höfðu látið af slíkum störfum áður en til gjaldþrotaskipta kom. Sama skylda hvílir enn fremur á þeim sem eru nákomnir þrotamanni.

Skiptastjóri getur skráð skýrslu manns, sem ákvæði 1. mgr. taka til, um atriði sem varða gjaldþrotaskiptin og krafist að hann undirriti hana að viðlögðum drengskap því til staðfestingar að efni hennar sé samkvæmt því sem hann viti sannast og réttast, enda hafi honum verið gefinn kostur á að staðreyna efni hennar og koma fram leiðréttingum sínum á henni.

Verði einhver sá, sem getur í 1. mgr., ekki við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni. Skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvaðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

82. gr.

Þeim sem hafa eignir þrotabús í umráðum sínum er skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni búsins sem hann krefst. Sama skylda hvílir á opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, svo og öðrum sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir þrotabús vegna viðskiptatengsla við þrotamanninn eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Neiti einhver sá, sem getur í 1. mgr., að verða við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara svo að sem segir í 3. mgr. 81. gr.

Nú neitar þrotamaðurinn eða forráðamaður félags eða stofnunar, sem er til gjaldþrotaskipta, að afhenda skiptastjóra eignir þrotabúsins eða synjar honum um aðgang að húsnæði þar sem ástæða væri til að ætla að eignir eða gögn búsins sé að finna og getur þá skiptastjóri krafist þess skriflega að héraðsdómari kveði upp úrskurð um skyldu hlutaðeiganda til að láta eign af hendi eða veita aðgang að húsnæði. Berist héraðsdómara slík krafa skal hann tafarlaust kveðja skiptastjóra og þann sem á hlut að máli fyrir dóm með sannanlegum hætti. Tekur héraðsdómari afstöðu til kröfunnar með úrskurði, en ef ágreiningur verður um hana skal farið með hann eftir ákvæðum 170. gr.

Úrskurði skv. 3. mgr. má ef þörf krefur fullnægja með aðför án aðfararfrests. Málskot úrskurðarins frestar ekki aðför.

83. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur má skiptastjóri krefjast úrskurðar héraðsdómara um að þrotamanninum verði bönnuð för úr landi um tiltekinn tíma ef nærvera hans verður talin nauðsynleg vegna athugunar á fjárreiðum þrotabúsins og ráðstöfunum þrotamannsins fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Ef bú félags eða stofnunar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta getur skiptastjóri haft uppi sams konar kröfu varðandi framkvæmdarstjóra eða þann sem

hefur annars haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum, þótt starfsheiti hans hafi verið annað, svo og formann stjórnar félags eða stofnunar.

Ef krafa kemur fram skv. 1. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust kveðja skiptastjóra og þann sem krafan beinist að fyrir dóm með sannanlegum hætti. Héraðsdómari tekur afstöðu til kröfunnar með úrskurði, en ef ágreiningur verður um kröfuna skal farið með hann eftir ákvæðum 170. gr. Héraðsdómari skal gæta þess að bannið standi ekki lengur en þörf krefur.

Banni eftir úrskurði héraðsdómara skv. 2. mgr. skal framfylgt með sama hætti og farbanni sem er lagt á eftir lögum um meðferð opinberra mála. Málskot úrskurðarins frestar ekki að hann komi til framkvæmdar.

Þeim sem ákvæði 1. mgr. taka til er skylt að tilkynna skiptastjóra fyrir fram um breytingu á heimilisfangi sínu.

84. gr.

Ef skiptastjóri fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur geta gefið tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaðurinn eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal hann tilkynna það ríkissaksóknara. Skiptastjóra er óskylt að leita eftir slíkri vitneskju umfram það sem leiðir af upplýsingaöflun hans starfa sinna vegna.

XIV. KAFLI

Fyrstu aðgerðir við gjaldþrotaskipti.

85. gr.

Skiptastjóri skal án tafar eftir skipun sína gefa út og fá birta innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. nafn þrotamannsins, kennitala og eftir atvikum lögheimili hans, dvalarstaður, aðsetur, starfsstöð eða skráð varnarþing,
2. heiti og kennitala firma eða félags, ef þrotamaðurinn hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess,
3. hvenær úrskurður héraðsdómara gekk um töku bús til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur sé við gjaldþrotaskiptin,
4. áskorun til lánardrottna og annarra, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess, um að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra með sendingu eða afhendingu kröfulýsinga á tilteknum stað innan tilgreinds kröfulýsingarfrests sem hefur verið ákveðinn eftir 2. mgr.,
5. staður og stund sem skiptafundur verður haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur, en sá fundur skal haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Kröfulýsingarfrestur skal að jafnaði ákveðinn tveir mánuðir, en ef sérstaklega stendur á má skiptastjóri ákveða að fresturinn verði tiltekinn mánaðarfjöldi frá þremur til sex mánaða. Hver sem lengd kröfulýsingarfrests verður ákveðin skal hann ávallt byrja að líða við fyrri birtingu innköllunar og skal þess skýrlega getið í henni.

Í innköllun má skiptastjóri kveða á um að þeim lánardrottnum sé óþarft að lýsa kröfum sínum sem hafi lýst þeim við undanfarandi nauðasamningsumleitun þrotamannsins og æski ekki að koma fram breyttum kröfum.

Hafi skiptastjóri þegar við útgáfu innköllunar ákveðið að halda skiptafund til að fjalla um ráðstöfun hagsmuna búsins má hann boða til slíks fundar í innkölluninni.

Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði.

86. gr.

Jafnframt því að gefa út innköllun skv. 85. gr. er skiptastjóra rétt að leita sérstaklega vitneskju um hvort einhver sá, sem kann að telja til kröfu á hendur þrotabúinu, sé búsettur erlendis. Komi fram vitneskja um slíkt er skiptastjóra rétt að tilkynna hlutadeiganda svo fljótt

sem verða má um gjaldþrotaskiptin, hvenær kröfulýsingarfrestur endi og hverjar afleiðingar það geti haft að kröfu verði ekki lýst innan frestsins.

Ef skiptastjóri telur ástæðu til að ætla að lánardrottinnar kunni að vera búsettir erlendis, sem ekki er vitað hverjir séu eða hvar verði náð til, er honum rétt að fá birta auglýsingu erlendis með sama efni og tilkynning skv. 1. mgr.

Skiptastjóra er rétt að fá birta auglýsingu með sama efni og tilkynning skv. 1. mgr. í dagblaði hér á landi eða á annan hátt sem hann kys, ef sérstök ástæða þykir til.

87. gr.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína leita vitneskju um hverjar eignir eða réttindi tilheyri þrotabúinu, hvar þær sé að finna og hver fari með umráð þeirra eða hafi umsjón með þeim. Skiptastjórinn skal tafarlaust gera ráðstafanir til að svipta þrotamanninn umráðum eigna eða koma í veg fyrir að hann fari með þær á óheimilan hátt og til að draga úr hættu á að nokkur geti unnið rétt á hendur þrotabúinu vegna ákvæða 3. og 4. mgr. 74. gr. Skiptastjórinn skal eftir þörfum taka við umráðum eigna þrotabúsins eða umsjón með þeim, en heimilt er honum að láta þær vera áfram í vörslum annarra sem lýsa sig fúsa til að gæta þeirra á eigin áhættu.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína gera ráðstafanir til að tryggja að hann fái bókhaldsgögn þrotamannsins í hendur.

88. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem verða má, ákveða hvernig staðið verði að atvinnurekstri þrotabúsins, gagnkvæmum samningum þess og öðrum mikilsverðum atriðum sem þola ekki bið, og gera þær ráðstafanir í þeim efnum sem hann telur nauðsynlegar fyrir hagsmuni búsins. Um ráðstöfun á eignum og réttindum búsins fer eftir ákvæðum XIX. kafla.

XV. KAFLI

Gagnkvæmir samningar.

89. gr.

Ákvæðum þessa kafla skal ekki beita ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða eðli réttarsambandsins.

90. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur gert gagnkvæman samning áður en úrskurður gekk um að bú hans væri tekið til skipta en ekki innt greiðslu sína af hendi getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eftir eða, ef hann hefur sent greiðsluna, varnað því að hún sé afhent þrotabúinu þar til nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá þrotabúinu á gjalddaga. Þetta á einnig við þó gjalddagi á greiðslu viðsemjandans sé kominn.

91. gr.

Þrotabúi er heimilt að taka við réttindum og skyldum þrotamannsins eftir gagnkvæmum samningi.

Viðsemjandi þrotamannsins getur krafist að þrotabúið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests hvort það muni nýta heimild sína skv. 1. mgr.

Ef samningur mælir fyrir um greiðslur frá þrotabúinu smátt og smátt nýtur krafa viðsemjandans til greiðslna, sem falla til eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til skipta, rétt hæðar skv. 3. tölul. 110. gr.

92. gr.

Ef lausnardagur á greiðslu viðsemjandans er kominn og þrotabúið hefur nýtt heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. skal þrotabúið eftir kröfu viðsemjandans inna sína greiðslu af hendi eða, ef gjalddagi er ekki kominn, setja tryggingu fyrir greiðslu. Hafi viðsemjandinn greitt á hann sama rétt ef hann gæti fengið greiðslunni skilað ef þrotabúið hefði ekki nýtt heimild sína.

Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu skal trygging sú, sem þrotabúið setur fyrir ógreiddum kröfum, jafnan vera fyrir þeim kröfum viðsemjandans sem fyrst urðu til eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til skipta.

Ef það er talið sanngjarnt vegna hagsmuna viðsemjandans er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. Ef sammingsákvæði um þær tryggingar, sem þrotabúinu er gert að setja, eru talin ósanngjörn í garð þess er heimilt að fella þau úr gildi í heild eða að hluta eða breyta þeim.

93. gr.

Ef þrotabú nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. eða setur ekki tryggingu innan hæfilegs frests getur viðsemjandi slitið samningnum. Það sama á við þegar viðsemjandinn hefði öðlast riftunarrétt ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskipta.

Ef viðsemjandi hefur innt greiðslu sína af hendi eða hluta hennar getur hann einungis slitið samningnum og krafist endurgreiðslu frá þrotabúinu ef reglur um samninga eins og þá sem um ræðir heimila slíkt.

94. gr.

Ef þrotabúið nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. getur viðsemjandinn krafist þess um skaðabætur vegna þess tjóns sem hann verður fyrir við sammingslitin, sbr. þó 96. gr.

95. gr.

Ef þrotabúið nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr., en fær í hendur greiðslu frá viðsemjandanum eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta, skal það skila henni.

96. gr.

Þrotabúið getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum hætti eða sanngjörnum fresti þótt lengri uppsagnarfrestur sé ákveðinn í samningnum eða hann sé óuppsegjanlegur, nema samningnum hafi verið þinglýst eða hann skráður opinberlega með hliðstæðum hætti.

Viðsemjandinn getur einnig sagt samningnum upp gagnvart þrotabúinu með venjulegum eða sanngjörnum fresti nema þrotamaðurinn hafi mátt framselja rétt sinn samkvæmt honum eða fyrirmæli annarra laga standa því í vegi.

Þegar sérstaklega stendur á má gera þeim sem segir upp samningi með heimild í 1. eða 2. mgr. að greiða hinum skaðabætur vegna tjóns sem leiðir af uppsögninni. Um réttthæð slíkrar skaðabótakröfu á hendur þrotabúi fer skv. 113. gr.

97. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur haft fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og þrotabúið getur ekki, þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, tekið afstöðu til þess hvort það nýtir heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. öðlast viðsemjandinn rétt til leigugreiðslna frá því úrskurðurinn var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið gefur yfirlýsingu um afstöðu sína. Um réttthæð kröfu viðsemjandans til leigugreiðslna fer eftir 3. tölul. 110. gr.

98. gr.

Pegar úrskurður hefur verið kveðinn upp um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ákveða hvort þrotabúið taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra manna sem starfa við atvinnurekstur þrotamannsins.

Starfsmenn eiga rétt til launa frá því úrskurður var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið tekur afstöðu sína. Um réttthæð slíkra launakrafna fer eftir 3. tölul. 110. gr.

Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir starfsmanns krefjast þess getur hann þó slitið ráðningarsamningi sínum. Honum er þá skylt að veita þrotabúinu hæfilegan frest til að leita annars starfsmanns í sinn stað, enda setji þrotabúið tryggingu fyrir greiðslu launa þann tíma sem hann sinnir starfi af þessum sökum ef þess er krafist.

XVI. KAFLI

Kröfur á hendur þrotabúi.

99. gr.

Allar kröfur á hendur þrotabúi falla sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti.

Kröfur á hendur þrotabúi um annað en peningagreiðslu sem verða ekki efndar eftir aðalefni sínu skulu metnar til verðs eftir þeim reglum sem gilda um slíkt mat við aðför.

Kröfur á hendur þrotabúi í erlendum gjaldmiðli skulu færðar til íslensks gjaldmiðils eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta að því leyti sem þeim verður ekki fullnægt skv. 109.–111. gr.

100. gr.

Hver sá, sem skuldar þrotabúinu, getur dregið það frá sem hann á hjá því hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið ef lánardrottinn hefur eignast kröfuna áður en þrjár mánuðir voru til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn átti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna, enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag.

Þær kröfur, sem eru taldar í 114. gr., verða ekki notaðar til skuldajafnaðar nema að því leyti sem eignir þrotabúsins hrökkva til greiðslu þeirra við úthlutun.

Ekki má framselja viðskiptabréf í eigu þrotabúsins fyrr en kröfulýsingarfresti er lokið og ekki síðar ef gagnkröfu er lýst þannig að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti. Sé þetta gert ber búinu að greiða bætur, en um réttthæð þeirrar bótakröfu fer eftir 3. tölul. 110. gr.

101. gr.

Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu þrotabúsins þegar skilyrðið er uppfyllt. Hafi krafa þrotabúsins verið greidd áður en skilyrðið var uppfyllt fer um réttthæð endurkröfu á hendur þrotabúinu eftir 3. tölul. 110. gr. Ef enn er óvíst við úthlutun úr þrotabúinu hvort skilyrðið verði uppfyllt skal taka frá fé til endurgreiðslu kröfunnar skv. 1. mgr. 157. gr.

102. gr.

Ef þrotabúi greiðir hluta kröfu vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda skal við úthlutun úr búinu aðeins miða við afgang kröfunnar.

103. gr.

Ef fleiri en þrotamaðurinn ábyrgjast kröfu með óskiptri ábyrgð skal við úthlutun úr þrotabúinu miða við heildarfjárhæð kröfunnar enda þótt:

1. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamanninn,
2. hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,
3. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag.

Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanninum vegna greiðslu þess fyrrnefnda á hluta kröfunnar og þrotabúið riftir ekki þeirri endurgreiðslu skal þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. miða við afgang kröfunnar við úthlutun.

104. gr.

Kröfuhafa, sem hefur fengið greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en nemur kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla sem hann ætti að fá úr þrotabúinu leiðir til þess að hann fengi hærri greiðslu skal skipta mismuninum milli samskuldara þrotabúsins eftir réttarsambandi þeirra.

105. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabúið og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu kröfu skal miða við samtölu þessara krafna við úthlutun. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera endurgreiðslukröfur skal skipta úthlutunarfjárhæð eftir reglu 104. gr.

106. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabúið og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggt með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þess skal lækka þá fjárhæð sem samskuldari getur krafist á grundvelli tryggingarréttarins um þá fjárhæð sem kemur upp í aðalkröfuna við úthlutun.

Eigi samskuldarinn rétt til skuldajafnaðar skal beita reglum 1. mgr.

107. gr.

Samskuldari sem á endurkröfurétt á þrotamanninn og hefur greitt skuld þeirra á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag á sama rétt til greiðslu úr hendi þrotabúsins og lánardrottinn þeirra hefði átt ef hann hefði ekki fengið greiðsluna frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki rétt á hærri fjárhæð úr hendi þrotabúsins en hann hefði getað krafist þrotamanninn um ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskipta.

Hafi fleiri samskuldarar en einn greitt skuldina skal því fé sem þeir fá við úthlutun skipt milli þeirra eftir reglu 104. gr.

108. gr.

Beita skal ákvæðum 104.–107. gr. þegar krafa á hendur þrotabúinu er tryggt með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eign þriðja manns.

XVII. KAFLI

Réttihæð krafna á hendur þrotabúi.

109. gr.

Afhenda skal eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni ef hann sannar eignarrétt sinn að þeim. Öðrum réttihöfum skal með sama hætti afhenda eignir eða réttindi sem þrotabúið á ekki tilkall til.

Hafi þrotabúið selt eign eða réttindi sem þriðji maður sannar síðar að hafi tilheyrt sér getur hann krafist greiðslu þess sem þrotabúið fékk í hendur við sölnuna, eftir atvikum að frádregnum kostnaði sem búið hefur haft af varðveislu og sölu eignarinnar. Slík krafa skal greidd á undan öllum öðrum kröfum á hendur búinu.

110. gr.

Næstar kröfum skv. 109. gr. ganga eftirtalðar kröfur í þeirri röð sem hér segir, sbr. þó 3. mgr. 111. gr.:

1. kostnaður af útför þess látna ef farið er með dánarbú hans eftir reglum þessa þáttar,
2. kostnaður af skiptunum,
3. kröfur sem hafa orðið til á hendur þrotabúinu eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búans til gjaldþrotaskipta með samningum skiptastjóra eða vegna tjóns sem búið bakar öðrum,
4. kröfur sem hafa orðið til eftir frestdag með ráðstöfunum skuldara sem voru samþykktar af aðstoðarmanni hans við greiðslustöðvun eða umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum hans, enda hafi ráðstafanirnar verið heimilar skv. 19.–21. gr.

111. gr.

Næstar kröfum skv. 109. og 110. gr. ganga kröfur sem njóta veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabúsins að því leyti sem þeim verður fullnægt af andvirði eignarinnar og arði eða öðrum tekjum sem þrotabúið hefur fengið greitt af henni.

Ef tveir lánardrottmar eða fleiri eiga veðrétt eða tryggingarréttindi í sömu eign fer um rétt hæð þeirra eftir almennum reglum. Óþinglýst réttindi á grundvelli almenns lögveðs ganga þó á eftir réttindum annarra samkvæmt þessari grein.

Kröfur skv. 2.–4. tölul. 110. gr. ganga aðeins fyrir kröfum samkvæmt þessari grein að því leyti sem þær varða þá eign sem veðréttur eða tryggingarréttindi eru í.

112. gr.

Næstar kröfum skv. 109.–111. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag,
2. kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi sem hafa átt sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,
3. kröfur um orlofsfé eða orlofslaun sem réttur hefur unnist til á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,
4. kröfur um gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og orlofsheimilásjóða sem þrotamanninum hefur borið að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningi á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag, svo og gjöld til stéttarféлага sem honum bar að standa skil á vegna sama tímabils,
5. kröfur um bætur vegna örorku eða dauðsfalls manns sem starfaði í þjónustu þrotamannsins og varð þar fyrir slysi sem olli örorku eða dauðsfalli og átti sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,
6. kröfur maka, fyrrverandi maka eða barns þrotamannsins um lífeyri eða meðlag vegna þess tímabils sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag, ef kröfurnar styðjast við yfirvaldsákvörðun eða skilnaðarsamning og greiðast ekki af almannatryggingum eða með sambærilegum hætti,
7. kröfur til eða vegna meðferðar fjár sem þrotamaðurinn hefur haft í vörslum sínum sem opinber sýslunarmaður með sjálfstæða fégæslu,
8. kröfur um þóknun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum ásamt nauðsynlegum kostnaði sem þeir hafa lagt út fyrir eftir frestdag.

Kröfur skv. 1.–6. tölul. skulu enn fremur njóta rétt hæðar samkvæmt þessari grein þótt þær séu eldri en þar segir ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan sex mánaða frá gjalddaga og dómur hefur gengið um þær á síðustu sex mánuðunum fyrir frestdag eða síðar.

Hvorki njóta þeir sem eru nákomnir þrotamanni réttar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. fyrir kröfum sínum né þeir sem hafa átt sæti í stjórn eða haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar sem er til gjaldþrotaskipta.

113. gr.

Næstar kröfum skv. 109.–112. gr. ganga allar aðrar kröfur á hendur þrotabúi að rétttri tiltölu við fjárhæð hvernar, nema þær sem eru taldar í 114. gr.

114. gr.

Að baki öllum kröfum skv. 109.–113. gr. koma eftirtaldar kröfur í þeirri röð sem hér segir:

1. kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu skv. 112. eða 113. gr. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að bóúð sé tekið til gjaldþrotaskipta,
2. kröfur um féviti einkaréttarlegs eðlis nema að því leyti sem skaðabætur felast í þeim,
3. kröfur um gjafir,
4. kröfur sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum,
5. kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu skv. 2.–4. tölul. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að bóúð sé tekið til gjaldþrotaskipta.

115. gr.

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi á hendur þrotabúi skv. 109.–114. gr.

Nú greiðir samskuldari þrotabús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur þrotabúinu með sama hætti og kröfuna sem var greidd, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi sem samskuldarinn kann að eiga.

XVIII. KAFLI

Meðferð krafna á hendur þrotabúi.

116. gr.

Dómsmál verður ekki höfðað í héraði gegn þrotabúi nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsivíðurlaga sem má ákveða á hendur þrotabúi. Má þá höfða málið í því umdæmi þar sem skiptin fara fram.

Halda má máli til dóms ef það hefur verið höfðað á hendur þrotamanninum og dómur ekki gengið í því áður en úrskurður gekk um að bóúð væri tekið til gjaldþrotaskipta, enda tilkynni stefnandi þess skiptastjóra um það. Tekur þá þrotabúið við aðild málsins ef þær skyldur, sem málið varða, falla á það, en ella má halda því til dóms á hendur þrotamanninum ef um einstakling er að ræða. Ef mál sem má halda til dóms á hendur þrotabúinu hefur verið dómtekið vegna útivistar þrotamannsins eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta má þrotabúið krefjast endurupptöku þess eftir reglum um lögmæt forföll.

Kröfu um aðför, kyrretningu, lögbann eða löggeymslu verður ekki komið fram gegn þrotabúi.

Kröfu um nauðungarsölu á eign þrotabús verður ekki komið fram á fyrstu sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar um að bóúð sé tekið til gjaldþrotaskipta nema að kröfu eða með samþykki skiptastjóra. Eftir það getur sá sem hefur heimild til að krefjast nauðungarsölu án frekari dóms, sáttar eða aðfarar komið henni fram á eign þrotabúsins ef krafa hans hefði verið komin í gjalddaga án tillits til 1. mgr. 99. gr.

117. gr.

Sá sem vill halda uppi kröfu á hendur þrotabúi og getur ekki fylgt henni eftir skv. 116. gr. skal lýsa henni fyrir skiptastjóra.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð, svo ekki verði um villst. Í henni skulu kröfur tiltekna svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum og hveurrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu tiltekins hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur þrotabúinu, lausn undan tiltekinni skyldu við það, skyldu þess til ákveðinnar athafnar eða til að láta af henni, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar eða gæslu hagsmuna af henni o.s.frv. Í kröfulýsingu skal enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á hendur þrotabúinu á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við.

Skiptastjóri skal staðfesta móttöku kröfulýsingar ef eftir því er leitað.

Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti, sem hefur verið tekin til greina, telst nægileg lýsing kröfu á hendur þrotabúinu ef hún fullnægir ákvæðum 2. og 3. mgr.

Kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgja sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum.

118. gr.

Ef kröfu á hendur þrotabúi er ekki lýst fyrir skiptastjóra áður en fresti lýkur skv. 2. mgr. 85. gr. og ekki er unnt að fylgja henni fram gagnvart því skv. 116. gr., þá fellur hún niður gagnvart búinu nema:

1. kröfunni sé lýst áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu og samþykki fáið fyrir að krafan komist að hjá $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra kröfuhafa sem færu á mis við greiðslu af þeim sökum, talið bæði eftir höfðatölu kröfuhafanna og fjárhæðum krafna þeirra,
2. kröfuhafinn sé búsettur erlendis og hafi hvorki verið kunnugt né mátt vera kunnugt um gjaldþrotaskiptin, enda sé kröfunni lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
3. krafan sé höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu þrotabúsins að fullnægðum skilyrðum 100. gr.,
4. um kröfu sé að ræða skv. 109. gr.,
5. um kröfu sé að ræða skv. 1.–3. tölul. 110. gr. eða hún hafi annars fyrst orðið til eftir uppkvaðningu úrskurðar um að búid sé tekið til gjaldþrotaskipta og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
6. um kröfu sé að ræða sem hefur raknað við vegna riftunar, sbr. 143. gr., og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu.

119. gr.

Þegar kröfulýsingarfresti er lokið skal skiptastjóri tafarlaust gera skrá um þær kröfur sem hafa komið fram, þar sem hann lætur í ljós sjálfstæða afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig hann telji að viðurkenna eigi hverja kröfu um sig. Í skránni skal getið hvers efnis kröfurnar séu, fjárhæða þeirra og umkrafinnar stöðu í skuldaröð, ef því er að skipta. Skiptastjóra er þó óskýlt að taka afstöðu til kröfu ef telja má fullvíst að ekki geti komið til greiðslu hennar að neinu leyti við skiptin.

Ef skiptastjóri fellst ekki á að viðurkenna kröfu að öllu leyti, eins og henni hefur verið lýst, skal hann tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um afstöðu sína til hennar með minnst viku fyrirvara áður en skiptafundur verður haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur. Tilkynningin skal send með sannanlegum hætti og tekið skýrlega fram í henni hverjar

afleiðingar það hafi ef afstöðu skiptastjóra verður ekki mótmælt á skiptafundinum, sbr. 3. mgr. 120. gr. Í stað tilkynningar getur skiptastjóri þó sent hlutaðeiganda eintak kröfuskjár, enda komi þá þar fram það sem ella hefði verið í tilkynningunni.

Skiptastjóri skal láta eintak kröfuskjár liggja fyrir á starfsstofu sinni í að minnsta kosti viku fyrir skiptafund til sýnis fyrir þá sem þangað koma og hafa lýst kröfu í þrotabúið. Þá ber skiptastjóra að láta þeim í té eintak kröfuskjár sem hafa lýst kröfu á hendur þrotabúinu og leita eftir því, en honum er heimilt að krefjast greiðslu til búans fyrir kostnaði af gerð eintaksins. Protamaðurinn eða forráðamaður félags eða stofnunar, sem er til gjaldþrotaskipta, skal eiga sama aðgang að kröfuskjá, en aðrir ekki nema skiptastjóri telji sýnt að þeir eigi lögvarinna hagsmuna að gæta af því.

120. gr.

Kröfuhafi, sem vill ekki una afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sinnar á hendur þrotabúinu, skal lýsa yfir mótmælum sínum á skiptafundi, sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur, eða tilkynna það skiptastjóra með bréfi sem berst honum ekki síðar en á þeim fundi. Með sama hætti er kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmunum þess sem hefur uppi mótmælin.

Skiptastjórinn leggur fyrir kröfuskjá og kröfulýsingar á skiptafundinum ásamt mótmælum sem kunna að hafa þorist skv. 1. mgr. Þar skal hann eftir föngum veita fundarmönnum þær skýringar sem þeir æskja um efni einstakra krafna, ástæður fyrir afstöðu sinni til viðurkenningar þeirra og framkomin mótmæli gegn þeim, en um rétt til fundarsóknar skal farið eftir ákvæðum 125. gr. Komi fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu og þeir eru staddir þar báðir eða allir sem hafa mótmælt og mótmæli beinast eftir atvikum gegn, skal skiptastjóri reyna að jafna ágreininginn, en annars skal hann boða þá sem eiga hlut að máli sem fyrst til sérstaks fundar í því skyni. Verði ágreiningur ekki leystur með þeim hætti skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir 171. gr.

Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram skv. 1. mgr. gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt við skiptin.

121. gr.

Ef kröfu er lýst eftir að kröfulýsingarfesti er lokið, en ekki er víst að hún sé fallin niður fyrir þær sakir, skal skiptastjóri svo fljótt sem verða má taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig hann telji eiga að viðurkenna hana. Hann skal síðan boða til skiptafundar til að fjalla um afstöðu sína til kröfunnar. Um rétt til mótmæla gegn afstöðu skiptastjóra, meðferð mótmæla sem kunna að koma fram og þýðingu þess að engum mótmælum sé hreyft gilda ákvæði 120. gr.

XIX. KAFLI

Bústjörn og ráðstöfun hagsmuna þrotabús.

122. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur fer skiptastjóri með forræði þrotabúsins og er einn bær um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess, sbr. þó 130. gr. Hann kemur fram af hálfu búans fyrir dómi og gerir samninga og aðra löggæringa í nafni þess.

Skiptastjóri skal einkum gæta þess í störfum sínum að skiptum verði lokið án ástæðulauss dráttar, að allar eignir og öll réttindi þrotabúsins komi fram og verði ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt, að kröfur þess og innstæður verði heimtar inn, að engin þau réttindi þess fari forgörðum sem geta haft verðgildi og gripið verði til þeirra aðgerða sem verða annars taldar nauðsynlegar til að varna tjóni. Hann skal og gæta þess að peningaeign þrotabúsins beri sem hagkvæmasta vexti á reikningi við banka eða sparisjóð með tilliti til þess um hve langan tíma megi ætla að hann hafi hana undir höndum.

123. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem tök eru á eftir skipun sína, hefjast handa um ráðstöfun á þeim eignum og réttindum sem telja má sýnt að tilheyri þrotabúinu, enda þyki honum ekki hagkvæmara fyrir hagsmuni þess að ráðstöfun verði frestað um sinn. Ef þrotamaðurinn leitar nauðasamnings skv. 21. kafla skal skiptastjóri þó ekki ráðstafa eignum eða réttindum þannig að fari í bága við þær umleitanir nema hann telji það nauðsynlegt til að varna tjóni eða verulegum kostnaði eða sá fjöldi lánardrottna greiði atkvæði gegn frestun ráðstafana á skiptafundi sem mundi nægja til að nauðasamningsumleitanir bæru ekki árangur. Skiptastjóri skal heldur ekki ráðstafa eignum eða réttindum frekar en þörf krefur eða nauðsynlegt er til að varna tjóni eða verulegum kostnaði ef hann telur sennilegt að skiptunum kunni að ljúka eftir 2. mgr. 154. gr.

Ef eign er í vörslum þrotabúsins og óvissa er um réttindi yfir henni eða vitað er að hún tilheyri því ekki, en enginn gefur sig fram innan kröfulýsingarfrests til að krefjast hennar, má skiptastjóri ráðstafa henni að undangenginni birtingu áskorunar í Lögbirtingablaði til eigandans um að gefa sig fram. Ef eignin liggur undir skemmdum eða meiri kostnaður væri af varðveislu hennar á kröfulýsingarfresti en ætla má að andvirði hennar nemi má skiptastjóri þó ráðstafa henni á kröfulýsingarfresti að undangenginni áskorun samkvæmt áðursögðu. Fé sem fæst fyrir slíka eign rennur til þrotabúsins ef enginn kallar eftir því.

Nú stendur ekki svo á sem í 2. mgr. segir, skiptastjóri selur eða ráðstafar eign eða réttindum sem þriðji maður var með réttu eigandi að og skiptastjóri vissi eða mátti vita um rétt hans, og getur þá þriðji maður krafid þrotabúið um bætur ef hann fær ekki tjón sitt bætt með kröfu skv. 2. mgr. 109. gr. Slík bótakrafa nýtur stöðu skv. 3. tölul. 110. gr. Hafi sala eða ráðstöfun átt sér stað eftir lok kröfulýsingarfrests og þriðji maður hefur ekki lýst tilkalli sínu áður en hún fór fram getur hann ekki haft uppi kröfu á hendur kaupanda sem hvorki vissi né mátti vita um réttindi hans.

124. gr.

Skiptastjóri tekur ákvarðanir um hvernig eignum og réttindum þrotabúsins verði ráðstafað, þar á meðal hvernig og hverjum þær verði seldar og gegn hverju verði, sbr. þó 129. gr., og hvort kröfu verði haldið uppi, mál verði höfðað um hana eða hún gefin eftir.

Skiptastjóri heldur skiptafundi eftir því sem honum þykir henta til að kynna ráðstafanir sem hann hefur gert, leita eftir atvikum tillagna eða ákvarðana um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að slíkar tillögur verði settar fram. Skiptastjóra er þó skylt að taka þessi málefni á dagskrá á skiptafundi sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og honum er jafnframt skylt að boða til skiptafundar í þessu skyni ef þess er krafist skriflega af þeim sem færu að minnsta kosti með fimmtung atkvæða á fundinum. Ákvarðanir skiptafundar um ráðstafanir, sem eru enn ógerðar, binda skiptastjóra samkvæmt því sem segir í 127. gr.

Þótt skiptastjóri boði ekki til skiptafundar um einstakar ráðstafanir sínar er honum rétt að ráðfæra sig áður en þær verða gerðar við kröfuhafa sem þær varða sérstaklega eða hafa annars hagsmuni umfram aðra af þeim.

125. gr.

Kröfuhafi á rétt á að sækja skiptafundi ef hann hefur lýst kröfu sinni fyrir skiptastjóra og henni hefur ekki endanlega verið hafnað.

Skiptastjóri getur heimilað öðrum fundarsókn, þar á meðal þrotamanni eða forráðamanni félags eða stofnunar sem er til gjaldþrotaskipta, ef fundarefnið varðar hagsmuni þeirra, vera þeirra á fundinum gæti orðið til hagræðis eða enginn sem á rétt til fundarsóknar hreyfir athugasemdom við að þeir séu viðstaddir. Slíkir menn njóta ekki málfrelsis eða tillöguréttar á fundinum nema að því leyti sem skiptastjóri ákveður.

126. gr.

Áð því leyti sem þarf að ákveða atkvæði á skiptafundum ráðast þau af fjárhæðum krafna þeirra sem eiga rétt til fundarsóknar skv. 1. mgr. 125. gr. og hafa lýst kröfum um peningagreiðslu. Ef skiptastjóri hefur ekki enn tekið afstöðu til viðurkenningar kröfu eða hún er tryggð að hluta, ógjaldfallin, umdeild eða skilyrt, skal skiptastjóri ákveða henni atkvæði til bráðabirgða.

Ef skiptastjóri telur ljóst að krafa fái greidd að fullu eða að engu greidd hvernig sem atkvæðagreiðsla kynni að fara á skiptafundi nýtur lánardrottinn ekki atkvæðisréttar á grundvelli hennar.

Séu atkvæði greidd um málefni sem varða sérstaka hagsmuni einstaks lánardrottins skulu atkvæði hlutaðeiganda falla niður.

127. gr.

Skiptafundur er ályktunarfær ef hann er sóttur af þeim sem fara með minnst þriðjung atkvæða skv. 126. gr.

Skiptastjóri er bundinn af ákvörðun ályktunarfærs skiptafundar ef allir fundarmenn hafa verið á einu máli. Telji skiptastjóri slíka ákvörðun þó andstæða lögum, óheiðarlega, óframkvæmanlega eða bersýnilega fara í bága við hagsmuni lánardrottna sem sóttu ekki fundinn eða geta enn gefið sig fram má hann virða ákvörðunina að vettugi og annaðhvort leggja málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráða því sjálfur til lykta.

Greini fundarmenn á um ákvörðun á ályktunarfærum skiptafundi er skiptastjóra að öðru jöfnu rétt að fylgja ályktun meiri hlutans. Það skal þó ekki gert ef efni eru til að víkja frá henni vegna þeirra atvika sem eru talin í 2. mgr. eða ætla má að meirahlutavaldi sé misbeitt minni hlutanum til tjóns. Telji skiptastjóri ekki fært að fara að ályktun meiri hlutans getur hann lagt málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráðið því sjálfur til lykta.

Falli atkvæði jöfn á ályktunarfærum skiptafundi skal skiptastjóri ráða málefninu til lykta á þann veg sem hann telur best eiga við, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

128. gr.

Skiptastjóri skal kynna ákvarðanir sínar um fundarefni skv. 127. gr. jafnharðan á skiptafundum nema hann telji nauðsynlegt að fresta ákvörðun til nýs fundar.

Mæti ekki lánardrottinn til skiptafundar sem hann hefur verið boðaður til glatar hann rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Lánardrottinn sem á atkvæði um málefni búans og telur ákvörðun eða ráðstöfun skiptastjóra ólögmetta getur mótmælt henni þegar á þeim fundi sem hún er kynnt, en ella á næsta fundi sem hann er boðaður til hafi hann ekki glatað rétti til þess skv. 2. mgr. Komi slík mótmæli fram skal skiptastjóri leitast við að jafna ágreininginn, en takist það ekki skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr. Meðan ágreiningur hefur ekki verið leiddur til lykta skulu ekki gerðar frekari ráðstafanir um málefnið nema nauðsynlegt sé til að réttindi eða munir fari ekki forgörðum eða rýrni að mun.

129. gr.

Ef ráðstafa á eign þrotabúsins sem er bundin veðréttindum eða öðrum tryggingarréttindum og skiptastjóri telur að hún verði ekki seld gegn því verði að allir hlutaðeigendur fái fullnustu krafna sinna skal hann boða þá sem eiga réttindi yfir eigninni til veðhafafundar. Um boðun og önnur atriði varðandi framkvæmd veðhafafundar skal farið eftir sömu reglum og gilda um skiptafundi að því leyti sem ekki er mælt hér á annan veg, en atkvæði verða þar ekki greidd svo bindandi sé fyrir minni hluta.

Skiptastjóri skal kynna ráðagerðir sínar um ráðstöfun veðbundinnar eignar á veðhafa-

fundi. Hann skal leita þar heimildar fundarmanna til að ráðstafa eigninni með þeim áhrifum að þeir fundarmenn, sem kunna að fara á mis við fullnustu af söluverði eignarinnar, glati þeim tryggingarréttindum sem þeir kunna að njóta.

Ef eigninni er ekki ráðstafað með nauðungarsölu og skiptastjóra berst boð í hana, sem hann telur viðunandi en nægir þó ekki til að fullnægja réttindum allra hlutaðeigenda, skal hann boða þá sem færu á mis við fullnustu á ný til fundar, enda hafi þeir ekki áður veitt heimild skv. 2. mgr. Í fundarboði skal koma skýrlega fram hvert verð sé boðið í eignina og mat skiptastjóra á því hversu langt það muni hrökkva til að fullnægja kröfum þeirra sem eiga réttindi yfir henni.

Á veðhafafundi skv. 3. mgr. skal skiptastjóri gefa þeim fundarmönnum, sem færu á mis við fullnustu ef boði væri tekið, kost á að ganga inn í boðið eða gera hærra boð. Ef fleiri slíkir fundarmenn en einn lýsa yfir vilja á fundinum til að ganga inn í boð og sammæli verða ekki um annað skal þeim gefinn kostur á að gera hærra boð. Skiptastjóri skal ákveða á fundinum hverju boði verði tekið nema hann telji efni til að fresta ákvörðun eða leita frekari boða í hana.

Þegar skiptastjóri ráðstafar eign skv. 4. mgr. falla sjálfkrafa niður þau tryggingarréttindi yfir eigninni sem fást ekki fullnægt af söluverði hennar. Að kröfu skiptastjóra skulu slík réttindi afmáð ef þeim hefur verið þinglýst, enda leggi hann fyrir fundargerðir, fundarboð og önnur gögn því til staðfestingar að skilyrðum fyrir því sé fullnægt.

Veðhafi eða annar sá sem á réttindi yfir eign, sem er farið með eftir ákvæðum þessarar greinar, getur haft uppi mótmæli vegna meðferðar hennar með þeim hætti sem segir í 3. mgr. 128. gr.

130. gr.

Ákveði skiptastjóri að halda ekki uppi hagsmunum sem þrotabúið kann að njóta eða geta notið hvort sem það er gert samkvæmt ályktun skiptafundar eða ekki getur lánardrottinn, sem hefur lýst kröfu á hendur búinu sem hefur ekki þegar verið hafnað, gert það í eigin nafni til hagsbóta búinu hafi skiptastjóri ekki þegar skuldbundið það á annan veg. Sá sem vill gera slíkt skal tilkynna það skiptastjóra tafarlaust og bera sjálfur kostnað og áhættu af aðgerðum sínum en hann getur krafist þrotabúið um endurgreiðslu kostnaðar að því leyti sem búinu áskotnast fé af þeim.

Grípi enginn lánardrottinn til aðgerða skv. 1. mgr. má þrotamaðurinn gera það ef um einstakling er að ræða.

Hafi lánardrottinn eða þrotamaðurinn tekið að sér hagsmuni þrotabúsins skv. 1. eða 2. mgr. getur skiptastjóri hvenær sem er tekið við þeim á ný, enda greiði þá þrotabúið hlutaðeiganda um leið þann kostnað sem hefur fallið til af þessum sökum.

XX. KAFLI

Riftun ráðstafana þrotamanns o.fl.

131. gr.

Krefjast má riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Krefjast má riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent sex til tólf mánuði fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir einnig um gjafir til nákominna sem hafa verið afhentar sex til tuttugu og fjóra mánuði fyrir frestdag.

Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa, svipaðra gjafa eða styrkveitinga ef gæningar sem þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamannsins.

132. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur afsalað sér arfi á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag má krefjast riftunar á þeirri ráðstöfun. Hafi arfinum verið úthlutað áður en úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta skal beina kröfu að þeim sem hefur fengið arf eða aukinn arf vegna arfsafsalsins.

Krefjast má riftunar á arfsafsali sem hefur verið gefið sex til tuttugu og fjóra mánuði fyrir frest dag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir arfsafsalið.

Hafi fjárslit farið fram milli þrotamannsins og maka hans eða sambýlismanns, og hann hefur afsalað sér rétti við þau, má krefjast riftunar eftir reglum 1. og 2. mgr. á þeirri ráðstöfun að því leyti sem fyrrum maki þrotamannsins eða sambýlismaður hefur fengið meira í sinn hlut við fjárslitin en honum hefði borið.

133. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag frá þrotamanninum til nákominna á launum, öðru endurgjaldi fyrir vinnu eða eftirlaunum, ef greiðslan var bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti sem greiðslan var hærri en sanngjarnt var.

Sama gildir um greiðslu sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frest dag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

134. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frest dag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

135. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur greitt víxil eða tékka verður þeirri ráðstöfun ekki rift gagnvart þeim sem varð að taka við greiðslu til að halda víxil- eða tékkaarétti á hendur öðrum nema þrotabúið sanni að ekki hafi verið unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina sem að lokum hefði beðið tjón ef þrotamaðurinn hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta ef þrotamaðurinn hefði greitt honum.

136. gr.

Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð ef ekki mætti beita honum skv. 100. gr.

137. gr.

Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Það sama á við ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki tryggt á annan hátt gegn fullnustugerðum án ástæðulauss dráttar eftir að skuldin varð til og ekki fyrr en á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag.

Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem hafa verið sett til hagsbóta fyrir nákomna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frest dag og ákvæði 1. mgr. eiga að öðru leyti við, nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.

138. gr.

Kyrrsetning í eign þrotamannsins fellur sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta ef eignin rennur til þrotabúsins. Eins fer um löggeymslu og fjárnám sem hefur verið gert í eign þrotamannsins á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef eignin rennur til þrotabúsins.

Sama gildir um löggeymslu og fjárnám sem hefur verið gert sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag að kröfu einhvers sem er nákominn þrotamanni, nema sá leiði í ljós með málsókn að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir fullnustugerðina.

139. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar ef greitt var eftir frestdag nema reglur XVII. kafla hefðu leitt til að skuldin hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu naut hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hafi fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Krefjast má riftunar annarra ráðstafana sem hafa verið gerðar eftir frestdag nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar þrotamannsins, eðlileg af tilliti til sameiginlegra hagsmuna lánardrottna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim sem mátti líta svo á að ráðstöfunin hafi verið þess eðlis sem á undan segir eða hvorki vissi né mátti vita um beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða kröfu um gjaldþrotaskipti.

Ef aðstoðarmaður skuldarans við greiðslustöðvun eða umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hans hefur samþykkt greiðslu eða ráðstöfun, verður ekki rift nema samþykkið hafi bersýnilega verið gefið í andstöðu við heimildir laga þessara til ráðstafana.

140. gr.

Ef það er skilyrði riftunar að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma telst það skilyrði uppfyllt ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem er nauðsynleg til að hindra að betri réttur fái st með fullnustugerð, fer fram á þeim tiltekna tíma.

141. gr.

Krefjast má riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

142. gr.

Ef riftun fer fram með stoð í 131.–138. gr. skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun eða fullnustugerð greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla þrotamannsins verið seld og greiðsla fengist fyrir hana í peningum skiptir notkun peninganna engu um kröfu þrotabúsins. Ef ljóst er að viðsejanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar skal þó dæma hann til greiðslu tjónsbóta.

Hagnað sem fæst eftir að riftunarmál er höfðað skal greiða þrotabúinu.

Ef riftun fer fram skv. 139. eða 141. gr. skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum.

143. gr.

Þeim sem er gert að sæta riftun og greiða þrotabúi fé skv. 142. gr. eða öðrum ákvæðum þessara laga eða afhenda þrotabúinu verðmæti skv. 144. gr. skal skylt að inna sína greiðslu af hendi til þrotabúsins án tillits til þess hvenær úthlutun fari fram úr búinu. Honum skal heimilt að koma að upphaflegri fjárkröfu sinni á hendur þrotabúinu og njóta jafnrar stöðu við aðra lánardrottna sem hafa jafnrétttháar kröfur.

144. gr.

Ef annar hvor aðila krefst skal skila greiðslum í þeim mæli sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslum.

145. gr.

Ef sérstaklega stendur á má lækka eða fella niður kröfu á þann sem hafði hag af ráðstöfun eða fullnustugerð ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin að ósanngjarnt megi teljast og önnur atvik leiða til þess sama.

146. gr.

Ef sá sem fékk verðmæti hefur framselt þau þriðja manni á þrotabúið kröfu á þriðja mann eftir reglum 142.–145. gr. ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður sem riftunarkrafan byggist á.

Ef þriðji maður er nákominn þrotamanni á þrotabúið kröfu á hann í þeim mæli sem greinir í 1. og 2. mgr. 142. gr. og 143. gr., sbr. 144. og 145. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

147. gr.

Ef þriðji maður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða fullnustugerðar á þrotabúið kröfu á þriðja mann eftir reglunum í 142. og 143. gr., sbr. 145. gr., ef þriðji maður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar sem riftunarkrafa byggist á þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Þrotabúið getur krafist vedtryggingar á ný ef unnt er að setja hana.

Ef þriðji maður er nákominn þrotamanni á þrotabúið kröfu á hann skv. 1. og 2. mgr. 142. gr. og 143. gr., sbr. 145. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðja manni eftir 2. mgr. 134. gr., 2. mgr. 139. gr. eða 141. gr.

148. gr.

Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun skal það gert áður en sex mánuðir eru liðnir frá því skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna. Frestur þessi byrjar þó aldrei að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests.

Frestur skv. 1. mgr. gildir ekki um mótmæli gegn kröfu sem er lýst í þrotabúið.

XXI. KAFLI

Nauðasamningar við gjaldþrotaskipti.

149. gr.

Frá því úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta og þar til frumvarp er gert til úthlutunar úr búinu getur þrotamaðurinn leitað nauðasamnings í því skyni að gjaldþrotaskiptum ljúki með því að samningur komist á.

Ákvæði 3. þáttar gilda um nauðasamning, sem þrotamaðurinn leitar skv. 1. mgr., með þeim frávikum sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða leiða af edli máls.

Skiptastjóri gegnir þeim störfum sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum

gegnir að öðrum kosti. Skiptastjóri fer eftir sem áður með forræði á málefnum þrotabúsins eftir almennum reglum þótt nauðasamnings sé leitað.

Að því leyti sem reglur 3. þáttar miða tiltekin áhrif við þann dag sem úrskurður gengur um heimild til að leita nauðasamnings skal varðandi nauðasamning skv. 1. mgr. miða þau við þann dag sem úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta.

150. gr.

Ef þrotamaðurinn vill leita nauðasamnings skal hann tilkynna skiptastjóra það skriflega. Í tilkynningunni skal greint frá því á hverjum forsendum samningsbóðið sé reist og hvernig þrotamaðurinn rökstyðji að hann muni geta staðið við það. Þar skulu enn fremur koma fram þær skýringar við frumvarp að nauðasamningi sem þrotamaðurinn telur þörf.

Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja frumvarp að nauðasamningi sem er gert eftir fyrirmælum 36. gr. og skriflegar yfirlýsingar frá að minnsta kosti fjórðungi þeirra sem ættu atkvæðisrétt um nauðasamninginn, bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, um að þeir mæli með nauðasamningi eftir frumvarpi þrotamannsins.

Skiptastjóri skal ákveða svo fljótt sem verða má hvort frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi verði borið undir atkvæði. Það skal ekki gert ef einhver þau atvik, sem eru talin í 1. mgr. 38. gr. og hefðu valdið synjun um heimild til að leita nauðasamnings án gjaldþrotaskipta, eru fyrir hendi að mati skiptastjóra. Ef skiptastjóri neitar að bera frumvarpið undir atkvæði og þrotamaðurinn fellir sig ekki við þá neitun skal skiptastjóri leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir ákvæðum 171. gr.

151. gr.

Nú ákveður skiptastjóri að bera megi frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi undir atkvæði og boðar hann þá til sérstaks skiptafundar í því skyni með auglýsingu sem hann fær birta í Lögbirtingablaði með minnst tveggja vikna fyrirvara, þar sem tekið skal fram að frumvarp þrotamannsins og skrá skv. 2. mgr. munu liggja frammi til sýnis fyrir lánardrottna á starfsstöð skiptastjórans síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn. Slíkur fundur skal þó ekki haldinn fyrr en að afstöðnum skiptafundi þar sem fjallað er um skrá um lýstar kröfur í þrotabúið.

Skiptastjóri skal gera skrá um atkvæðisrétt um frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi. Í skránni skulu aðeins greindar þær kröfur sem hafa hlotið viðurkenningu við gjaldþrotaskiptin og atkvæðisréttur fylgir að mati skiptastjóra, en tiltekið skal hver atkvæði fylgi hverri kröfu, bæði að höfðatölu og eftir kröfufjárhæð. Skiptastjóri þarf ekki að tilkynna lánardrottnum um hvort eða hvernig kröfur þeirra séu taldar í skránni nema að því leyti sem hann telur að viðurkenndri samningskröfu fylgi ekki atkvæði.

152. gr.

Á skiptafundi sem haldinn er til atkvæðagreiðslu um frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi skal skiptastjóri lýsa eftir athugasemdum um ákvörðun atkvæðisréttar í skrá sinni skv. 2. mgr. 151. gr., þar á meðal hvort einhver lánardrottinn telji sig eiga atkvæðisrétt sem ekki er getið í skránni. Þeim atriðum verður ekki mótmælt í skrá skiptastjórans sem byggja á því sem þegar er útkljáð við gjaldþrotaskiptin, sbr. 3. mgr. 120. gr. Nýjum kröfum verður heldur ekki komið fram nema að því leyti sem þeim verður um leið komið að við gjaldþrotaskiptin skv. 118. gr.

Um atkvæðafjöldu til samþykkis á frumvarpi að nauðasamningi og atkvæðagreiðsluna um það gilda ákvæði 49.–52. gr., að öðru leyti en því að ef úrslit atkvæðagreiðslu geta ráðist af ágreiningsatkvæði skal skiptastjóri fá leyst úr ágreiningnum eftir ákvæðum 2. mgr. 120. gr. Frestast þá að fá niðurstöðu atkvæðagreiðslu þar til úrlausn er fengin um ágreininginn.

153. gr.

Ekki er skylt að tilkynna eða auglýsa það sérstaklega ef frumvarp þrotamannsins hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings er hafnað.

Hafi frumvarpið hlotið samþykki skal farið svo að um staðfestingu nauðasamnings sem segir í IX. kafla eftir því sem átt getur við. Þó er það skilyrði fyrir staðfestingu nauðasamnings að kröfur skv. 109.–112. gr. séu áður greiddar, fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu þeirra eða hlutaðeigendur samþykki skriflega að nauðasamningur verði staðfestur án þess. Ef krafa þrotamannsins um staðfestingu nauðasamnings er tekin til greina skal skiptastjóri auglýsa þau lok gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 162. gr.

XXII. KAFLI

Úthlutun og lok gjaldþrotaskipta.

154. gr.

Gjaldþrotaskiptum skal þegar lokið ef nauðasamningur kemst á samkvæmt fyrirmælum XXI. kafla.

Eins skal skiptum lokið ef þrotamaðurinn leggur fram eftir lok kröfulýsingarfrests yfirlýsingar allra þeirra sem hafa lýst kröfum um að þeir afturkalli þær eða þrotamaðurinn sannar að þær séu fallnar niður.

Ef skiptum lýkur skv. 1. eða 2. mgr. skal skiptastjóri afhenda þrotamanninum þær eignir þrotabúsins sem hann hefur undir höndum, enda sé kostnaður af skiptunum áður greiddur. Skiptastjóri skal gera skriflegt yfirlit um þær greiðslur sem hann hefur tekið við og innt af hendi vegna þrotabúsins og láta það þrotamanninum í té ef hann leitar eftir því.

Ef ágreiningur rís um heimild til að ljúka skiptum skv. 2. mgr. skal skiptastjóri beina málefningu til héraðsdóms eftir 171. gr.

155. gr.

Ef fram kemur eftir lok kröfulýsingarfrests að þrotabúið eigi ekki eignir umfram það sem þarf til að efna kröfur skv. 109. gr. og 1. og 2. tölul. 110. gr. skal skiptum lokið, eftir atvikum með greiðslu þeirra krafna, á skiptafundi sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur eða skiptafundi sem skiptastjóri boðar síðar til sérstaklega í því skyni. Skiptastjóri getur þó ákveðið að skiptum verði fram haldið þótt þannig standi á ef hann telur að þrotabúið geti unnið til frekari réttinda með málshöfðun eða öðrum aðgerðum og sá sem ber ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar eða annar lánardrottinn í hans stað lýsir sig reiðubúinn til að bera kostnað af frekari aðgerðum og leggur eftir atvikum fram tryggingu fyrir honum.

Ef skiptastjóri ákveður að ljúka skiptum skv. 1. mgr. skal hann kynna það á skiptafundi og leggja þar fyrir yfirlit um þær greiðslur sem hann hefur tekið við og innt af hendi vegna þrotabúsins. Ef ágreiningur rís um ákvörðun skiptastjóra skal hann beina málefningu til héraðsdóms eftir 171. gr.

156. gr.

Ef skiptum er ekki lokið skv. 154. eða 155. gr. skal skiptastjóri, svo fljótt sem unnt er, efna þær kröfur á hendur þrotabúinu sem hafa þegar hlotið viðurkenningu og fást efndar að fullu eftir stöðu sinni í skuldaröð. Þetta skal þó ekki gert nema fé sé jafnframt tekið frá til fullrar greiðslu á skilyrtum eða umdeildum kröfum sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð, en greiðsla þeirra skal þá eftir atvikum innt af hendi um leið og skilyrði er komið fram eða ágreiningur er til lykta leiddur.

Að loknum greiðslum skv. 1. mgr. má skiptastjóri greiða öllum þeim sem næstir koma í skuldaröð upp í væntanlega úthlutun til þeirra, en þess skal þá enn gætt að fé sé tekið frá fyrir skilyrtum eða umdeildum kröfum sem gætu notið sömu stöðu í skuldaröð.

157. gr.

Skiptastjóri getur ákveðið að ljúka skiptum þótt kröfu hafi verið lýst sem er háð ókomnu skilyrði eða dómsmál er rekið um ef fyrir séð þykir að nokkur bið verði enn eftir málalokum. Fé skal tekið frá til að efna slíkar kröfur eftir þeirri stöðu sem þær kynnu að njóta í skuldaröð, en um varðveislu fjárins og endurupptöku skipta til úthlutunar á því fer eftir 163. gr.

Ef þrotabúið telur til réttinda sem eru umdeild eða vænta má að teljandi bið verði eftir að megi koma í verð eða komi til greiðslu, getur skiptastjóri ákveðið að ljúka skiptum án tillits til þeirra. Hann skal þó fylgja réttindunum eftir og taka skiptin upp á ný skv. 164. gr. Þegar þrotabúið getur ráðstafað þeim. Skiptastjóra er rétt að taka frá fé til að mæta útgjöldum af þessum sökum en um meðferð þess skal farið eftir sömu reglum að því leyti sem það nýtist ekki til fulls.

158. gr.

Nú hefur eignum þrotabúsins verið komið í verð, kröfur þess innheimtar og ágreiningsmálum ráðið til lykta að öðru leyti en leiðir af 157. gr. og skal þá skiptastjóri gera frumvarp til úthlutunar úr búinu, en í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem tilefni er til:

1. yfirlit yfir eignir búsins þannig að ráða megi hvað hafi verið til í reiðufé, fengist fyrir einstaka muni, innheimst af kröfum, unnist í arð eða vexti o.s.frv.,
2. yfirlit yfir kostnað af skiptunum og önnur útgjöld sem búíð hefur þurft að bera, en síðan hvað hefur verið greitt af kröfum eftir 1. mgr. 156. gr.,
3. yfirlit yfir eignir sem koma ekki enn til skipta og fé sem er tekið frá um sinn, sbr. 157. gr.,
4. hversu mikið greiðist hverjum lánardrottni sem hefur ekki þegar fengið fulla greiðslu og hversu mikið hver þeirra kann áður að hafa fengið upp í kröfu sína skv. 2. mgr. 156. gr.

Skiptastjóri má ákveða í frumvarpinu að við úthlutun verði ekki tekið tillit til krafna sem mjög lítið mundi fást greitt af, en kröfur sem þannig er farið með skulu þá taldar þar upp.

159. gr.

Þegar frumvarp hefur verið gert til úthlutunar skal skiptastjóri boða til skiptafundar til að fjalla um það með auglýsingu sem hann fær birta í Lögbirtingablaði með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í auglýsingunni skal koma fram í hverju skyni fundurinn verði haldinn, að frumvarpið verði til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta á starfsstofu skiptastjórans síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn og að vænta megi að frumvarpið verði lagt óbreytt til grundvallar sem úthlutunargerð ef engin andmæli koma fram gegn því.

Um rétt til að fá aðgang að frumvarpi til úthlutunar eða eintak af því skal beitt ákvæðum 3. mgr. 119. gr.

160. gr.

Á skiptafundi sem er boðað til skv. 1. mgr. 159. gr. skal skiptastjóri leggja fram frumvarp til úthlutunar og veita þær upplýsingar sem fundarmenn æskja, en um rétt til fundarsóknar skal farið eftir ákvæðum 125. gr. Skiptastjóri skal verða eftir föngum við óskum fundarmanna um aðgang að gögnum um reikningshald búsins sem hann hefur undir höndum.

Ef þeir sem hafa gert kröfur á hendur þrotabúinu hafa ekki uppi mótmæli gegn frumvarpi til úthlutunar á skiptafundinum skal það talið endanlega samþykkt af þeirra hendi, hvort sem þeir hafa sótt fundinn eða ekki. Skiptastjóri skal þá rita á frumvarpið að það hafi verið samþykkt sem úthlutunargerð úr búinu og gjaldþrotaskiptunum sé þar með lokið.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpinu á skiptafundinum og þau varða atriði sem hlutaðeigandi hefur ekki þegar glatað rétti til að mótmæla skv. 3. mgr. 120. gr. eða 2. mgr. 128. gr. skal skiptastjóri krefja þann sem hefur mótmælin uppi svára um hverjar breytingar hann telji eiga gera á frumvarpinu.

Ef aðeins er krafist breytinga sem skiptastjóri telur efni til að fallast á getur hann breytt frumvarpinu samkvæmt því og lokið skiptum, ef eingöngu eru leiðréttar augljósar eða óverulegar skekkjur eða fundurinn er sóttur af hálfu allra sem breytingin varðar og þeir

samþykkja hana. Verði það ekki gert skal skiptastjóri boða til nýs fundar eftir 1. mgr. 159. gr. um frumvarpið svo breytt.

Verði mótmælum ekki sinnt með þeim hætti sem segir í 4. mgr. skal skiptastjóri kveðja þá sem mótmælin varða til fundar, séu þeir ekki staddir á skiptafundinum, og leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir 171. gr. Þegar ágreiningurinn hefur verið leiddur til lykta skal skiptastjóri gera nýtt frumvarp til úthlutunar og boða til fundar um það, nema forsendur fyrra frumvarpsins standi óhaggaðar og það telst þannig endanlega samþykkt.

161. gr.

Þegar gjaldþrotaskiptum er lokið skv. 160. gr. skal skiptastjóri tafarlaust senda þeim greiðslur sem eiga rétt til þeirra eftir úthlutunargerð.

Verði greiðslu ekki komið til skila skv. 1. mgr., svo sem vegna þess að lánardrottinn hefur ekki veitt skiptastjóra upplýsingar um hvar til hans verði náð, skal skiptastjóri varðveita greiðsluna handa hlutadeiganda á sérstökum reikningi við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Gefi sá sem á rétt til greiðslunnar sig ekki fram við skiptastjóra innan árs frá því auglýsing birtist um skiptalok skv. 2. mgr. 162. gr. skal skiptastjóri greiða féð í ríkissjóð.

Ef lánardrottinn afsalar sér rétti til greiðslu eða skilar henni eftir að gjaldþrotaskiptum er lokið skal skiptastjóri ráðstafa henni eftir 164. gr.

162. gr.

Þegar gjaldþrotaskiptum er lokið skal skiptastjóri tilkynna það héraðsdómara skriflega. Þeirri tilkynningu skal fylgja endurrit fundargerðar af skiptafundi þar sem skiptum var lokið nema það hafi verið gert utan funda, sbr. 154. gr. Eftir því sem við á skal enn fremur fylgja yfirlit skiptastjóra skv. 3. mgr. 154. gr. eða 2. mgr. 155. gr. eða úthlutunargerð úr búinu.

Skiptastjóri skal tafarlaust eftir skiptalok fá birta auglýsingu um þau í Lögbirtingablaði. Í auglýsingunni skal getið nafns og kennitölu þrotamannsins, hvenær búið var tekið til gjaldþrotaskipta og skiptum lauk, hvað greiddist upp í kröfur í einstökum flokkum og hvernar fjárhæðar þær kröfur hafi verið sem fengust að engu greiddar. Hafi gjaldþrotaskiptum lokið með nauðasamningi skal getið hvers efnis hann sé í meginatriðum.

163. gr.

Hafi skiptastjóri lokið skiptum en tekið frá fé til að mæta skilyrtri eða umdeildri kröfu skal féð lagt á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Skiptastjóri varðveitir skilríki fyrir slíkum reikningi.

Þegar komið er í ljós um skilyrði fyrir kröfu eða ágreiningur um hana er leiddur endanlega til lykta skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný og greiða kröfuna hafi málalok orðið á þann veg. Ef féð sem var tekið frá nýtist með öllu til þeirra þarfa skal skiptastjóri tilkynna og auglýsa skiptalokin skv. 162. gr., en standi eitthvað eftir af því skal því ráðstafað eftir 164. gr.

164. gr.

Hafi skiptum verið lokið án tillits til eignar sem búið gat þá ekki ráðið yfir skal skiptastjóri tafarlaust og ótilkvaddur taka skiptin upp á ný ef eignin stendur búinu til ráðstöfunar. Þegar henni hefur eftir atvikum verið komið í verð skal skiptastjóri gera frumvarp til viðbótarúthlutunar og fara annars svo að sem segir í 158.–162. gr. Skiptastjóri má þó fresta viðbótarúthlutun ef fyrirsjáanlegt er að frekari eignir komi til ráðstöfunar og hentugra þykir að úthluta andvirði þeirra allra í senn. Ef sú fjárhæð, sem kæmi til viðbótarúthlutunar, er óveruleg og ekki er að vænta frekari eigna til ráðstöfunar má skiptastjóri ljúka skiptum á ný með greiðslu hennar í ríkissjóð, en þau málalok skulu tilkynnt og auglýst eftir 162. gr.

Komi fram eign eftir lok gjaldþrotaskipta sem hefði átt að falla til þrotabúsins skal farið eftir fyrirætlum 1. mgr.

Eftir því sem nauðsyn krefur skal halda skiptafundi eða grípa til annarra aðgerða eftir fyrri köflum þessa þáttar við endurupptöku skv. 1. og 2. mgr.

165. gr.

Gjaldþrotaskipti verða ekki endurupptekin að öðru leyti en heimilað er í 163. og 164. gr.

Protamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.

5. ÞÁTTUR

Meðferð ágreiningsmála fyrir dómstólum.

XXIII. KAFLI

Hver ágreiningsefni verða lögð fyrir héraðsdóm og hvernig það verður gert.

166. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um beiðni skuldara um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar, sbr. 16. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Skuldarinn skal vera sóknaraðili málsins en sá sem hefur uppi mótmæli gegn beiðni hans verður varnaraðili. Ef mótmæli koma fram gegn beiðni skuldarans af hendi fleiri en eins skal leyst úr ágreiningu um hana í einu máli þótt mótmælin séu ekki byggð á sama grunni, en þeir sem hafa þau uppi skulu þá báðir eða allir taldir varnaraðilar málsins.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu lánardrottins um að heimild skuldara til greiðslustöðvunar verði felld niður, sbr. 4. mgr. 26. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Sá sem hefur uppi kröfu um að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður verður sóknaraðili máls en skuldarinn verður varnaraðili.

Í máli sem rís skv. 1. eða 2. mgr. skal héraðsdómari gefa aðilum þess kost á að leggja fram gögn sem þeir hafa þegar undir höndum við þingfestingu og tjá sig stuttlega um málið áður en það verður tekið til úrskurðar. Ef annar aðilinn eða þeir báðir eða allir óska eftir því skal héraðsdómari þó fresta málinu til aðalflutnings þar sem aðilum gefst báðum eða öllum í senn kostur á að leggja fram skriflegar greinargerðir og sönnunargögn, en slíkur frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár sólarhringar. Að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum XXIV. kafla.

167. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu um að heimild skuldara til að leita nauðasamnings verði felld niður, sbr. 4. mgr. 42. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Sá sem krefst að heimildin verði felld niður skal vera sóknaraðili málsins en skuldarinn verður varnaraðili.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings, sbr. 3. mgr. 56. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Skuldarinn skal vera sóknaraðili málsins en sá sem mótmælir kröfu hans verður varnaraðili. Ef mótmæli koma fram gegn kröfu skuldarans af hendi fleiri en eins skal leyst úr ágreiningu um hana í einu máli þótt mótmælin séu ekki byggð á sama grunni, en þeir sem hafa þau uppi skulu þá báðir eða allir taldir varnaraðilar málsins.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. eða 2. mgr. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en þó má veita fresti í máli skv. 2. mgr. í allt að tvær vikur.

168. gr.

Ef mótmæli koma fram á dómþingi af hálfu skuldara við kröfu lánardrottins um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 4. mgr. 70. gr. skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Hlutadeigandi lánardrottinn skal vera sóknaraðili máls en skuldarinn verður varnaraðili.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. mgr. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en þó má veita fresti í slíku máli í allt að tvær vikur.

169. gr.

Sá sem krefst úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóra verði vikið úr starfi skv. 3. mgr. 76. gr. skal beina skriflegri kröfu sinni um það til héraðsdóms þar sem skiptastjórinn var skipaður til starfans. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. nafn þess sem hefur kröfuna uppi, kennitala hans og heimilisfang, ásamt skýringu á því hvernig hann telji sig eiga aðild að slíkri kröfu,
2. hver sá skiptastjóri sé sem krafist er að verði vikið úr starfi og til hverra starfa hann hafi verið skipaður,
3. röksemdir fyrir kröfunni ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.

Pau gögn skulu fylgja kröfunni sem hún er studd við.

Héraðsdómari fer með kröfu skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XXIV. kafla. Sá sem krefst frávikningar skiptastjórans skal vera sóknaraðili máls en skiptastjórinn varnaraðili.

170. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu skiptastjóra skv. 3. mgr. 82. gr. eða 1. mgr. 83. gr. skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Hlutadeigandi þrotabú skal vera sóknaraðili máls en sá sem krafan beinist að verður varnaraðili.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en því verður þó ekki frestað til málflutnings nema eftir sameiginlegri ósk aðilanna.

171. gr.

Ef ágreiningur rís um atriði við gjaldþrotaskipti sem mælt er fyrir í lögum þessum að skiptastjóri skuli beina til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telur þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem koma upp við gjaldþrotaskipti, skal hann beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls þar sem hann var skipaður til starfa. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. hver þau gjaldþrotaskipti séu þar sem ágreiningur hefur risið,
2. nöfn þeirra, sem eiga aðild að ágreiningnum, kennitölur þeirra og heimilisföng,
3. um hvað ágreiningur standi og hverjar kröfur hafi komið fram í því sambandi,
4. hvort skiptastjóri telji hlutadeigandi þrotabú þurfa að eiga aðild að máli um ágreininginn.

Pau gögn skulu fylgja kröfunni sem varða ágreiningsefnið.

Héraðsdómari fer með ágreiningsmál skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XXIV. kafla. Ef ágreiningsefni málsins varðar hvort krafa á hendur þrotabúi verði viðurkennd skal sá sem hefur kröfuna uppi að öðru jöfnu verða sóknaraðili málsins en búið eða sá sem andmælir kröfunni varnaraðili. Ef ágreiningsefni málsins er annað skal héraðsdómari ákveða eftir eðli þess hvernig aðild verði háttáð.

172. gr.

Nú telur þrotabú til réttinda á hendur öðrum, sem mætti sækja í einkamáli í héraði eftir almennum reglum, og getur þá skiptastjóri leitað úrlausnar héraðsdómara um réttindin eftir ákvæðum XXIV. kafla ef sá eða þeir sem kröfur beinast að lýsa sig samþykka því. Skal skiptastjóri þá senda þeim héraðsdómstól, þar sem hann var skipaður til starfa, stefnu og önnur sóknargögn sem eru gerð úr garði eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði, að öðru leyti en því að í stefnu skal ekki geta þess dómþings þar sem málið verður þingfest. Með gögnum þessum skal fylgja skrifleg beiðni um þessa málsmeðferð þar sem rökstutt er eftir þörfum að skilyrðum sé fullnægt fyrir henni.

Þegar héraðsdómara berst beiðni ásamt sóknargögnum skv. 1. mgr. skal hann kanna hvort skilyrðum sé fullnægt til að verða við henni. Telji hann það ekki getur hann neitað að fara með málið með skriflegri ákvörðun, en vilji skiptastjóri ekki una henni getur hann krafist úrskurðar héraðsdómara um neitunina. Ella fer héraðsdómari með málið eftir ákvæðum XXIV. kafla, en ekki er hann bundinn af þeirri afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins.

173. gr.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla verður ekki leyst úr um skyldur þriðja manns í málum sem fara eftir ákvæðum XXIV. kafla, nema um sé að ræða:

1. skyldu til greiðslu málskostnaðar eða réttarfarssektar vegna máls sem er rekið eftir XXIV. kafla,
2. skyldu til greiðslu gagnkröfu hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðrar dómsúrlausnar, ef hlutaðeigandi hefur sjálfur lýst kröfu um réttindi sín við gjaldþrotaskipti, ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir ákvæðum XXIV. kafla, skilyrði væru til að höfða gagnsök um gagnkröfuna eða hafa hana uppi til skuldajafnaðar í einkamáli um kröfu hans og hann hefur sótt þing þegar gagnkrafan kom fram fyrir dómi,
3. skyldu til greiðslu kostnaðar varðandi muni sem hlutaðeigandi hefur krafist að fá afhenta við gjaldþrotaskipti ef ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir XXIV. kafla, en aðeins verður þá kveðið á um slíka skyldu sem skilyrði fyrir afhendingu.

XXIV. KAFLI

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

174. gr.

Þegar ágreiningsmál hefur borist héraðsdómara til úrlausnar með þeim hætti sem segir í 169., 171. eða 172. gr. og hann hefur eftir atvikum staðreynt að skilyrði séu til að fara með það eftir ákvæðum þessa kafla ákveður hann stað og stund til þinghalds, þar sem málið verður þingfest, og sendir öllum aðilum málsins tilkynningu um það, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hver hafi krafist úrlausnar hans,
2. hverjir séu aðilar að málinu til sóknar og varnar ásamt kennitölum þeirra og heimilisföngum,
3. hvert ágreiningsefnið sé sem krafist er úrlausnar um og hverjar kröfur sóknaraðili málsins hafi gert, að því leyti sem þegar er kunnugt um þær,
4. hvar og hvenær málið verði þingfest,
5. hverjar afleiðingar það hafi ef aðilar til sóknar og varnar sækja ekki þing.

Með tilkynningunni skal fylgja samrit þess skjals sem var beint til héraðsdómara samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla í því skyni að leita úrlausnar hans. Sé um mál að ræða skv. 172. gr. skal samrit stefnu einnig fylgja tilkynningunni. Héraðsdómara er þó heimilt þess í stað að taka upp í tilkynningu sína texta þess eða þeirra skjala sem hefðu ella fylgt henni.

175. gr.

Tilkynning skv. 174. gr. skal birt málsaðila eða þeim sem væri hæfur til að taka við birtingu stefnu fyrir hans hönd með þeim fyrirvara sem héraðsdómari hefur metið hæfilegan. Birting skv. 1. mgr. skal fara fram með sama hætti og stefna verður birt í einkamáli.

176. gr.

Mál samkvæmt þessum kafla telst höfðað við þingfestingu þess, en þá leggur héraðsdómari fram þau gögn um málið sem honum hafa borist og hann telur hafa þýðingu fyrir úrlausn þess, ásamt tilkynningum skv. 174. gr. með gögnum um birtingu þeirra.

Ef sóknaraðili mætir ekki við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal málið fellt niður, en héraðsdómari má þá úrskurða varnaraðila ómaksþóknun ef hann sækir þing og krefst hennar. Hafi gagnkröfur verið hafðar uppi í málinu skv. 4. mgr. 177. gr. skal þó aðeins fella niður aðalsök en leyst skal þá úr gagnkröfunum á hendur sóknaraðila eftir reglu 3. mgr.

Ef varnaraðili sækir ekki þing við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal farið með málið eftir almennum reglum um útivist stefnda í einkamáli, en sóknaraðila skal þá gefinn kostur á að leggja fram greinargerð og frekari gögn samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 177. gr.

177. gr.

Ef sótt er þing af hálfu beggja eða allra aðila við þingfestingu og ekki verður sátt í málinu skal héraðsdómari gefa sóknaraðila kost á að skila greinargerð þar sem jafnframt komi fram til fullnaðar hverjar kröfur hann hafi uppi og á hverju þær séu byggðar, ásamt frekari gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Heimilt er þó að veita sóknaraðila skamman frest í þessu skyni ef ekki er um mál að ræða sem 172. gr. tekur til, þar sem stefna og sóknargögn hafa þegar komið fram.

Að framkomnum gögnum sóknaraðila skv. 1. mgr. skal varnaraðila gefinn kostur á skömnum fresti til að leggja fram greinargerð af sinni hendi, þar sem fram komi kröfur hans um formhlið og efnishlið máls, ásamt gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við.

Komi fram krafa af hendi varnaraðila um frávísun málsins skal farið með hana eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Ef sótt er þing af hálfu sóknaraðila getur varnaraðili haft uppi sjálfstæðar kröfur af sinni hendi um úrlausn sakarefnisins í greinargerð og skal þá farið með þær sem gagnkröfur í málinu. Gagnkröfu verður þó því aðeins komið að í máli að skilyrði væru til að hafa hana uppi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla, sbr. þó 2. tölul. 173. gr. Sóknaraðila skal gefinn kostur á að skila stuttu skriflegu svari við gagnkröfum, en málið skal rekið í einu lagi um kröfur á báða vegu.

178. gr.

Héraðsdómari leysir úr málum samkvæmt lögum þessum með úrskurðum. Forsendur skulu fylgja ályktunarorði úrskurðar.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

XXV. KAFLI

Málskot til æðra dóms.

179. gr.

Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum.

Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða.

6. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.
XXVI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.
180. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

181. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Gjaldþrotalög, nr. 6 5. maí 1978.
2. Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.
3. 82.–87. gr. laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.
4. 8. mgr. 4. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóvember 1887.
5. 5. mgr. 21. gr. laga um verzlanskrár, firmu og prókúrurumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
6. 3. mgr. 106. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
7. 60. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.
8. Í 1. másl. 1. mgr. 53. gr. laga um tékka, nr. 94 19. júní 1933, orðin „fyrir skiptarétti“.
9. 2. másl. 3. mgr. 53. gr. og 3. másl. 3. mgr. 54. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
10. 2. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.
11. 8. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55 9. júní 1980.

182. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. víxillaga, nr. 93 19. júní 1933, falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Í 3. tölul. 2. mgr. 43. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Í 1. másl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings“, en í stað þeirra kemur: honum veitt heimild til að leita nauðasamnings. Síðar í sama ákvæði fellur niður orðið „nauðasamningstilraunirnar“, en í stað þess kemur: heimildina til að leita nauðasamnings.

Í 2. másl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti“, en í stað þeirra kemur: heimild til að leita nauðasamnings verður tekin til greina.

Í 1. másl. 1. mgr. 71. gr. sömu laga falla niður orðin „fyrir skiptarétti“.

2. Í 3. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, falla niður orðin „eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar“, en í stað þeirra kemur: meðan hann hefur heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings án undanfarandi gjaldþrotaskipta.

3. Í 1. másl. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga, nr. 20 8. mars 1954, falla niður orðin „boði hann til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: fái hann heimild til að leita nauðasamnings.
4. Í 9. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43 16. maí 1977, falla niður orðin „Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyirtæki gjaldþrota eða hætti störfum“, en í stað þeirra kemur: Hætti prentsmiðja eða fjölföldunarfyirtæki störfum. Í sama ákvæði falla síðan niður orðin „protabúinu eða“.
5. Í 15. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, falla niður orðin „tilkynna það skiptarétti, sem ákveður að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota“, en í stað þeirra kemur: krefjast fyrir héraðsdómi að félagi verði slitið.

Í 1. mgr. 113. gr. sömu laga falla niður orðin „samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Í 2. mgr. 113. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“.

Í 1. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 2. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 3. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

1. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 115. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

2. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum þess látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrir en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

3. og 4. mgr. 116. gr. sömu laga falla niður.

Í 3. mgr. 119. gr. sömu laga falla niður orðin „VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 3. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. másl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal auglýsa“, en í stað þeirra kemur: Skal þá auglýst.

Í 3. másl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotalaga“, en í stað þess kemur: laga um gjaldþrotaskipti o.fl..

2. mgr. 122. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

Í 2. mgr. 125. gr. sömu laga falla niður orðin „beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar“, en í stað þeirra kemur: löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

Í 141. gr. sömu laga falla niður orðin „svo og skiptarétti, þar sem útibúið á

varnarþing, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram“, en í stað þeirra kemur: og krefjast fyrir héraðsdómi á varnarþingi útibúsins að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta, nema gjaldþrotaskiptin á búi erlenda félagsins nái einnig til útibúsins.

2. másl. 1. mgr. 143. gr. sömu laga fellur niður.

6. Í lokamálslið 5. mgr. 7. gr. laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 50 1. júní 1984, falla niður orðin „sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins“, en í stað þeirra kemur: sömu stöðu í skuldaröð og kröfur á hendur vinnuveitanda um iðgjöld til lífeyrissjóðs.

7. Í 1. mgr. 46. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985, falla niður orðin: „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. másl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. másl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga falla niður orðin „Eru ákvæði 2. tölul. 13. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er.

Í 2. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 47. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú viðskiptabanka skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

8. Í 1. mgr. 62. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985, falla niður orðin „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 63. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: „ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

9. Í 2. másl. 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986, falla niður orðin „snúid sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á“, en í stað þeirra kemur: óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

10. Í 1. másl. 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „til meðferðar vegna nauðasamninga“.
- Í 2. másl. 3. mgr. 104. gr. sömu laga fellur niður orðið „greiðslustöðvun“, en í stað þess kemur: heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.
11. Í 1. gr. laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 88 19. júlí 1990, falla niður orðin „með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú“, en í stað þeirra kemur: dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar þess.
- Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979)“.
- Við d-lið 5. gr. sömu laga bætist við nýr másl. svohljóðandi: Með sama hætti má ráðherra heimila greiðslu þótt krafa einhvers þess sem hér um ræðir verði ekki viðurkennd forgangskrafa við skipti vegna þess að hlutaðeigandi sé talinn nákominn þrotamanni.
- Í 1. másl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „þrotabúi“, en í stað þess kemur: búi.
- Í 2. másl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotaskipti“, en í stað þess kemur: skipti.
- Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga falla niður orðin „Sá sem fer með skipti á þrotabúi“, en í stað þeirra kemur: Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi.
- Í 1. másl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: skiptastjóri.
- Í 2. másl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.
1. mgr. 9. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleyfis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta, og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeim málalokum.
- Í 3. mgr. 9. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans för“, en í stað þeirra kemur: sýslumanns, sem skiptin áttu undir.
- Í 1. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra. Sama breyting verður á 3. másl. sama ákvæðis.
- Í 2. másl. 2. mgr. 11. gr. sömu laga falla niður orðin „skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936“, en í stað þeirra kemur: almennum skilyrðum.
- Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.
- Í 2. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

XXVII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

183. gr.

Beiðnir um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og kröfur um gjaldþrotaskipti sem hafa borist skiptaráðendum, en úrskurðir ekki gengið um fyrir gildistöku laga þessara skulu upp frá því sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómstólum sem þeim yrði beint til eftir fyrir mælum 8. gr. Skal leyst úr slíkum beiðnum og kröfum eftir ákvæðum þessara laga, sbr. þó 1. mgr. 186. gr.

184. gr.

Hafi heimild verið veitt til greiðslustöðvunar fyrir gildistöku laga þessara og greiðslustöðvunartíminn er þá ekki á enda stendur heimildin óhöggð, en um þýðingu hennar og aðgerðir í tengslum við hana fer upp frá því eftir fyrirmælum laga þessara.

Ákvæðum 24.–26. gr. verður beitt þótt heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt fyrir gildistöku laga þessara.

Ef skuldari hefur heimild til greiðslustöðvunar við gildistöku laga þessara og æskir áframhaldandi heimildar til hennar eftir þann tíma skal hann beina beiðni um hana til þess héraðsdómstóls sem hún ætti undir skv. 8. gr. Um aðdraganda að því að slík beiðni verði sett fram, efni og meðferð hennar og skilyrði fyrir að verða við henni fer þá eftir fyrirmælum laga þessara, að öðru leyti en því að héraðsdómari ákveður þinghald til að taka beiðnina fyrir fyrsta sinni þegar hún berst honum og aðstoðarmaður skuldarans má áfram gegna starfi sínu þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 3. mgr. 10. gr.

Úrskurði sem hefur verið kveðinn upp um heimild til greiðslustöðvunar fyrir gildistöku laga þessara verður ekki skotið til æðra dóms eftir þann tíma nema það væri heimilt eftir þessum lögum. Hafi kæra átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara fer um meðferð málsins og úrlausn þess eftir eldri lögum.

185. gr.

Ef úrskurður hefur gengið um tilraun til nauðasamnings fyrir skuldara án undanfarandi gjaldþrotaskipta og málefningu hefur ekki verið lokið við gildistöku laga þessara fer um atkvæðisrétt, skilyrði og áhrif samningsins eftir fyrirmælum eldri laga. Standi slík tilraun yfir og fyrirsjáanlegt er að úrskurður gangi ekki um hvort nauðasamningur verði staðfestur fyrir gildistöku laga þessara skal skiptaráðandi ekki síðar en 30. júní 1992 krefja skuldarann um tryggingu skv. 4. tölul. 1. mgr. 35. gr. Verði hún ekki sett fellur nauðasamningstilraunin sjálfkrafa niður við gildistöku laga þessara, en ella skal skiptaráðandi skipa mann til að gegna starfi umsjónarmanns við áframhaldandi nauðasamningsumleitunir, sbr. 2. mgr. 39. gr. Tekur þá skipun umsjónarmannsins gildi um leið og lög þessi, en upp frá því fer um frekari meðferð málfeninsins, réttarstöðu umsjónarmannsins og skuldarans, önnur réttaráhrif samningsumleitana og niðurfellingu heimildar til þeirra eftir því sem segir í lögum þessum.

Um innköllun sem hefur verið gefin út fyrir gildistöku laga þessara vegna tilraunar til nauðasamnings og meðferð lýstra krafna fer eftir ákvæðum 188. gr.

Að því leyti sem þarf að leita atbeina héraðsdómara vegna nauðasamningsumleitana sem hófust fyrir gildistöku laga þessara skal málefningu beint til þess dómstóls sem það heyrir undir eftir 8. gr.

Úrskurði sem hefur verið kveðinn upp fyrir gildistöku laga þessara um heimild til nauðasamningstilraunar, niðurfellingu hennar eða staðfestingu nauðasamnings verður ekki skotið til æðra dóms eftir þann tíma nema það væri heimilt eftir þessum lögum. Hafi kæra átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara fer um meðferð og úrlausn málsins eftir eldri lögum.

Höfða má mál til ógildingar á nauðasamningi skv. 62. gr. þótt hann hafi verið gerður fyrir gildistöku laga þessara.

186. gr.

Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti verður ekki tekin til greina á grundvelli 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. nema heimild skuldara til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi lokið eða fallið niður eftir gildistöku laga þessara.

Ef úrskurður hefur ekki gengið við gildistöku laga þessara um kröfu um gjaldþrotaskipti sem kom fram fyrir þann tíma skal héraðsdómari krefja þann sem hefur kröfuna uppi um tryggingu fyrir skiptakostnaði skv. 2. mgr. 67. gr. áður en hún verður tekin fyrir á dómþingi. Verði trygging ekki sett skal farið eftir því sem segir í nefndu ákvæði.

187. gr.

Nú hefur bú verið tekið til gjaldþrotaskipta fyrir gildistöku laga þessara en skiptum á því er ekki lokið þá, ráðinn var bústjóri til bráðabirgða eða skiptastjóri kjörinn að hætti eldri laga, og skal þá bústjörinn eða skiptastjörinn sjálfkrafa teljast skipaður til starfa skiptastjóra eftir lögum þessum. Á það einnig við þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 6. tölul. 2. mgr. 75. gr.

Nú er þrotabú til skipta 1. júní 1992, sem skiptaráðandi fer sjálfur með, ekki þykir víst að skiptunum verði lokið áður en lög þessi taka gildi en þrotabúið á eignir sem nægja fyrir kostnaði af skiptum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Ef þá þegar hefur verið boðað til skiptafundar sem verður haldinn fyrir 1. júlí 1992 skal skiptastjóri kjörinn á þeim fundi, en ella skal skiptaráðandi ráða bústjóra til bráðabirgða fyrir þann tíma hvort sem kröfulýsingarfresti er lokið eða ekki. Ákvæði 1. mgr. taka þá til skiptastjóra sem þannig er kjörinn og bústjóra sem þannig er ráðinn.

Nú er þrotabú til skipta þann 1. júní 1992, sem skiptaráðandi fer sjálfur með, ekki þykir víst að skiptunum verði lokið áður en lög þessi taka gildi og ekki sýnt að þrotabúið eigi eignir sem nægja fyrir kostnaði af skiptum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hafi trygging ekki verið sett fyrir skiptakostnaði að hætti eldri laga sem verður talin nægja eftir fyrir mælum þessara laga skal skiptaráðandi, hvort sem kröfulýsingarfresti er lokið eða ekki, krefja þann sem krafðist gjaldþrotaskiptanna um tryggingu fyrir kostnaði af áframhaldandi skiptum, en fáist hann ekki til að setja tryggingu innan skamms frests skal skiptaráðandi halda skiptafund til að gefa öðrum lánardrottnum kost á því. Fáist engin trygging sett skal skiptum lokið eftir 120. gr. eldri laga ekki síðar en 30. júní 1992, hvort sem kröfulýsingarfresti er þá lokið eða ekki, en fé búsins sem skiptaráðandi kann að hafa í vörslum sínum skal þá greitt í ríkissjóð. Ef trygging er sett skal farið svo að sem segir í 2. mgr.

Ef þrotabú kemur til gjaldþrotaskipta eftir 1. júní 1992 en fyrir gildistöku laga þessara skal ákvæðum 2. og 3. mgr. beitt.

Ákvæði laga þessara um störf og stöðu skiptastjóra gilda um þá sem teljast skipaðir til starfa eftir þessari grein að öðru leyti en því að skylda til að gera yfirlit eftir 2. mgr. 78. gr. kemur ekki til framkvæmdar fyrr en í árslok 1992. Ef kröfuhafanafnd hefur verið kjörin að hætti eldri laga lýkur störfum hennar við gildistöku laga þessara.

188. gr.

Hafi kröfulýsingarfresti í þrotabú verið lokið fyrir gildistöku laga þessara en afstaða ekki verið tekin til viðurkenningar lýstra krafna skal farið eftir ákvæðum þessara laga í þeim efnum.

Hafi innköllun við gjaldþrotaskipti verið birt fyrir 1. júlí 1992 en kröfulýsingarfresti lýkur eftir þann dag telst kröfulýsing réttilega komin fram hvort sem hún berst skiptastjóra eða þeim skiptaráðanda sem gaf hana út innan kröfulýsingarfrests. Fer þá eftir ákvæðum þessara laga um meðferð lýstra krafna og heimildir til að koma fram kröfu eftir lok kröfulýsingarfrests.

Hafi innköllun verið gefin út en ekki verið birt í fyrsta sinn fyrir 1. júlí 1992 skal hún metin ógild.

189. gr.

Frestdagur við gjaldþrotaskipti getur því aðeins ráðist af ákvæðum 2.–4. mgr. 2. gr. að þeir atburðir sem þar greinir hafi átt sér stað eftir gildistöku laga þessara.

Ef úrskurður hefur gengið um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta fyrir 1. júlí 1992 skal beitt ákvæðum eldri laga um þau atriði sem reglur XVI. og XVII. kafla og 129. gr. laga þessara taka til.

Þótt úrskurður gangi um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta eftir 1. júlí 1992 njóta kröfur sem hafa orðið til eftir frestdag ekki stöðu í skuldaröð skv. 4. tölul. 110. gr. nema heimild þrotamannsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga hafi verið veitt eftir gildistöku laga þessara.

190. gr.

Um heimild til riftunar ráðstafana og fullnustugerða sem áttu sér stað fyrir 1. júlí 1992 fer eftir eldri lögum án tillits til þess hvenær úrskurður gengur um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta.

191. gr.

Ef dómsmál hefur verið þingfest í skiptarétti fyrir gildistöku laga þessara um ágreining í tengslum við nauðasamningstílaun eða gjaldþrotaskipti en úrskurður ekki gengið í því fyrir 1. júlí 1992 skal málinu sjálfkrafa fram haldið fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi þann dag. Ákvæðum XXIII. og XXIV. kafla skal beitt upp frá því um meðferð málsins, en það sem þegar hefur verið gert í því skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í skiptarétti fyrir 1. júlí 1992 sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili að málinu vill skjóta honum til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara skal það gert með kærui, enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Telst kærufrestur eftir lögum þessum þá byrja að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði skiptaréttar þegar verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir reglum um meðferð áfrýjunarmála.

Hafi ákvörðun eða athöfn skiptaráðanda, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar fyrir þann tíma skal málinu lokið þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt héraðsdómari hafi ekki með höndum vald til slíkrar ákvörðunar eða athafnar eftir reglum þessara laga. Slíkar ákvarðanir og athafnir verða einnig kærðar eftir gildistöku laga þessara ef kærufrestur er ekki liðinn þá.

Skiptagerð við gjaldþrotaskipti sem var lokið fyrir 1. júlí 1992 verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara þótt áfrýjunarfrestur hafi ekki verið liðinn þá. Hafi skiptagerð verið áfrýjað fyrir þann tíma skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum eldri laga.

192. gr.

Ef ágreiningur hefur risið við nauðasamningstílaun eða gjaldþrotaskipti fyrir gildistöku laga þessara en mál hefur ekki verið þingfest í skiptarétti til að leiða ágreininginn til lykta, má leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir ákvæðum laga þessara.

Leysa má úr kröfum í dómsmálum skv. 173. gr. þótt gjaldþrotaskipti hafi byrjað fyrir gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um samvinnufélög.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Starfssvið samvinnufélaga.

1. gr.

Lög þessi gilda um félög er stofnuð eru á samvinnugrundvelli með því markmiði að efla hag félagsmanna eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félagsstarfinu. Í samvinnufélögum er félagatala óbundin, stofnfé ekki fastákveðin fjárhæð, félagsmenn og aðrir félagsaðilar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins og skipulag og starfsemi félagsins er sem í lögum þessum segir.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna.

2. gr.

Starfssvið samvinnufélags getur verið svo sem hér segir:

1. Að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar þjónustu til eigin þarfa.
2. Að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri.
3. Að annast starfsemi er miðar á annan hátt að því að efla hag félagsmanna.

3. gr.

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum rétt og skylt að hafa í nafni sínu orðin kaupfélag (skammstafað kf.), samvinnufélag (skammstafað svf.), pöntunarfélag (skammstafað pf.) eða framleiðslusamvinnufélag (skammstafað fsf.).

Um heiti samvinnufélags fer að öðru leyti eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI

Stofnun samvinnufélags.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufélag og skulu þeir þá kveðja til stofnfundar á því starfssvæði eða starfssviði sem félaginu er ætlað að ná til. Stofnfund skal boða með opinberri auglýsingu og með þeim hætti að ætla megi að berist til allra þeirra sem hag geti haft af þátttöku í starfsemi félagsins.

Auk einstaklinga geta stofnendur samvinnufélags verið félög eða stofnanir, sem stunda atvinnurekstur, sé það boðað í auglýsingu um stofnfund félagsins.

Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá sem undirritar samþykktir og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð, svo sem sjálfur væri hann stofnandi, nema á greiðslu þess aðildargjalds sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

Á fundinum, sem um ræðir í 1. mgr., skal bera stofnun samvinnufélags upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 aðilar eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum og gerast félagsmenn setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi. Er þá félagið löglega stofnað, sbr. þó 6. og 9. gr. Ráðherra getur heimilað frávik frá lágmarksfjölda stofnenda samkvæmt þessari málsgrein.

5. gr.

Í samþykktum samvinnufélags skal m.a. fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins, heimilisfang og varnarþing.
2. Tilgang félagsins.
3. Starfssvæði eða starfssvið sem félaginu er aðallega ætlað að starfa á.
4. Fjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna og skoðunarmanna (endurskoðenda) svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.
5. Deildaskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og kosningu fulltrúa deilda á aðalfund.
6. Ráðningu framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra) og starfssvið hans.
7. Boðun til félagsfundar (deildarfundar) og hvenær aðalfund skuli halda ár hvert.
8. Fjárhæð aðildargjalds, sem breyta má til samræmis við almennar verðlagsbreytingar, gjalddaga þess og greiðsluform.
9. Almenn skilyrði um aðild að félaginu og um brottfall aðildar.
10. Aðild lögaðila að félaginu ef um það er að ræða.
11. Atkvæðavægi á félagsfundum.
12. Ráðstöfun eigna félagsins ef því er slitið án gjaldþrotaskipta.
13. Ákvæði um aðild starfsmanna að stjórn félagsins ef um slíka heimild er að ræða.
14. Ákvæði um rétt til setu á félagsfundum.
15. Ákvæði um B-deild stofnsjóðs félagsins, ef um það er að ræða, um sölu hluta og útgáfu samvinnuhlutabréfa og um arðgreiðslur.
16. Ákvæði um ráðstöfun tekjuafgangs, sbr. VIII. kafla.

6. gr.

Jafnskjótt og samvinnufélag er stofnað og því settar samþykktir skal kjósa því stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Stjórn félagsins heldur skrá yfir félagsaðila. Skal geyma skrána á skrifstofu félagsins og er hún öllum opin.

8. gr.

Rita skal fundargerð um það sem gerist á stofnfundi félagsins. Skal hún skráð í fundargerðabók þess og undirrituð af öllum stofnendum.

III. KAFLI

Skráning samvinnufélags.

9. gr.

Samvinnufélag skal skrásett samkvæmt lögum þessum og getur það þá fyrst öðlast réttindi á hendur öðrum aðilum með samningi og aðrir á hendur því. Óskrásett samvinnufélag getur ekki verið aðili að dómsmálum.

Ef löggerningur er gerður fyrir hönd óskrásetts félags bera þeir, sem átt hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann, óskipta persónulega ábyrgð á efnudum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða sem félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

10. gr.

Ráðherra annast skráningu samvinnufélaga og heldur sérstaka skrá yfir samvinnufélög í landinu. Setur ráðherra nánari reglur um skipulag samvinnufélagaskrár og innheimtir skráningargjöld samkvæmt reglum um gjöld til ríkissjóðs.

Aðgangur að samvinnufélagaskrá er öllum heimill.

11. gr.

Innan mánaðar frá því að félag er stofnað skal stjórn tilkynna það til skráningar. Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgang félagsins, starfssvæði eða starfssvið.
3. Dagsetningu félagssamþykktta.
4. Nöfn, stöðu, heimilisfang og kennitölu stjórnenda, varastjórnenda, skoðunarmanna, endurskoðanda og framkvæmdastjóra.
5. Hver hafi heimild til þess að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé háttáð.
6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi í félaginu.
7. Fjárhæð aðildargjalds, gjalddaga þess og greiðsluform.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í tveimur eintökum, svo og endurrit fundargerðar stofnfundar. Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félagsins.

12. gr.

Ef samþykktum samvinnufélags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á þegar tilkynntum atriðum skal tilkynna það til samvinnufélagaskrár innan mánaðar frá því að breyting er gerð.

13. gr.

Nú vantar í tilkynningu til samvinnufélagaskrár greinargerð eða einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti og skal samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra þá birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er og gefa honum hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

14. gr.

Samvinnufélagaskrá í umboði ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra setur nánari reglur um efni tilkynningar.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin að telja megí hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur félagsmanna.

15. gr.

Félagsaðild er heimil öllum þeim sem starfa vilja í félaginu og hlíta samþykktum þess. Gildir það einnig um lögaðila sé svo ákveðið í samþykktum félagsins.

Félagsaðild fellur brott þegar félagsaðili fullnægir ekki lengur ákvæðum félagssamþykktta um félagsaðild. Aðalfundur félagsins getur þó sett reglur um undanþágur frá þessu.

16. gr.

Sá sem vill gerast félagsaðili í samvinnufélagi skal snúa sér til stjórnar með beiðni um aðild, nema félagsfundur ákveði aðra tilhögun.

17. gr.

Félagsréttindi eru ekki framseljanleg og erfast ekki. Hlutdeild félagsaðila í óskiptum stofnsjóði eða A-deild stofnsjóðs samvinnufélags er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna hans.

18. gr.

Félagsaðilar bera ekki ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins umfram greiðslu aðildargjalds og með eignaraðild að sjóðum félagsins.

V. KAFLI

Félagsfundir.

19. gr.

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og félagssamþykktir ákveða.

Aðalfund skal halda ár hvert og eigi síðar en innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Auk þess getur félagsstjórn boðað aukafundi þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar ef félagsaðilar, sem fara með a.m.k. 10% atkvæða, eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórn eigi boðað fund innan 14 daga eftir að henni var það skylt samkvæmt lögum, samþykktum félagsins eða eftir að krafa um fund er löglega fram borin og geta félagsaðilar þá snúið sér til ráðherra með ósk um að boðað sé til fundarins.

Telji ráðherra slíka ósk lögmæta skal hann láta boða til fundar í félaginu. Setur þá umboðsmaður ráðherra fundinn og er félagsstjórn skylt að afhenda honum félagaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins. Ráðherra greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins, en félagið ber kostnaðinn endanlega.

20. gr.

Á fundum í samvinnufélagi, sem ekki er deildaskipt, hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt ef ekki er á annan veg skipað í samþykktum þess, sbr. 2. mgr. Í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar kjörnir á deildarfundum einir atkvæðisrétt og er hann jafn fyrir alla fulltrúa. Tala fulltrúa, sem hver deild kys á félagsfund, fer eftir samþykktum félagsins.

Heimilt er að ákveða í samþykktum félags, sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru eða þjónustu, að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundum í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári. Einnig er heimilt að veita lögaðilum, sem aðild eiga að félaginu, viðbótaratkvæði á félagsfundum í samræmi við nánari reglur í samþykktum félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef fulltrúar sem fara með a.m.k. þriðjung atkvæða í félaginu eða a.m.k. helmingur kjörinna fulltrúa í deildaskiptu félagi sækja fund. Framhaldsaðalfundur má boða ef ekki reynist unnt að ljúka venjulegum aðalfundarstörfum. Aukafundur er lögmætur ef réttilega er til hans boðað.

Nú er boðaður aðalfundur ekki lögmætur vegna ónógrar fundarsóknar og skal þá boðað til aðalfundar á ný innan þriggja vikna. Telst sá fundur lögmætur hvernig sem fundarsókn er háttað.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta. Tillaga telst fallin á jöfn-um atkvæðum, en við kosningar manna í stjórn eða nefndir ræður hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttáð. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.
2. Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.
4. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
5. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi.

Frá 1. janúar 1992 er erlendum hlutafélagsbönkum, sem eru skráðir erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskiptaráðherra.

6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.

7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2887 stig, og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa tölulíðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 5. gr. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.
8. Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:
 - a. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum.
 - b. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
 - c. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum sem heimili eiga erlendis leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið hér að framan. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins.
 9. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi við útgáfu uppbóðsafsals eða með samningum til lúknar veðskuldar og veðhafinn hefur eigi eignarhaldsrétt samkvæmt lögum nr. 19/1966 skal hann selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Sama gildir um erlendan veðhafa sem eignast á sama hátt eignarréttindi sem honum er óheimilt að eiga skv. 4. gr.

5. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem gjaldeyriseftirlitinu berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Seðlabanki Íslands skal fyrir hluta hvers árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan ásamt upplýsingum um heildarfjárfestingu erlendra aðila eftir atvinnugreinum.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila.

6. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

7. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttækinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

8. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

10. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og umsagnaraðili um einstök mál. Nefndin skal skipuð fimm mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingskjörnu nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur nefndin að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða sé á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu enda kunngjöri hann þá slíka ákvörðun innan átta vikna frá því að Seðlabanki Íslands, gjaldeyriseftirliti, berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 5. gr.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Takmarkanir þær, sem lög þessi setja fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, skulu ekki ná til fjárfestingar erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt heimildum í eldri lögum. Tilkynna ber slíka fjárfestingu til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlits, sbr. 5. gr., innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

27. mars 1991

LÖG

Nr. 35

um listamannalaun.**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:

- a. Launasjóði rithöfunda,
- b. Launasjóði myndlistarmanna,
- c. Tónskáldasjóði,
- d. Listasjóði.

Þrír hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir en Listsjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla ef stofnaður yrði, og loks einum án tilnefningar. Stjórn sjóðsins skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

4. gr.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þeir sem taka starfslaun hverju sinni skulu vera á launaskrá hjá stjórn listamannalauna og greiðast laun til þeirra mánaðarlega. Þeir skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótfamlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín. Fella má niður starfslaun sem veitt hafa verið til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

5. gr.

Samanlögð starfslaun miðast við 900 mánaðarlaun, eða 75 árslaun, og síðan bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

6. gr.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 360 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðiritra. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 16 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

8. gr.

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 60 mánaðarlauna og bætast við átta mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

9. gr.

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 12 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Að minnsta kosti helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistamönnum.

10. gr.

Starfslaun skulu veitt til hálfis eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

11. gr.

Stjórn listamannalauna skal vinna markvisst að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 29 29. apríl 1967, um listamannalaun.

Lög nr. 29 20. maí 1975, um Launasjóð rithöfunda.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991 nema fjárhagsákvæði þeirra sem taka gildi 1. janúar 1992. Lög in skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

2. apríl 1991

Nr. 36

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðist svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á byggingarvísitölu frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári.

2. gr.

4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 86.000 kr. hjá einstaklingi og 172.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjár aukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári, þegar hann var dreginn frá tekjum, til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. másl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyþra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. másl. eiga við um mismuninn.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulíð, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

3. gr.

Í stað hundraðshlutans „15%“ í 2. máslíð 1. mgr. 54. gr. laganna komi: 10%.

4. gr.

Í stað hundraðshlutans „50%“ í 72. gr. laganna komi: 45%.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. hennar og breytist röð annarra málsgreina sem af þessu leiðir:

Allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfa-markaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, ókeypiss og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 106. gr. laganna:

- a. Í stað 1. másl. 1. mgr. komi þrjár nýir másl. er orðist svo: Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann áætla. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.
- b. Í stað „1%“ og „15%“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 0.5% og 10%.

7. gr.

Við lögin bætast við tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

- a. Við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 má fyrning samkvæmt ákvæði 2. másl. 1. mgr. 44. gr. nema allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.
- b. Við sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal skattaðila, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr., heimilt að telja sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. sömu greinar.

Skattaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfé samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. másl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 2. gr. um fjárhæð frádráttar komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991.

Ákvæði 1. gr. um breytta aðferð til útreiknings á verðbreytingarstuðli skulu koma til framkvæmda frá og með útreikningi þess verðbreytingarstuðuls sem reiknaður skal fyrir árið 1991. Um þá stuðla, sem fyrir þann tíma giltu, eiga við eldri útreikningsaðferðir.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

27. mars 1991

Nr. 37

LÖG

um mannanöfn.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

3. gr.

Mannanafnanefnd skv. 17. gr. skal til viðmiðunar við nafngjafir semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

4. gr.

Barn getur öðlast nafn við skírni í þjóðkirkjunni eða í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

Skilyrt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

5. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírni sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess skýra þeim, um leið og skírni er óskað, frá nafni því eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírni heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd.

Hafi barn verið skírt skemmri skírni má, þegar skírni er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á mannanafnaskrá, skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

6. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 5. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan tveggja vikna frá því mál barst nefndinni. Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.

7. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn við skírni eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er forsjármönnum þess heimilt að gefa því annað eiginnafn til viðbótar áður gefnu nafni. Þetta skal gert með tilkynningu til Þjóðskrár eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírni eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmálaráðuneyti heimilt að leyfa að eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, þar með talið að taka annað eiginnafn til viðbótar því sem hann ber, ef telja verður að gildar ástæður mæli með því. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess samkvæmt þessari eða 2. mgr. og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf áður en ákvörðun er tekin um nafnbreytingu. Þótt samþykki þess foreldris liggja ekki fyrir getur ráðuneytið engu að síður heimilað nafnbreytingu ef hagsmunir barns eða sérstakar ástæður mæla með því. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein má aðeins heimila einu sinni nema sérstaklega standi á.

Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé þess kostur.

Það er skilyrði viðbótarnafngjafar og nafnbreytingar skv. 1.–4. mgr. að hin nýju nöfn

séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Nafnbreyting barns samkvæmt þessari grein er enn fremur háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir undirriti þeir báðir beiðni um nafnbreytinguna.

8. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til barns sem fætt er hér á landi ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns, hafa erlent ríkisfang.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem eitt af eiginnöfnum þess. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að hið íslenska eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

II. KAFLI Kenninöfn.

9. gr.

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karlegg eða kvenlegg.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

10. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður maka síns á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Hafi íslensk hjón tekið sameiginlega upp kenninafn annars hvors við búsetu erlendis er þeim skylt, er breytti kenninafni sínu, að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Einstaklingur, sem við gildistöku þessara laga er kenndur til föður eða móður maka síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

11. gr.

Barn erlends manns og íslenskrar konu má bera ættarnafn föður síns, kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins.

12. gr.

Ófeðrað barn skal kennt til móður sinnar, föður hennar eða fá ættarnafn móður sinnar ef til er. Gangi móðir barnsins í hjónaband má kenna barnið til stjúpföður síns.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Beiðni um breytingu á kenninafni skal undirrituð af kynforeldri, sem fer með forsjá barnsins, og stjúpforeldri. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðuneyti þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og talið verður að breytingin sé barninu til verulegs hagráðis.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir því að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal jafnan háð samþykki stjúpforeldris, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

13. gr.

Eiginkonu eða eiginmanni er heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðuneyti úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hann eða hún gengur í annan hjúskap. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því hvort þyngra sé á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru flutt fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

14. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi rétt til þess. Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið og kennt sig svo sem segir í 9., 11. og 12. gr., sbr. og 21. gr. Eins getur maður, sem hefur ekki borið ættarnafn en hefur rétt til þess, tekið það upp. Þó er manni óheimilt að gera slíkar breytingar oftar en einu sinni eftir að hann nær sextán ára aldri nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, enda mæli sérstakar ástæður með henni. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar maka til breytingar kenninafns skv. 2. og 3. mgr.

Þegar maður gengur í hjúskap er honum frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá, sbr. þó 13. gr., eða taka upp ættarnafn maka síns en óheimilt að bera bæði kenninöfnin.

Hafi maður tekið ættarnafn maka síns er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni, sem hefur eitt sinn hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur.

15. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginafn, ásamt nafni sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigendur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

16. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá sem um getur í lögum þessum ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

III. KAFLI Mannanafnanefnd.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands en einn eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast, sbr. 3. gr.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðuneyti og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 2., 5., 6., 7. og 15. gr.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðir mannanafnanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Nefndin skal árlega birta niðurstöður úrskurða sinna.

IV. KAFLI Skráning og notkun nafna.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð á Þjóðskrá.

Við skráningu kenninafns barns á Þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. þessara laga nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Maður, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn maka síns eða annað kenninafn sem hann á rétt á, skal tilkynna það vígslumanni og færir hann þau tilmæli á hjóna-vígsluskýrslu til Þjóðskrár.

20. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni.

Á öllum opinberum skráum og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð á Þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á Þjóðskrá á hverjum tíma.

21. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns á Þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

23. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1991 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

24. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendra mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra Norðurlandþjóða á því sviði.

25. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 54 27. júní 1925, svo og 67. gr. laga nr. 10/1983.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara leita eftir tilnefningum í mannanafnanefnd og skipa hana innan eins mánaðar. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Þar til mannanafnaskrá skv. 3. gr. hefur verið gefin út skulu prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og Hagstofa Íslands skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 6. gr.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

LÖG

um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. sérstakt gjald sem lagt er á aðstöðugjaldsstofn gjaldskyldra aðila, sbr. 2. mgr.,
2. framlag ríkissjóðs,
3. þóknun fyrir veitta þjónustu,
4. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. tölul. 1. mgr., eru allir þeir sem hafa með höndum rekstur á sviði eftirtalinnna atvinnugreina samkvæmt því gjaldstigi er hér greinir:

- a. fiskvinnslu og iðnaðar, þar með talin byggingarstarfsemi, 0,05% af gjaldstofni;
- b. fiskveiða, 0,03% af gjaldstofni;
- c. flutninga á sjó og flugrekstrar, 0,01% af gjaldstofni. Undanþeginn er þó gjaldstofn vegna strandflutninga og innanlandsflugs.

Einnig nær gjaldskyldan til þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði og skal gjald þeirra vera 0,01% af gjaldstofni.

Um álagningu og innheimtu gjalds skv. 2. mgr. fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Innheimtuaðilar skulu skila mánaðarlega til Útflutningsráðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum á sama hátt og aðstöðugjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna rekstrar á árinu 1990.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

L Ö G

um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Ráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í forsendum áætlunarinnar gerir Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að í þróun byggðar landsins í heild.

Við gerð áætlunarinnar hafi Byggðastofnun samráð við ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra og aðra aðila sem þurfa þykir.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun gerir einnig svæðisbundnar byggðaáætlanir í samræði við sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og aðra aðila sem málið varðar.

Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og öðrum ríkisstofnunum eða sveitarfélögum er rétt að veita Byggðastofnun þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til slíkrar áætlunargerðar.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar. Hún fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi. Stjórn stofnunarinnar fylgist einnig með þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum sem unnar hafa verið af Byggðastofnun í samstarfi við heimaaðila og stjórnin hefur samþykkt.

3. gr.

Ný grein, sem verði 10. gr., bætist við og breytist númer síðari greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Byggðastofnun getur átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Í slíkum félögum starfa sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði.

Um stærð félagssvæðis atvinnuþróunarfélaga fer eftir aðstæðum í hverju héraði. Stjórn Byggðastofnunar veitir stuðning við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli umsókna frá þeim.

Byggðastofnun er heimilt að taka þátt í atvinnuþróunarfélögum og á fulltrúi hennar að jafnaði sæti í stjórn þeirra.

4. gr.

Ný grein, sem verði 11. gr., bætist við og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Byggðastofnun veitir að fenginni umsókn atvinnuþróunarfélaga styrki til verkefna á vegum þeirra á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðinu.

Byggðastofnun hefur samráð við tæknistofnanir atvinnuvega, stofnlánasjóði, háskóla og aðra aðila sem vinna að hliðstæðum verkefnum og beitir sér fyrir samstarfi um stuðning við framkvæmd þeirra verkefna sem hún metur styrkhæf. Stjórn stofnunarinnar setur nánari reglur um þessar styrkveitingar.

Í hverju kjördæmi skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi. Hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu. Komið skal á nánú samstarfi við aðra aðila sem vinna að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi í kjördæminu. Byggðastofnun tekur þátt í kostnaði við starfsemi atvinnuráðgjafa.

Atvinnuráðgjafar kjördæmanna skulu einnig vinna að samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæmis og er heimilt að fela þeim framkvæmdastjórn þeirra ef um semst.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár. Skal það gert með því

- a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
- b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
- d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpár.

2. gr.

Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við eftirtalda málaflokka:

1. Félagslega ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Félagslega heimþjónustu.
4. Málefni barna og ungmenna.
5. Þjónustu við unglinga.
6. Þjónustu við aldraða.
7. Þjónustu við fatlaða.
8. Húsnæðismál.
9. Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.
10. Atvinnuleysisráningu og vinnumiðlun.

II. KAFLI

Stjórn og skipulag.*Yfirstjórn.*

3. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu.

Sveitarstjórnir og félagsmálanefndir.

4. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. þessara laga.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir í lögum þessum nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar.

Félagsmálanefnd skal skipuð þremur fulltrúum hið fæsta. Að öðru leyti ákveður sveitarstjórn fjölda nefndarmanna og setur um starfsemi nefndarinnar reglur sem sendar skulu félagsmálaráðuneyti.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd. Sveitarstjórn skal setja reglur um verkvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhagsáætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Sveitarstjórnir geta falið héraðsnefndum verkefni skv. 2. gr.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum á sviði félagsþjónustu á vettvangi byggðasamlaga eftir því sem henta þykir á hverjum stað. Enn fremur geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar.

Hafi sveitarfélög falið héraðsnefnd öll verkefni félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr., eða ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálastofnanir og starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Heimilt er að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

9. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun, er heimilt að fela starfsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

10. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

III. KAFLI

Hlutverk félagsmálanefnda.

11. gr.

Hlutverk félagsmálanefnda er

1. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í samræmi við reglur sem sveitarstjórn setur,
2. að leitast við að tryggja að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa,
3. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
4. að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði félagsmála,
5. að vinna með öðrum opinberum aðilum, svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum, að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu,
6. að veita upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
7. að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð með ráðgjöf, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu,
8. að hafa yfirumsjón með starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar,
9. að beita sér fyrir forvörnum sem eru til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna,
10. að stuðla að þjálfun og menntun starfslíðs, m.a. með námskeiðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

12. gr.

Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

13. gr.

Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns er leitar aðstoðar skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.

Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili.

14. gr.

Þurfi fólk á aðstoð að halda utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveit skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við heimilissveit sem endurgreiðir kostnað að fullu.

15. gr.

Aðstoð til erlendra ríkisborgara skal veitt í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Verði ekki upplýst um lögheimili skal aðstoð veitt í dvalarsveit.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð til erlendra ríkisborgara ef þeir eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér skemur en tvö ár.

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimflutning greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að setja reglur um aðstoð til erlendra ríkisborgara.

V. KAFLI

Félagsleg ráðgjöf.

16. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

17. gr.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsgæslustöðvar eftir því sem við á.

18. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

VI. KAFLI

Fjárhagsaðstoð.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

20. gr.

Um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um félagsþjónustu skv. IV. kafla.

21. gr.

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

22. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Aðstoð er aldrei endurkræf nema það sé ákveðið þegar hún er veitt.

23. gr.

Fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær, er ætíð endurkræf.

24. gr.

Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.

25. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga sín á milli og um uppgjör milli ríkisins og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla laga þessara.

VII. KAFLI

Félagsleg heimaþjónusta.

26. gr.

Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

27. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

28. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga.

29. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili, sem fer með heimaþjónustu, meta þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

30. gr.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu.

VIII. KAFLI

Málefni barna og ungmenna.

31. gr.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómtundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

32. gr.

Sveitarstjórn getur falið félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar og fer þá um framkvæmd og meðferð þeirra mála eftir lögum um vernd barna og ungmenna.

33. gr.

Sveitarfélög annast uppbyggingu og rekstur leikskóla og tekur sveitarstjórn ákvörðun um stjórn þeirra.

Leikskólar eru reknir samkvæmt sérstökum lögum.

34. gr.

Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Félagsmálaráðuneytið skal liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlaga.

35. gr.

Félagsmálanefnd, eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, skal veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og annast rekstur gæsluvalla fyrir börn. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum.

IX. KAFLI

Þjónusta við unglinga.

36. gr.

Að tilhlutan sveitarfélaga skal vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

37. gr.

Félagsmálanefnd skal sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útteildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á.

Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

38. gr.

Um önnur atriði, er lúta að þjónustu við unglinga, fer eftir lögum um æskulýðsmál, íþróttalögum, lögum um grunnskóla og lögum um vernd barna og ungmenna.

X. KAFLI

Þjónusta við aldraða.

39. gr.

Sveitarstjórn skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

40. gr.

Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

41. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu eftir þörfum. Hér er m.a. átt við heimaþjónustu, félagsráðgjöf og heimsendingu matar. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.

42. gr.

Aldraðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlægum um málefni aldraðra.

XI. KAFLI

Þjónusta við fatlaða.

43. gr.

Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum, hvort sem heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífsskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Jafnframt skulu fötluðum sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins.

44. gr.

Félagsmálanefnd skal skipuleggja félagslega heimaþjónustu fyrir fatlaða og leitast við að tryggja þeim hentugt íbúðarhúsnæði.

45. gr.

Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.

Að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlægum um málefni fatlaðra.

Samstarf skal vera sem víðtækast milli svæðisstjórna fatlaðra og einstakra sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða.

XII. KAFLI Húsnæðismál.

46. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leigu-húsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjöl-skyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

47. gr.

Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

48. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitar-félagsins og útleigu þeirra.

Þegar aðrar félagslegar íbúðir en leiguíbúðir eiga í hlut getur félagsmálanefnd gert til-lögur til húsnæðisnefndar um úthlutun á íbúðum.

49. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni húsaleigunefndar, sbr. lög um húsaleigusamninga.

XIII. KAFLI Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

50. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengis-varnarnefndar, sbr. áfengislög, nr. 82/1969, að hluta til eða að öllu leyti.

51. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í sam-starfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

52. gr.

Félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjöl-skyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á.

53. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðli-legu lífi að meðferð lokinni.

XIV. KAFLI Atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun.

54. gr.

Sveitarstjórnnum er skylt að annast atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Stjórn vinnumiðlunar og félagsmálanefnd skulu hafa náið samstarf um atvinnuleysis-skráningu og vinnumiðlun.

55. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og framkvæmd vinnumiðlunar að hluta til, einkum þjónustu við atvinnuleitendur, þar á meðal unglinga og aldraða.

56. gr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar er svæðisstjórn um málefni fatlaðra heimilt að fela félagsmálanefndum starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða þar sem það á við, sbr. lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

XV. KAFLI

Starfshættir félagsmálanefnda.

57. gr.

Um félagsmálanefndir og starfslíð sveitarfélaga gilda ákvæði VI. og VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, og ákvæði IV. og V. kafla sömu laga eftir því sem við á.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og reglna sem sveitarstjórnir setja um félagsmálanefndir, starfssvið þeirra og meðferð mála.

XVI. KAFLI

Almennar reglur um meðferð einstakra mála.

58. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað með sama hætti.

59. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við skjólstæðing og leitað eftir samþykki hans þar sem því verður við komið.

60. gr.

Við meðferð mála og ákvörðunartöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við skjólstæðing eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við talsmann ef hann er fyrir hendi.

Sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar viðkomandi einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir skal með þau mál farið eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.

Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilfelli getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.

61. gr.

Skjólstæðingur á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

62. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.

63. gr.

Kynna skal aðila sérstaklega rétt hans til málskots.

64. gr.

Opinberir aðilar, sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa sem nánasta samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga.

Þegar málefni skjólstæðings er til meðferðar hjá fleiri en einni stofnun skal um það höfð samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er, þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart skjólstæðingi.

XVII. KAFLI

Málskot.

65. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 66. gr. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

66. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu fjallar um eftirtalin atriði:

1. Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.

67. gr.

Þrjú menn eiga sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, tilnefndir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnáráðs.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar félagsþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

Gildistaka.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin framfærslu-
lög, nr. 80/1947, með síðari breytingum, og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952,
með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Jóhanna Sigurðardóttir.
LÖG

**um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlana
til einstaklinga, nr. 63/1985.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánnum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánnum þyngist.

2. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Við gerð lánsammans skal ákveða greiðslumark fyrir lánið:

- a. Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og vextir eins og þeir eru á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
- b. Greiðslumark af verðtrygðum jafngreiðslulánum er árgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við vexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Stofna skal hinn 1. apríl 1991 hlutafjárdeild við Byggðastofnun og tekur deildin á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjár sjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Deildinni má fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal hinn 1. janúar 1991 atvinnuþryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán. Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána atvinnuþryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggja fyrir samþykki forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir.

3. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Forsætisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Umboð stjórnar Hlutafjár sjóðs Byggðastofnunar skv. 9. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, fellur niður 1. apríl 1991.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „deildarstjóri fornleifadeildar“ í síðasta másl. 2. mgr. komi: fornminjavörður.

b. Í stað orðsins „deildarstjóra fornleifadeildar“ í síðasta másl. 5. mgr. komi: fornminjavarðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. laganna:

a. 4. másl. 3. mgr. orðist svo: Auk þess fornleifasvið sem skipta má í deildir eins og þurfa þykir og lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr.

b. Í stað orðanna „Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir“ í upphafi 5. másl. 3. mgr. komi: Fornminjavörður og fornleifaverðir.

3. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild lætur, eftir föngum,“ í upphafi 1. mgr. 17. gr. laganna komi: Fornminjavörður lætur.

4. gr.

Í stað orðsins „Fornleifadeild“ í upphafi síðari máslíðar 19. gr. laganna komi: Fornminjavörður.

5. gr.

4. másl. 22. gr. laganna orðist svo: Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornminjavarðar og fornleifavarðar viðkomandi svæðis.

6. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild eða“ í upphafi 23. gr. laganna komi: Fornminjavörður og.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „115.000 kr.“ og „230.000 kr.“ í 2. gr. laganna komi: 86.000 kr. og 172.000 kr.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í innlendum hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

Frádráttur skv. 1. mgr. vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færast nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981 frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyþra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáruakningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmála- stjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli, lög- reglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattanevndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrann- sóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlags- stjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.

II. KAFLI

Um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

2. gr.

3. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo: Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslu- stjóri, vígslubiskupar, prófastar, sóknarprestar og sérþjónustuprestar.

III. KAFLI

Um breyting á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986.

3. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgar- dómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, for- stjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlækn- is, lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðu- neytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattanevndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlags- stjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

IV. KAFLI
Um gildistöku.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG
um búfjárhald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem föng eru á góða meðferð og aðbúnað búfjár í samræmi við þarfir og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykk.

Tilgangur laganna er einnig að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Auk þess önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Með vörslu búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búfé, sem varslan tekur til, innan ákveðins afmarkaðs svæðis, en með lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað við tiltekin svæði innan sveitarfélagsins. Í samþykktunum geta einnig verið ákvæði sem takmarka fjölda búfjár af hverri búfjártegund og fjölda búfjár einstakra búfjáreigenda. Ef búfjáreigandi verður fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi þannig að bótum varði skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Í samþykktunum má kveða á um að búfjárhald sé óheimilt án leyfis þar sem takmarka má fjölda búfjár hvers aðila. Slík leyfi skulu vera tímabundin og afturkallanleg með tilteknum fyrirvara.

Samþykktir skulu kveða á um að búfjáreigandi uppfylli skilyrði um aðstöðu fyrir bústofn sinn, fódrun hans, vörslu og meðferð, sem og meðferð alls úrgangs sem fellur til.

III. KAFLI

Varsla búfjár.

5. gr.

Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarstjórna eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund þar sem einnig skal kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.

6. gr.

Graðpeningi skal haldið í öruggri vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 16 mánaða og eldri, allt árið. Óski hrossaræktarsamband og/eða sveitarstjórn eftir því getur ráðherra heimilað að færa aldursmörk að 12 mánaða aldri á viðkomandi svæði.
4. Aðrar búfjártegundir en að framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og afhentur hreppstjóra. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi grip með greiðslu á áföllnum kostnaði. Við ítrekað brot skal graðhestur seldur á opinberu uppboði, en öðrum gripum slátrað og uppboðs- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

IV. KAFLI

Aðbúnaður og meðferð búfjár.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerðir fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa, gripahúsa, þar með talin ákvæði um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fódurgeymslur og fódurútbúnað, svo og ákvæði um umhirðu gripa og eftirlit, skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár og eftirlit með gripum sem ganga úti hluta ársins. Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.

Eftirlit með framkvæmd reglugerða samkvæmt fyrri málsgrein skal falið búfjárefartiliti, sbr. 9. gr.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir því í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, viðkomandi búgreinafélag, yfirdýralækni og dýraverndarnefnd að fyrir hverja búfjártegund verði gefnar út leiðbeinandi reglur um sem flesta þætti er lúta að fódrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Tryggt skal að slíkar reglur séu endurskoðaðar reglulega í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma.

V. KAFLI

Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

9. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera búfjárefntirlitsmaður, einn eða fleiri, sem hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fódrun og hirðingu. Sveitarstjórn ræður þá til starfa til fjögurra ára að loknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Til starfsins skal velja menn sem hafa haldgóða reynslu og þekkingu í fódrun og meðferð búfjár. Heimilt er fyrir fleiri en eitt sveitarfélag að ráða sameiginlega búfjárefntirlitsmann (menn).

Búnaðarsambönd hafa á hendi umsjón með búfjárefntirliti hvert á sínu svæði. Ráðunautur viðkomandi búnaðarsambands annast slíkt eftirlit eða aðili sem það tilnefni. Skulu búfjárefntirlitsmenn á svæðinu leita úrskurðar hans í vafaatriðum um framkvæmd eftirlits.

Eftirlit vegna ákvæða reglugerða skv. 7. gr. skal framkvæmt af búfjárefntirliti samkvæmt þessari grein.

Leita skal til héraðsdýralækna um eftirlit með þeim þáttum er snerta heilbrigði búfjár og tryggja hollustu afurða þess.

10. gr.

Búfjárefntirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fódrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fódrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjárefntirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluáðstöðu alls fódurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áforin hans um fóduröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar. Búfjárefntirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila innan viðkomandi sveitarfélags, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fódurforða, fyrningar og fódurþörf skráir búfjárefntirlitsmaður á eyðublað sem Búnaðarfélag Íslands lætur í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Skýrslu þessa skal senda Búnaðarfélagi Íslands strax að lokinni haustskoðun. Búnaðarfélag Íslands annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda og fódurforða og hefur yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

11. gr.

Þegar að lokinni skoðun skal búfjárefntirlitsmaður bera niðurstöður sínar undir eftirlitsmann búnaðarsambands. Komi í ljós að búfjáreiganda skorti hús, fódur eða beit fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirdi skal búfjárefntirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að vara þann er hlut á að máli þegar við og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi honum að þeim tíma liðnum ekki tekist að gera þær ráðstafanir sem

sveitarstjórn og eftirlitsmaður búnaðarsambands telja fullnægjandi ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, hlutast til um fóðrun og umhirðu eða ráðstafa fénaði hans til fóðrunar.

Sveitarstjórn eða búfjárefntirlitsmaður í umboði hennar eða aðrir, sem telja meðferð á skepnum brjóta í bága við gildandi lög eða reglur, skulu leita til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir skal þá í samráði við yfirdýralækni og innan tveggja sólarhringa meta ástand skepnanna og aðstæður á staðnum í samráði við eða ásamt trúnaðarmanni búnaðarsambands og gefa búfjáreiganda fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt. Þar skal veita mest einnar viku frest til úrbóta.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum búfjárefntirlitsmanns, sveitarstjórnar, trúnaðarmanns búnaðarsambands eða héraðsdýralæknis, eða hefur þær að engu, og fénaður hans líður sakir fóðurskortis, hirðuleysis eða harðýðgi að álitu tveggja eða fleiri þessara aðila er skylt að tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan tveggja daga ásamt öllum málavöxtum. Skal hann þá innan viku sjá um að úrbætur fái í samræmi við dýraverndarlög en búfénu lög að höfðu samráði við yfirdýralækni ef ekki er annarra kosta völ.

Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

12. gr.

Búfjárefntirlitsmaður skal launaður af sveitarsjóði.

Sveitarfélögum, þar sem búfjárhald er óheimilt án leyfis, sbr. 2. mgr. 4. gr., er heimilt að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd forðagæslu og búfjárefntirlits, sbr. 9. gr. Skiptist það í grunnjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Gjald þetta skal þó ekki lagt á búfjáreigendur sem halda búfé á lögbyli og eiga þar lögheimili.

Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld skv. 2. mgr. og birta í Stjórnartíðindum.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á skepnum skal hann sviptur leyfi til að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 13., 19., 31.33. og 38. gr., svo og IX. X. og XI. kafli búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, og lög nr. 57 25. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, og lög nr. 38 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 53 29. maí 1981, um loðdýrarækt.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að annast lánveitingar og að sinna húsbrefaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra. Sjóðurinn annast einnig um lántökur og lánveitingar sem átt hafa sér stað úr sjóðnum eða ákveðið kann að verða að taka upp.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–3. tölul. enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til bygginga heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
2. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
3. Lán eða styrk til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokkka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

4. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi nýr undirkaflí með fjórum nýjum greinum, 12.–15. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins**. Hinn nýi undirkaflí orðist svo:

a. (12. gr.)

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkt heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Skilyrði lánveitingar er að umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar eða dvalarheimilis fylgi umsógn heilbrigðisráðuneytis.

b. (13. gr.)

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar fasteignaveðlánnum sem húsbrefadeild gefur út vegna byggingar eða kaupa á íbúð.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á húsnæði.

Lán samkvæmt þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsókn um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

c. (14. gr.)

Lán skv. 3. tölul. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar eða aðrar umbætur sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

d. (15. gr.)

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall af byggingarkostnaði fyrir lán skv. 1. tölul. 11. gr.

Fjárhæð láns skv. 2. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarkostnaði eða endurbótakostnaði enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Fjárhæð láns eða styrks skv. 3. tölul. 11. gr. svo og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

Lánstími skv. 1.2. tölul. 11. gr. skal vera allt að 25 árum.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. laganna um lán skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um lánaflokka skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

13. gr. laganna falli brott.

7. gr.

14. gr. laganna falli brott.

8. gr.

15.–17. gr. laganna falli brott.

9. gr.

18.–19. gr. laganna falli brott.

10. gr.

23.–24. gr. laganna falli brott.

11. gr.

25.–26. gr. laganna falli brott.

12. gr.

27.–28. gr. laganna falli brott.

13. gr.

29. gr. laganna falli brott.

14. gr.

30. gr. laganna (verður 16. gr.) orðist þannig:

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánsklaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánnum Byggingarsjóðs ríkisins frá og með 1. júlí 1984 skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflökki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Selji lántakandi (skuldari) íbúð sína ber honum skylda til að tilkynna aðilaskipti að láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins án tafar. Kaupanda og seljanda ber báðum að undirrita yfirlýsingu um þetta efni. Sé tilkynningarskylda vanrækt er húsnæðismálastjórn heimilt að gjaldfella þau lán er hvíla á fasteign frá Byggingarsjóði ríkisins.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða breytt vaxtakjör á láni við aðilaskipti til samræmis við almenn vaxtakjör samkvæmt nánari ákvörðun hennar.

Lán skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annúitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánsklaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 5.–7. gr. laga þessara skulu 1.–2. tölul. 11. gr. og 12.–14. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu fram til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem:

1. þegar hafa fengið lánsloforð, þ.e. endanlegt svar Húsnæðisstofnunar ríkisins um fjárhæð og lánstíma,
2. eigi hafa fengið lánsloforð en fengið svar almenns eðlis frá Húsnæðisstofnun ríkisins um að þeir eigi rétt á láni.

Skilyrði lánsréttar samkvæmt þessum tölulíðum eru:

- a. Lífeyrissjóður, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun ríkisins um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins.
- b. Umsækjandi hafi staðfest umsókn sína innan þriggja mánaða frá því að tilkynning barst honum frá Húsnæðisstofnun um nauðsyn staðfestingar hennar.

Húsnæðisstofnun skal tilkynna umsækjendum, sem falla undir 2. tölul. þessa ákvæðis, eftirfarandi:

- Nauðsyn á staðfestingu umsóknar, sbr. b-lið þessa ákvæðis.
- Ekki sé hægt að nýta sér bæði húsbrefavíðskipti annars vegar og lánsrétt skv. 2. tölul. þessa ákvæðis hins vegar.

II.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal 2. mgr. 9. gr. stofnlaganna, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu um þá samninga Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup sem gerðir eru vegna lána sem veitt eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

27. mars 1991

Nr. 48

L Ö G**um leikskóla.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Gildissvið.**

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs.

II. KAFLI**Markmið.**

2. gr.

Tilgangur laganna er að veita börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði.

Leikskólinn skal í samráði við foreldra eða aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldisstarfi í leikskóla vera:

- að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstura,
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,

- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI

Hlutverk sveitarfélaga.

Stofnun og rekstur leikskóla.

3. gr.

Til að stuðla að framkvæmd þess markmiðs sem getið er um í 1. mgr. 2. gr. skal stofna leikskóla. Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaga en fagleg yfirtjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntamálaráðuneytis.

Sveitarfélag gerir árlega könnun á því hversu margir foreldrar óska eftir leikskólavistun. Á grundvelli þeirrar könnunar verði gerð áætlun um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi til a.m.k. tveggja ára í senn. Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir. Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári.

4. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag er öðrum aðilum heimilt að reka leikskóla. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi fengið starfsleyfi og meðmæli sveitarfélags og reki leikskólann samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera í umsjón sveitarstjórna og skulu þær sjá um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi. Skólanefnd eða sérstök leikskólanefnd fer með stjórn leikskóla, nema þar sem sveitarstjórn felur félagsmálanefnd að fara með málið.

Sé skólanefnd eða sérstakri leikskólanefnd falin stjórn leikskóla skal starfsfólk leikskóla kjósa einn fulltrúa til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstöðu til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks, svo og útileiksvæði.

Í reglugerðinni skulu einnig vera viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið leikskóla.

Enn fremur skal kveða á um það í reglugerð hverjir skuli vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla.

IV. KAFLI

Yfirstjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með mál þau er lög þessi taka til. Það veitir leyfi til leikskólareksturs. Það hefur með höndum eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum sem lög þessi og reglugerð mæla fyrir um. Það mótar uppeldisstefnu leikskóla, sér um útgáfu uppeldisáætlunar, sbr. 13. gr., sinnir þróunar- og rannsóknarstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina.

8. gr.

Landinu skal skipt í leikskólaumdæmi. Leikskólaumdæmi skulu vera þau sömu og fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum. Tengja skal starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla, þar með talin starfsemi kennslugagnamiðstöðva fyrir bæði skólastigin.

Leikskólinn skal stuðla að því í samráði við grunnskóla að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um samstarf leikskóla og grunnskóla.

9. gr.

Í hverju leikskólaumdæmi skal starfa umdæmisfóstra. Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum umdæmisins þar sem ekki eru aðrir leikskóla-fulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga. Umdæmisfóstra stuðlar að samstarfi leikskóla umdæmisins og samvinnu leikskóla og grunnskóla.

Umdæmisfóstra er starfsmaður ríkisins. Við ráðningu í starf umdæmisfóstru skal taka tillit til starfsreynslu í leikskóla og framhaldsmenntunar. Umsjónarfóstra getur verið starfsmaður fræðsluskrifstofu. Nánar skal kveðið á um störf umdæmisfóstra í erindisbréfi. Ráðning umdæmisfóstra er ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI

Starfsfólk og foreldrar.

10. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri, og starfslið er annast fóstrustörf, skal hafa fóstrumenntun, svo og þeir sem annast faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila.

Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóri ásamt starfsfólki ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við 13. gr.

Ársskýrsla um starfsemi leikskóla skal send sveitarstjórn og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis. Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.

11. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

12. gr.

Skylt er rekstraraðila leikskóla að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins.

VI. KAFLI

Uppeldisáætlun.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur leikskólum uppeldisáætlun þar sem m.a. skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Í uppeldisáætlun verði gildi leiksins sem uppeldis- og kennslutækis leiðandi hugtak.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisáætlun leikskóla stöðugt til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á.

VII. KAFLI

Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

14. gr.

Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans, undir handleiðslu fóstara, þroskaþjálfra og annarra sérfræðinga. Þjálfunin getur verið einstaklingsbundin og í hópi innan almennrar leikskóladeildar eða á sérhæfðum deildum.

Markmið þjálfunarinnar er m.a. að auka færni barnsins miðað við þroskastig þess. Ákvörðun um þjálfun og tilhögun hennar skal tekin í samráði við foreldra barnsins og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskólans, að undangenginni greiningu og mati sálfræðiþjónustunnar eða annarra lögboðinna greiningaraðila.

Stefnt skal að því að barnið sækir leikskóla í sínu skólahverfi. Þó skal gefinn kostur á að leita annarra úrræða sem henta barninu betur með tilliti til þjónustu. Fatlað barn, sem sækir skóla utan síns skólahverfis, á rétt á flutningsþjónustu sem greiðist af ríkinu, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

15. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna, svo og sérhæfðra deilda.

VIII. KAFLI

Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis með fjárlögum. Menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárens.

17. gr.

Til þess að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins má ráða sérstaka starfsmenn.

18. gr.

Í rannsóknar-, þróunar- og tilraunaskyni er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða.

IX. KAFLI

Ráðgjafarþjónusta.

19. gr.

Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún að jafnaði skipulögð í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við umdæmisfóstrur heildaráætlun um framkvæmd þessarar þjónustu.

20. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar er:

- að annast sérfræðilega ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra leikskólabarna um uppeldi og umönnun barnanna,
- að annast frumgreiningu og/eða vísa í sérhæfðari greiningaraðila ef þess gerist þörf að mati ráðgjafarþjónustunnar; enn fremur að hafa umsjón og eftirlit með aðstoð og þjálfun barnanna,
- að annast ýmis rannsóknastörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar.

X. KAFLI

Heilsuvernd og hollustuhættir.

22. gr.

Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á leikskólum fer eftir lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 112/1976 að öðru leyti en því er lýtur að skóladagheimilum.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

II.

Stefnt skal að því að sveitarfélög nái markmiðum 3. gr. innan 10 ára.

III.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fela fræðsluskrifstofum að annast þau svæðisbundnu stjórnunarverkefni sem gert er ráð fyrir í IV. kafla laganna þar til skipulag það, sem þar er gert ráð fyrir, er að fullu komið til framkvæmda.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um grunnskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla, en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

- 60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Porskafjörð, Skálanes, Klettháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
- 61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og

- Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
- 62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
- 63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
- 64 Flateyjarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
- 65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
- 68 Hólmavíkurgvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarar, út með Hrútafirði yfir Stíkuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
- 69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
- 605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
- 606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
- 607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
- 608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
- 609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð að Firði.
- 611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
- 612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
- 614 Raudasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.
- 615 Kollsvíkurgvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
- 616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
- 617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
- 619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
- 620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
- 622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadall, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
- 623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
- 624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
- 625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
- 626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
- 627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
- 631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
- 632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
- 633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörghlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
- 634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
- 635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Nedri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.

- 638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
- 641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
- 643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veidileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
- 645 Drangnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
- 646 Flugvallavegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
- 647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
- 72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
- 74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
- 75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
- 76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
- 77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsósi á Siglufjarðarveg sunnan Hofsar.
- 702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
- 703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
- 704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarar, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
- 705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
- 706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
- 711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
- 712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
- 714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á mótis við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaa.
- 715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
- 716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
- 717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnstöðum.
- 718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
- 721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.

- 722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
- 723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
- 724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
- 725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
- 726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
- 727 Svínadalavegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
- 728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
- 731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
- 732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eidsstaðavegar.
- 733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
- 734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
- 741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
- 742 Mýrarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
- 744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skiðastöðum.
- 745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
- 748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
- 749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
- 751 Efríbyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efríbyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
- 752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
- 753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
- 754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
- 755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
- 758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
- 759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
- 761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
- 762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
- 764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
- 765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
- 766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
- 767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.

- 768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
- 769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
- 781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
- 783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
- 784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
- 786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
- 787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgorðum.
- 789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
- 792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalshéiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð. Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnshéiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
- 83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
- 85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
- 87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
- 802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
- 803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
- 804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
- 805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
- 806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
- 807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegur.
- 808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
- 809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
- 811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
- 812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
- 813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.

- 814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
- 815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
- 816 Dagverðareyriarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
- 817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
- 820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyriar að flugvelli.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
- 822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
- 823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
- 824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaa og Skjöldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
- 825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
- 826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
- 827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
- 828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
- 830 Svalbarðseyriarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
- 831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
- 832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
- 833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
- 834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
- 835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg á Dalsmynni.
- 836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg og að Lundi II.
- 841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpa, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfafljóts að Mýri.
- 843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
- 844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
- 846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gengt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalssá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
- 847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
- 849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.

- 850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
 851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
 852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
 853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
 854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
 855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
 856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
 858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
 862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
 863 Kröfluvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Kröfluvirkjun.
 864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Óxarfirði.
 865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
 866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
 867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
 868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Pistilfirði, að Holti.
 869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
 870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
 873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

- 1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öraefi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsaárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
- 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
- 92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
- 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
- 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
- 96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
- 98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
- 99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
- 913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
- 914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
- 915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
- 916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsaár að flugvelli.

- 917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlið, yfir Helligheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
- 919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
- 923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
- 924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
- 925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
- 926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
- 927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
- 931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
- 933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
- 934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
- 943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstöð.
- 947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnholti.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvislarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
- 955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Prastarlundi að flugvelli.
- 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hólagerði.
- 961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kaupsins.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
- 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kaupsins.
- 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
- 988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SAMKVÆMT 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir.

- | | |
|--|---------------------------------------|
| 1 Suðurlandsvegur. | 53 Hvítárvallavegur: |
| 22 Dalavegur. | Vesturlandsvegur – Uxahryggjavegur. |
| 205 Klausturvegur | 54 Ólafsvíkurvegur. |
| 240 Stórhöfðavegur. | 55 Heydalsvegur. |
| 30 Skeiða- og Hrunamannavegur. | 56 Kerlingarskarðsvegur. |
| 31 Skálholtsvegur. | 58 Stykkishólmsvegur. |
| 33 Gaulverjabæjarvegur: | 57 Snæfellsnesvegur. |
| Stokkseyri – Eyrarbyggjavegur. | 574 Útnesvegur: |
| 34 Eyrarbyggjavegur | Hellissandur – Ólafsvík. |
| 35 Biskupstungnabraut: | 60 Vestfjarðavegur. |
| Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur og | 61 Djúpvegur. |
| Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur. | 62 Barðastrandarvegur. |
| 36 Þingvallavegur. | 63 Bíldudalsvegur. |
| 37 Laugarvatnsvegur. | 64 Flateyrarvegur. |
| 38 Þorlákshafnarvegur. | 65 Súgandafjarðarvegur: |
| 39 Þrengslavegur. | Vestfjarðavegur – Suðureyri. |
| 343 Álfstétt. | 68 Hólmavíkurvegur. |
| 1 Vesturlandsvegur. | 617 Tálknafjarðarvegur: |
| 40 Hafnarfjarðarvegur. | Bíldudalsvegur – Tálknafjörður. |
| 41 Reykjanesbraut. | 1 Norðurlandsvegur. |
| 42 Krýsuvíkurvegur: | 72 Hvammstangavegur. |
| Reykjanesbraut – Vatnsskarð. | 74 Skagastrandarvegur. |
| 43 Grindavíkurvegur. | 75 Sauðárkróksbraut. |
| 44 Hafnavegur: | 76 Siglufjarðarvegur. |
| Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur. | 77 Hofsósbraut. |
| 45 Garðskagavegur: | 744 Þverárfjallsvegur. |
| Reykjanesbraut – Sandgerði. | 745 Skagavegur: |
| 46 Víkavegur. | Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut. |
| 47 Flugvallarvegur Keflavík | 82 Ólafsfjarðarvegur. |
| 410 Elliðavatnsvegur. | 85 Norðausturvegur. |
| 411 Arnarnesvegur. | 87 Kísilvegur. |
| 412 Vífilstaðavegur. | 808 Árskógssandsvegur. |
| 415 Bessastaðavegur: | 820 Flugvallarvegur Akureyri. |
| Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur. | 821 Eyjafjarðarbraut vestri: |
| 416 Álftanesvegur. | Norðurlandsvegur – Miðbraut. |
| 421 Vogavegur. | 823 Miðbraut. |
| 422 Njarðvíkurvegur. | 829 Eyjafjarðarbraut eystri: |
| 427 Ísólfskálavegur: | Norðurlandsvegur – Miðbraut. |
| Grindarvíkurvegur – Þórkötlustaðir. | 845 Aðaldalsvegur. |
| 431 Hafravatnsvegur: | 1 Austurlandsvegur. |
| Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur. | 92 Norðfjarðarvegur. |
| 433 Reykjalandarvegur. | 93 Seyðisfjarðarvegur. |
| 50 Borgarfjarðarbraut: | 96 Suðurfjarðavegur. |
| Uxahryggjavegur – Vesturlandsvegur. | 97 Breiðdalsvíkurvegur. |
| 51 Akranesvegur. | 98 Djúpavogsvegur. |
| 52 Uxahryggjavegur: | 99 Hafnarvegur. |
| Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut. | 917 Hlíðarvegur. |

3.2.2. Þjóðbrautir.

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR**F22 Fjallabaksleið nyrðri:**

Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:

Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:

Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptýppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1991.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

LÖG

um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. ÞINGSKIPUN

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal sá þingmaður, sem hefur lengsta fasta þingsetu að baki, stjórna umræðunum þangað til forseti þingsins er kosinn og standa fyrir kosningu hans. Hafi tveir þingmenn eða fleiri setið jafnlengi á þingi skal sá teljast aldursforseti sem eldri er.

Á fyrsta fundi þingsins eftir kosningar til Alþingis skal kjósa níu þingmenn í nefnd eftir reglum 68. gr. til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna. Nefndin kýs sér formann og framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, sbr. 46. gr. stjkskr.

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 55. gr.

2. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild skv. 47. gr. stjkskr.

3. gr.

Þá skal kjósa forseta Alþingis. Í kjöri eru þeir einir sem tilnefndir eru og eigi hreyfa andmælum við því.

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti hvor þeirra verður forseti. Berist aðeins ein tilnefning skv. 1. mgr. skal kosning eigi að síður fara fram um þann sem tilnefndur er.

Forseti gengst fyrir kosningu fjögurra varaforseta skv. 68. gr. Ef ekki er samkomulag milli þingflokka um einn lista skal kosning fara eftir reglum 5. mgr. þeirrar greinar.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna.

4. gr.

Kjörbréfanefnd skv. 1. gr. skal einnig prófa kjörbréf er síðar koma fram, svo og rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild.

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. 1. mgr. 39. gr. Ella fer um tillögur nefndarinnar eftir því sem ákveðið er um tillögur hennar í 1. gr.

5. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um kjörbréf þingmanns þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

6. gr.

Kosning forseta og varaforseta gildir þangað til nýtt þing er sett. Kosning kjörbréfanefndar er fyrir allt kjörtímabilið.

Þó er hverjum forseta þingsins heimilt að leggja niður störf ef meiri hluti leyfir; svo getur og Alþingi vikið forseta frá en þó þarf til þess samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna. Skal þá þegar kjósa nýjan forseta í sæti það er losnaði.

7. gr.

Aldursforseti, sbr. 1. gr., hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

8. gr.

Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Forseti tekur við öllum erindum til Alþingis og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara. Forseti skýrir á fundi frá erindum sem send eru þinginu og því sem útbýtt er á þingfundi.

Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda, sbr. II. kafla.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í hans stað.

9. gr.

Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

10. gr.

Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forseti stjórnar fundum hennar.

Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að. Hún fjallar um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir Alþingi heyra. Nefndin setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Auk þess fjallar forsætisnefnd um þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða varaforsetar óska að ræða. Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr.

Forsætisnefnd fer með þau verkefni sem forsetum Alþingis hafa verið falin í öðrum lögum.

11. gr.

Forsætisnefnd ræður skrifstofustjóra til sex ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og framkvæmdum á vegum þingsins, hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum í umboði forseta.

Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.

Skrifstofustjóri gerir tillögur til forseta um ráðningu annarra starfsmanna þingsins.

12. gr.

Skrifstofustjóri, eða fulltrúi hans, situr þingfundi og heldur gerðabók, undir umsjón forsetans, og getur í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveimur tímum áður en næsti fundur byrjar.

Forseta er heimilt að kveðja til tvo þingmenn til að telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.

Skrifstofustjóri skal ásamt forseta sjá um að samþykktir þingsins séu skrásettar og rita forsetinn og skrifstofustjórinn undir þær.

II. NEFNDIR

13. gr.

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir:

1. Allsherjarnefnd.
2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
3. Félagsmálanefnd.
4. Fjárlaganefnd.
5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
6. Iðnaðarnefnd.
7. Landbúnaðarnefnd.
8. Menntamálanefnd.
9. Samgöngunefnd.
10. Sjávarútvegsnefnd.
11. Umhverfisnefnd.
12. Utanríkismálanefnd.

Fastanefndir skal kjósa á fyrsta fundi hvers þings og skal kosið hlutbundinni kosningu, sbr. 68. gr. Kosning fastanefnda gildir til upphafs næsta þings.

14. gr.

Í fjárlaganefnd skulu kosnir ellefu þingmenn en í aðrar fastanefndir níu þingmenn. Til utanríkismálanefndar skal að auki kjósa níu varamenn. Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd skv. 13. gr., er heimilt, með samþykki nefndarinnar, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.

Fastanefnd kýs sér formann og varaformann er gegnir störfum formanns í forföllum hans. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nefndarinnar er boða skal til innan viku frá kosningu hennar.

Sá kveður þingnefnd saman til fyrsta fundar er fyrstur var kosinn og lætur hann kjósa formann og varaformann nefndarinnar. Forseti skal tilkynna kjör þeirra á þingfundi.

Formanni og varaformanni nefndar er heimilt að leggja niður störf ef nefnd leyfir; svo getur og nefnd vikið formanni og varaformanni frá en þó þarf til þess samþykki tveggja þriðju hluta nefndarmanna.

15. gr.

Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, boðar til fundar í nefnd og stýrir fundum hennar. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir, eða varaþingmenn sitja fyrir þá, felur nefnd öðrum að gegna formannsstörfum.

16. gr.

Heimilt er þingflokki að hafa mannaskipti í nefndum. Ósk um slík mannaskipti skal lögð fyrir forseta er tilkynnir um hana á þingfundi. Sé óskað atkvæðagreiðslu um mannaskiptin skal forseti láta ganga til atkvæða um þau á þingfundi.

17. gr.

Um skyldu nefndarmanna til að sækja nefndarfund gilda almennar reglur um fundarsókn þingmanna, sbr. 53. gr. Forföll skulu tilkynnt formanni.

Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi í forföllum þingmanns, skal eiga sæti í þeim nefndum sem aðalmaður var kjörinn í.

Í forföllum nefndarmanns er þingflokkur hans heimilt að tilnefna annan þingmann sem varamann um stundarsakir til setu í nefnd og skal tilkynna formanni nefndar um það. Staðgengill nýtur allra sömu réttinda og aðrir nefndarmenn.

18. gr.

Forseti ákveður í samráði við formenn fastanefnda fundatíma nefnda, starfsáætlun þeirra og starfshætti að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum.

Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann.

19. gr.

Fundur nefnda skulu lokaðir öðrum en nefndarmönnum og starfsmönnum þeirra nema nefnd ákveði annað.

20. gr.

Nefndarfundur skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum.

21. gr.

Nefndir skulu halda gerðabók um það sem fram fer á fundum. Starfsmaður nefndar, nefndarritari, ritar fundargerð og skal fundargerðin undirrituð af formanni og nefndarritara. Forseti setur nánari reglur um frágang fundargerða nefnda.

22. gr.

Formanni er heimilt að setja nefndarfund ef til hans hefur verið boðað með dagskrá. Fundurinn er þó því aðeins ályktunarbær að meiri hluti nefndarmanna sé staddur á fundi.

23. gr.

Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu. Til allsherjarnefndar skal vísa dómsmálum, kirkjumálum, byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður. Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

Áður en 1. umr. fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá nýu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa.

Nefnd, sem fengið hefur mál til athugunar, skal heimilt að vísa því til annarrar fastanefndar telji hún við nánari athugun að málið eigi frekar heima í þeirri nefnd. Áður skal þó liggja fyrir samþykki þeirrar nefndar sem málinu er vísað til.

24. gr.

Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkis- mál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

25. gr.

Til fjárlaganefndar skal m.a. vísa frumvarpi til fjárlaga, fjáraukalaga, lánsfjárlaga og laga um samþykkt á ríkisreikningi er 1. umr. um þau er lokið. Frumvarpi til fjárlaga skal að nýju vísað til fjárlaganefndar að lokinni 2. umr.

Fjárlaganefnd getur vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með sama hætti geta aðrar fastanefndir ákveðið að fjalla um einstaka þætti fjárlagafrumvarpsins. Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps. Nefndirnar skila fjárlaganefnd álit og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður. Efnahags- og viðskiptanefnd skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar eða meiri hluta hennar. 3. umr. um frumvarp til fjárlaga skal hefjast eigi síðar en 15. desember.

Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins, er fást við efnahagsmál, skylt að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála.

26. gr.

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

27. gr.

Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og getur þá jafnframt falið einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins. Framsögumaður skal þá fyrir hönd nefndarinnar vinna að athugun málsins, gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndaráliti þegar hann hefur lokið athugun sinni.

28. gr.

Nefnd getur við umfjöllun máls óskað skriflegra umsagna um það frá aðilum utan þings. Á sama hátt geta þeir er mál varðar komið skriflegum athugasemdum sínum að eigin frumkvæði á framfæri við nefnd. Sömuleiðis getur nefnd samþykkt að taka við gestum og hlýða á mál þeirra.

Forseti setur nánari reglur um meðferð erinda og umsagna sem berast nefndum.

29. gr.

Þá er nefnd hefur lokið athugun máls og kosið framsögumann fyrir það, sbr. þó fyrri másl. 27. gr., lætur hún uppi álit sitt er skal prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Ef nefnd er ekki einhuga um afgreiðslu máls og hver hluti hennar skilar álitum skal hann tilnefna framsögumann. Eigi má taka málið til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en álitum nefndar eða meiri hluta hennar var útbýtt.

Fái nefnd mál til umfjöllunar á nýjan leik eftir útgáfu nefndarálits getur hún gefið út framhaldsnefndarálit.

30. gr.

Nefnd getur látið uppi álit á tveimur eða fleiri málum saman ef þau fjalla um skyld efni.

Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skal hún láta prenta með álitum sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

Forseti skal setja nánari reglur um frágang nefndarálita, m.a. um hvað koma skuli fram í þeim, og um prentun fylgiskjala.

31. gr.

Nefnd getur með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni á þingmáli sem hún hefur ekki lokið athugun á að fullu telji hún sérstaka ástæðu til þess. Á sama hátt getur nefnd enn fremur gefið þinginu skýrslu um störf sín.

32. gr.

Heimilt er að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Um sérnefndir gilda sömu reglur og um fastanefndir eftir því sem við á.

33. gr.

Heimilt er þingnefnd að afla sér sérfræðilegrar aðstoðar við afgreiðslu þingmála frá stofnunum eða einstaklingum utan skrifstofu Alþingis. Forseti setur nánari reglur um þetta efni.

34. gr.

Hver fastanefnd skal hafa nefndarritara er ritar fundargerðir, aðstoðar við gerð nefndarálita og breytingartillagna, aflar upplýsinga, er nefnd óskar eftir, og hefur á hendi önnur þau verkefni sem nefnd ákveður.

35. gr.

Á Alþingi starfa þessar alþjóðanefndir:

1. Íslandsdeild Alþjóðaðingmannasambandsins.
2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

3. Íslandsdeild þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu.
4. Íslandsdeild Norður-Atlantshafspingsins.
5. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.
6. Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Til hvernar alþjóðanefndar skal velja samkvæmt starfsreglum sem um hana gilda. Þó er þingflokki heimilt að tilnefna þingmenn í alþjóðanefndir ef um það er samkomulag milli þeirra. Tilnefningu skal þá lýst á þingfundi.

Hver alþjóðanefnd skal hafa ritara sem er nefndinni til aðstoðar.

Um aðrar alþjóðanefndir, er Alþingi kann að koma á fót, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. Forseti setur almennar reglur um störf alþjóðanefnda þingmanna.

III. ÞINGMÁL

36. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það.

37. gr.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður.

38. gr.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

39. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða útbýtingu nefndarálits og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

Breytist frumvarp við aðra umræðu á annan hátt en þann er nefnd leggur til skal hún fjalla um það áður en þriðja umræða hefst ef einhver þingmaður eða ráðherra óskar þess.

40. gr.

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við, svo og frumvarpið í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögur og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

Hafi breytingartillaga verið samþykkt við 3. umr. en umræðunni verið frestað áður en atkvæðagreiðsla fór fram um frumvarpið í heild og því vísað á ný til nefndar, sbr. 23. gr., er ráðherra, þingnefnd, sem haft hefur málið til athugunar, eða einstökum nefndarmönnum heimilt að leggja fram nýjar breytingartillögur við frumvarpið. Við framhald umræðunnar gilda ákvæði 55. gr. að nýju ef breytingartillögur hafa komið fram. Þegar umræðum er lokið skal fyrst greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan frumvarpið í heild eins og það þá er orðið.

41. gr.

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður sendir forseti það ríkisstjórninni sem lög frá Alþingi.

42. gr.

Lagafrumvarpi, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal vísa til sérnefndar skv. 32. gr. Í fyrirsögn skal það nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

43. gr.

Lagafrumvarp, er hefur verið fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

44. gr.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Tillögu til þingsályktunar skal að jafnaði fylgja greinargerð með skýringu á efni hennar. Umræða má eigi fara fram fyrir en í fyrsta lagi tveimur nóttum eftir að tillögunni var útbýtt.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrir en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust og um frestun á fundum Alþingis skulu þó afgreiddar við eina umræðu.

Við fyrri umræðu má hver ræðumaður tala tvisvar, flutningsmaður allt að fimmtán mínútum og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum í senn. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til síðari umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrir en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 55. gr.

Forseta er heimilt að láta ákvæði 55. gr. gilda við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmda-áætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, liggi fyrir ósk um það.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar á dagskrá að meiri hluti þings samþykki það.

45. gr.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir þá grein fyrir skýrslunni.

Ef ekki verður við komið að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu, sbr. 48. gr.

46. gr.

Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta þingfundi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni.

47. gr.

Alþjóðanefnd getur lagt skýrslu fyrir þingið. Skýrslan skal tekin til umræðu ef nefndin óskar þess eða beiðni kemur um það frá þingmanni.

48. gr.

Við umræður um skýrslur skv. 45.–47. gr. mega þingmenn og ráðherrar tala tvisvar nema sá ráðherra er leggur skýrsluna fram, hann má tala svo oft sem honum þykir þurfa. Sama gildir um framsögumenn nefnda sem flytja skýrslur.

Vísu má skýrslu til nefndar. Sé það gert skal fresta umræðunni og henni eigi fram haldið fyrr en einni nóttu eftir útbýtingu nefndarálits.

49. gr.

Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður svo fljótt sem hann telur sér unnt hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið í síðasta lagi þremur virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekið á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt.

| 3920.6301 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.6309 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr öðrum pólyesterum: | | |
| 3920.6901 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira. | 5 0 0 |
| 3920.6909 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr endurrunnum sellulósa: | | |
| 3920.7101 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.7109 | --- Annars | 5 0 0 |
| 3020.7200 | -- Úr vúlkanfíber | 0 |
| -- Úr sellulósaacetati: | | |
| 3920.7301 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.7309 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr öðrum afleiðum sellulósa: | | |
| 3920.7901 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.7909 | --- Annars | 5 0 0 |
| - Úr öðru plasti: | | |
| -- Úr pólyvinylbútyrali: | | |
| 3920.9101 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.9109 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr pólyamíðum: | | |
| 3920.9201 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.9209 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr amínóresínum: | | |
| 3920.9301 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.9309 | --- Annars | 5 0 0 |
| -- Úr fenólresínum: | | |
| 3920.9401 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| 3920.9409 | --- Annars..... | 5 0 0 |
| -- Úr öðru plasti: | | |
| 3920.9901 | --- Efni í færíbönd | 0 |
| 3920.9902 | --- 0,2 mm á þykkt eða meira | 5 0 0 |
| e. | Tollskrárnúmerið 3921.1100 skiptist upp og orðist svo: | |
| -- Úr styrenfjölliðum: | | |
| 3921.1101 | --- Til hitaeinangrunar | 5 0 0 |
| 3921.1109 | --- Annars | 5 0 0 |
| f. | Tollskrárnúmerið 3921.1201 orðist svo: | |
| 3921.1201 | --- Til klæðningar eða hitaeinangrunar | 5 0 0 |
| g. | Tollskrárnúmerið 3921.1202 falli brott. | |
| h. | Tollskrárnúmerið 3921.1902 orðist svo: | |
| 3921.1902 | --- Til klæðningar eða hitaeinangrunar..... | 5 0 0 |
| i. | Tollskrárnúmerið 3921.9001 orðist svo: | |
| 3921.9001 | -- Efni í færíbönd | 0 |

- j. Tollskrárnúmerið 3921.9002 orðist svo:
3921.9002 -- 0,2 mm á þykkt eða meira 5 0 0
- k. Tollskrárnúmerið 3921.9003 orðist svo:
3921.9003 -- Úr vúlkanfíber 0
- l. Tollur í A - dálki í tollskrárnúmerinu 3923.1001 verði 4%.
- m. Tollskrárnúmerið 3923.9002 bætist við vörulið nr. 3923 og orðist svo:
3923.9002 -- Vörubretti 4 0 0
- n. Tollur af tollskrárnúmerinu 3926.3001 verði 15%.
- o. Tollskrárnúmerið 3926.9024 orðist svo:
3926.9024 -- Tengikassar og tengidósir fyrir raflagnir, þó ekki vörur sem teljast til
nr. 8538 5 0 0
28. Við 40. kafla:
- a. Tollskrárnúmerin 4008.1101, 4008.1109 og 4008.2101 orðist svo:
4008.1101 --- Gólfefni og veggfóður 5 0 0
4008.1109 --- Annað 0
4008.2101 --- Gólfefni og veggfóður 5 0 0
- b. Tollskrárnúmerið 4014.1000 orðist svo:
4014.1000 - Getnaðarverjur 0
- c. Við vörulið nr. 4016 bætast tvö ný tollskrárnúmerin 4016.9923 og 4016.9924, er orðist svo:
4016.9923 --- Hlutar og fylgihlutir til tækja í nr. 8601 til 8606, 8608 og 8713 0
4016.9924 --- Hlutar og fylgihlutir til ökutækja í nr. 8716.2000 og 8716.3100 0
- d. Tollskrárnúmerið 4017.0001 orðist svo:
4017.0001 - Vörur úr harðgúmmí, fullunnar. 10 0 0
- e. Tollur í tollskrárnúmerinu 4017.0009 verði 0%.
29. Við 42. kafla:
Á eftir orðunum *hjúpað slíkum efnum* í vörulið nr. 4202 komi: eða pappír.
30. Við 44. kafla:
- a. Orðasambandið -- *Úr eik (Fagus spp.)* við undirlið nr. 4407.91 orðist svo:
-- *Úr eik (Quercus spp.)*.
- b. Tollskrárnúmerið 4409.1000 skiptist upp og orðist svo:
- Úr barrviði:
4409.1001 -- Gólfklæðning unnin til samfellu 5 0 0
4409.1009 -- Annað 5 0 0
- c. Tollskrárnúmerið 4409.2000 skiptist upp og orðist svo:
- Úr öðrum viði:
4409.2001 -- Gólfklæðning unnin til samfellu 5 0 0
4409.2009 -- Annað 5 0 0
- d. Tollskrárnúmerið 4410.1001 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo:
4410.1001 -- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
4410.1002 -- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
konar 5 0 0
- e. Tollskrárnúmerið 4410.9001 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo:
4410.9001 -- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
4410.9002 -- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
konar 5 0 0

| | | |
|----|---|-------|
| f. | Tollskrárnúmerið 4411.1101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.1101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.1102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar..... | 5 0 0 |
| g. | Tollskrárnúmerið 4411.1901 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.1901 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.1902 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| h. | Tollskrárnúmerið 4411.2101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.2101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.2102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| i. | Tollskrárnúmerið 4411.2901 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.2901 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.2902 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| j. | Tollskrárnúmerið 4411.3101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.3101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.3102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| k. | Tollskrárnúmerið 4411.3901 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.3901 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.3902 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| l. | Tollskrárnúmerið 4411.9101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.9101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.9102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| m. | Tollskrárnúmerið 4411.9901 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4411.9901 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4411.9902 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| n. | Tollskrárnúmerið 4412.1101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4412.1101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4412.1102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| o. | Tollskrárnúmerið 4412.1201 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4412.1201 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4412.1202 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| p. | Tollskrárnúmerið 4412.1901 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4412.1901 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4412.1902 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |
| q. | Tollskrárnúmerið 4412.2101 skiptist í tvö tollskrárnúmer, sem orðist svo: | |
| | 4412.2101 --- Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni | 5 0 0 |
| | 4412.2102 --- Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers konar | 5 0 0 |

- r. Tollskrárnúmerið 4412.2901 skiptist í tvö tolskrárnúmer, sem orðist svo:
 4412.2901 - - - Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
 4412.2902 - - - Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
 konar 5 0 0
- s. Tollskrárnúmerið 4412.9101 skiptist í tvö tolskrárnúmer, sem orðist svo:
 44129101 - - Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
 4412.9102 - - - Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
 konar 5 0 0
- t. Tollskrárnúmerið 4412.9901 skiptist í tvö tolskrárnúmer, sem orðist svo:
 4412.9901 - - - Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
 4412.9902 - - - Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
 konar 5 0 0
- u. Tollskrárnúmerið 4413.0001 skiptist í tvö tolskrárnúmer, sem orðist svo:
 4413.0001 - Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni 5 0 0
 4413.0002 - Unnar til samfellu sem annað klæðningarefni, listar hvers
 konar 5 0 0
- v. Tollskrárnúmerið 4418.1000 orðist svo:
 4418.1000 - Gluggar, dyragluggar og karmar til þeirra 5 0 0
- w. Tollskrárnúmerið 4418.4000 orðist svo:
 4418.4000 - Steinsteypumót 5 0 0
- x. Tollskrárnúmerið 4418.9002 bætist við vörulið nr. 4418 og orðist svo:
 4418.9002 - - Holplötur, einnig lagðar ódýrum málmum 0
- y. Tollskrárnúmerið 4421.9022 bætist við vörulið nr. 4421 og orðist svo:
 4421.9022 - - Hnakkvirki og klafar 0

31. Við 45. kafla:

- a. Tollskrárnúmerin 4504.1003, 4504.1004, 4504.1005 og 4504.1006 bætist við vörulið nr. 4504 og orðist svo:
 4504.1003 - - Korkvörur til skógerðar, ót.a 0
 4504.1004 - - Þynnur í flöskuhettur 0
 4504.1005 - - Einangrunarefni 0
 4504.1006 - - Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum 0
- b. Tollskrárnúmerin 4504.9003 og 4504.9004 bætist við vörulið nr. 4504 jafnframt því sem tolskrárnúmerið 4504.9001 orðist svo:
 4504.9001 - - Stengur, prófilar, pípur o.þ.h., ót. a 0
 4504.9003 - - Einangrunarefni 0
 4504.9004 - - Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum 0

32. Við 46. kafla:

- a. Tollskrárnúmerið 4602.1002 bætist við vörulið nr. 4602 og orðist svo:
 4602.1002 - - Handföng og höldur úr jurtaefnum 0
- b. Tollskrárnúmerið 4602.9002 orðist svo:
 4602.9002 - - Handföng og höldur, ót.a. 0

33. Við 48. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 4814.2000 skiptist upp og orðist svo:

- Veggfóður og áþekk veggklæðning, úr pappír húðuðum eða hjúpuðum á framhlið með æðóttu, upphleyptu, lituðu eða mynsturprentuðu plastlagi, eða skreyttu á annan hátt:

4814.2001 - - Húðað eða hjúpað með plasti, 60 - 160 cm á breidd 0

4814.2009 - - Annað 5 0 0

b. Tollskrárnúmerið 4814.9000 skiptist upp og orðist svo:

- Annað:

4814.9001 - - Upphleypt veggfóður, ekki áprentað eða skreytt, 60 - 160 cm á breidd 0

4814.9002 - - Veggfóður gegndreypt plasti, 60 - 160 cm á breidd 0

4814.9009 - - Annars 5 0 0

c. Á eftir orðinu *Skjalabindi* í tollskrárnúmeri 4820.3000 komi: (þó ekki bókaflífar).

d. Tollskrárnúmerin 4823.9006 og 4823.9007 bætist við vörulið nr. 4823 og orðist svo:

4823.9006 - - Umbúðapappír, prentaður og skorinn í stærðir eða form 5 0 0

4823.9007 - - Fatasnið 0

34. Við 49. kafla:

Tollur í A - dálki í tollskrárnúmeri 4910.0000 verði 5%.

35. Við flokk XI:

Við A-lið 2. athugasemdar við flokk XI bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Þegar ekki er meira af einu spunaefni en öðru í vöru miðað við þyngd skulu þær flokkaðar eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem telst til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.

36. Við 55. kafla:

Í stað orðsins *viskósa* í tollskrárnúmeri 5504.1000 komi: viskósarayon.

37. Við 59. kafla:

Vöruliður nr. 5905 skiptist upp og orðist svo:

5905 Veggfóður úr spunaefni:

5905.0001 - Úr baðmull, jútu eða flóka 0

5905.0009 - Annað 5 0 0

38. Við 61. kafla:

Athugasemd nr. 8 við 61. kafla orðist svo:

8. Fatnaður í þessum kafla, sem þannig er hannaður að vinstri boðangur er festur eða hnepptur yfir hægri boðang, skal teljast fatnaður karla eða drengja, en sé hann þannig að hægri boðangur er festur eða hnepptur yfir þann vinstri skal hann teljast fatnaður kvenna eða telpna. Þessi ákvæði eiga ekki við þegar snið fatnaðar gefur greinilega til kynna að hann henti aðeins öðru kyninu en ekki hinu.

Fatnaður sem ekki ber það með sér að vera annað hvort karla- eða drengjafatnaður eða telpnafatnaður skal flokkast í vörulið fyrir kven- eða telpnafatnað.

39. Við 62. kafla:

a. Athugasemd nr. 8 við 62. kafla orðist svo:

8. Fatnaður í þessum kafla, sem þannig er hannaður að vinstri boðangur er festur eða hnepptur yfir hægri boðang, skal teljast fatnaður karla eða drengja, en sé hann þannig að hægri boðangur er festur eða hnepptur yfir þann vinstri skal hann teljast fatnaður kvenna eða telpna. Þessi ákvæði eiga ekki við þegar snið fatnaðar gefur greinilega til kynna að hann henti aðeins öðru kyninu en ekki hinu.

Fatnaður sem ekki ber það með sér að vera annað hvort karla- eða drengja-fatnaður eða telpnafatnaður skal flokkast í vörulið fyrir kven- eða telpnafatnað.

b. Tollskrárnúmerið 6209.1000 skiptist upp og orðist svo:

- Úr ull eða fíngerðu dýrahári:

| | | | |
|---------------------------------|----|---|---|
| 6209.1001 - - Fylgihlutir | 10 | 0 | 0 |
| 6209.1009 - - Annað | 15 | 0 | 0 |

c. Tollskrárnúmerið 6209.2000 skiptist upp og orðist svo:

- Úr baðmull:

| | | | |
|---------------------------------|----|---|---|
| 6209.2001 - - Fylgihlutir | 10 | 0 | 0 |
| 6209.2009 - - Annað | 15 | 0 | 0 |

d. Tollskrárnúmerið 6209.3000 skiptist upp og orðist svo:

- Úr syntetískum trefjum:

| | | | |
|---------------------------------|----|---|---|
| 6209.3001 - - Fylgihlutir | 10 | 0 | 0 |
| 6209.3009 - - Annað | 15 | 0 | 0 |

e. Tollskrárnúmerið 6209.9000 skiptist upp og orðist svo:

- Úr öðrum spunaefnum:

| | | | |
|---------------------------------|----|---|---|
| 6209.9001 - - Fylgihlutir | 10 | 0 | 0 |
| 6209.9009 - - Annað | 15 | 0 | 0 |

f. Tollur í A-dálki í tollskrárnúmerunum 6217.1000 og 6217.9000 verði 10%.

40. Við 63. kafla:

Tollskrárnúmerin 6307.9002 og 6307.9003 bætist við vörulið nr. 6307 og orðist svo:

| | |
|--------------------------------|---|
| 6307.9002 - - Skóskraut | 0 |
| 6307.9003 - - Lóðabelgir | 0 |

41. Við 64. kafla:

a. Tollskrárnúmerin 6401.9901 og 6401.9909 falli brott en í þeirra stað komi tollskrárnúmerið 6401.9900, er orðist svo:

| | | | |
|----------------------------|----|---|---|
| 6401.9900 - - Annars | 15 | 0 | 0 |
|----------------------------|----|---|---|

b. Á eftir orðinu *skófamaðar* í vörulið nr. 6406 komi: (þar með taldir yfirhlutar, einnig festir við sóla, þó ekki ytri sóla).

42. Við 68. kafla:

Tollskrárnúmerið 6806.1000 orðist svo:

- Gjallull, steinull og áþekk ull úr jarðefnum (þ.m.t. blöndur þeirra) í lausu, þynnum eða rúllum:

| | |
|--|---|
| 6806.1001 - - Með rúmpyngd 20-50 kg/m ³ | 0 |
| 6806.1009 - - Annað | 0 |

43. Við 71. kafla:

N-liður 3. athugasemdar við 71. kafla orðist svo:

n. Vörur sem flokkast í 96. kafla samkvæmt 4. athugasemd við þann kafla.

44. Við 73. kafla:

a. Tollskrárnúmer 7308.4000 orðist svo:

7308.4000 - Búnaður í vinnupalla, tálma, stoðvirki eða námagöng 5 0 0

b. Tollskrárnúmerið 7326.2000 skiptist upp og orðist svo:

- Vörur úr járn- eða stálvír:

7326.2001 -- Fiskikörfur 4 0 0

7326.2009 -- Annað 10 0 0

c. Tollskrárnúmerið 7326.9903 orðist svo:

7326.9903 -- Til burstagerðar 0

d. Tollskrárnúmerið 7326.9011 orðist svo:

7326.9011 -- Tengikassar og tengidósir fyrir raflagnir, þó ekki vörur sem teljast til nr. 8538 5 0 0

45. Við 74. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 7419.9902 falli brott jafnframt því sem töluröð annarra tollskrárnúmera breytist til samræmis.

b. Tollskrárnúmerið 7419.9907, sem verður númer 7419.9906, orðist svo:

7419.9907 - - - Tengikassar og tengidósir fyrir raflagnir, þó ekki vörursem teljast til nr. 8538 5 0 0

46. Við 75. kafla:

Tollskrárnúmerið 7508.0002 bætist við vörulið nr. 7508 og orðist svo:

7508.0002 - Forskaut 0

47. Við 76. kafla:

a. Orðasambandið *en hærra* í athugasemd 2) neðanmáls við töflu í a-lið athugasemdar við undirlið í 76. kafla orðist: en ekki hærra.

b. Tollskrárnúmerið 7616.9004 orðist svo:

7616.9004 - - Til burstagerðar o.þ.h. 0

c. Tollskrárnúmerið 7616.9008 orðist svo:

7616.9008 - - Tengikassar og tengidósir fyrir raflagnir, þó ekki vörur sem teljast til nr. 8538 5 0 0

d. Tollskrárnúmerið, 7616.9012 bætist við vörulið nr. 7616 og orðist svo:

7616.9012 - - Grófmótaðar vörur, ót.a. 0

48. Við 81. kafla:

Á eftir orðinu *rusl* í tollskrárnúmeri 8108.1000 komi: ; duft.

49. Við 84. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8418.5000 orðist svo:

8418.5000 - Aðrar kæli- eða frystikistur, -skápar, -sýningarborð, -sýningarkassar og áþekk húsgögn með kæli- eða frystibúnaði 0

- b. Tollskrárnúmerið 8418.9100 skiptist upp og orðist svo:
 - - Húsgögn hönnuð fyrir kæli- eða frystibúnað:
 8418.9101 - - - Í nr. 8418.1001, 8418.2100 til 8418.2900, 8418.3001, 8418.4001,
 8418.6101 og 8418.6901 10 0 0
 8418.9109 - - - Önnur 0
- c. Tollur í tollskrárnúmeri 8419.8901 verði 0%.
- d. Vöruliður nr. 8425 og 1. undirliður, auk tollskrárnúmeranna 8425.1100 og 8425.1900, orðist svo:
8425 Blakkalyftibúnaður og talfur, þó ekki skúffubönd; vindur og koppvindur; tjakkar:
 - Blakkalyftibúnaður og talfur, þó ekki skúffubönd eða talfur til að lyfta ökutækjum:
 8425.1100 - - Knúíð rafhreyfli 0
 8425.1900 - - Annað 0
- e. 2. undirliður vöruliðs nr. 8425 orðist svo:
 - Aðrar vindur; koppvindur:
- f. Í stað orðsins *Hegrar* í vörulið nr. 8426 komi: Skipabómur.
- g. Tollskrárnúmerið 8428.9000 skiptist upp og orðist svo:
 - Annar vélbúnaður:
 8428.9001 - - Lyftibúnaður framan á almennar hjóladráttarvélar 0
 8428.9009 - - Annar 0
- h. Tollskrárnúmerið 8430.6901 orðist svo:
 8430.6901 - - - Moksturs- og graftarbúnaður framan á almennar hjóladráttarvélar..... 0
- i. Tollskrárnúmerið 8433.2000 orðist svo:
 8433.2000 - Aðrar sláttuvélar, þar með taldar sláttugreiður á dráttarvélar .. 0
- j. Tollskrárnúmerið 8448.5100 orðist svo:
 8448.5100 - - Sökkur (platinur), nálar og aðrir hlutir, notaðir til að mynda lykkjur0
- k. Vöruliður nr. 8470 orðist svo:
8470 Reiknivélar; bókhaldsvélar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekkar vélar, með reikniútbúnaði; stimpilpeningakassar:
- l. Vöruliður nr. 8483 og tollskrárnúmerið 8483.5000 orðist svo:
8483 Drifásar (kambásar og sveifarásar) og -sveifar; leghús og ásleg; tannhjól og tannhjólasamstæður; kúluspindlar (ball screws); girkassar og aðrir hraðabreytar, þar með taldir átaksbreytar; kasthjól og reimhjól, þar með taldar blakkir; tengsl og ástengsl (þar með taldir hjöruliðir):
 8483.5000 - Kasthjól og reimhjól, þar með taldar blakkir 0

50. Við 85. kafla:

- a. Tollur í tollskrárnúmerinu 8507.9000 verði 0%
- b. Vöruliður nr. 8516 orðist svo:
8516 Hrað- eða geymavatnshitarar og hitastautar (hitöld) fyrir rafmagn; raftækjabúnaður til hitunar á rými (space) og jarðvegi; rafmagnshituð hársnyrtitæki (t.d. hárpurrkur, hárlíðunartæki, hitunartæki fyrir hárlíðunarjárn) og rafmagnsstraujárn; önnur rafmagnshitunar-tæki til heimilisnota; rafmagnshitamótstöður, þó ekki í nr. 8545:

- c. 2. undirliður vöruliðs nr. 8516 orðist svo:
- Raftækjabúnaður til rýmis- og jarðvegshitunar:
- d. Tollskrárnúmerið 8516.2100 orðist svo:
8516.2100 -- Rafmagnshitaðir varmaeymar 5 0 0
- e. Tollskrárnúmerið 8516.2901 orðist svo:
8516.2901 --- Aðrir rafmagnsöfnar og rafmagnsbúnaður til hitunar á rými, einnig íverustöðum í farartækjum, vinnuvélum og víðar 5 0 0
- f. Á eftir orðinu (*video*) í vörulið nr. 8521 komi: , einnig með innbyggðum myndmóttakara (*video tuner*).
- g. Í stað orðanna *myndvörpur (video projectors)*, *einnig sambyggð, í sama hylki, útvarpsviðtæki* í vörulið nr. 8528 komi: myndvörpur (*video projectors*), einnig með útvarpsviðtæki.
- h. Vöruliður nr. 8533 orðist svo:
8533 Rafmagnsviðnám (þar með talin rennivíðnám (rheostats) og spennudeilar (breytívíðnám)), þó ekki hitamóttöður:
- i. Tollskrárnúmerin 8535.9001 og 8535.9009 falli brott, en í þeirra stað komi tollskrárnúmerið 8535.9000, er orðist svo:
8535.9000 - Annar 0

51. Við 87. kafla:

- a. 3. athugasemd við 87. kafla falli brott jafnframt sem töluröð annarra athugasemda breytist til samræmis.
- b. Vöruliður 8702 orðist svo:
8702 Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni:
- c. Tollskrárnúmerið 8703.1012 orðist svo:
8703.1012 --- Sjúkrabifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0
- d. Tollskrárnúmerið 8703.1013 falli brott.
- e. Tollskrárnúmerið 8703.1090 skiptist upp og orðist svo:
-- Önnur:
8703.1091 --- Fjór hjól eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 10
8703.1099 --- Önnur 10
- f. Tollskrárnúmerin 8704.2222 og 8704.3222 falli brott.
- g. Tollskrárnúmerið 8711.9000 skiptist upp og orðist svo:
- Annað:
8711.9001 -- Hliðarvagnar 10
8711.9002 -- Bifhjól, óta. 10
8711.9009 -- Annað 10

52. Við 90. kafla:

- a. Við 1. athugasemd 90. kafla bætist ný athugasemd b með eftirfarandi orðalagi jafnframt því sem núgildandi athugasemdir b til l verði athugasemdir c til m:
- b. Aðhaldsbelti eða aðrar vörur til aðhalds úr spunaefni, enda byggist áhrif þeirra á líffæri þau sem þær halda að eða styðja við, eingöngu á teygjanleika þeirra (t.d. meðgöngubelti, brjóstholsbindi, magabindi og liðamóta- eða vöðvabindi) (flokkur XI).
- b. Á eftir orðinu *Hítamælar* í undirlið nr. 9025.11 komi: og háhitamælar.
- c. Í stað tilvitnunarinnar nr. 9015 í vörulið nr. 9029 komi: nr. 9014 eða 9015.

53. Við 92. kafla:

F-liður 1. athugasemdar við 92. kafla falli brott.

54. Við 94. kafla:

a. E-liður 1. athugasemdar við 94. kafla orðist svo:

e. Húsgögn sérhönnuð sem hlutar til kæli- og frystitækja í nr. 8418.

b. Tollskrárnúmerið 9401.2000 skiptist upp og orðist svo:

- Sæti til nota í ökutækjum:

9401.2001 - - Sæti í dráttarvélar 5 0 0

9401.2009 - - Önnur 10 0 0

c. Tollskrárnúmerið 9405.9201 orðist svo:

9405.9201 - - - Lampaskermar, ót. a. 10 0 0

d. Tollskrárnúmerið 9405.9202 bætist við vörulið nr. 9405 og orðist svo:

9405.9202 - - - Skermar og hjálmur fyrir götuljósker og flúrskinsljós fyrir
útisvæði 0

55. Við 95. kafla:

Í stað orðanna *búnaður til filmleika* í vörulið nr. 9506 og tollskrárnúmeri 9506.9100 komi: búnaður til almennrar líkamsræktar, fimleika.

56. Við 96. kafla:

a. Á eftir orðinu *Tannburstar* í tollskrárnúmeri 9603.2100 komi: , þar með taldir burstar fyrir gervitennur.

b. Tollur af tollskrárnúmerinu 9603.5000 falli brott.

57. Við 97. kafla:

Í stað orðanna *skoðast sem hlutar af* í 5. athugasemd við 97. kafla komi: skulu flokkaðir með. Jafnframt bætist svohljóðandi málsliður við 5. athugasemd: Rammar sem ekki eru að gerð eða verðmæti í eðlilegu samræmi við vörur þær, sem vitnað er til í þessari athugasemd, skulu flokkaðir sérstaklega.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim, og auglýsingu nr. 12 15. mars 1988, auglýsingu nr. 96 23. desember 1988, auglýsingu nr. 95 21. júní 1989 og auglýsingu nr. 96 10. júlí 1989, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1991.

Friðrik Sophusson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1991

27. desember 1991

431

Nr. 77

LÖG

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald,
sbr. lög nr. 108/1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1991“ í 2. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 30. september 1992.

2. gr.

2. gr. laga nr. 108/1990 falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Frá og með 1. október 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum, úr gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

23. desember 1991

LÖG

Nr. 78

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990,
um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. ágúst 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

A 30

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 59/1978, orðast svo: Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, umönnunarbóta, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 30/1981, orðast svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir a.m.k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

a. Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.092 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.111 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta, að fengnum tillögum svæðisstjórna, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði, sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst., mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

b. 13.–22. gr. verða 14. og 23. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985,
sbr. lög nr. 130/1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað lokamálsliðar 6. gr. laganna komi þrjár nýir málsliðir er orðist svo: Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við þá lánskjaravísitölu sem gildir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingu í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða hvernig stigagrundvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skv. I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum — frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð — eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér skv. 11. gr., margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reiknað með færri stigum en 5. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu að auk áunninna stiga skal reikna þau stig sem ætla má að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100% greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum — frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð — eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hinum látna var reiknaður að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá áður en hann nær 70 ára aldri skal auk áunnina stiga reikna þau stig sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann féll frá. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. mgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr. er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt að ákveða að í sérstökum tilvikum skuli stig, sem eftirlaunaþegi hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalds til lífeyrissjóðs, ekki dregin frá heildarstigafjölda hans eða frádráttur þeirra takmarkaður. Með sérstökum tilvikum er átt við að lífeyrissjóður sá, sem veitti iðgjaldi viðtöku, sé gjaldþrota eða gjaldþol hans svo rýrt að hann hafi gripið til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.

3. gr.

1. másl. 14. gr. laganna orðist svo: Greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum skv. 12. gr.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu eftirlauna skv. I. kafla, en umsjónarnefnd eftirlauna skv. II. kafla.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknuð frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn barst umsjónarnefnd eftirlauna.

5. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt á kostnaðaraðila í hlutfalli við útgjöld til greiðslu eftirlauna.

6. gr.

Í stað „samkvæmt 14. gr.“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: skv. 12. gr.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þau á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1997.

9. gr.

Í stað IV. og V. kafla laganna, 21.–26. gr., komi nýr kafli, IV. KAFLI, **Fjárhagsákvæði:**

a. (21. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði.

b. (22. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta af Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hvorum um sig.

c. (23. gr.)

Þeim eftirlaunaþegum, sem njóta réttar skv. I. kafla laga þessara, skal greidd viðbót sem nemur þremur stigum umfram þann stigafjölda sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um. Viðbót þessi skal greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót samkvæmt þessari grein skerðir ekki þann rétt sem kveðið er á um í 6. mgr. 12. gr.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laga þessara skal veita viðbót samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann rétt sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

10. gr.

27. gr. laganna verði 24. gr. svohljóðandi:

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1992.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög um eftirlaun til aldraða, nr. 2 14. febrúar 1985, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við endanlegt uppgjör á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu sérstakrar uppbótar skv. I. kafla og greiðslur eftirlauna skv. II. kafla fyrir árið 1991 skal farið eftir áður gildandi reglum, sbr. lög nr. 2/1985 og 130/1989.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um vatnsveitur sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstöðum og bæjum skal bærarstjórn starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Í hreppum er hreppsnefnd heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

2. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni, sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum, í umboði hennar. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Um samvinnu sveitarstjórna á þessu sviði skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, um byggðasamlög, nema um annað sé sérstaklega samið.

4. gr.

Sveitarstjórn er eigandi vatnsveitu sveitarfélags og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, götuæða og heimæða. Sveitarstjórn annast og kostar viðhald vatnsæðanna.

5. gr.

Sveitarstjórn, sem lagt hefur vatnsveitu, hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins.

6. gr.

Eigandi fasteignar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá heimæð lagða frá götuæð. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds og skal það miðað við rúmmál fasteignar. Gjaldalagi þess skal vera 30 dögum eftir lagningu heimæðar.

Vatn, sem tekið er úr stofnkranan innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi sveitarstjórnar. Réttur eiganda til að nota vatn til heimilisþarfa skuldbindur ekki sveitarstjórn til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema sveitarstjórn leyfi annað.

Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til sveitarstjórnar. Eigandi ber sjálfur kostnað við breytingar sem þessar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur sveitarstjórn sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1990.

8. gr.

Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatns-

gjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum.

Sveitarstjórn lætur þeim er greiða skulu aukavatnsgjald í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn er eigandi vatnsmælanna og ákveður upphæð gjalds fyrir leigu á þeim. Aukavatnsgjald skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður sveitarstjórn aukavatnsgjaldið samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsgjald skal innheimta eftir á eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar og skal hámark gjaldsins tilgreint í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta.

Í þeim tilvikum, þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu, er sveitarstjórn heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

9. gr.

Selji sveitarstjórn annarri sveitarstjórn vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist eigi samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölnunnar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

10. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalds.

Vatnsgjald og heimæðargjald eru, ásamt áföllnum kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða aukavatnsgjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Aukavatnsgjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

11. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 7., 8. og 9. gr. laga þessara, sbr. og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum sem renna skulu í sveitarsjóð nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtökur, vatnsæðar o.fl.

14. gr.

Lög þessi skulu taka gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, svo og 20., 21., 23. og 28. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Þær heimæðar, sem fasteignaeigendur eiga við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, skulu vera eign þeirra áfram nema samkomulag verði um að sveitarstjórn yfirtaki þær. Næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara skal sveitarstjórn annast á eigin kostnað viðhald heimæða, sbr. 1. málsl., og að þeim tíma loknum ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignaeiganda. Sveitarstjórn skal kynna fasteignaeiganda ákvæði þessarar greinar.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1992 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess á bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1991 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1991.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1992 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1991. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1992 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1991 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1992. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abu-Samra, Bassam Kemal Ghali Ali, matsveinn í Kópavogi, f. 1. janúar 1965 í Ísrael.

2. Andreasen, Olga, húsmóðir í Gnúpverjahreppi, f. 19. mars 1956 í Stykkishólmi.
3. Andy, Ruby Sheila Kumari, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. maí 1958 í Singapúr.
4. D'Arcy, Julian Meldon, dósent í Reykjavík, f. 9. mars 1949 í Wales.
5. Browne, George Stuard, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 5. júní 1938 á Írlandi.
6. Carteciano, Ana Bejec, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 19. júlí 1958 á Filippseyjum.
7. Cashman, Mary Michelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1961 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Dunn, Charlotta Maria Madelaire, bókari á Blönduósi, f. 10. ágúst 1960 í Danmörku.
9. Eichmann, Charlotte Lido, nemi í Keflavík, f. 19. september 1975 í Hafnarfirði.
10. Eichmann, Guðlaug Hanna, nemi í Keflavík, f. 30. nóvember 1980 í Keflavík.
11. Frederiksen, Inge Margrethe, afgreiðslukona í Reykjavík, f. 5. október 1934 í Danmörku.
12. Fors, Karen Margaret, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 20. september 1951 í Kanada.
13. Groeneweg, Adriaan Dick, verslunarstjóri í Garðabæ, f. 16. mars 1944 í Hollandi.
14. Groiss, Helmut, vefmeistari á Akureyri, f. 27. september 1941 í Austurríki.
15. Grytvik, Samúel, nemandi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 í Vestmannaeyjum.
16. Guberska, Zofia, nemandi í Reykjavík, f. 2. ágúst 1955 í Póllandi.
17. Hanneck, Björn Sindri, barn í Reykjavík, f. 10. mars 1980 í Þýskalandi.
18. Hannigan, Nicholas Peter John, kennari í Reykjavík, f. 26. desember 1957 í Kanada.
19. Hansen, Sigurður Peter, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 4. desember 1967 í Reykjavík.
20. Hinrichsen, Helmut, kennari í Mosfellsbæ, f. 23. ágúst 1953 í Þýskalandi.
21. Hockett, Allan Örn, nemi í Reykjavík, f. 3. júlí 1973 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Hockett, Stephanie Sunna, nemi í Reykjavík, f. 2. október 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Ivanova, Olga Pavlovna, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
24. Ivanovic, Uros, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1939 í Júgóslavíu.
25. Johannsen, Hrönn, nemi í Borgarnesi, f. 27. febrúar 1975 í Reykjavík.
26. Kale, Mahesh Madhavrao, rafsuðumaður í Hafnarfirði, f. 8. júlí 1953 á Indlandi.
27. Kampp, Anne, leiðbeinandi á Egilsstöðum, f. 12. júlí 1955 í Danmörku.
28. Karl Bernhard Mýrdal, fjarskiptasérfræðingur í Reykjavík, f. 2. apríl 1954 í Reykjavík.
29. Khalifeh, Mohamad Farid, rafmagnsverkfræðingur á Seltjarnarnesi, f. 25. desember 1936 í Jórdaníu.
30. Kwaszenko, Soffia Kristin, ritari í Reykjavík, f. 26. febrúar 1953 í Englandi.
31. Labandero, Pinafrancia, póstmaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 á Filippseyjum.
32. Macdonald, Mary Allyson, kennslufræðingur á Hólum í Hjaltadal, f. 29. október 1952 í Suður-Afríku.
33. Margrét Svava Jörgensdóttir, hárskeri í Reykjavík, f. 23. nóvember 1965 í Reykjavík.
34. Martinez, Rafael Vias, atvinnurekandi í Reykjavík, f. 11. október 1956 á Spáni.
35. Mondejar, Antonio Penalver, hafnarverkamaður í Keflavík, f. 1. september 1956 á Spáni.
36. Morales, Gabriela Rosa Escobar, sjúkraliði á Þórshöfn, f. 4. apríl 1965 í Síle.
37. Paran, Alma Unabia, iðnverkakona í Kópavogi, f. 13. júní 1971 á Filippseyjum.
38. Perry, Will Harrison, fyrrv. framkvæmdastjóri í Garðabæ, f. 7. mars 1926 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

39. Pettypiece, Victoria Ayn, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. september 1954 í Englandi.
40. Silud, Merlita Maguicay, iðnverkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Smith, Marlisa Jean, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. 21. janúar 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
42. Telli, Elife, verkakona í Hafnarfirði, f. 15. maí 1965 í Tyrklandi.
43. Ulloa, Jose Gregorio Cruz, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 27. nóvember 1961 í Kólumbíu.
44. Vaca, Eduardo Perez, aðstoðarmatsveinn í Reykjavík, f. 3. desember 1965 á Spáni.
45. Villegas, Helen Santasingh, húsmóðir í Austur-Landeyjum, f. 23. apríl 1959 á Filippseyjum.
46. Þórdís Sína Pétursdóttir, verkakona í Keflavík, f. 16. júlí 1967 í Keflavík.
47. Þórhildur Sýlvía Magnúsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 18. febrúar 1971 í Þýskalandi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985,
um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Verð á öllum tegundum fersks sjávarafra, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveðið með frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda eða með sölu á uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 123 28. desember 1989.

Verðlagsráði er þó heimilt með meiri hluta atkvæða að ákveða lágmarksverð einstakra tegunda sjávarafra fyrir tiltekið tímabil.

2. mgr. 8. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

3. gr.

10. gr. laganna falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu frá birtingu laga þessara og til 31. desember 1992 er Verðlagsráði, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 43 4. júní 1985, með meirihlutaákvörðun heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálssa. Á þessu tímabili skal yfirnefnd ákveða lágmarksverð á tegundum sem vísað hefur verið til hennar og er yfirnefndinni ekki heimilt að gefa verðlagningu frjálssa.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „300.000“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 328.500.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður er orðast svo: Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar skattskyldum söluhagnaði er dreift samkvæmt þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingastuðli, sbr. 26. gr., fram til þess árs sem hann er tekjufærður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðanna „115.000“ og „230.000“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 126.000 og 252.000.
- b. Í stað fjárhæðanna „86.000“ og „172.000“ í 2. másl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 94.000 og 188.000.
- c. Í stað fjárhæðanna „18.200.000“ og „36.400.000“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 21.000.000 og 42.000.000.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. 7. tölul. orðast svo: Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
- b. 8. tölul. fellur brott.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Í stað „8%“ í 1. tölul. kemur: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
- b. Í stað „8%“ í 2. tölul. kemur: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
- c. Í stað „12%“ í 3. tölul. kemur: að lágmarki 9%, að hámarki 12%.
- d. Í stað „20%“ í a-lið og „15%“ í b-lið 4. tölul. kemur: að lágmarki 15%, að hámarki 20% og að lágmarki 11%, að hámarki 15%.
- e. Í stað „2%“ í 5. tölul. kemur: að lágmarki 1,5%, að hámarki 2%.
- f. Í stað „20%“ í 7. tölul. kemur: að lágmarki 15%, að hámarki 20%.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000“ í 41. gr. laganna kemur: 115.000.

7. gr.

2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Þegar samvinnufélög sameinast, sbr. 78. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, eða hlutafélag sameinast samvinnufélagi, sbr. 81. gr. sömu laga, skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

8. gr.

57. gr. A laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi sem slitið var ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag það sem við tekur skal hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining félaganna verður og að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur hafði með höndum.

9. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „250.200“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 287.064.

10. gr.

B-liður 68. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf.

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir sem stunda sjómennsku, sbr. 4. mgr., og lögskráðir eru í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 4. mgr.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar lögskráðir sjómenn sem starfa, sbr. 4. mgr., á varðskipi, rannsóknaskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands.

Sjómannaafsláttur skal vera 660 kr. á hvern dag. Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta afsláttar alla daga ársins og hlutfallslega séu lögskráningardagar færri en 245, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð. Hlutaráðnir beitningarmenn skulu eiga rétt á sjómannaafslætti þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmllestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. framangreint. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra. Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Komi upp ágreiningur um þá daga, sem veita rétt til sjómannaafsláttar, má staðreyna dagafjöldann með staðfestingu stéttarfélags á greiddum stéttarfélagsgjöldum.

Um ráðstöfun sjómannaafsláttar skulu ákvæði A-liðar gilda eftir því sem við getur átt.

Réttur til sjómannaafsláttar er háður því að útgerðaraðili haldi nákvæma skráningu yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar.

Setja skal í reglugerð ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar. Í henni skal m.a. kveða á um með hvaða hætti skuli ákvarða dagafjölda sem veitir rétt til afsláttar, skráningu, sbr. 6. mgr., og hvaða gagna megi krefjast í því sambandi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. koma tveir nýir máslíðir er orðast svo: Barnabætur skulu árlega nema 8.886 kr. með fyrsta barni en 27.564 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 28.917 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir.
- b. Í stað 1. og 2. másl. 2. mgr. koma tveir nýir máslíðir er orðast svo: Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66.723 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 70.941 kr., en þó 28.917 kr. hærri sé það yngra en 7 ára.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „59.860“ í 2. mgr. kemur: 89.284.
- b. Í stað fjárhæðanna „920.000“ og „613.000“ í 3. mgr. kemur: 1.098.000 og 732.000.
- c. Í stað fjárhæðanna „3.350.000“ og „5.025.000“ í 4. mgr. kemur: 3.900.000 og 5.850.000.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á C-lið 69. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „2.555.000“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 2.965.000.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „4.235.000“ í 4. másl. 2. mgr. kemur: 4.915.000.
- c. Í stað fjárhæðanna „107.000“, „140.000“ og „174.000“ í 6. másl. 2. mgr. kemur: 123.000, 161.000 og 200.000.
- d. Í stað fjárhæðanna „400.000“, „525.000“ og „650.000“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 438.000, 575.000 og 712.000.

14. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.080.000“ og „2.160.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: 1.183.000 og 2.366.000.

15. gr.

Í stað fjárhæðanna „2.940.000“, „8.235.000“, „1.680.000“ og „840.000“ í 83. gr. laganna kemur: 3.412.000, 9.550.000, 2.000.000 og 1.000.000.

16. gr.

Í stað ártalsins „1991“ í 122. gr. laganna kemur: 1993.

17. gr.

Við lögina bætist ný grein, er verður 124. gr., og orðast svo:

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög nr. 22/1991, um samvinnufélög, eftir því sem við á. Jafnframt skulu ákvæði laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, um hlutabréf gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1992 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1., 3., 6., 12., 13., 14. og 15. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991 og eigna í lok þess árs og ákvæði 11. gr. vegna ákvörðunar barnabóta á árinu 1992.

Ákvæði b-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 vegna tekjuársins 1993 enda taki gildi frá sama tíma lög um skattskyldu fjármagnstekna og arðs af hlutafé er komi í veg fyrir tvísköttun arðs.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, svo og sá hluti 1. mgr. 25. gr. þeirra laga sem hefst á orðunum „en fjárhæðir“.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 61.600 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. desember 1991, þ.e. 3.198 stig.

II.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 4. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa, eins og þær voru 31. desember 1990, frá skattskyldum tekjum næstu fimm ára talið frá gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, orðast svo: Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955 skal haldast óbreytt til ársloka 1992 en þá skulu heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það. Sérstök þriggja manna stjórn, skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal í umboði hans annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og vinna að endanlegri gerð áætlunar um framtíðarhlutverk stöðvarinnar. Í stjórninni skulu eiga sæti einn fulltrúi ráðherra, sem skal vera formaður, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs. Áætlunin skal koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993. Frá þeim tíma falla heilsuverndarlög, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 87

21. desember 1991

FORSETA BRÉF**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 115. löggjafarþings, frá 22. desember 1991 og standi sú frestun til 6. janúar 1992 nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1991.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1991

31. desember 1991

447

Nr. 88

LÖG

um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Dómsmálagjöld.

1. gr.

Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

| | |
|--|-----------|
| 1. Fyrir útgáfu stefnu | 1.000 kr. |
| 2. Fyrir þingfestingu | 3.000 kr. |
| 3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns | 3.000 kr. |
| 4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu | 100 kr. |

Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

| | |
|---|------------|
| 1. Fyrir kæru | 10.000 kr. |
| 2. Fyrir áfrýjunarleyfi | 10.000 kr. |
| 3. Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu | 10.000 kr. |
| 4. Fyrir þingfestingu | 3.000 kr. |
| 5. Útivistargjald | 10.000 kr. |

Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngu-sök og framhaldssök.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.
2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

2. gr.

Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbanngerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

A 31

3. gr.

Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

Þá skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárlita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.
9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

II. KAFLI

Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

4. gr.

Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

Við lögbanngerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

5. gr.

Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en 9.000 kr. eða meira en 30.000 kr. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei

vera minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Akvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið 15.000 kr., en ef beiðnin varðar annars konar eign 5.000 kr.

Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

6. gr.

Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða 5.000 kr. sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

7. gr.

Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.
2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.
3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.
4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. KAFLI

Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

8. gr.

Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða 1.000 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lögræðissviptingar.

9. gr.

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.000 kr.

Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða 2.000 kr.

Fyrir drátt í happdrætti skal greiða 3.000 kr.

IV. KAFLI

Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

10. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina skal greiða sem hér segir:

| | |
|---|------------|
| 1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti | 75.000 kr. |
| 2. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi | 50.000 kr. |
| 3. Leyfi til að stunda almennar lækningar | 5.000 kr. |
| 4. Leyfi til að stunda sérfræðilækningar | 75.000 kr. |
| 5. Leyfi til að stunda almennar tannlækningar | 50.000 kr. |
| 6. Leyfi til að stunda sérfræðitannlækningar | 75.000 kr. |
| 7. Lyfsöluleyfi | 75.000 kr. |
| 8. Leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafraeðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga | 25.000 kr. |
| 9. Löggilding endurskoðenda | 75.000 kr. |
| 10. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkur, skjalapýðendur, endurskoðendur o.fl.) | 25.000 kr. |
| 11. Löggilding manns um óákveðinn tíma | 5.000 kr. |
| 12. Meistarabréf | 25.000 kr. |
| 13. Sveinsbréf | 5.000 kr. |
| 14. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A | 11.000 kr. |
| 15. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B | 13.000 kr. |
| 16. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C | 14.000 kr. |
| 17. Vélstjórnarskírteini | 13.000 kr. |
| 18. Fyrir endurnýjun leyfa skv. 14.–17. tölul. | 3.000 kr. |
| 19. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa | 3.000 kr. |
| 20. Flugnema- og svifflugmannsskírteini | 5.000 kr. |
| 21. Einkaflugmannsskírteini | 6.000 kr. |
| 22. Atvinnuflugmannsskírteini III. fl. | 15.000 kr. |
| 23. Atvinnuflugmannsskírteini II. fl. | 20.000 kr. |
| 24. Atvinnuflugmannsskírteini I. fl. | 25.000 kr. |
| 25. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjórnarskírteini | 25.000 kr. |
| 26. Skírteini til kvikmyndasýninga | |
| a. staðbundin skírteini | 5.000 kr. |
| b. sveinsskírteini | 5.000 kr. |
| c. meistaraskírteini | 5.000 kr. |
| 27. Naglabyssuskírteini | 5.000 kr. |
| 28. Skírteini fyrir suðumenn | 5.000 kr. |
| 29. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum | 5.000 kr. |

V. KAFLI

Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

11. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

| | |
|------------------------------|------------|
| 1. Heildsöluleyfi | 70.000 kr. |
| 2. Umboðssöluleyfi | 50.000 kr. |

| | |
|---|-------------|
| 3. Smásöluleyfi | 50.000 kr. |
| 4. Lausaverslunarleyfi | 50.000 kr. |
| 5. Endurnýjun verslunarleyfis | 20.000 kr. |
| 6. Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki | 100.000 kr. |
| 7. Leyfi til verðbréfamiðlunar | 50.000 kr. |
| 8. Bráðabirgðaleyfi til verðbréfamiðlunar | 10.000 kr. |
| 9. Leyfi til fasteignasölu | 100.000 kr. |
| 10. Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla | 50.000 kr. |
| 11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul. | 5.000 kr. |
| 12. Leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu | 50.000 kr. |
| 13. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað | 50.000 kr. |
| 14. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi | 20.000 kr. |
| 15. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi | 15.000 kr. |
| 16. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 13.–15. tölul. | 3.000 kr. |
| 17. Leyfi til tækifærisveitinga | 3.000 kr. |
| 18. Leyfi fyrir áfengisveitingastað | |
| a. til sex mánaða eða skemur | 20.000 kr. |
| b. til eins árs eða skemur | 30.000 kr. |
| c. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára | 50.000 kr. |
| d. til lengri tíma en tveggja ára | 100.000 kr. |
| 19. Leyfi til áfengisveitinga (tækifærisveitinga) | 5.000 kr. |
| 20. Leyfi til að framleiða áfenga drykki | 100.000 kr. |
| 21. Almenn skemmtanaleyfi fyrir veitingastað | |
| a. til eins árs eða skemur | 100.000 kr. |
| b. til lengri tíma en eins árs | 300.000 kr. |
| 22. Iðju- og iðnaðarleyfi | 25.000 kr. |
| 23. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum | 5.000 kr. |

VI. KAFLI

Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

| | |
|--|------------|
| 1. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) | 3.000 kr. |
| 2. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum | 5.000 kr. |
| 3. Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul. | 3.000 kr. |
| 4. Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni | 25.000 kr. |
| 5. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heilidsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi | 15.000 kr. |
| 6. Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul. | 3.000 kr. |
| 7. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu | 3.000 kr. |
| 8. Leyfi til kaupa á sprengiefni | 6.000 kr. |

- | | |
|---|-----------|
| 9. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar | 6.000 kr. |
| 10. Önnur sambærileg leyfi nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum | 3.000 kr. |

VII. KAFLI

Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

13. gr.

Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags | 100.000 kr. |
| 2. Skráning erlendra félaga | 50.000 kr. |
| 3. Skráning firma eins manns | 40.000 kr. |
| 4. Skráning firma tveggja manna eða fleiri | 50.000 kr. |
| 5. Aukatilkynningar og skráning breytinga | 1.000 kr. |
| 6. Skráning loftfars til atvinnuflugs | 60.000 kr. |
| 7. Skráning loftfars til einkaflugs | 30.000 kr. |
| 8. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) | 5.000 kr. |
| 9. Skráning kaupmála | 4.000 kr. |
| 10. Lögskráning sjómanna | 500 kr. |
| 11. Aðrar skráningar sem framkvæmdar eru af stjórnvöldum | 4.000 kr. |

VIII. KAFLI

Ýmis vottorð og leyfi.

14. gr.

- | | |
|--|-----------|
| 1. Fyrir vegabréf til útlanda (18–66 ára) | 4.000 kr. |
| 2. Fyrir vegabréf til útlanda fyrir aðra | 1.500 kr. |
| 3. Fyrir borgaralega hjónavígslu | 4.000 kr. |
| 4. Lögskilnaðarleyfi | 2.500 kr. |
| 5. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng | 2.000 kr. |
| 6. Ættleiðingarleyfi | 2.000 kr. |
| 7. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verzlunar eða atvinnu | 1.000 kr. |
| 8. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar | 1.000 kr. |
| 9. Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna | 1.000 kr. |
| 10. Fyrir veðbókarvottorð | 800 kr. |
| 11. Fyrir önnur embættisvottorð | 1.000 kr. |

IX. KAFLI

Ljósrit og endurrit.

15. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða 1.000 kr.

Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lög-
bókandastaðfestingum.

X. KAFLI

Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

16. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hlið-stæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

17. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

18. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum eru grunngjöld og er heimilt að hækka þau um hver áramót í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á árinu á vísitölu vöru og þjón-ustu, í fyrsta sinn 1. janúar 1993. Grunnvísitalan er 161,1 stig.

Þegar gjald hefur verið reiknað út skv. 1. mgr. skal það hækkað eða eftir atvikum lækkað í næsta hundrað.

Fjármálaráðherra skal með auglýsingu í Stjórnartíðindum tilkynna breytingar skv. 1. mgr.

19. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og reglugerðir sem settar voru samkvæmt heimild í þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þessara laga, er varða sýslumenn, gilda um bæjarfógeta og borgarfógeta eftir því sem við á til 1. júlí 1992.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld vegna lífeyrissgreiðslna skv. 17. og 18. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr., skulu til ársloka 1996 borin af ríkissjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóði bænda. Skal Lífeyrissjóður bænda greiða þann hluta lífeyris sem bóndi hefur áunnið sér með greiðslu iðgjalds skv. I. kafla til sjóðsins. Að öðru leyti skal ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir greiðslum þannig að ríkissjóður greiði 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%. Frá 1. janúar 1997 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrissgreiðslum þessum.

3. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Árin 1992 til 1996 skal lífeyrir skv. I. kafla hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi fimm almanaksára.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. skal lífeyrir skv. II. kafla frá 1. janúar 1992 miðast við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. Hinn 1. júlí 1992 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí til ársloka 1996.

Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt skv. II. kafla, skal reiknaður á sama hátt og segir í 2. mgr., þó þannig að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir, er svarar til 40 stiga, reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fer eftir ákvæðum 1. mgr. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt skv. II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir reglu 1. málsl. og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1991

23. desember 1991

455

Nr. 90

LÖG

um nauðungarsölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. ÞÁTTUR

Almennar reglur um nauðungarsölu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Eftir ákvæðum laga þessara verður eign ráðstafað án tillits til vilja eiganda hennar á uppboði, með sölu á almennum markaði eða með því að innheimta eða innleysa andvirði hennar, sbr. þó 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Hugtakið nauðungarsala er notað í lögum þessum sem samheiti þeirra ráðstafana sem er getið í 1. mgr.

2. gr.

Aðilar að nauðungarsölu eru:

1. gerðarbeiðandi, en hann er sá sem krefst hennar,
2. gerðarþoli, en hann er sá sem verður eftir almennum reglum talinn eigandi að þeirri eign sem nauðungarsalan tekur til,
3. þeir sem njóta annars þinglýstra réttinda yfir eigninni eða réttinda sem er ekki þinglýst en gefa sig fram,
4. aðrir sem gefa sig fram og hafa uppi kröfur varðandi eignina eða andvirði hennar eða mótmæli gegn kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi þeir lögvarða hagsmuni af því að gætt verði að kröfum þeirra eða mótmælum við nauðungarsöluna.

3. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með framkvæmd nauðungarsölu. Sýslumanni er þó heimilt að fela ólöglærðum starfsmanni sínum eða umboðsmanni að bjóða upp lausafjármuni eftir ákvæðum XI. kafla.

Um hæfi til að fara með framkvæmd nauðungarsölu fer eftir reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði eftir því sem átt getur við. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum með innheimtu kröfu sem leiðir til aðildar kröfueigandans að nauðungarsölnni.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að annast störf samkvæmt lögum þessum skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að leysa þau af hendi. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

Að því leyti sem málefni samkvæmt þessum lögum koma til kasta héraðsdómstóla skal þeim beint til dómstólsins sem hefur dómsvald í umdæmi sýslumannsins sem fer með nauðungarsöluna.

4. gr.

Sýslumenn færa málaskrár og gerðabækur um nauðungarsölur eftir því sem er nánar mælt í lögum þessum. Dómsmálaráðherra setur reglur um form og efni málaskráa og form gerðabóka.

Um varðveislu sýslumanna á gögnum um nauðungarsölur og heimildir til aðgangs að þeim eða afhendingar þeirra fer eftir reglum um dómskjöl í einkamálum eftir því sem átt getur við.

Við héraðsdómstóla skal halda skrá um þau mál sem þeir fá til meðferðar eftir ákvæðum þessara laga. Dómsmálaráðherra setur reglur um form og efni þeirra málaskráa.

5. gr.

Ekki er þörf á votti við athafnir eftir lögum þessum.

Að því leyti sem þarf að virða eign við nauðungarsölu verður það gert af einum manni eða tveimur sem sýslumaður kveður til í því skyni með bókun í gerðabók. Þá eina má kveðja til að leysa slík störf af hendi sem hafa nægilega sérþekkingu og yrðu taldir hæfir til að gegna matsstörfum í einkamáli þar sem sömu aðilar ættu í hlut. Sýslumaður ákveður þóknun virðingarmanna.

II. KAFLI

Heimildir til að krefjast nauðungarsölu.

6. gr.

Til fullnustu gjaldfallinni peningakröfu má krefjast nauðungarsölu á eign samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. fjárnámi í eigninni,
2. þinglýstum samningi um veðrétt í eigninni fyrir tiltekinni peningakröfu, ef berum orðum er tekið fram í samningnum að nauðungarsala megi fara fram til fullnustu kröfunni án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms,
3. samningi um handveð í eigninni fyrir tiltekinni peningakröfu,
4. ákvæðum laga sem veita lögveðrétt í eigninni og heimila nauðungarsölu hennar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms,
5. ákvæðum laga sem veita lögveðrétt í eigninni fyrir kröfu ríkisins, sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja, ef fjárhæð kröfunnar er ákveðin í lögum, reglugerð eða gjaldskrá staðfestri af ráðherra,
6. haldsrétti í eigninni.

Til peningakröfu skv. 1. mgr. teljast eftir því sem átt getur við verðbætur, vextir, dráttarvextir og önnur samnings- eða lögbundin vanskilaálög, málskostnaður eða innheimtuskostnaður, og kostnaður af kröfu, undanfarandi fullnustuaðgerðum, nauðungarsölnni sjálfri og aðgerðum í tengslum við hana.

Þegar nauðungarsölu er krafist á grundvelli heimildar skv. 1. mgr. verða skjöl fyrir kröfunni, sem er leitað fullnustu á, að bera með sér að gerðarbeiðandi sé réttthafi hennar eða njóti handveðréttar í henni.

7. gr.

Eftir því sem átt getur við verður ákvæðum þessara laga beitt til að koma eign þrotabús í verð ef þess er krafist af þeim sem fer með skipti á því. Það sama á við um eign dánarbús sem er skipt eftir ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

8. gr.

Eftir því sem átt getur við verður ákvæðum þessara laga beitt til að ráðstafa eign ef þess er krafist af eiganda hennar eða eigendum báðum eða öllum, séu þeir fleiri en einn.

Ákvæðum þessara laga verður beitt eftir því sem átt getur við til að ráðstafa eign sem er í óskiptri sameign ef þess er krafist af einum eða fleiri eigendum að henni, en þó ekki þeim öllum, og sýnt er að eigninni verði ekki skipt milli eigenda án verulegs tjóns eða kostnaðar, enda standi hvorki fyrirmæli annarra laga né samnings í vegi fyrir að slík krafa nái fram að ganga.

Þá verður ákvæðum þessara laga beitt eftir því sem á við til að fullnægja dómi þar sem réttur dómhafans er viðurkenndur til að krefjast slita á óskiptri sameign með nauðungarsölu.

Ráðstöfun eignar á grundvelli 1.–3. mgr. hefur ekki áhrif á réttindi yfir henni umfram það sem mundi almennt gæta við sölu hennar.

9. gr.

Áður en nauðungarsölu verður krafist til fullnustu peningakröfu á grundvelli heimildar skv. 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og eftir að krafan er komin í gjalddaga skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara. Í henni skal tekið fram að nauðungarsölu á tiltekinni eign verði krafist til fullnustu tilgreindri peningaskuld ef áskoruninni verður ekki sinnt.

Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi sem gerðarþoli eða sá sem er löghæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd fær eintak greiðsluáskorunar í hendur eða birting hennar á sér stað.

10. gr.

Áður en nauðungarsölu verður krafist á grundvelli 2. mgr. 8. gr. skal gerðarbeiðandi skora á gerðarþola með minnst eins mánaðar fyrirvara að ganga til samninga við sig um slit á sameign. Skal tekið fram í áskoruninni að nauðungarsölu verði krafist á eigninni að liðnum þessum fresti ef samningar hafa þá ekki tekist um sameignarslit.

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. gilda um áskorun skv. 1. mgr.

III. KAFLI

Beiðni um nauðungarsölu og frummeðferð hennar.

11. gr.

Beiðni um nauðungarsölu skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru, hver heimilisföng þeirra eru og við hverja heimild hún styðst. Einnig skal tiltaka nákvæmlega eignina sem nauðungarsölu er krafist á. Ef nauðungarsölu er krafist til fullnustu peningakröfu skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur. Eftir þörfum skal enn fremur greina frá atvikum að baki beiðninni og röksemdum sem gerðarbeiðandi telur leiða til að hún verði tekin til greina.

Þegar nauðungarsölu er krafist sem á undir ákvæði 3. þáttar skal tiltaka eftir því sem unnt er í beiðni hver fari með umráð eignarinnar og hvar hún sé niður komin.

Með beiðni skulu fylgja gögn um heimild til að krefjast nauðungarsölu og að áskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 9. eða 10. gr. ef við á. Ef nauðungarsölu er krafist á grundvelli veðskuldabréfs er gerðarbeiðanda þó rétt að láta myndrit þess fylgja beiðni

sinni, en sýslumaður getur hvenær sem er krafist hann með hæfilegum fyrirvara um frumrit skjalsins og skal krefja hann um það ekki síðar en þegar sala fer fram.

Ef nauðungarsölu er krafist á skipi eða loftfari sem er skráð erlendis skulu staðfest gögn frá erlendri réttindaskrá fylgja til upplýsinga um réttindi yfir því.

Jafnmörg afrit af beiðninni skulu fylgja henni og nemur fjölda gerðarþola. Eitt afrit skal að auki fylgja ef krafist er nauðungarsölu sem ákvæði 3. þáttar taka til.

12. gr.

Beiðni um nauðungarsölu skal beint til sýslumannsins í því umdæmi sem á við hverju sinni eftir ákvæðum 18. og 58. gr.

Fyrningu peningakröfu er slitið gagnvart gerðarþola ef beiðni um nauðungarsölu til að fullnægja henni berst sýslumanni fyrir lok fyrningartíma, beiðnin reynist fullnægja skilyrðum 1. mgr. 13. gr. og fullnusta fæst á kröfunni við söluna. Ef beiðnin fellur niður án fullnustu kröfunnar getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá því það gerðist. Falli beiðnin ekki niður en fullnusta fæst ekki á kröfunni við nauðungarsöluna getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim tíma sem úthlutunargerð söluverðs verður endanleg skv. 52. gr. Eftir því sem á við hefur beiðni sömu áhrif á forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.

Gerðarbeiðandi ábyrgist greiðslu kostnaðar sem leiðir af meðferð beiðni hans og nauðungarsölu sjálfri. Að því leyti sem kostnaður er ekki greiddur fyrir fram getur sýslumaður krafist gerðarbeiðanda um tryggingu fyrir kostnaði eða greiðslu áfallins kostnaðar.

13. gr.

Þegar beiðni hefur borist kannar sýslumaður eftir því sem á við hvort beiðnin og sá grundvöllur, sem hún byggist á, séu í lögmætu formi, augljósir efnislegir annmarkar séu á rétti gerðarbeiðanda, réttilega sé greint frá gerðarþola ef heimild yfir eigninni er þinglýst eða skráð með samsvarandi hætti, réttilega hafi verið staðið að áskorun til gerðarþola og beiðnin sé komin fram í réttu umdæmi.

Telji sýslumaður atvik vera fyrir hendi sem valda því að beiðni verði hafnað vegna ákvæða 1. mgr. eða af öðrum sambærilegum ástæðum endursendir hann beiðnina þegar í stað ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni. Gerðarbeiðandi getur leitað úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns eftir ákvæðum XIII. kafla.

Hafi beiðni borist sýslumanni í umdæmi sem heimild stendur til, en hann telur nærtækara að hún hljóti meðferð í öðru umdæmi, má hann framsenda hana sýslumanni í því umdæmi að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

14. gr.

Nú berst sýslumanni beiðni um nauðungarsölu á eign sem beiðni liggur þegar fyrir um og þær styðjast báðar annaðhvort við heimild skv. 6. eða 8. gr., og skal þá sameina meðferð beiðnanna og telja báða þá sem þær bárust frá gerðarbeiðendur.

Ákvæðum 1. mgr. skal beitt þótt sá sem ný beiðni berst frá krefjist einnig nauðungarsölu á fylgify með eigninni sem eldri beiðni tók ekki til, en upp frá því tekur nauðungarsalan til allra eignanna í senn. Ákvæðum 1. mgr. verður enn fremur beitt þótt ný beiðni gangi skemur en eldri í þessum efnium.

Nú koma fram tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu á eign sem er í óskiptri sameign, þær beinast ýmist hver að sínum hluta eignarinnar eða henni í heild og styðjast báð-

ar eða allar við heimild skv. 6. gr. Má sýslumaður þá sameina meðferð þeirra ef hann telur það haganlegra, enda verði það aðilunum ekki til tjóns. Upp frá því nær nauðungarsalan til þeirra eigna sem beiðnirnar gefa til samans tilefni til.

Ef meðferð tveggja eða fleiri beiðna hefur verið sameinuð skv. 2. eða 3. mgr. og ein þeirra fellur niður ræðst umfang nauðungarsöluunnar upp frá því af þeim sem standa eftir. Eins skal farið að ef gerðarbeiðandi, sem fer með beiðni sem gengur lengra en beiðnir annarra, vill fresta sölu fyrir sitt leyti meðan aðrir krefjast hennar þegar.

Nú hafa aðgerðir eftir beiðni um nauðungarsölu verið stöðvaðar vegna ákvæða 22. gr. og ný beiðni berst sem varðar sömu eign, og má þá sýslumaður þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. taka nýju beiðnina til sjálfstæðrar meðferðar. Meðferð beiðnanna verður þá sameinuð á síðari stigum ef skilyrði verða á ný til aðgerða eftir þeirri eldri.

15. gr.

Gerðarbeiðandi getur fellt beiðni sína niður hvenær sem er fram að því að boð er samþykkt í eignina við nauðungarsölu.

Beiðni um nauðungarsölu telst að auki fallin niður ef eitthvað eftirfarandi gerist fram að því að boð er samþykkt í eignina:

1. ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmat forföll sem hamli að mætt sé,
2. gerðarbeiðandi verður ekki við kröfu sýslumanns um að láta í té frumrit veðskuldaþréfs til stuðnings beiðni sinni, sbr. 3. mgr. 11. gr.,
3. gerðarbeiðandi setur ekki tryggingu eða greiðir ekki áfallinn kostnað skv. 3. mgr. 12. gr. innan frests sem sýslumaður hefur sett honum í því skyni,
4. sýslumaður hefur ákveðið að stöðva að öllu leyti aðgerðir við nauðungarsölu á grundvelli beiðni, sbr. 22. gr., og sú ákvörðun hefur ekki verið borin undir héraðsdómara skv. ákvæðum XIII. kafla innan þess frests sem á við eftir 2. mgr. 73. gr.,
5. lögð er fram sönnun fyrir greiðslu á þeirri kröfu sem gerðarbeiðandi krefst nauðungarsölu til að fá fullnægt.

Gerðarbeiðandi getur leitað úrlausnar héraðsdóms samkvæmt ákvæðum XIII. kafla um ákvörðun sýslumanns um að fella niður beiðni hans skv. 2. mgr.

Falli beiðnir allra gerðarbeiðenda niður verður ekki frekar af nauðungarsölu.

16. gr.

Þegar staðreynt hefur verið að beiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 13. gr. skal sýslumaður ákveða svo fljótt sem auðið er fyrirtöku hennar og senda gerðarþola afrit hennar í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggum hætti, ásamt tilkynningu um hvar og hvenær sýslumaður taki hana fyrir. Ef farið verður með beiðni í sameiningu við eldri beiðni, sbr. 14. gr., skal þess getið sérstaklega.

Fallist sýslumaður á að gerðarbeiðanda sé ófært að afla vitneskju um dvalarstað gerðarþola eða hver hann sé stendur það ekki í vegi frekari aðgerða eftir lögum þessum þótt ekki verði af tilkynningu skv. 1. mgr.

Sýslumaður skal senda gerðarbeiðanda afrit tilkynningar eða veita honum á annan hátt þær upplýsingar sem ella kæmu þar fram.

2. ÞÁTTUR

Nauðungarsala á fasteignum o.fl.

IV. KAFLI

Fyrstu aðgerðir við nauðungarsölu á fasteign o.fl.

17. gr.

Auk fasteigna taka ákvæði þessa þáttar til nauðungarsölu á lóðarleiguréttindum, kaupleiguréttindum, erfðafesturéttindum, erfðaábúðarréttindum og öðrum samsvarandi réttindum yfir fasteign, að því leyti sem þau geta gengið kaupum og sölu, svo og mannvirkjum sem eru skeytt við land annars manns.

Þá gilda ákvæði þessa þáttar um nauðungarsölu á skrásettum skipum, sem eru fimm rúmlestir eða stærri, og skrásettum loftförum.

Ef gerðarbeiðandi krefst í senn nauðungarsölu á eign sem á undir 1. eða 2. mgr. og lausafé sem fylgir henni verður ákvæðum þessa þáttar einnig beitt um fylgiféð.

18. gr.

Beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða öðrum réttindum skv. 1. mgr. 17. gr. skal beint til sýslumannsins í því umdæmi þar sem réttindum yfir eigninni verður þinglýst.

Beiðni um nauðungarsölu á skipi, sem er skrásett hér á landi, skal beint til sýslumannsins í því umdæmi þar sem skipið er skráð. Aðgerðum við nauðungarsölu verður fram haldið þar þótt skipið sé flutt milli umdæma síðar nema gerðarbeiðendur æski annars. Ef framkvæmd nauðungarsölu flyst milli umdæma þarf ekki að endurtaka þær afhafnir sem hafa þegar farið fram.

Beiðni um nauðungarsölu á loftfari, sem er skrásett hér á landi, skal beint til sýslumannsins í Reykjavík.

Sé um að ræða skip eða loftfar sem er skrásett erlendis má krefjast nauðungarsölu í því umdæmi þar sem það er statt, en nauðungarsalan frestast þá sjálfkrafa ef það fer síðar úr umdæminu.

19. gr.

Þegar tilkynnt hefur verið um beiðni skv. 16. gr. gefur sýslumaður út auglýsingu um nauðungarsöluna, sbr. þó 3. mgr. Í auglýsingunni skal eftirfarandi koma fram eftir því sem á við:

1. heiti eignar sem nauðungarsölu er krafist á,
2. nöfn gerðarbeiðanda og gerðarþola,
3. á hverri fjárhæð sé krafist fullnustu við nauðungarsöluna,
4. hvar og hvenær beiðnin verði tekin fyrir.

Hafi sýslumanni borist tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu á sömu eign áður en auglýsing er gefin út er rétt að geta beggja eða allra gerðarbeiðenda í henni og sam-
anlagðrar fjárhæðar sem þeir krefjast fullnustu á. Ef beiðnirnar varða ekki að öllu leyti sömu eignir, en meðferð þeirra verður þó sameinuð skv. 2. eða 3. mgr. 14. gr., skal heiti eignar tiltekið í einu lagi eins og beiðnirnar gefa til samans tilefni til.

EKKI er þörf auglýsingar vegna beiðni ef farið verður með hana í sameiningu við eldri beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 14. gr. og auglýsing um nauðungarsöluna hefur þegar verið gefin út. Það sama á við ef meðferð beiðna verður sameinuð eftir 3. mgr. 14. gr. og áður útgefin auglýsing nær til þess eignarhluta sem nauðungarsölu er krafist á með nýrri beiðni. Breytir engu þótt beiðni, sem auglýst var út af, falli niður eða henni verði hrundið ef ný beiðni, sem verður farið með í sameiningu við hana, er áður komin fram og staðið var réttilega að auglýsingu um nauðungarsölu.

20. gr.

Auglýsing um nauðungarsölu skal birt einu sinni í Lögbirtingablaði minnst fjórum vikum áður en beiðnin verður tekin fyrir skv. 21. gr. Þó skal birt með sex vikna fyrirvara ef um skrásett loftfar er að ræða.

Ef gerðarþoli er erlendur ríkisborgari eða félag sem á ekki heimilisvarnarþing hér á landi og ekki hefur orðið af tilkynningu til hans, sbr. 2. mgr. 16. gr., skal sýslumaður senda utanríkisráðuneytinu afrit auglýsingarinnar, en það sendir síðan afritið svo fljótt sem verða má utanríkisráðuneyti í heimalandi gerðarþola.

Ef nauðungarsölu er krafist á loftfari sem er skrásett í öðru ríki skal gerðarbeiðandi fá auglýsingu birta um hana með minnst eins mánaðar fyrirvara á þeim stað sem loftfarið er skrásett, en um birtinguna fer að öðru leyti eftir reglum þess ríkis um auglýsingu nauðungarsölu.

Ef nauðungarsölu er krafist á skipi eða loftfari sem er skrásett í öðru ríki skal gerðarbeiðandi tilkynna þeim rétt höfum í skipinu eða loftfarinu, sem eiga heimilisvarnarþing erlendis og verður náð til á grundvelli framkominna gagna, um þau atriði sem koma fram í auglýsingu skv. 19. gr. Tilkynningin skal send í ábyrgðarbréfi.

21. gr.

Sýslumaður tekur fyrir beiðni um nauðungarsölu á starfstofu sinni á áður auglýstum tíma ef hún hefur ekki þegar fallið niður. Beiðnin og gögn um heimild og kröfu gerðarbeiðanda skulu lögð fram ásamt öðrum framkomnum gögnum sem geta skipt máli um eignina, réttindi aðila að nauðungarsölnunni og framgang hennar. Skjölum um hverja nauðungarsölu skulu gefin númer í áframhaldandi röð.

Ef gerðarþoli mætir eða einhver fyrir hans hönd kynnir sýslumaður honum framlögð gögn og veitir nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans og kröfu gerðarbeiðanda á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila. Gerðarþola er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um og skiptir máli um framgang nauðungarsölnunnar.

22. gr.

Sýslumaður skal gæta þess af sjálfsdáðum að fyrirmælum þessara laga um undirbúning og framkvæmd nauðungarsölnunnar hafi verið fylgt. Nú verður sýslumaður þess var við fyrirtöku skv. 21. gr. að teljandi annmarkar eru á þeim atriðum sem er mælt fyrir um í 16., 19. eða 20. gr. eða með réttu hefði átt að synja um nauðungarsölu skv. 2. mgr. 13. gr., og skal hann þá stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsöluna. Séu annmarkar aðeins í öðrum eignum getur sýslumaður ef með þarf frestað frekari aðgerðum meðan bætt verður úr þeim.

Ef ágreiningur verður við fyrirtöku skv. 21. gr. um hvort nauðungarsalan fari fram eða hvernig verði staðið að henni tekur sýslumaður ákvörðun um ágreiningsefnið þegar í stað. Að jafnaði skulu mótmæli af hendi gerðarþola eða þriðja manns ekki stöðva nauðungarsölu nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau annars valda því að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi rétt á að nauðungarsalan fari fram. Taki sýslumaður ekki til greina mótmæli gerðarþola eða þriðja manns stöðvar það ekki frekari aðgerðir að hlutaðeigandi lýsi yfir að hann muni bera gildi nauðungarsölnunnar undir héraðsdóm eftir ákvæðum XIV. kafla.

Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. eða 2. mgr. getur hann leit að úrlausnar héraðsdóms um hana eftir ákvæðum XIII. kafla. Stöðvast þá um leið frekari aðgerðir við nauðungarsöluna að því leyti sem þær geta verið háðar ákvörðuninni.

Aðrir en gerðarbeiðendur geta leitað úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns eftir ákvæðum XIII. kafla ef gerðarbeiðendur eru allir samþykkir því eða ef ákvörðunin varðar aðeins einn gerðarbeiðanda, þá hann fyrir sitt leyti. Stöðvast þá frekari aðgerðir við nauðungarsölu með sama hætti og segir í 3. mgr. Öðrum en gerðarbeiðendum er þó jafnan heimilt að fá leyst úr sínum kröfum um ákvörðun sýslumanns, ef gerðarbeiðandi leitar úrlausnar um hana skv. 3. mgr.

Hafi aðgerðir við nauðungarsölu verið stöðvaðar að öllu leyti vegna ákvæða 1.–4. mgr. tekur sýslumaður beiðni um hana fyrir á ný af sjálfsdáðum ef og þegar honum verður kunnugt um að skilyrðum sé fullnægt til þess. Eins skal farið að ef sýslumanni berst ný beiðni um nauðungarsölu á eigninni áður en skilyrði eru til að taka fyrri beiðni fyrir á ný, enda varði ekki hindrun gagnvart fyrri beiðninni framgang nauðungarsölu eftir nýju beiðninni. Sýslumaður tilkynnir gerðarbeiðendum og gerðarþola um fyrirtökuna með þeim hætti sem segir í 16. gr. nema hún hafi þegar verið ákveðin við fyrri fyrirtöku.

Ákvæðum 1.–5. mgr. verður beitt á síðari stigum nauðungarsölu fram að því að aðgerðum við hana er lokið.

23. gr.

Við fyrirtöku skv. 21. gr. getur gerðarþoli eða gerðarbeiðandi óskað eftir því að nauðungarsala á eigninni fari fram á almennum markaði eftir ákvæðum VI. kafla. Sýslumanni ber að verða við þeirri ósk ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. gerðarþoli og gerðarbeiðendur, aðrir en sá sem hefur óskina uppi, lýsa sig allir samþykka henni,
2. sá sem hefur óskina uppi sannar að hann hafi tilkynnt þeim aðilum að nauðungarsölu skv. 3. og 4. tölul. 2. gr., sem verður náð til á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að hann muni bera þessa ósk upp við fyrirtökuna á tilteknum stað og tíma, minnst vika er liðin frá því þeir fengu tilkynninguna í hendur eða hún var birt þeim af stefnuvotti eða þeir mæta við fyrirtökuna án undangenginnar tilkynningar og enginn þeirra mælir þar gegn óskinni,
3. sá sem hefur óskina uppi setur tryggingu eftir ákvörðun sýslumanns fyrir kostnaði sem kann að stafa af aðgerðum vegna hennar ef þær leiða ekki til sölu eignarinnar.

Sýslumaður getur orðið við ósk skv. 1. mgr. þótt gerðarbeiðandi samþykki hana ekki eða aðili skv. 3. eða 4. tölul. 2. gr. mæli gegn henni, ef sýslumaður telur raunhæft að ráðstöfun skv. VI. kafla geti tekist og að það muni engu breyta um líkindi fyrir að hlutaðeigandi fái fullnustu af andvirði eignarinnar á hvorn veginn verði staðið að sölu hennar.

Ákvæðum 1.–3. mgr. verður beitt þótt ósk þessa efnis komi fyrst fram á síðari stigum, ef hún kemur þó fram áður en byrjað er að leita boða í eignina á uppboði skv. 32. gr.

24. gr.

Nú kemur ekki fram ósk um sölu á almennum markaði og ákvæði 22. gr. tálma ekki frekari aðgerðir við nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður ákveða við fyrirtöku skv. 21. gr. hvenær uppboð byrji á eigninni. Eftir því sem er unnt skal tekið tillit til óska gerðarbeiðanda í þeim efnunum.

Komi fram ný beiðni um nauðungarsölu á eigninni eftir að tími til að byrja uppboð hefur verið ákveðinn skv. 1. mgr. getur sýslumaður án sérstakrar fyrirtöku orðið við ósk nýja gerðarbeiðandans um að þeirri ákvörðun verði breytt, ef tafir eru meiri en hann hefði orðið að sæta með því að vera eini gerðarbeiðandinn. Fyrri gerðarbeiðanda og gerðarþola skal tilkynnt um slíka breytingu með þeim hætti sem segir í 1. mgr. 26. gr.

25. gr.

Í gerðabók skal greint frá því hvar og hvenær beiðni er tekin fyrir og hverjir aðilar að nauðungarsölnunni séu mættir eða hverjir fyrir þeirra hönd, auk annarra atriða sem ákvæði 21.–24. gr. gefa tilefni til. Aðilar skulu eiga kost á að kynna sér meginefni bókar og fá bókaðar athugasemdir sínar.

V. KAFLI

Nauðungarsala á uppboði.

26. gr.

Hafi uppboð verið ákveðið á eign, sbr. 24. gr., og ekki var mætt af hálfu gerðarþola þegar sú ákvörðun var tekin, tilkynnir sýslumaður honum svo fljótt sem verða má bréflaga um það hvar og hvenær uppboðið byrji. Ef ekki er kunnugt um gerðarþola eða hvert tilkynning verði send, stendur það ekki í vegi frekari aðgerðum að ekki verði af henni.

Sýslumaður skal fá birta auglýsingu um byrjun uppboðs á eign með minnst þriggja daga fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Í auglýsingunni skal koma fram heiti eignarinnar, nöfn gerðarþola og gerðarbeiðenda, og hvar og hvenær uppboðið byrji.

27. gr.

Ef allir gerðarbeiðendur óska skal sýslumaður slá því á frest að uppboð byrji og verður þá ekki af fyrirtöku á uppboðinu þótt tilkynnt hafi verið um það og auglýst, nema aðili að nauðungarsölnunni hafi áður tjáð sýslumanni að hann vilji koma þar fram mótmælum gegn henni eða neyta heimildar skv. 3. mgr. 23. gr. Eins skal farið að ef aðgerðir við nauðungarsölu geta ekki farið fram vegna búskipta eða heimildar til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Þegar afráðið er að frestað verði ákveður sýslumaður aftur svo fljótt sem verða má hvenær uppboðið byrji og tilkynnir um það og auglýsir eftir því sem segir í 26. gr. Sýslumaður kynnir gerðarbeiðendum ákvörðunina á þann hátt sem honum þykir til hlýða með hæfilegum fyrirvara.

Hafi uppboð ekki byrjað á eigninni innan eins árs frá fyrirtöku skv. 21. gr. teljast allar framkomnar beiðnir um nauðungarsölnuna sjálfkrafa fallnar niður án tillits til þess hvenær þær bárust sýslumanni, sbr. þó 3. mgr. Þetta gildir þó ekki ef aðgerðir við nauðungarsölnuna hafa verið stöðvaðar með öllu vegna meðferðar dómsmáls og uppboðið byrjar innan þriggja mánaða frá því ágreiningurinn var leiddur til lykta eða ef aðgerðum var varnað með heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og uppboðið byrjar innan sama tíma frá því heimildin leið undir lok.

Ef nauðungarsala fer fram í sameiningu eftir beiðnum tveggja eða fleiri gerðarbeiðenda og orðið hefur að auglýsa skv. 19. gr. um beiðni fleiri en eins þeirra telst eins árs frestur skv. 2. mgr. frá því síðari eða síðasta beiðnin var tekin fyrir skv. 21. gr.

28. gr.

Dómsmálaráðherra setur almenna skilmála fyrir uppboðssölu á eignum sem ákvæði þessa þáttar taka til. Í þeim skilmálum skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi:

1. að eignin sé seld svo farin sem hún er þegar uppboði lýkur,
2. að þeir sem geri boð í eignina séu bundnir við þau um tiltekinn tíma frá því uppboði lýkur,
3. að sýslumaður þurfi ekki að taka hæsta boði og hafni öllum framkomnum boðum ef svo er ástatt sem segir í 5. mgr. 36. gr.,

4. að kaupanda beri að greiða visst hlutfall boðs síns innan tiltekins frests frá því sýslumaður tilkynnir honum að boðið verði samþykkt að fenginni greiðslunni, en eftirstöðvar verðsins skuli greiddar í einum áfanga eða fleirum innan ákveðins tíma frá samþykki boðs sem má krefja kaupanda um tryggingu fyrir,
5. að verði vanefndir af hendi kaupanda geti sýslumaður haldið kaupunum upp á hann eða rift þeim og haldið uppboð á ný á eigninni eða tekið öðru boði sem kom fram í hana, en ef rift verði ábyrgist kaupandinn allt tjón sem hlýst af vanefndunum og megi sýslumaður halda því eftir sem kann að hafa greiðst af boðinu fyrir bótum,
6. að kaupandi beri áhættu af eigninni frá því boð hans er samþykkt og njóti réttar til umráða yfir henni frá sama tíma, sbr. þó 55. gr.,
7. að kaupandi greiði dráttarvexti og innheimtukostnað af söluverði ef hann vanefnir boð sitt, en að öðru leyti greiði hann ekki vexti af boði, sbr. þó 2. og 3. mgr. 40. gr.,
8. hvort kaupandi greiði tiltekinn kostnað af söluunni umfram fjárhæð boðs síns eða ekki,
9. að kaupandi eigi rétt til afsals fyrir eigninni eftir því sem er mælt í 56. gr.,
10. að kaupandi greiði gjöld af eigninni sem falla til eftir að uppboði lýkur, svo og vexti og verðbætur frá þeim tíma af veðskuldum sem hvíla áfram á henni, en eigi rétt til arðs af eigninni frá sama tíma,
11. að kaupanda beri að hlíta kvöðum og höftum á eigninni að því leyti sem söluverð hennar hrekkur til greiðslu upp í réttindi sem standa að baki þeim kvöðum og höftum í réttindaröð,
12. að kaupandi geti ekki krafist riftunar kaupanna, afsláttar af söluverði eða greiðslu skaðabóta af því eftir að greiðslum er lokið samkvæmt úthlutunargerð.

Auglýsing um almenna uppboðsskilmála skal birt í Stjórnartíðindum. Teljast þeir alltaf gilda ef annað er ekki ákveðið sérstaklega vegna uppboðs á tiltekinni eign.

29. gr.

Eftir kröfu aðila að nauðungarsöluinni getur sýslumaður ákveðið með bókun í gerðabók að víkja í tilteknum atriðum frá almennum uppboðsskilmálum. Krafa um slíka breytingu skal að jafnaði koma fram við fyrirtöku skv. 21. gr. Breytingu má þó gera allt þar til lokið er að leita boða í eignina, en raski hún þá forsendum fyrir þegar framkomnum boðum verða bjóðendur ekki bundnir við þau.

Ef um uppboð er að ræða á eign, sem almennir uppboðsskilmálar hæfa ekki, ákveður sýslumaður ótilkvaddur í hverjum atriðum verði vikið frá þeim svo viðeigandi sé. Ákvörðun um þetta skal bókuð í gerðabók.

EKKI verður vikið frá almennum uppboðsskilmálum ef telja má hættu á að það torveldi að mun sölu á eigninni, horfi aðila að nauðungarsöluinni eða þriðja manni ólöglega til tjóns, leiði til mismununar á rétthöfum yfir eigninni eða tefji óhæfilega að gerðarbeiðendur fái fullnustu, nema hlutaðeigendur lýsi sig samþykka því.

30. gr.

Nú nær nauðungarsala í senn til fasteignar eða skrásetts skips eða loftfars og fylgifjár með slíkri eign, og má þá sýslumaður ákveða að bjóða eignina upp eina sér og svo fylgiféð út af fyrir sig ef hann telur sennilegt að hærra boð fáiast samanlagt með þeim hætti. Eins má fara að þegar nauðungarsala tekur annars í einu lagi til eigna sem mætti ráðstafa hverri fyrir sig.

Þegar nauðungarsala tekur til eigna með þeim hætti sem segir í 1. mgr. má sýslumaður einnig ákveða að leita boða í þær þannig að annars vegar verði boðið í þær allar

í senn og hins vegar hverja fyrir sig. Slíkt má ákveða þótt þegar sé lokið að leita boða á annan hvorn veginn.

Ef boða er leitað sérstaklega í hverja eign fyrir sig verður aðeins ráðstafað þeim fjölda þeirra sem þarf til að veita gerðarbeiðendum fullnustu. Séu horfur á að ekki þurfi að ráðstafa öllum eignunum er sýslumanni rétt að taka tillit til óska gerðarþola um það í hverri röð boða verði leitað í þær.

31. gr.

Sýslumaður byrjar uppboð á starfstofu sinni á þeim tíma sem auglýst var ef því hefur ekki áður verið frestað eða nauðungarsalan fallið niður. Skulu þá lögð fram ný gögn sem hafa borist og þau kynnt gerðarþola ef mætt er fyrir hans hönd.

Áður en boða verður leitað í eignina skal sýslumaður greina frá eftirfarandi að því leyti sem er unnt og getur átt við:

1. hvort og þá hvernig sé vikið frá almennum uppboðsskilmálum, en eintak almennra skilmála skal að jafnaði liggja fyrir og meginefni þeirra kynnt viðstöddum ef þeim má ekki vera það kunnugt að fyrra bragði,
2. upplýsingum um eignina, svo sem um staðsetningu hennar, stærð og aldur, að því leyti sem er þinglýst um slíkt eða upplýst með áreiðanlegum hætti,
3. veðböndum, kvöðum og öðrum eignarhöftum sem er þinglýst eða upplýst um með öðrum hætti, svo og fjárhæðum krafna sem hefur verið krafist nauðungarsölu til að fá fullnægt eða lýst fyrir sýslumanni, en sérstök athygli skal vakin á kvöðum og höftum sem kunna að geta hvílt áfram á eigninni án tillits til sölu hennar,
4. kostnaði af nauðungarsölunni sem greiðist á undan öðrum kröfum af söluandvirði,
5. hvort eignir sem nauðungarsalan tekur í einu lagi til verði boðnar upp saman eða hver fyrir sig eða leitað verði boða á báða vegu, sbr. 30. gr.,
6. öðru sem sýslumaður telur skipta máli fyrir fjárhæð boða eða réttindi aðila að nauðungarsölunni.

Að þessu búnu gefur sýslumaður kost á að koma fram athugasemdum við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölnnar til þessa.

32. gr.

Að því gerðu sem er mælt fyrir um í 31. gr. leitar sýslumaður boða í eignina.

Óheimilt er sýslumanni sjálfum að gera boð í eignina, fulltrúa hans sem heldur uppboðið, starfsmanni hans sem er þar við störf eða öðrum manni fyrir hönd einhvers þessara.

Boð í eignina skal virt að vettugi ef það er gert í nafni gerðarþola og nauðungarsölnnar hefur verið krafist á grundvelli 6. gr.

Samningur, sem horfir til takmörkunar á rétti manns til að gera boð í eignina, skuldbindur hann ekki.

Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veitir ekki rétt til að ganga inn í boð sem annar maður gerir í eignina nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

Sýslumaður getur krafist að sá sem gerir boð í eignina leiði þegar að því rök að hann geti staðið við það, að því viðlögðu að boð hans verði virt að vettugi. Sýslumaður getur einnig sett það skilyrði fyrir að boð verði tekið til álita að trygging verði sett fyrir því innan frests og í því formi sem hann mælir fyrir um.

33. gr.

Sýslumaður getur ákveðið minnsta mun boða, hvort heldur áður en þeirra er leitað eða eftir að þau byrja að koma fram.

Boð í eignina skal vera tiltekinnar fjárhæðar og hverju sinni ljóst hver geri það og eftir atvikum fyrir hvers hönd. Þannig skal hvert boð bókað í gerðabók og ekki lýst eftir öðru fyrr en að því búnu.

Þegar sýslumaður hefur lýst þrívægis eftir hærri boðum án þess að nokkuð komi fram lætur hann hamar falla til marks um að ekki verði tekið við frekari boðum. Áður getur hann þó gefið viðstöddum kost á að gera frekari boð í eignina þótt lægri séu en hæsta boð.

34. gr.

Fáið ekkert boð í eignina skal telja beiðnir um nauðungarsöluna fallnar niður.

Nú hefur fengist boð í eignina, allir aðilar að nauðungarsölnunni eru viðstaddir eða einhver fyrir þeirra hönd þegar hamar fellur skv. 3. mgr. 33. gr. og þeir lýsa því yfir að þeir uni við að ekki verði leitað meira eftir boðum í eignina, og er þá uppboði lokið. Uppboði verður einnig lokið þótt veðhafi sé ekki viðstaddur eða gefi ekki slíka yfirlýsingu, ef sýnt er að það megi taka einhverju framkomnu boði og það nægi til fullnustu þeim kröfum sem hann getur gert í söluverðið.

35. gr.

Ef uppboði lýkur ekki samkvæmt því sem segir í 34. gr. verður því fram haldið eftir ákvörðun sýslumanns innan fjögurra vikna frá því lokið er að leita boða skv. 3. mgr. 33. gr. Framhaldi uppboðs verður ekki frestað nema óviðráðanleg atvik komi í veg fyrir framkvæmd þess, en þá ákveður sýslumaður án sérstakrar fyrirtöku um framhald uppboðs innan fjögurra vikna frá því honum verður kunnugt um að slík hindrun sé úr vegi.

Sýslumaður skal að jafnaði ákveða hvar og hvenær uppboði verði fram haldið um leið og lokið er að leita boða í eignina skv. 3. mgr. 33. gr. Þá ákvörðun þarf ekki að tilkynna frekar þeim sem voru viðstaddir þegar hún var kynnt.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um framhald uppboðs skal sýslumaður svo fljótt sem verða má tilkynna öllum aðilum að nauðungarsölnunni sem verður náð til um hana, sbr. þó 2. mgr. Tilkynningin skal send í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða með öðrum samþætilegum hætti.

Sýslumaður skal jafnframt fá birta auglýsingu um framhald uppboðs í Lögbirtinga- blaði með minnst viku fyrirvara ef ekki er vitað hvert megi senda gerðarþola tilkynningu skv. 3. mgr.

Þá skal sýslumaður auglýsa framhald uppboðs með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 26. gr. Skal tekið fram í auglýsingunni að um framhald uppboðs sé að ræða.

36. gr.

Eftir því sem á við skal farið eftir ákvæðum 30.–33. gr. við framhald uppboðs að því gættu sem segir í 2.–5. mgr.

Uppboði á fasteign eða réttindum yfir fasteign, sem ákvæði 1. mgr. 17. gr. taka til, skal fram haldið á eigninni sjálfri. Uppboði á skrásettu skipi eða loftfari verður að jafnaði fram haldið á starfstofu sýslumanns, en sýslumaður má þó flytja uppboð þaðan að eigninni sjálfri ef hún er þá í umdæmi hans og hann telur að hærri boð kunni að fást með þeim hætti.

Þegar uppboði er fram haldið á eigninni sjálfri eða við hana er umráðamanni hennar skylt að veita þeim sem eru við uppboðið aðgang að henni til skoðunar áður en leitað er boða í hana. Sé enginn viðstaddur til að veita aðgang að eigninni eða reynt að hindra aðgang er sýslumanni rétt að láta þegar í stað brjóta upp læsingar eða vinna á annan hátt bug á hindrun, en lögreglumönnum er skylt að verða við tilmælum hans um að framfylgja ákvörðun í þeim efnum og mega þeir beita valdi í því skyni.

Þegar boða er leitað í eignina við framhald uppboðs skal byrjað þar sem frá var horfið þegar hætt var að taka við frekari boðum skv. 3. mgr. 33. gr. Eftir að boð hafa komið fram að þessu sinni og sýslumaður hefur þrívægis lýst eftir öðrum boðum án þess að þau komi fram lætur hann hamar falla til marks um að uppboðinu sé lokið.

Ef nauðungarsölnnar var krafist á grundvelli 6. gr. og ekki er boðið meira í eignina en svo að enginn gerðarbeiðenda geti fengið neitt í sinn hlut af söluverðinu skal telja beiðnir um nauðungarsölnuna fallnar niður.

37. gr.

Nú hefur verið leitað boða í eignina skv. 4. mgr. 36. gr. og sýslumaður telur þau sem koma til álita svo lág að fari fjárri líklegu markaðsverði eignarinnar þótt tekið yrði tillit til ákvæða 57. gr. Ef sýslumaður telur mega rekja þetta til sérstakra aðstæðna og hann hefur rökstudda ástæðu til að ætla að mun hærri boð geti enn fengist í eignina, getur hann ákveðið að uppboðinu verði fram haldið eitt skipti enn, enda séu ekki gerðarþoli og aðrir viðstaddir aðilar á einu máli um annað. Ákvörðun um þetta skal að jafnaði kynnt áður en lokið er að leita boða skv. 4. mgr. 36. gr. Sýslumanni er þó heimilt að ákveða þetta innan einnar viku frá þeim tíma, en þá skal gerðarþola, öðrum aðilum sem voru viðstaddir uppboðið og hæstbjóðanda tafarlaust tilkynnt um ákvörðunina. Skal litið svo á að hamar hafi þá fallið til marks um að ekki yrði leitað frekari boða í það sinn.

Ef uppboði er fram haldið skv. 1. mgr. skal farið eftir ákvæðum 35. og 36. gr., en frestur til framhalds uppboðsins skal þó vera svo skammur sem verða má.

Ákvörðun sýslumanns um hvort uppboði verði fram haldið skv. 1. mgr. verður ekki borin undir héraðsdóm.

38. gr.

Þegar uppboð er haldið skal bókað í gerðabók hvar og hvenær það gerist, hverjir aðilar að nauðungarsölnunni séu viðstaddir og um önnur atriði sem leiðir af ákvæðum 30.–37. gr.

39. gr.

Þegar uppboði er lokið ákveður sýslumaður hverju boði verði tekið svo tímanlega að bjóðendur séu enn bundnir við boð sín samkvæmt uppboðsskilmálum.

Jafnan skal taka því boði sem kom hæst fram ef sýslumaður telur ekki sérstaka ástæðu til að draga í efa að það verði efnt, enda hafi þá trygging verið sett fyrir því með fullnægjandi hætti, hafi hún verið áskilin. Verði hæsta boði ekki tekið skal það næsta metið með sama hætti. Hafi tvö boð eða fleiri verið jöfn skal sýslumaður taka því sem honum þykir líklegra að verði efnt.

Þegar ákveðið hefur verið hverju boði verði tekið tilkynnir sýslumaður þeim sem gerði boðið með tryggunn hætti um að það verði samþykkt ef greiðsla berst í samræmi við uppboðsskilmála á tilteknum tíma. Þegar sú greiðsla er komin fram telst boðið sjálfkrafa samþykkt. Sýslumanni er þó rétt að krefjast um leið tryggingar fyrir frekari efndum boðsins og telst það þá ekki samþykkt nema hún sé sett.

Nú berst ekki greiðsla með þeim hætti sem segir í 3. mgr., og skal þá sýslumaður taka önnur boð til álíta á ný og ákveða hverju þeirra verði tekið í staðinn. Ef ekkert annað boð þykir koma til álíta skal uppboð haldið á ný samkvæmt ákvæðum 35. og 36. gr. Krefja má þann sem vanefnir boð sitt um mismuninn á boðinu og því sem fæst endanlega fyrir eignina, en við málshöfðun í því skyni gilda ákvæði 3. mgr. 46. gr.

Þeim sem hefur gert boð í eignina er heimilt að framselja réttindi og skyldur sem fylgja því. Frá því framsal er tilkynnt sýslumanni kemur framsalshafi í stað framseljanda, en þó þannig að þeir ábyrgjast báðir fyrir annan og annar fyrir báða efndir boðsins.

40. gr.

Sé ekki kveðið á annan veg í uppboðsskilmálum ber kaupanda að greiða söluverðið með peningum að því leyti sem því verður ekki varið til fullnustu kröfu hans sjálfs. Sem ígildi peningagreiðslu getur kaupandi þó lagt fyrir sýslumann staðfestingu af hendi þess, sem á rétt til greiðslu af söluverðinu, fyrir því að kaupandi hafi greitt kröfu hans að einhverju leyti eða öllu eða tekið að sér greiðslu kröfunnar gegn því að hún hvíli áfram á eigninni. Kaupanda ber þó alltaf að greiða með peningum þann hluta söluverðs sem verður varið til greiðslu kostnaðar af nauðungarsölunni.

Þótt kaupandi neyti heimildar 1. mgr. til að efna boð sitt með öðru en peningagreiðslu til sýslumanns losnar hann ekki á þann hátt undan skyldum sínum nema að því leyti sem kröfurnar, sem hann greiðir öðrum, tekur að sér eða tekur undir sjálfum sér, verða viðurkenndar í endanlegri úthlutunargerð söluverðs. Nú telur sýslumaður óvíst að hverju marki slíkar kröfur verði viðurkenndar, og getur hann þá krafist kaupanda um tryggingu fyrir samsvarandi greiðslu með peningum og vöxtum sem greiðslan hefði ella borið. Verði slík trygging ekki sett í því formi og innan þess frests sem sýslumaður ákveður skal liðið svo á að vanefndir hafi orðið á greiðslu.

Nú er ákveðið í uppboðsskilmálum að kaupandi greiði tiltekinn hluta söluverðs við samþykki boðs en eftirstöðvar þess á síðari tíma, og getur hann þá efnt skyldu sína til greiðslu við samþykki boðs að nokkru eða öllu með öðru en peningum. Liggi ekki þegar fyrir að söluverðið greiðist að fullu með öðru en peningum skal sú fjárhæð dregin frá söluverði sem er þó þegar sýnt að verði greidd þannig, en kaupanda ber þá að greiða með peningum það hlutfall mismunarins sem er mælt í uppboðsskilmálum að beri að greiða við samþykki boðs. Komi síðar í ljós að of mikið hafi verið greitt með peningum í það sinn eða of lítið skal það sem ber á milli greitt með þeim innlánsvöxtum sem vinnast að öðru leyti af söluverðinu.

Að því leyti sem gerðarþoli kann að eiga rétt til greiðslu af söluverðinu er kaupanda heimilt, með sömu skilyrðum og segir í 1.–3. mgr., að standa skil á því með því að lýsa yfir skuldajöfnuði með kröfu sinni á hendur gerðarþola ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt og kaupandi hefur eignast kröfuna áður en uppboðinu var lokið.

Ef annað er ekki ákveðið í uppboðsskilmálum greiðir kaupandi ekki vexti af söluverði nema vanefndir verði af hans hendi, sbr. þó 2. og 3. mgr.

VI. KAFLI

Nauðungarsala á almennum markaði.

41. gr.

Hafi sýslumaður tekið til greina ósk skv. 23. gr. boðar hann svo fljótt sem verða má alla aðila að nauðungarsölunni, sem er vitað hvar verði náð til, til fyrirtöku á starfstofu sinni. Boðunin skal send í ábyrgðarbréfi sem er borið út, í símskeyti eða með öðrum samþærigum hætti.

Við fyrirtöku skv. 1. mgr. leitar sýslumaður tillagna aðilanna um þau atriði sem er getið í 42. gr. Sýslumaður tekur þar ákvörðun í þeim efnum.

Bókað skal í gerðabók um það sem fer fram við fyrirtökur eftir ákvæðum þessa kafla.

42. gr.

Þegar eign er boðin til sölu eftir ákvæðum þessa kafla skal það að jafnaði gert með söluskilmálum sem svara til ákvæða 1., 3., 5., 7. og 9.–12. tölul. 1. mgr. 28. gr. Frá þessu má víkja eftir reglum 29. gr. Þess skal gætt þegar tilboða er leitað í eignina að skilmálum um greiðslu söluverðs verði að jafnaði hagað með þeim hætti að greiðslur fái á áþekktum tíma og ella hefði verið mælt í uppboðsskilmálum, eftir atvikum með afhendingu verðbréfa sem megi koma greiðlega í verð.

Ákvæðum 30. gr. skal beitt eftir því sem átt getur við.

Sýslumaður skal að jafnaði fela einum eða fleiri löggiltum fasteignasala, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að leita tilboða í eignina eins og ef um frjálsa sölu hennar væri að ræða.

Óski aðili að nauðungarsölunni eftir því getur sýslumaður látið virða eignina, en kostnað af því skal sá sem óskar virðingar bera um sinn. Ef síðar kemur fram að réttmæt ástæða hafi verið til að leita virðingar má sýslumaður fallast á endurkröfu fyrir kostnaði af henni eins og um sölulaun vegna eignarinnar væri að ræða, enda hafi henni þá verið komið í verð.

43. gr.

Frá því nauðungarsalan er tekin fyrir skv. 41. gr. og meðan aðgerðir samkvæmt þessum kafla standa yfir er sýslumaður einn bær um að ráðstafa eigninni og stofna til réttinda yfir henni. Geri sýslumaður löggerning varðandi eignina hefur það sömu áhrif og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

Á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr., verður ekki gert fjárnám í eigninni, hún kyrrsett eða tekin í löggeymslu. Ekki stendur þetta í vegi fyrir að slíkri gerð verði beint að rétti sem gerðarþoli kann sjálfur að geta notið til að fá greiddan hluta söluverðs.

44. gr.

Við fyrirtöku skv. 41. gr. getur aðili lýst því yfir að hann uni við að sýslumaður taki afstöðu án frekara samráðs við sig til tilboða sem kunna að berast í eignina. Slíka yfirlýsingu má takmarka með þeim hætti að hún gildi aðeins um boð sem nemi tiltekinni lágmarksfjárhæð.

Berist sýslumanni tilboð í eignina sem hann telur mega taka boðar hann til fyrirtöku með tryggum hætti þá aðila sem hafa ekki gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. Í boðun skal greina meginefni tilboðs nema afrit þess fylgi með.

Við fyrirtöku, sem er boðað til skv. 2. mgr., kynnir sýslumaður framkomið tilboð og gefur aðilum kost á að tjá sig um það. Vilji þeir ekki allir una við tilboðið skal sýslumaður leita eftir boðum í eignina hjá þeim sem eru viðstaddir. Að því gerðu skal þeim sem fá ekki kröfum sínum fullnægt með framkomnum boðum gefinn kostur á að ganga inn í hæsta boð. Sýslumaður ákveður síðan hvort hann taki framkomnu boði og eftir atvikum hvaða.

45. gr.

Aðgerðum eftir fyrimælum þessa kafla skal að jafnaði þegar hætt ef sá sem óskaði þeirra mætir ekki til fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr.

Þá skal aðgerðum eftir ákvæðum þessa kafla hætt ef:

1. meira en þrjú mánuðir eru liðnir frá fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr. og aðili að nauðungarsölunni krefst þess, enda telji sýslumaður ekki fyrirsjáanlegt að viðunandi tilboð komi fram í eignina innan skamms tíma, eða
2. sex mánuðir eru liðnir frá fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr. án þess að tilboð hafi verið samþykkt í eignina.

Sýslumaður getur enn fremur ákveðið að aðgerðum eftir fyrirmælum þessa kafla verði hætt ef gerðarþoli eða annar umráðamaður eignarinnar verður ekki við tilmælum þess, sem hefur verið falið að leita boða í hana, um að veita aðgang að henni til sýningar eða leitast á annan hátt við að spilla fyrir sölutilraunum.

Telji sýslumaður efni til að hætta aðgerðum vegna ákvæða 1.–3. mgr. kynnir hann ákvörðun um það við fyrirtöku sem hefur verið boðað til af því eða öðru tilefni. Um leið skal ákveðið um byrjun uppboðs eftir ákvæðum 24. gr.

Hafi aðgerðum eftir ákvæðum þessa kafla verið hætt verður ekki gripið til þeirra öðru sinni við sömu nauðungarsölu.

VII. KAFLI

Innheimta söluverðs og vanefndir.

46. gr.

Sýslumaður annast innheimtu söluverðs, en honum er þó heimilt að fela það öðrum á sína ábyrgð ef vanefndir verða af hendi kaupanda.

Sýslumaður varðveitir það sem er innheimt af söluverði á reikningi við banka eða sparisjóð þar til því er ráðstafað við úthlutun.

Við rekstur dómsmáls eða fullnustugerð til heimtu söluverðs, afsláttar af því, skaðabóta eða riftunar kaupa við nauðungarsölu kemur sýslumaður fram í embættisnafni sem aðili máls í stað þeirra sem kunna að eiga tilkall til hlutdeildar í söluverði, enda hafi útborgun þess ekki verið lokið. Skyldu sem kann að vera lögð á embætti hans af því tilefni verður aðeins fullnægt af söluverðinu.

47. gr.

Verði dráttur á greiðslu söluverðs ber kaupanda að greiða dráttarvexti og kostnað af innheimtu þess.

Verði verulegar vanefndir af hendi kaupanda skal sýslumaður kveðja hann með sannanlegum hætti til fyrirtöku, svo og þá sem hafa gert kröfur um greiðslu af söluverðinu. Þar ákveður sýslumaður að fengnu álitu þeirra hvort kaupunum verði haldið uppi á kaupanda eða rift. Vilji kaupandi eða aðili að nauðungarsölunni, sem hefur hagsmuna að gæta, ekki una ákvörðun um riftun kaupanna getur hann leitað úrlausnar héraðsdóms samkvæmt ákvæðum XIII. kafla. Aðgerðum skv. 3. mgr. verður þá ekki framfylgt fyrr en ágreiningurinn hefur verið leiddur til lykta.

Nú er ákveðið að rifta kaupum sem hafa átt sér stað á uppboði, og má þá hvort heldur taka öðru boði sem kom fram í eignina eða bjóða hana upp á ný eftir ákvæðum 35. og 36. gr. Hafi eigninni upphaflega verið ráðstafað eftir reglum VI. kafla má taka öðru boði sem liggur fyrir í hana eða reyna sams konar ráðstöfun á ný, en að öðrum kosti skal hún boðin upp eftir reglum V. kafla.

Eigi riftun sér stað má krefja upphaflegan kaupanda um mismun milli boðs hans sem var samþykkt og þess sem síðan fæst fyrir eignina, svo og um bætur vegna kostnaðar sem vanefndir hans hafa leitt til. Upphaflegum kaupanda verður ekki endurgreitt það sem hann hefur greitt af boði nema að því leyti sem er sýnt að ekki sé tilefni til að hafa slíka kröfu uppi á hendur honum.

48. gr.

Telji kaupandi sig eiga rétt til að rifta kaupum eða æskja afsláttar eða greiðslu skaðabóta af söluverði verður krafa hans að koma fram áður en greiðslum er lokið eftir útlutunargerð nema mælt sé á annan veg í uppboðs- eða samningsskilmálum.

Komi fram krafa af hendi kaupanda skv. 1. mgr. skal sýslumaður boða hann til fyrirtöku, svo og þá sem kynnu að fara á mis við greiðslur ef krafa hans yrði tekin til greina. Verði ágreiningur um kröfuna tekur sýslumaður ákvörðun um hana, en kaupandi eða aðili að nauðungarsölunni, sem hefur hagsmuna að gæta, má leita úrlausnar héraðsdóms um hana samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

VIII. KAFLI

Úthlutun söluverðs.

49. gr.

Þeir sem telja sig eiga rétt til greiðslu af söluverði eignar skulu lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni áður en uppboði er lokið á henni, ef sá háttur er hafður á ráðstöfun hennar, en við fyrirtöku skv. 2. mgr. 44. gr. ef henni er ráðstafað eftir ákvæðum VI. kafla.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð, við hverja heimild tilkall til greiðslu sé stutt og hveðrar réttthæðar sé krafist við úthlutun söluverðs. Þá skal koma fram hveðrar fjárhæðar sé krafist og hún sundurliðuð nákvæmlega. Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem hún er studd við.

Kröfulýsing slítur fyrningu kröfu á hendur gerðarþola ef hún berst sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og krafan fæst greidd af söluverðinu. Fáist krafan ekki greidd að fullu af söluverðinu getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim tíma sem útlutunargerð er orðin endanleg skv. 52. gr., enda hafi lýsing hennar fullnægt því sem segir í 2. mgr.

Nú hvíla önnur réttindi á eigninni en veðréttindi og þau fá ekki að standa óhöggðu vegna nauðungarsölnnar, og getur þá réttthafinn lýst greiðslukröfu í söluverðið sem miði við það tjón sem hann bíði af því að réttindi hans falli niður.

Lýsi gerðarbeiðandi ekki kröfu í söluverðið skal litið svo á að hann krefjist greiðslu þeirrar fjárhæðar sem kemur fram í beiðni hans.

Gerðarþoli þarf ekki að lýsa kröfu um greiðslu þess sem kann að standa eftir af söluverði að fullnægðum kröfum annarra.

50. gr.

Þegar boð hefur verið samþykkt í eignina gerir sýslumaður frumvarp til úthlutunar á söluverði. Í frumvarpi skal miðað við að söluverðið sé til ráðstöfunar í samræmi við samþykkt boð án tillits til þess hvort það sé enn greitt. Söluverðinu skal skipt þannig að fyrst komi til greiðslu sölulauna vegna nauðungarsölnnar, nema kaupandi hafi greitt þau samkvæmt söluskilmálum, en að því búnu skal kveðið á um hvað hver aðili fái í sinn hlut eftir því sem söluverðið hrekkur til og réttthæð krafna þeirra leiðir til.

Nú hafa tvær eða fleiri eignir verið seldar í einu lagi og réttindi yfir þeim báðum eða öllum eru ekki þau sömu að því leyti sem er unnt að fullnægja þeim, og skal þá skiptingin að jafnaði ráðast af hlutföllum milli hæstu boða í hverja eða hvora þeirra. Að öðrum kosti aflar sýslumaður virðingar á eignunum og skiptir söluverðinu hlutfallslega eftir henni, en kostnaður af virðingu greiðist þá jafnhliða sölulaunum.

Þegar ákveðið er í frumvarpi hvað greiðist af einstökum kröfum skal miðað við að vextir, verðbætur og gengistrygging reiknist af þeim til þess dags sem uppboði lauk á eigninni. Ef eign var ráðstafað eftir ákvæðum VI. kafla miðast útreikningur við þann dag sem tilboð, sem hefur verið samþykkt, var gert.

Nú hefur kröfu verið lýst um greiðslu af söluverðinu eða hún kemur fram í beiðni um nauðungarsölu og sýnt er að hún fái greidd að nokkru eða öllu, og skal þá sýslumaður leggja mat á það af sjálfsdáðum við gerð frumvarps með hverri fjárhæð og hvar í réttindaröð krafan verði viðurkennd að lögum á grundvelli framkominna gagna. Ef krafa er fyrnd eða hefur glatað réttarvernd að einhverju marki skal sýslumaður færa niður fjárhæð hennar í frumvarpi sem því nemur af sjálfsdáðum. Ef kröfu hefur ekki verið lýst fyrir en eftir þann tíma sem segir í 1. mgr. 49. gr. verður ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar af henni.

Nú hefur réttindum verið þinglýst á eignina en kröfu er ekki lýst í skjóli þeirra og rétt-hæð þeirra er slík að greiðsla ætti að koma í hlut rétthafans af söluverðinu. Skal þá sýslumaður gera ráð fyrir greiðslu kröfu í frumvarpinu með þeirri fjárhæð sem hún gæti hæst orðið eftir hljóðan þinglýsts skjals um réttindin ef henni yrði síðar lýst.

Í frumvarpi verður ekki tekið tillit til óþinglýstra réttinda yfir eigninni nema kröfu hafi verið lýst í skjóli þeirra.

Ef til álita kemur að greiða kröfu sem er skilyrt eða umdeild skal gera ráð fyrir henni í frumvarpi með þeirri fjárhæð sem má ætla að hún geti hæst numið.

51. gr.

Þegar frumvarp hefur verið gert til úthlutunar söluverðs sendir sýslumaður öllum aðilum að nauðungarsölu, sem er vitað hvar verði náð til, eintak af frumvarpinu með tryggum hætti. Í frumvarpinu skal tekið fram að andmæli gegn því þurfi að berast sýslumanni innan tiltekins frests sem skal ekki vera skemmri en tvær vikur frá því frumvarpið er sent.

Nú kemur krafa um greiðslu af söluverði fyrst fram eftir gerð frumvarps en áður en fresti skv. 1. mgr. er lokið og hún gengur framur kröfum sem var ætlað að greiða eftir því, og skal þá sýslumaður gera breytingar á frumvarpinu eftir því sem efni standa til. Slíkar breytingar skulu tilkynntar þeim sem verða að sæta röskun á fyrirhugaðri úthlutun sinni, og skal sýslumaður ákveða sérstakan frest handa þeim til að koma fram andmælum gegn breytingunum ef þurfa þykir. Eins skal farið að ef kröfu er fyrst lýst á þessum tíma í skjóli veðréttar sem sýslumaður hefur gert ráð fyrir greiðslu á skv. 5. mgr. 50. gr.

52. gr.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpi innan frests skv. 51. gr. skal sýslumaður boða þá sem mótmælin varða á sinn fund. Þegar hlutaðeigendum hefur gefist kostur á að tjá sig um mótmælin bókar sýslumaður ákvörðun í gerðabók um hvort hann taki þau til greina og breyti frumvarpi því til samræmis. Aðili að nauðungarsölu má að svo búnu leita úrlausnar héraðsdóms á ágreiningi um ákvörðunina samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Ef mótmæli koma ekki fram gegn frumvarpi telst það endanleg úthlutunargerð söluverðs við lok frests skv. 51. gr. Hafi ágreiningur staðið um frumvarp telst það endanleg úthlutunargerð söluverðs þegar hann hefur verið leiddur til lykta, eftir atvikum með þeim breytingum sem það hefur þá sætt fyrir dómi.

Nýjum kröfum um greiðslu af söluverði eða hækkun á greiðslu frá því sem greinir í úthlutunargerð verður því aðeins komið fram eftir lok frests skv. 51. gr. að fyrir liggir

samþykki allra sem slík breyting getur varðað, enda hafi greiðslum samkvæmt úthlutunargerð ekki enn verið lokið þannig að girt sé fyrir breytingu.

Komi til lækkunar á kröfu frá því sem segir í úthlutunargerð skal gerður viðauki við hana um ráðstöfun á viðeigandi fjárhæð. Slíkan viðauka þarf sýslumaður ekki að bera undir aðila nema hann telji óvíst um réttindi til greiðslu.

53. gr.

Ekki verður greitt samkvæmt úthlutunargerð fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölnunnar undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn. Þegar sá frestur er liðinn má heldur ekki greiða eftir úthlutunargerð ef dómsmál vegna nauðungarsölnunnar skv. XIII. eða XIV. kafla hefur ekki enn verið leitt til lykta, nema að því leyti sem er sýnt að niðurstaða þess geti ekki breytt réttindum til greiðslna. Sé söluverð aðeins greitt að hluta þegar sá tími er kominn að það megi greiða eftir úthlutunargerð má sýslumaður verja því sem er þegar fengið til að fullnægja kröfum eftir rétt hæð þeirra.

Þegar komið er að greiðslu skv. 1. mgr. skal fundið hvað hafi unnist í vexti af söluverði. Vöxtum skal jafnað niður á þá sem hafa ekki enn fengið greitt samkvæmt úthlutunargerð í hlutfalli við fjárhæð kröfu hvers þeirra. Hlutdeild í vöxtum greiðist síðan hverjum fyrir sig samhliða því sem honum ber eftir úthlutunargerð.

54. gr.

Nú hefur greiðsla verið ákveðin í úthlutunargerð skv. 5. mgr. 50. gr. og sá tími er kominn að það megi inna hana af hendi án þess að neinn hafi lýst tilkalli til hennar, og skal þá sýslumaður leggja hana á sérgreindan reikning við banka eða sparissjóð. Sé fjárins ekki vitjað hjá sýslumanni innan árs frá þeim tíma skal hann fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði þar sem skorað er á þann sem á rétt til greiðslunnar að gefa sig fram innan mánaðar frá birtingu auglýsingarinnar að því viðlögðu að fénu verði þá ráðstafað skv. 3. mgr.

Hafi greiðsla skv. 7. mgr. 50. gr. verið ákveðin í úthlutunargerð skal sýslumaður leggja hana á sérgreindan reikning við banka eða sparissjóð, þar sem féð skal varðveitt þar til ráðið er um tilkall til þess.

Að því leyti sem geymslufé skv. 1. eða 2. mgr. verður ekki ráðstafað samkvæmt úthlutunargerð skal sýslumaður taka úthlutunina upp á ný og verja fénu til greiðslu handa þeim sem stóðu næstir þegar úthlutun var ráðin í byrjun. Sýslumaður getur farið svo að sem segir í 51. og 52. gr. ef hann telur ágreining geta staðið um tilkall til fjárins, en ekki verður þá hreyft við því sem var áður slegið föstu í úthlutunargerð. Ef ekki er kunnugt um neinn sem getur gert tilkall til fjárins greiðir sýslumaður það í ríkissjóð, en gefi sá sig síðar fram sem átti rétt til fjárins skal honum greitt það úr ríkissjóði ef krafa hans er ekki fyrnd.

IX. KAFLI

Réttur til umráða yfir eign, afsal við nauðungarsölu o.fl.

55. gr.

Ef ekki er mælt fyrir um á annan veg í uppboðsskilmálum nýtur kaupandinn réttar til umráða yfir eigninni frá því boð hans er samþykkt.

Um umráðarétt kaupanda við nauðungarsölu skv. VI. kafla fer eftir því sem hefur samist.

Nú hefur gildi nauðungarsölu verið borið undir dóm eftir ákvæðum XIV. kafla áður en kaupandi tekur við umráðum eignarinnar, og getur þá gerðarþoli krafist þess að leyst verði úr því með úrskurði undir rekstri þess máls, hvort honum eða öðrum umráðamanni verði vikið af eigninni fyrr en lyktir þess eru fengnar.

56. gr.

Pegar kaupandi hefur efnt skyldur samkvæmt uppboðs- eða söluskilmálum gefur sýslumaður honum út afsal fyrir eigninni. Þetta skal þó ekki gert fyrir en frestur til að bera gildi nauðungarsölu undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn eða lyktir máls sem er borið undir dóm innan þess frests eru fengnar.

Hafi nauðungarsölu verið krafist eftir heimild í 6. eða 7. gr. falla niður öll veðbönd, umráðaréttindi, kvaðir, höft og önnur réttindi yfir eigninni við útgáfu afsals nema annað leiði beinlínis af lögum, eignin hafi verið seld með þeim skilmálum að þau standi í tilteknum atriðum óhöggðu eða kaupandinn hafi síðar tekið þau að sér. Í afsali skal tekið fram hver réttindi yfir eigninni falli brott.

Að því leyti sem réttindum sem falla brott skv. 1. mgr. hefur verið þinglýst skulu þau afmáð við þinglýsingu afsals.

57. gr.

Nú hefur einhver sá, sem hefur notið réttinda yfir eigninni, gerst kaupandi að henni við nauðungarsölu án þess að réttindum hans hafi verið fullnægt með öllu af söluverðinu og hann krefur síðan gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem stendur eftir af skuldbindingunni. Getur þá sá sem kröfunni er beint að krafist þess að hún verði færð niður um fjárhæð sem nemur mismun á því verði sem eignin var seld fyrir og því sem þykir sýnt að hafi verið markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs miðað við þau greiðslukjör sem eignin var seld gegn.

Rétt er þeim sem kann að verða krafinn um eftirstöðvar skuldbindingar að höfða mál á hendur kaupanda til að fá þær færðar niður samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

3. ÞÁTTUR

Nauðungarsala á öðrum eignum og réttindum.

X. KAFLI

Umdæmi, vörslutaka o.fl.

58. gr.

Ákvæði þessa þáttar taka til nauðungarsölu á eignum og réttindum sem falla ekki undir fyrirmæli 17. gr. en geta gengið kaupum og sölu.

Beiðni um nauðungarsölu samkvæmt þessum þætti skal beint til sýslumannsins í einhverju eftirfarandi umdæma:

1. þar sem eignin er staðsett eða geymd,
2. þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing,
3. þar sem gert var fjárnám sem nauðungarsölu er síðan krafist eftir.

Gerðarbeiðanda er einnig heimilt að krefjast nauðungarsölu í öðru umdæmi en leiðir af ákvæðum 2. mgr. ef sýslumaður, sem beiðni er beint til, fellst á að líkur séu fyrir að þar fáiast hærra verð fyrir eignina. Gerðarbeiðandi ber áhættu af rýrnun eða spjöllum á eign sem hljótast við flutning hennar milli umdæma.

Hafi beiðnir komið fram um nauðungarsölu á sömu eign í fleiri umdæmum en einu skal sameina meðferð þeirra svo fljótt sem verður uppvíst um það. Komi gerðarbeiðendur sér ekki saman um annað skal það gert í því umdæmi sem getur fyrst átt við eftir talningu þeirra í 2. mgr.

59. gr.

Nú er krafist nauðungarsölu á eign sem gerðarþoli hefur umráð yfir eða þriðji maður fyrir hans atbeina, og má þá gerðarbeiðandi óska í beiðni um nauðungarsölu eftir heimild sýslumanns til að taka vörslur eignarinnar í því skyni að fá henni ráðstafað, enda

sé ekki um eign að ræða sem verður seld samkvæmt ákvörðun sýslumanns þar sem hún er niður komin.

Þegar sýslumaður kannar beiðni eftir ákvæðum 13. gr. skal hann um leið leggja mat á það hvort skilyrði séu til að heimila gerðarbeiðanda vörslutöku ef þess er krafist. Telji sýslumaður þeim fullnægt ritar hann þá ákvörðun á beiðnina, svo og hvar og hvenær eigninni verði ráðstafað. Afrit af beiðninni sem verða send skv. 16. gr. skulu bera þessa áritun. Áritun sýslumanns má hljóða þannig að gerðarbeiðandi njóti þessarar heimildar fyrst frá tilteknum tíma.

60. gr.

Gerðarþola er skylt að afhenda eignina gerðarbeiðanda eða öðrum sem hann felur að vitja hennar fyrir sína hönd, enda sé þá framvísað heimild skv. 2. mgr. 59. gr. Sama skylda hvílir á þriðja manni sem hefur vörslur eignarinnar ef réttur hans til umráða gengur ekki fyrir rétti gerðarbeiðanda yfir henni. Handveðréttur eða haldsréttur þriðja manns stendur þó ekki í vegi fyrir heimild gerðarbeiðanda til að krefjast afhendingar eignarinnar, enda verði slíkur réttur þá virtur við nauðungarsöluna.

Nú neitar gerðarþoli eða annar vörslumaður að verða við skyldu sinni skv. 1. mgr. eða ekki tekst að ná til hans, og getur þá gerðarbeiðandi leitað atbeina sýslumanns til að fá eignina afhenta. Til að framfylgja rétti gerðarbeiðanda getur sýslumaður krafist aðgangs að húsakynnum eða hirslum vörslumanns og má beita valdi sé aðgangur ekki veittur. Lögreglumönnum er skylt að verða við tilmælum sýslumanns um að framfylgja ákvörðun hans í þessum efnum. Bókað skal í gerðabók um þessar aðgerðir.

Ákvæðum 22. gr. skal beitt við aðgerðir skv. 2. mgr. eftir því sem átt getur við.

Gerðarbeiðandi ber áhættu af eigninni frá því hann fær vörslur hennar þar til henni er ráðstafað. Gerðarbeiðandi skal sjá til þess að eigninni verði komið tímanlega á þann stað sem sýslumaður hefur ákveðið til að ráðstafa henni.

XI. KAFLI

Nauðungarsala á lausafjármunum.

61. gr.

Nauðungarsala á lausafjármunum fer fram á uppboði nema annar háttur sé ákveðinn skv. 62. gr. Á sama uppboði má selja lausafjármuni samkvæmt fleiri beiðnum en einni.

Sýslumaður ákveður hvar og hvenær uppboð verður haldið eftir því sem beiðnir liggja fyrir um slíkt hverju sinni.

EKKI er þörf að taka fyrir beiðnir um nauðungarsölu á lausafjármunum fyrr en við uppboð. Sýslumaður getur ákveðið aðra fyrirtöku á beiðni ef svo stendur á sem segir í 2. mgr. 62. gr. eða 1. mgr. 63. gr., en þá skal bókað í gerðabók um það sem fer fram.

Um framlagningu gagna og leiðbeiningar við gerðarþola gilda ákvæði 21. gr.

62. gr.

Eftir ósk gerðarþola eða gerðarbeiðanda getur sýslumaður ákveðið að lausafjármunum verði ráðstafað með sölu á almennum markaði ef skilyrðum 23. gr. er fullnægt. Sýslumanni er þó rétt að hafna slíkri ósk ef hann telur munina illseljanlega eða verðmæti þeirra svo lítið að ekki sé vert að standa þannig að sölunni.

Ósk skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við sýslumann ekki síðar en við upphaf uppboðs. Komi óskin fram með nægum fyrirvara getur sýslumaður tekið hana sérstaklega fyrir áður en komið er að uppboði að undangenginni boðun til hlutaðeigenda.

Ef orðið er við ósk skv. 1. mgr. skal ákvæðum VI. kafla beitt við ráðstöfun munanna að gættu eftirfarandi:

1. að gerðarþoli eigi ekki rétt á að halda vörslum eða fá aftur vörslur munanna meðan ráðstöfun er reynd nema gerðarbeiðandi samþykki,
2. að söluskilmálar verði ákveðnir hverju sinni með hliðsjón af ákvæðum 65. gr.,
3. að ákveðið verði hverju sinni eftir edli munanna hverjum verði falið að leita tilboða í þá,
4. að aðili að nauðungarsölu geti krafist að tilraunum til sölu munanna verði hætt eftir að mánuður er liðinn frá því ósk var tekin til greina.

63. gr.

Gerðarþoli eða þriðji maður sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta getur komið á framfæri mótmælum gegn nauðungarsölu við sýslumann fram að því að leitað er boða í munina. Berist mótmælin með nægum fyrirvara getur sýslumaður tekið nauðungarsölu sérstaklega fyrir að undangenginni boðun til hlutaðeigenda til að fjalla um þau áður en komið er að uppboði.

Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum 22. gr. beitt við nauðungarsölu eftir þessum kafla.

64. gr.

Þegar uppboð hefur verið ákveðið fær sýslumaður auglýsingu um það birta í dagblaði eða með öðrum samsvarandi hætti minnst einu sinni með viku fyrirvara. Sýslumaður getur ákveðið að auglýsing verði birt oftari og þá með öðrum hætti og á þeim tíma sem honum þykir eiga við.

Í auglýsingunni skal koma fram hvar og hvenær uppboðið byrji. Skal lýst með almennum hætti um hverja muni sé að ræða, en verðmætra muna skal getið sérstaklega með viðeigandi lýsingu. Ekki er þörf að greina frá nöfnum gerðarbeiðenda eða gerðarþola, en sýslumaður getur ákveðið að það verði gert ef það þykir horfa til sérstakra upplýsinga um þá muni sem á að selja.

Gerðarbeiðanda er frjálst að auglýsa uppboðið á eigin kostnað hvað sig varðar.

Nú er upplýst að þriðji maður njóti réttinda í eign og vitað er hvar verði náð til hans, og skal þá sýslumaður tilkynna honum um uppboð á henni með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

65. gr.

Dómsmálaráðherra setur almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum, sem skulu birtir í auglýsingu í Stjórnartíðindum, en í þeim skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi:

1. að munirnir séu seldir í því ástandi sem þeir eru þegar hamar fellur,
2. að sýslumanni sé óskýlt að taka neinu framkomnu boði, sbr. 5. og 6. mgr. 67. gr.,
3. hvort kaupandi greiði kostnað og opinber gjöld af af nauðungarsölu til viðbótar við boð sitt eða hvort slíkt skuli talið innifalið í fjárhæð boðs,
4. að kaupanda beri að greiða söluverðið þegar í stað eftir að munirnir eru slegnir honum, en það megi þó ákveða áður en boða er leitað, að ósk eða með samþykki gerðarbeiðanda, að gjaldfrestur verði veittur við sölu tiltekinna muna,
5. að kaupandi beri áhættu af mununum frá því hamar fellur,
6. að kaupanda sé rétt og skylt að taka munina í sínar vörslur um leið og söluverðið sé greitt, en sé ekki annað ákveðið verði þeir varðveittir fram að því á hans kostnað ef gjaldfrestur er veittur,

7. að engin ábyrgð sé tekin á ástandi munanna eða heimild yfir þeim og geti kaupandi ekki krafist riftunar kaupanna, afsláttar eða skaðabóta eftir að söluverðinu hefur verið ráðstafað.

Sýslumaður getur ákveðið að víkja frá almennum uppboðsskilmálum við sölu á tilteknum munum eða uppboðið í heild sinni eftir ákvæðum 29. gr., en að öðrum kosti teljast almennir skilmálar gilda.

66. gr.

Ef gerðarbeiðendur æskja þess og gerðarþoli mótmælir því ekki skal frestað að selja munina á uppboði. Verður þá ekki af fyrirtöku á uppboði nema tilefni sé til hennar vegna ákvæða 62. eða 63. gr. Það sama á við ef ekki reynist unnt að koma mununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Ef uppboði er frestað skv. 1. mgr. ákveður sýslumaður nýjan tíma til þess. Ákvörðunin skal tilkynnt gerðarþola bréflega en gerðarbeiðanda með þeim hætti sem sýslumanni þykir til hlýða. Uppboðið skal auglýst á ný skv. 1. og 2. mgr. 64. gr.

Hafi munir ekki verið seldir innan eins árs frá þeim degi sem sýslumanni barst beiðni um nauðungarsöluna telst hún sjálfkrafa fallin niður. Þetta gildir þó ekki ef uppboðinu hefur verið frestað vegna meðferðar dómsmáls eða varnað með heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og uppboðið fer fram svo fljótt sem verða má frá því slík hindrun er úr vegi.

67. gr.

Áður en byrjað er að leita boða í muni við uppboð skal sýslumaður kynna uppboðsskilmála í heyranda hljóði. Ef skilmálar verða ekki þeir sömu við sölu allra muna má kynna í byrjun þá sem gilda varðandi flesta munina en greina síðan jafnharðan og leitad er boða frá þeim sem gilda um aðra.

Sýslumaður ákveður í hverri röð munirnir verði boðnir upp, en rétt er að taka tillit til óska gerðarþola í þeim efnum ef óvíst er hvort það þurfi að bjóða upp alla munina til að fullnægja kröfum gerðarbeiðanda. Leita má boða í tvo eða fleiri muni í senn ef gerðarþoli er sá sami og sýslumaður telur að boð verði ekki lægri með þeim hætti en fengjust til samans í hvern hlut fyrir sig. Einnig má leita boða eftir ákvæðum 2. mgr. 30. gr.

Þegar kemur að því að leita boða í tiltekinn hlut skal sýslumaður gefa ótvírætt til kynna um hvern hlut sé að ræða, svo sem með því að hluturinn sé tekinn fram til sýnis eða bent sé greinilega á hann. Upplýsingar skulu veittar um hlutinn eftir því sem vitneskja liggur fyrir og sýslumaður telur ástæðu til. Að því gerðu lýsir sýslumaður eftir boðum.

Ákvæði 2.–6. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. gilda um boðin.

Komi ekkert boð fram í hlut getur sýslumaður ákveðið að bæta öðrum við og leita boða í þá í einu lagi. Sé þetta ekki unnt skv. 2. mgr. eða beri það ekki árangur telst beiðni um nauðungarsöluna fallin niður hvað þann hlut varðar. Það sama á við ef nauðungarsölu er krafist á grundvelli 6. gr. og ekki kemur fram boð sem nægir til þess að gerðarbeiðandi fái eitthvað í sinn hlut af söluverði.

Þegar sýslumaður hefur skorað þrívægis á viðstadda að gera frekari boð í hlutinn án þess að þau komi fram lætur hann hamar falla og getur þess um leið hvort boði sé tekið og þá hvaða. Ef sýslumaður telur boðin óhæfilega lág með hliðsjón af líklegu markaðsverði hlutar getur hann orðið við kröfu aðila um að hafna þeim öllum og frestað til annars uppboðs að reyna sölu á ný. Að öðrum kosti skal hæsta boði jafnan tekið, en séu tvö eða fleiri hæst og jöfn ákveður sýslumaður hvoru eða hvaða verði tekið.

Ef ekki er staðið við boð í kjölfar þess að því er tekið má sýslumaður lýsa þegar yfir að næsta boði sé tekið eða bjóða hlutinn upp á ný. Krefja má þann sem vanefnir boð sitt um mismuninn á boðinu og því sem fæst síðan fyrir hlutinn, en við málshöfðun í því skyni gilda ákvæði 3. mgr. 46. gr.

Bókað skal í gerðabók hverjir munir séu seldir á uppboði og gegn hverju verði, eftir kröfu hvers það hafi verið gert og hver hafi verið gerðarþoli.

68. gr.

Nú er gerðarbeiðandi einn, annarri kröfu hefur ekki verið lýst um greiðslu af söluverði og öðrum kröfum en gerðarbeiðanda hefur ekki verið þinglýst á eignina, og skal þá sýslumaður úthluta söluverðinu svo fljótt sem verða má eftir greiðslu þess, enda hafi gildi nauðungarsölnnar ekki áður verið borið undir héraðsdóm samkvæmt ákvæðum XIV. kafla. Eins má fara að þótt fleiri kröfur en gerðarbeiðanda liggi fyrir ef ekki er ástæða til að ætla að ágreiningur standi um tilkall til söluverðs.

Ef söluverði verður ekki úthlutað skv. 1. mgr. skal ákvæðum 50.–54. gr. beitt eftir því sem átt getur við.

69. gr.

Ef þörf krefur gefur sýslumaður kaupanda út heimildarbréf fyrir eignarrétti hans.

Nauðungarsala samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sömu áhrif og er mælt fyrir um í 2. mgr. 56. gr.

Beita má ákvæðum 57. gr. um kröfu þess sem gerist kaupandi við nauðungarsölu samkvæmt reglum þessa kafla.

XII. KAFLI

Nauðungarsala á verðbréfum, kröfuréttindum o.fl.

70. gr.

Ef nauðungarsölu er krafist á réttindum, sem önnur ákvæði þessara laga ná ekki til en geta þó gengið kaupum og sölu, tekur sýslumaður beiðni um hana fyrir að undangengnum tilkynningum skv. 16. gr. til að taka ákvörðun um aðgerðir vegna hennar skv. 71. gr. Aðrir sem geta talist aðilar að nauðungarsölnni og er vitað um skulu einnig kvaddir til fyrirtökunnar með sannanlegum hætti.

Bókað skal í gerðabók um það sem fer fram við fyrirtökur eftir ákvæðum þessa kafla.

71. gr.

Við fyrirtöku á beiðni um nauðungarsölnu skal farið eftir því sem segir í 21. gr. Þar ákveður sýslumaður hvernig verði staðið að nauðungarsölnni að fengnum tillögum þeirra sem eru mættir.

Ef nauðungarsölu er krafist á ógjaldföllnu verðbréfi skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela tilteknum verðbréfamiðlara að selja það gegn verði sem sýslumaður samþykkir og standa síðan sýslumanni skil á söluverðinu. Ef um verðbréf er að ræða sem má þegar eða bráðlega fá greitt eða innleyst með peningagreiðslu má ákveða að sýslumaður fari þá leið. Sýslumaður áritar verðbréf um framsal eða greiðslu eða til innlausnar með sömu áhrifum og ef hann hefði umboð til þess.

Ef nauðungarsölu er krafist á öðrum kröfuréttindum eða annars konar tilkalli til peningagreiðslu skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela gerðarbeiðanda eða tilteknum hæstaréttar- eða héraðsdómsslógmanni að fylgja réttindunum eftir gegn ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar og standa síðan sýslumanni skil á andvirði þeirra. Réttindin verða þá sótt í umboði sýslumanns sem kemur fram í embættisnafni sem aðili að þeim. Þó má ákveða að sýslumaður leitist fyrst við að fá andvirði réttindanna greitt.

Ef um annars konar réttindi er að ræða skal ákveða ráðstöfun þeirra við uppboð skv. XI. kafla nema ákvæðum 2. eða 3. mgr. verði beitt um þau með sambærilegum hætti og þar er mælt.

Nú er krafist nauðungarsölu á réttindum sem ákvæði 2. eða 3. mgr. taka til og það þykir ósennilegt að aðgerðir samkvæmt þeim ákvæðum muni bera árangur eða svara kostnaði eða það er þegar reynt, og skal þá ráðstafa réttindunum við uppboð eftir fyrir-mælum XI. kafla.

72. gr.

Við ráðstöfun réttinda skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr. skal að öðru leyti farið eftir regl-um XI. kafla eftir því sem þær geta átt við.

4. ÞÁTTUR

Málsmeðferð fyrir dómstólum.

XIII. KAFLI

Úrlausn ágreinings um hvort nauðungarsala fari fram o.fl.

73. gr.

Eftir því sem er mælt fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga má leita úrlausnar héraðsdómara samkvæmt fyrir-mælum þessa kafla um ágreining sem rís við nauðungarsölu.

Sá sem vill leita úrlausnar héraðsdómara skal lýsa því yfir við fyrirtöku sýslumanns á nauðungarsölnunni, þar sem sú ákvörðun kemur fram sem leita á úrlausnar um. Hafi hlut-adeigandi ekki verið staddur við fyrirtökuna og ekki mátt fá boðun til hennar eða haft lögmat forföll eða ákvörðunin kom ekki fram við fyrirtöku, má hann þó koma yfirlýs-ingu sinni bréflaga fram við sýslumann innan viku frá því honum varð kunnugt um ákvörðunina, ef henni hefur ekki þegar verið framfylgt með aðgerðum við nauðungarsöl-una.

Þegar yfirlýsing skv. 2. mgr. hefur komið fram skal sýslumaður þegar í stað stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsöluna að því leyti sem þær geta verið háðar umdeildri ákvörðun hans, nema bersýnilegt þyki að skilyrði skorti til að leita úrlausnar héraðsdóm-ara um hana. Komi yfirlýsing fram við fyrirtöku skal bókað um hana í gerðabók ásamt því sem hlutaðeigandi kveðst munu krefjast fyrir dómi. Einnig skal bókað um viðhorf ann-arra til ágreiningsins og kröfur þeirra að því leyti sem hann getur varðað þá. Sýslumað-ur skal síðan svo fljótt sem er unnt afhenda þeim sem hyggst leita úrlausnar héraðsdóm-ara staðfest eftirrit framlagðra gagna og endurrit úr gerðabók að því leyti sem þau varða ágreiningsefnið.

Sýslumaður skal tilkynna þeim aðilum sem ágreiningurinn getur varðað og voru ekki viðstaddir þegar yfirlýsing skv. 2. mgr. kom fram um málavexti.

Sá sem leitar úrlausnar héraðsdómara skal tafarlaust senda honum málgögn skv. 3. mgr.

Sýslumanni er heimilt að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið ef hann kemur ekki til með að eiga aðild að dómsmálinu, sbr. 3. mgr. 46. gr.

74. gr.

Þegar héraðsdómara hafa borist gögn varðandi nauðungarsöluna kannar hann hvort skilyrðum þessara laga til að leita úrlausnar hans sé fullnægt. Ef svo er ekki vísar hann málinu frá dómi með úrskurði án þess að kveðja til aðila þess eða taka það að öðru leyti fyrir á dómþingi.

Ef máli verður ekki þegar vísað frá skv. 1. mgr. ákveður héraðsdómari hvernig aðild að því verði hagað. Að öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnarinnar talinn sóknaraðili máls. Ef leitað er úrlausnar vegna ágreinings sem hefur risið milli þess sem leitar hennar og annars eða annarra aðila að nauðungarsölnunni skulu þeir sem standa gegnt honum taldir varnaraðilar, sbr. þó 3. mgr. 46. gr. Ella skal gerðarþoli að jafnaði talinn varnaraðili, en það skal hann einnig annars vera ef ágreiningsefnið varðar hagsmuni hans. Ráðist aðild að málinu ekki með þessum hætti ákveður héraðsdómari um hana eftir eðli þess.

Að því gerðu sem segir í 2. mgr. ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það málsaðilum með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

75. gr.

Ef sættir takast ekki um ágreininginn í þinghaldi sem er boðað til skv. 3. mgr. 74. gr. skulu aðilar gera grein fyrir þeim kröfum sem þeir hafa uppi.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla um annað en þá ákvörðun sýslumanns sem varð tilefni málsins, svo og málskostnað, sbr. þó 3. mgr. Frá þessu má þó víkja ef aðilarnir eru á einu máli um að fá leyst úr öðrum ágreiningi varðandi nauðungarsölnuna, sem varðar ekki aðra en þá, og héraðsdómari fellst á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn þá um þann ágreining.

Ef málið varðar riftun kaupa við nauðungarsölu eða rétt til afsláttar eða skaðabóta, sbr. 47. og 48. gr., má krefjast að mælt verði fyrir um réttindi og skyldur aðila í þeim efnunum. Í slíku máli má einnig hafa uppi gagnkröfu með eða án gagnsakar sé almennum skilyrðum til þess fullnægt, enda sæki sá þing sem slíkri kröfu er beint að. Gagnsök telst höfðuð án frekari aðgerða ef krafa í henni kemur fram á dómþingi.

Þegar kröfur aðila hafa komið fram skal þeim veittur skammur frestur til að skila skriflegum greinargerðum og afla sýnilegra sönnunargagna ef þörf krefur. Málið skal síðan sótt og varið munnlega, en í sama þinghaldi má taka munnlegar skýrslur ef þeirra er þörf, sbr. þó 76. gr.

76. gr.

Ef sóknaraðili er einn og hann sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 75. gr. eða ekki verður síðar af þingsókn af hans hálfu skal fella málið niður ef varnaraðili hefur ekki haft uppi sjálfstæðar kröfur. Hafi varnaraðili gert slíkar kröfur skal fella málið niður hvað varðar kröfur sóknaraðila og leysa úr kröfum varnaraðila samkvæmt reglum 3. mgr. eftir því sem þær eiga við að breyttu breytanda. Falli mál með öllu niður má úrskurða varnaraðila ómaksþóknun eða málskostnað ef hann sækir þing og krefst slíks.

Ákvæðum 1. mgr. skal beitt ef sóknaraðilar eru tveir eða fleiri og hvorugur eða enginn þeirra sækir þing. Að öðrum kosti skal málið aðeins fellt niður varðandi þann eða þá sóknaraðila sem sækja ekki þing.

Ef varnaraðili er einn og hann sækir ekki þing skulu gagnkröfur hans felldar niður ef um þær er að ræða og skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram greinargerð af sinni hálfu og sönnunargögn hafi þau ekki þegar komið fram. Að því búnu skal málið tekið til úrskurðar án frekari málflutnings. Hafi greinargerð komið fram af hálfu varnaraðila áður en þingsókn hans féll niður skal sóknaraðila þó gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Ákvæðum 3. mgr. verður beitt ef varnaraðilar eru tveir eða fleiri og hvorugur eða enginn þeirra sækir þing. Að öðrum kosti falla aðeins niður sjálfstæðar kröfur þess varnaraðila sem sækir ekki þing.

77. gr.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli framkominna sönnunargagna og málflyttings aðilanna kveðið á um staðfestingu, breytingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns. Á sama grundvelli skal lagt mat á kröfur sem lúta að öðru en ákvörðun sýslumanns að því leyti sem þær verða hafðar uppi skv. 2. eða 3. mgr. 75. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verður beitt að öðru leyti við meðferð mála samkvæmt þessum kafla, eftir því sem þær geta átt við.

78. gr.

Aðgerðum við nauðungarsölu má þegar fram halda þegar úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið ef lýktir úrskurðar leiða til þess og annað er ekki ákveðið í honum.

79. gr.

Úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara í málum samkvæmt þessum kafla sæta kærui til Hæstaréttar. Þó verður ekki skotið til æðra dóms úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara sem er kveðin upp eða tekin undir rekstri máls og mundi ekki sæta kærui ef um einkamál væri að ræða sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verður heldur ekki skotið til æðra dóms úrskurði héraðsdómara sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kærui sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kærui í almennu einkamáli.

Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar ekki aðgerðum á grundvelli hans við nauðungarsölu nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í honum.

XIV. KAFLI

Úrlausn um gildi nauðungarsölu.

80. gr.

Þegar uppboði hefur verið lokið skv. V. eða XI. kafla, tilboði hefur verið tekið í eign skv. VI. kafla eða andvirði réttinda hefur verið greitt sýslumanni eftir ráðstöfun skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr., getur hver sá sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölnnar, en krafa þess efnis skal þá berast héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fyrrgreinda tímamarki sem á við hverju sinni.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn verður því aðeins leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu að það sé samþykkt af hendi allra aðila að henni, sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni og úrlausnin gæti varðað, svo og kaupanda að eigninni ef um hann er að ræða.

Ákvæði 1. og 2. mgr. breyta því ekki að annars má hafa uppi kröfu um skaðabætur eða aðra peningagreiðslu sem byggist á því að ekki hafi verið skilyrði fyrir nauðungarsölu eða ranglega hafi verið staðið að henni.

81. gr.

Sá sem leitar úrlausnar um gildi nauðungarsölu skal tilkynna það héraðsdómara skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja nauðungarsölu sé að ræða, hvenær hún fór fram, hvers konar ráðstöfun hafi átt sér stað og á hverju, og hverjir verði taldir aðilar að málinu skv. 3. mgr. 82. gr.,
2. hvers sé krafist fyrir héraðsdómara,
3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur séu reistar.

Með tilkynningunni skulu að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gagna sem hafa verið lögð fram við nauðungarsöluna og endurrit úr gerðabók sýslumanns. Hafi þessi gögn ekki verið til reiðu í tæka tíð skulu þau send héraðsdómara svo fljótt sem verða má eftir að tilkynning berst honum. Þá skulu fylgja yfirlýsingar um samþykki fyrir rekstri málsins skv. 2. mgr. 80. gr. ef við á.

Sýslumanni skal sent afrit tilkynningar með sannanlegum hætti. Honum er heimilt að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

Leiti tveir eða fleiri úrlausnar um gildi sömu nauðungarsölu skal farið með málið í einu lagi, en þó þannig að leyst verði sjálfstætt úr kröfum hvers um sig ef þörf krefur.

82. gr.

Þegar héraðsdómara hafa borist tilkynning og gögn skv. 1. og 2. mgr. 81. gr. kannar hann hvort skilyrðum þessara laga til að leita úrlausnar hans sé fullnægt. Ef svo er ekki vísar hann málinu frá dómi með úrskurði án þess að kveðja til aðila þess eða taka það að öðru leyti fyrir á dómþingi.

Ef máli verður ekki þegar vísað frá skv. 1. mgr. ákveður héraðsdómari hvernig aðild að því verði hagað. Að öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnar talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar. Komi síðar í ljós þegar aðilar greina frá kröfum sínum fyrir dómi að einhverjir varnaraðila eigi samleið með sóknaraðila skal aðild að málinu breytt því til samræmis.

Til aðila að máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla teljast gerðarþoli, gerðarbeiðandi og aðrir þeir sem hafa gert kröfur fyrir sýslumanni í tengslum við nauðungarsöluna og hafa ekki fallið frá þeim, kaupandi að eigninni ef um hann er að ræða, svo og aðrir sem gefa sig fram við héraðsdómara með kröfum um gildi nauðungarsölnnar og hann fellst á að hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum.

Þegar aðild að málinu hefur verið ráðin ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og kveður málsaðila til þess með tilkynningu sem verður birt með sama hætti og stefna í einkamáli. Tilkynningu skal birta með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara nema héraðsdómari telji brýna hagsmuni krefjast skemmri fyrirvara.

83. gr.

Ef sættir takast ekki um ágreininginn í þinghaldi sem er boðað til skv. 4. mgr. 82. gr. skulu aðilar gera grein fyrir þeim kröfum sem þeir hyggjast hafa uppi.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla um annað en ógildingu nauðungarsölnnar eða viðurkenningu á gildi hennar að öllu leyti eða nánar tilteknu marki, svo og málskostnað, sbr. þó 3. mgr. 55. gr. Þó má einnig hafa uppi kröfu um greiðslu sem réttur getur stofnast til með úrlausn um ógildingu nauðungarsölnnar, enda sæki sá þing sem slíkri kröfu er beint að.

Þegar kröfur aðila hafa komið fram skal þeim veittur skammur frestur til að skila skriflegum greinargerðum og afla sýnilegra sönnunargagna ef þörf krefur. Málið skal síðan sótt og varið munnlega en áður má þó taka munnlegar skýrslur ef þeirra er þörf, sbr. þó 1. mgr. 84. gr.

84. gr.

Ef útivist verður af hálfu aðila skal farið eftir ákvæðum 76. gr. eftir því sem átt getur við.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli framkominna sönnunargagna og málflutnings aðilanna kveðið á um gildi nauðungarsölu eftir því sem kröfur þeirra gefa tilefni til.

Ef nauðungarsala er ógilt að einhverju leyti skal skýrlega kveðið á um það í hverjum at-
riðum það sé gert.

Frekari aðgerðir við nauðungarsöluna á grundvelli úrskurðar héraðsdómara mega ekki
fara fram fyrr en að liðnum fresti til að kæra hann, nema málsaðilar hafi lýst yfir að þeir
uni við úrskurðinn.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verður beitt að öðru leyti við með-
ferð mála samkvæmt þessum kafla, eftir því sem þær geta átt við.

85. gr.

Um málskot gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 79. gr.

Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar frekari aðgerðum við nauð-
ungarsöluna.

5. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði.

XV. KAFLI

Ábyrgð á nauðungarsölu.

86. gr.

Hafi gerðarbeiðandi krafist nauðungarsölu sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til
ber honum að bæta allt tjón sem aðrir hafa beðið af þeim sökum.

Hafi nauðungarsala annars farið fram með þeim hætti að hún hafi eða gæti sætt ógild-
ingu á sá sem hefur orðið fyrir tjóni af henni rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir
almennum skaðabótareglum.

Dæma má skaðabætur skv. 1. eða 2. mgr. eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón
hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

87. gr.

Þeim sem á tilkall til bóta skv. 86. gr. er heimilt að beina málsókn til heimtu þeirra
að ríkinu óskipt með gerðarbeiðanda ef sá sem hafði framkvæmd nauðungarsölnunnar með
höndum sýndi af sér gáleysi við þá athöfn sem leiddi til tjóns.

Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

88. gr.

Mál til heimtu bóta skv. 86. gr., sbr. 1. mgr. 87. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi
áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því sá sem hefur orðið fyrir tjóni átti þess fyrst kost
að hafa kröfu sína uppi.

XVI. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

90. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um nauðungaruppböð, nr. 57 25. maí 1949, með áorðnum breytingum.
2. Tilskipun um uppböðsþing í Danmörku og Noregi, 19. desember 1693.
3. 9. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi, 15. apríl 1854.
4. 1. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóvember 1887.

5. 17. gr. laga um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900.
6. 12. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905.
7. 2. másl. 2. mgr. 10. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.
8. 5. mgr. 39. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
9. Lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks, nr. 49 16. mars 1951.
10. Í 1. mgr. 29. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, með áorðnum breytingum, orðin „á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa“.
11. Í 4. mgr. 14. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, með áorðnum breytingum, orðin „uppboð eða“.
12. Lög um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, nr. 20 16. apríl 1966.
13. 12. gr. laga um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð), nr. 48 10. maí 1966.
14. 3. mgr. 5. gr. laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89 17. desember 1966.
15. 14. og 15. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971.
16. 12. gr. laga um Stofnlánadeild samvinnufélaga, nr. 45 24. maí 1972.
17. 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973. Enn fremur í 17. gr. laganna orðin „svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.–16. gr., eftir því sem við á“, og í 1. mgr. 20. gr. þeirra orðin „11. gr. uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949“.
18. Í 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, orðin „samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949“.
Í 12. gr. sömu laga orðin „en í II. kafla uppboðslaganna greinir“.
19. 22. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44 25. maí 1976.
20. Í 38. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, orðin „eða opinberu uppboði“.
21. 16. gr. laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nr. 34 29. maí 1979.
22. 7. gr. laga um landflutningasjóð, nr. 62 31. maí 1979.
23. 17. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64 1. júlí 1985.
24. 3. mgr. 30. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.
25. 7. gr. laga um Framkvæmdasjóð Íslands, nr. 70 1. júlí 1985.
26. 27. og 28. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76 19. ágúst 1987.

91. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 4. mgr. 12. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, falla niður orðin „að undantekinni skýrslu um stranduppboð“.
17. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Lögreglustjóra er heimilt að krefjast nauðungarsölu á strönduðu skipi eða því sem hefur bjargast úr því án undangenginnar áskorunar til eiganda ef aðilar sammælast ekki um annars konar sölu.
Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „uppboðsbók“, en í stað þess kemur: gerðabók um nauðungarsölu.
Í 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „Uppboðsandvirði“, en í stað þess kemur: Söluverð.
2. másl. 1. mgr. 19. gr. sömu laga fellur niður.
27. gr. sömu laga fellur niður.

Í 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu. Þá falla niður 2., 3. og 4. másl. sama ákvæðis.

2. másl. 2. mgr. 29. gr. sömu laga fellur niður.

Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu.

2. Í 3. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 16. desember 1943, falla niður orðin „nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölu, þar á meðal á fasteignum búa.
3. 2. mgr. 5. gr. laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59 24. apríl 1954, verður svohljóðandi: Séu gjöldin ekki greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að krefjast nauðungarsölu á váttryggðri eign án undangengings dóms, sáttar eða fjárnáms.
 3. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður.
4. Í 1. mgr. 18. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955, falla niður orðin „á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu án undangengings dóms, sáttar eða fjárnáms.
 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður.
5. Í 5. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, falla niður orðin „á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem á við. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldnauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hlut uppboðsverðsins“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda. Eigandi fær það greitt af söluverðinu.
6. Í 1. mgr. 11. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21 16. apríl 1966, falla niður orðin „á nauðungaruppboði eða tekið með beinni fógetagerð, og ber fógeta að senda skrásetjara tilkynningu um það til skrásetningar“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður sjá til þess að það verði skrásett.
7. Í 1. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, falla niður orðin „á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa“.
 - Í 3. tölul. 4. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „lögtakshafar vegna opinberra gjalda kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: fjárnámshafar vegna opinberra gjalda kaupa eign við nauðungarsölu.
 31. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 90/1984, verður svohljóðandi: Ef fasteignarréttindi eru seld við nauðungarsölu getur forkaupsréttarhafi skv. 30. gr. gengið inn í hæsta boð, enda tilkynni hann það áður en lokið er að leita boða í eignina við uppboð eða innan fimm sólarhringa frá því honum er kynnt kaupboð sem er aflað við nauðungarsölu á almennum markaði.
8. Í 1. mgr. 16. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978, með áorðnum breytingum, falla niður orðin „fógetagerðir, skipti og uppboð“, en í stað þeirra kemur: aðfarargerðir, búskipti og nauðungarsölur.

4. mgr. 16. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Ef fasteign eða skip er selt veðhafa við nauðungarsölu greiðist hálf gjald.

9. Í 2. másl. 2. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs“, en í stað þeirra kemur: Afsal sem er gefið út vegna nauðungarsölu verður og fært í fasteignabók þótt grundvöllur sölunnar.

Í 3. mgr. 24. gr. sömu laga falla niður orðin „en þetta gildir þó ekki um skipta-afsal samkvæmt nauðungaruppboði“.

Í 3. mgr. 25. gr. sömu laga falla niður orðin „á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður.

1. másl. 4. mgr. 39. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Nú er fasteign seld við nauðungarsölu, og skal þá má eignarhöft úr þinglýsingabók eftir því sem mælt er fyrir um í afsali vegna nauðungarsölunnar þegar því er þinglýst.

Í 2. másl. 4. mgr. 39. gr. sömu laga fellur niður orðið „veðskjöl“, en í stað þess kemur: skjöl.

10. Í 5. mgr. 8. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 88 8. nóvember 1982, falla niður orðin „uppboði eða lögtaki“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölu eða fjárnámi.

11. Í 39. gr. lögræðisлага, nr. 68 30. maí 1984, falla niður orðin „bjóða veðið upp án dóms eða sáttar eða aðfarar“, en í stað þeirra kemur: krefjast nauðungarsölu á veðinu án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

12. Í 1. mgr. 9. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984, falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

13. Í 1. mgr. 53. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, falla niður orðin „á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til farmeiganda.

Í 66. gr. sömu laga falla niður orðin „selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti svo mikið af henni sem þarf til lúkningar á kröfum sem á henni hvíla“, en í stað þeirra kemur: fá selda svo mikið af henni sem þarf til lúkningar kröfum sem á henni hvíla við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til eiganda hennar.

Í 131. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggjum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði“, en í stað þeirra kemur: svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til eiganda hans.

Í 2. mgr. 202. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarsлага“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

Í 3. mgr. 202. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim sem dómur hefur úrskurðað“.

Í 1. mgr. 206. gr. sömu laga falla niður orðin „á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

14. Í 34. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, falla niður orðin „hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri“, en í stað þeirra kemur: krefjast nauðungarsölu á fénu án þess að frekari áskorunar til eiganda sé þörf. Söluverð þess að frádregnu uslagjaldi og kostnaði greiðist.

- Í 4. mgr. 59. gr. sömu laga falla niður orðin „skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti“, en í stað þeirra kemur: má selja að kröfu hreppstjóra við nauðungarsölu með 12 vikna innlausnarfresti án þess að sérstakrar áskorunar sé þörf til eiganda.
15. Í 1. mgr. 9. gr. laga um Stofnfjársljóð fiskiskipa, nr. 93 31. desember 1986, falla niður orðin „sölu á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölu.
16. 3. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, verður svohljóðandi: Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 2. mgr. og engar mótbáru eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengings fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengings dóms eða sáttar.
- Í 4. mgr. 110. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.
17. Í d-lið 2. mgr. 1. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður tvívegis orðin „á uppboði“, en í báðum tilvikum kemur í stað þeirra: við nauðungarsölu.
- Í 4. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda.
- Í 108. gr. sömu laga falla niður orðin „á uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.
- Fyrirsögn á undan 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Lögveðréttur o.fl.
4. mgr. 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Tollstjórar mega krefjast nauðungarsölu á ótollafgreiddum vörum án undanfarins fjárnáms eða áskorunar til eiganda til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu.
5. mgr. 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Náist ekki til þeirrar vöru sem átti að greiða af má gera fjárnám fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði hjá þeim aðilum sem um ræðir í 1.–3. mgr. án undangengings dóms eða sáttar.
- Í 6. mgr. 111. gr. sömu laga falla niður orðin „á uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.
- Í 7. mgr. 111. gr. sömu laga falla brott í 1. másl. orðin „uppboðsandvirði eða“ og „uppboðs- eða“, í 3. másl. orðin „uppboðsandvirði eða“, og í 4. másl. orðin „uppboðsdegi eða“.
- Í 1. mgr. 137. gr. sömu laga falla brott orðin „á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar eða áskorunar til eiganda.
18. Í 100. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86 28. september 1988, sbr. lög nr. 70/1990, falla niður orðin „á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., með því að ganga inn í hæsta boð sem kemur fram í eignina og greiða það verð eða með því að greiða söluverð.
19. Í 1. mgr. 60. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, fellur niður orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

20. Í 2. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, fellur niður orðið „uppboðsafsals“, en í stað þess kemur: afsals við nauðungarsölu.
21. Í 2. mgr. 6. gr. laga um búfjárhald, nr. 46 25. mars 1991, falla niður orðin „á opinberu uppboði, en öðrum gripum slátrað og uppboðs-“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda, en öðrum gripum slátrað og sölu-.

XVII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

92. gr.

Frá 15. júní 1992 og fram að gildistöku laga þessara skulu uppboðshaldarar eftir lögum nr. 57/1949 ekki taka við nýjum beiðnum um nauðungaruppboð að hætti eldri laga. Á því tímabili er heimilt að taka við beiðnum um nauðungarsölu eftir ákvæðum þessara laga, en aðgerðir vegna þeirra fara þá ekki fram fyrr en eftir gildistöku laganna og skoðast þær fram komnar 1. júlí 1992.

93. gr.

Auglýsingar um nauðungaruppboð skv. 22. gr. laga nr. 57/1949 skulu ekki gefnar út frá og með 15. júní 1992. Ekki haggar það gildi slíkrar auglýsingar sem er gefin út fyrr að hún birtist eftir þann tíma.

Heimilt er að auglýsa nauðungaruppboð skv. 40. gr. laga nr. 57/1949 frá 15. júní 1992 og fram að gildistöku laga þessara ef uppboðið verður haldið á því tímabili, enda hafi beiðni um uppboðið borist svo tímanlega sem segir í 92. gr. Ekki má auglýsa nauðungaruppboð eftir nefndu ákvæði eldri laga í því skyni að það fari fram eftir gildistöku laga þessara.

Fyrir gildistöku laga þessara skulu beiðnir um nauðungaruppboð eftir ákvæðum eldri laga, sem berast fyrir 15. júní 1992 en næst ekki að auglýsa um skv. 1. eða 2. mgr., sæta þeirri athugun uppboðshaldara sem er kveðið á um í 13. gr. laga nr. 57/1949. Teljist uppboðsheimild fullnægjandi eftir reglum eldri laga skal beiðnin hljóta frekari meðferð eftir ákvæðum 2. eða 3. þáttar þessara laga eftir gildistöku þeirra.

Ef tvær eða fleiri beiðnir um nauðungaruppboð á sömu eign liggja fyrir 15. júní 1992 skulu þær beiðnir, sem stafa frá öðrum en uppboðsbeiðendum eftir fyrirmælum laga nr. 57/1949, sæta þeirri athugun sem er mælt fyrir um í 3. mgr. Teljist uppboðsheimild fullnægjandi eftir reglum eldri laga skal meðferð beiðnanna sameinuð eftir ákvæðum 14. gr. þessara laga við gildistöku þeirra, enda sé þargreindum skilyrðum fullnægt til þess.

94. gr.

Við gildistöku laga þessara taka sýslumenn við meðferð nauðungarsala sem hafa byrjað í umdæmum þeirra fyrir þann tíma sem nauðungaruppboð að hætti eldri laga og er þá enn ólokið, sbr. þó 2. og 3. mgr. Skulu nauðungarsölu, sem þannig er ástatt um, sæta meðferð samkvæmt reglum þessara laga upp frá því eftir því sem er nánar mælt í 95.–97. gr.

Að því leyti sem mörk milli umdæma sýslumanna breytast 1. júlí 1992 frá þeim mörkum sem voru milli umdæma uppboðshaldara eftir eldri lögum skulu þeir uppboðshaldarar, sem það getur átt við um, framsenda skjöl vegna nauðungaruppboða sem eiga undir ákvæði 1. mgr. í viðeigandi umdæmi svo fljótt sem má verða eftir 15. júní 1992, enda hafi þá ekki verið ákveðin fyrirtaka á uppboðinu áður en lög þessi taka gildi.

Farið skal að með sama hætti og segir í 2. mgr. ef nauðungaruppboð hefur verið til meðferðar eftir reglum eldri laga í umdæmi sem nauðungarsalan getur ekki átt undir eftir ákvæðum 18. eða 58. gr. þessara laga.

95. gr.

Nú hefur auglýsing verið gefin út um nauðungaruppboð skv. 22. gr. laga nr. 57/1949 fyrir 15. júní 1992 og ákveðið í henni að það verði fyrst tekið fyrir eftir gildistöku þessara laga, og hefur hún þá sömu áhrif og auglýsing eftir 19. gr. þessara laga og verður nauðungarsalan tekin fyrir í samræmi við hana skv. 21. gr.

Nú hefur nauðungaruppboð verið tekið fyrir á dómþingi fyrir gildistöku laga þessara og ákveðið þar að fresta því í öðru skyni en til að selja eign til tiltekins tíma 1. júlí 1992 eða síðar, og skal þá nauðungarsalan tekin fyrir eftir reglum 21., 61. eða 70. gr. þessara laga á áður ákveðnum tíma.

Hafi nauðungaruppboð verið tekið fyrir á dómþingi en því verið frestað um óákveðinn tíma fyrir gildistöku þessara laga skal sýslumaður taka nauðungarsöluna fyrir skv. 21. gr. að undangengnum boðunum eftir 16. gr. Hafi uppboðinu verið frestað vegna meðferðar dómsmáls skal þó farið svo að sem segir í 5. mgr. 22. gr.

Þótt skilmálar hafi verið ákveðnir fyrir nauðungaruppboð eftir reglum eldri laga skal farið eftir fyrirmælum 28., 29. og 65. gr. þessara laga við uppboð sem fer fram eftir gildistöku þeirra.

96. gr.

Hafi verið ákveðið að halda fyrsta nauðungaruppboð á eign eftir fyrirmælum eldri laga á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga jafngildir það ákvörðun um byrjun uppboðs á eigninni, sbr. 24. gr.

Nú hefur fyrsta nauðungaruppboð farið fram á eign og ákveðið hefur verið að annað nauðungaruppboð skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949 fari fram á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga, og telst það þá jafngilda ákvörðun um byrjun uppboðs á eigninni eftir 24. gr. Hefur þá fyrsta nauðungaruppboðið ekki önnur áhrif en þau að þeir sem gerðu þar boð í eignina teljast bundnir við þau á sama hátt og ella hefði verið að óbreyttum lögum.

Hafi annað nauðungaruppboð farið fram á eign og ákveðið hefur verið að þriðja uppboð fari fram á henni skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949 á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga jafngildir það ákvörðun um framhald uppboðs skv. 1. mgr. 35. gr. Þeir sem gerðu boð við fyrsta eða annað uppboð teljast bundnir við þau á sama hátt og ella hefði verið að óbreyttum lögum.

Hafi nauðungaruppboð skv. II. kafla laga nr. 57/1949 verið tekið fyrir í fyrsta sinn fyrir 1. október 1991 skal farið eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 27. gr. þessara laga ef uppboð hefur ekki byrjað á eigninni fyrir 1. október 1992. Ef fyrsta fyrirtaka að hætti eldri laga átti sér stað eftir þann tíma gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 27. gr. þessara laga eftir hljóðan sinni. Í þessum efnum skal ekki litið svo á að uppboð hafi byrjað á eign þótt fyrsta nauðungaruppboð að hætti eldri laga hafi eitt út af fyrir sig farið fram.

Ef beiðni um nauðungaruppboð skv. III. kafla laga nr. 57/1949 hefur borist uppboðshaldara fyrir 1. janúar 1992 skal farið eftir ákvæðum 3. mgr. 66. gr. þessara laga ef sala hefur ekki átt sér stað fyrir 1. janúar 1993. Um beiðnir sem berast 1. janúar 1992 eða síðar gilda ákvæði 3. mgr. 66. gr. eftir hljóðan sinni.

Nú hefur endanlegt uppboð farið fram eftir ákvæðum eldri laga fyrir gildistöku þessara laga en boð hefur ekki enn verið samþykkt, uppboðsverð ekki innheimt eða því ekki úthlutað eða uppboðsafsal ekki gefið út, og skulu þá aðgerðir til að ráða málefnum til

lykta fara fram eftir ákvæðum þessara laga. Þó skal farið eftir eldri reglum um réttindi og skyldur aðila og kaupanda, þar á meðal um útlagningu eignar til ófullnægðs veðhafa, að því leyti sem reglur þessara laga eru á annan veg.

97. gr.

Nú kemur í ljós eftir að nauðungaruppboð, sem byrjaði að hætti eldri laga, hefur verið tekið til meðferðar sem nauðungarsala eftir reglum þessara laga að skilyrði hafi ekki verið fyrir nauðungaruppboði eða annmarkar hafi verið á framkvæmd þess eftir eldri lögum, en framgangi uppboðs hefur ekki áður verið mótmælt af þessum sökum. Skal þá tekin afstaða til framgangs nauðungarsölnunnar eftir ákvæðum 22. gr. og 4. þáttar laga þessara, en þó þannig að ráðið verði eftir reglum eldri laga hvort skilyrði hafi verið fyrir nauðungaruppboði eða réttilega staðið að aðgerðum meðan þau giltu enn.

Hafi uppboði verið mótmælt eða ágreiningur risið um það að öðru leyti fyrir gildistöku laga þessara án þess að ágreiningnum hafi þá verið ráðið til lykta fyrir uppboðsrétti skal halda rekstri slíks ágreiningsmáls áfram fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi 1. júlí 1992. Ákvæðum 4. þáttar þessara laga skal beitt um málsmeðferðina upp frá því, en það sem hefur þegar verið gert í málinu skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í uppboðsrétti eða nauðungaruppboð farið fram fyrir 1. júlí 1992, sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir reglum eldri laga, og aðili vill skjóta úrskurðinum eða uppboðinu til Hæstaréttar eftir þann tíma skal það gert með kæru, enda hafi áfrýjunarfrestur ekki verið liðinn þann dag og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Kærufrestur í þessu skyni byrjar þá að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði uppboðsréttar eða uppboði verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 en málið hefur þá ekki verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti skal farið með það þar sem kærumál upp frá því. Öðrum áfrýjunarmálum skal lokið að hætti eldri laga.

Hafi ákvörðun eða athöfn uppboðshaldara, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar skal ljúka málinu þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt héraðsdómari hafi ekki vald til slíkrar ákvörðunar eða athafnar eftir ákvæðum þessara laga.

98. gr.

Hafi lögtak verið gert í eign fyrir 1. júlí 1992 má krefjast nauðungarsölu á grundvelli þess, en lögtak verður þá talið ígildi fjárnáms skv. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Nú hefur skuldabréf með veðrétti í fasteign verið gefið út fyrir gildistöku laga þessara og þar er tekið fram að það megi krefjast uppboðs eða nauðungaruppboðs á veðinu til fullnustu skuldar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, og skal þá litið svo á að slíkt skuldabréf geymi áskilnað um heimild til nauðungarsölu skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. Þótt orðalag í skuldabréfinu svari ekki til þess sem þar er mælt fyrir um.

99. gr.

Nú varðveitir uppboðshaldari uppboðsandvirði við gildistöku laga þessara vegna þess að ekki hefur verið lýst tilkalli til greiðslu þess eftir reglum eldri laga, og skal þá farið með það samkvæmt ákvæðum 54. gr.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um meðferð einkamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. ÞÁTTUR

Almennar reglur um meðferð einkamála.

I. KAFLI

Gildissvið laganna og dómendur í héraði.

1. gr.

1. Lög þessi taka til dómsmála sem hvorki sæta sérstakri meðferð eftir fyrirmælum annarra laga né eiga undir sérdómstóla lögum samkvæmt.

2. Í héraði eiga mál samkvæmt lögum þessum undir hina reglulegu héraðsdómstóla eftir löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

2. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli nema hann kveðji til meðdómsmenn skv. 2. eða 3. mgr.

2. Ef deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu.

3. Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara.

3. gr.

1. Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn sem hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, njóta íslensks ríkisborgararéttar, eru lög-ráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki gerst sekir um refsivert at-hæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta.

2. Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa meðdómsmanns. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, ráð-herra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum, um-boðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra eða lögmenn og fulltrúa þeirra. Forstöðumanni ríkisstofnunar eða starfs-manni í heilbrigðisþjónustu verður heldur ekki gert að taka sæti meðdómsmanns ef sak-arefnið varðar stofnun sem hann starfar við.

3. Héraðsdómari verður því aðeins kvaddur til setu í dómi utan þess dómstóls sem hann starfar við að bæði hann og forstöðumaður þess dómstóls séu því samþykkir.

4. gr.

1. Meðdómsmenn skulu ekki taka sæti í dómi síðar en við upphaf aðalmeðferðar máls. Dómari skal að öðru jöfnu greina aðilum frá því með fyrirvara hverja hann hyggist kveðja til setu í dómi, þannig að aðilum gefist kostur á að gera athugasemdir ef þeir telja efni til.

2. Bókað skal um kvaðningu meðdómsmanna í máli þegar þeir taka fyrst sæti í dómi. Sé maður að gegna starfi sérfróðs meðdómsmanns í fyrsta sinn skal hann um leið undirrita bókun þar sem kemur fram drengskaparheit hans um að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

3. Meðdómsmenn taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu og hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur og dómsformaður í því máli. Dómsformaður stýrir þó dómi, kveður einn upp úrskurði um annað en frávísun máls, þar á meðal um hæfi meðdómsmanns, gefur út kvaðningar og tilkynningar, annast gerð og staðfestingu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

4. Dómsformaður ákveður þóknun sérfróðra meðdómsmanna. Þegar héraðsdómari tekur sæti meðdómsmanns ákveður dómsmálaráðherra þóknun hans.

5. gr.

Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

- a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila,
- b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila ólögskyldar leiðbeiningar um það,
- c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
- d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
- e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið,
- f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið, mats- eða skoðunarmanni eða manni sem neitar að láta af hendi sönnunargagn,
- g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

6. gr.

1. Dómari gætir að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili getur einnig krafist að hann eða þeir víki sæti.

2. Dómari kveður sjálfur upp úrskurð um kröfu aðila um að hann víki sæti, svo og ef hann víkur sæti af sjálfsdáðum.

3. Dómarafulltrúi er óhæfur án sérstakrar skipunar til að fara með mál sem forstöðumaður dómstóls er vanhæfur til að fara með skv. 5. gr.

4. Þótt dómari hafi vikið sæti ber honum að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þar til annar dómari tekur við því. Á þeim tíma getur hann einnig látið af hendi endurrit af málsskjöllum og staðfest dómsgerðir.

II. KAFLI

Þinghöld, þingbækur o.fl.

7. gr.

1. Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum. Hann ákveður í hverri röð mál verða tekin fyrir. Enginn má taka til máls nema með leyfi dómara og getur hann tekið orðið af manni sem heldur sig ekki við efni máls.

2. Þegar einn maður situr í dómi skal að jafnaði vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og má ekki vera svo venslaður dómara, aðila, fyrirsvarsmanni eða málflytjanda sem segir d-lið 5. gr. Ef þingvottur er ekki starfsmaður dómstólsins ákveður dómari þóknun hans úr hendi aðila.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Hvort sem aðili krefst þess eða ekki getur dómari þó ákveðið að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum ef það er háð utan reglulegs þingstaðar eða hann telur það nauðsynlegt:

- a. til hlífðar aðila, vandamanni aðila, vitni eða öðrum sem málið varðar,
- b. vegna nauðsynjar aðila, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
- c. vegna hagsmuna almennings eða ríkisins,
- d. af velsæmisástæðum,
- e. til að halda uppi þingfriði.

2. Bókað skal um ákvörðun dómara um lokun þinghalds og greint frá því af hverri ástæðu hún hafi verið tekin.

3. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði er dómara rétt að takmarka fjölda áheyranda við þá sem rúmast á þingstað með góðu móti. Dómari getur einnig meinað þeim aðgang sem eru yngri en 15 ára eða þannig á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu við þinghald.

9. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá þessu banni ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði opinberlega frá því sem gerist þar, enda kynni hann ákvörðun sína um það viðstöddum og bóki um hana. Brot gegn þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

3. Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um aðila er að ræða, fyrirsvarsmann hans eða málflytjanda skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef aðili, fyrirsvarismaður hans eða málflytjandi á í hlut.

10. gr.

1. Þingmálið er íslenska.

2. Nú gefur maður skýrslu fyrir dómi sem kann ekki íslensku nægilega vel, og skal þá aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til löggiltan dóm túlk. Dómari kveður þó til löggiltan dóm túlk ef það leiðir af samningi við erlent ríki. Sé ekki kostur á löggiltum dóm túlki er dómara rétt að samþykkja að annar hæfur maður annist þýðingu, en sá skal þá undirrita heit í þingbók um að hann muni rækja starfann eftir bestu getu og ber honum að staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd. Aðilinn greiðir kostnað af starfa túlks, en kostnaðurinn skal þó greiddur úr ríkissjóði í einkarefsimálum og málum um faðerni barna og lögræðissviptingar, svo og ef dómari kveður til dóm túlk vegna ákvæða samnings við erlent ríki.

3. Skjali á erlendu tungumáli skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem er byggt á efni þess í máli nema dómari telji sér fært að þýða það. Komi aðilar sér ekki sjálfir saman um rétta þýðingu skjals skal hún gerð af löggiltum skjalapýðanda. Sé ekki kostur á löggiltum skjalapýðanda má leggja fram þýðingu annars hæfs manns, en honum ber að staðfesta hana fyrir dómi ef hún er vefengd. Um kostnað af starfa þýðanda fer sem segir í 2. mgr.

4. Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Um heit slíks manns, staðfestingu og kostnað af starfa fer eftir ákvæðum 2. mgr. Dómari getur þó ákveðið í stað þess að eftir atvikum verði spurningar lagðar fyrir hlutaðeiganda eða hann svari þeim skriflega fyrir dómi.

11. gr.

- i. dómþing þar sem mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest,
- j. áskorun til stefnda um að koma fyrir dóm þegar málið verður þingfest, svara þar til sakar og leggja fram gögn,
- k. viðvörðun um að útivistardómur geti gengið ef stefndi sækir ekki þing við þingfestingu málsins.

2. Ef stefnandi hefur aðeins uppi kröfur í máli sem er unnt að fullnægja með aðför skal eitt eintak stefnu ritað á löggiltan skjalapappír í stærðinni A4 með a.m.k. 4 sm spássíu vinstra megin á framhlið blaðs og hægra megin á bakhlið. Skal þetta eintak afhent dómara aukalega við þingfestingu máls nema sátt sé þá þegar gerð í því eða stefndi samþykkir kröfur stefnanda eða leggur fram greinargerð.

3. Stefnanda er jafnan rétt að gefa út stefnu sjálfur. Honum er einnig heimilt að leggja stefnu fyrir dómara til útgáfu, enda sé þá orðalag hennar tilhlýðilegt. Sé leitað til dómara um útgáfu stefnu skal hann benda stefnanda á galla sem hann sér á málatilbúnaði og geta varðað frávísun, en ekki má hann synja um útgáfu stefnu af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

81. gr.

1. Til að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar skipar sýslumaður a.m.k. einn mann í hverju sveitarfélagi í umdæmi sínu og annan til vara til að gegna þeim störfum í forföllum. Enginn má víkjast undan skipun sem fullnægir skilyrðum 2. mgr.

2. Ekki má skipa mann stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum.

3. Áður en stefnuvottur tekur til starfa skal hann undirrita drengskaparheit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni rækja starfann af trúmennsku og samviskusemi.

4. Dómsmálaráðherra skal setja gjaldskrá vegna starfa stefnuvotta.

82. gr.

1. Þar sem eftirfarandi ákvæði þessa kafla mæla fyrir um að stefna verði birt fyrir stefnda og öðrum sem tengjast honum, á stað sem varðar hann og með fresti sem tekur mið af högum hans eiga þær reglur við fyrirsvarsmann í stað stefnda ef fyrirsvarsmaður fer með mál hans.

2. Stefna verður ekki birt fyrir manni sem er yngri en 15 ára að aldri.

3. Stefna má ekki birta fyrir gagnaðila stefnda eða manni sem gæti verið í fyrirsvari fyrir gagnaðila.

83. gr.

1. Birting stefnu er lögmæt ef:

- a. stefnuvottur eða lögbókandi vottar að hann hafi birt hana fyrir stefnda eða einhverjum sem er bær um að taka við henni í hans stað,
 - b. samrit hennar er sent í ábyrgðarbréfi sem er borið út og póstmaður vottar að hann hafi afhent bréfið stefnda eða öðrum sem er bær um að taka við stefnu í hans stað.
2. Stefna telst einnig nægilega birt ef hún er auglýst í Lögbirtingablaði skv. 89. gr.
3. Í stað stefnubirtingar skv. 1. mgr. og jafngilt henni má koma stefnu á framfæri með því að:

- a. stefndi riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnu um að samrit hennar hafi verið afhent sér,

b. hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður riti undir sams konar yfirlýsingu þar sem einnig er tekið fram að stefndi hafi falið honum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu máls.

4. Ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls breytir engu þótt stefna hafi ekki verið birt eða komið á framfæri við hann, galli hafi verið á birtingu eða birt með of skömmum fyrirvara.

84. gr.

1. Þegar birta á stefnu skv. 1. mgr. 83. gr. afhendir stefnandi þeim sem annast birtingu frumrit hennar ásamt samriti handa hverjum sem á að birta fyrir. Hverju samriti skal fylgja opið umslag merkt með nafni og heimili stefnda og áritað um að það hafi að geyma stefnu í tilteknu máli og hvenær birting megi síðast fara fram til þess að stefnufresti verði náð. Þegar sá sem annast birtingu hefur gengið úr skugga um að samrit sé samhljóða frumriti stefnu setur hann samrit í umslagið og lokar því. Stefnandi skal einnig láta af hendi umslag merkt sjálfum sér og heiti máls undir frumrit stefnu.

2. Þeim sem annast birtingu er rétt að áskilja fyrirframgreiðslu kostnaðar af henni úr hendi stefnanda.

3. Sá er vanhæfur til að birta stefnu sem er aðili að máli, maki aðila eða skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða annan lið til hliðar.

85. gr.

1. Stefnubirting skal fara fram á virkum degi frá lokum áttundu stundar til loka tuttugustu og annarrar stundar. Birting má þó fara fram á öðrum degi eða tíma ef það er nauðsynlegt til þess að stefnufrestur náist.

2. Stefna skal að jafnaði birt fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans eða þar sem hann hefur fasta búsetu, dvalarstað eða vinnustað. Birting er þó alltaf gild þótt hún fari fram á öðrum stað ef birt er fyrir stefnda sjálfum.

3. Birting er einnig lögmæt þótt hún fari ekki fram skv. 2. mgr. ef:

- a. birt er á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans; sé heimilismanns ekki kostur má birta fyrir þeim sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slíkan heldur að ræða má birta fyrir þeim sem hittist þar fyrir,
- b. birt er á öðrum stað en skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans sem tjáir hann eiga þar fasta búsetu eða dvalarstað,
- c. birt er á vinnustað stefnda fyrir vinnuveitanda hans eða nánasta yfirmanni eða samverkamanni.

4. Nú er félagi stefnt, og má þá birting alltaf fara fram á stjórnarstöð þess þótt fyrirsvarsmáður hafi þar ekki fastan vinnustað, en þá skal að jafnaði birta fyrir æðsta starfsmanni þess sem verður náð til. Eins má fara að þegar öðrum lögaðila er stefnt, svo sem firma, samtökum, stofnun, ríkinu, stjórnvaldi eða sveitarfélagi.

86. gr.

1. Þeim sem hittist fyrir þegar birta á stefnu er skylt að greina frá nafni sínu og öðrum atriðum sem lögmæti birtingar getur oltið á.

2. Sá sem annast birtingu skal afhenda þeim sem er birt fyrir samrit stefnu og vekja athygli hans á því hver athöfn sé að fara fram. Ef birt er fyrir öðrum en stefnda skal honum bent á skyldur sínar skv. 3. mgr.

3. Ef stefna er birt fyrir öðrum en stefnda ber þeim manni að viðlagðri sekt að koma samriti stefnu í hendur stefnda, en sé þess ekki kostur þá í hendur þess sem má telja líklegastan til að koma samriti til skila í tæka tíð.

4. Nú kemur í ljós að stefnda sé ekki lengur að finna á þeim stað sem er getið í stefnu, og skal þá sá sem annast birtingu leita vitneskju um annan stað til birtingar eftir því sem kostur er. Verði ekki uppvíst um annan stað eða bresti þann, sem annast birtingu, heimild til birtingar þar skal stefnan þegar endursend stefnanda með boðum um vitneskju sem var aflað.

87. gr.

1. Að lokinni stefnubirtingu skal sá sem annast hana gefa út dagsett og undirritað vottorð um birtinguna þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a. hvar birting fór fram og eftir atvikum hvort hermt var að þar sé skráð lögheimili stefnda, fastur búsetustaður, dvalarstaður eða vinnustaður,
- b. fyrir hverjum var birt, en sé um annan en stefnda að ræða skal tiltekið hver tengsl voru sögð standa milli þeirra þannig að ráða megi um lögmæti birtingar,
- c. hvenær birting fór nákvæmlega fram,
- d. starfsheiti þess sem annast birtingu.

2. Birtingarvottorð skal fært á frumrit stefnu eða blað sem er fest við það. Frumritið skal síðan afhent eða sent stefnanda.

3. Efni birtingarvottorðs telst rétt þar til það gagnstæða sannast.

88. gr.

1. Nú er yfirlýsing skv. 3. mgr. 83. gr. rituð á stefnu, og skal þá telja undirskrift undir hana stafa frá stefnda eða eftir atvikum lögmanni hans þar til það gagnstæða sannast. Stefnandi verður ekki krafinn um sönnur fyrir að lögmaður, sem ritar undir slíka yfirlýsingu, hafi umboð stefnda til þess.

2. Ef yfirlýsing skv. 3. mgr. 83. gr. er ekki tímasett skal litið svo á að stefndi hafi fallið með bindandi hætti frá stefnufresti.

89. gr.

1. Stefnu má birta í Lögbirtingablaði ef:

- a. upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum,
- b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr.,
- c. stefnu er beint að óákveðnum manni.

2. Ef stefna er birt skv. 1. mgr. skal tiltekið í henni af hverri ástæðu það er gert.

90. gr.

Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki, og fer þá um birtingu stefnu eftir lögum þess ríkis ef birting getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla.

91. gr.

1. Ef stefndi á skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í þeirri þinghá þar sem mál verður þingfest ber honum þriggja sólarhringa stefnufrestur. Það sama gildir ef þingstaður er sá sami fyrir tvær eða fleiri þinghár, stefndi á skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í einni þinghánni og mál verður þingfest í annarri. Í þessu tilliti skal litið svo á sem lögsagnarumdæmi héraðsdóma Reykjavíkur og Reykjaness væru til samans ein þinghá.

2. Ef stefndi á annars skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað hér á landi utan þinghár þar sem mál verður þingfest skal stefnufrestur vera ein vika.

3. Ef stefndi á heimili eða dvalarstað erlendis eða ókunnugt er um hann eða heimili hans skal stefnufrestur vera einn mánuður.

4. Nú er lögaðila stefnt og fyrirvarsmáður hans á ekki skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í sömu þinghá og lögaðilinn hefur stjórnarstöð, og skal þá stefnufrestur miðast við þá þinghá þar sem stjórnarstöðin er ef það leiðir til skemmri stefnufrests.

5. Ef stefna þarf upphaflegum málsaðila í meðalgöngusök, framhaldssök eða gagnsök ber honum þriggja sólarhringa stefnufrestur án tillits til ákvæða 2.–4. mgr. Birta má fyrir umboðsmanni aðilans í málinu.

92. gr.

1. Tilkynningar, sem dómari lætur frá sér fara til aðila, skulu birtar eða sendar honum eða umboðsmanni hans á sannanlegan hátt eftir ákvörðun dómara. Dómari ákveður hverju sinni hæfilegan frest í því skyni.

2. Ef tími til nýs þinghalds er ákveðinn á dómþingi er ekki þörf frekari tilkynninga um þá ákvörðun til aðila sem er staddur þar þegar hún er kynnt.

XIV. KAFLI

Málsmeðferð.

93. gr.

Mál telst höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr., eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál.

94. gr.

1. Mál er þingfest með því að stefna er lögð fram fyrir dómi.

2. Nú sækir stefnandi ekki þing þegar þingfesta á mál hans og hefur ekki lögmat forföll, og er þá málatilbúnaður hans ónýtur. Sæki stefndi þing getur dómari úrskurðað honum ómaksþóknun úr hendi stefnanda að kröfu hans.

3. Gagnkrafa til skuldajafnaðar er þingfest þegar hún er gerð fyrir dómi.

4. Þegar mál hefur verið þingfest verður dóms ekki krafist um þær kröfur sem eru gerðar í því í öðru máli. Ef dóms er krafist þannig um kröfu í öðru máli skal vísa henni frá dómi.

95. gr.

1. Við þingfestingu skal stefnandi leggja fram stefnu og þau skjöl sem varða málatilbúnað hans eða hann byggir annars kröfur sínar á, svo og skrá yfir þau skjöl sem hann leggur þá fram. Stefnanda er einnig heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu sína um atvik máls.

2. Dómari getur veitt stefnanda skamman frest til að leggja fram önnur gögn skv. 1. mgr. en stefnu ef aðilar eru á það sáttir eða dómari telur að stefnandi verði ekki krafinn um þau þá þegar.

96. gr.

1. Nú sækir stefndi ekki þing þegar mál er þingfest og ekki er kunnugt að hann hafi lögmat forföll, og skal þá málið tekið til dóms í þeim búningi sem það er, enda hafi stefnandi ekki fengið frest skv. 2. mgr. 95. gr. Verður málið þá dæmt eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti sem er samrýmanlegt framkomnum gögnum nema gallar séu á málinu sem varða frávísun þess án kröfu.

2. Ef stefndi sækir ekki þing síðar þegar mál er tekið fyrir og hann hefur ekki lagt fram greinargerð skal farið svo að sem segir í 1. mgr.

3. Hafi stefndi lagt fram greinargerð áður en þingsókn hans fellur niður má gefa stefnanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn, en að henni framkominni verður málið tekið til dóms. Málið verður þá dæmt eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn stefnanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

4. Stefndi getur ekki skotið máli, sem er dæmt eftir 1.–3. mgr., til æðra dóms nema með gagnáfrýjun þegar stefnandi hefur áfrýjað fyrir sitt leyti. Stefndi getur beiðst endurupptöku þess í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla.

97. gr.

1. Forföll aðila frá þinghaldi teljast lögmæt ef þau stafa af:

- a. sjúkdómi hans sjálfs, heimilismanns hans eða annars manns sem hann þarf að annast eða leita læknishjálpar fyrir,
- b. veðri, torfærum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum,
- c. því að hann yrði ella fyrir verulegum vinnumissi eða tjóni á atvinnu eða öðrum hagsmunum,
- d. þörf á ferðalagi um langan veg,
- e. embættis- eða sýslunarstörfum sem eru fyrir fram ákveðin og þola ekki bið,
- f. áður ákveðnu þinghaldi.

2. Lögmæt forföll umboðsmanns aðila jafngilda lögmætum forföllum aðilans sjálfs.

3. Ef dómara er kunnugt um að aðili mæti ekki vegna lögmætra forfalla frestar hann máli og tilkynnir hvenær það verði tekið fyrir á ný.

4. Nú hefur aðili ekki mætt í máli en haft lögmæt forföll sem dómara var ókunnugt um og ekki var unnt að tilkynna honum, og getur aðilinn þá snúið sér til dómara með sönnun fyrir forföllum sínum og skriflegri beiðni um endurupptöku máls, enda hafi dómur ekki gengið í því. Dómari tekur þá mál upp á ný með bókun í þingbók frá því aðili mætti síðast eða frá því mál skyldi þingfesta ef stefnandi mætti þá ekki og tilkynnir aðilum hvenær mál verði tekið fyrir á ný.

98. gr.

1. Nú sækir stefndi þing og samþykkir kröfur stefnanda í einu og öllu án þess þó að sátt takist um þær, og skal þá málið dómtekið og dómur lagður á það í samræmi við samþykki stefnda.

2. Um sáttaumleitun, gerð sáttar og áhrif hennar fer eftir ákvæðum XV. kafla.

99. gr.

1. Ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls á hann rétt á hæfilegum fresti til að taka afstöðu til krafna stefnanda og kanna framkomin gögn.

2. Haldi stefndi uppi vörnum í máli skal hann leggja fram skriflega greinargerð um þær við lok frests skv. 1. mgr. Í henni skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, kröfum stefnda, gögnum sem hann leggur fram og gögnum sem hann telur að enn þurfi að afla. Þá skal þar lýst á gagnorðan og skýran hátt málsástæðum stefnda og öðrum atvikum sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, auk þess að vísað skal til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem stefndi byggir málatilbúnað sinn á. Þá skulu þeir tilgreindir sem stefndi hyggst leiða til skýrslugjafar fyrir dómi um atvik máls. Dómari getur veitt stefnda frekari frest til að leggja fram greinargerð ef hann telur réttmæta ástæðu til þess.

3. Stefnda er með sama hætti og stefnanda heimilt að leggja fram gögn og skriflega aðilaskýrslu sína um atvik máls.

100. gr.

1. Þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð athugar dómari hvort gallar séu á máli sem geta varðað frávísun þess án kröfu. Telji dómari slíka galla fyrir hendi gefur hann aðilum kost á að tjá sig um það munnlega. Ef mál skal sæta frávísun án kröfu kveður dómari upp úrskurð um frávísun þess þegar að því loknu.

2. Nú krefst stefndi frávísunar máls í greinargerð, og skal þá málið flutt munnlega um þá kröfu áður en fjallað verður frekar um efni þess og leyst úr kröfunni í úrskurði. Frá þessu má víkja ef krafan byggist á ástæðum sem varða einnig efni máls og nægilegar upplýsingar þykja ekki komnar fram að því leyti.

3. Nú hrindir dómari frávísunarkröfu, og er hann þá ekki bundinn af þeim úrskurði ef nýjar upplýsingar koma fram síðar undir rekstri máls um þau atriði sem úrskurðað var um.

4. Ef dómari verður þess var eftir dómtöku máls að gallar séu á því sem varða frávísun á einni eða fleiri kröfum, en þó ekki þeim öllum, getur hann kveðið á um frávísun máls að hluta og leyst úr efni þess að öðru leyti í dómi. Það sama á við ef aðilar eru fleiri en einn til sóknar eða varnar og frávísun varðar einn eða fleiri þeirra en ekki þá alla.

5. Nú fellir æðri dómur úr gildi úrskurð um frávísun máls að einhverju leyti eða öllu, og skal þá héraðsdómari taka málið upp á ný samkvæmt ákvæðum æðra dóms eins og það stóð þegar hann tók það til úrskurðar.

101. gr.

1. Nú heldur stefndi uppi vörnum í máli og því verður ekki vísað frá dómi, og skal þá flytja það munnlega. Dómari getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef hann telur hættu á að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. Dómari getur einnig ákveðið að mál verði tekið til dóms án málflutnings ef aðilar eru sammála um það.

2. Ef mál varðar flókin fjárviðskipti getur dómari gefið aðilum kost á að leggja fram útreikninga sem kröfur þeirra byggjast á, enda hafi slíkar upplýsingar ekki komið fram með fullnægjandi hætti í öðrum gögnum máls.

3. Aðilum ber eftir föngum að gefa glöggar og greinilegar yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með máli í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem honum þykir óljóst og kann að hafa þýðingu, og skal hann kosta kapps um að yfirlýsingar þeirra verði nægilega glöggar.

4. Dómara er skylt að leiðbeina aðila, sem er ólöglerður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið máls eftir því sem dómara virðist nauðsyn bera til.

5. Málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili hefur þarfnast leiðbeininga dómara en ekki fengið þær.

102. gr.

1. Þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð sína skal mál jafnan tekið fyrir einu sinni til þess að leita sátta og gefa aðilum kost á að koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni eða tækifæri til að leggja fram. Í því þinghaldi skal eftir atvikum leitað svara aðila við því í hverju skyni þeir hyggjast sjálfir gefa skýrslur og leiða einstök vitni til þess að staðreyna hvort og að hverju marki skýrslugjafar sé þörf. Dómara er rétt að inna aðila eftir því hve langan tíma þeir þurfi fyrir málflutningsræður við aðalmeðferð og ákveður dómari síðan lengd hennar í ljósi þess.

2. Dómari getur orðið við ósk aðila um að fresta máli frekar ef hann telur það vænlegt til að ná sáttum eða nauðsynlegt til að afla gagna sem nægilegur frestur hefur ekki áður verið til, en báðum aðilum ber þá jöfnum höndum að nota sama frest til gagnaöflunar. Að öðrum kosti synjar dómari að jafnaði um frest, þótt aðilar séu á einu máli um að æskja hans.

3. Nú fær dómari vitneskju um að opinbert mál hafi verið höfðað eða opinber rannsókn standi yfir vegna refsiverðs athæfis og telja má að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins, og getur hann þá frestað máli af sjálfdáðum þar til séð er fyrir enda opinbers máls eða rannsókna. Með sama hætti má fresta máli ef annað einkamál hefur verið höfðað út af efni sem varðar úrslit þess verulega eða það efni hefur verið réttilega lagt til úrlausnar stjórnvalds.

4. Dómari getur orðið við ósk aðila um að fá að gefa munnlega skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða öflun gagna áður en komið er að aðalmeðferð máls. Eins er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið ef það þarf að gera eftir ákvæðum XI. kafla eða sá sem á að gefa skýrslu verður fjarverandi vegna lög-mætra forfalla þegar þing er háð til aðalmeðferðar máls.

5. Að jafnaði ákveður dómari ekki hvenær þing verði háð til aðalmeðferðar máls fyrir en aðilar hafa lýst lokið öflun sýnilegra sönnunargagna. Eftir það er aðilum að jafnaði óheimilt að leggja fram sýnileg sönnunargögn. Frá þessu getur dómari þó vikið ef það veldur ekki töfum á máli, ekki hefur áður verið unnt að afla tiltekinna gagna eða skort hefur á leiðbeiningar hans eða ábendingar.

103. gr.

1. Þegar gagnaöflun er lokið skv. 102. gr. ákveður dómari með hæfilegum fyrirvara hvenær þing verði háð til aðalmeðferðar, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Ef dómara þykir ástæða til getur hann beint því til aðila að þeir leggi fram skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna við aðalmeðferð.

2. Aðalmeðferð hefst með því að dómari gefur stefnanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á stefndi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu stefnanda. Síðan eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta.

3. Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur máls. Stefnandi talar fyrst og síðan stefndi, en rétt er að talað sé tvisvar af hálfu hvors. Dómari getur leyft aðilum sjálfum að gera stuttar athugasemdir að loknum munnlegum málflutningi umboðsmanna þeirra. Dómari stýrir málflutningi og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur sé glöggur og sæmilegur. Dómari getur takmarkað málfrelsi þess sem lagar sig ekki að áminningum hans eða fer að mun fram úr þeim tíma sem hefur verið áætlað að málflutningur hans muni taka.

4. Nú er mál skriflega flutt, og skal þá fresta því að loknum skýrslutökum til þess að stefnandi leggi fram sókn. Að henni fram kominni verður máli frestað á ný til þess að stefndi leggi fram vörn. Enn verður máli síðan frestað til þess að aðilar eigi báðir kost á að leggja fram skrifleg andsvör einu sinni.

5. Að loknum málflutningi tekur dómari málið til dóms.

104. gr.

Nú verður dómari þess var eftir dómtöku máls að verulegur brestur sé á skýrleika í yfirlýsingum aðila eða upplýsingum um málsatvik og telja má brestinn stafa af því að

dómari hafi ekki gætt nægilega að leiðbeiningum við aðila eða ábendingum til þeirra, og skal hann þá kveðja aðila fyrir dóm og eftir atvikum beina spurningum til þeirra eða benda þeim á nauðsyn þess að frekari gagna verði aflað. Fresta má málinu eftir þörfum, en að því búnu gefur dómari aðilum kost á að gera athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum og tekur málið til dóms á ný.

105. gr.

1. Mál verður fellt niður ef:

- a. stefndi leysir af hendi þá skyldu sem hann er krafinn um í málinu,
- b. stefnandi sækir ekki þing og hefur ekki lögmat forföll,
- c. stefnandi krefst þess,
- d. stefnanda er vikið af dómþingi eða umboðsmanni hans þannig að enginn sé þá viðstaddur af hans hálfu,
- e. stefnandi greiðir ekki lögmat gjöld eftir kröfu dómara.

2. Ef mál verður fellt niður skv. b- til e-lið 1. mgr. og stefndi sækir þing og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda kveður dómari upp úrskurð um kröfuna og niðurfellingu málsins. Slíkan úrskurð getur dómari felld úr gildi ef stefnandi sannar að hann hafi haft lögmat forföll þegar þingsókn hans féll niður.

3. Í öðrum tilvikum en greinir í 2. mgr. verður mál felld niður með bókun í þingbók nema ágreiningur standi um hvort það verði gert sem dómari tekur þá afstöðu til með úrskurði.

XV. KAFLI

Sáttir.

106. gr.

1. Dómari leitar sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni nema hann telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2. Dómari leitar að jafnaði sátta eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína en áður en þing er háð til aðalmeðferðar. Dómara er heimilt að leita sátta fyrr, svo og við aðalmeðferð eða eftir að flutningi máls er lokið. Ekki stendur það í vegi sáttaumleitana að þær hafi áður verið reyndar án árangurs.

3. Úrlausn héraðsdóms verður ekki ómerkt fyrir æðra dómi fyrir þær sakir að sátta hafi ekki verið leitað.

107. gr.

1. Dómari getur orðið við ósk aðila um að vísa sáttaumleitunum í máli til sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem mál var höfðað ef dómari telur það vænlegt til árangurs og ekki leiða til óþarfra tafa. Aðilum er og rétt að koma sér saman um að vísa máli sínu til sáttaumleitana sýslumanns án atbeina dómara milli þess að mál þeirra er tekið fyrir á dómþingi eða áður en mál er höfðað.

2. Þegar sáttaumleitunum er vísað til sýslumanns skal sá sem gerir það láta honum í té málsgögn í þeim mæli sem þörf krefur. Skal sýslumaður síðan svo fljótt sem verða má kveðja aðila á sinn fund og reyna með þeim sættir.

3. Sýslumaður fellir niður sáttaumleitanir ef sáttfundur er ekki sóttur af hendi beggja aðila eða þegar hann telur annars sýnt að þær beri ekki árangur.

4. Ef sátt tekst fyrir sýslumanni skal hún bókuð í sérstakri gerðabók hans. Nú tekst sátt að nokkru leyti en ekki öllu, og fer þá um framhald máls fyrir dómi eftir 2. mgr.

108. gr.

5. Sátt, sem er gerð fyrir sýslumanni, felur í sér lok dómsmáls, eftir atvikum að því leyti sem sátt hefur tekist. Fullnægja má skyldu samkvæmt sátt sem tekst fyrir sýslumanni með aðför.

108. gr.

1. Dómari getur synjað aðilum um að gera dómsátt ef hann telur ólöglegt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari kveður upp úrskurð um þetta ef þess er krafist.

2. Dómsátt má gera um hluta máls og verður það þá rekið áfram að öðru leyti. Ef sátt tekst um annað en málskostnað skal hann ákveðinn með úrskurði.

3. Sátt má gera um kröfur þótt þær hafi ekki verið gerðar fyrir dómi.

4. Gera má dómsátt um málsefni sem hefur verið dæmt fyrir héraðsdómi á næstu níu mánuðum eftir uppkvaðningu dóms.

109. gr.

Dómsáttar skal getið í þingbók og tekur dómsáttin þá gildi. Dómsáttin skal gerð skriflega og undirrituð af aðilum. Ef hún er ekki skráð í heild sinni í þingbók skal leggja hana fram sem málskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru skal þess getið í bókuninni, en ella er því lokið.

110. gr.

1. Dómsmál má höfða til að fá dómsátt ógilta að hluta eða öllu leyti.

2. Ef aðili byggir rétt á dómsátt í dómsmáli getur gagnaðili vefengt gildi hennar. Það sama á við ef réttur er byggður á dómsátt við fullnustugerð eða búskipti.

3. Í dómsmáli skv. 1. eða 2. mgr. er dómari bundinn af úrlausn hliðsetts dómara um atriði sem hann hefur tekið afstöðu til.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um sátt sem tekst fyrir sýslumanni.

XVI. KAFLI

Dómsúrlausnir héraðsdóms.

111. gr.

1. Dómari má ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum eða úrskurði nema um atriði sé að ræða sem honum ber að gæta af sjálfsdáðum. Kröfu, sem kemur ekki fram í stefnu, skal vísað frá dómi nema stefndi hafi samþykkt að hún kæmist að án þess. Sama er um hækkun á kröfu eða aðrar breytingar stefnda í óhag.

2. Dómari má ekki byggja niðurstöðu sína á málsástæðu eða mótmælum sem hefðu mátt koma fram en gerðu það ekki við meðferð máls. Nú er atviks getið í framlögðu skjali en aðili hefur ekki hreyft því sérstaklega sem málsástæðu við flutning máls, og metur þá dómari eftir atvikum hvort sú málsástæða komi til greina.

3. Dómari metur eftir atvikum hvort þögn aðila við staðhæfingu eða kröfu gagnaðila skuli meta sem samþykki eða ekki.

112. gr.

1. Að því leyti sem önnur ákvæði laga þessara mæla ekki á annan veg og ágreiningur er ekki uppi tekur dómari afstöðu til atriða sem varða rekstur máls með ákvörðun sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun þótt ágreiningur sé um þau ef ágreiningsefnið sætir ekki kærnu til æðra dóms.

2. Dómari leysir úr öðrum atriðum sem þarf að ráða til lykta fyrir dómtöku máls með úrskurði. Úrskurð skal kveða upp þegar í stað í þinghaldi ef unnt er, en að öðrum kosti svo fljótt sem verða má.

3. Úrskurður skal vera skriflegur og skráður í þingbók eða dómabók. Dómari skal færa rök fyrir niðurstöðu sinni í úrskurði án þess að greina frá atvikum máls eða kröfum eða rökstuðningi aðila, en niðurstaðan skal síðan dregin saman í úrskurðarorði.

4. Feli úrskurður í sér lokaniðurstöðu máls skulu forsendur fylgja úrskurðarorði með sama hætti og ef um dóm væri að ræða. Ef máli er vísað frá dómi án kröfu stefnda eða það er fellt niður má dómari þó láta við það sitja að greina í forsendum úrskurðar frá aðilum og þingfestingardegi máls, kröfum aðila og rökstuðningi fyrir niðurstöðu.

5. Dómari getur breytt ákvörðun sinni um atriði sem varða rekstur máls, svo og úrskurði sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu máls, sbr. þó 2. mgr. 105. gr.

113. gr.

1. Nú hefur útivist orðið af hálfu stefnda án þess að greinargerð kæmi fram af hendi hans og kröfur stefnanda eru þess efnis að það sé unnt að fullnægja þeim með aðför. Ef dómari telur málatilbúnaði stefnanda í engu áfátt og að taka megj kröfur hans til greina má dómari ljúka máli með því að rita á stefnu að dómkröfurnar séu aðfararhæfar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun hans. Dómari getur um leið leiðrétt augljósar villur í stefnu til samræmis við þau skjöl sem stefnandi byggir á í málinu. Verði máli ekki lokið með þessum hætti skal kveðinn upp dómur eða úrskurður eftir almennum reglum.

2. Áritun dómara á stefnu skv. 1. mgr. hefur sama gildi og dómur. Henni verður ekki skotið til æðra dóms.

114. gr.

1. Nú verður mál ekki fellt niður eða því vísað frá dómi eða lokið með sátt eða áritun skv. 113. gr., og skal þá saminn skriflegur dómur þar sem forsendur fylgja dómsorði. Í upphafi dóms skal koma fram heiti og númer máls, svo og hvar og hvenær hann sé kveðinn upp, en í forsendum skal síðan greina:

- a. hvenær mál var höfðað og dómtekið,
- b. nöfn og heimili aðila,
- c. kröfur aðila,
- d. stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því,
- e. helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á,
- f. rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði,
- g. athugasemdir um rekstur máls og réttarfarssektir,
- h. málskostnað,
- i. nöfn dómenda og hver sé dómsformaður ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.

2. Í dómsorði skal aðalniðurstaða máls dregin saman, svo sem sýkna ef sýknað er af öllum efniskröfum, kröfur stefnanda sem eru teknar til greina o.s.frv.

3. Dómar skulu vera stuttir og glöggir.

4. Ekki má skírskota í dómi til sannana eða atvika sem kunna síðar að koma fram. Þó má verða við kröfu um að stefnda verði gert að leysa af hendi skyldu gegn tilteknu gagngjaldi úr hendi stefnanda eða að skylda verði lögð á stefnda til annars en peningagreiðslu að viðlögðum dagsektum.

5. Í dómi má eftir kröfu kveða á um aðfararfrest ef sérstök ástæða þykir til að víkja frá almennum reglum laga í þeim efnunum. Þá má ákveða í dómi eftir kröfu ef mikilvægir hagsmunir þykja í húfi að áfrýjun málsins hindri ekki aðför eftir dómnum, en eftir atvikum má það vera háð því skilyrði að dómhafi setji þá tiltekna tryggingu við aðför. Kröfu um dómsákvæði sem þessi má setja fram við aðalmeðferð máls.

115. gr.

1. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem var munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því það var dómtekið skal það flutt á ný nema dómari og aðilar telji það óþarft.

2. Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa hlýtt á flutning þess. Geti þeir ekki allir tekið þátt í uppkvaðningu dóms skal nefna dómara í stað þess sem hefur misst við og endurtaka munnlegan flutning máls. Afl atkvæða ræður úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, en ágreiningsatriðis skal þá getið í dómi. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms.

3. Dómari tilkynnir aðilum hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði kveðinn upp ef vörnum hefur verið haldið uppi í máli. Við uppkvaðningu skal lesa upp dómsorð eða úrskurðarorð á dómþingi í heyranda hljóði. Endurrit af dómi eða úrskurði skal að öðru jöfnu vera til reiðu við uppkvaðningu hans.

4. Frestir samkvæmt dómi eða úrskurði byrja að líða þegar við uppkvaðningu hans án tillits til þess hvort aðilar séu þar staddir.

116. gr.

1. Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

2. Krafa sem hefur verið dæmd að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framur en segir í lögum þessum. Nýju máli um slíka kröfu skal vís- að frá dómi.

3. Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Dómara er þó heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi þá í té nýtt endurrit án tafar.

4. Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.

4. ÞÁTTUR

Afbrigðileg meðferð einkamála í héraði.

XVII. KAFLI

Mál um víxla, tékka og skuldabréf.

117. gr.

Mál, sem fara eftir ákvæðum þessa kafla, eru:

- a. víxilmál, en til þeirra teljast mál gegn útgefanda, framseljanda og samþykkjanda víxils á hendur öðrum manni og gegn útgefanda og framseljanda eigin víxils til greiðslu víxilkröfu eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti, mál gegn útgefanda og framseljanda víxils vegna skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar að öllu leyti eða nokkru og mál gegn ábyrgðarmönnum víxilupphæðar,
- b. tékkamál, en til þeirra teljast mál um endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka,
- c. skuldabréfamál, en til þeirra teljast mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda sé skráður samningur í texta þess um að mál samkvæmt því verði rekið eftir ákvæðum þessa kafla.

118. gr.

1. Stefndi getur aðeins haft uppi eftirtaldar varnir um efni máls:

- a. að mál sé höfðað af röngum aðila eða því sé ranglega beint að sér,
- b. að aðila hafi skort hæfi að lögum til að taka á sig skuldbindinguna,
- c. að undirskrift á skjali sé fölsuð eða efni skjals sé falsað.

2. Í víxilmáli má stefndi einnig koma að vörnum sem varða form og efni víxils, aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi og önnur atriði sem eru skilyrði til að koma fram víxilrétti eftir víxillögum. Það sama á við um tékkamál.

3. Í skuldabréfamáli má stefndi einnig koma að vörnum ef hann á ekki að sanna þær staðhæfingar sem varnirnar byggjast á eða unnt er að sanna staðhæfingarnar með skjölum sem hann leggur þegar fram.

4. Hafa má uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla ef gagnkrafan er sams konar og aðalkrafan eða gagnkrafan styðst annars við víxil eða tékka. Í víxil- eða tékkamáli má einnig koma að gagnkröfu sem er sprottin af því að aðili hafi ekki gefið þær tilkynningar til formanna sinna á víxli eða tékka sem eru boðnar í víxillögum eða lögum um tékka.

119. gr.

1. Ef stefnandi samþykkir má stefndi koma að frekari vörnum en er getið í 118. gr.
2. Nú fer stefndi á mis við að koma vörnum að í máli vegna ákvæða 118. gr., og getur hann þá höfðað mál gegn stefnanda eftir almennum reglum til heimtu skaðabóta.
3. Að öðru leyti fara mál samkvæmt þessum kafla eftir ákvæðum 3. þáttar.

XVIII. KAFLI

Ógildingar- og eignardómsmál.

120. gr.

1. Ógilda má glötuð eða horfin skuldabréf og hver önnur heimildarbréf með dómi eftir reglum þessa kafla, enda taki ekki sérstök ákvæði annarra laga til ógildingar á þeim. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um eins og hann hefði skjalið undir höndum.

2. Mál til ógildingar á veðskuldabréfi skal höfðað í þeirri þinghá þar sem því var eða yrði þinglýst. Mál til ógildingar á öðru skjali skal höfðað í þeirri þinghá þar sem það var gefið út. Ef þessu verður ekki komið við en skjal verður þó ógilt hér á landi skal höfðað mál fyrir dómi í Reykjavík.

121. gr.

1. Nú vill maður höfðað mál til ógildingar á skjali, og skal hann þá afhenda dómara stefnu til útgáfu og endurrit af skjalinu eða nákvæma lýsingu á efni þess. Í stefnunni skal greint frá því sem er vitað um afdrif skjalsins og rökstutt hvernig hlutaðeigandi telji til réttar samkvæmt því.

2. Ef dómari telur skilyrði fyrir ógildingardómi ekki vera fyrir hendi synjar hann um útgáfu stefnu. Skal kveðinn upp úrskurður um synjunina ef krafist er.

3. Ef dómari telur skilyrðum fyrir ógildingardómi fullnægt gefur hann út stefnu, en í henni skal skorað á hvern þann sem kann að hafa skjalið undir höndum að koma með það fyrir dóm við þingfestingu málsins, því ella megi vænta að það verði ógilt með dómi. Stefnan skal birt einu sinni í Lögbirtingablaði.

4. Nú kemur enginn fram með skjalið við þingfestingu máls og enginn mótmælir annars ógildinguna þess, og skal þá ógildingardómur kveðinn upp nema gallar á málalíbun-

aði leiði til frávísunar máls. Sé vörnum haldið uppi skal mælt fyrir í dómi um ógildingu skjals eða synjun um ógildingardóm.

5. Að öðru leyti fer um ógildingardómsmál eftir ákvæðum 3. þáttar.

122. gr.

1. Nú sannar maður eða gerir sennilegt að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, skrásettri bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá leitað eignardóms. Eignardómur veitir dómhafa heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni eins og hann hefði afsalsbréf fyrir henni eða annað viðeigandi skjal.

2. Um varnarþing í eignardómsmáli og meðferð þess fer eftir ákvæðum 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. að breyttu breytanda.

XIX. KAFLI

Flýtimeðferð einkamála.

123. gr.

1. Nú hyggst aðili höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og það færi ella eftir almennum reglum þessara laga. Getur hann þá óskað eftir því að málið sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi hún almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans.

2. Aðili, sem æskir málsmeðferðar eftir reglum þessa kafla, skal afhenda forstöðumanni dómstóls stefnu ásamt skriflegri beiðni um útgáfu hennar og þeim málsgögnum sem geta stutt beiðnina. Í stefnu skal höfð eyða til þess að dómari geti skráð þar stað og stund til þingfestingar og stefnufrest og skal tekið fram í texta hennar að dómari hafi fallist á beiðni um að málið sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla. Í beiðni skal rökstutt ítarlega hvernig megi telja skilyrðum 1. mgr. fullnægt.

3. Ef skilyrðum 1. mgr. er ekki fullnægt synjar dómari um útgáfu stefnu. Skal kveðinn upp úrskurður um synjunina ef krafist er.

4. Nú er fallist á að mál sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla, og skal því þá þegar úthlutað dómara til meðferðar. Hann gefur út stefnu og ákveður um leið hvar og hvenær mál verður þingfest, sem að öðru jöfnu skal gert utan reglulegs dómþings, og hver stefnufrestur skuli vera, en hann má skemmstur vera einn sólarhringur.

5. Ákvæðum þessarar greinar má beita við höfðun gagnsakar þannig að mál sæti upp frá því í heild sinni meðferð eftir reglum þessa kafla. Ef beiðni berst um slíkt gefur forstöðumaður dómstóls þó gagnaðila kost á að tjá sig um hana áður en afstaða er tekin til hennar.

124. gr.

1. Ef vörnum er haldið uppi í máli skal því aðeins frestað í þeim mæli sem brýna nauðsyn ber til. Þeirra atriða, sem getur í 1. mgr. 102. gr., skal gætt í þinghaldi þegar stefndi leggur fram greinargerð og ber að öðru jöfnu að ljúka þá öflun sýnilegra sönnunargagna.

2. Að kröfu aðila getur dómari ákveðið að vitni verði kvatt fyrir dóm með skemmri fyrirvara en getur í 2. mgr. 54. gr.

3. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem verða má eftir dómtöku máls.

4. Ef úrskurður dómara um atriði, sem varðar rekstur máls, er kærður til æðra dóms skal sá frestur sem getur í 1. mgr. 149. gr. vera þrjár sólarhringar.

5. Frestur til að áfrýja máli, sem sætir meðferð eftir ákvæðum þessa kafla til æðra dóms án áfrýjunarleyfis, er þrjár vikur frá uppkvaðningu dóms. Nú er máli áfrýjað, og getur þá aðili leitað eftir undanþágu Hæstaréttar frá því að gera þurfi ágríp dómsgerða. Frestir í máli fyrir Hæstarétti skulu vera svo skammir sem verða má.

6. Að öðru leyti fer um þessi mál eftir almennum reglum.

5. ÞÁTTUR

Gjafsókn, málskostnaður og réttarfarssektir.

XX. KAFLI

Gjafsókn.

125. gr.

1. Í þessum kafla er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn.

2. Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd þriggja lögfræðinga, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir um gjafsókn. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands en annar eftir tilnefningu Dómarafélags Íslands.

3. Umsókn um gjafsókn skal vera skrifleg og beint til dómsmálaráðherra. Í henni skal greint skýrlega frá máli sem hún varðar og rökstutt að skilyrðum fyrir gjafsókn sé fullnægt. Umsókn skulu fylgja gögn eftir þörfum.

4. Dómsmálaráðherra veitir gjafsókn eftir umsókn aðila. Hún verður því aðeins veitt að gjafsóknarnefnd mæli með því.

126. gr.

1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

- a. að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, en við mat á efnahag hans má eftir því sem á við einnig tekið tillit til eigna og tekna maka hans eða sambýlismanns eða eigna og tekna foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára,
- b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

2. Gjafsókn verður enn fremur veitt eftir því sem fyrir er mælt í öðrum lögum.

3. Nú er gjafsókn veitt, og skal þá tekið fram í gjafsóknarbréfi til hvaða máls hún taki, hvort hún sé veitt til rekstrar máls fyrir héraðsdómi eða æðra dómi og hvort hún sé takmörkuð með tilteknum hætti.

127. gr.

1. Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli. Gjafsókn má þó takmarka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið tiltekinni fjárhæð.

2. Ef þóknun umboðsmanns gjafsóknarhafa fyrir flutning máls er ekki undanskilin gjafsókn skal hún ákveðin í dómi. Takist sátt í máli ákveður dómari þóknunina í úrskurði.

3. Gjafsóknarhafi er undanþeginn öllum greiðslum í ríkissjóð vegna þess máls sem gjafsókn tekur til, þar á meðal greiðslum fyrir opinber vottorð og önnur gögn sem verða lögð fram í máli.

4. Ef annað er ekki tekið fram í gjafsóknarbréfi nær gjafsókn einnig til kostnaðar af fullnustu réttinda gjafsóknarhafa með aðför og nauðungarsölu.

5. Nú skýtur gagnaðili gjafsóknarhafa máli til æðra dóms, og nær þá gjafsókn einnig til málskostnaðar gjafsóknarhafa þar fyrir dómi, þar á meðal af gagnáfrýjun eða gagnkæru máls, ef annað er ekki tekið fram í gjafsóknarbréfi.

128. gr.

1. Gjafsókn fellur ekki niður þótt gjafsóknarhafi látist.
2. Dómsmálaráðherra má afturkalla gjafsókn ef í ljós kemur að hún var veitt að ófyrirsynju, hagr gjafsóknarhafa breytist svo að hennar sé ekki lengur þörf eða gjafsóknarhafi lætur hjá líða að krefjast málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns. Við afturköllun fellur greiðsluskylda ríkisins niður án tillits til þess hvort þegar hefur verið stofnað til kostnaðar vegna málsins. Gjafsóknarhafi verður þó ekki krafinn um greiðslu gjalda sem hann hefur komist hjá skv. 3. mgr. 127. gr. áður en gjafsókn var afturkölluð.
3. Gjafsókn breytir engu um að gjafsóknarhafa verði sjálfum gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað.
4. Nú verður gagnaðili gjafsóknarhafa dæmdur til að greiða málskostnað, og skal þá ekki tekið tillit til þess að gjafsókn hafi verið veitt við ákvörðun málskostnaðar. Ef gjafsóknarhafi hefur sjálfur haft kostnað af máli skal honum ákveðin greiðsla málskostnaðar að því leyti í dómi, en að öðru leyti verður málskostnaður dæmdur ríkinu.

XXI. KAFLI Málskostnaður.

129. gr.

1. Til málskostnaðar telst:
 - a. kostnaður af flutningi máls,
 - b. kostnaður af birtingu stefnu, kvaðninga og annarra tilkynninga,
 - c. gjöld sem renna í ríkissjóð vegna máls,
 - d. óhjákvæmilegur ferðakostnaður aðila og umboðsmanns hans,
 - e. þóknun matsmanns, vitnis, túlks, þýðanda og þingvotts,
 - f. kostnaður af endurritum, dómsgerðum og ágripi dómsgerða,
 - g. annar kostnaður sem stafar beinlínis af máli.
2. Aðili, sem krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn.
3. Aðila er rétt að krefjast greiðslu málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns, þar á meðal í gagnsök og meðalgöngusök, eftir mati dómsins eða samkvæmt sundurliðuðum reikningi sem er lagður fram ekki síðar en við aðalmeðferð máls. Málskostnaður verður því aðeins dæmdur að hans sé krafist.
4. Málskostnaður, sem er dæmdur aðila úr hendi gagnaðila hans, ber dráttarvexti frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar og til greiðsludags þótt þess sé ekki krafist sérstaklega eða getið í dómi eða úrskurði.

130. gr.

1. Sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.
2. Stefnanda skal gert að greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það er fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um í máli.
3. Nú vinnur aðili mál að nokkru og tapar því að nokkru eða veruleg vafaatriði eru í máli, og má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta

hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Eins má fara að ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað.

4. Nú eru rekin fleiri dómsmál en eitt sem hefði mátt komast hjá með því að sækja kröfur í þeim öllum í einu máli, eftir atvikum sem gagnkröfu, og má þá lækka málskostnað handa þeim sem vinnur mál af tilliti til þess, sbr. einnig 2. mgr. 27. gr.

131. gr.

1. Hvernig sem úrslit máls verða má dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað ef hann hefur:

- a. höfðað mál að þarflausu eða án neins tilefnis af hendi gagnaðila,
- b. valdið óþörfum drætti á máli af ásetningi eða með skeytingarleysi eða handvömm,
- c. haft uppi kröfur, staðhæfingar eða mótbárur sem hann vissi eða mátti vita að væru rangar eða haldlausar.

2. Ef sakir skv. 1. mgr. eru miklar má dæma aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað.

3. Án tillits til málsúrslita má einnig dæma aðila til að greiða sérstaklega þann kostnað sem hann hefur bakað gagnaðila með ráðstöfunum við rekstur máls eða í tengslum við það ef þær voru sýnilega þarflausar eða tilgangslaugar.

4. Nú hefur umboðsmaður aðila átt þátt í þeim ávirðingum sem getur í 1. og 3. mgr., og má þá dæma hann einan eða sameiginlega með aðilanum til að greiða gagnaðila málskostnað, þar á meðal álag skv. 2. mgr., hvort sem þess er krafist í máli eða ekki.

132. gr.

1. Ef dæma á samaðilum skv. 18. gr. málskostnað skal það að jafnaði gert í einu lagi. Eins skal farið að ef dæma á samaðila til greiðslu málskostnaðar, en þá ábyrgjast þeir greiðslu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

2. Nú eru annars fleiri aðilar en einn til sóknar eða varnar í máli og þeim verður dæmdur málskostnaður, og skal hann þá ákveðinn handa hverjum þeirra fyrir sig. Ef dæma á slíka aðila til greiðslu málskostnaðar skal það að jafnaði gert í einu lagi þannig að þeir ábyrgist greiðslu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

133. gr.

1. Stefnandi getur krafist þess við þingfestingu máls að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef:

- a. stefnandi er búsettur erlendis og menn, sem eru búsettir hér á landi, eru ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi hans,
- b. leiða má líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar.

2. Dómari ákveður hvort stefnanda verði gert að setja tryggingu, hverrar fjárhæðar og í hverju formi hún verði og innan hvers frests það skuli gert. Leyst verður úr ágreiningi um þetta í úrskurði.

3. Ef stefnandi setur ekki tryggingu eftir ákvörðun dómara skal máli vísað frá dómi.

XXII. KAFLI Réttarfarssektir.

134. gr.

1. Dómari ákveður sektir samkvæmt reglum þessa kafla af sjálfsdáðum og renna þær í ríkissjóð.

2. Ef refsing liggur að auki eftir öðrum lögum við broti sem ákvæði þessa kafla taka til má koma henni fram í öðru máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssekt.

135. gr.

1. Ákveða má sekt á hendur aðila fyrir:

- a. að höfða mál að þarflausu,
- b. að koma gagnaðila að ófyrirsynju í þá aðstöðu að honum var nauðsyn að höfða mál,
- c. að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli,
- d. að hafa uppi vísvitandi rangar kröfur, staðhæfingar eða mótbáru,
- e. ósæmleg skrifleg eða munnleg ummæli sem hann hefur uppi fyrir dómi um dómara, gagnaðila, umboðsmann gagnaðila eða aðra menn,
- f. að misbjóða virðingu dóms á annan hátt með framferði sínu í þinghaldi.

2. Umboðsmanni aðila, sem gerist sekur um brot skv. c- til f-lið 1. mgr., má ákveða sekt einum sér eða með aðilanum.

3. Manni, sem gefur skýrslu fyrir dómi, má ákveða sekt fyrir brot gegn e- eða f-lið 1. mgr.

4. Ákveða má sekt á hendur öðrum en þeim sem ákvæði 1.–3. mgr. taka til fyrir að hlýða ekki fyrirskipunum dómara sem miða að því að halda uppi reglu á dómþingi eða að koma þar annars hneykslanlega eða ósæmilega fram.

5. Fyrir æðra dómi má ákveða sekt á hendur aðila, umboðsmanni hans eða þeim báðum í senn fyrir tilefnislaust málskot.

136. gr.

1. Ef dómur gengur í máli skal sekt á hendur aðila eða umboðsmanni hans ákveðin þar. Gangi úrskurður um frávisun máls frá dómi skulu sektir á hendur þeim ákveðnar þar. Ef mál er felld niður skal kveðinn upp sérstakur úrskurður um sekt á hendur aðila eða umboðsmanni hans.

2. Sektir á hendur öðrum skulu ákveðnar í úrskurði jafnskjótt og brot er framið.

6. ÞÁTTUR

Endurupptaka og málskot.

XXIII. KAFLI

Endurupptaka útvistarmáls í héraði.

137. gr.

1. Nú hefur dómur gengið eða stefna verið árituð skv. 113. gr. í máli þar sem stefndi sótti ekki þing eða þingsókn hans féll niður, og getur þá stefndi beiðst endurupptöku málsins innan þriggja mánaða frá því máli lauk í héraði, enda berist beiðnin dómara innan mánaðar frá því stefnda urðu málsúrslit kunn.

2. Eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því máli lauk í héraði en innan árs frá því getur stefndi beiðst endurupptöku útvistarmáls ef beiðnin berst dómara innan mánaðar frá því stefnda urðu málsúrslit kunn og stefndi sýnir fram á að einhverju eftirfarandi skilyrða sé fullnægt:

- a. að stefna hafi hvorki verið birt honum né öðrum sem mátti birta fyrir,
- b. að átt hefði að vísa kröfum á hendur honum sjálfkrafa frá dómi að einhverju leyti eða öllu,
- c. að átt hefði að sýkna hann án kröfu að einhverju leyti eða öllu,
- d. að stefnandi sé samþykkuð endurupptöku.

3. Beiðni um endurupptöku verður ekki sinnt nema stefndi setji áður tryggingu, sem dómari tekur gilda, fyrir greiðslu þess málskostnaðar sem var lagður á hann í dómi eða áritaðri stefnu eða hann sanni að hann hafi greitt málskostnaðinn. Frá þessu má þó víkja með samþykki stefnanda.

4. Stefndi getur ekki beiðst endurupptöku ef stefnandi hefur áfrýjað máli til æðra dóms.

5. Þegar frestur skv. 2. mgr. er liðinn verður mál ekki tekið upp í héraði nema eftir ákvörðun Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 157. gr.

138. gr.

1. Beiðni um endurupptöku skal beint til þess dóms þar sem dómur gekk eða stefna var árituð. Í beiðni skal greint skýrlega frá því hverra breytinga stefndi krefjist á fyrri málsúrslitum og á hverjum málsástæðum, réttarheimildum og sönnunargögnum það sé byggt, svo og hvenær og hvernig stefnda varð kunnugt um málsúrslit. Ef endurupptöku er beiðst skv. 2. mgr. 137. gr. skal að auki rökstutt að einhverju þargreindu skilyrði sé fullnægt. Gögn skulu fylgja beiðni.

2. Ef beiðni er ófullnægjandi eða berst röngum dómi eða dómari telur sýnt að skilyrðum 137. gr. sé ekki fullnægt synjar hann þegar í stað um endurupptöku, en úrskurður skal kveðinn upp um synjunina ef krafist er. Að öðrum kosti boðar dómari báða aðila fyrir dóm til að taka beiðni fyrir.

3. Sæki stefndi ekki þing þegar beiðni hans er tekin fyrir telst hún fallin niður. Sæki stefnandi þing getur dómari úrskurðað honum ómaksþóknun úr hendi stefnda að kröfu hans. Ekki verður þá beiðst endurupptöku öðru sinni.

4. Nú sækir stefnandi ekki þing þegar beiðni er tekin fyrir, og verður málið þá endurupptekið og farið með það eftir ákvæðum 2. mgr. 140. gr.

5. Ef báðir aðilar sækja þing þegar beiðni er tekin fyrir getur stefnandi haft uppi mót-mæli gegn endurupptöku og skal þá leyst úr þeim með úrskurði áður en lengra er haldið. Að öðrum kosti er mál endurupptekið.

139. gr.

1. Þegar mál hefur verið endurupptekið getur stefndi krafist þess að dómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif dóms eða áritunar á stefnu falli niður að einhverju leyti eða öllu þar til máli lýkur á ný í héraði. Dómari metur eftir atvikum hvort eða að hverju leyti efni séu til að verða við slíkri kröfu.

2. Endurupptaka máls hindrar ekki aðför á grundvelli dóms eða áritunar á stefnu nema að því leyti sem krafa stefnda skv. 1. mgr. hefur verið tekin til greina. Úrskurður skv. 1. mgr. hagar ekki gildi aðfarargerðar sem hefur áður farið fram.

3. Upphaflegum dómi í máli verður ekki áfrýjað til æðra dóms eftir að það er endurupptekið nema endurupptöku ljúki með því að dómurinn standi óhaggaður skv. 2. eða 4. mgr. 140. gr. og stefnandi áfrýji.

140. gr.

1. Þegar endurupptaka er ráðin verður rekstri máls fram haldið eftir reglum þessara laga frá því stigi sem útivist varð af hálfu stefnda, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

2. Mál verður ekki fellt niður þótt stefnandi sæki ekki þing eftir endurupptöku. Stefndi getur þó fallið þá frá endurupptöku og stendur þá upphafleg úrlausn óhögguð. Annars á

stefndi þess þá kost að færa fram varnir og verður málið síðan dæmt á ný eftir framkomnum kröfum og málatilbúnaði aðilanna.

3. Ef stefndi sækir ekki þing eftir endurupptöku skal farið svo að sem segir í 3. mgr. 96. gr. Gangi þá útivistardómur á hendur stefnda gilda ákvæði 4. mgr. 96. gr. um heimild hans til að skjóta máli til æðra dóms.

4. Nú sækir hvorugur aðila þing eftir endurupptöku, og lýkur þá meðferð málsins þannig að upphafleg úrlausn stendur óhögguð.

141. gr.

1. Nú lýkur máli hvorki skv. 2. eða 4. mgr. 140. gr. né með sátt, og kveður dómari þá upp nýjan dóm í málinu eftir almennum reglum nema því verði vísað frá dómi með úrskurði. Fellur þá fyrri úrlausn sjálfkrafa úr gildi.

2. Gegn mótmælum stefnanda verður því aðeins tekið tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem stefndi færir fram við endurupptöku að einhverju eftirfarandi skilyrða sé fullnægt:

- a. að útivist stefnda í öndverðu verði talin afsakanleg,
- b. að það ylli stefnda réttarspjöllum að ekki yrði tekið tillit til nýrrar kröfu eða málsástæðu hans eða nýrra sönnunargagna,
- c. að krafa eða málsástæða lúti að atriði sem dómari átti að gæta af sjálfsdáðum í upphaflegri úrlausn máls.

3. Í dómi eða úrskurði ákveður dómari málskostnað í einu lagi vegna málsins í heild. Að öðru jöfnu skal stefndi dæmdur til að greiða stefnanda allan málskostnað án tillits til þeirrar niðurstöðu sem fæst við endurupptöku.

142. gr.

1. Mál verður ekki endurupptekið öðru sinni eftir ákvæðum þessa kafla.

2. Stefnandi getur áfrýjað máli til æðra dóms eftir endurupptöku samkvæmt almennum reglum.

3. Að fengnu áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. getur stefndi áfrýjað máli til æðra dóms eftir að dómur hefur gengið við endurupptöku, enda hafi það þá ekki verið útivistardómur á hendur honum.

XXIV. KAFLI

Kæra.

143. gr.

1. Úrskurðir héraðsdómara um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar:

- a. hvort hann víki sæti í máli,
- b. atriði varðandi skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi,
- c. atriði varðandi matsgerðir,
- d. skyldu aðila eða vörslumanns til að láta skjal eða annað sýnilegt sönnunargagn af hendi eða veita aðgang að því,
- e. synjun um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi,
- f. synjun um heimild til að afla sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað,
- g. ómaksþóknun, málskostnað eða gjafsóknarlaun, enda sé ekki kveðið á um annað í úrskurði,
- h. að frestur skuli veittur,
- i. synjun um endurupptöku máls vegna lögmætra forfalla frá þinghaldi,
- j. að máli sé vísað frá dómi,

- k. hvort mál verði fellt niður,
 - l. hvort synjað verði um heimild til að gera dómsátt,
 - m. synjun um útgáfu stefnu í ógildingar- eða eignardómsmáli,
 - n. synjun um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar á máli,
 - o. málskostnaðartryggingu,
 - p. réttarfarssekt,
 - q. hvort dæmt mál verði endurupptekið,
 - r. hvort réttaráhrif dóms eða áritunar á stefnu falli niður vegna endurupptöku máls.
2. Eftir að aðalmeðferð máls er hafin verður úrskurði héraðsdómara ekki skotið til æðra dóms nema úrskurður sé um:
- a. skyldu vitnis til að koma fyrir dóm eða svara spurningu og vitnið kæri,
 - b. skyldu þriðja manns til að láta af hendi skjal eða veita aðgang að sýnilegu sönnunargagni og þriðji maður kæri,
 - c. að máli sé vísað frá dómi,
 - d. að mál sé fellt niður,
 - e. synjun um heimild til að gera dómsátt,
 - f. réttarfarssekt.
3. Hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á sinn hluta í dómastarfi, er rétt að kæra hann fyrir Hæstarétt og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt í ríkissjóð.

144. gr.

1. Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann þá héraðsdómara skriflega kæru áður en tvær vikur eru liðnar frá uppkvaðningu úrskurðar eða dómsathöfn ef hann eða umboðsmaður hans var þá staddur á dómþingi, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurð eða dómsathöfn.
2. Vitni eða matsmaður, sem er staddur á dómþingi við uppkvaðningu úrskurðar eða dómsathöfn, má þó lýsa yfir kæru munnlega og verður þá bókað um hana í þingbók.
3. Kæra frestar frekari framkvæmdum á grundvelli úrskurðar þar til leyst er úr máli fyrir æðra dómi.

145. gr.

1. Í kæru skal greina:
- a. þá dómsathöfn sem er kærð,
 - b. kröfu um breytingu á henni,
 - c. ástæður sem kæra er reist á.
2. Kæru má styðja við ný sönnunargögn. Vilji kærandi bera ný gögn fyrir sig skal hann greina frá þeim í kæru, svo og því hvað hann hyggst sanna með þeim. Slík gögn skulu fylgja kæru í frumriti eða staðfestu eftirriti.
3. Kærandi greiðir héraðsdómara lögmælt dómgjöld fyrir Hæstarétti.

146. gr.

1. Nú kemur kæra of seint fram, og beinir þá héraðsdómari því til kæranda að taka hana aftur.
2. Ef kæra fullnægir ekki ákvæðum 1. mgr. 145. gr. brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að bæta úr göllum á henni.
3. Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann þá ákveðið eftir kröfu að kæranda beri að setja tryggingu fyrir tjóni sem kæra kann að baka gagnaðila ef hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja sólarhringa frá því kæru er lýst. Ella verður ekki frekar af kærumáli.

147. gr.

1. Héraðsdómari sendir svo fljótt sem verða má Hæstarétti kærana ásamt endurrítum úr þingbók og öðrum gögnum málsins í fjórriti nema hann kjósi sjálfur að fella kærðan úrskurð úr gildi.

2. Héraðsdómara er jafnan heimilt að láta skriflegar athugasemdir sínar um kæruefni fylgja málgögnum til Hæstaréttar.

148. gr.

1. Þá er kæra er komin fram gefur héraðsdómari gagnaðila kæranda kost á að afhenda sér skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem er byggt á. Honum er heimilt að byggja á nýjum sönnunargögnum og skal þá farið svo að sem segir í 2. mgr. 145. gr.

2. Hafi greinargerð skv. 1. mgr. ekki verið afhent héraðsdómara áður en hann sendir Hæstarétti málgögnin skal henni beint til Hæstaréttar.

149. gr.

1. Aðilar geta sent Hæstarétti greinargerðir sínar og ný skjöl innan viku frá því málgögnin berast honum. Að þeim tíma liðnum getur Hæstiréttur lagt dóm á kæruefnið, en jafnan skal þó athuga skjöl sem berast síðar frá aðilum svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið.

2. Nú er kæra ekki gerð þannig úr garði sem segir í 1. mgr. 145. gr. eða málatilbún- aðu er annars ófullkominn, og getur þá Hæstiréttur lagt fyrir kæranda að bæta úr því sem er ábótavant innan tiltekins frests. Verði kærandi ekki við því getur Hæstiréttur vísað kærumálinu frá sér.

3. Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, gefið aðilum kost á að flytja kærumálið munnlega.

150. gr.

1. Hæstiréttur kveður upp dóm í kærumálinu eftir skjölum þess og munnlegum flutningi ef því er að skipta. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem kostur er.

2. Hæstiréttur kveður á um kærumálskostnað.

3. Að gengnum dómi sendir Hæstiréttur héraðsdómara endurrit dóms. Héraðsdómari tilkynnir aðilum um niðurstöðu kærumáls.

4. Að öðru leyti verður reglum um áfrýjunarmál beitt um kærumál eftir því sem átt getur við.

XXV. KAFLI

Áfrýjun.

151. gr.

1. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga, er aðila heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar. Við áfrýjun héraðsdóms má jafnframt áfrýja úrskurðum sem hafa gengið í málinu í héraði.

2. Áfrýja má máli í því skyni að dómur verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, máli verði vísað frá héraðsdómi, héraðsdómi verði breytt að efni til eða hann staðfestur.

3. Rétt er að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðila, en áfrýjunarmálin ber þá að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

4. Héraðsdómara verður ekki stefnt við áfrýjun máls nema krafa sé gerð á hendur honum um refsingu eða skaðabætur.

5. Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrir en sá dómur eða úrskurður, sem afsalið á að taka til, er genginn.

152. gr.

1. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttarlegs eðlis, og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 150.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu lánskjaravísitölu frá gildistöku þessara laga, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.

2. Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru réttilega sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi og gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal þá ekki litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

3. Nú varðar mál annars konar kröfu en fjárkröfu, og ákveður þá Hæstiréttur eftir að hafa leitað umsagnar aðila hvort verðmæti hagsmunanna sem eru í húfi teljist nema áfrýjunarfjárhæð.

4. Hæstiréttur getur leyft áfrýjun máls þótt krafa nái ekki áfrýjunarfjárhæð.

153. gr.

1. Máli verður áfrýjað innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu héraðsdóms.

2. Hæstiréttur getur leyft áfrýjun máls næstu níu mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. Slíks leyfis skal þá getið í áfrýjunarstefnu, en hana ber að gefa út innan fjögurra vikna frá útgáfu leyfis sem er að öðrum kosti fyrirgert.

3. Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðila þá rétt að gagnafrýja á næstu fjórum vikum eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

4. Ef mál, sem hefur verið skotið til Hæstaréttar innan frests skv. 1. eða 2. mgr., fellur þar niður eða því er vísað frá dómi er aðila rétt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út á ný innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftár en einu sinni.

154. gr.

1. Beiðni um áfrýjunarleyfi skal vera skrifleg og rökstudd og skal henni beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur gefur öðrum aðilum kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um það hvort leyfið verði veitt.

2. Áfrýjunarleyfi skal að jafnaði því aðeins veitt að úrslit málsins séu mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði mikilvæga hagsmuni aðilanna.

155. gr.

1. Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu, en í henni skal greina:

- a. þann dóm og eftir atvikum úrskurð sem er skotið til Hæstaréttar og skal dómsorð og eftir atvikum úrskurðarorð tekið orðrétt upp í stefnu,
- b. nöfn áfrýjanda og stefnda, kennitölu og heimili eða dvalarstað,
- c. nöfn fyrirvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
- d. í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir,
- e. í hverjum starfsmánuði Hæstaréttar óskað er þingfestingar máls.

2. Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur þá hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar sem ákveður frestinn.

3. Mál skal þingfesta fyrsta þingdag þess mánaðar sem er stefnt til, en forseta Hæstaréttar er þó rétt að ákveða annan þingfestingardag ef sérstaklega stendur á.

4. Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

5. Ákvæði XIII. kafla gilda um birtingu áfrýjunarstefnu og stefnufrest.

156. gr.

Um meðferð áfrýjunarmáls fyrir æðra dómi fer að öðru leyti eftir lögum um Hæstarétt Íslands.

XXVI. KAFLI

Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

157. gr.

1. Nú hefur héraðsdómur gengið í máli, sem hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjunarfrestur er liðinn, og getur þá Hæstiréttur orðið við beiðni um að málið verði endurupptekið í héraði ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar í héraði og aðilanum verður ekki kennt um það,
- sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
- önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

158. gr.

1. Skriflegri beiðni um endurupptöku skal beint til Hæstaréttar. Í henni skal rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og skulu gögn fylgja henni eftir þörfum.

2. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist synjar Hæstiréttur þegar í stað um endurupptöku. Að öðrum kosti verða beiðnin og fylgigögn send gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín innan tiltekins frests.

3. Hæstiréttur ákveður hvort af endurupptöku verði. Fallist Hæstiréttur á beiðni skal hann um leið taka afstöðu til þess hvort áhrif fyrri dóms falli niður meðan málið er rekið. Endurupptaka hindrar ekki aðför eftir dómi nema áhrif hans séu felld niður með þessum hætti.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins í héraði af hendi þess sem beiddist hennar, og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný í héraði eftir reglum þessara laga.

7. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði.

XXVII. KAFLI

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

159. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

160. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með áorðnum breytingum.
2. Í Norsku lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók 6. kap. 11., 15. og 18. gr., og í I. bók 9. kap. 13. gr.
3. 5. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789.
4. Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna 19. júlí 1793.
5. 34. gr. laga um verðlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
6. 20. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905.
 - Í 1. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „kæra til sáttanefndar eða“.
 - Í 2. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „kæran eða“.
 - Í 3. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „eftir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni“.
 - Í 6. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „hafið, eða“ og „hafið eða“.
7. Í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um hagstofu Íslands, nr. 24 20. október 1913, orðið „sáttanefndarmál“.
8. Í 2. mgr. 17. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917, orðin „ef hann á eigi hlut í áveitunni, ella næsti héraðsdómari“.
9. Í 1. mgr. 46. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, orðin „sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936“.
10. Í 51. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „í héraði“.
11. 2. mgr. 27. gr. og 2. másl. 3. mgr. 37. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.
12. 3. mgr. 71. gr., 74. gr. og 1. og 2. mgr. 78. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.
 - Í 1. mgr. 71. gr. sömu laga orðin „og vinna eið að skýrslu sinni“ og „eða vinna eið“.
 - Í 2. mgr. 71. gr. sömu laga orðin „eða heitfesta hann vegna skýrslu hans“ og „eða vinna eið“.
 - Í 2. mgr. 73. gr. sömu laga orðin „með þeim hætti, er segir í 195. gr. laga nr. 85/1936“.
13. Í 2. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, orðin „36. gr.“, „nr. 85/1936,“ og „í héraði“.
14. Í 2. mgr. 18. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15 8. maí 1978, orðin „Stefnandi nýtur gjaf-sóknarkjara.“
15. Í niðurlagi 1. mgr. 11. gr. laga um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, orðin „Fer um útgáfu stefnunnar eftir meginreglum 218. gr. laga nr. 85/1936.“
 - Í 1. másl. 1. mgr. 13. gr. sömu laga orðin „sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands“.
 - Í 2. másl. 1. mgr. 13. gr. sömu laga orðin „innan 8 vikna frá uppsögu dóms“.
16. Í 3. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, orðin „í héraði“.
17. Í 109. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „sbr. XIX. kafla l. nr. 85/1936“.
18. Í 1. mgr. 14. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, orðin „þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981“.
19. 2. másl. 4. mgr. 16. gr., 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, svo og í 7. mgr. 29. gr. laganna orðin „almenn og“.

20. Í 2. mgr. 11. gr. laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 88 19. júlí 1990, orðin „og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess“.
21. Í 3. mgr. 11. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131 6. desember 1990, orðin „sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936“.

161. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 4. gr. laga um hefð, nr. 46 10. nóvember 1905, falla niður orðin „kæru til sáttanefndar eða“. Í sama ákvæði falla síðan niður orðin „er sáttakæra eða dómstefna er dagsett“, en í stað þeirra kemur: sem dómsmál er höfðað.
2. Í 2. mgr. 5. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, fellur niður orðið „sjódómslögum“, en í stað þess kemur: lögum.
3. Í 1. másl. 2. mgr. 51. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 11. júní 1938, fellur niður orðið „stefnuvottum“, en í stað þess kemur: stefnuvotti.
2. másl. 2. mgr. 51. gr. sömu laga fellur niður.
Í 2. mgr. 59. gr. sömu laga falla niður orðin „einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
Í 2. másl. 67. gr. sömu laga fellur niður orðið „áfrýja“, en í stað þess kemur: kæra.
4. Í lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, fellur niður 1. mgr. 5. gr.
Í 2. másl. 1. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936“, en í stað þeirra kemur: þrisvar sætt réttarfararsæktum.
Í 4. mgr. 8. gr. sömu laga falla niður orðin „eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936“, en í stað þeirra kemur: til Hæstaréttar.
Í 2. mgr. 13. gr. falla niður orðin „eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi“.
Í 3. mgr. 14. gr. falla niður orðin „samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði“.
Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „og gjafsóknar- og gjafvarnarmál“.
Í 22. gr. sömu laga falla niður orðin „sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936“, en í stað þeirra kemur: réttarfararsæktum.
5. 20. gr. laga um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, verður svohljóðandi:
Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) skv. 19. gr., og getur hann þá höfðað mál á hendur útgefanda (ritstjóra) til þess að fá hann skyldaðan með dómi til þess að birta leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmatu formi að viðlögðum dagsektum í fyrsta tölublaði sem kemur út eftir birtingu dóms eða í síðasta lagi í öðru tölublaði ef um dagblað er að ræða.
6. Í 1. mgr. 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53 13. maí 1966, falla niður orðin „ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936“, en í stað þeirra kemur: reglur laga um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál.
7. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, falla niður orðin „í héraði“.
Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „skv. 124. gr. 3. mgr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936“.
Í 4. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „nefnd eru í 148. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: mælt er um í lögum um meðferð einkamála.
Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga falla niður orðin „í héraði“.

8. Í 1. mgr. 28. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973“.
- Í 3. mgr. 50. gr. sömu laga falla niður orðin „með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti“, en í stað þeirra kemur: höfðað eignardómsmál eftir því sem skilyrði standa til.
9. Í barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981, falla niður 3. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 47. gr.
- Í 2. mgr. 6. gr. falla niður orðin „og er aðildareiður óheimill“.
- Í 1. mgr. 34. gr. sömu laga falla niður orðin „metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar“, en í stað þeirra kemur: verður þá gagna aflað með þeim hætti sem er mælt fyrir um þessi mál og að því búnu verður mál tekið til efnisúrlausnar.
- Í 3. mgr. 49. gr. sömu laga falla niður orðin „nr. 85/1936“, en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
1. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Óska má endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem hefur verið dæmt í héraði en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála.
2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Nú hefur barnsfaðernismál verið dæmt í Hæstarétti, og fer þá eftir almennum reglum laga um Hæstarétt Íslands hvort endurupptaka verði leyfð. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið að mál skuli tekið til meðferðar á ný fyrir héraðsdómi.
10. Í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, falla niður orðin „reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands“, en í stað þeirra kemur: almennum reglum um kæru í einkamálum.
11. Í 1. mgr. 33. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: héraðsdómara að frátöldum skilyrðum um fyrri störf.
- Í 2. mgr. 98. gr. sömu laga falla niður orðin „nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
12. Í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, fellur niður orðið „áskorunarstefnum“, en í stað þess kemur: stefnum.
- Í 2. másl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður orðið „áskorunarstefnu“, en í stað þess kemur: stefnu.
- Í 3. másl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður orðið „áskorunarstefnu“, en í stað þess kemur: stefnu.
13. Í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, falla niður 21. og 22. gr., svo og í 9. gr. orðið „kirkjudóm“.
- Í sömu lögum verður til ný grein, 8. gr. a., svohljóðandi:
Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsíabyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga.
- Í æðra dómstóli má með dómi í aðalmálinu gera héraðsdómara að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu skaðabóta. Einnig má sækja slíkt mál sjálfstætt fyrir æðra dómi ef það er höfðað innan frests til að áfrýja þeirri dómsathöfn sem leiddi til tjóns.

Í héraði verður dómari eingöngu sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómastarfi.

Með dómi æðra dómstóls í aðalmálinu eða sjálfstætt má dæma héraðsdómara til sektar fyrir hvers konar misferli við meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar.

14. Í 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, falla niður orðin „37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð einkamála.
Í 6. gr. sömu laga falla niður orðin „36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð einkamála.

162. gr.

Á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum, verða svofelldar breytingar:

1. 2. mgr. 9. gr., 12.–38. gr. og 2. másl. 61. gr. falla niður.
2. Núverandi 3. gr. fellur niður, en núverandi 2. gr. a. verður 3. gr. Á henni verða síðan svofelldar breytingar:
 - a. 3. másl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Þrír dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing sem liggur við broti er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi: Þrír dómara taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi.
3. Í 4. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi: Þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. getur dómsmálaráðherra einnig sett mann, sem hefur látið af embætti dómara við Hæstarétt fyrir aldurs sakir, til að gegna embætti um tiltekinn tíma eða til að sitja í dómi í einstaka máli. Hlutaðeiganda er þó óskýlt að taka við setningu. Eldri 2. mgr. 4. gr. verður þar með 3. mgr.
4. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. verður svohljóðandi: Hefur verið þrjú ár hið skemmsta héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis.
5. Við 44. gr. bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi: Áætlun um þann tíma sem hann ætlar að hann þurfi til munnlegs málflutnings.
6. Við 1. mgr. 49. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Málflytjendur skulu forðast mála lengingar og beina málflutningi og upplestri úr ágripi einkum að þeim atriðum máls sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.
7. 2. mgr. 55. gr. verður svohljóðandi: Alla dóma Hæstaréttar ásamt ágreiningsatkvæðum, svo og héraðsdóma í sömu málum, skal birta orðrétt í dómasafni Hæstaréttar. Í stað orðréttis dóms má þó birta útdrátt úr dómi, ef það er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstarétti er heimilt að setja reglur um nafnleynd. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun sem dómurinn ákveður.

XXVIII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

163. gr.

Ef þingfesta á mál sem ákvæði þessara laga taka til eftir gildistöku þeirra skal stefna vera þannig úr garði gerð sem segir í 80. gr. þótt hún sé birt fyrir 1. júlí 1992.

164. gr.

1. Mál, sem hafa verið þingfest á bæjarþingi eða aukadómþingi fyrir 1. júlí 1992 en hefur ekki verið lokið þá, skulu rekin upp frá því fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi þann dag. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt.

2. Ef máli hefur verið frestað á bæjarþingi eða aukadómþingi til tiltekins tíma eftir gildistöku þessara laga telst sú ákvörðun gilda sjálfkrafa um hvenær þing verði fyrst háð í málinu fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við því.

165. gr.

Mál, sem eiga undir ákvæði þessara laga og hafa verið þingfest en er ólokið í héraði 1. júlí 1992, skulu sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

- a. hafi þriðja manni verið tilkynnt um málarekstur að hætti 52. gr. eldri laga og hann hefur sótt þing í máli gilda ákvæði 21. gr. þessara laga um stöðu hans þótt honum hafi ekki verið stefnt,
- b. fram til 1. október 1992 má hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða höfða gagnsök í máli þótt frestir til þess séu liðnir skv. 28. gr.,
- c. sakarefni verður ekki skipt skv. 31. gr. nema að ósk beggja aðila,
- d. farið skal eftir ákvæðum eldri laga þegar metið er hvort mál hafi verið höfðað í rétttri þinghá án tillits til ákvæða V. kafla og 120. gr. þessara laga,
- e. boðun til vitnis og vitnastefna skv. 111. og 130. gr. eldri laga, sem hefur verið birt fyrir 1. júlí 1992, jafngildir kvaðningu til vitnis eftir 54. gr. þessara laga,
- f. dómkvaðning matsmanns að hætti eldri laga haggast ekki af gildistöku þessara laga þótt matsgerð sé þá ólokið,
- g. metið skal eftir ákvæðum 1. mgr. 88. gr. eldri laga hvort stefna sé fullnægjandi án tillits til 80. gr. þessara laga,
- h. tekið verður tillit til þess sem kemur fram í greinargerð stefnanda skv. 1. mgr. 105. gr. eldri laga, en hafi honum verið veittur frestur til að leggja hana fram stendur sú ákvörðun óhögguð,
- i. lögmæti stefnubirtingar skal metið eftir ákvæðum VIII. kafla eldri laga án tillits til reglna XIII. kafla þessara laga,
- j. ákvæðum 103. gr. eldri laga verður beitt um það hvenær mál telst hafa verið höfðað,
- k. hafi mál verið tekið til dóms eða úrskurðar um hvort því verði vísað frá dómi fyrir gildistöku þessara laga og úrlausn ekki gengið fer um form hennar eftir reglum eldri laga, en dómur um frávísun máls sætir þá kærnu til æðra dóms,
- l. útivistarmáli verður ekki lokið með áritun á stefnu skv. 113. gr. nema það hafi verið þingfest fyrir 1. júlí 1992 sem áskorunarmál að hætti eldri laga,

- m. reglum 5. mgr. 114. gr. verður því aðeins beitt að mál sé dómtekið eftir gildistöku þessara laga nema þargreindar heimildir til ákvæða í dómi hefðu átt stoð í 4. mgr. 193. gr. eldri laga,
- n. heimildar 5. mgr. 123. gr. verður ekki neytt ef aðalsök í máli hefur verið þingfest fyrir gildistöku þessara laga nema aðalstefnandi sé því samþykkur,
- o. ákvæði XI. kafla eldri laga gilda um gjafsóknar- og gjafvarnarleyfi sem eru veitt fyrir gildistöku þessara laga,
- p. ákvæði 4. mgr. 129. gr., 4. mgr. 130. gr. og b-liðar 1. mgr. 133. gr. gilda aðeins um mál sem eru þingfest eftir gildistöku þessara laga.

166. gr.

1. Ákvæði 4. mgr. 96. gr. breyta því ekki að áfrýja má útivistarmáli til æðra dóms ef dómur er kveðinn upp í því fyrir 1. júlí 1992. Gangi dómur í útivistarmáli eftir gildistöku þessara laga verður máli ekki áfrýjað þótt það hafi verið þingfest fyrir þann tíma, en beita má ákvæðum XXIII. kafla til endurupptöku slíks máls í héraði.

2. Hafi áskorunarstefna verið árituð um aðfararhæfi að hætti eldri laga fyrir gildistöku þessara laga má krefjast endurupptöku máls í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla. Áskorunarmáli verður ekki áfrýjað til æðra dóms eftir gildistöku þessara laga.

3. Hafi mál verið þingfest sem áskorunarmál fyrir 1. júlí 1992 og því lýkur með áritun skv. 113. gr. gilda ákvæði 4. mgr. 96. gr. um það.

4. Ákvæði XXVI. kafla gilda án tillits til þess hvenær dómur hefur gengið í máli.

167. gr.

1. Hafi dómsathöfn verið kærð til æðra dóms fyrir gildistöku þessara laga skal máli lokið þar eftir reglum eldri laga.

2. Ákvæðum þessara laga um skilyrði áfrýjunar verður beitt án tillits til þess hvenær mál hefur verið höfðað eða dómur gengið í því í héraði.

168. gr.

Áskorunarstefna, sem hefur verið árituð um aðfararhæfi fyrir gildistöku þessara laga, hefur sömu áhrif og áritun á stefnu skv. 113. gr.

169. gr.

Nú hefur skuldabréf, sem er gefið út fyrir 1. júlí 1992, að geyma ákvæði um að mál vegna þess megi reka eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936, og jafngildir það þá samningi um að slíkt mál verði rekið eftir reglum XVII. kafla þessara laga.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómssvalds og umboðssvalds í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 4. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, falla niður orðin „er hann hefur stefnt löglega til þess, láta sýslumann kveðja til“, en í stað þeirra kemur: fá dómkvadda.

2. gr.

Á lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslíð 8. gr. falla brott orðin „bæjarfógetar og“.
2. Í sama ákvæði fellur brott orðið „landshöfðingi“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

3. gr.

Á lögum um verzlanaáskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórar“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
2. Í 2. mgr. 3. gr. fellur niður orðið „landshöfðingja“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
3. Í 5. gr. fellur niður orðið „Landshöfðingja“, en í stað þess kemur: Viðskiptaráðherra.

4. gr.

Á lögum um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, verða svofelldar breytingar:

1. 2. gr. fellur niður.
2. Í 3. mgr. 4. gr. falla niður orðin „sjódómur rannsakar málið“, en í stað þeirra kemur: sjópróf fer fram.
3. 2. mgr. 10. gr. fellur niður.
4. 13. gr. fellur niður.

5. gr.

Á lögum um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kaupuánum o.fl., nr. 75 14. nóvember 1917, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. falla niður orðin „beiða lögreglustjóra hennar skriflega“, en í stað þeirra kemur: leita eignarnámsmats eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms.
2. 3., 4. og 5. málslíður 1. mgr. 2. gr. falla niður.
3. 3. málslíður 1. mgr. 4. gr. fellur niður.
4. 5. gr. fellur niður.

6. gr.

Á lögum um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslíð 3. mgr. 1. gr. fellur niður „(bæjarfógeti)“.

2. Í 1. málslíð 5. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. Í 1. málslíð 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmenn“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
4. Í 2. málslíð 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
5. 2. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi:

Sýslumenn og hreppstjórar skulu gefa því gætur að ákvæðum þessara laga um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

6. Við 6. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Nú berst sýslumanni tilkynning skv. 2. mgr., og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á. Komi í ljós að ágreiningur sé um landamerki skal sýslumaður leita sátta um hann. Ef þau lönd, sem óvissa um landamerki varðar, standa á mörkum umdæma sýslumanna eða mörkin liggja um fleira en eitt umdæmi ákveður dómsmálaráðherra hvor eða hver þeirra gegni þessu starfi.

7. II. kafli fellur niður.

7. gr.

Á lögum um verzlunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórum“, en í stað þess kemur: tollstjórur.
2. Í 3. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
3. Í 1. málslíð 2. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
4. Í 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.
5. Í 1. málslíð 2. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.
6. Í 2. málslíð 2. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
7. Í 1. málslíð 3. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
8. Í 2. málslíð 5. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.

8. gr.

Á lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður“, en í stað þeirra kemur: tilkynna það viðkomandi tollstjóra eða umboðsmanni hans, en hann.
2. Í 1. málslíð 2. mgr. 4. gr. falla niður orðin „lögreglustjóra eða hreppstjóra“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra eða umboðsmanni hans.
3. Í 1. málslíð 10. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.

9. gr.

Á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. 3. mgr. 139. gr. fellur niður.
2. Í 1. mgr. 152. gr. falla niður orðin „og bæjarfógetar“.

10. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 8. gr. fellur brott orðið „fógetagerð“, en í stað þess kemur: aðfarargerð.
2. Í 1. mgr. 9. gr. fellur niður þrívægis orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur í öllum tilvikum orðið: sýslumaður.
3. Í 1. málslíð 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
5. Í 3. málslíð 14. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
6. Í 4. málslíð 1. mgr. 20. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
7. Í 22. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
8. Í upphafi 1. mgr. 78. gr. og síðan aftur í upphafi 2. málslíðar 1. tölul. sömu málsgreinar fellur niður orðið „Valdsmaður“, en í báðum tilvikum kemur þess í stað orðið: Sýslumaður.
9. Í 2. málslíð 82. gr. falla niður orðin „kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað“, en í stað þeirra kemur: má þá skrásetja kaupmálann í Reykjavík.
10. Í 2. málslíð 1. mgr. 83. gr. fellur niður orðið „Valdsmanni“, en í stað þess kemur: Sýslumanni.

11. gr.

Á lögum um mælitæki og vogaráhöld, nr. 13 4. júní 1924, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslíð 2. mgr. 5. gr. falla niður orðin „í kaupstöðum og hreppstjórar í kaup-túnum og sveitum“.
2. 2. málslíður 2. mgr. 5. gr. fellur niður.
3. Í upphafi 3. mgr. 5. gr. falla niður orðin „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“, en í stað þeirra koma: Viðskiptaráðuneytið.
4. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.

12. gr.

Á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslíð 1. mgr. 19. gr. falla orðin „10 kr. í“ brott.
2. 2. mgr. 19. gr. fellur niður.

13. gr.

2. málslíður 5. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, fellur niður.

14. gr.

Á lögum um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
2. Í 1. málslíð 5. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
3. Í 1. málslíð 1. mgr. 6. gr. fellur tvívægis brott orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.

15. gr.

29. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, fellur niður.

16. gr.

Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl., nr. 43 19. maí 1930, falla úr gildi.

17. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laga um tilbúning og verzlun með smjörliki o.fl., nr. 32 19. júní 1933, falla niður orðin „Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík“, en í stað þeirra kemur: Tollstjórar.

18. gr.

Á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn“ í 17. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar“ í 1. málslíð 1. mgr. 71. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir víxli berst sýslumanni eða héraðsdómara.

19. gr.

Á lögum um tékka, nr. 94 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn“ í 22. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar“ í 1. málslíð 1. mgr. 53. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir tékka berst sýslumanni eða héraðsdómara.

20. gr.

Á lögum um bráðabirgðaútlutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935, verða svofelldar breytingar:

1. Í lokamálsgrein 3. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
2. Í 2. mgr. 8. gr. falla brott orðin „20–100 á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda“, en í stað þeirra kemur: sem Fiskifélagið ákveður, og má fullnægja kröfu um þær með fjárnámi.

21. gr.

Í 1. málslíð 4. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, fellur niður orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

22. gr.

Á lögum um löggilta niðurfjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytinu“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.
2. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „þeirra“ og „er getur í 8. kap. siglingalaganna“.
3. Í upphafi 6. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.

23. gr.

Á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 54. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: lögreglustjóri.

2. Í 3. málslíð 2. mgr. 83. gr. b. falla niður orðin „XXI. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga um meðferð opinberra mála.

24. gr.

Á lögum um hlutarútgerðarfélag, nr. 45 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslíð 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
2. Í 3. málslíð 2. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
3. Í 1. málslíð 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. málslíð 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „atvinnumálaráðherra“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
5. Í 4. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
6. Í 5. málslíð 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
7. 14. gr. verður svohljóðandi:
Fjármálaráðherra ákveður gjöld vegna skrásetningar í reglugerð.

25. gr.

Í 1. málslíð 1. mgr. 6. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, fellur brott orðið „dómkveðja“, en í stað þess kemur: kveðja.

26. gr.

Í 3. gr. laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, nr. 99 16. desember 1943, fellur niður orðið „bæjarþingi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.

27. gr.

Á lögum um hvalveiðar, nr. 26 3. maí 1949, verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. málslíðar 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í stað þeirra kemur: Kyrrsetja skal.
2. Í 2. málslíð 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „að mati dómara“.

28. gr.

2. mgr. 2. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953, verður svohljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu á þeim grunni láta gera skrá yfir þá hunda sem eru í sveitarfélaginu.

29. gr.

Á lögum um bæjarnöfn o.fl., nr. 35 18. febrúar 1953, verða svofelldar breytingar:

1. Í 4. málslíð 6. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingarvaldsmanni“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóra.
2. Í 5. málslíð 8. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
3. 2. málslíður 1. mgr. 10. gr. fellur niður.

30. gr.

Á sóttvarnarlögum, nr. 34 12. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 3. gr. falla brott orðin „öðrum en Reykjavík bæjarfógeta“, en í stað þeirra kemur: og bæjum öðrum en Reykjavík tollstjóra. Síðar í sama ákvæði falla brott orðin „lögreglustjóra (hrepptjóra)“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.
2. 3. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:
Tollstjórar eru hver í sínu umdæmi formenn sóttvarnarnefnda.

31. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:

1. 5. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi:
Um dómara gilda sérákvæði laga.
2. Á undan orðinu „tollstjóri“ í 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. bætist við: sýslumenn.

32. gr.

Í 6. mgr. 17. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, falla niður orðin „eða bæjarfógeti“.

33. gr.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92 24. desember 1955, falla niður orðin „(þ.e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík)“.

34. gr.

Á lögum um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslíð 26. gr. falla brott orðin „Saksóknari ríkisins“, en í stað þeirra kemur: Ríkissaksóknari.
2. Í 1. málslíð 29. gr. falla brott orðin „samkv. VI. kafli laga nr. 27/1951“, en í stað þeirra kemur: eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Síðar í sama ákvæði fellur einnig brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: ríkissaksóknara.

35. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, nr. 32 22. maí 1957, falla úr gildi.

36. gr.

Í 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, falla brott orðin „og bæjarfógetar“.

37. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. mars 1958, falla niður orðin „sýslumönnum, bæjarfógetum (lögreglustjórum)“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjórum.

38. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, nr. 22 10. maí 1960, falla úr gildi.

39. gr.

Á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. verður svohljóðandi: Skýrslur sýslumanna til Hagstofunnar um hjónavígslur, leyfi til skilnaðar að borði og sæng og leyfi til lögskilnaðar.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. falla brott orðin „leyfi til lögskilnaðar“.
3. Í 1. málslíð 1. mgr. 6. gr. falla brott orðin „allt að 1000 kr. á dag“.
4. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.
5. 3. mgr. 6. gr. fellur brott.

40. gr.

Á lögum um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, verða svofelldar breytingar:

| 49 Aðrar tekjur | | 42 500 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 Tekjur samtals | | 678 700 | |
| Mismunur | | | 591 000 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | | |
| 16 Veitt lán | | 600 000 | |
| 32 Annað | | 150 000 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | | |
| 16 Innheimtar afborganir | | 159 000 | |
| 39 Ráðstöfun eigin fjár | | 591 000 | |

| 29-981 Fasteignir ríkissjóðs | | þús.kr. | þús.kr. |
|-------------------------------------|------------------------------------|---------|---------|
| 51 | Laun | 11 300 | |
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 63 400 | |
| 51-57 | Viðhald | 129 800 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 204 500 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 204 500 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 204 500 | |

30 Samgönguráðuneyti

| | | pús.kr. | pús.kr. |
|--------------------------------|---|-----------|---------|
| 30-101 | Póst- og símamálastofnunin | | |
| 51 | Laun | 3 465 000 | |
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 2 200 000 | |
| 52,53,8 | Hráefni og vörur til endursölu | 215 000 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 30 000 | |
| 51-57 | Viðhald | 195 000 | |
| 593 | Afskriftir | 1 450 000 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 7 555 000 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 7 810 000 | |
| 48 | Fjármunatekjur | 50 000 | |
| 49 | Aðrar tekjur | 130 000 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 7 990 000 | |
| | Mismunur | | 435 000 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | | |
| 18 | Fjárfestingar | 1 380 000 | |
| 26 | Afborgun lána | 30 000 | |
| 32 | Annað, framlag til Intelsat | 25 000 | |
| 32 | Annað, greitt í ríkissjóð | 940 000 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | | |
| 19 | Afskriftir | 1 450 000 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | 435 000 | |
| 32 | Annað, greiðsluafgangur frá fyrra ári | 490 000 | |

| | | pús.kr. | pús.kr. |
|---------------|--|-----------|----------|
| 30-211 | Vegagerð ríkisins, áhaldahús | | |
| 51 | Laun | 677 000 | |
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 897 000 | |
| 52,53,8 | Hráefni og vörur til endursölu | 426 000 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 3 000 | |
| 51-57 | Viðhald | 597 000 | |
| 593 | Afskriftir | 98 000 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 2 698 000 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 2 852 000 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 2 852 000 | |
| | Mismunur | | 154 000 |
| | <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | |
| 18 | Fjárfestingar | 240 000 | |
| 26 | Afborgun lána | 12 000 | |
| | <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | |
| 19 | Afskriftir | 98 000 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | 154 000 | |
| 30-321 | Skipaútgerð ríkisins | | |
| 51 | Laun | 77 000 | |
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 82 000 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 4 000 | |
| 51-57 | Viðhald | 10 000 | |
| 593 | Afskriftir | 30 000 | |
| 59 | Yfirfærslur | 65 000 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 268 000 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 90 000 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 90 000 | |
| | Mismunur | | -178 000 |
| | <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | |
| 26 | Afborgun lána | 52 000 | |
| | <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | |
| 18 | Sala eigna | 200 000 | |
| 19 | Afskriftir | 30 000 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | -178 000 | |

| | | |
|---|---------|---------|
| 30-331 Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð | þús.kr. | þús.kr. |
| 51 Laun | 12 800 | |
| 52-57 Önnur rekstrargjöld | 12 600 | |
| 52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu | 4 900 | |
| 51-57 Viðhald | 6 100 | |
| 593 Afskriftir | 2 400 | |
| | <hr/> | |
| 5,8 Gjöld samtals | 38 800 | |
| 43-46,7 Seldar vörur og þjónusta | 39 100 | |
| | <hr/> | |
| 4,7 Tekjur samtals | 39 100 | |
| Mismunur | | 300 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | |
| Fært á höfuðstól | 2 700 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | |
| 19 Afskriftir | 2 400 | |
| 39 Ráðstöfun eigin fjár | 300 | |
| 30-333 Hafnabótasjóður | | |
| 52-57 Önnur rekstrargjöld | 1 600 | |
| 571 Fjármagnskostnaður | 30 000 | |
| 59 Yfirfærslur | 70 000 | |
| | <hr/> | |
| 5,8 Gjöld samtals | 101 600 | |
| 48 Fjármunatekjur | 41 600 | |
| 4910 Framlög úr ríkissjóði | 90 000 | |
| 49 Aðrar tekjur | 125 000 | |
| | <hr/> | |
| 4,7 Tekjur samtals | 256 600 | |
| Mismunur | | 155 000 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | |
| 16 Veitt lán | 39 000 | |
| 26 Afborgun lána | 65 000 | |
| 32 Annað, greitt til hafnaframkvæmda | 125 000 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | |
| 16 Innheimtar afborganir | 74 000 | |
| 39 Ráðstöfun eigin fjár | 155 000 | |

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

| | | þús.kr. | þús.kr. |
|--------------------------------|--------------------------------|---------|---------|
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 518 200 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 37 500 | |
| 593 | Afskriftir | 17 500 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 573 200 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 518 200 | |
| 48 | Fjármunatekjur | 12 100 | |
| 4910 | Framlög úr ríkissjóði | 55 000 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 585 300 | |
| | Mismunur | | 12 100 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | | |
| 18 | Fjárfestingar | 486 000 | |
| 26 | Afborgun lána | 23 600 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | | |
| 19 | Afskriftir | 17 500 | |
| 26 | Tekin lán | 480 000 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | 12 100 | |

31 Iðnaðarráðuneyti

| | pús.kr. | pús.kr. |
|--|---------|---------|
| 31-231 Sementsverksmiðja ríkisins | | |
| 51 Laun | 268 500 | |
| 52-57 Önnur rekstrargjöld | 210 700 | |
| 52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu | 95 400 | |
| 571 Fjármagnskostnaður | 44 800 | |
| 51-57 Viðhald | 45 000 | |
| 593 Afskriftir | 71 800 | |
| | <hr/> | |
| 5,8 Gjöld samtals | 736 200 | |
| 43-46,7 Seldar vörur og þjónusta | 700 000 | |
| 49 Aðrar tekjur | 8 700 | |
| | <hr/> | |
| 4,7 Tekjur samtals | 708 700 | |
| Mismunur | | -27 500 |
| <i>Fjármunahreyfingar út:</i> | | |
| 16 Veitt lán | 2 200 | |
| 18 Fjárfestingar | 20 000 | |
| 26 Afborgun lána | 53 300 | |
| <i>Fjármunahreyfingar inn:</i> | | |
| 16 Innheimtar afborganir | 2 200 | |
| 19 Afskriftir | 71 800 | |
| 26 Tekin lán | 29 000 | |
| 39 Ráðstöfun eigin fjár | -27 500 | |

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

| | | pús.kr. | pús.kr. |
|---------|--|-----------|----------|
| 51 | Laun | 430 000 | |
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 590 000 | |
| 52,53,8 | Hráefni og vörur til endursölu | 1 850 000 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 50 000 | |
| 593 | Afskriftir | 850 000 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 3 770 000 | |
| 43-46,7 | Seldar vörur og þjónusta | 3 220 000 | |
| 48 | Fjármunatekjur | 50 000 | |
| 49 | Aðrar tekjur | 20 000 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 3 290 000 | |
| | Mismunur | | -480 000 |

Fjármunahreyfingar út:

| | | | |
|----|-------------------------|---------|--|
| 18 | Fjárfestingar | 420 000 | |
| 26 | Afborgun lána | 40 000 | |

Fjármunahreyfingar inn:

| | | | |
|----|---------------------------------|----------|--|
| 16 | Innheimtar afborganir | 90 000 | |
| 19 | Afskriftir | 850 000 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | -480 000 | |

31-371 Orkusjóður

| | | | |
|-------|---------------------------------|--------|--------|
| 52-57 | Önnur rekstrargjöld | 2 100 | |
| 571 | Fjármagnskostnaður | 13 200 | |
| | | <hr/> | |
| 5,8 | Gjöld samtals | 15 300 | |
| 48 | Fjármunatekjur | 7 300 | |
| 4910 | Framlög úr ríkissjóði | 79 200 | |
| | | <hr/> | |
| 4,7 | Tekjur samtals | 86 500 | |
| | Mismunur | | 71 200 |

Fjármunahreyfingar út:

| | | | |
|----|---|--------|--|
| 26 | Afborgun lána | 95 000 | |
| 16 | Veitt lán, jarðhitaleit | 5 000 | |
| 32 | Annað, styrking dreifikerfa í sveitum | 18 700 | |

Fjármunahreyfingar inn:

| | | | |
|----|---------------------------------|--------|--|
| 16 | Innheimtar afborganir | 47 500 | |
| 39 | Ráðstöfun eigin fjár | 71 200 | |

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- 1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1992 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
- 1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.
- 1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

- 2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1992 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda

- 3.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum og tryggingarbréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánnum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.
- 3.2 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna fiskiskipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

- 4.1 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
- 4.2 Að selja húseignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
- 4.3 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.
- 4.4 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.
- 4.5 Að selja jörðina Straum í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu Skógræktar ríkisins.
- 4.6 Að selja jörðina Hnjúkahlíð, Blönduósi.
- 4.7 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem nauðsynlegt verður vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
- 4.8 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.

- 4.9 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
- 4.10 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
- 4.11 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
- 4.12 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Gránugötu 18, Siglufirði.
- 4.13 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álheimum 74, Reykjavík
- 4.14 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
- 4.15 Að selja prestsbústað í Þykkvabæ.
- 4.16 Að selja fyrrverandi prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
- 4.17 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
- 4.18 Að selja núverandi sendiherrabústað í Stokkhólmi og kaupa annan í staðinn.
- 4.19 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 7, Sauðárkróki.
- 4.20 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.
- 4.21 Að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.
- 4.22 Að selja eignarhluta ríkisins í skólahúsi á Hjalteyri í Arnarneshreppi.
- 4.23 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan hússtjórnarskóla á Laugarvatni.
- 4.24 Að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður.
- 4.25 Að selja húseignina Njörvasund 2, Reykjavík.
- 4.26 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 8, Hafnarfirði.
- 4.27 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 5.3.
- 4.28 Að selja húseignina Gagnheiði 20, Selfossi.
- 4.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í verkstæðishúsi við Skeið á Ísafirði.
- 4.30 Að selja fasteign að Lindargötu 46-48 í Reykjavík og verja andvirði hennar til kaupa á annarri eign til reksturs vínbúðar.
- 4.31 Að selja 2. hæð húseignarinnar Austurstræti 10a, Reykjavík.
- 4.32 Að selja húseignina Árholt 5, Ísafirði.
- 4.33 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
- 4.34 Að selja fasteignina Smyrlahraun 28, Hafnarfirði.
- 4.35 Að selja fasteignina Norðurvang 32, Hafnarfirði.
- 4.36 Að selja fasteignina Leynisbraut 10, Grindavík.
- 4.37 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Staðarhrauni 10, Grindavík.
- 4.38 Að selja fasteignina Unubakka 42-44, Þorlákshöfn.
- 4.39 Að selja fasteignina Víkurbraut 21A, Vík í Mýrdal.
- 4.40 Að selja fasteignina Kirkjuveg 22, Vestmannaeyjum.
- 4.41 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
- 4.42 Að selja fasteignina Aðalgötu 20, Sauðárkróki.
- 4.43 Að selja fasteignina Aðalstræti 55, Patreksfirði.
- 4.44 Að selja fasteignina Vesturberg 11, Reykjavík.
- 4.45 Að selja fasteignina Sæberg 15, Breiðdalsvík.
- 4.46 Að selja fasteignina Miðvang 5, Hafnarfirði.

- 4.47 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
- 4.48 Að selja jörðina Framnes, Reyðarfirði.
- 4.49 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Reyðarfirði.
- 4.50 Að selja jörðina Sómastaði, Reyðarfirði.
- 4.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Iðavöllum 1, Keflavík.
- 4.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Seljalandsvegi 68, Ísafirði, og ganga til samninga við Ísafjarðarkaupstað um byggingu eða kaup á læknisbústað gegn því skilyrði að allt söluverðið verði látið ganga upp í kostnað við læknisbústað, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 4.53 Að selja þann hluta húseignarinnar að Aðalstræti 51, Patreksfirði, sem er í eigu Sjúkrahúss Patreksfjarðar og verja andvirði söluverðs til þess að kaupa þann hluta húseignarinnar að Mýrum 11 sem Sjúkrahúsið á ekki nú þegar.
- 4.54 Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Arnarbakka 2, Reykjavík.
- 4.55 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
- 4.56 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
- 4.57 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
- 4.58 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu Íslands hf.
- 4.59 Að selja húseignina Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

- 5.1 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.2 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvals í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 5.3 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 5.4 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
- 5.5 Að semja um aðild að byggingu eða kaup á skrifstofuhúsnæði á Akranesi til nota fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.6 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
- 5.7 Að kaupa húseignina Þjóðbraut 11 til nota fyrir lögreglu á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.8 Að kaupa eignarhluta bæjarsjóðs Ísafjarðar í húseigninni Pólgötu 8, Ísafirði.
- 5.9 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
- 5.10 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og umboðsskrifstofu sýslumanns þar og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.11 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.12 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.13 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu 19 og Eiríksgötu 27 til nota fyrir Ríkisspítala.
- 5.14 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir heilsugæslulækni á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.

- 5.15 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði ásamt nauðsynlegum innréttingum fyrir ósakhæfa, geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.16 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.17 Að kaupa hlut Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í þjónustumiðstöðinni við þjóðgarðinn í Skaftafelli og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.18 Að kaupa húseignina Gagnheiði 25 á Selfossi til nota fyrir Skógrækt ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.19 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.20 Að kaupa eða leigja húsnæði og tæki til bóluefnaframleiðslu o.fl. fyrir Tilraunastöð Háskólans að Keldum.
- 5.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir iðngreinakennslu í Reykjavík.
- 5.22 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 5.23 Að endurnýja lóðarleigusamning vegna núverandi sendiherrabústaðar í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 5.24 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.25 Að kaupa eða leigja fasteignina Rauðarárstíg 31, fyrir skrifstofur Ríkisspítala, og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.26 Að kaupa húseignina Húsið á Eyrarbakka í samvinnu við Eyrarbakkahrepp og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.27 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir sóknarprest í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.28 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Reyðarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.29 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.30 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.31 Að kaupa húsnæði fyrir héraðslækni á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.32 Að kaupa flugskýli Flugfélags Austurlands hf. á Egilsstaðaflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

- 6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði.
- 6.2 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
- 6.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
- 6.4 Af fella niður aðflutningsgjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
- 6.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum símsstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

- 6.6 Að fella niður allt að einni milljón króna afvanskilaskuldum Bakkafjarðarhafnar og Norðurfjarðarhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum þessara hafna.
- 6.7 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins og/eða sameiningu þess við aðrar veitustofnanir, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 6.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum og stimpilgjald vegna lántöku Flugleiða hf. til byggingar flugskýlis á Keflavíkurflugvelli.
- 6.9 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á Ríkisspítölum og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 6.10 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1992, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.
- 6.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd með því að staðfesta ekki ráðningarsamninga vegna nýráðninga eða endurráðninga nema um sé að ræða samninga við ríkisstarfsmenn sem þá láta af fyrri starfi hjá ríkinu. Því aðeins er fagráðherra og fjármálaráðherra heimilt að víkja frá þessu í undantekningartilvikum að fyrir liggja umsögn ráðningarnefndar ríkisins. Nefndin skal reglulega gera ríkisstjórn grein fyrir framgangi ráðningarstöðvunar.
- 6.12 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatekjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.
- 6.13 Að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs.
- 6.14 Að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Tónlistarfélags Reykjavíkur að höfðu samráði við menntamálaráðherra og að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
- 6.15 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.16 Að semja við Hafnarfjarðarbæ um húsbyggingu í miðbæ Hafnarfjarðar fyrir Héraðsdómstól Reykjaness og Sýslumannsembættið í Hafnarfirði.
- 6.17 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987, að báðum meðtöldum, til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.
- 6.18 Að ljúka samningum við Ölfushrepp um hlutdeild sveitarfélagsins eða hafnarsjóðs Þorlákshafnar í framkvæmdakostnaði við ferjuaðstöðu þar í höfninni og til að semja um eða ljúka uppgjöri vegna framkvæmdanna.
- 6.19 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar í Reykjavík í samræmi við úttekt gerða á vegum félagsmálaráðuneytis og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektaar.
- 6.20 Að semja við Patrekshrepp um aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólustarfs og annarra verkefna sem æskileg eru í tengslum við samning um Framhaldsskóla Vestfjarða.
- 6.21 Að semja við Hafnarsjóð Ísafjarðar og hreppsnefnd Nauteyrahrepps um kostnaðarhlut ríkissjóðs við byggingu ferjubryggja.
- 6.22 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, af fjárlagalið 950

Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna til launa og annarra gjalda. Viðbótarfjárheimild til einstakra viðfangsefna má þó eigi vera hærri en 7,2% af launagjöldum og 1,3% af öðrum gjöldum í fjárlögum 1992. Allar breytingar skal gera í hundruðum þúsunda króna.

- 6.23 Að ganga til áframhaldandi samninga við Reykjavíkurborg og Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala um stofnun nýs sjúkrahúss, Sjúkrahúss Reykjavíkur. Samningurinn er háður samþykki heilbrigðisráðherra og fjárlaganefndar.

7. gr.

Skattvísitala árið 1992 skal vera hin sama og árið 1991.

SÉRSTÖK YFIRLIT.

1. Reglur um útreikning arðgreiðslna ríkisfyrirtækja.

- a. Eftirtalin ríkisfyrirtæki greiði arð í ríkissjóð sem nemi 20% af meðalhagnaði þriggja undanfarinna ára.

| | |
|----------------------------|----------------------------|
| Lyfjabúð Háskóla Íslands | Háskólabíó |
| Lyfjaverslun ríkisins | Ríkisútvarpið, hljóðvarp |
| Ríkisútvarpið, sjónvarp | Innkaupastofnun ríkisins |
| Rafmagnsveitur ríkisins | Sementsverksmiðja ríkisins |
| Síldarverksmiðjur ríkisins | Orkubú Vestfjarða (40%) |
| Hitaveita Suðurnesja (20%) | |

- b. Eftirtalin fyrirtæki ríkisins og fyrirtæki í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við eigið fé í árslok síðasta árs 2%.

| | |
|--------------------|----------------------|
| Landsbanki Íslands | Búnaðarbanki Íslands |
| Iðnlánasjóður | Iðnþróunarsjóður |
| Fiskveiðasjóður | SKÝRR (50%) |

- c. Eftirtalin hlutafélög í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við nafnverð hlutafjár í árslok síðasta árs allt að 10%. Fyrirtæki með neikvætt eigið fé greiði ekki arð.

| | |
|--------------------------------------|-----------------------------------|
| Bifreiðaskoðun Íslands hf. (50%) | Ferðaskrifstofa Íslands hf. (33%) |
| Gutenberg hf. (100%) | Slippstöðin hf. (54%) |
| Jarðboranir hf. (50%) | Kísiliðjan hf. (51%) |
| Íslenska járnblendifélagið hf. (55%) | Steinullarverksmiðjan hf. (30,1%) |
| Endurvinnslan hf. (18%) | |

- d. Landsvirkjun greiði hagnað í samræmi við ákvæði laga.

- e. Kveðið verði á um arðgreiðslur eftirtalinnna fyrirtækja í fjárlögum hvers árs:

| | |
|----------------------------|------------------------------------|
| Póst- og símamálastofnunin | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins |
|----------------------------|------------------------------------|

- f. Íslenskir aðalverktakar sf. greiði arð í samræmi við samþykktir félagsins.

**2. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður
(02-318 590 og 690).**

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|--|----------|----------|
| Reykjavík: | | |
| 1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald | 7.500 | |
| 2. Menntaskólinn í Hamrahlíð, viðhald | 7.500 | |
| 3. Menntaskólinn við Sund, viðhald | 7.500 | |
| 4. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti viðhald | 5.000 | |
| byggingarframkvæmdir | 10.000 | |
| 5. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald | 5.000 | |
| 6. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald | 5.000 | |
| 7. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting | 42.500 | |
| | <hr/> | 90.000 |
| Reykjanes: | | |
| 1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald | 5.000 | |
| 2. Framhaldsskólinn í Garðabæ | 6.000 | |
| 3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 36.000 | |
| 4. Menntaskólinn í Kópavogi | 45.000 | |
| | <hr/> | 92.000 |
| Vesturland: | | |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | | 33.000 |
| | | |
| | Þús. kr. | Þús. kr. |
| Vestfirðir: | | |
| Menntaskólinn á Ísafirði viðhald | 4.000 | |
| byggingarframkvæmdir | 8.000 | |
| | <hr/> | 12.000 |
| Norðurland vestra: | | |
| Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki | | 32.000 |
| | | |
| Norðurland eystra: | | |
| 1. Menntaskólinn á Akureyri viðhald | 5.000 | |
| byggingarframkvæmdir | 1.000 | |
| 2. Verkmenntaskólinn á Akureyri | 35.000 | |
| 3. Framhaldsskólinn á Húsavík | 10.000 | |
| | <hr/> | 51.000 |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|--|----------|----------|
| Austurland: | | |
| 1. Menntaskólinn á Egilsstöðum | | |
| viðhald | 5.000 | |
| byggingarframkvæmdir | 5.000 | |
| 2. Verkmenntaskólinn á Neskaupstað | 23.000 | |
| 3. Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu | 2.000 | |
| | <hr/> | 35.000 |
| Suðurland: | | |
| 1. Fjölbrautaskóli Suðurlands | 500 | |
| 2. Menntaskólinn á Laugarvatni (þar með talinn Héraðsskólinn), viðhald | 25.000 | |
| 3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 10.500 | |
| | <hr/> | 36.000 |
| Héraðsskólar, viðhald | | 25.000 |
| Óskipt, viðhald | | 18.500 |
| | | <hr/> |
| | | 424.500 |

3. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|--|----------|----------|
| 1. Atli Heimir Sveinsson | 850 | |
| 2. Árni Kristjánsson | 850 | |
| 3. Finnur Jónsson | 850 | |
| 4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir | 850 | |
| 5. Halldór Laxness | 850 | |
| 6. Hannes Pétursson | 850 | |
| 7. Indriði G. Þorsteinsson | 850 | |
| 8. Jakobína Sigurðardóttir | 850 | |
| 9. Jón Nordal | 850 | |
| 10. Jón úr Vör | 850 | |
| 11. Jórunn Viðar | 850 | |
| 12. Kristján Davíðsson | 850 | |
| 13. María Markan | 850 | |
| 14. Matthías Johannessen | 850 | |
| 15. Sigfús Halldórsson | 850 | |
| 16. Sigríður Hagalín | 850 | |
| 17. Stefán Íslandi | 850 | |
| 18. Thor Vilhjálmsen | 850 | |
| | <hr/> | 15.300 |

4. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

| | Pús. kr. | Pús. kr. |
|--|----------|----------|
| a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar: | | |
| 1. Akranes, H2 | 26.000 | |
| 2. Akranes, sjúkrahús | 6.000 | |
| 3. Stykkishólmur, H2 | 8.500 | |
| 4. Grundarfjörður, H2 | 13.300 | |
| 5. Patreksfjörður, sjúkrahús | 2.100 | |
| 6. Ísafjörður, sjúkrahús | 35.000 | |
| 7. Bolungarvík, sjúkrahús | 3.200 | |
| 8. Blönduós, H2 | 19.300 | |
| 9. Siglufjörður, sjúkrahús | 9.500 | |
| 10. Húsavík, H2 | 15.300 | |
| 11. Raufarhöfn, H1 | 500 | |
| 12. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2 | 9.000 | |
| 13. Djúpvogur, H2 | 2.400 | |
| 14. Eskifjörður og Reyðarfjörður, H2 | 17.600 | |
| 15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús | 10.000 | |
| 16. Þorlákshöfn, H1 | 1.500 | |
| 17. Selfoss, sjúkrahús | 1.000 | |
| 18. Stokkseyri, H1 | 3.700 | |
| 19. Suðurnes, heilsugæslustöð | 4.000 | |
| 20. Hafnarfjörður, H2 | 21.500 | |
| 21. Seltjarnarnes, H2 | 2.600 | |
| 22. Reykjavík, heilsugæslustöðvar | 50.500 | |
| | <hr/> | 262.500 |
| b. Hjúkrunarheimili aldraðra: | | |
| 1. Hella | 9.000 | |
| 2. Grindavík | 13.700 | |
| 3. Kirkjubæjarklaustur | 1.000 | |
| | <hr/> | 23.700 |
| c. Húsaleiga: | | |
| Akureyri | 8.000 | |
| | <hr/> | 8.000 |
| | | <hr/> |
| | | 294.200 |

5. Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-322 120).*a. Flutningar á landi:*

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|--|----------|----------|
| 1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis | 220 | |
| 2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði | 440 | |
| 3. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi | 540 | |
| 4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu | 320 | |
| 5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi | 140 | |
| 6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi | 250 | |
| 7. Til vetrarsamgangna í Þingeyrarhreppi | 160 | |
| Stofnstyrkur | 860 | |
| 8. Til vetrarsamgangna í Mýrahreppi | 670 | |
| 9. Snjóþreifreið í Önundarfirði | 210 | |
| 10. Snjóþreifreið um Botnsheiði | 540 | |
| 11. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga) | 770 | |
| 12. Til vetrarflutninga í Súðavíkurhreppi | 160 | |
| 13. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi | 110 | |
| 14. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi | 110 | |
| 15. Til vetrarflutninga í Nauteyrahreppi | 140 | |
| Stofnstyrkur | 750 | |
| 16. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi | 140 | |
| 17. Til vetrarflutninga í Árneshreppi | 1.560 | |
| 18. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi | 120 | |
| 19. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi | 110 | |
| 20. Hólmavíkurhreppur, stofnstyrkur | 180 | |
| 21. Óspakseyrahreppur | 110 | |
| 22. Höfðahreppur, stofnstyrkur | 750 | |
| 23. Skefilsstaðahreppur | 160 | |
| 24. Snjóþreifreið í Skagafirði | 210 | |
| 25. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi | 160 | |
| 26. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði | 140 | |
| 27. Snjóþreifreið í Dalvíkurlæknishéraði | 80 | |
| 28. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal | 140 | |
| 29. Snjóþreifreið í Grýtubakkahreppi | 110 | |
| 30. Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahr. | 160 | |
| 31. Snjóþreifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu | 110 | |
| 32. Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit | 240 | |
| 33. Til vetrarflutninga, Mývatn–Húsavíkurflugvöllur | 240 | |
| 34. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi | 420 | |
| 35. Snjóþreifreið, Öxarfjörður–Kópasker | 160 | |
| 36. Snjóþreifreið á Þórshöfn | 140 | |
| 37. Til vetrarflutninga á Bakkafirði | 240 | |
| 38. Til vetrarflutninga á Vopnafirði | 240 | |
| 39. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri | 280 | |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|--|----------|----------------|
| 40. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi | 110 | |
| 41. Til vetrarsamgangna í Jökuldalshreppi | 440 | |
| 42. Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi | 210 | |
| 43. Snjóbifreið á Egilsstöðum | 210 | |
| Stofnstyrkur | 430 | |
| 44. Snjóbifreið á Fjarðarheiði | 1.020 | |
| 45. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal | 1.180 | |
| 46. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík | 240 | |
| 47. Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður | 550 | |
| 48. Svínafell í Nesjum | 110 | |
| 49. Til vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu | 800 | |
| 50. Mýrdalshreppur | 1.070 | |
| 51. Flugsamgöngur við Grímsey | 1.020 | |
| 52. Óráðstafað | 6.420 | |
| | | 26.400 |
| <i>b. Flóabátar:</i> | | |
| 1. Akraborg | 50.800 | |
| 2. Anný, Mjóafjarðarbátur | 5.200 | |
| 3. Baldur | 90.400 | |
| 4. Mýrabátur | 100 | |
| 5. Fagranes | 31.000 | |
| 6. Eyjafjarðarferjur | 35.700 | |
| 7. Herjólfur | 64.500 | |
| | | <u>277.700</u> |
| Samtals a og b: | | 304.100 |

6. Hafnamannvirki (10-333 630).

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|-----------------------------|----------|---------------|
| Vesturland: | | |
| 1. Akranes | 18.200 | |
| 2. Arnarstapi | 2.000 | |
| 3. Rif | 11.700 | |
| 4. Ólafsvík | 4.500 | |
| 5. Grundarfjörður | 5.200 | |
| 6. Stykkishólmur | 18.900 | |
| | | <u>60.500</u> |
| Vestfirðir: | | |
| 1. Brjánslækur | 3.300 | |
| 2. Patreksfjörður | 10.200 | |
| 3. Flateyri | 2.600 | |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|-----------------------------------|----------|----------|
| 4. Bolungarvík | 84.800 | |
| 5. Ísafjörður | 22.800 | |
| 6. Súðavík | 2.300 | |
| 7. Norðurfjörður | 6.900 | |
| 8. Drangnes | 1.100 | |
| 9. Hólmavík | 200 | |
| | <hr/> | 134.200 |
| Norðurland vestra: | | |
| 1. Blönduós | 19.900 | |
| 2. Skagaströnd | 36.000 | |
| 3. Hvammstangi | 2.300 | |
| 4. Sauðárkrókur | 15.000 | |
| 5. Hofsó | 3.500 | |
| 6. Haganesvík | 400 | |
| 7. Siglufjörður | 9.200 | |
| | <hr/> | 86.300 |
| Norðurland eystra: | | |
| 1. Ólafsfjörður | 11.000 | |
| 2. Dalvík | 11.000 | |
| 3. Árskógssandur | 1.100 | |
| 4. Akureyri | 22.000 | |
| 5. Grenivík | 4.900 | |
| 6. Grímsey | 7.200 | |
| 7. Húsavík | 64.500 | |
| 8. Tjörneshöfn | 100 | |
| 9. Þórshöfn | 5.200 | |
| 10. Raufarhöfn | 400 | |
| | <hr/> | 127.400 |
| Austurland: | | |
| 1. Bakkafjörður | 6.900 | |
| 2. Vopnafjörður | 9.100 | |
| 3. Borgarfjörður eystri | 600 | |
| 4. Seyðisfjörður | 10.900 | |
| 5. Neskaupstaður | 2.500 | |
| 6. Eskifjörður | 4.100 | |
| 7. Reyðarfjörður | 25.900 | |
| 8. Fáskrúðsfjörður | 6.800 | |
| 9. Stöðvarfjörður | 8.500 | |
| 10. Breiðdalsvík | 100 | |
| 11. Djúpivogur | 2.900 | |
| 12. Höfn í Hornafirði | 10.900 | |
| | <hr/> | 89.200 |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|------------------------------------|----------|----------|
| Suðurland: | | |
| 1. Vestmannaeyjar | 37.900 | |
| 2. Aðstaða fyrir Herjólf | 141.000 | |
| 3. Þorlákshöfn | 3.100 | |
| | <hr/> | 182.000 |
| | Þús. kr. | Þús. kr. |
| Reykjanes: | | |
| 1. Grindavík | 31.700 | |
| 2. Sandgerði | 22.100 | |
| 3. Keflavík–Njarðvík | 2.400 | |
| 4. Vogar | 13.000 | |
| 5. Hafnarfjörður | 7.800 | |
| | <hr/> | 77.000 |
| Óskipt | | 5.700 |
| | | <hr/> |
| | | 762.300 |

7. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---------------------------------|----------|----------|
| 1. Ólafsvík | 6.400 | |
| 2. Patreksfjörður | 200 | |
| 3. Flateyri | 4.500 | |
| 4. Ísafjörður | 200 | |
| 5. Skagaströnd | 200 | |
| 6. Hrísey | 100 | |
| 7. Árskógshreppur | 3.600 | |
| 8. Stokkseyri | 2.700 | |
| 9. Eyrarbakki | 600 | |
| 10. Selvogur | 2.700 | |
| 11. Grindavík | 10.100 | |
| 12. Hafnir | 2.000 | |
| 13. Sandgerði | 2.800 | |
| 14. Garður | 2.500 | |
| 15. Njarðvík | 2.700 | |
| 16. Bessastaðahreppur | 3.700 | |
| 17. Seltjarnarnes | 5.000 | |
| | <hr/> | 50.000 |

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 23. þ.m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Fyrstu tveir málslíðir 1. mgr. 37. gr. orðast svo:

“Skrásetning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert í tvær vikur í júní og janúar, eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs. Framkvæmdastjóra kennslusviðs er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á.“

2. gr.

95. gr. orðast svo:

“Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfundur skal halda minnst einu sinni á hvoru kennslumisseri og annars ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa á deildarfundum. Nýkjörrið deildarrád tekur til starfa við upphaf háskólaárs. Formönnum þeirra kennslugreina sem ekki eiga fulltrúa í deildarráði hverju sinni er heimil seta á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

Deildarrád heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu, en ella þegar þörf krefur. Fundi skal boða bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingaþæknir, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyrna undir deildarrád og deildarfund.“

3. gr.

3. mgr. 96. gr. orðast svo:

“Deildarráð er skipað níu mönnum, deildarforseta, sex fastráðnum kennurum kjörnum á deildarfundum til eins árs í senn og tveimur fulltrúum stúdenta kjörnum af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Deildarfundur kýs að auki tvo varamenn úr hópi kennara til eins árs í senn. Nýkjörin deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs. Varaforseta deildarinnar er heimil seta á fundum ráðsins, og hefur hann þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Við kjör í deildarráð skal þess gætt, að einstakar kennslugreinar fái fulltrúa sem næst í hlutfalli við fjölda fastra kennara í grein, en þær greinar, sem í eru færri fastir kennarar en svo að þær eigi fulltrúa í deildarráði á hverju ári, fái fulltrúa til skiptis. Sé fjallað sérstaklega um kennslugreinar, sem eigi er fulltrúi fyrir í deildarráði, skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund til þess að ræða um það mál en atkvæðisrétt á fulltrúinn ekki.“

4. gr.

2. mgr. í 98. gr. orðast svo:

“Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að ákveða að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Tilhögun námsmats fer að öðru leyti eftir samkomulagi kennara og nemenda og skal það liggja fyrir, áður en mánuður er liðinn af kennslu. Náist ekki samkomulag skal málinu vísað til námsnefndar og þaðan til deildarráðs ef þörf krefur.“

5. gr.

Við síðustu mgr. 111. gr. bætast nýir málslíðir svohljóðandi:

“Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að krefjast þess að tilskilinni lágmarkseinkunn verði náð í hvorum eða hverjum prófþætti. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.“

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1991.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýr kafli, **IV. Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja**, með þremur greinum og breytast kafla- og greinatölur samkvæmt því:

a. (23. gr.)

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskiptadeild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi, en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

b. (24. gr.)

Reikningsskilaráð skal stuðla að móttun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningsskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánú samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

c. (25. gr.)

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

